
Bækur.is
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Titill
Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum.

Bindi
10.bindi (1917-1919)

Ár
1886

https://baekur.is/bok/001194492/10/Landsyfirrettardomar_og_Bindi_10
22.02.2019 19:14



341,8



Landsyfirréttardómar

og

hæstaréttardómar

í íslenzkum málum.

X. bindi.

1917—1919.

Reykjavík 1920
Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Registur

við

dómasöfnin 1917—1919.

Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Andersen Axel f. h. eigenda og vátryggjenda skipsins »Asta« 256
Andersson Reinholdt 407
Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn 595
Archer Henry f. h. eigenda og vátryggjenda botnvörpungsins »Conan Doyle« 311
Árni Böðvarsson 635
Árni Jónatansson 480
Á. Ásgeirssonar verzlun 125
Ásmundur Eiríksson 150, 359, 516
Bakkevig T. 316
Benedikt S. Þórarinsson 601
Bergur Jónsson 120
Bjarnason B. H. 566
Bjarni Guðmundsson 502
Björn Bjarnarson 27, 834
Björn Gíslason 155, 299, 319, 329, 536, 542, 547, 620, 690

Bls
Björn Guðmundsson 502
Björn Ólafsson 342
Björn Sigfússon 154
Bogi A. J. Þórðarson 581
Bookless D. H. 77
Bookless Bros 870
Borg hlutafjelag 407
Briem Eggert yfirdómari 536
Briem Kristinn P. kaupmaður 864
Briem Ólafur f. h. Landsbankans 57
Briem Sigurður póstmeistari 245
Brunabótafélag Íslands 353, 447
Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 120
Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 69
Bæjarstjórn Reykjavíkur ... 12, 61, 412, 429, 579, 749, 893
Carentia lífsábyrgðarfélag 308
Conan Doyle botnvörpungur 811
Dánarbú Magnúsar Stephensen landshöfðingja 308
Dánarbú Ólafs Árnasonar 1, 34, 361, 496, 894, 896
Dánarbú Sigurbergs Einarssonar 8
Dánarbú Steinunnar Thorarensen 93
Danske Lloyd vátryggingarfélag 811, 816
Debell H. 725
Det danske Mælke Compagni 266
Det kgl oktröjerede Söassurance-Kompani 348
Dreager Carl 586, 656
Eggert Kristjánsson 566
Eggert Jónsson 862
Eggert Ólafsson h. f. 144
Eggerz Guðmundur 800
Egilson Þórarinn 77, 835
Eigendur Ness í Norðfirði 211

Bls.
Einar Arnórsson prófessor 155, 886
Einar Benediktsson 8
Einar Finnbogason 377
Einar Guðjónsson 236
Einar Einarsson 609
Einar Ágúst Einarsson 228
Einar Eymundsson 721
Einar M. Jónasson 262, 334
Einar Þorgilsson 120, 251
Eiríkss Guðmundur 765
Eiríkur Filippusson 211, 465
Eiríkur Einarsson 150, 299
Elías Stefánsson 369
Erasmus Gíslason 124, 219, 556, 621, 687, 886
Erlendur Erlendsson 105
Eyjólfur Kráksson 180
Figved Andr. 422
Finnbogi G. Lárusson 587
Finnur Thordarson 69
Framtíðin h. f. 879
Frederiksen T. vegna »Timbur- og Kolaverzlunin Reykjavík« 606
Garðar Gíslason 469
Garðar Gíslason f. h. G. Gíslason & Hay Ltd. 456, 892
Geðveikrahælið á Kleppi 412
Gísli Gíslason 437
Gísli Hjálmarsson 156, 162, 168, 174, 180, 235, 236, 285, 291
Gísli Jóhannsson 199
Gísli Jónsson 105
Gísli Þorbjarnarson 862
Gissur Filippusson 715, 780
Guðjón Árnason 168

Bls.
Guðjón S. Scheving ... 162
Guðlaugur Br. Jónsson ... 565
Guðmundur Andrésson ... 108
Guðmundur Guðmundsson ... 660
Guðmundur Kristjánsson ... 483
Guðmundur Jónasson ... 64
Guðmundur Jónsson ... 69
Guðmundur Ólafsson yfirréttarmálaflutningsmaður ... 503
Guðmundur Pétursson ... 856
Guðmundur Sigurðsson skipstjóri ... 77
Guðmundur Sigurðsson bóndi ... 228
Guðmundur Þorsteinsson ... 342
Guðni Helgason ... 609
Guðni Þorbergsson ... 766
Guðrún Þórðardóttir ... 447
Gunnar Ingimundarson ... 422
Gunnar Ólafsson ... 190
Gunnar Ólafsson & Co ... 40
Hafstad Arni J. ... 864
Halldór Bjarnason f. h. Jóns Bjarnasonar ... 398
Halldór Daníelsson yfirdómari ... 542
Halldór Gunnlögsson ... 266
Halldór Gunnlaugsson ... 609
Halldór Illugason ... 828
Halldór Kr. Júlíusson ... 434
Halldór Jónsson ... 125
Halldór Þorsteinsson ... 144
Hallgrímur Benediktsson ... 140
Hallgrímur Guðjónsson ... 156
Hannes Jónsson ... 473, 889
Havsteen, J. V. ... 51
Helgi Jónsson kaupfélagsstjóri ... 241, 496, 896

Bls.
Helgi Jónsson bóndi 780
Helgi Jósefsson 766
Herdís Þorsteinsdóttir 206
Herjólfur h.f. 503
Hið íslenzka steinolíuhlutafélag 879
Hjálmar Ólafsson f. h. eigenda Ness í Norðfirði 211
Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps 494
Hreppsnefnd Hraunhrepps 200
Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps 828
Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps 513
Hreppsnefnd Þverárhrepps 753
Hvanndal Ólafur J. 669, 735
Höepfner Carl firma 581
Ingibjörg Finnsdóttir 154
Ingibjörg Pálsdóttir 93
Ingimundur N. Jónsson 585, 649
Ingólfur kaupfjelag 496, 896
Ingólfur Einarsson 508
Ísbjörninn hlutafjelag 875
Íslandsbanki 190, 738
Jensen-Bjerg 616
Jóhann V. Daníelsson 242
Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti 690
Jóhannes Pétursson 199
Johnsen Gísli J. 867
Jón Árnason 140
Jón Helgason 174
Jón Jónsson 864
Jón Markússon 356
Jón S. Pálmason 753
Jón Pálsson prestur 200
Jón Sveinsson 108

Bls.
Jón St. Scheving 271
Jónas Jónasson 392, 887
Jörgensen R. 704
Karel Hjörtþórsson 280
Kaupfélagið Ingólfur 496, 896
Kjartan Rósinkransson 108
Kjerúlf Eiríkur 660
Kristinn Guðnason 553
Kristján Jónsson justitiarius 547
Kruuse C. A. 628
Kveldúlfur h. f. 787
Landsbanki Íslands 57
Larsen E. f. h. eigenda og vátryggenda skipsins I. B. Petersen 856
Lauritzen I. 388
Laxdal Jón 597, 628, 725
Leonh. Tang & Söns verzlun í Stykkishólmi 835
Levi R. P. 616
Lífsábyrgðarfélagið Carentia 308
Líndal Björn 417
Líndal Björn f. h. Ólafs Tryggvasonar 480
Loftur Jónsson 565
Loftur Loftsson 725
Löve S. Carl 398
Magnús Guðmundsson 503, 570
Magnús J. Franklín 825
Magnús Magnússon 587
Magnús Stefánsson 456, 892
Magnús Tómasson 520
Magnús Torfason 125
Mannheimer vátryggingarfélag 622, 775
Margrét Árnason 1, 34, 241, 242, 244, 245, 496, 894, 896

Bls.
Matthías Hallgrímsson 353
Metúsalem Jóhannsson f.h. »Gissurs hvíta« 585,649,704,721, 801
Michelsen H. A. 787
Minningarsjóður Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur 1, 34, 361, 894
Monberg N. C. 735
Morthens E. 77
Müller C. F., Seligmann & Nathan 597
Möller Edvald F. 206
Nathan & Olsen 40
Nathan & Olsen f. h. Carl Draeger 656
Njörður h. f. 144
Nye danske Bandforsikringsselskab af 1864 450
Oddgeir Guðmundsen 867
Oddur Gíslason 556, 620, 621, 687, 690
Ólafur Davíðsson 69
Ólafur V. Davíðsson 77, 609, 715, 835
Ólafur G. Eyjólfsson vegna h. f. Carentia 308
Ólafur G. Eyjólfsson f. h. Danske Lloyd 811, 816
Ólafur Jóhannesson 363, 875
Ólafur Kristjánsson 276
Ólafur Tryggvason 480
Olgeir Friðgeirsson 835
Ólína Einarsdóttir 285
Otti Guðmundsson 704
Páll Jónsson 271, 359, 516
Páll Jónsson f. h. Ásmundar Eríkssonar 150
Páll Magnússon 483
Petersen Hans 609
Pétur Þ. J. Gunnarsson 483, 616
Pétur Halldórsson f. h. bókverzlunar Sigfúsar Eymundssonar 678
Pétur A. Ólafsson 758

Bls.
Pétur Sigurðsson 661
Póstmeistari f. h. Póstsjóðs 678
Ráðherra Íslands f. h. Landsjóðs 20, 99, 124, 155, 219, 319, 329 348, 601, 603, 870, 886
Ráðherra Íslands f. h. valdstjórnarinnar 606
Ráðherra Íslands f. h. verzlunar landssjóðs 579
Ragnar Ólafsson 849
Runólfur Stefánsson 483, 738
Rutby seglskip 811, 816
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 363
Sigfússonarverzlun 508
Siggeir Torfason 83
Sigríður Þorláksdóttir 429, 893
Sigtryggur Jónsson 825
Sigurður Halldórsson 276
Sigurður Ingimundarson 83, 150
Sigurður Jónsson kaupmaður 388
Sigurður Jónsson steinsmiður 483
Sigurður Kristjánsson 251
Sigurður Ólafsson fyrv. sýslumaðnr 299
Sigurður Sigurðsson hreppstjóri 437
Sigurður Sigurðsson járnsmiður 553
Sigurður Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður 672
Sigurður S. Skagfjörð 419, 807
Sigurður Þórðarson fyrv. sýslumaður 39, 133
Sigurgeir Einarsson 513
Símon Njálsson 469
Skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar 69
Skram Ellert 369
Sláturfélag Suðurlands 12
Söknarnefnd Eyrarbakka 661
Sparisjóður Árnessýslu 473, 889

Bls
Stefán Jóhannsson ... 801
St. Th. Jónsson ... 450
Stefán Magnússon ... 291, 800
Stephensen Elín f. h. erfingja Magnúsar Stephensen ... 308
Stephensen St. umboðsmaður ... 494
Strand Emil ... 262
Strömberg N. K. f. h. eigenda skipsins Christiena ... 711
Sturla Jónsson ... 572, 586, 656
Sveinn Guðmundsson ... 39, 133
Sveinn M. Jónsson ... 377
Switzers Em. Z. Bjergnings-Entreprise ... 256, 749, 816
Sæmundsen Carl & Co. ... 61, 849
Söbstad H. ... 51, 316, 775
The Bristish North Western Syndicate Ltd ... 27
Thomsen H. Th. A. ... 862
Thorarensen Valdemar ... 417, 434, 765
Thorsteinsson P. J. ... 595
Thorsteinsson Th. ... 725
Tómas Jónsson ... 57
Tómas Tómasson ölgerðarmaður ... 465
Tómas Tómasson ... 572
Torfi J. Tómasson ... 503, 570
Trolle C. f. h. vátryggingarfélagsins Mannheimer ... 622
Trolle & Rothe f. h. vátryggingafélagsins Wolga ... 590
Tryggvi Gunnarson ... 280
Tryggvi A. Pálsson ... 125
Tulinius A. V. f. h. Det kgl. oktr. Söassurance-Kompani 348
Tulinius A. V. f. h. vátryggjenda skipsins Christiena ... 711
Tulinius Otto ... 622
Tynes O. ... 758
Valdemar Árnason ... 635
Valdemar Jónsson ... 780

Bls.
Valgeir Árnason ... 480
Verzlun landssjóðs ... 579
Vigfús Jónsson ... 64
Völundur h. f. ... 334
Wolga vátryggingarfélag ... 590
Ýmir h. f. ... 590
Zimsen Jes ... 669
Zoëga Helgi ... 672
Zoëga Margrét ... 20, 603
Þórður Guðmundsson sjómaður ... 483
Þórður Guðmundsson hreppstjóri ... 834
Þórður Jónsson ... 244, 419, 807
Þórður Sveinsson f. h. geðveikrahælisins á Kleppi ... 412
Þorlákur Einarsson ... 356
Þorsteinn Sigurðsson ... 99
Þorsteinn Þorsteinsson ... 206
Þórunn Jónsdóttir ... 235
Þorvaldur Bjarnarson ... 520
Þorvaldur Jónsson ... 69
Þrotabú Jóns Gunnarssonar ... 450
Þrotabú M Ólsens ... 875
Ægir fiskiveiðahlutafélag ... 392, 887

B. Opinber mál.

Ásgeir Ásmundsson ... 840
Ásgrímur Jónsson ... 682
Bjarni Jónsson ... 641
Blöndahl Magnús Th. S. ... 707
Einar Jónsson ... 531
Friðþjófur R. Þórarinsson ... 232
Fræðslunefnd Rauðasandshrepps ... 820
Gísli Jónsson ... 531

Bls.
Godtfredsen A. J. 883
Guðmundur Kristjánsson 87, 247
Guðmundur Sigfreðsson 820
Guðmundur Sigurðsson 792
Guðný Gísladóttir 531
Hafliði Jónsson 793
Hallbjörn Þorvaldsson 114
Halldór Stefánsson 72
Hallgríms Hallgrímur T. 666
Hávarður Halldórsson 403
Ingimundur Jónsson 707
Jafet Sigurðsson 426
Jóhann Friðriksson 797
Jóhannes Kr. Jóhannesson 769
Jón Asgeirsson 707
Jón Eliesersson 695
Jón Gunnarsson 380
Jón Magnússon 90
Jón G. G. Péturssón 831
Jónatan Jónsson 443
Karl Ólafsson 795
Kjartan Sveinsson 45, 215
Kjerulf Eiríkur 186
Magnús Jóhannesson 645
Magnús Jóhannsson 699
Magnús Steingrímsson 49, 237
Olsen Carla A. S. 663
Páll Benediktsson 47, 195
Sigfús Sveinbjarnarson 604
Sighvatur Jónsson 798
Sigurður Gunnlaugsson 846
Sigurður Magnússon 820

Bls.
Sigurður Sigurðsson 645
Sveinn Magnússon 820
Thorlacius Þórður O. 820
Thorsteinsson Davíð Sch. 186
Vik Vidar 761
Þórður Jónsson 744
Þorsteinn S. H. Gottskálksson 645

Efnisskrá.

Ábúð.
Abyrgð.
Áfengislagabrot.

Björgunarlaun.
Brenna.
Brunabótafélag Íslands.

Dómarar.

Eiður.
Eignaréttur.
Embættismenn og sýslunarmenn.
Embættistakmörk yfirvaldanna.
Erfðaréttur.

Fjárræði.
Fógetagerðir.
Forkaupsréttur.
Frávísun.
Frestir
Fyrning.

Gæzluvarðhald.

Hefð.
Hlutafélög.
Húsaleiga í Reykjavík.
Hæstaréttardómar.

Kaup og sala.

Landamerkjalög.

Manndráp.
Meinsæri og rangar skýrslur.

Ólögmæt meðferð á fundnu fé.
Ómaksbætur.
Ómerkingardómar.
Óþörf málsýfing.

Rán og hótanir.
Réttarfarslög.

Sakhæfi.
Samningar.
Sáttalöggjöf.
Siglingalög.
Sjóvátrygging.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir hegningardómar
Skiftamál.
Skírlífismál.
Skjalafals.

Skuldamál.
Staðfestingardómar.
Sveitarmál.
Svik.

Umboð, umboðslaun
Úrskurðir.
Úttekt.

Valdstjórn og allsherjarregla.
Veð.

Þjófnaður.

Ærumeiðingar og skammir.

Ábúð. Bls.

Mál út af ágreiningi um eftirgjald eftir lóð m. m. Leigutaki sýknaður með því að landeigandi hafði eigi sannað að samið hefði verið um hærra eftirgjald en leiguliði viðurkenndi sbr. lög nr. 60/1907, 15. gr. 211

Úrskurður fógeta um útburð leiguliða af jörð staðfestur, með því að leiguliði hafði í stað þess að greiða jarðeiganda eftirgjaldið komið því fyrir til geymslu í banka, en þetta ekki talin lögleg greiðsla. 356

Í máli þessu er álitið, að útbygging, sem ekki er framhaldið með útburði í næstu fardögum á eftir, geti ekki verið grundvöllur fyrir útburði síðar. 587

Ábyrgð.

Sjálfskuldarábyrgðarmaður sýknaður af kröfu lánveitanda, sökum þess að hann hafði hvað eftir annað veitt láuþega greiðslufrest svo árum skifti með því að taka á móti forvöxtum af láninu án þess að fá samþykki ábyrgðarmannsins. 190

Sjálfsskuldarábyrgðarmenn dæmdir til að greiða skuld, þótt lánveitandi hefði framlengt lánið með því að taka við vöxtum að nokkru leyti fyrirfram, með því að gert var ráð fyrir því í sjálfsskuldarábyrgðaryfirlýsingunni að lánið yrði framlengt að öllu eða einhverju leyti. 473

Hæstaréttardómur í þessu máli. 889

Arið 1905 tókst áfrýjandi ásamt nokkrum öðrum

Bls.

ábyrgð á skuld til Íslandsbanka, sem einnig var tryggð með veði í fiskiskipi. 1908 höfðaði bankinn mál á móti ábyrgðarmönnunum, er lauk með sátt þannig, að þeir lofuðu að gera skil á láninu innan ákveðins tíma. Af þessu varð þó eigi, en einn af ábyrgðarmönnunum, sem hafði keypt skipið á nauðungaruppboði, greiddi vexti og afborganir af láninu þar til hann lést, en eftir fráfall hans lét bankinn gera fjárnám hjá áfrýjanda fyrir eftirstöðvum skuldarinnar samkv. réttarsáttinni 1908. Alitið að bankinn hefði ekki fyrirgert rétti sínum með þessum drætti og var fjárnámið því staðfest ..... 738.

Áfengislagabrot.

Læknir dæmdur í sekt fyrir brot á 7. og 17. gr. laga nr. 44/1909 um aðflutningsbann á áfengi 72
Tveir læknar dæmdir í sekt fyrir brot á 17. gr. sömu laga. 186
Skipstjóri sektaður fyrir brot á 1. gr. laganna 426
Kaupmaður sektaður fyrir sölu á áfengi 666
Tveir hásetar dæmdir fyrir innflutning áfengis 707
Í farangri kaupmanns frá útlöndum fannst kassi með áfengi. Kærði skýrði svo frá að hann hefði verið beðinn fyrir kassann til nafngreinds manns, og hefði hann ekki vitað neitt um innihald hans. Þar sem ekki þótti ástæða til að hafna þessum framburði hans, þótti ekki heimild til að refsa honum fyrir innflutninginn, en áfengið var gert upptækt 707
Kaupmaður sektaður fyrir innflutning á áfengi 883

Björgunarlaun sbr. Siglingalög.

Útgerðarfélagi dæmd 8000 kr. björgunarlaun fyrir það að skip félagsings hafði dregið botnvörpuskip utan úr Faxaflóa inn á Reykjavíkurhöfn, en það var ósjálfbjarga

Bls.

með því vírstrengar hafði vafist um skrúfu skipsins. Drátturinn tók um 2 tíma. 144

Björgunarskipi dæmd 9166 kr. 67 a. björgunarlaun fyrir að bjarga fiskiskipi, sem siglt hafði með fullri ferð með flóði svo hátt á land að það gat ekki losað sig. Í þessu máli er álitið að rétturinn gæti tekið til álita kröfu um niðurfærslu björgunarlauna frá því, sem ákveðið er í björgunarsamningi, án gagnstefnu..... 256

Mál út af björgunarlaunum fyrir björgun á kolum úr skipi 775

Vátryggingarfélag dæmt til að greiða 12000 kr. í björgunarlaun fyrir björgun á ósjálfbjarga skipi við Reykjanes inn til Keflavíkur 811

Sama félag dæmt til þess að greiða björgunarskipi 8000 kr. fyrir að draga skip frá Keflavík til Reykjavíkur, og var þessi aðstoð eptir atvikum talin björgun 816

Elganda mótorbáts dæmd 8000 kr. björgunarlaun fyrir að bjarga skipi, er stóð á skeri rétt utan við Oddeyri 856

Brenna.

Hæstaréttardómur í sakamáli útaf íkveikju í húseign 604

Brunabótafélag Íslands.

Húseigandi talinn skyldur að vátryggja húseign sína í félaginu og greiða umkrafin iðgjöld. 353

Húseigandi ekki talinn skyldur að vátrygga húseign sína, með því að umrætt hús stæði ekki á »verslunarlóð á Suðureyrarmölum«. 447

Dómarar.

Fundið að því að undirdómari hafði ekki fært ýms framlögð skjöl inn í dómsgerðirnar. 59

Bls

Fundið að því að undirdómari hafði ekki vottað um lögmæti málsmeðferðar og að hann hafði sett 14 daga aðfararfrest í niðurlag lögregluréttardóms 76
Dómari sektaður fyrir drátt á sakamáli og frágang dómsgerða og fundið að því að rannsókn málsins hafði farið fram fyrir aukarrétti í staðinn fyrir lögregluréttí ... 92
Dómari víttur fyrir drátt á sakamáli og fyrir að hafa ekki gefið út stefnu til ákærða 197, 218, 240, 250
Fundið að því að ekki sjáist á dómsgerðum hvort tekin hafi verið lögmæt borgun fyrir staðfesting og innsiglun þeirra 437
Dómari víttur fyrir drátt á sakamáli 446, 824
Dómari víttur fyrir drátt á dómsuppsögu í einkamáli ... 507
Meðdómari í sjódómi víttur fyrir drátt á að láta af hendi dómsatkvæði sitt 627
Fundið að því að dómari hafi ekki formlega tekið sakamál undir dóm og ekki skýrt ákærða frá að dómur yrði látinn ganga í málinu 644

Eiður.

Úrslit máls látin koma undir synjunareiði málsaðila 108

Eignaréttur.

Mál út af skilningi á skiptagerningi um það hvort veiðiréttur í Hólmsá og Bugðu fyrir Grafarlandi hafi fylgt jörðinni, er hún var útlögð einum erfingjanna 27
Mál útaf eignarétti að húsi 64
Mál út af eignarétti að hesti. Stefndi sýknaður með því að sækjandi hafði ekki sannað eignarétt sinn og hesturinn auk þess afhentur þrotabúi fyrri eigenda 105
Ágreiningur um eignarétt að lóð undir þurrabúðarbýli, keyptu á uppboði. Alitið að þar sem húsið var selt

Bls

með »lóðarréttindum« þá sé lóðin ekki seld sem eign, heldur sem leigulóð. Kaupandi þurrabúðarinnar því dæmdur til að greiða jarðeiganda grunnleigu, en sýknaða af kröfu hans um að flytja húsið af lóðinni 125
Ágreiningur um eignarétt að húsum (hlöðum) í Gaulverjabæ 319
Mál út af ágreiningi um eignarétt að lóð undir barnaskólahúsi á Seltjarnarnesi. Alitið að hinn upprunalegi eigandi hafi gefið lóðina þótt svo sé til orða tekið að hann »lofaði að ljá lóðina« 342
Húseigendur skyldaðir til að afhenda leigutaka, sem sett hafði upp ýmsar »innréttingar« í herbergi, er hann hafði leigt til verzlunarafnota, þessar innréttingar, þar sem þær mátti taka burtu án röskunar á herbergjunum 407
Ágreiningur um eignarétt að nokkrum bifreiðarhlutum 553
Strandað skip hafði verið selt með öllu því, er því fylgir og fylgja ber. Síðar reis ágreiningur um það, hvort segl, er sniðið hafði verið á skipið og notað á það mánaðartíma árið áður en það strandaði en síðan tekið úr skipinu, hefði fylgt með í kaupinu. Alitið að það heyrði ekki undir útbúning skipsins er það strandaði 835

Embættismenn og sýslunarmenn.

Við skifti á dánarbúi skipaði skiftaráðandi mann til að mæta við skiftin fyrir hönd fullveðja erfingja. Alitið að slík skipun geti ekki komið í staðinn fyrir umboð frá þessum erfingja til að taka við og kvitta fyrir arfinum, og eigi erfinginn því kröfu á hendur skiftaráðanda, með því að ekki var sannað að arfurinn hefði verið greiddur erfingjanum..... 8
Læknir sektaður fyrir brot á 7. og 17. gr. laga nr. 44/1909 72
Læknar tveir sektaðir fyrir brot á 17. gr. sömu laga ... 186

Bls.

Prestur sýknaður af kröfu hreppsnefndar um skaðabætur fyrir brot gegn 3. gr. 10. lið tilsk. 30. apr. 1824, með því að það var ósannað að maðurinn hefði þegið sveitarstyrk 200

Í máli þessu krafðist áfrýjandi skaðabóta fyrir lánstraustspjöll hjá málaflutningsmanni, er hafði svarað fyrirspurn erlends firma um efnahag áfrýjanda. Tekið fram í dómnum að það leiði af stöðu málflutningsmanns að honum sé heimilt að svara þannig löguðum fyrirspurnum, og þar sem álitið var að hann hefði svarað fyrirspurninni eftir því sem hann vissi sannast og réttast og með nægilegri gætni var málaflutningsmaðurinn sýknaður 687, 690

Fræðslunefnd sektuð fyrir það að vanrækja að láta fram fara fyrirskipað lækiseftirlit og skoðun á kenslustöðum og heilsufari barna og kennara 820

Héraðslæknir sýknaður af sams konar ákæru 820

Embættistakmörk yfirvaldanna.

Álitið að það heyri undir valdsvið stjórnarvaldanna að leggja fullnaðarúrskurð á greining um kosningar til skóla- og fræðslunefnda 69

Erfðaréttur.

Eftir lát ekkju, sem tekið hafði allan arf eftir mann sinn samkv. erfðaskrá, krafðist einn af ættingjum mannsins að hann yrði viðurkendur löglegur erfingi, með því að í erfðaskránni hefði staðið ákvæði um að við dauða þess hjónanna, sem lengur lifði, skyldu eignirnar skiftast milli erfingja beggja. Krafan ekki tekin til greina, með því að líkur voru til að maðurinn hefði arfleitt konu sína skilyrðislaust og ekkert ákvæði í umgetna átt staðið í erfðaskránni 93

Bls.

Fjárræði.

Sýknukrafa, byggð á því að samþykkjandi víxils hefði ekki verið fjárráða, er hann ritaði samþykki sitt á víxilinn, tekin til greina, þótt ekki hefði komið fram í undirrétti 570

Fógetagerðir.

Fjárnám samkvæmt dómi staðfest, þó þannig að fjárnámsupphæðin var færð niður 316

Fógetaréttarúrskurður, er neitaði að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um útburð á kaupfélaginu Ingólfi á Stokkseyri út úr verzlunarhúsunum, staðfestur 496

Hæstaréttardómur í þessu máli 896

Fógeti, er neitaði að framkvæma umbeðið lögtak, úrskurðaði að gerðarbeiðandi skyldi greiða kostnað við lögtakstilraunina. Tekið fram að fógetarétturinn hafi ekki verið bær um að úrskurða þetta og úrskurðurinn að þessu leyti fellur úr gildi 828

Forkaupsréttur.

Stefndi hafði í umboði Landsbankans gert fyrirspurn til áfrýjanda hvort hann vildi afsala sér forkaupsrétti að ábýlisjörð sinni. Afrýjandi krafðist nú að stefndi seldi sér jörðina fyrir tiltekið verð. Krafan ekki tekin til greina með því ósannað var að jörðin hefði verið seld. 57

Maður nokkur lagði fé í fiskihlutafélag, en þaðan upphæðin nægði ekki fyrir heilum hlut, var honum ekki afhent hlutabréf, heldur var framlag hans lagt við framlag annars manns og eitt hlutabréf gefið út fyrir báðum upphæðunum, stílað á nafn hins síðarnefnda og nafn hans fært á hluthafaskrána. Alitið að forkaups-

Bls.

réttarákvæði félagslaganna nái ekki til þessa ónafnskráða hluta í hlutabréfinu 369
Mál út af forkaupsrétti að jörð. Seljendur sýknaðir með því að áfrýjandi, er gerði kröfu um forkaupsréttinn, hafði ekki rekið málið með hæfilegum hraða (rúmir 5 mán. liðu frá sáttakærudegi til þess er réttarstefna var útgefin) 480

Frávísun sbr. réttarfarslög.

Máli frávísað með því að dómaranum, er fyrst hafði málið til meðferðar, hafði eigi verið stefnt 39, 585, 586, 765, 862
Máli vísað frá dómstólunum með því að afstöðuuppdrátt vantaði 228
Kröfu um leigu eftir hús á jörð vísað frá yfirdómi með því að um þá kröfu hafði verið dæmt í öðru máli milli sömu aðila 329
Máli frávísað með því að áfrýjandi lagði ekki fram héraðsréttargerðir í málinu við fyrirtekt þess 359
Gagnmáli vísað frá dómi með því að gagnstefnandi mætti eigi við fyrirtekt málsins 361
Máli vísað frá yfirdómi sökum þess að áfrýjunarfrestur var liðinn 417
Máli, þar sem lögtaki var áfrýjað, frávísað þareð áfrýjunarfresturinn var liðinn 494
Máli frávísað þareð áfrýjunarstefnan hafði ekki verið birt stefnda sjálfum 503

Frestir.

Afrýjanda neitað um frest til vitnaleiðslu 124
Frestur veittur til andsvara 124
Frestur veittur til málsútlistunar 155, 620, 621

Bls.

Fyrning.

Mótmæli skipseiganda gegn því að skipstjóra sé dæmdur sjóveðréttur í skipi fyrir ógoldnu kaupi, sökum þess að þessi réttur sé fyrndur, eigi tekin til greina 77

Gæzluvarðhald.

Krafa áfrýjanda um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju ekki tekin til greina 99

Landsjóður dæmdur til að greiða skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju 219

Hæstaréttardómur í þessu máli 886

Hefð.

Í máli þessu var ágreiningur um eignarrétt að lóðarspildu innan girðinga erfðafestueignarinnar Rauðarár, er bæjstjórn Reykjavíkur gerði tilkall til eða andvirðis fyrir. Alitið að þótt land þetta hefði upprunalega ekki verið útmælt, hafi Rauðaráreigandi unnið erfðafestuhefð á deilulandinu með 20 ára óslitinni notkun 429

Hlutafélög.

Alitið að ákvæði um forkaupsrétt hlutafélags að hlutafé nái aðeins til þeirra manna, er skráðir hafa verið sem hluthafar 369

Í júní 1914 var stofnað hlutafélag til að reka fiskiveiðar. Alitið að maður, sem hafði skrifað sig fyrir einum 5000 kr. hlut og til bráðabirgða aðeins greitt 1000 kr. en ekki fyr en í desember 1915 boðið fram eftirstöðvarnar, hefði eftir atvikum misst rétt til að krefjast hlutabréfs 392

Hæstaréttardómur í þessu máli 887

Í máli þessu krafðist einn hluthafi í hlutafélagi að stjórn félagsins yrði dæmd til innan ákveðins tíma að gera

Bls.

grein fyrir hag félagsins og greiða sér sinn hluta af hreinni eign félagsins. Stjórnin var sýknuð með því að samkv. lögum félagsins gætu einungis félagsmenn á lögmætum félagsfundi en ekki einstakir hluthafar krafist reikningsskila 503

Húsaleiga í Reykjavík.

Alitið að þær reglur, er gilda um uppsögn húsnæðis, sem fer fram eftir að leigutími er byrjaður, eigi einnig við þá er hús hefir upphaflega verið leigt til ákveðins tíma 377
Staðfestur úrskurður fógeta, er neitaði að bera stefnda út úr leiguíbúð hans 419
Ekki látið varða útburði þótt dráttur hafi orðið á greiðslu húsaleigu í eitt skifti, þar sem drátturinn hvorki stafaði af getu- eða viljaleysi heldur af misskilningi 616
Maður sektaður fyrir brot á húsaleigulögunum 744
Húseigandi dæmdur til að leyfa leigjanda sínum afnot af þvottakjallara í húsinu, með því að álitið var að slíkur kjallari sé ætlaður til sameiginlegra afnota fyrir leigjendur hússins, nema annað sé berum orðum framtekið 807

Hæstaréttardómar.

Hæstaréttardómur í málinu: P. J. Thorsteinsson gegn Arbejderforsikringsraadet um skyldu áfrýjanda til að greiða ráðinu skaðabætur, er það hafði greitt eftirlifendum 3ja sjómanna 595
Hæstaréttardómar í málinu: Sveinn Björnsson f. h. C. F. Müller Seligmann & Nathan gegn Jóni Laxdal um greiðslu á andvirði vörusendingar..... 597
Hæstaréttardómur í málinu: Benedikt S. Þórarinsson

Bls.

gegn ráðherrum Íslands út af skaðabótum fyrir atvinnutjón vegna bannlaganna 601
Hæstaréttardómur í málinu: Margrét Zoëga gegn stjórnarráðinu út af skaðabótum fyrir atvinnutjón vegna bannlaganna 603
Hæstaréttardómur í málinu: Réttvísin gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni fyrir íkveikju í húsi 604
Hæstaréttardómur í málinu: Tönnes Frederiksen gegn Ráðherrum Íslands vegna valdstjórnarinnar um brot á Hafnarlögum Reykjavíkur, ... 606
Hæstaréttardómur í málinu: Erasmus Gíslason gegn Ráðherrum Íslands f. h. landssjóðs um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju 886
Hæstaréttardómur í málinu: Jónas Jónasson gegn hlutafélaginu Ægir um skyldu félagsins til að gefa út hlutabréf til áfrýjanda 887
Hæstaréttardómur í málinu: Hannes Jónsson o. fl. gegn Sparisjóði Arnessýslu um gildi sjálfsskuldarábyrgðar 889
Hæstaréttardómur í málinu: Magnús Stefánsson gegn Garðari Gíslasyni vegna firmans G. Gíslason & Hay Ltd. um skaðabætur fyrir samningsrof 892
Hæstaréttardómur í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Sigríði Þorláksdóttur. Afrýjandi mætti ekki 893
Hæstaréttardómur í málinu: Margrét Arnason gegn skiptaráðanda Arnessýslu vegna dánarbús Ólafs Arnasonar o. fl. um réttarstöðu áfrýjanda við skifti á dánarbúinu 894
Hæstaréttardómur í málinu: Margrét Arnason gegn kaupfélaginu Ingólfur o. fl. út af gildi afsals á verzlunarhúsum félagsins 896

Kaup og sala.

Maður, er átti hús í Ólafsvík, gaf öðrum manni umboð

Bls.

til að selja það, og samkv. því seldi hann stefnda eign þessa, en rétt áður seldi hinn upphaflegi eigandi áfrýjanda hina sömu eign, og þar sem hann taldi sig réttþærri krafðist hann að stefndi skilaði sér eignunum. Krafan var ekki tekin til greina með því að áfrýjandi vissi um söluumboðið og að það var ekki afturkallað..... 64

Í máli þessu krafðist áfrýjandi að stefndu yrðu dæmdir til að taka við seglskipi, er þeir höfðu selt honum og endurgreiða kaupverðið. Krafan tekin til greina með því að skipið reyndist svo gallað að ekki svaraði kostnaði að gera við það 609

Árið 1917 höfðu málsaðilar gjört samning sín á milli um kaup á 1000 brúkuðum síldartunnum. Krafðist kaupandi að kaupin gengu til baka sökum galla á tunnunum. Þessi krafa ekki tekin til greina með því að umboðsmaður kaupanda hafi látið menn með sérþekkingu skoða tunnurnar og að því búnu tekið við þeim..... 672

Landamerkjamál.

Landamerkjadómur milli jarðana Stóra og Litla Lambhaga staðfestur að því er snertir veiðirétt, er ágreiningur var um, en ákvæði dómsins um leigugjaldskröfu fellt úr gildi, með því að landamerkjadómur sé ekki bær að dæma um þá kröfu 437

Landamerkjadómur vísaði máli frá dómi sökum þess að ágreiningurinn hefði verið útkljáður með gerðardómi. Þareð sækjandi áleitst hafa rétt til að leggja spurninginguna um gildi gerðarinnar undir merkjadóm var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar 864

Bls.

Manndráp.

Ákærður dæmdur samkv. 200. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa orðið manni að bana af gáleysi 232

Meinsæri og rangar skýrslur.

Ákærði dæmdur til hegningar fyrir falsvitni fyrir rétti 114

Ólögmæt meðferð á fundnu fé.

Ákærði dæmdur samkv. 250. gr. sbr. 249. gr. hegningarlaganna fyrir að kasta eign sinni á kindur, er af hendingu höfðu komið í vörzlur hans 195
Ákærði dæmdur samkv. 250. sbr. 249. gr. hegningarlaganna 237, 247
Ákærði dæmdur samkv. 250. gr. hegningarlaganna 531, 699
Ákærði dæmdur samkv. 48. gr. sbr. 250. gr. hegningarlaganna... 531

Ómaksbætur.

Áfrýjandi mætti eigi; stefnda dæmdar ómaksbætur 154, 235, 236

Ómerkingardómar sbr. réttarfarslög.

Héraðsdómur og undanfarandi meðferð málsins dæmd ómerk sökum ófullnægjandi stefnubirtingar 199
Héraðsdómur, er vísaði máli frá dómi, fellur úr gildi og lagt fyrir undirdómarann að leggja dóm á málið að efni til 434
Héraðsdómur ómerktur sökum vantandi upplýsinga um að málinu hefði verið vísað frá sáttanefnd til dómstólanna 565
Héraðsdómur ómerktur sökum ófullkominnar sáttatilraunar 660
Úrskurður sjódóms um að strandað skip skyldi álítast óbætandi, ómerktur sökum þess að sjódómurinn hafði að ástæðulausu hafnað umboðsmanni hlutaðeigandi vá-

Bls.

tryggingarfélags, er skoðunargerð á skipinu var staðfest í réttinum ... 711

Máli út af lóðarþrætu í Reykjavík hafði verið vísað frá bæjarþinginu sökum þess að það ætti undir merkjadóm þann, er settur er með lögum nr. 35/1914. Dómur þessi var ómerktur og málinu heimvísað til dómsáleggingar að efni til, með því að hin tilvitnuðu lög væru ekki komin til framkvæmdar 766

Landamerkjadómur vísaði máli frá dómi sökum þess að ágreiningurinn hefði þegar verið útkljáður með gerðardómi. Þar sem sækjandi hafði rétt til að leggja spurninguna um gildi gerðarinnar undir merkjadóm, var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar ... 864

Óþörf málsýfing.

Sekt dæmd ... 57

Rán og hótanir.

Akærði dæmdur samkvæmt 245. gr. 1. málsgr. sbr. 55. gr. hegningarlaganna ... 645

Réttarfarslög.

Álitið að málaflutningsmaður megi mæta fyrir sáttanefnd fyrir útlending, sem ekki hefir skrifstofu hér á landi 27

Málflutningsmaður víttur fyrir aðfinslur um yfirréttardóm 60

Sekt dæmd fyrir ósæmilegan rithátt í réttarskjali ... 34, 150 219, 299, 319, 329, 334, 496, 536, 542, 547, 556, 687, 690

Mál hafið með dómi samkvæmt kröfu áfrýjanda sjálfs gegn mótmælum umboðsmanns hans ... 150

Í máli þessu hafði eitt lögreglumál verið höfðað gegn 2 mönnum. Tekið fram að þótt brot hinna kærðu væru

Bls.

alls ekki svo samtengd að nauðsynlegt eða hentugt hafi verið að sækja þá báða í sama máli, væri þó ekki ástæða til að ónýta málsmeðferðina í héraði 186
Máli vísað frá dómstólunum sökum þess að afstöðuuppdrátt vantaði 228
Framkomin mótmæli gegn vitnaleiðslu í meiðyrðamáli, þar sem hún væri um seinan, ekki tekin til greina... 251
Máli vísað frá yfirdómi sökum þess að áfrýjunarfrestur var liðinn 417
Álitið að landamerkjadómur sé ekki bær að dæma um leigugjaldskröfu, er fram hafði komið í merkjamáli 437
Mál hafið eftir kröfu stefnda, þar eð áfrýjandi mætti ekki við fyrirtekt málsins eftir að hafa fengið frest... 502
Í máli þessu hafði áfrýjandi krafist þess að nokkur ummæli um hann í forsendum landsyfirréttardóms væru ómerkt og hlutaðeigandi yfirdómari dæmdur til hegningar, en mál þetta hafði þriðjimaður höfðað til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju. Álitið að óæðri og hliðsettur dómstóll sé ekki bær að dæma um hvort hinn stefndi yfirdómari hafi að lögum eða ólögum farið með dómsvald sitt í umgetnu skaðabótamáli og staðfesti því undirdóminn, er hafði frávísað málinu 536, 542, 547
Álitið að lög nr. 59/1905 um varnarþing í skuldamálum nái aðeins til þeirra viðskifta, er skylt eiga við verzlun 758
Fundið að því að mál út af lóðarþrætu í Reykjavík hafði verið dæmt án meðdómsmanna 766

Sakhæfi.

Refsing ákærða ákveðin með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna, með því að ákærði hafði verið mjög drukkinn, er hann framdi þjófnaðinn 215

Bls.

Samningar, sbr. kaup og sala.

Krafa um skaðabætur fyrir rof á samningi um sölu á síld ekki tekin til greina með því að ekki var sannað að samningur hefði komist á 40
Mál út vanefndum á ýmsum atriðum á kaupsamningi um húseign 276
Áfrýjandi dæmdur til að greiða eftirstöðvar af borgun fyrir mótor 280
Álitið að útgerðarmanni sé skylt að fæða kvenmann, sem ráðin var verkona hjá honum, meðan hún lá veik, sbr. 18. gr. fátækralaganna 285
Mál út af greiðslu lífsábyrgðarupphæðar. Lífsábyrgðarfélagið sýknað með því að viðkomandi maður hafi dáið áður en fyrsta iðgjald var greitt, en þetta var samkv. skírteininu skilyrði fyrir því að ábyrgðin næði gildi 308
Áfrýjandi sýknaður af kröfu um skaðabætur fyrir rof á samningi um kaup á fiski, með því að stefndi (sækjandi í héraði) var ekki réttur sóknaraðili 422
Mál út af rofi á samningi um sölu á gærum. Seljandi dæmdur til skaðabóta 456
Hæstaréttardómur í því máli 892
Uppsögn á samningi um kaup á síld talin ólögleg og kaupendur dæmdir til að greiða andvirði hennar samkvæmt samningnum 483
Ágreiningur um gildi leigusamnings um »Gullfoss« 572
Í máli þessu var ágreiningur um það milli málsaðila hvor ætti að greiða verðhækkunartoll á útfluttum hestum. Álitið að þótt sagt sé í samningi aðila að borgunin greiðist gegn farmskírteini verði þó eftir öðrum ákvæðum samningsins að telja verðhækkunartollinn seljanda óviðkomandi 581
Kaupmaður í Reykjavík hafði gert farmsamning um

Bls.

flutning á fiski til Spánar með seglskipi. Nú vildi farmsendandi senda pakkaðan fisk, en farmflytjandi krafðist þá bóta fyrir það að slíkur fiskur rúmaðist ver en laus fiskur. Krafa farmflytjanda tekin til greina, með því að samið hafði verið um fullfermi af fiski og ekki tekið fram að fiskurinn ætti að vera í umbúðum 628

Mál milli útgerðarfélags og kaupmanns til skaðabóta fyrir rof á samningi um sölu á síld 725

Mál milli 2ja kaupmanna út af skaðabótum fyrir rof á samningi um sölu á síld. Álitið að kaupandi hefði ekki gert nægilegar ráðstafanir til að greiða kaupverðið í tæka tíð og seljandi því haft heimild til að rifta kaupunum 849

Vorið 1914 keyptu áfrýjendur kútterskip, sem talið var 31,87 smálestir samkv. mælingu. Eftir að kaupendur höfðu tekið við skipinu og greitt andvirði þess var það mælt og reyndist þá 25,66 smálestir. Kaupendur kröfðust þá að kaupin gengju til baka, og er þeirri kröfu var ekki sinnt, seldu þeir skipið og gerðu kröfu um þá upphæð, er það seldist lægra, en hið upphaflega kaupverð. Þessi krafa var ekki tekin til greina með því að yfirdómurinn gat engan dóm á það lagt hvor mælingin væri réttari 875

Sáttalöggjöf.

Sekt dæmd fyrir brot á sáttalöggjöfinni..... 206, 319, 669

Sekt fyrir að láta fyrirfarast að mæta á sáttafundi felld niður, með því að stefndi í héraði hafði ekki fengið vitneskju um birting sáttakærunnar 469

Héraðsdómur ómerktur sökum þess að ekki sást á vottorði sáttanefndar hvort málsaðilar höfðu mætt á sáttafundinum 660

Bls.

Við fyrstu fyrirtekt máls þessa, er rekið var fyrir gestaréttí, sendi sækjandi málaflutningsmann í sinn stað. Sáttatilraunin var talin ólögleg og gestarétturinn ómerktur og málinu vísað frá dómstólunum 834

Siglingalög.

Skipstjóra dæmdur sjóveðréttur í skipi fyrir eftirstöðvum af kaupi sínu, þótt krafa hans kynni að vera tryggð á annan hátt 77

Ágreiningur um skaðabótaskyldu út af ásiglingu 363

Stefndi sýknaður af kröfu farmflytjanda um aukabiðgjald samkv. 149. gr. siglingalaganna 388

Skipstjóri dæmdur til að greiða háseta aflahlut einnig fyrir þann tíma, er hann var fatlaður frá verkum, úr því að hann var eigi skráður úr skiprúmi 398

Eigandi og útgerðarmaður skips dæmdur til að endurgreiða sjóvátryggingarfélagi skaðabætur, er það hafði orðið að greiða vegna áreksturs, með því að skip hans var talið hafa valdið árekstrinum 622

Mál út af ágreiningi um skilning á farmsamningi um saltfisksfarm til Spánar. Álitið að farmflytjanda bæri bætur fyrir að fiskurinn var sendur »pakkaður« en ekki laus 628

Háseta dæmdur sjóveðréttur í skipi fyrir kröfu sinni, þótt krafa þar um hefði ekki verið tekin upp í sjódómsstefnuna 635

Úrskurður sjódóms um að strandað skip skyldi álítast óbætandi var ómerktur sökum þess að sjódómurinn hafði að ástæðulausu hafnað umboðsmanni hlutaðeigandi vátryggingarfélags, er skoðunargerð á skipinu var staðfest í sjóréttinum 711

Útgerðarmaður hér á landi hafði selt firma í Bergen síld cif

Bls.

Bergen, og sendi síldina með skipi, er hann hafði á leigu. Skip þetta strandaði á útleið, og eftir að það hafði fengið aðgerð, tók það $^2/_3$ hluta af hinum upphaflega farmi til flutnings, en $^1/_3$ hluti var sendur samkv. ráðstöfun kaupanda og á hans kostnað til Bergen með öðru skipi. Seljandi sem útgerðarmaður hins fyrnefnda skips var skyldaður til að endurgreiða kaupanda farmgjaldið fyrir nefndan $^1/_3$ hluta síldarinnar 787

Sjóvátrygging.

Vátryggingarfélagi, sem hafði vátryggt skip gegn algerðum skipstapa, einnig talið skylt að taka þátt í kostnaði við þær ráðstafanir, sem gerðar höfðu verið til að bjarga skipinu úr yfirvofandi hættu og fyrirbygga algerðan skipstapa 590

Skaðabætur.

Landssjóður sýknaður af kröfu veitingakonu um skaðabætur fyrir að verða að hætta vínveitingum vegna ákvæða bannlaganna 20

Hæstaréttardómur í þessu máli 603

Krafa áfrýjanda um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju ekki tekin til greina 99

Prestur sýknaður af kröfu hreppsnefndar um skaðabætur fyrir brot gegn 3. gr. 10. lið tilsk. 30. apríl 1824, með því að það var ósannað að maðurinn hefði þegið sveitarstyrk fyrir giftinguna 200

Landssjóður dæmdur til að greiða skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju 219

Hæstaréttardómur í þessu máli 886

Kaupmaður í Reykjavík hafði fengið niðursoðna mjólk frá erlendu firma, en með því að mjólkin þótti ekki nothæf,

Bls.

fékk kaupmaðurinn fyrirskipun um að endursenda vöruna. Af þessu varð þó eigi, með því að hlutaðeigandi gufuskipafélög neituðu að taka vöruna til flutnings. Hið erlenda firma höfðaði skaðabótamál á hendur kaupmanninum, en hann var eftir ástæðum sýknaður 266

Maður, er gerði út þilskip til fiskiveiða hér við land, álitinn skyldur til að vátryggja skipshöfnina eftir hinum dönsku slysaábyrgðarlögum 1. apríl 1905, þareð skipið var skrásett í Danmörku og útgerðarmaðurinn einnig búsettur þar, er lögskráð var í skipið hér á landi..... 595

Útgerðarmaður síldarskips dæmdur til að greiða hásetum skaðabætur fyrir að stöðva útgerð skipsins um vikutíma um veiðitímann 635

Mál milli útgerðarfélags og vélstjóra á mótorbát, þar sem útgerðarfélagið krafðist bóta fyrir skemmdir á vélinni o. fl. 649, 721

Í máli þessu krafðist áfrýjandi skaðabóta fyrir atvinnuróg og lánstraustsspjöll hjá málaflutningsmanni, er hafði svarað fyrirspurn útlends firma um efnahag áfrýjanda. Í dómnum er tekið fram að það leiði af stöðu málaflutningsmanns að honum sé heimilt að svara þannig löguðum fyrirspurnum, og þareð álitið var að hann hefði svarað fyrirspurninni eftir því, er hann vissi sannast og réttast og með nægilegri gætni var málaflutningsmaðurinn sýknaður 687, 690

Mál út af óforsvaranlegri aðgerð á skipsmótor 715, 780

Húseigandi dæmdur til að greiða leigutaka sínum skaðabætur fyrir skemmdir á matvælum 807

Maður, er ók bifhjóli á röngum vegarkanti, dæmdur til að greiða manni, er hann ók á, bætur fyrir líkamsmeiðsl og annan skaða út af árekstrinum 831

Bls.

Skattar og gjöld.

Álitið að samvinnufélagi (Sláturfélag Suðurlands) sé skylt að greiða sveitarútsvar 12
Firma, er á lögheimili utan Reykjavíkur, talið skylt að greiða aukaútsvar í Reykjavík með því að firmað hafði þar skrifstofu og launaðan umboðsmann, er selji fyrir það vörur og taki á móti vörupöntunum 61
Niðurjöfnunarnefnd talið heimilt að leggja aukaútsvar á útgerðarfélag, þótt útgerð þessi væri eign 2ja manna búsettra í kaupstaðnum og útsvar hefði verið lagt á þá sérstaklega fyrir aðra atvinnu þeirra 120
Skip hlaðið síld rendi á grunn á útsiglingu frá Eyjafirði, var dregið inn á Akureyrarhöfn og farmurinn fluttur þar á land. Var nokkuð af farminum síðan látið í skipið aftur en sumt útflutt með öðru skipi. Krafðist lögreglustjóri þá að útflutningsgjald væri greitt af farminum á ný. Sendandi farmsins var sýknaður af þessari kröfu, en hins vegar dæmdur til að greiða verðhækkunartoll, með því að farmurinn var afgreiddur í hið síðara skifti eftir að þar að lútandi lög höfðu gengið í gildi 348
Álitið að verzlun landssjóðs sé eigi útsvarsskyld 579
Álitið að utanþjóðkirkjumaður sé því aðeins undanþeginn því að greiða sóknargjald til Háskólans að hann sé meðlimur safnaðar, sem fengið hafi staðfestingu á presti eða forstöðumanni sbr. 18. gr. 3 stjórnarskipunarlaga 1915 661
Agreiningur um borgun til dómkvaddra virðingar- og matsmanna. Álitið að 6. gr. laga nr. 64/1917 eigi ekki við þegar dómkvaddir eru menn með sérþekkingu til að virða verðmæta hluti, er sérþekkingu þarf til að meta. Borgunin ákveðin af dómstólnum 704
Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur talið heimilt að leggja útsvar á útgerð björgunarskipsins »Geir« 749

Bls.

Bóndi í Sveinstaðarhreppi rak laxveiði í svonefndum Bjargaósi, er skilur Sveinstaðahrepp frá Þverárhreppi, þannig að veiðin var oftast flutt vestur yfir, Þverárhrepps megin, og lögðu þar á hesta til burtflutnings, veiðimaður bóndans hafðist við vestan við ósinn og laxanet höfð þeim megin. Hreppsnefnd Þverárhrepps talið heimilt að leggja aukaútsvar á þannig löguð laxveiðiafnot..... 753

Alitið óheimilt samkv. sveitarstjórnarlögunum að leggja aukaútsvar, byggt á heimildisfestu, á aðra en þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum þegar niðurjöfnun fer fram 828

Landssjóður dæmdur til að endurgreiða vörutoll af fiski, er var fluttur inn frá Noregi óverkaður en síðar útfluttur til Bretlands eftir að búið var að verka hann 870

Skilorðsbundnir hegningardómar.

Skilorðsbundnir hegningardómar 215, 232, 403

Skiftamál.

Hinn 20. marz 1909 sömdu hjón um skifti á félagsbúi þeirra og 18. júní s. á. var þeim veittur skilnaður að borði og sæng. Eftir lát mannsins gerði ekkja hans þá kröfu í dánarbú hans að skiftagerðin 20. marz 1909 væri dæmd ógild og að hún yrði viðurkennd sem eigandi að helmingi dánarbúsins. Þessi krafa var ekki tekin til greina, og krafa hennar um íhlutar- og atkvæðisrétt um meðferð búsins hafnað 1

Hæstaréttardómur í þessu máli 894

Agreiningur um framfærslueyri barna í dánarbúi. Alitið að börn eigi ekki heimtingu á að námskostnaður þeirra við æðri skóla verði greiddur úr dánarbúinu, meðan ekki

Bls.

er fengin full vissa um að búið geti fullnægt kröfum skuldheimtumanna 34

Eftir lát ekkju, sem tekið hafði allan arf eftir mann sinn, krafðist einn af ættingjum mannsins að hann yrði viðurkendur löglegur erfingi með því að í erfðarskránni hefði staðið ákvæði um að við dauða þess hjónanna, sem lengur lifði, skyldi eignirnar skiftast milli erfingja beggja. Krafa þessi var ekki tekin til greina með því að líkur voru til að maðurinn hefði arfleitt konu sína skilyrðislaust og að ekkert ákvæði í umgetna átt hefði staðið í erfðaskránni 93

Skiftaréttarúrskurðir staðfestir eftir kröfu áfrýjanda ... 361

Í máli þessu var ágreiningur milli áfrýjanda, er fengið hafði kröfu um brunabótafjárhæð framselda, og þrotabús framseljanda kröfunnar um það, hvorum bæri réttur til fjárins. Alitið að beita ætti 28. gr. laga nr. 7/1894, þannig að þrotabúið hafi rétt til brunabótafjárins 450

Skírlífisbrot.

Akærði dæmdur fyrir brot gegn 171. gr. hegningarlaganna 90

Akærði sýknaður af ákæru fyrir brot á 183. gr. hegningarlaganna 840

Skjalafals.

Akærði dæmdur samkvæmt 277. gr. og 276. gr. sbr. 272. gr. hegningarlaganna 682

Akærði, sem bætt hafði orðum inn í afsalsbréf annars manns til sín, sýknaður af ákæru um skjalafals, með því að ekki þótti næg ástæða til að gera ráð fyrir að það hefði verið ásetningur ákærða að falsa afsalsbréfið 769

Bls.

Skulda- og reikningsmál.

Mál út af viðskiftum milli 2ja kaupmanna 51, 140, 656
Stefndi dæmdur til að greiða viðskiftaskuld 83
Skuldamál út af sameign í vélbát 108
Útgerðarmaður dæmdur til að greiða háseta eftirstöðvar af kaupi 156, 162, 168, 174, 180, 291, 649, 721, 801
Mál út af ágreiningi um eftirgjald eftir þurrabúðarlóð m. m. Leigutaki sýknaður þareð lóðareigandi hafði ekki sannað að samið hefði verið um hærra eftirgjald en leigutaki viðurkendi sbr. lög $^{22}/_{11}$ 1907, 15. gr. ... 211
Mál út af ágreiningi um borgun fyrir að gera grunn undir skúr 262
Útgerðarmaður dæmdur til að greiða verstúlku eftirstöðvar af kaupi. Alitað að útgerðarmaðurinn hafi verið skyldur til að fæða verstúlkuna meðan hún lá veik sbr. 18. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 285
Mál út af rétti veðhafa í húseign til brunabótafjárhæðar 334
Mál út af ógreiddri húsaleigu og öðrum viðskiftum málsaðila 465
Mál út af viðskiftaskuld 469, 879
Kaupmaður sýknaður af kröfu stefnda um greiðslu á andvirði fyrir fisk, er lagður hafði verið inn í reikning hans við verzlunina, með því álitið var að kaupmaðurinn hefði haft rétt til að heimta fiskinn lagðan inn í annan reikning 508
Hreppsnefnd dæmd til að greiða viðskiftaskuld 513
Mál til skaðabóta fyrir það að hlutaðeigandi hefði misbrúkað umboð til að hafa umsjón með jarðeignum hins aðilans 520
Mál út af verzlunarskuld 566
Hæstaréttardómur í máli út af kaupmannaviðskiftum ... 597
Mál út af ágreiningi um borgun fyrir uppskipun á vörum 669

Bls.
Mál út af greiðslu á póstkröfu 678
Útgerðarfélag dæmt til að greiða vélstjóra eftirstövar af kaupi 649, 721, 801
Mál út af borgun á leigu eftir járnbrautarvagn 735
Kaupmaður dæmdur til að greiða trésmið 75 a. um tímann, auk fæðis, með því að sú borgun þótti ekki fara fram úr venjulegu kaupi smiða á þeim stað og tíma, og kaupmaðurinn færði ekki sönnur á að um lægra kaup hefði verið samið 825

Staðfestingardómar.

Dómar staðfestir eftir kröfu áfrýjanda 241, 242, 244, 245, 361, 800

Sveitarmál.

Alitið að geðveikrahælið á Kleppi eigi samkvæmt 63. gr. fátækralaganna og lögum nr. 33/1913 aðgang að Reykjavíkurkaupstað um meðgjöf með sjúkling gegn endurgjaldi frá framfærslusveit hans. Alitið að dvalarsveit þurfamanns sé hver sú sveit þar sem þurfamaðurinn dvelur, er hann verður fátækrastyrksþurfi 412

Svik.

Maður dæmdur samkvæmt 256. gr. sbr. 255. gr., 263. gr. sbr. 262. gr. og 264 gr. 2. lið hegningarlaganna og með hliðsjón af 63. gr. laganna í 8 mánaða betrunarhúsvinnu 380
Maður dæmdur samkvæmt 253. gr. hegningarlaganna fyrir að ná undir sig óskilakind með röngum skýrslum 443
Maður dæmdur samkvæmt 255. gr. hegningarlaganna fyrir að hagnýta sér lamb, er var á fóðri hjá honum 531
Ákærði, sem hafði keypt áfengi af bryta á skipi og af-

Bls.

hent honum tékk fyrir upphæðinni, sýknaður af ákæru fyrir svik, með því að ekki þótti framkomin næg gögn til að hnekkja framburði hans um að tékkinn hefði milli málsaðila einungis átt að vera viðurkenning fyrir skuldinni en ekki gefin út í greiðsluskyni..... 761
Ákærði dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi við húsasölu samkvæmt 255. gr. og 259. gr. sbr. 253. gr. hegningarlaganna 769

Umboð, umboðslaun.

Mál út af innheimtulaunum fyrir innheimtu á skuld, en umboðið var afturkallað áður en skuldin var innheimt. Álitið að innheimtumanni beri aðeins borgun fyrir ómak sitt þar til umboðið var apturkallað..... 516
Mál út af misbrúkun á umboði til að hafa umsjón með jarðeign hins aðila 520

Úrskurðir.

Ítarlegri skýrslur heimtaðar í sakamáli 45, 47, 49, 87
Afrýjanda neitað um frest til vitnaleiðslu, en veittur vikufrestur til andsvara..... 124
Frestur veittur til málsútlistunar 155, 620, 621

Úttekt.

Mál út af ágreiningi um það hvort hús, er áfrýjandi átti í Gaulverjabæ, hafi verið löglega virt og tekin upp í jarðarálag 319

Valdsstjórn og allsherjarregla

Hæstaréttardómur í máli gegn kaupmanni fyrir brot á hafnarlögum Reykjavíkur 606
Kærða var kærð fyrir brot á samþykkt 22. okt. 1918 um lokunartíma sölubúða í Reykjavík, en var sýknuð

Bls.

með því að atvinnurekstur hennar var þannig lagaður að hún þurfti ekki að leysa borgarabréf 663
Húseigandi sektaður fyrir að taka hærri húsaleigu en húsaleigunefnd hafði ákveðið 744
Maður sektaður samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur 19. apríl 1919 fyrir að hafa verið drukkinn á almannafæri 792, 793, 795, 797, 798
Fræðslunefnd sektuð samkvæmt 145. gr. sbr. 143. gr. hegningarlaganna fyrir það að vanrækja að láta fram fara fyrirskipað læknisefirlit og skoðun á kenslustöðum og á heilsufari barna og kennara 820
Héraðslæknir sýknaður af sams konar ákæru 820
Maður sektaður fyrir brot á fyrirmælum um notkun bifreiða og dæmdur til skaðabóta 831
Kærði sýknaður af kæru um að hafa verið drukkinn á almannafæri 846

Veð, veðréttur.

Mál út af rétti veðhafa í húseign til brunabótafjárhæðar 334

Þjófnaður og hilming

Ákærði dæmdur fyrir stuld á peningum samkvæmt 230. gr. hegningarlaganna 215
Ákærði dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. hegningarlaganna 403
Ákærði sýknaður af ákæru um þjófnað 531
Ákærði dæmdur samkv. 231. gr. 4. tölul. og 230. gr. hegningarlaganna 641
Ákærði dæmdur fyrir stuld á steinolíutunnum samkv. 230. gr. hegningarlaganna 682
Ákærði dæmdur fyrir póstþjófnað 695
Ákærði dæmdur fyrir sauðaþjófnað 699

Bls.

Ærumeiðingar og skammir.

Afrýjandi, sem var embættismaður, hafði farið fram á það við stjórnarráðið að sakamál yrði höfðað gegn stefnda fyrir ranga kæru og árás. Stjórnarráðið fyrirskipaði sakamálsrannsókn en lét málið síðar niðurfalla. Alitið að meta megi kæruna til landsstjórnarinnar að því er til fyrningar kemur ummælanna samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna til jafns við stefnu í einkamáli og úrskurð stjórnarráðsins um að hætta við málshöfðun til jafns við að sækjandi hefði hætt við málið, þannig að embættismaðurinn hafi í þrjá mánuði þar á eftir opna leið til að höfða einkamál 133

Stefndi sýknaður í meiðyrðamáli, með því að sækjandi hafði ekki sannað að stefndi hefði viðhaft hin átöldu ummæli 206

Sektadómar fyrir meiðyrði samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna 251, 299

Sektadómar fyrir meiðyrði samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna 271, 299, 556

Sektadómar í meiðyrðamálum staðfestir samkvæmt kröfu áfrýjanda 241, 242, 244, 245

Framkomin mótmæli gegn vitnaleiðslu í meiðyrðamáli, þar sem hún væri um seinan samkv. N. L. 1—13—22, ekki tekin til greina 253

Alitið að það, að hlutaðeigandi hefur verið sektaður fyrir átalin meiðyrði samkvæmt N. L. 1—12 og tilsk. 23. des. 1735, geti ekki varnað því að hann sæti einnig ábyrgð fyrir þau samkvæmt almennum hegningarlögum 273

Dæmd sekt fyrir meiðyrði samkv. 217. og 219. gr. hegningarlaganna. Framkomin mótmæli gegn vitnaleiðslu sökum þess að hún væri fyrnd og gegn því að leita vitnisburðar sáttanefndarmanna um það, er hafi gerst

Bls.
á sáttafundi, ekki tekin til greina, með því að úrskurði, er gengið hafði í undirrétti um þessi mótmæli, hafði ekki verið áfrýjað sérstaklega 867

Prentvillur.

A bls. 211. nafn sækjanda: Filuppusson les. Filippusson
A bls. 424. 2 línu að neðan: selja les sækja.

Landsyfirréttardómar 1917.

Mánudaginn 8. janúar 1917.

Nr. 32/1916. Margrét Árnason
gegn
skiftaráðandanum í Árnessýslu settum sýslumanni Eiriki Einarssyni fyrir hönd dánarbús Ólafs Árnasonar, Eggert Claessen fyrir hönd »Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur« og Birni Sigurðssyni fyrir hönd ómyndugra erfingja Ólafs Árnasonar og fyrir hönd landsbankans.

Dómur:

Við skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri, sem dó 2. júní 1915, varð ágreiningur um það, hvort áfrýjandi þessa máls, frú Margrét Árnason, ekkja Ólafs Árnasonar, en skilin við hann að borði og sæng samkvæmt leyfisbréfi útgefnu 18. júní 1909, hefði rétt til að taka

þátt í ráðstöfunum um eignir búsins; var því mótmælt af Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, er átti kröfu á hendur búinu, og fyrir hönd fjárhaldsmanns ófullveðja erfingja búsins, Björns bankastjóra Sigurðssonar. Var um ágreining þennan kveðinn upp úrskurður 23. maí f. á. í skiftarétti Árnessýslu, svolátandi: »Krafa frú Margrétar Árnason um, að fjárskiftaskilmálar hennar og Ólafs Árnasonar frá 1909 séu metnir ógildir og hún viðurkend helminga-eigandi dánarbúsins, skal eigi tekin til greina. Skal hún hvorki hafa íhlutunar- eða atkvæðisrétt um meðferð búsins eða skifti á því, með því að félagsbúi þeirra hjóna var algerlega slitið með fjárskiftaskilmálum þeirra við skilnaðinn að borði og sæng«.

Þessum úrskurði hefir frú Margrét Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. júní f. á. Hefir hún stefnt skiftaráðandanum, settum sýslumanni Eiriki Einarssyni fyrir hönd dánarbúsins, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd áðurnefnds Minningarsjóðs og Birni bankastjóra Sigurðssyni fyrir hönd ófullveðja erfingja búsins og fyrir hönd Landsbankans sem kröfuhafa. Kröfur áfrýjanda eru þær, *að* úrskurðinum verði hrundið og breytt þannig, að hún verði talin eigandi að öllu því af búinu að sínum hluta eignanna, er óskift hafi verið og vantalið fram við skilnaðinn að borði og sæng af manni hennar, og verið hafi sérstaklega verzlanir þeirra, svo og að arði eignanna að sínum hluta, *að* henni verði taldar óviðkomandi skuldir, er maður

hennar hafi stofnað, og fram kunni að koma síðar, og *að* hún verði talin að hafa bæði atkvæðisrétt og íhlutunarrétt um meðferð búsins og skifti á því; þá krefst hún og, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða henni málskostnað.

Af hendi fjárhaldsmanns ófullveðja erfingja, Björns Sigurðssonar bankastjóra, hefir enginn mætt fyrir yfirdóminum, en fyrir hönd skiftaráðanda og fyrgreinds Minningarsjóðs hefir mætt Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða umbjóðendum sínum málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandi var, svo sem þegar er sagt, skilin við mann sinn að borði og sæng, og var um leið og skilnaðurinn fór fram skipun gerð um skifti á félagsbúi hjónanna. Um þetta segir svo í skilnaðarbréfinu: Fjárskifti milli hjónanna hafa þegar farið fram, að því er peninga og bankavaxtabréf snertir; fasteignir skiftast jafnt milli hjónanna með áhvílandi skuldum, þannig að hvort hjónanna eignast hverja fasteign félagsbúsins fyrir sig að helmingi. Að öðru leyti skiftist félagsbúið jafnt milli hjónanna og framkvæmast búskiftin smátt og smátt eftir því sem bezt hentar og með samkomulagi. Í skilnaðarbréfinu er að öðru leyti vísað til samnings, dags. 20. marz s. á. milli hjónanna, þar sem tekið var upp yfirlit yfir eigur og skuldir félagsbúsins, og ákveðið að aðrar skuldir félagsbúsins eða skuldbindingar mannsins, er fram kynnu að koma síðar, skyldu vera áfrýjanda óviðkomandi, en hins vegar skyldu skuldir,

er áfrýjandi hefði stofnað, eða síðar kynnu að koma fram, henni viðkomandi eða húshaldinu í Reykjavík, vera Ólafi Árnasyni óviðkomandi. — Áfrýjandi heldur því nú fram, að þessi fjárskifti séu ógild, og að engin fullnaðarskifti hafi farið fram í félagsbúi þeirra Ólafs Árnasonar, með því að hún hafi ekki meðtekið það, sem henni bar af eignum búsins, sem taldar eru í samningnum 20. marz 1909, og allar eigur búsins hafi ekki verið taldar í yfirlitinu, en verulegur undandráttur hafi átt sér stað, og nefnir áfrýjandi, þar til sérstaklega verzlanirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka. Fyrir því lítur áfrýjandi svo á, að félagsbú hafi að minsta kosti að nokkru leyti verið með þeim hjónum, þegar Ólafur Árnason dó, og að hún sé eigandi búsins að helmingi. Þó telur áfrýjandi, að þessi ógilding skiftasamningsins eigi ekki að ná til ákvæða hans um skuldir, sem Ólafur hafi síðar stofnað, og eigi þær ekki að koma til greina til skerðingar á búshlut hennar.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að félagsbú nefndra hjóna, hafi verið skift til fullnaðar með fyrgreindum gerningum, að áfrýjandi hafi meðtekið það, er henni bar samkvæmt skiftasamningnum, og þó að sumar af fasteignum hins fyrverandi félagsbús, sem hjónin við skilnaðinn eignuðust að helmingi hvort, séu enn í sameign, þá hafi öllum félagsskap um þær verið slitið. Stefndu neita því, að neitt hafi verið dregið undan í fjárskiftasamningnum, og um verzlanirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka skýra þeir svo frá, að þær hafi verið seldar kaupfélaginu »Ingólfi« á Stokkseyri með kaupsamn-

ingi dags. 1. febr. 1907 og afsalsbréfi dags. 1. nóv. s. á., og hafi andvirði þeirra runnið inn í félagsbúið, þar á meðal 20,000 kr. í hlutum í nefndu kaupfélagi, en samkvæmt kaupmála milli hjónanna dags. 10. júní 1907, staðfestum af konungi 17. ágúst s. á., hafi þessir kaupfélagshlutir orðið séreign Ólafs Árnasonar á móti því að húseignin nr. 14 við Suðurgötu varð séreign áfrýjanda. Nefndar verzlanir séu því dánarbúi Ólafs Árnasonar algerlega óviðkomandi, og verði áfrýjandi, ef hún geri tilkall til að vera meðeigandi að þeim, að eiga það mál við kaupfélagið »Ingólf«.

Fyrgreindur kaupsamningur og afsalsbréf verður að teljast nægsönnun þess, að farið hafi fram lögleg sala, eins og greint er í skjölum þessum, á verzlunum Ólafs Árnasonar til kaupfélagsins »Ingólfur«, og vefengingar áfrýjanda á afsalinu fyrir þá sök, að dagsetning þess sé fölsuð og að það hafi ekki verið þinglesið fyr en 1914 eiga ekki við neitt að styðjast. Það getur því ekki komið til mála að verzlanirnar verði taldar dánarbúinu og teknar til skifta með því. Og engin heimild er heldur fyrir því, að fyrnefnd hlutabréf í kaupfélaginu »Ingólfur« hefðu átt að teljast með eignum félagsbúsins, þegar skilnaðurinn varð milli hjónanna, þar sem hlutabréf þessi þá voru orðin séreign Ólafs samkvæmt kaupmálanum 10. júní 1907.

Áfrýjandi hefir ekki talið annað dregið undan skiftum milli þeirra Ólafs Árnasonar en verzlanirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka, en þær voru eins og þegar er sagt löglega seldar af Ólafi rúmu $1\frac{1}{2}$ ári áður en skilnaðurinn fór fram, og með því áfrýjandi hefir

engin rök fært fyrir því, að Ólafur hafi dregið neitt undan skiftum við fjárskiftasamninginn 20. marz 1909 verður honum ekki hnekt af þessari ástæðu.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að hún hafi ekki nema að litlu leyti meðtekið það, er henni bar af eignum búsins samkvæmt samningnum 20. marz 1909, og virðist hún byggja á þessu að samningur þessi og fjárskiftin samkvæmt skilnaðarbréfinu séu ógild, þannig að hún verði að teljast eigandi að helmingi af eignum dánarbús Ólafs Árnasonar eins og það er nú.

Um þetta skal það athugað, er nú segir: Áfrýjandi neitar því að hún hafi fengið peninga 2000 kr. og bankavaxtabréf 500 kr., sem ræðir um í samningnum; skýrir hún frá að Ólafur Árnason hafi sagt að hún fengi þetta síðar, en af því hafi aldrei orðið. Um þetta segir svo í samningnum að skifti á þessum fjármunum hafi þá þegar verið gerð og í skilnaðarbréfinu 18. júní s. á. segir að fjárskifti hjónanna á milli, að því er peninga og bankavaxtabréf snertir, hafi þegar farið fram. Undirskrift áfrýjanda undir þessa gerninga verður að telja næga sönnun þess, að hún hafi meðtekið nefnda fjármuni eins og stefndu halda fram.

Um aðra fjármuni af þeim, er taldir eru í samningnum, virðist áfrýjandi og halda því fram, að henni hafi ekki enn verið afhent til umráða fasteignir þær, er þar eru nefndar, og heldur ekki nema að nokkru leyti eignir þær, er skiftast áttu smátt og smátt eftir því sem bezt hentar og með samkomulagi. En með því áfrýjandi tilgreinir ekki nánar hvað hana vanti

og með því ekki heldur fyrir liggur í málinu nein greinargerð frá búsins hálfu um það, hvað sé afhent og hvað óafhent, af umgetnum fjármunum, verður enginn dómur lagður á þetta atriði, en þótt þannig skifting búsins samkvæmt skilnaðarbréfinu 18. júní 1909 hafi ekki að fullu verið komin í framkvæmd eða lokið, er Ólafur Árnason dó, getur þetta ekki orðið þess valdandi að umgetinn skiftasamningur missi gildi sitt, heldur verður hann engu að síður að teljast bindandi bæði fyrir áfrýjanda og dánarbúið, þannig að áfrýjandi getur að eins krafist að fá þá fjármuni, er henni ber samkvæmt honum, að svo miklu leyti sem þeim er óskilað, og að búinu hins vegar er skylt að standa henni skil á þessu en öðru ekki.

Þótt áfrýjandi þannig enn eigi fasteignir og eí til vill aðra muni í sameign með dánarbúi Ólafs Árnasonar, þá veitir þetta henni þó eigi neinn íhlutunar- og atkvæðisrétt um málefni dánarbúsins, og þar sem eigi heldur verður séð, af því sem fyrir liggur, að áfrýjandi hafi gert neina skuldakröfu í búið í tilefni af fjárskiftunum frá 1909 eða öðru, verður eigi álitið að hún eigi neinn íhlutanar- eða atkvæðisrétt um málefni dánarbúsins.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og eftir þeim úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu, er mætt hafa eða mæta látið við yfirdóminn, 25 kr. í málskostnað hvorum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði hinum stefndu, Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur og settum sýslumanni Eiríki Einarssyni fyrir hönd dánarbús Ólafs Árnasonar 25 kr. í málskostnað hvorum, er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. janúar 1917.

Nr. 52/1916: Einar Benediktsson
gegn
Gísla Sveinssyni f. h.
dánarbús Sigurbergs Einarssonar.

Dómur:

Árið 1906, 25. janúar, lauk áfrýjandi þessa máls, Einar Benediktsson, þá sýslumaður og skiftaráðandi í Rangárvallasýslu, skiftum á dánar- og félagsbúi Einars Einarssonar og Þorbjargar Jónsdóttur frá Raufarfelli. Erfingjar búsins voru 4 börn nefndra hjóna, 2 fullveðja, annar þeirra ofangreindur Sigurbergur Einarsson, og eru þeir eigi taldir viðstaddir

við skiftin, en fyrir hönd allra erfingjanna mætti við skiftin Páll Pálsson bóndi í Hlíð, samkvæmt skipun skiftaráðanda. Innköllun til innheimtumanns búsins var ekki gefin út, en í niðurlagi skiftagerðarinnar segir svo: Fyrir hönd allra erfingjanna, eins fyrir alla og allra fyrir eins, ábyrgist hinn mætti Páll bóndi Pálsson í Hlíð, að borga allar skuldir búsins, þær sem að ofan eru taldar, og einnig þær, er síðar kunna að koma fram«. Páll þessi Pálsson skrifaði þó eigi undir skiftagerðina, en það sést ekki hvort þetta hefir orðið af gleymsku eða því, að Páll hafi ekki viljað taka á sig áminsta ábyrgð. Erfinginn, Sigurbergur Einarsson, hefir staðhæft, að hann hafi eigi meðtekið erfðahluta sinn úr búinu, og þóttist hann eiga aðgang að áfrýjanda um skil á arfinum, er samkvæmt skiftabókinni var 288 kr. í peningum og 1/4 hluti af eign búsins í Raufarfelli, en með því að áfrýjandi vildi ekki viðurkenna að hann bæri neina ábyrgð á arfi Sigurbergs úr nefndu búi, höfðaði Gísli Sveinsson yfirréttarmálaflutningsmaður mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur fyrir hönd Sigurbergs gegn áfrýjanda, og krafðist þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér fyrir hönd umbjóðanda síns 288 kr. með 5% vöxtum frá 25. jan. 1906 til borgunardags, svo og 1/4 hluta af landsskuld jarðarinnar Raufarfells frá sama tíma. Áður en bæjarþingsstefnan í málinu var birt, andaðist Sigurbergur Einarsson, en málinu var haldið áfram fyrir hönd dánarbús hans, og gekk dómur í því 13. júlí f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 288 kr.

með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 14. desbr. 1915 til borgunardags, og 25 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Einar Benediktsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. ág. f. á., og eru kröfur hans hinar sömu og fyrir undirréttinum, að verða algerlega sýknaður í málinu og fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Fyrir kröfu sinni um sýknun telur áfrýjandi þær ástæður, *að* fyrnefndur Páll Pálsson, sem dó haustið 1912, hafi tekið við örfunum úr búinu, einnig arfi Sigurbergs, og beri ábyrgð á þeim gagnvart erfingjunum sem umboðsmaður þeirra við skiftin, enda sé það sannað í málinu, að hann hafi haft undir höndum og borgað erfðahluta hinna þriggja erfingjanna, *að* Sigurbergur, sem verið hafi heimilismaður eða sambýlismaður Páls, þegar skiftin fóru fram og síðar, hafi hlotið að vita um arfinn, er honum tæmdist eftir foreldra hans og að arfurinn var í vörzlum Páls, er hann (Sigurbergur) hafi viðurkent vera umboðsmann sinn við skiftin, en þó hafi hann ekki farið að grenslast eftir arfinum fyr en 8 árum eftir skiftin, með bréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, 27. jan. 1914, þegar lokið var gjaldþrotaskiftum á dánarbúi Páls Pálssonar. Það sé því eftirgangsleysi Sigurbergs að kenna, ef hann hafi ekki fengið arfinn greiddan frá Páli, og sé það sér ábyrgðarlaust. Loks heldur áfrýjandi því fram, að krafan, þótt rétt væri, sé ógild orðin fyrir fyrningu.

Krafa stefnda um eftirgjald af parti Sigurbergs í Raufarfelli var eigi tekin til greina í bæjarþings-

dómnum. og kemur því eigi hér til álita, með því að stefndi hefir eigi áfrýjað dómnum. Að öðru leyti heldur stefndi sér við það, að Sigurbergur hafi eigi fengið peninga þá, er honum skiftust í arf eftir foreldra hans, og að áfrýjandi beri ábyrgð á því, hvort sem hann hafi fengið Páli Pálssyni þá í hendur eða eigi. Krefst stefndi staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Þó að þess sé eigi getið í skiftagjörðinni, að Páll Pálsson hafi tekið á sig þargreinda ábyrgð, eða fengið í hendur arfahlutana eða annað fé búsins, og þó að hann hafi eigi skrifað undir skiftagerðina og eigi sé framkomin í málinu önnur viðurkenning frá honum um ábyrgð hans á fé búsins, þá virðist þó mega gera ráð fyrir því, að Páll, sem, að því er telja má viðurkent, hefir tekið við og greitt aftur frá sér arfa 3ja systkina Sigurbergs, hafi einnig tekið við arfi hans hjá áfrýjanda. En þó að gert sé ráð fyrir þessu, verður eigi fyrir það litið svo á, að áfrýjandi sé laus allrar ábyrgðar á arfi Sigurbergs, því að eigi verður fallist á það, að skipun Páls Pálssonar af hendi skiftaráðanda til að mæta við skiftin fyrir hönd fullveðja erfingja, geti komið í staðinn fyrir umboð frá þessum erfingjum til að taka við og kvitta fyrir arfi þeirra, en Páll hafði ekkert slíkt umboð frá Sigurbergi, og áfrýjandi gerði það því á sína ábyrgð að trúa Páli fyrir arfahluta Sigurbergs. Með því að eigi er sannað að umgetin arfsupphæð hafi verið greidd Sigurbergi, hvorki af Páli né af áfrýjanda, átti hann kröfu á hendur áfrýjanda um greiðsluna. Þessari kröfu verður hann eigi talinn að hafa

fyrirgert með drætti eða tómlæti að ganga eftir arfinum, sem hann eftir sögusögn Páls, kvaðst hafa ætlað að væri í vörzlum skiftaráðanda og talið þar vel geymdan, og eigi þurft fyr á að halda. Og með því krafan eigi heldur álízt fallin úr gildi fyrir fyrningu, ber að taka hana til greina eins og gert er í bæjarþingsdómnum og með því einnig verður fallist á ákvæði dómsins um vexti og málskostnað verður að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi Einar Benediktsson greiði stefnda Gísla Sveinssyni fyrir hönd dánarbús Sigurbergs Einarssonar 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur eru liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. janúar 1917.

51/1916.

Borgarstjóri Reykjavíkur
f. h. bæjarsjóðsins
gegn
Hannesi Thorarensen f. h.
Sláturfélags Suðurlands.

Dómur:

Um mánaðamótin febrúar—marz 1915 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar aukaútsvar að upphæð 1300 kr., til bæjarsjóðsins á Sláturfélag Suðurlands; var félagið krafið um gjaldið 25. marz 1915, en það tregðaðist við að borga það. Var síðan í tæka tíð beiðst lögtaks á gjaldinu fyrir hönd bæjarsjóðsins, og eftir að málsaðilar hvor frá sinni hlið höfðu útlistað málið með skriflegum sóknar- og varnarskjölum, var það tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 18. maí f. á., og síðan hinn 11. júlí s. á. kveðinn upp í fógetaréttinum svofeldur úrskurður, að hið umbeðna lögtak skyldi fara fram fyrir 100 kr. en frekara ekki, en greint 100 kr. útsvar hafði Sláturfélagið samþykt að greiða. Úrskurði þessum hefir borgarstjóri Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að lögtaksbeiðni hans verði í heild sinni til greina tekin að því er umrætt útsvar snertir, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Af annari hálfu hefir stefndi fyrir hönd Sláturfélagsins krafist þess að málinu verði frávísað, með því að fógetanum, er kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð, eigi hafi verið stefnt til yfirdómsins, en til vara krefst stefndi þess að úrskurðurinn verði staðfestur, svo og að Sláturfélaginu verði tildæmdur málskostnaður, hvernig sem málið fer.

Þá hefir stefndi og krafist þess að báðir meðdómendurnir í yfirdóminum víki úr dómarasæti í

máli þessu, með því að þeir hafi verið í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á þeim árum, sem útsvar hefir verið lagt á Sláturfélagið.

Út af þessu skal það tekið fram, að fyrsti meðdómandi, yfirdómari Halldór Daníelsson, hefir hvorki setið í bæjarstjórn né niðurjöfnunarnefnd síðan mál þetta hófst, og að hann var eigi í niðurjöfnunarnefndinni þá er aukaútsvarið, það er hér er um deilt, var á lagt. Honum er því hvorki rétt né skylt að víkja úr dómarasæti í málinu.

Um frávísunarkröfu stefnda athugast, að hinum setta fógeta, Birni Þórðarsyni, sem kvað upp fógetaúrskurðinn, hefir að vísu eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn í málinu, en það er yfirdóminum kunnugt af öðrum málum, sem komin eru undir dóm réttarins, að Björn Þórðarson var skipaður til að gegna dómarastörfum og þá einnig fógetastörfum í Reykjavík, á ábyrgð hins reglulega dómara og fógeta, þá er úrskurðurinn var uppkveðinn, og þar sem nú hinum reglulega dómara hefir verið löglega stefnt, er eigi ástæða til að frávísa málinu fyrir greinda sök.

Þegar til aðalefnis málsins kemur, heldur stefndi því fram, að Sláturfélagið sé eigi útsvarsskylt, með því að það sé samvinnufélag, sem að eins fáist við »framreiðslu innlendrar framleiðslu«, taki við fénaði félagsmanna til ráðstöfunar á þeirra kostnað, og fái hver félagsmaður alt verð þess fénaðar, sem hann leggi í samlagið að frádregnum kostnaði við söluna; félagið reki ekki verzlun eða kaup og sölu fyrir hlutafé eða félagsaflafé, sé ekki gróðastofnun, reki ekki arðsama atvinnu og hafi ekki lögskráð heimilis-

fang á neinum tilteknum stað innan félagssvæðisins; félagið sé aðeins samband manna til að bera kostnað við sölu afurða búa sinna með því að selja þær í samlögum og ná sem beztum markaði fyrir þær, og hagnaðurinn sem ynnist við það, falli beint til félagsmanna, en félagsheildin njóti ekki hagnaðarins sem slík. Þó kannast stefndi við, að söludeild félagsins, sem það hefir í Hafnarstræti í Reykjavík, sé rekin eftir öðrum starfsreglum en þeim, er hér að framan er bent til.

Hins vegar heldur áfrýjandi því fram, að greinargerð stefnda, þessi er nú var skýrt frá, um félagið og starfsemi þess sé röng í mörgum atriðum og allsendis villandi, félagið sé eigi neitt frábrugðið öðrum félögum, sem stofnuð eru í gróðaskyni, það eigi dýrar byggingar og land (þ. e. lóð) í Reykjavík, það eigi stofnfé og varasjóð eins og önnur félög t. d. hlutafélög; það eigi einnig kaup við utanfélagsmenn og reki verzlun, enda hafi það sérstaka söludeild í Reykjavík, sem áður er áminst; þá sé og gert ráð fyrir því í lögum félagsins, að það kaupi slátur af félagsmönnum, og loks sé félagið réttindahafi allrar verzlunarupphæðarinnar. Telur áfrýjandi vafalaust, að félagið sé gróðastofnun, er reki arðsama verzlunaratvinnu í Reykjavík og bendir sérstaklega á, að stefndi hefir fyrir fógetaréttinum viðurkent að félagið hefir útsölu á kjöti og sláturafurðum í Hafnarstræti hér í bæ, og er það svonefnd Söludeild félagsins, heldur áfrýjandi því fram, að hún sé aðeins »limur af Sláturfélaginu«, og að öll verzlun hennar fari fram í nafni félagsins sjálfs, og sé það alkunnugt borgurum bæjarins þeim hinum mörgu, er verzli við áminsta söludeild. Áfrýjandi heldur því afdráttarlaust fram samkvæmt því,

sem nú er sagt, að Sláturfélagið sé útsvarsskylt í Reykjavík og að úrskurður fógetaréttarins sé rangur í þessu efni, og sérstaklega sé úrskurðurinn ólögmætur að því leyti, sem hann partar í sundur útsvarsupphæðina og skiftir henni, úrskurðar lögtak fyrir nokkrum hluta hennar, en synjar um lögtak fyrir mestum hluta hennar; til þess hafi fógetinn ekki haft neina heimild í gildandi lögum, eins og krafa gerðarbeiðanda þá lá fyrir.

Þar sem stefndi virðist leggja mikla áherzlu á það, að Sláturfélagið sé samvinnufélag (Cooperativt félag) og sé fyrir því eða sem slíkt undanþegið útsvarsskyldu, verður að taka það fram, að íslenzk löggjöf þekkir eigi samvinnufélag, svo sem sérstaka tegund félaga, er njóti sérstakra hlunninda, svo sem þeirra að vera undantegin aukaútsvarsgjaldskyldu; þó að því Sláturfélagið sé kallað samvinnufélag, er ekkert þar með sagt um það, hvort það sé útsvarsskylt eða ekki, en til þess að leysa úr þeirri spurningu, verður að rannsaka skipulag og starfsemi félagsins, svo sem skjöl þessa máls veita kost á, og meta það svo eftir rannsókn þeirri, hvort félagið sé útsvarsskylt til bæjarsjóðs í Reykjavík.

Sláturfélagið tilkynti firma sitt árið 1908 og er firmað auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna. Í firmatilkynningunni segir meðal annars svo: »(Hlutafélagið) Sláturfélag Suðurlands, sameignarfélag, rekur verzlun með íslenzkar afurðir og slátrar búfé«. »Aðalskrifstofa í Reykjavík«. »Hlutafé, stofnfé, er 30000 krónur«. »Hlutabréfin, stofnbréfin, hljóða á nafn.« »Forstjóri H. Thorarensen ritar firmað«. »Prókúruhafi er Hannes Thorarensen«. Lög Sláturfélagsins,

gefin út 20. júní 1911, eru framlögð í málinu og verður að gera ráð fyrir, að lög þessi séu núgildandi lög félagsins, enda hefir stefndi beint vitnað til þeirra fyrir fógetaréttinum. Þar segir svo í 1. gr. að heimili félagsins sé í Reykjavík, og er síðan sagt yfir hvaða svæði félagið nái. 2. gr. segir tilgang félagsins vera, að gera sölu sláturfénaðar hagkvæma og eðlilega með ýmsu móti og þannig að seljendur fái alt verð fénaðar síns að kostnaði frádregnum. Samkvæmt 3. gr. hefir félagið sláturhús í Reykjavík. Eftir 7. gr. er hver félagsmaður Sláturfélagsins skuldbundinn til að skifta við sláturhús félagsins með »alt sauðfé og nautgripi«, er hann selur til slátrunar. Eftir 11. gr. eru 9 menn í stjórn félagsins og eftir 12. gr. velja þeir sér árlega formann og varaformann úr sínum flokki, og tvo menn í framkvæmdarnefnd með forstjóra; stjórnin ræður alla starfsmenn félagsins. Eftir 14. gr. ræður »forstjóri« verkamenn, hefir á hendi gjaldkerastörf fyrir félagið, annast sölu á öllum vörum frá því og yfir höfuð framkvæmd alls, er starfsemi þess viðkemur. Eftir 15. gr. gefur félagið út stofnbréf upp á 10 og 50 kr. hvert, og er hver félagsmaður skyldugur til að kaupa eitt eða fleiri þeirra. Félagsmenn fá 5% árlega í vexti af stofnbréfum sínum. Eftir 17. gr. getur félagsstjórnin tekið lán gegn veði í eignum félagsins bæði til að standast stofnunarkostnað og reksturskostnað. Eftir 19. grein skulu endurskoðunarmenn að minsta kosti tvisvar á ári rannsaka allan fjárhag félagsins. Eftir 20. gr. getur stjórnin ákveðið að leggja skuli árlega alt að ½% af verzlunarupphæð félagsins í viðlagasjóð,

en sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt. Eftir 24. gr. er forstjóra heimilt að kaupa sláturfénað af utanfélagsmönnum og að slátra fyrir utanfélagsmenn, ef hann sér félaginu hag í því. Eftir 25. gr. deilist ágóði af ársverzlun félagsins milli félagsmanna í hlutfalli við verð þess fénaðar, er þeir hafa verzlað með í félaginu á því ári, og í sömu grein er beint sagt að verzlunarágóði félagsins sé mismunur á því, sem borgað hefir verið og inn hefir komið fyrir vörur félagsins, að frádregnum kostnaði, afborgun og vöxtum af skuldum og tillagi til viðlagasjóðs. 28. gr. laganna segir: »Meðan félagið heldur áfram störfum, er stofnunin eign félagsmanna í réttu hlutafalli við stofnbréfaeign þeirra og verzlunarmagn í félaginu«.

Af gögnum þessum þykir nú mega draga þá ályktun með fullri vissu, að Sláturfélagið, hvort sem það annars er kallað samvinnufélag eða sameignarfélag, er samband eða félag bænda, fjár- og gripaeigenda, er rekur verzlunaratvinnu í Reykjavík, þar sem heimilisfang félagsins er, og þar sem forstjóri eða framkvæmdarstjóri þess er búsettur, og verkamenn og starfsmenn félagsins eru heimilisfastir, þar sem félagið á miklar húseignir og stóra og dýra lóð og þar sem það hefir sérstaka söludeild, enda er það alkunnugt að félagið hefir um nokkurra ára skeið undanfarið rekið verzlun í Reykjavík með kjöt og sláturafurðir.

Ekkert vafamál virðist það vera, að það verði að telja þessa verzlun arðsama atvinnu, þó að félagið safni eigi arðinum nema að mjög litlu leyti í sjóð, en skifti honum öllum að frádregnum reksturskostn-

aði milli félagsmanna sbr. 2. og 25. gr. félagslaganna. En með reksturskostnaði verður að telja gjöld þau og skatta, er að lögum verður að greiða fyrir félagið þar sem það rekur atvinnuna. Sjálf lög félagsins heimila þannig beint með orðunum: »að frádregnum kostnaði« í 2. og 25. gr. félagslaganna og geri ráð fyrir að greidd séu af afla félagsins bæjargjöld þau og landssjóðsgjöld, er löggjöf landsins leggur á félagið, eða lögum samkvæmt er jafnað á félagið. Og eftir þessum málavöxtum getur það ekki talist neitt vafamál, að Sláturfélagi Suðurlands er skylt að greiða aukaútsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur, þareð það er mikilsháttar atvinnurekandi í bæjarfélaginu og á þar stóra fasteign, sem það notar við atvinnureksturinn. Niðurjöfnunarnefndinni var fyrir því heimilt að jafna aukaútsvari á félagið samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, 22. gr. og lögum nr. 18, 19. okt. 1877, 3. gr., og þegar félagið eigi greiddi hið niðurjafnaða gjald, var það réttur bæjarstjórnarinnar að láta taka það lögtaki. Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er því rangur, að því leyti hann synjaði um lögtakið, og verður að fella úrskurðinn úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda, og jafnframt verður að leggja fyrir fógetann í Reykjavík að gera lögtak fyrir aukaútsvarsupphæðinni 1300 kr. hjá Sláturfélaginu, og skal þess um leið getið, að það liggur alveg fyrir utan verksvið fógeta og dómstólanna yfirleitt, að lækka þessa upphæð eða breyta henni á nokkurn hátt, enda verður það eigi séð af útsvarsseðlinum, að útsvarsupphæðin eigi fremur við Sláturfélagið yfirleitt, en söludeild þess

eina. Upphæðin stendur því eins og niðurjöfnunarnefndin hefir ákveðið hana.

Eftir þeim úrslitum, sem málið þannig fær, þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi feldur. Bæjarfógetanum í Reykjavík ber að gera lögtak hjá stefnda, Sláturfélagi Suðurlands, fyrir aukaútsvari 1300 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur, er jafnað var á félagið árið 1915. Stefndi greiði áfrýjanda, borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðs 80 kr. í málskostnað, og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. janúar 1917.

Nr. 53/1916.

Margrét Zoëga
gegn
ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs.

Dómur:

Mál þetta höfðaði ekkjufrú Margrét Zoëga, til

heimilis hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til skaðabóta fyrir atvinnumissi, er hún hafi orðið fyrir með lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi. — Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu 13. júlí f. á. að ráðherrann fyrir hönd landssjóðs var sýknaður af kröfum hennar, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir frú Margrét Zoëga skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. sept. f. á., og og hefir hún krafist þess, að nefndum dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hennar fyrir undirrétti verði teknar til greina, en þær voru að ráðherra Íslands yrði fyrir hönd landssjóðs dæmdur til að greiða henni 9000 kr. á ári frá 1. jan. 1915 að telja til dauðadags eða 100000 kr. i eitt skifti fyrir öll ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en til vara að henni yrði tildæmd úr landssjóði slík upphæð árlega, frá og með árinu 1915 til dauðadags, sem 2 óvilhallir dómkvaddir menn meta tekjur hennar af vínveitingum hafi numið að meðaltali árin 1906—1911 incl., þó eigi yfir 9000 kr. á ári. Loks hefir hún krafist að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir undirrétti og yfirdómi.

Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 12. maí 1882 fekk eiginmaður áfrýjanda, Einar Zoëga, með bréfi amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu leyfi til að halda »temperance-hótel« í

Reykjavík, þannig, að hann mátti selja mönnum gistingu, svo og mat og kaffi og aðrar þesskonar veitingar, en enga áfenga drykki. En ári síðar sótti nefndur gestgjafi um leyfi til að selja einnig áfenga drykki, og var hið umbeðna leyfi veitt með amtsbréfi 4. júní 1883, þar sem honum er leyft »að selja allar hinar sömu veitingar og aðrir gestgjafar hér í bænum« og er skírskotað að öðru leyti til leyfisbréfsins frá 1882. Hélt leyfishafi áfram þessari gestgjafaatvinnu til dauðadags. — Með lögum nr. 26, 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja var svo ákveðið að hver sá, sem rétt hefði til veitingar áfengra drykkja, þegar lögin öðluðust gildi 1. janúar 1900, skyldi greiða árgjald það, sem lögin tiltóku, en það var 300 kr. fyrir veitingahús í kaupstað. Þó var heimilt að leysa sig undan gjaldi þessu með því að afsala sér vínveitingaréttinum. Leyfishafi, Einar Zoëga, neitaði í fyrstu að greiða gjald þetta, án þess þó að afsala sér vínveitingaréttinum, en það var þá tekið lögtaki, og eftir það greiddi leyfishafi gjaldið hvert ár til dauðadags, 2. ágúst 1909, en þar eftir notfærði ekkja hans, áfrýjandi þessa máls, vínveitingaleyfi manns síns, og hélt áfram hótelrekstrinum og í sambandi við hann áfengisveitingum, en með lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi var hún svift rétti til áfengisveitinga frá 1. jan. 1915, og til skaðabóta fyrir þetta atvinnutjón hefir hún höfðað mál þetta.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á því, að vínveitingaleyfið hafi verið veitt manni hennar, Einari Zoëga, persónulega, og þessi réttur

hafi því fallið burtu við dauða hans, með því engin heimild sé hvorki í leyfisbréfinu né í neinum þá eða nú gildandi lögum fyrir því, að ekkja megi án nýrrar heimildar reka áfram atvinnu manns síns.

Það eru að vísu engin sérstök lög til hér á landi, er veiti stoð til úrlausnar þessu atriði, hvort áfrýjandi hafi án sérstakrar heimildar mátt reka áfram vínveitingar í skjóli leyfisbréfs manns síns. En þar sem engin venja hefir myndast í gagnstæða átt á þessu sviði atvinnumálanna, og þar sem hæstiréttur í samkynja máli og þessu hefir bygt á því, að ekkja alment hafi þennan rétt, og þar sem afrýjandi í skjóli þessa fordæmis óátalið hefir rekið vínveitingar, sem einn lið í atvinnurekstri sínum, án nýrrar heimildar frá því að maður hennar féll frá og til ársloka 1914, er hún varð að hætta vínveitingum, verður að fallast á það álit undirdómarans, að ekki sé rétt að láta úrslit máls þessa byggjast á því, að áfrýjandi hafi ekki haft rétt til reksturs þessarar atvinnugreinar, sem hún rak óátalið þar til aðflutningsbannslögin komu til fullrar framkvæmdar.

Áfrýjandi heldur því fram, að aðflutningsbannslögin hafi í sjálfu sér eigi svift hana vínveitingaleyfinu, en að lögin hafi aðeins verið framkvæmd þannig. Þessa skoðun sína byggir hún á því, að í 9. gr. nefndra laga sé aðeins þeim veitingamönnum og vínsölum, sem leyfi hafa til vínsölu samkvæmt lögum nr. 26, 11. nóvbr. 1899, bannað að selja af áfengisbirgðum sínum, en þetta orðalag nái ekki til sín, sem hafi haft heimild til vínveitinga, ekki samkvæmt nefndum lögum, heldur samkæmt leyfis-

bréfi útgefnu samkvæmt eldri heimildum. — En á þetta verður ekki fallist. Því bæði ríður þessi skoðun í bága við tilgang laganna, að banna alla vínsölu og veitingar áfengra drykkja í landinu, í bága við 1. og 2. gr. aðflutningsbannslaganna, er banna undantekningarlaust innflutning áfengra drykkja til sölu og veitinga, og auk þess verður að telja að lögin frá 1899 hafi náð til allra, sem leyfisbréf höfðu áður fengið til áfengisveitinga, jafnt og til hinna, sem öðluðust réttinn eftir að þau gengu í gildi, með því enginn mátti eftir það hafa áfengisveitingar með höndum, öðruvísi en í leyfi nefndra laga og samkvæmt þeim.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að fyrir svifting vínveitingaleyfisins, hvort sem hún hafi átt sér stað samkvæmt heimild bannlaganna eða aðeins vegna þess hvernig þeim var beitt, eigi hún samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar heimtingu á skaðabótum. Þetta byggir hún á því, að vínveitingaleyfisbréfið frá 1883 hafi fyrst veitt manni sínum og nú henni ótakmarkaða heimild til veitinga áfengra drykkja. Það hafi verið ótímabundið og hafi því að sjálfsögðu gilt til æfiloka þess þeirra hjóna, sem lengur lifði. Þetta komi og heim við þau lög, sem gefin hafa verið um vínsölu og veitingar eftir 1883, bæði lög nr. 3, 10. febrúar 1888 og lög nr. 26, 11. nóvbr. 1899, með því bæði þessi lög, sérstaklega hin síðarnefndu, gangi út frá því bæði beint og óbeint, að hin eldri leyfisbréf gildi til æfiloka leyfishafanna, og ennfremur tekur hún það fram, að við meðferð sjálfra bannlaganna á alþingi 1909 hafi það komið ótvírætt fram

í umræðunum, að ekki væri hægt bótalaust að svifta þá vínsölumenn og veitingamenn, sem réttinn höfðu, þegar lögin gengu í gildi, þessum rétti þeirra. Áfrýjandi heldur því jafnvel fram, að lögin frá 1899 hafi gert rétt sinn að lífstíðareinkarétti.

Hvað hina síðarnefndu staðhæfingu snertir verður eigi séð að hún hafi við nokkur rök að styðjast. Á leyfisbréfinu verður þetta ekki bygt, því það veitir leyfishafa aðeins rétt til að selja allar hinar sömu veitingar, sem aðrir gestgjafar hér í bænum, og lögin frá 1899 veita áfrýjanda heldur engan rétt í þessa átt, og þó að áfrýjandi á síðustu árum yrði ein um þennan atvinnurekstur í Reykjavík breytir það að engu hinum lagalega rétti hennar.

Áfrýjandi heldur því fram, að vínveitingaréttur sinn hafi verið ótímabundinn og ótakmarkaður samkvæmt leyfisbréfinu. Þetta er rétt. Í leyfisbréfinu var ekkert tímatakmark sett og rétturinn til veitinga ekki takmarkaður að öðru leyti. Áfrýjandi hafði venjulegt gestgjafaleyfi, þar í innifalinn rétt til að veita áfenga drykki, og eftir því sem fyrir liggur verður að ætla að þessi réttur, sérstakleg á síðari árum, eftir að hún var orðin ein um veitingar áfengra drykkja hér í hænum hafi verið tekjumesti þátturinn í atvinnurekstri hennar, en engu að síður verður ekki álitið að heimild sé til að dæma áfrýjanda skaðabætur úr landssjóði fyrir það, að þessi vínveitingaréttur var af henni tekinn.

Aðflutningsbannslögin sjálf gera hvergi ráð fyrir neinum bótum til þeirra vínveitingamanna, sem hafa orðið að hætta þessari grein atvinnu sinnar vegna

ákvæða nefndra laga, og þetta verður heldur ekki bygt á 50. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874, því þótt álíta megi að orðin »eignarréttur« og »eign« í nefndri grein stjórnarskrárinnar merki eigi aðeins eignarrétt í þrengri merkingu, heldur og önnur verðmæt réttindi, svo sem kröfurétt, rithöfundarétt, verður þó eigi álitið að atvinnuréttur alment falli undir ákvæði nefndrar greinar, og hið sama virðist og verða að gilda um atvinnurekstur eða atvinnurétt þann, er hér ræðir um, og skiftir það ekki máli í þessu efni, þótt atvinnurekstur áfrýjanda hafi verið rekinn samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af stjórnarvaldi lögum samkvæmt, með því að álíta verður að þesskonar almenn leyfi séu þó bundin því skilyrði, að þesskonar atvinnurekstur sé yfirleitt leyfður í landinu, og þótt lög nr. 3, 10. febr. 1888 og lög nr. 26, 11. nóvbr. 1899 geri ráð fyrir því, að vínveitingarétturinn verði ekki tekinn af eldri leyfishöfum, getur þetta ekki bundið hendur löggjafarvaldsins til þess síðar að takmarka eða banna umrædda atvinnu, án þess hlutaðeigandi atvinnurekandi hafi rétt til skaðabóta.

Það ber því að sýkna hinn stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, svo sem undirdómarinn hefir gert, og þar sem einnig má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann að öllu leyti.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 29. janúar 1917.

Nr. 56/1916. Eggert Claessen
fyrir hönd The British North
Western Syndicate Ltd.
gegn
Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Á erfingjaskiftum framförum 13. og 14. ágúst 1904 eftir Benedikt Sveinsson sýslumann, var börnum hans, Kristínu Benediktsdóttur og Einari Benediktssyni fyrverandi sýslumanni, úthlutað í arf, henni meðal annars jörðin Gröf í Mosfellssveit, og honum, meðal annars, »veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu« Með afsalsbréfi dags. 6. marz 1905 seldi Kristín Benediktsdóttir jörðina Gröf stefnda í þessu máli, Birni hreppstjóra Bjarnarsyni, er þar býr nú, og með afsalsbréfi útgefnu í september 1910 seldi Einar Benediktsson fyrnefnd veiðiréttindi áfrýjanda þessa máls félaginu The British North Western Syndicate Ltd. í London. Leit félagið svo á, að það með afsalsbréfi þessu hefði eignast veiðirétt í ánum Hólmsá og Bugðu fyrir Graf-

arlandi, en stefndi hélt því hins vegar fram, að veiðiréttur inn fyrir Grafarlandi hefði fylgt jörðinni, er hún var honum seld með fyrgreindu afsalsbréfi Kristínar Benediktsdóttur. Út af þessum ágreiningi höfðaði áfrýjandi mál gegn stefnda fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var það mál dæmt í merkjadóminum 9. okt. 1915 á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda. Þessi dómur var feldur úr gildi í yfirrétti 14. maí f. á. og málinu vísað frá merkjadómnum. Áfrýjandi yfirréttarmálaflutningsmaður Eggert Claessen höfðaði þá eftir umboði Einars Benediktssonar fyrir hönd The British North Western Syndicate Ltd. nýtt mál fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu til að fá viðurkendan með dómi eignarrétt félagsins að nefndum veiðirétti, og var það mál dæmt í aukaréttinum 6. sept. f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. sept. f. á. og krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að viðurkendur verði með dómi eignarréttur áfrýjanda að öllum veiðirétti í efri hluta Elliðaánna, í svonefndri Bugðu og Hólmsá með Kirkjuhólmsá, og þar með eignarréttur áfrýjanda á öllum veiðirétti í téðum ám fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar, sem nú nefnist Grafarholt í Mosfellssveit. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst hins vegar að aukaréttardómurinn

verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir aukaréttinum mótmælti stefndi því, að félagið The British North Western Syndicate Ltd. sé nú til eða nokkurt lögformlegt félag með því nafni og þar af leiðandi að Einar Benediktsson, sem hefir gefið umboð til að höfða mál þetta, sé framkvæmdarstjóri félagsins eða hafi nokkurn löglegan rétt til að höfða mál þetta eða láta reka það, og þessi mótmæli endurtekur hann hér fyrir réttinum. — Stefndi hefir þó ekki mótmælt því, að félag þetta hafi verið til, og þar sem hann hefir engin rök fært fyrir því, að nefnt félag sé nú hætt að vera til, verða mótmæli hans hér að lútandi ekki tekin til greina, og mótmæli stefnda gegn málshöfðunarheimild Einars Benediktssonar verða heldur eigi tekin til greina, með því að hann hefir eigi fyrir undirrétti nægilega mótmælt þar framlögðu vottorði þriggja manna úr stjórn nefnds félags, um að Einar væri framkvæmdarstjóri félagsins og hefði heimild til að höfða eða láta höfða mál til að halda uppi réttindum þess hér á landi, og mótmæli stefnda hér fyrir réttinum gegn skjali þessu verða að teljast of seint framkomin.

Þá hefir stefndi hér fyrir réttinum talið það gagnstætt lögum, að málaflutningsmaður hafi mætt fyrir hönd áfrýjanda við sáttaumleitun í málinu, en þar sem hér er um útlent félag að ræða, sem á heima í London, og að sögn áfrýjanda, hefir hvergi skrifstofu nema þar, verður málinu ekki af þessari ástæðu vísað frá dómstólunum, enda hefir áfrýjandi enga kröfu gert í þá átt.

Að því aðalefni málsins snertir, velta úrslit þess

á því, hvort veiðiréttur sá, er hér ræðir um, hefir við erfingjaskiftin á dánarbúi Benedikts sýslumanns Sveinssonar verið tekin undan jörðinni Gröf, nú Grafarholti, og þessi veiðiréttur útlagður heimildarmanni áfrýjanda, Einari Benediktssyni.

Í nefndum skiftasamningi er Einari Benediktssyni, svo sem fram hefir verið tekið, meðal annars úthlutað »veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu«. Heldur stefndi því fram, að þessi orð verði ekki skilin svo, að nefndur erfingi hafi þar með eignast veiðiréttinn í Hólmsá og Bugðu, fyrir Grafarholtslandi, því eftir orðanna hljóðan séu honum einungis úthlutuð veiðiréttindi búsins fyrir ofan Elliðaár með — ásamt með — Hólmsá og Bugðu, eða með öðrum orðum veiðiréttindi fyrir ofan Elliðaár og fyrir ofan Hólmsá og Bugðu. Þessi skilningur komi og heim við útleggið til erfingjans Kristínar Benediktsdóttur, því að henni sé útlögð jörðin Gröf og hvergi nefnt í skiftagerningnum að veiðiréttur jarðarinnar í Bugðu sé skilin frá jörðinni; þannig hafi og umboðsmaður Kristínar skilið skiftagerninginn, og hafi því selt sér jörðina án þess að taka undan veiðiréttinn í Bugðu. Þetta styrkist ennfremur við það, að í útleggi til erfingjans Ragnheiðar Benediktsdóttur séu henni útlögð veiðiréttindi í Korpúlfsstaðaá með Hafravatni og í Grafarvogi, og um þessi réttindi sé tekið fram, að þau séu fráskilin jörðum búsins; í útlegginu til Einars Benediktssonar sé þar á móti ekki tekið fram að þau veiðiréttindi, sem þar ræðir um, séu tekin undan jörðum búsins, og verði því að gera ráð fyrir, að þar sé átt við önnur veiðiréttindi en veiði í Bugðu

fyrir Grafarlandi, sem sé veiðiréttindi í ám og vötnum, er falla í Elliðaárnar og þann hluta þeirra, sem nefnist Hólmsá og Bugða, svo sem í Elliðavatni, Vatnsendavatni, Hellisvatni og ánum Kirkjuhólmsá, Suðurá, Álnum, Fossavallaá og Selvatnsós. Veiðirétt í ánni Bugðu fyrir Grafarlandi kveðst stefndi hafa notað óátalið síðan hann keypti fyrnefnda ábýlisjörð sína, og þegar umgetinn skiftagerningur hafi verið þinglesinn, 8 árum síðar en kaupbréf hans, hafi hann á manntalsþinginu til frekari tryggingar hreyft mótmælum gegn ákvæðum hans að því er umstefnd veiðiréttindi snertir, enda hafi hann þá verið orðinn þess vísari að fyrnefndur Einar Benediktsson vildi telja sig hafa rétt til veiði í Elliðaánni Bugðu fyrir Grafarlandi.

Áfrýjandi mótmælir skilningi stefnda á umræddu ákvæði skiftagerningsins. Heldur hann því fram, að skilja beri þetta ákvæði á þá leið, að Einari Benediktssyni hafi verið útlagður veiðiréttur í vötnum og ám fyrir ofan ármót árkvíslanna Dimmu og Bugðu, eða fyrir ofan hinar eiginlegu Elliðaár, eins og þær í daglegu tali eru kallaðar, og þar á meðal í árkvíslinni Bugðu og Hólmsá. Heldur hann því og fram, að Kristínu Benediktsdóttur, sem seldi stefnda jörðina Gröf og Grafarkot, nú Grafarholt, hafi eigi verið úthlutuð nein veiðiréttindi sem fylgjandi jörð þessari, heldur hafi þau tilfallið erfingjunum Ragnheiði og Einari, og þar sem standi í afsalinu til stefnda fyrir jörðinni Gröf, að hún sé seld og afsöluð með öllum réttindum og skyldum eins og seljandi hafi eignast hana, þá hafi það enga þýðingu gagn-

vart stefnda hvort skiftagerningurinn hafi verið þinglesin eða eigi, þá hann keypti jörðina eða hann þá verið þeirrar skoðunar að veiðirétturinn í Hólmsá og Bugðu fylgdi með í kaupunum, þareð erfinginn, Kristín Benediktsdóttir, seljandi jarðarinnar, hafi ekki eignast veiðiréttinn við skiftin, og hún þá enga heimild hafi haft til að selja hann með jörðinni.

Samkvæmt hinum framlagða skiftagerningi er skiftum þannig hagað, að í útleggi I er erfingjanum Kristínu Benediktsdóttur úthlutuð jörðin Gröf, Korpúlfsstaðir m. m., í útleggi III,10 er Ragnheiði Benediktsdóttur úthlutað: »af veiðiréttindum búsins í Korpúlfsstaðaá með Hafravatni og í Grafarvogi, frá skildum jörðum búsins í Mosfellssveit« m. m. og í útleggi IV,2 er Einari Benediktssyni útlögð »veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu« o. s. frv.

Þótt það að vísu sé eigi útilokað að skilja megi orðin »í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu«, eins og stefndi heldur fram, þannig, að orðin þýði »í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár og fyrir ofan Hólmsá og Bugðu«, þá verður þó að álíta að orðin »með Hólmsá og Bugðu« eftir almennri málvenju og staðháttum öllum verði að skiljast svo, að þar með sé meint í ám þessum, en ekki fyrir ofan þær eða meðfram þeim, eins og stefndi hefir og haldið fram. Eftir þessu hefir þá Einari Benediktssyni verið útlögð veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár og í Hólmsá og Bugðu. Þar sem nú ekki er heimild til þess, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, að takmarka

þennan veiðirétt til veiðiréttarins í ánni að sunnanverðu eða fyrir Elliðavatnslandi, sem skýrt er frá í málinu að búið hafi átt og tekinn hafi verið undan þeirri jörð, er hún á sínum tíma var seld af Benedikt Sveinssyni sýslumanni, verður að álíta að veiðirétturinn í Bugðu (og Hólmsá) fyrir Grafarholtslandi hafi einnig verið úthlutaður umræddum erfingja Einari Benedikssyni. — Þessari niðurstöðu getur það eigi raskað þótt veiðiréttindi þessi séu eigi nefnd sérstaklega sem fráskilin jörðinnni Gröf, hvorki í útleggi Kristínar Benediktsdóttur eða í útleggi Einars Benediktssonar, með því að allur skiftagerningurinn verður að skoðast sem ein heild, og verður því útlegg hvers einstaks erfingja að ákveðast með þeim takmörkunum, sem leiða af öðrum ákvæðum skiftagerningsins, þar á meðal ákvæðinu um veiðiréttindi, sem útlögð voru Einari Benediktssyni, og það er heldur eigi þýðingarlaust í máli þessu, að erfingjarnir virðast hafa haft það fyrir fasta reglu að skilja veiðiréttinn frá jörðum búsins í Mosfellssveit.

Þar sem samkvæmt framansögðu ekki verður álitið, að Kristín Benediktsdóttir hafi eignast umræddan veiðirétt með jörðinni, gat hún heldur ekki selt jörðina með þessum rétti, og með því stefndi, eftir því sem á stóð, gat ekki með afsalsbréfi Kristínar öðlast frekari rétt, en hún hafði, ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og dæma áfrýjanda eftir kröfu hans eignarrétt að öllum veiðirétti í ánni Bugðu fyrir Grafar, nú Grafarholts, landi.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjanda þessa máls, félaginu The British North Western Syndicate Ltd. ber allur veiðiréttur í efra hluta Elliðaánna, í svonefndri Bugðu og Hólmsá fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar, nú Grafarholts í Mosfellssveit.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 5. febrúar 1917.

Nr. 62/1916. Margrét Arnason gegn skiftaráðandanum í dánarbúi Ólafs Árnasonar, settum sýslumanni Eiríki Einarssyni, og fjárhaldsmanni og meðráðamanni barna Ólafs Árnasonar, þeim Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni og Jóni Þórarinssyni fræðslumálastjóra, og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, frú Margrét Árnason hér

í bænum hefir skotið til yfirdómsins úrskurði uppkveðnum í skiftarétti Árnessýslu 19. sept. f. á. við skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri, manns áfrýjanda, er hún var skilin við að borði og sæng. Krafðist áfrýjandi fyrir skiftaréttinum, að sér væru greiddar úr dánarbúinu 250 kr. á mánuði til framfærslu 4 börnum þeirra Ólafs Árnasonar, tveimur í ómegð og tveimur uppkomnum, sem öll eru hjá henni. En Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður mótmælti því sem kröfuhafi í búinu fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, að áfrýjanda væri greitt meira úr búinu til framfærslu börnunum en 150 kr. á mánuði, og kvað skiftarétturinn upp fyrgreindan úrskurð um þetta ágreiningsefni á þá leið, að áfrýjanda skyldu greiddar af fé búsins 175 kr. á mánuði til framfærslu og uppeldis börnum hennar og Ólafs Árnasonar frá 1. okt. f. á., þangað til seinni skiftafundur í búinu gerði aðra ráðstöfun.

Fyrir yfirréttinum heldur áfrýjandi fram sömu kröfu og fyrir skiftaréttinum, og krefst ennfremur að mótstöðumenn sínir verði dæmdir til að greiða henni málskostnað eftir mati réttarins. Þá hefir áfrýjandi beint þeim »tilmælum« eða »áskorun« til réttarins, að 2 af yfirréttardómendunum, justitiarius og annar meðdómandi, víki úr dómarasæti í máli þessu, og skal það þegar tekið fram í þessu efni, að hvorugur þessa dómara hefir haft nokkur afskifti af búi Ólafs Árnasonar fyr en nú, er málefni búsins hafa komið undir dóm réttarins, og hvorugur þeirra er að neinu leyti eða hefir nokkru sinni verið viðriðinn málefni

búsins, þau er nú er deilt um, og er því dómendum þessum bæði óheimilt og óskylt, að víkja úr dómarasæti í málinu; verður því áskorun áfrýjanda ekki tekin til greina.

Hinn stefndi Eggert Claessen hefir fyrir hönd áðurnefnds minningarsjóðs krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða sér fyrir hönd minningarsjóðsins hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir einnig stefnt fjárhaldsmanni ófullveðja barna Ólafs Árnasonar, Oddi Gíslasyni og meðráðamanni eldri barna hans, Jóni Þórarinssyni, þó að þeir hafi eigi mótmælt kröfu hennar, en hvorugur þeirra hefir mætt í yfirdóminum eða látið mæta þar, og að því er meðráðamanninn snertir, ber að vísa sökinni frá dómi, með því að börnum Ólafs Árnasonar, er hlut eiga að máli, hefir eigi einnig verið stefnt.

Stefndi Eggert Claessen tekur það fram, að fyrgreindur minningarsjóður eigi kröfu að upphæð 8000 kr. á hendur dánarbúinu, og auk þess hafi verið lýst í búið kröfum, er nemi nokkrum þúsundum króna, en aðaleignir búsins séu, auk 6000 kr. lífsábyrgðarfjár Ólafs Árnasonar, hlutir í tveim hlutafélögum, 22000 kr. í h/f. »Ingólfi« á Stokkseyri og 20000 kr. í h/f. »Þorlákshöfn«, en þessar hlutaeignir séu mjög vafasamar, því að hagur h/f. »Ingólfs« sé að sögn alt annað en blómlegur, og þó að hagur þess væri bærilegur, sé afarerfitt að finna menn, er vilji verja fé sínu til að kaupa hluti í félaginu, og h/f. »Þorlákshöfn« eigi ekkert, nema jörðina Þorlákshöfn, er

sé veðsett fyrir ca. 80000 kr.; séu lítil líkindi til, að meira fáist fyrir hana og nú sé fram komin beiðni veðdeildar um nauðungarsölu á henni. Síðan Ólafur Árnason dó í júní 1915 hafi ekkert verið gert til að fullnægja kröfu minningarsjóðsins, einkum sakir þess, að áfrýjandi hafi gert alt, sem unt hafi verið, til þess að tefja skiftin og hindra það, að eignum búsins yrði komið í peninga. En á sama tíma hafi um 4000 kr. verið greiddar til meðlags með börnum áfrýjanda, og verði framhald á þessu muni allar eigur búsins ganga til þurðar, án þess að skuldheimtumenn fái greiddar skuldir sínar. Sérstaklega hefir stefndi mótmælt því, að eitt af börnum áfrýjanda, Svanlaug, sem hefir tekið stúdentspróf, taki framfærslueyri úr búinu.

Áfrýjandi heldur því fram, að búið sé auðugt, en að öðru leyti hefir hún eigi vefengt skýrslu stefnda um hag búsins, og hún kannast við, að hafa unnið á móti því, að eigur búsins væru seldar.

Af öðrum úrskurðarmálum úr búi þessu, sem skotið hefir verið til yfirdómsins, sést það að erfingjar búsins, fjárhaldsmaður hinna ómyndugu barna og eldri börnin með meðráðamanni, hafa eigi gengið við ábyrgð á skuldum búsins, og fer því um meðferð þess eins og fyrir er mælt í 3. kapitula skiftalaganna 12. apríl 1878, en samkvæmt þeim fyrirmælum sjá 19. gr., ber skiftaráðanda að fara sem mest eftir tillögum skuldheimtumanna um meðferð búsins, þangað til skuldir þeirra hafa verið goldnar eða þeir fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra. Stefndi hefir nú ekki fengið kröfu sína fyrir hönd minningarsjóðs-

ins greidda né trygða, og verður þá eigi séð, að skiftaráðandi eftir þeirri lýsingu á hag búsins, sem að framan greinir og eigi er mótmælt, hafi samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skiftalaganna haft ástæðu eða heimild til að vísa á bug mótmælum stefnda eða fara lengra til móts við kröfu áfrýjanda en hann hefir gert í úrskurði sínum, enda virðist hið úrskurðaða framlag úr búinu eigi verða talið óhæfilega lágt, einkum þegar þess er gætt, að 2 af börnum áfrýjanda eru uppkomin, og að þau geta ekki átt kröfu til þess, að námskostnaður þeirra við æðri skóla eða annar slíkur menningarkostnaður þeirra verði greiddur úr búinu, meðan eigi er fengin full vissa um, að það geti fullnægt kröfum skuldheimtumanna.

Það er eigi eftir þessu heimild til að breyta hinum áfrýjaða úrskurði samkvæmt kröfu áfrýjanda, og ber því að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Áfrýjandi hefir í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdóminum farið ýmsum óviðurkvæmilegum orðum um skiftaráðanda og aðra, sem koma við skifti búsins; telur hún, *að* þeir hafi gert samtök til að ná eignum búsins frá henni og börnunum með undirferli og sérdrægni, *að* útlit sé fyrir, að þetta illræmda félag hafi fyrir löngu verið búið að ákveða, hvað hver skyldi hreppa af hverjum bita búsins, *að* skiftaráðandi vilji tæta eignir búsins til vina og vanda-

manna og hafi sýnt hlutdrægni og eigingirni við meðferð búsins. Ennfremur viðhefir hún um þá, er hún telur andstæðinga sína, þessi ummæli: »Þjófurinn og ræninginn á ekki gripinn, þó hann fari með hann.« »Eg mótmæli þeim níðingshætti að skamta mér skít úr hnefa«, »þó svo allir æðstu djöflar landsins leggi ráð sín saman móti mér.« Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður áfrýjandi að sæta sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði stefnda Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur 25 kr. í málskostnað. Svo greiði áfrýjandi og sekt 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Ídæmd gjöld lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 5. febrúar 1917.

Nr. 51/1916. Sigurður Þórðarson
gegn
Sveini Guðmundssyni.

Dómur:

Með því hinum reglulega dómara, sem fyrst hafði mál þetta til meðferðar og þingaði í því 10. maí og 27. júní f. á., hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun málsins eins og fyrir er mælt í N. L. 1—2—3, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum og kemst áfrýjandi þá eigi hjá að greiða stefnda eftir kröfu hans hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er eftir atvikum ákveðst 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Sigurður Þórðarson greiði stefnda Sveini Guðmundssyni 10 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. febrúar 1917.

Nr. 47/1916: Gunnar Ólafsson f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co.
gegn
Carl Olsen f. h. firmans Nathan & Olsen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað Nathan & Olsen í Reykjavík, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu,

gegn firmanu Gunnar Olafsson & Co. í Vestmannaeyjum, til greiðslu á skaðabótum fyrir rof á samningi um sölu á lýsi, að upphæð 1624 kr. 71 aur. Var mál þetta dæmt í gestaréttinum 19. febr. f. á. á þá leið, að ef Gunnar Ólafsson, meðeigandi í firmanu Gunnar Ólafsson & Co, innan 6 mánaða frá birtingu dómsins, ynni eið að því á varnarþingi sínu, að hann hefði ekki selt Nathan & Olsen 30—40 tunnur af lýsi hinn 27. febr. 1915, á 75 kr. hverja tunnu til afhendingar í næstu ferð gufuskipa Bergenska gufuskipafélagsins þar á eftir, skyldi Gunnar Ólafsson & Co. vera sýknir af kröfum firmans Nathan & Olsen og það þá greiða 40 kr. í málskostnað, en ynni Gunnar Ólafsson ekki eiðinn, skyldi firmað Gunnar Ólafsson & Co. greiða Nathan & Olsen skaðabætur, ákveðnar af tveimur óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þó ekki yfir 1624 kr. 71 e. og málskostnað með 40 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandi, Gunnar Ólafsson f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co., skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 7. ág. f. á. og krafist þess, að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda firmans Nathan & Olsen, en til vara að skaðabæturnar verði ekki ákveðnar hærri en 33 kr. 75 a. og til þrautavara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Loks krefst hann málskosnaðar fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Carl Olsen, hefir fyrir hönd firmans Nathan & Olsen, gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 27. sept. f. á. og krafist þess að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 1624 kr. 71 e. í skaða-

bætur, með 5% ársvöxtum frá 23. júní 1915 til borgunardags, en til vara að firmanu yrði dæmd nefnd upphæð, ynni hann, Olsen, eið að skýrslu sinni í málinu, en til þrautavara krefst áfrýjandi þess að málið verði látið koma undir eiði áfrýjanda, en skaðabótaupphæðin ákveðin eins og stefndi hefir reiknað hana, og loks krefst hann, ef engar af þessum kröfum verði teknar til greina, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og firmanu dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti, eftir mati yfirdómsins.

Með símskeyti 26. febr. 1915 bauð áfrýjandi Gunnar Ólafsson hinum stefndu 30—40 tunnur af lýsi á 75 kr. tunnuna, og krafðist símsvars daginn eftir.

Það er nú viðurkent, að skriflegt svar við símskeyti þessu hefir ekki verið gefið á þeim tíma, sem tiltekinn var í skeytinu, en stefndu skýra þetta þannig, að út af nefndu skeyti hafi annar meðeigandi firmans Nathan & Olsen, Fr. Nathan átt símtal við áfrýjanda, og tjáð honum að von væri þá á verzlunarfélaga sínum, Carl Olsen, til eyjanna á hverri stundu með gufuskipinu »Flóra«, og hafi það þá orðið að samkomulagi að bíða með að fullgera kaupin, þar til Olsen kæmi til eyjanna. — Nefndur kaupmaður Carl Olsen kom til Eyjanna 27. eða 28. febr., og átti þá tal við eigendur firmans Gunnar Ólafsson & Co. um lýsiskaupin; halda stefndu því fram, að þeir Ólsen hafi orðið ásáttir um kaupin, og hafi svo verið um talað að lýsið skyldi sendast með næstu ferð Björgvinjarfélagsins. Næsta áætlunarferð gufuskipafélags

þessa fórst fyrir, en áður en næsta skip félagsins þar næst á eftir átti að koma til Vestmannaeyja sendu stefndu Gunnari Ólafssyni símskeyti 12. apríl 1915 um að senda hinar umsömdu 40 tunnur af lýsi til nafngreinds manns í Noregi. Upp á þetta skeyti fengu stefndu ekkert svar, og ekki sendi áfrýjandi lýsið.

Hinn 2. maí símuðu stefndu til áfrýjanda á ný og kröfðust þess að hann sendi umræddar 40 tunnur af lýsi með þeirri ferð, en því símskeyti svaraði áfrýjandi á þessa leið: »Þér eigið ekkert lýsi hjá okkur, höfum aldrei selt yður lýsi til útskipunar í apríl eða maí«.

Áfrýjandi kannast við, að Olsen hafi átt tal við sig, er hann kom til Vestmannaeyja í lok febrúar 1915, en hann neitar því eindregið að hann hafi samþykt tilboð sitt frá 26. febr. Skýrir hann svo frá, að Olsen hafi sem minst viljað um lýsiskaup tala, sagt að lýsi væri að falla í verði og ekkert viljað afráða. Hafi því ekkert orðið úr samningum milli þeirra; hafi áfrýjandi að lokum sagt, að hann vildi ekki eiga lýsið lengur en vikutíma, og með það hafi þeir svo skilið. Svo hafi þessi vikutími liðið, að ekkert hafi frekara heyrst frá stefndu. — Hinn 9. eða 10. marz kveðst áfrýjandi hafa átt símtal við stefndu um borgun fyrir lýsi, er hann áður hafi selt þeim, en engin lýsiskaup hafi þá komið til tals og ekki heldur tilboðið frá 26. febr. Litlu síðar hafi hann fengið bréf, dags. 11. marz, frá stefndu, og ekki hafi þeir þá minst á lýsiskaupin með einu orði, en loks 12. apríl hafi þeir beðið áfrýjanda að

senda 40 tunnur af lýsi til Bergen, en þar sem áfrýjandi hafi skoðað þetta sem fjarstæðu, hafi hann ekki ansað þessu. Svo hafi enn liðið langur tími þar til 2. maí; þá hafi hann fengið símskeyti frá stefndu, þar sem þeir kröfðust þess á ný að hann (áfrýjandi) sendi nú tafarlaust 30—40 tunnur til Bergen af lýsi því, er þeir hefðu keypt af honum, en því skeyti svaraði áfrýjandi daginn eftir, 3. maí, á þann hátt, er að framan er sagt.

Eitt vitni hefir borið það fyrir rétti og unnið eið að því, að Olsen úr firmainu Nathan & Olsen, hafi sagt því á umræddri ferð í Vestmannaeyjum í lok febrúar 1915, að hann, Olsen hefði þann dag keypt lýsi af Gunnari Ólafssyni, en þessi vitnisburður er ekki sönnun þess, að komist hafi á samningur milli málsaðila um kaup á umræddum lýsistunnum, og það verður heldur eigi álitið, að með vitnisburði þessum út af fyrir sig eða í sambandi við önnur gögn, er stefndu hafa lagt fram í málinu, séu fengnar svo miklar líkur fyrir staðhæfingum stefndu, að heimild sé til að láta úrslit málsins vera komin undir eiði áfrýjanda, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í máli þessu.

Eftir atvikum á málskostnaður fyrir undirrétti að falla niður, en málskostnað fyrir yfirdómi verða stefndu að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandi, Gunnar Ólafsson, fyrir hönd firm-

ans Gunnar Ólafsson & Co. á að vera sýkn af kröfum stefndu, firmans Nathan & Olsen í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu áfrýjanda með 50 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 4/1917: Réttvísin
gegn
Kjartani Sveinssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að fengnar verði ítarlegri skýrslur um ýms atriði þess.

I. Það verður að fá ítarlega skýrslu Magnúsar Jóhannssonar fyrir rétti um öll atriði kæru hans, dags. 11. nóv. 1914, er gaf tilefni til sakamálsins, þar á meðal nákvæma umsögn hans um það, hvort koffortið, sem peningunum var stolið úr, var læst, og hvernig læsingin var, góð eða léleg. Verður að láta Magnús staðfesta skýrslu sína með eiði.

II. Það verður að fá ítarlega skýrslu ákærða sjálfs um æfiferil hans frá upphafi, hvar hann hafi alist upp, hvaða uppfræðslu hann hafi öðlast, hvar hann hafi dvalið, hvort hann nokkru sinni áður hafi verið sakaður um lögbrot og sérhvað annað, er þýðingu hefir í þessu efni.

III. Það verður að fá skýrslu fyrir rétti um það, hvort ákærði hafi verið drykkfeldur og hver áhrif vín þá hafi haft á hann, og sérstaklega verður að fá ítarlegar skýrslur allra þeirra, er um það geta borið, um það, hversu drukkinn ákærði var, er hann framdi glæpinn, eða um það leyti, hvað hann hafi drukkið og hvað mikið, og verður einnig enn að prófa ákærða sjálfan ítarlega um þetta, svo að hægt verði að dæma um hvaða áhrif drykkjuskapur ákærða hafi haft á sakhæfi hans.

IV. Þá verður að fá enn ítarlegri framburð ákærða fyrir rétti um það, hvernig hann hafi farið í koffortið, hvort það hafi verið læst eða ólæst, hvernig læsingin hafi verið, hvaða lykil hann hafi brúkað, hafi það verið læst, og hvort hann þá hafi skilið við koffortið læst eða ólæst.

V. Þá verður að taka fyrir rétti skýrslu Axels Helgasonar, er fann hina stolnu peningabuddu og nokkuð af hinum stolnu peningum, þar sem ákærði hafði fólgið þýfið, svo og skýrslu Hafsteins Sigurðssonar, er var með Axel, þá er þeir hirtu budduna og peningana, um þetta atriði og annað það, er þeir kunna að geta borið málinu til skýringar.

VI. Þá verður og að útvega þær aðrar skýrslur, sem prófin um ofangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega framanefndar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 5/1917. Réttvísin
gegn
Páli Benediktssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að fengnar verði ítarlegri skýrslur fyrir rétti um ýms atriði þess. Það verður að útvega:

I. Skýrslu kærandans Jóhanns Jósefssonar um öll aðalatriði kæru hans, þar á meðal um kind þá, er hann tapaði frá Sviðningi og ekki hefir komið fram, svo og aðrar skýrslur er fáanlegar kunna að vera, um hvarf kindar þessarar og hvort ákærði sé við það riðinn.

II. Ítarlega skýrslu ákærða um það, hvort hann hafi tekið kind Jóhanns Jósefssonar, þá er hann kastaði eign sinni á, úr fjárrekstrinum,

er hann kom að Nýjabæ og hleypt henni saman við fé sitt, eða mist hana úr fjárrekstrinum á leiðinni að Sviðningi, eða hvort kindin hafi enn verið í rekstrinum, þegar þangað kom og verið skilað þar, svo og skýrslu annara heimilismanna á Nýjabæ, er um þetta kunna að vita.

III. Skýrslu Eiríks Eiríkssonar á Sviðningi um það hvort kind þessi hafi verið í rekstrinum, þegar ákærði kom með hann þangað.

IV. Nánari skýrslu ákærða og heimilisfólks hans um töku hans á lambi Carls Berndsens.

V. Skýrslu Berndsens hér að lútandi og annara, er um það geta borið, sérstaklega Björns hreppsnefndaroddvita Árnasonar, sbr. vottorð hans, dags. 14. jan. 1916.

VI. Skýrslu ákærða um æfiferil hans, uppeldi, uppfræðslu og dvalarstaði og um það hvort hann hafi áður sætt ákæru eða hegningu.

VII. Svo ber og að útvega aðrar þær skýrslur, er prófin um framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 6/1917. Réttvísin
gegn
Magnúsi Steingrímssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

I. Fá nánari skýrslu ákærða um það, hvar og með hverjum hætti kindur þær, er hann slátraði á Hólanesi 23. sept. 1914, hafi komið saman við fé hans, hvenær hann hafi fyrst orðið þeirra var, hvar hann hafi tekið þær úr fé sínu til slátrunar.

II. Fá nánari skýrslu ákærða um það, með hverjum hætti lömb þau tvö, er hann markaði undir sitt mark í fyrri Tungurétt, hafi komið saman við fé hans, hvar og hvenær hann hafi fyrst orðið lambanna var í fé sínu, hvenær hann hafi afráðið að slá eign sinni á þau, hvar hann markaði þau undir mark sitt og hvort nokkur hafi hjálpað honum við það verk.

III. Fá nánari skýrslu ákærða um lömb þau, er hann kveðst hafa keypt af Jóni Gíslasyni frá Löngumýri haustið 1911, hvar og hvenær hann hafi keypt þau, hvar tekið á móti þeim, hvort hann þá þegar hafi markað þau undir sitt mark, hvenær hann hafi rekið þau heim til sín, hvernig á því hafi staðið að annað lamb-

ið, grá lambgimbur, hafi komið úr bæjarrekstri síðar um haustið.

IV. Yfirheyra nefndan Jón Gíslason um framannefnd atriði, svo og, ef tök er á, þann eða þá, sem fóru með fjárreksturinn, er hin gráa gimbur var tekin úr á Njálsstöðum, um það hvort lamb þetta hafi verið blóðmarkað, er þeir fóru með reksturinn.

V. Yfirheyra ákærða nákvæmar í tilefni af framburðum Stefáns Stefánssonar í Hafstaðakoti, Valdemars Stefánssonar á Efri-Mýrum og Jóns þess Jónssonar, er ræðir um í réttarhaldi 17. nóv. 1915.

VI. Með því að vikið er að því á nokkrum stöðum í prófunum, að ákærði sé ekki með fullri skynsemi eða veill á geði, ber að rannsaka hvort þetta er á rökum bygt, og í því tilliti fá skýrslur um það hvort ákærði sjálfur hefir getað stjórnað búi sínu eða gegnt störfum sínum að öðru leyti; ef ástæða þykir til ber að útvega læknisvottorð um sálarástand ákærða.

VII. Fá skýrslu ákærða um æfiferil hans, uppeldi, uppfræðslu og dvalarstaði og um það, hvort hann hafi áður sætt ákæru eða refsingu.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 63/1916. J. V. Havsteen
gegn
H. Söbstad.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, etatsráð J. V. Havsteen á Oddeyri, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar gegn stefnda H. Söbstad útgerðarmanni á Siglufirði, til greiðslu á verzlunarviðskiftaskuld að upphæð kr. 601.43, en stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur J. V. Havsteen til greiðslu á kr. 1415.08, er hann taldi til skuldar hjá honum. Var dómur kveðinn upp í málum þessum 20. júní f. á. á þá leið, að af aðalkröfunni skyldi takast til greina kr. 475.01, en af gagnkröfunni kr. 623.28, og var áfrýjandi þannig dæmdur til að greiða stefnda mismuninn kr. 148.27 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1914 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. okt. f. á. og krafist þess, að kröfur hans fyrir undirrétti bæði í aðalsök og gagnsök verði teknar til greina, en þær voru í aðalsökinni að stefndi yrði dæmdur til að greiða 601 kr. 43 a. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og í gagnsökinni að verða algerlega sýknaður. Svo krefst hann málskostnaðar í báðum málunum fyrir undirrétti og í þessu máli fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta fyrir

yfirdóminum, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og verður málið því dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Skuld sú, er áfrýjandi krefst dóms fyrir, er samkvæmt framlögðum viðskiftareikningi talin kr. 601.43. Af þessari upphæð hefir stefndi fyrir undirrétti sérstaklega mótmælt kr. 18.20 til brytans á e/s »Argus« og 1 kr. til Sekse, er hann telur sér óviðkomandi. Ennfremur mótmælti hann kr. 18.46 fyrir ölflöskukassa, flöskur og umbúðir, er hann segist aldrei hafa fengið, og loks mótmælti hann vöxtum þeim, sem áfrýjandi hafði reiknað sér og voru innifaldar í dómkröfu hans, með því hann (stefndi) hefði aldrei skuldað áfrýjanda og auk þess hefði verið svo umsamið, að hvorugur skyldi reikna öðrum vexti meðan viðskiftin héldust.

Áfrýjandi heldur því nú fram, að umgetnar upphæðir kr. 18.20 til brytans og 1 kr. til Sekse hafi verið greiddar eftir beiðni stefnda, en með því áfrýjandi hefir eigi fært sannanir fyrir þessari staðhæfingu, verður krafa hans að þessu leyti eigi tekin til greina. — Áfrýjandi hefir heldur eigi sannað, að stefndi hafi fengið umræddan ölflöskukassa, flöskur og umbúðir, og ber því einnig að draga þá upphæð kr. 18.46 frá aðalkröfunni.

Af gagnkröfu stefnda fyrir undirrétti, sem var alls kr. 1415 08 var tekið til greina í hinum áfrýjaða dómi kr. 623.28, og eftir því sem málið liggur fyrir kemur ekki annað af gagnkröfunni til álita hér fyrir réttinum. Þessi upphæð sundurliðast þannig:

1. of lágt reiknað verð á 87 tunnum af salti . . . . . kr. 21.75
2. of lágt reiknuð leiga fyrir hús, bryggju-afnot og söltunarpláss . . . . . — 91.00
3. of lágt reiknað verð á 80 síldar-tunnum . . . . . — 40.00
4. endurgreitt útflutningsgjald af síld . — 470.53

Samtals kr. 623.28

Ad. 1. Í apríl 1911 keypti áfrýjandi 87 tunnur af salti af stefnda, og hefir hann fært honum salt þetta til tekna með kr. 282.75, og svarar það til kr. 3.25 fyrir hverja salttunnu. Heldur áfrýjandi því fram að samkomulag hafi verið um verð það, er hann hefir tilfært. Þessu hefir stefndi neitað; krefst hann 25 aur. meira fyrir hverja salttunnu eða alls 21 kr. 75 a. Með því að áfrýjandi hefir eigi sannað umrædda samninga og þar sem hann hefir eigi fært rök fyrir því, að kr. 3.50 sé ósanngjarnt verð fyrir salttunnu, ber að taka þennan lið gagnkröfunnar til greina.

Ad. 2. Fyrir húsaleigu, bryggjulán og söltunarpláss í 34 daga hefir áfrýjandi fært stefnda til tekna 34 kr. Stefndi krefst hinsvegar 125 kr. borgunar fyrir þetta. Þar sem ekki hefir verið samið fyrirfram um borgun fyrir þessi hús-afnot og áfrýjandi hefir ekki fært rök fyrir því, að hin heimtaða leiga sé hærri en venja er til á Siglufirði, verður ekki komist hjá að taka þennan kröfulið til greina.

Ad. 3. Í júlí 1911 hefir áfrýjandi fært stefnda til tekna 280 kr. fyrir 80 tómar síldartunnur á kr. 3.50 hverja. Fyrir undirrétti krafðist stefndi aftur

á móti borgunar fyrir 100 tunnur tómar, er áfrýjandi hafði fengið, 4 kr. fyrir hverja tunnu, alls 400 kr., og auk þess 480 kr. fyrir 60 tunnur með salti. Í hinum áfrýjaða dómi var ekki talið sannað að til áfrýjanda hefði runnið meira af tunnum og salti en þær 80 tómar tunnar, er hann kannaðist við, en aftur á móti var tekið til greina verð það, sem stefndi krafðist fyrir þessar 80 tunnur, sem var 50 aurum hærra fyrir hverja tunnu, en áfrýjandi hafði fært stefnda til tekna, og var þannig af þessum lið gagnkröfunnar teknar til greina 40 kr.

Með því áfrýjandi hefir ekki sannað að samið hafi verið um kr. 3 50 fyrir tunnu, og ekki heldur fært rök fyrir því að verð það, er stefndi hefir krafist, sé ósanngjarnlega hátt, ber að fallast á niðurstöðu undirréttarins að því er þennan lið snertir.

Ad. 4. Í málinu liggur fyrir vottorð bæjarfógetans á Akureyri um það, að stjórnarráðið hafi með bréfi dags. 23. febr. 1910 falið bæjarfógetanum að greiða J. V. Havsteen sem síldarveiðastyrk úr Fiskiveiðasjóði Íslands kr. 506.72, og að það hafi með bréfi dags. 16. júní 1911 falið honum að greiða H. Söbstad og J. V. Havsteen pr. Erlings Rederi kr. 434.35 sem síldveiðastyrk úr Fiskiveiðasjóði Íslands. Þessum upphæðum hefir áfrýjandi veitt móttöku, en stefndi heldur því fram, að síld sú, er útflutt hafi verið og styrkurinn miðaður við, hafi verið hans eign, þótt áfrýjandi hafi flutt hana út undir sínu nafni og þessvegna hafi honum verið greiddar upphæðirnar, en þær séu í raun og veru endurgreiðsla á greiddu útflutningsgjaldi fyrir síld árin 1909 og

1910. Beri því áfrýjanda að standa sér skil á upphæðum þessum, en til samkomulags hafi hann ekki farið fram á endurgreiðslu nema á helmingnum af hvorri upphæðinni fyrir sig. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi verið eigandi skips þess, er síldin veiddist á, útskipandi síldarinnar og seljandi. Auk þess hafi stefndi árin 1909 og 1910 ekki verið orðinn íslenzkur borgari í þeim skilningi, sem útheimtist til að fá endurgreiðslu á síldartolli, samkvæmt lögum nr. 11, 31. júlí 1907. Hins vegar hefir hann eigi neitað því fyrir undirrétti, að stefndi hafi umræddd ár gert út skip það, er síldin veiddist á.

Eftir umgetnu vottorði bæjarfógetans á Akureyri hefir áfrýjanda einum verið veittur síldveiðastyrkurinn fyrir árið 1909, og þar sem ekkert er upplýst um það í málinu, eftir hvaða reglum stjórnarráðið veitir styrk þennan, verður, eftir því sem fyrir liggur, ekki álitið að stefndi eigi rétt til þess að fá þennan styrk sér greiddan eða nokkurn hluta hans. Hvað hinn síðari styrk snertir sést það hins vegar af vottorði bæjarfógetans, að sá styrkur er veittur H. Söbstad og J. V. Havsteen pr. Erlings Rederi. Þessi styrkur er því veittur bæði stefnda og áfrýjanda, og þar sem engin greinargerð fyrir liggur frá áfrýjanda hálfu í málinu, eftir hvaða hlutfalli styrkur þessi eigi að skiftast, og áfrýjandi heldur eigi fært sönnur á, að það hafi orðið að samkomulagi milli málsaðila að hann (áfrýjandi) einn ætti að njóta styrksins, virðist eiga að taka til greina kröfu stefnda um, að honum beri helmingur af þeim styrk eða kr. 217.17.

Samkvæmt framansögðu ber að draga kr. 37.66 frá aðalkröfu áfrýjanda, og af gagnkröfum stefnda ber að taka til greina kr. 21.75+91.00+40.00+217.17 = kr. 369.92, og með tilliti til þess að þessar gagnkröfur stafa frá viðskiftum málsaðila árið 1911, má fallast á það, að undirdómarinn hefir dregið vexti, kr. 88.76, frá dómkröfu áfrýjanda.

Aðalkrafa áfrýjanda tekst þannig til greina með kr. 475.01 og gagnkrafa stefnda með kr. 369.92. Mismuninn, kr. 105.09 ber stefnda að greiða áfrýjanda með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 25. sept. 1914 til borgunardags.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Við frágang undirdómarans á gestaréttargerðunum athugast það, að ýms skjöl, sem fram voru lögð í gestaréttinum og eru réttarins eign, hafa verið látin fylgja dómsgjörðunum, en eigi verið tekin upp í þær, eins og vera bar samkvæmt N. L. 1—5—13. Þetta hefir þó eigi þótt næg ástæða til að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi H. Söbstad greiði áfrýjanda J. V. Havsteen kr. 105.09 með 6% ársvöxtum frá 25. sept. 1914 til borgunardags. — Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. marz 1917.

Nr. 50/1916: Tómas Jónsson
gegn
Ólafi Briem f. h. Landsbankans eða gegn honum persónulega.

Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að áfrýjandi, Tómas Jónsson á Hamri í Ripurhreppi, telur stefnda, Ólaf alþingismann Briem á Álfgeirsvöllum, hafa brigðað við sig kauprétti, eða að minsta kosti forkaupsrétti að eignarjörð Landsbankans, Syðri-Hofdölum í Viðvíkurhreppi innan Skagafjarðarsýslu, sem áfrýjandi sat sem leiguliði til fardaga vorið 1914, en stefndi hafði umsjá með fyrir hönd jarðareiganda. Málinu var ráðið til lykta í gestaréttí Skagafjarðarsýslu 29. júní 1915 á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður, en málskostnaður var látinn falla niður.

Gestaréttardómi þessum skaut áfrýjandi til yfirdóms með stefnu 31. des. 1915, en málinu var frávísað þaðan 19. júní 1916, með því að réttum málsaðila Landsbankanum, sem eigi hafði falið stefnda að taka við málinu fyrir sig, hafði eigi verið stefnt til yfirdómsins, og var 25 kr. málskostnaður jafnframt lagður á áfrýjanda til stefnda.

Nú hefir áfrýjandi enn skotið gestaréttardómnum til landsyfirdómsins með stefnu dags. 24. ágúst 1916, og stefnir enn Ólafi Briem einum »fyrir hönd

Landsbanka Íslands eða til vara sjálfum persónulega«, eins og segir í stefnunni.

Áfrýjandi beinir málinu þannig aðallega gegn Landsbankanum, en þar sem bankanum eigi hefir verið stefnt og þess sést enginn vottur í málinu að bankinn hafi nú, fremur en áður, falið stefnda að taka við sökinni fyrir sína hönd, þá verður ex officio að frávísa málinu, að því er aðalkröfu áfrýjanda snertir. Þykir jafnframt rétt að dæma áfrýjanda, samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819, í 25 kr. sekt til landssjóðs fyrir óþarfa málsýfingu að því leyti.

Og víkur þá máli að varakröfu áfrýjanda, kröfu hans á hendur stefnda sjálfum. Áfrýjandi krefst þess, *að* stefndi verði dæmdur til þess, að viðlögðum dagsektum, að selja og afsala sér nefnda jörð, Syðri-Hofdali, fyrir 5500 kr. eða til vara fyrir 6000 kr. og að minsta kosti fyrir 6500 kr., *að* allir samningar, er gerðir kynnu að hafa verið um jörðina við aðra, verði ónýttir, og að stefndi verði ennfremur dæmdur til að greiða sér alt að 10000 kr. skaðabætur, og málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Kaupréttarkröfu sína gagnvart stefnda rökstyður áfrýjandi með því að hann, sem var ábúandi Syðri-Hofdala til fardaga 1914, hafi samkvæmt lögum nr. 30, frá 20 okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl. átt forkaupsrétt að jörðinni, enda hafi stefndi gert sér kost á henni fyrir 5500 kr. með bréfi dags. 1. nóv. 1913, og verði jafnvel að skilja það bréf sem sjálfstætt, skilyrðislaust loforð um að sleppa jörðinni við sig fyrir nefnt verð, enda hafi áfrýjandi þá þegar tekið boðinu. En þessum kaup- eða forkaupsrétti

sínum telur áfrýjandi að stefndi hafi spilt með því að fá hreppsnefndinni í Viðvíkurhreppi byggingarráð og jafnvel eignarráð yfir jörðinni. Skaðabótakröfu sína hefir áfrýjandi ekki rökstutt sérstaklega.

Nefnt bréf, sem áfrýjandi byggir kauprétt sinn aðallega á og hann meðtók dagsetningardag þess, er á þessa leið:

»Álfgeirsvöllum, 1. nóv. 1913.

Með því að jörðin Syðri-Hofdalir í Viðvíkurhreppi, eign Landsbankans, hefir verið föluð til kaups fyrir 5500 kr., leyfi eg mér fyrir hönd Landsbankastjórnarinnar að æskja skriflegrar og vottfastrar yfirlýsingar yðar um, hvort þér sem leiguliði afsalið yður forkaupsrétti jarðarinnar samkvæmt lögum.

Virðingarfylst

Ólafur Briem«.

Það er ljóst, að í bréfi þessu felst ekki sjálfstætt, skilyrðislaust loforð af hendi stefnda um að láta áfrýjanda jörðina fala, og er því ekki um brigð á fortakslausum kauprétti áfrýjanda til jarðarinnar að ræða.

Og þar sem enginn sannanavottur hefir komið fram fyrir því, að stefndi hafi selt hreppsnefndinni í Viðvíkurhreppi margnefnda fyrverandi ábýlisjörð áfrýjanda, heldur þvert á móti borið af vitnum áfrýjanda að stefndi hafi ekki selt hreppsnefndinni jörðina — og um sölu til annara er ekki að ræða — þá getur, þegar af þeirri ástæðu, ekki komið til mála að stefndi hafi brotið fyrnefnd lög um forkaupsrétt leiguliða á áfrýjanda, enda er það að engu leyti

sannað, gegn neitun stefnda, að áfrýjandi hafi haldið forkaupsrétti sínum fram innan lögmæts tíma.

Ekki verður heldur álitið, að stefndi hafi beitt áfrýjanda lögleysu með því að fá hreppsnefndinni í Viðvíkurhreppi, með bréfi dags. 20. jan. 1914, byggingarráð yfir jörðinni frá fardögum það ár, með því að stefndi hafði löglega bygt áfrýjanda út fyrir jól 1913 og áfrýjandi veik af jörðinni í næstu fardögum á eftir, án þess að til útburðar kæmi.

Stefndi hefir þannig hvorki brotið fyrnefnd lög um forkaupsrétt leiguliða né önnur lög á áfrýjanda, enda virðist stefndi hafa komið fram sem venjulegur umboðsmaður jarðareiganda gagnvart áfrýjanda, þó að því atriði hafi ekki verið hreyft sem sýknunarástæðu af hans hendi. Verður því að sýkna stefnda að öllu leyti af kærum og kröfum áfrýjanda enda greiði áfrýjanda stefnda 40 kr. málskostnað fyrir yfirdómi.

Yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson hefir í frumsóknarskjalinu farið aðfinningarorðum um fyrnefndan frávísunardóm yfirdómsins. Þykir ástæða til vera að víta það, þótt eigi sé hann látinn sæta sekt fyrir.

Því dæmist rétt vera:

Aðalkröfu áfrýjanda, Tómasar Jónssonar, á hendur stefnda Ólafi Briem f. h. Landsbankans vísast frá dómi. Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði 25 kr. sekt í landssjóð og stefnda 40 kr. í málskostnað.

Sekt og málskostnað ber að inna af hendi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. marz 1917.

Nr. 72/1916. Carl Sæmundsen & Co.
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur
fyrir hönd bæjarsjóðs.

Dómur:

Árið 1915 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur aukaútsvar til bæjarsjóðs á áfrýjanda Carl Sæmundsen & Co. að upphæð 250 kr., og aftur árið 1916 lagði nefndin aukaútsvar á áfrýjanda að upphæð 400 kr., og féll helmingur þess í gjalddaga 1. apríl nefnt ár, en hinn helmingurinn 1 október. Með því að áfrýjandi ekki greiddi útsvarið fyrir 1915 né heldur fyrri helming útsvarsins 1916, þegar gjöld þessi voru komin í gjalddaga, var þess í tæka tíð krafist fyrir hönd bæjarsjóðsins, að gjöld þessi væru tekin lögtaki hjá áfrýjanda. Eftir að málsaðilar höfðu skriflega borið fram sóknar- og varnarástæður sínar í málinu fyrir fógetarétti Reykjavíkur, úrskurðaði rétturinn 28. ágúst f. á., að hið umbeðna lögtak skyldi fram fara,

og hinn 31. s. m. framkvæmdi rétturinn síðan lögtakið hjá áfrýjanda fyrir gjöldunum 450 kr., og kostnaði við lögtakið 4 kr. — Lögtaksgerð þessari og undanfarandi úrskurði frá 28. ágúst f. á. hefir Carl Sæmundsen & Co. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. desbr. f. á., og hefir áfrýjandi fengið uppreistarleyfi til málskotsins, dags. 22. janúar þ. á. Eru það kröfur áfrýjanda hér fyrir réttinum, að lögtaksgjörðin verði ónýtt og lögtaksúrskurðurinn úr gildi feldur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Hins vegar hefir hinn stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðsins krafist þess að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtakið verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Áfrýjandi telur sér óskilt að greiða aukaútsvar í Reykjavík og færir til þær ástæður að firmað Carl Sæmundsen & Co. eigi ekki lögheimili í Reykjavík, og reki þar enga atvinnu; lögheimili þess sé á Blönduósi og í Kaupmannahöfn; firmað hafi að eins umboðsmann (agent, Pladsagent) í Reykjavík, sem selji vörur fyrir firmað á sama hátt og aðrir umboðsmenn selja hér vörur fyrir firmu, erlend og innlend, og taki á móti vörupöntunum fyrir þess hönd; umboðsmaður þess fái fyrir starfa sinn sumpart mánaðarlaun, sumpart söluþóknun (Provision); þessi umboðsmaður reki atvinnuna, en ekki firmað sjálft; það reki enga atvinnu hér, enda sé það ekki skráð á firmaskrá. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að áfrýjandi sé hér útsvarsskyldur, með því

að firmað hafi hér umboðsmann, er reki verzlunarviðskifti hér í bænum á þann hátt, að hann leigir skrifstofu og »lager«-herbergi, og hefir þar sýnishornabirgðir, og selur eftir þeim ýmsan varning; ennfremur kaupi hann íslenzkar afurðir, og hafi þessi viðskifti verið rekin í talsverðum mæli nokkur undanfarin ár í nafni og fyrir reikning firmans; sé það þannig vafalaust að firmað reki hér arðsama atvinnu.

Þar sem nú áfrýjandi kannast við það að hann hafi í Reykjavík launaðan umboðsmann, er selji vörur fyrir firmað og taki á móti vörupöntunum, og hefir eigi mótmælt því að umboðsmaðurinn kaupi fyrir firmað íslenzkar afurðir og að þessi viðskifti hafi verið rekin nokkur undanfarin ár í nafni firmans, verður að telja það fullsannað, að áfrýjandi hafi í Reykjavík rekið eða látið reka fyrir sinn reikning arðsama verzlunaratvinnu, er sé aukaútsvarsskyld til bæjarsjóðs samkvæmt lögum nr. 18, 19. okt. 1877, 3. gr., og er það í þessu efni þýðingarlaust hvar heimilisfang firmans er talið vera. Samkvæmt þessu voru útsvör þau, sem um er deilt, lögð á áfrýjanda með fullri lagaheimild, og verður fyrir því að staðfesta fógetaréttarúrskurðinn og lögtaksgjörðina eftir kröfu stefnda. — Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lögtaksgerð staðfestist. Áfrýjandi, Carl Sæmundsen & Co.,

greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, 50 kr. í málskostnað, og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 69/1916: Guðmundur Jónasson
gegn
Vigfúsi Jónssyni.

Dómur:

Með skjali dags. 15. sept. 1915 fól Sveinn prestur Guðmundsson í Efri-Múla í Dalasýslu Guðmundi presti Einarssyni í Ólafsvík fullkomið umboð til að selja eign hans, húsið Gimil í Ólafsvíkurverzlunarstað, ásamt hlöðu, fjósi, lóð og túnbletti, er húsinu fylgdi, og ennfremur tún, er síra Sveinn átti í svo kölluðum Mjóadal í Ólafsvíkurlandi. Samkvæmt þessu umboði seldi síra Guðmundur með afsalsbréfi dags. 28. s. m. Vigfúsi Jónssyni snikkara í Keflavík í Neshreppi utan Ennis nefnda húseign með því er henni fylgdi, fyrir 1000 kr., en túnið í Mjóadal seldi hann öðrum manni fyrir 500 kr. Afsalsbréfið fyrir húsinu var fyrirfram innritað til þinglesturs í afsals- og veðmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. nóv. s. á. og síðan þinglesið á manntalsþingi 6. júní 1916. Húsið Gimil reif kaupandinn, Vigfús Jónsson,

niður, flutti burtu viðina og notaði á öðrum stað. Um sama leyti eða daginn eftir að afsal þetta fór fram, þ. e. 29. sept. 1915, gerði síra Sveinn Guðmundsson sjálfur kaupsamning um hinar sömu eignir við mág sinn Guðmund Jónasson bónda í Frakkanesi. Þennan kaupsamning lét Guðmundur 11. okt. s. á. innfæra fyrirfram til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Guðmundur Jónasson lítur svo á, að kaupsamningur hans fyrir nefndum eignum sé rétthærri en afsalsbréf Vigfúsar Jónssonar og hann sé því löglegur eigandi þeirra. Fyrir því höfðaði hann þetta mál fyrir gestaréttí Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á hendur nefndum Vigfúsi Jónssyni til að fá hann dæmdan til að skila sér hinum seldu eignum eða greiða sér andvirði þeirra, sem hann taldi vera 4101 kr. 9 a. með 6 % vöxtum. En með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 31. júlí t. á., urðu þau úrslit málsins, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Guðmundur Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. nóvbr. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að kröfur hans fyrir gestaréttinum verði teknar til greina, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi Vigfús Jónsson krefst þess af annari hálfu, að dómurinn verði staðfestur, en til vara að kröfur þær aðrar, er hann hefir gert fyrir gestaréttinum verði teknar til greina og ennfremur, að á-

frýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Til stuðnings málstað sínum hefir áfrýjandi fært það til, að síra Guðmundur Einarsson hafi verið búinn að selja eignirnar eða semja um sölu á þeim og fullgera kaupin áður en hann fekk til þess umboð síra Sveins; hafi hann því selt umboðslaust, og sé salan því ógild. Þá hefir áfrýjandi tekið það fram, að hann hafi 25. sept. 1915 sent síra Guðmundi og hann meðtekið sama dag svolátandi símskeyti frá sér: »Seljið ekki hús né lóð síra Sveins Guðmundssonar (í skeytinu: Guðlaugssonar, sem mun vera ritvilla) í Ólafsvík. Eg kaupi líklega.« Telur áfrýjandi þetta hafi verið tilboð í eignirnar, og að síra Guðmundi hafi ekki verið heimilt að selja eignirnar án þess að gefa því neinn gaum. Og loks byggir áfrýjandi aðallega kröfur sínar á því, að réttur sinn samkvæmt kaupsamningnum við síra Svein eigi samkvæmt löggjöfinni um þinglestur og innfærslu eignarskjala að ganga fyrir rétti stefnda eftir afsalsbréfi síra Guðmundar, með því samningurinn hafi verið innfærður til þinglesturs á undan afsalsbréfinu.

Staðhæfing áfrýjanda um, að síra Guðmund hafi brostið umboð til að semja við stefnda og selja honum eignirnar, á við ekkert að styðjast. Fyrgreint umboðsskjal dags. 15. sept. hafði síra Guðmundur fengið í hendur 26. s. m. eða 2 dögum áður en hann gaf út afsalsbréfið til stefnda, og það skiftir engu, þó að síra Guðmundur hafi, áður en hann meðtók umboðsskjalið, verið búinn að koma sér saman við stefnda um kaupin, enda hafði heimild til að leita

fyrir sér um kaupanda eftir umtali við síra Svein. — Jafn óábyggileg er sú staðhæfing áfrýjanda, að síra Guðmundi hafi verið óheimilt að ganga fram hjá tilboði áfrýjanda í símskeytinu 25. sept. Síra Guðmundi bar engin skylda við áfrýjanda til að sinna þessu skeyti, sem eigi hafði inni að halda neitt ákveðið eða áreiðanlegt tilboð, og þar sem síra Sveinn hafði lagt ríkt á um það, að sölunni yrði flýtt sem mest og tiltekið lágmark kaupverðsins, en síra Guðmundur seldi eignina 200 kr. hærra, þá verður eigi fundið neitt að umboðsrekstri hans. En þótt svo hefði verið, þá var það sök milli hans og síra Sveins, sem eigi bar undir áfrýjanda að átelja.

Það er upplýst í málinu og viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi vitað um umboð síra Guðmundar og að það var eigi afturkallað, þegar hann gjörði kaupsamninginn við síra Svein. Hann hlaut þá og að vita, að síra Svein brast heimild til að gjöra sjálfur fullnaðarsamning um kaup á eignunum öðruvísi en með fyrirvara um, að umboðsmaður hefði eigi selt áður en síra Sveinn náði að afturkalla umboðið eða gjöra honum viðvart um kaupsamninginn við áfrýjanda. Síra Sveinn hefir nú og í bréfi til síra Guðmundar dags. 10. nóv. 1915 tekið það skýrt fram, að hann hafi gjört kaupin við áfrýjanda með þessum fyrirvara, og að úr því að sala var farin fram, hafi eigi verið um nein kaup við áfrýjanda að tala. En að svo vöxnu máli var réttur áfrýjanda eigi annar en sá, að ná kaupum á eignunum, ef umboðsmaðurinn væri eigi búinn að selja þær, og þegar

þetta skilyrði fyrir gildi kaupsamningsins brast, féll téður réttur áfrýjanda niður.

Í því efni getur það engri breytingu valdið, þó að áfrýjandi hafi látið innfæra kaupsamninginn fyrirfram til þinglesturs á undan afsalsbréfi stefnda, með því að hann, samkvæmt því sem þegar er sagt, gat ekki verið góðtrúa um gildi samningsins, en mátti telja það jafnlíklegt, að hann væri ógildur fyrir sölu síra Guðmundar á eignunum. Það verður þannig eigi álitið að áfrýjandi hafi með kaupsamningnum 29. sept. 1915 öðlast neinn rétt yfir hinum umþrættu eignum, og ber því eftir kröfu stefnda að sýkna hann í máli þessu af kröfum áfrýjanda.

Yfirdómarinn fellst einnig á ákvæði gestaréttardómsins um málskostnað og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi Guðmundur Jónasson greiði stefnda Vigfúsi Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr. er lúkist áður en liðnar eru 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 60/1916. Þorvaldur Jónsson, Ólafur Davíðsson, Finnur Thordarson og Guðmundur Jónsson
gegn
bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar.

Dómur:

Áfrýjendurnir, Þorvaldur Jónsson præp. hon., Ólafur Davíðsson verzlunarstjóri, Finnur Thordarson konsúll og Guðmundur Jónsson bankagjaldkeri höfðuðu mál þetta fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn bæjarstjórn og skólanefnd kaupstaðarins, til þess að fá með dómi viðurkendan rétt þeirra til að sitja og starfa í skólanefnd Ísafjarðar, uns liðin væru 3 ár frá 31. jan. 1915, er þeir voru kosnir í nefndina og hina starfandi skólanefndarmenn, að undanteknum Helga Sveinssyni, skyldaða til að víkja úr skólanefndinni. Var málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 30. sept. f. á., á þá leið að því var vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. okt. f. á., og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi og málinu vísað heim til nýrrar dómsálagningar um efni þess,

og hinir stefndu dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar hafa hinsvegar gagnáfrýjað málinu og krafist þess, að málskostnaðarákvæði dómsins verði breytt þannig, að málskostnaðarkrafa þeirra fyrir undirrétti verði tekin til greina, en dómurinn verði að öðru leyti staðfestur. Svo krefjast stefndu og hæfilegs málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Með lögum nr. 50, 3. nóv. 1915 um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, er svo ákveðið í 1. gr., að hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, og í 3. gr. að bæjarfulltrúarnir skuli kosnir fullri tölu árið 1916. Samkvæmt þessu voru allir bæjarfulltrúar kaupstaðarins kosnir í janúarmánuði 1916, og voru á fyrsta fundi hinnar nýju bæjarstjórnar kosnar fastar nefndir í bæjarstjórninni, en ágreiningur varð um það, hvort einnig bæri að kjósa nýja skólanefnd. Var þeim ágreiningi skotið til stjórnarráðsins, og varð úrskurður þess í símskeyti til bæjarfógetans á Ísafirði á þessa leið: »Stjórnarráðið telur eftir atvikum réttast að ný skólanefnd verði nú kosin á Ísafirði; kemst þar með regla á kosningu skólanefndar samtímis bæjarstjórnarkosningunni þriðja hvert ár«. Samkvæmt þessu kaus svo bæjarstjórnin nýja skólanefnd fyrir kaupstaðinn 21. jan. og var einn af hinum fyrri nefndarmönnum, Helgi Sveinsson, endurkosinn, en hinir fjórir nefndarmennirnir, áfrýjendur þessa máls, ekki. Þeir hafa nú ekki viljað una úrskurði stjórnarráðsins, en telja með honum rétt sinn fyrir

borð borinn, þar sem kjörtími þeirra, er byrjaði 31. jan. 1915, sé samkvæmt 27. gr. laga nr. 59, 22. nóv. 1907 um fræðslu barna eigi á enda fyr en að jafnlengd 1918.

Hinir stefndu halda því fram, að mál þetta eigi ekki að sæta úrlausn dómstólanna, en beri undir stjórnarvöldin og sé óskorað innan valdsviðs þeirra. Taka þeir fram, að sveitar- og bæjarstjórnarlöggjöfin feli stjórnarvöldunum fullnaðarúrskurð á öllum ágreiningsmálum um kosningar til sveitar- og bæjarstjórna, þar á meðal um rétt og skyldu til að sitja í eða víkja úr hreppsnefnd og bæjarstjórn, og sama sé og um það, hvenær kjörtíma sveitarstjórnarvalda eigi að teljast lokið, og nýjar kosningar fram fara. Um skólanefndina verði sama að gilda, enda sé hún ein af föstum nefndum bæjarstjórnarinnar.

Það verður nú í öllu verulegu að fallast á það, sem hinir stefndu hafa tekið fram. Þó að skólanefnd sé sjálfstæð nefnd, óháð bæjarstjórn að öðru en því, er til fjárveitingar kemur, og verður því eigi lögð að jöfnu við fastar nefndir í bæjarstjórninni, þá verður eigi talin heimild til að hafa aðra meðferð eða fylgja annari reglu um hana í því efni, sem hér er um að ræða, heldur en um önnur sveitarstjórnarvöld, enda er eigi í fræðslulögunum 22. nóv. 1907 neitt ákvæði í gagnstæða átt, að því er til fræðslunefnda og skólanefnda kemur, og um þrætuefnið í þessu máli má sérstaklega taka það fram, að eftir eðli málsins virðist það bera undir stjórnarvöldin að meta hvort hagkvæmt hafi verið eða nauðsynlegt að kjósa nýja skólanefnd á Ísafirði 1916 til þess, eins

og segir í úrskurði stjórnarráðsins, að koma reglu á kosningu skólanefndar samtímis bæjarstjórnarkosningunni.

Samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, ber að taka kröfu hinna stefndu til greina og vísa máli þessu frá dómi, og með því að eigi þykir næg ástæða til að breyta málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins ber þannig að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykja áfrýjendur eiga að greiða hinum stefndu, einn fyrir alla og allir fyrir einn, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Þorvaldur Jónsson, Ólafur Davíðsson, Finnur Thordarson og Guðmundur Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 20/1917. Valdsstjórnin
gegn
Halldóri Stefánssyni.

Dómur:

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðum 15. nóv. f. á., var kærði Halldór Stefánsson héraðslæknir í Flateyrarhéraði dæmdur fyrir brot á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 samkvæmt 7. og 17. gr. sömu laga til að greiða 200 kr. sekt í landssjóð, svo og allan málskostnað. Svo var og áfengi það með íláti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., dæmt eign landssjóðs. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdsstjórnarinnar, og sjálfur hefir kærði óskað þess, að málinu yrði áfrýjað.

Hinn 4. ágúst f. á. kom kærði til Ísafjarðar og dvaldist þar til 7. s. m. Daginn 4. ágúst milli kl. 4 og 6 fékk kærði 5 flöskur af sherry í lyfjabúðinni og sótti hann þær sjálfur. Eftir klukkan 8 að kvöldi sama dags fékk kærði enn 8 flöskur af sherry, og sótti þá annar maður vínið fyrir hann. Næsta dag, 5. ágúst, fékk kærði 7 flöskur af konjakki í lyfjabúðinni, og sótti hann fyrst tvær þeirra sjálfur, en hinar 5, 2 fyrst og síðan 3 flöskur, virðist hann hafa látið sækja fyrir sig. Loks fékk kærði 6. ágúst 10 flöskur af konjakki úr lyfjabúðinni, 5 fyrst og síðan aðrar 5, og virðist hann og hafa látið sækja þessar 10 flöskur fyrir sig. Sumt af þessu áfengi var látið út eftir lyfseðli frá kærða og sumt eftir boðsendingu frá honum eða munnlegri beiðni hans. Samkvæmt þessu hefir kærði fengið dagana 4.—6. ágúst f. á. úr lyfjabúðinni á Ísafirði 13 flöskur af sherry með $^3/_4$ litra hverja og 17 literflöskur af konjakki, eða alls 30 flöskur með $26^3/_4$ litra samtals.

Þá daga, sem kærði dvaldist á Ísafirði í þessari

ferð sinni, lét hann ennfremur af hendi lyfseðla um áfengi til 6 manna og alls 8 flöskur, alt konjakk að undantekinni 1 sherry flösku. Kveðst kærði hafa látið þessa seðla af hendi í því skyni að áfengið yrði notað sem læknislyf. Með því að þetta getur verið rétt og eigi er framkomið það í málinu er nægilega hnekki því, enda þetta atriði eigi gjörr rannsakað, þá verður kærði eigi látinn sæta ábyrgð fyrir það.

Hinn 5. ágúst f. á. hitti lögregluþjónn kærða á götu á Ísafirði og var kærði þá mjög drukkinn. Sá þá lögregluþjónninn flösku upp úr vasa kærða og tók flöskuna. Var konjakk í flöskunni, og hafði kærði drukkið nokkuð úr henni. Var þetta ein af þeim flöskum, sem áður getur. Lögregluþjónninn ætlaði að fá kærða flöskuna aftur, en þá féll hún úr höndum kærða niður á götuna og fór þá eitthvað niður af því, sem á henni var. Tók lögregluþjónninn þá flöskuna og afhenti lögreglustjóra hana. Auk þess sem nú var sagt, er það sannað í málinu, að kærði hefir verið mjög ölvaður þá daga, sem hann dvaldist á Ísafirði, enda vakað sumar næturnar eða mikinn hluta þeirra við drykkju, asamt einum manni, er þar var þá staddur, og að nokkru leyti öðrum.

Kærði kveðst hafa tekið allar hinar áðurnefndu 30 vínflöskur handa sjálfum sér. Segist hann hafa drukkið þær sjálfur allar, eða því sem næst, sem »lyf« dagana, sem hann var á Ísafirði, frá 4.—7. ágúst, því að hann hafi verið hálf lasinn, nema konjakksflösku þá, sem af honum var tekin 5. ágúst, og það sem hann fór með heim til sín til Flateyrar, er hann fór af Ísafirði 7. ágúst. Ekki hefir fengist full-

greinileg skýrsla um það, hversu mikið þetta síðasttalda áfengi hafi verið. Kærði hélt því í fyrstu fram við rannsókn málsins, að mest af víni því, sem hann fékk dagana 4—6. ágúst, hafi hann flutt með sér heim til sín þann 7. ágúst. En það er hins vegar framkomið í málinu, að áfengi það, er hann gat hafa haft með sér þá, getur ekki hafa verið nema lítill hluti, af öllu því áfengi, sem hann hafði fengið á Ísafirði. Þegar kærði fór frá Ísafirði hafði hann hnakktösku og pappakassa meðferðis. Reiddi hann töskuna fyrir aftan sig, en annar maður, sem fylgdi honum, pappakassann, og var í ílátum þessum auk áfengisins, nokkuð af meðölum, sem kærði hafði einnig fengið í lyfjabúðinni á Ísafirði. Hefir og fylgdarmaður kærða borið og eiðfest fyrir dómi, að í hnakktöskunni hafi verið 3—4 flöskur og í pappakassanum 2 flöskur. Og hefir kærði ekki véfengt þessa skýrslu. Má því gera ráð fyrir því, að kærði hafi ekki haft með sér nema 5—6 flöskur af Ísafirði 7. ágúst, og ætti hann þá að hafa eytt 23—24 flöskum af konjakki og sherry nefnda 3 daga, sem hann dvaldist á Ísafirði. Það er eigi sérstaklega rannsakað, að hve miklu leyti kærði hefir veitt öðrum þessi vínföng, enda virðist það litlu máli skifta, þar sem áfengið tvímælalaust hefir verið notað öðruvísi en sem læknislyf.

Samkvæmt framansögðu verður að telja það fullsannað, að kærði hafi tekið áfengi það, er hann fékk í lyfjabúðinni á Ísafirði dagana 4.—6. ágúst f. á., að miklu leyti sér eða öðrum til nautnar, en eigi í því skyni að nota það sem læknislyf, nema þá ef til vill

að litlu leyti, *að* hann hafi sumpart einn og sumpart með öðrum neytt þess sem nautnarmeðals, og *að* hann hafi flutt það sjálfur og látið aðra flytja það til þess að það yrði notað á nefndan hátt.

Þar sem nú kærði hefir tekið út og látið taka út áfengi í lyfjabúð til þess að nota það í öðru skyni en sem læknislyf, getur hann eigi komist hjá því að sæta ábyrgð eftir 17. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909. Og þar sem kærði hefir ennfremur flutt og látið flytja áfengi um Ísafjarðarkaupstað án þess tilætlunin væri að nota það sem læknislyf og án þess flutningurinn væri löghéimill af öðrum ástæðum, þá hefir hann einnig gerst sekur við ákvæði 7. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909. Kærði á því að sæta refsingu fyrir brot á 7. og 17. gr. nefndra laga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í landssjóð, eins og ákveðið er í lögregluréttardóminum. Ákvæði dóms þessa um að áfengi það með íláti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., verði eign landsjóðs verður og að staðfesta, samkvæmt 16. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða allan málskostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi 15 krónur til hvors þeirra.

Það athugast um meðferð málsins í héraði, að dómarinn hefir ekki látið í dóminn vottorð um lögmæti málsmeðferðarinnar samkv. tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. og að aðfararfrestur er settur í niðurlagi hins áfrýjaða dóms 14 dagar, en sá frestur er eigi lögum

samkvæmur. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið vítalaus og fyrir yfirdómi hefir málsfærslan verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Halldór héraðslæknir Stefánsson greiði 200 króna sekt til landssjóðs. Áfengi það með íláti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., skal verða eign landssjóðs.

Kærði greiði allan kostnað af málinu bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför, og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

1/1917. Guðmundur Sigurðsson
gegn
E. Morthens, Þórarni Egilson o. fl.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Guðmundur Sigurðsson skipstjóri í Hafnarfirði fyrir sjórétti Hafnarfjarðarkaupstaðar gegn E. Morthens útgerðarmanni sama staðar til greiðslu á ógoldnu kaupi sínu sem skipstjóra á mótorskipinu »Reaper«, er gekk til síldveiða frá júlí til septemberloka 1914, kr. 147.72, svo og gegn eigendum skipsins þeim Þórarni Egilson útgerðarmanni, Ólafi V. Davíðssyni forstjóra og D. H. Bookless útgerðarmanni, öllum til heimilis í Hafnarfirði, til þess að fá viðurkendan með dómi veðrétt í skipinu fyrir kaupkröfu sinni samkvæmt 236. gr. 2. tölulið siglingalaganna 30. nóv. 1814.

Málið var dæmt í nefndum rétti 28. des. f. á. á þá leið, að E. Morthens skyldi greiða Guðmundi Sigurðssyni 131 kr. 42 au. með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1916 til greiðsludags; meðstefndir Þórarinn Egilson, Ólafur V. Davíðsson og D. H. Bookless voru þar á móti sýknaðir af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir nefndur skipstjóri skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á., og krafist þess, að honum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi E. Morthens hefir eigi mætt í réttinum og enginn af hans hendi, en fyrir hönd meðstefndra eigenda skipsins »Reaper« hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er kemur til sýknuuar þeirra af kröfum áfrýjanda, og

að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með samningi dags. 21. júlí 1914 við stefnda E. Morthens réði áfrýjandi, Guðmundur Sigurðsson, sig skipstjóra á nefnt skip »Reaper«, er stefndi gerði út það sumar, til síldveiða fyrir Norðurlandi, meðan skipið stundaði veiðar þar, og skyldi áfrýjandi hafa í kaup 75 kr. fyrir hvern mánuð í peningum og ennfremur 15 aura í premíu á hvert síldarmál af síld, sem söltuð yrði og 35% af verði þeirrar síldar, sem seld yrði til bræðslu, og skyldi kaup og hlutdeild í afla falla í gjalddaga jafnóðum og aflinn yrði lagður á land. — Ennfremur var ákveðið í samningnum að skipstjórinn skyldi hafa óskertan rétt (dispositionsrétt) yfir þeim hluta af afla skipsins, er honum bæri eftir samningnum, svo og þeim hluta aflans, er hásetarnir íslenzku ættu að hafa af honum samkvæmt lögskráningunni, og skyldi E. Morthens engan rétt hafa til þess, að ráðstafa, selja, veðsetja eða láta af hendi þennan hluta aflans fyr en hann væri greiddur hlutaðeigendum, nfl. skipstjóra og hinum íslenzku hásetum; svo var og skipstjóra heimilað að kvitta fyrir hönd allra fyrgreindra háseta skipsins.

Dómkrafa áfrýjanda var í undirrétti færð niður um kr. 12.50, með því rétturinn taldi eigi sannað, að honum bæri kaup fyrir dagana 10.—15. júlí 1914, og um kr. 3.80, með því að hann hefði eigi sannað, gegn neitun stefnda, að veidd hefði verið til söltunar fleiri síldarmál en $514^2/_3$. Með því yfirdómurinn felst á þessa niðurstöðu sjódómsins verður kaupkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina með hærri upphæð en í hinum áfrýjaða dómi, kr. 131.42, en þessa upp-

hæð ber stefnda að greiða áfrýjanda með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Meðstefndir eigendur skipsins »Reaper« mótmæla kröfu áfrýjanda um að viðurkendur verði með dómi réttur hans til að gera fjárnám í skipinu »Reaper« og láta selja það við opinbert uppboð fyrir kröfu áfrýjanda á hendur E. Morthens. Halda þeir því fram, að áfrýjandi hafi ekki eignast neinn sjóveðrétt í »Reaper«, með því að áfrýjandi hafi verið hluthafi í útgerð skipsins, og kröfur hans á hendur E. Morthens séu því ekki um kaup eða þóknun fyrir vinnu heldur um ógreiddan arð af fyrirtækinu. Þessa staðhæfingu sína rökstyðja þeir við það, að áfrýjandi hafi átt samkvæmt áðurnefndum samningi að fá 35% af verði þeirrar síldar, er seld yrði til bræðslu og 15 aura af síldarmáli, er selt yrði til söltunar, og sérstaklega við ákvæði samningsins um, að áfrýjandi skyldi hafa óskertan »dispositionsrétt« yfir sínum hluta aflans og meira að segja yfir þeim hluta aflans, er skipshöfnin átti að fá. — Á þetta verður þó eigi fallist, því að skipstjórinn verður eigi talinn útgerðarmaður skips, þótt laun hans að nokkru leyti séu miðuð við hundraðsgjald af andvirði aflans eða við síldarmál, er á skipið veiðist, svo sem gert hefir verið í nefndum samningi milli áfrýjanda og E. Morthens, og ekki heldur verður þetta bygt á umráðarétti þeim yfir nokkrum hluta aflans, er áfrýjanda var áskilinn í samningnum, með því ekkert bendir til þess, að þetta ákvæði hafi verið sett í samninginn í öðru skyni en því, að tryggja skipstjóra og skipshöfn að þeir fengju kaup sitt skilvíslega greitt.

Þá halda stefndu því fram, að þótt svo yrði álitið að krafa áfrýjanda gegn E. Morthens væri kaupkrafa, þá eigi áfrýjandi engan sjóveðrétt fyrir henni, með því að sjóveðréttur sé að eins heimilaður fyrir kröfum, sem ekki eru trygðar á annan hátt, en með því að áfrýjanda hafi verið áskilinn ráðstöfunarréttur yfir aflanum hafi krafa áfrýjanda verið eins vel trygð og frekast var ákosið, og það hafi því verið trassaskap áfrýjanda einum um að kenna, að hann fekk eigi kaup sitt greitt skilvíslega, þar sem hann í stað þess að gæta réttar síns, hafi látið Morthens ráðstafa öllum aflanum, og vilji nú kasta ábyrgðinni af hirðuleysi sínu yfir á stefndu. Þessi sýknuástæða getur heldur eigi komið til greina, með því að það er hvergi ákveðið í siglingalögunum, að krafa, sem sjóveðsréttur fylgir, tapi þessum rétti, ef hún er trygð á annan hátt, og með því ekkert bendir til þess, að umrætt ákvæði um ráðstöfunarrétt skipstjórans hafi verið sett í samninginn vegna eigenda skipsins »Reaper«, eða til að tryggja þá gegn kröfum skipshafnar samkvæmt 236. gr. 2. málsgrein siglingalaganna verður eigi séð, að þeir eigi neina sök á hendur áfrýjanda, þótt hann hafi eigi notað þennan ráðstöfunarrétt til að tryggja sér greiðslu á kaupi sínu.

Þá halda stefndu því fram, að þótt áfrýjandi kynni að hafa haft sjóveð í »Reaper«, þá væri sá réttur nú fyrndur samkvæmt 252. gr. siglingalaganna, með því að þetta mál sé höfðað meira en ári eftir að starfstíma áfrýjanda lauk á »Reaper«.

Gagnvart þessu hefir áfrýjandi skýrt frá því, að

starfstíma áfrýjanda hafi að vísu verið lokið í september 1914, en með stefnu dags. 5. júní 1915 hafi mál verið höfðað útaf kröfum skipshafnarinnar á »Reaper« gegn E. Morthens og þáverandi eigendum skipsins og það mál dæmt sjódómi Reykjavíkur 27. des. 1915. Þeim dómi var áfrýjað til yfirdóms, en en þar var málinu með dómi réttarins, uppkveðnum 10. apríl 1916, vísað frá sjódóminum sökum ólöglegrar málasamsteypu.

Þar sem hið fyrra mál var höfðað í tæka tíð, og þar sem mál það, er hér ræðir um, hefir verið höfðað innan 6 mánaða frá því nefndur landsyfirréttardómur var kveðinn upp, verður eigi fallist á, að sjóveðrétturinn fyrir kröfu áfrýjanda sé fyrndur, sbr. lög nr. 14, 20. okt. 1905, 11. gr., og hefir það eigi nein áhrif í þessu efni, að eigendaskifti hafa orðið að veðinu eftir að hið fyrra mál var höfðað.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda rétt til að undangengnu fjárnámi að láta selja nefnt skip »Reaper«, eign hinna stefndu, til greiðslu á framannefndri kröfu hans á hendur E. Morthens með kostnaði við aðför og uppboð.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinir stefndu eigendur skipsins »Reaper« áfrýjanda, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi E. Morthens greiði áfrýjanda, Guðmundi Sigurðssyni, 131 kr. 42 a. með 6% árs-

vöxtum frá 1. júlí 1916 til greiðsludags. Til greiðslu hins ídæmda með kostnaði við aðför og uppboð er áfrýjanda rétt, að undangengnu fjárnámi, að láta selja nefnt skip »Reaper«, eign stefnda Þórarins Egilson, Ólafs V. Davíðssonar og D. H. Bookless.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinir stefndu Þórarinn Egilson, Ólafur V. Davíðsson og D. H. Bookless áfrýjanda in solidum með 40 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 3/1917. Siggeir Torfason
gegn
Sigurði Ingimundarsyni.

Dómur:

Áfrýjandi, Siggeir Torfason kaupmaður í Vestmannaeyjum höfðaði mál þetta fyrir gestaréttí þar gegn stefnda, Sigurði Ingimundarsyni útgjörðarmanni sama staðar til greiðslu á verzlunarskuld að upphæð kr. 448.75, en með dómi gestaréttarins uppkveðnum 19. ágúst f. á., voru aðeins 125 kr. 85 a. af þessari kröfu með vöxtum frá 23. febr. 1912 teknar til

greina, en stefndi sýknaður að öðru leyti og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir skotið dómi þessum til yfirdómsins með stefnu útgefinni 22. jan. þ. á. og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 23. febr. 1912 til greiðsludags, en vaxtakröfunni hefir hann síðar breytt þannig, að vextir teljist frá 1. jan. 1913, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. En til vara krefst hann staðfestingar á gestaréttardómnum og málskostnaðar eins og sagt var.

Stefndi hefir eigi mætt í yfirdóminum og enginn af hans hendi, og hefir honum þó verið löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. dæmt eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram.

Hin umstefnda skuld stafar frá verzlunarviðskiftum, og hefir stefndi í bréfi dags. 5. apríl 1914 til málafærslumanns áfrýjanda kannast við að skulda áfrýjanda 125 kr. 85 a. af upphæðinni, og heldur því ekki fram að hann síðar hafi greitt þá upphæð. En mismuninn 322 kr. 90 a. hefir stefndi mótmælt að greiða. Er sú upphæð andvirði fyrir vörur, er áfrýjandi sendi stefnda eftir beiðni hans 23. janúar 1912, en stefndi meðtók eigi, með því að gufuskipið »Hólar«, sem vörurnar voru sendar með, náði eigi að skila þeim af sér í Vestmannaeyjum, þó að skipið kæmi þar við í þeirri ferð, og hefir þessi vörusending eigi síðar komið fram. Stefndi telur sér nú óskilt að greiða andvirði hennar, og færir til þær

ástæður, að vörurnar hafi verið sendar með öðru skipi en hann áskildi, að áfrýjandi hafi eigi vátrygt vörurnar eins og venja sé að gjöra og verði því sjálfur að bera tjón það, sem vanræksla hans í þessu efni hafi valdið og loks að krafan sé fyrnd samkvæmt lögum nr. 14, 20. okt. 1905 um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, 3. gr. tölulið 1, þar sem hér hafi eigi verið um að tefla föst eða óslitin viðskifti.

Áfrýjandi mótmælir öllum þessum varnarástæðum stefnda, bæði því, að stefndi hafi tilnefnt neitt skip, er vörurnar skyldu sendar með, en þær hafi verið sendar, með fyrstu skipsferð, og því að það sé venja að vátryggja vörur hafna á milli innanlands, og hann heldur því fram, að stefndi hafi átt við sig föst viðskifti.

Í bréfi dags. 13. jan. 1912, er stefndi ritaði áfrýjanda til að biðja hann að senda sér vörurnar, er eigi minst á það, með hverju skipi vörurnar skuli sendar, og að öðru leyti hefir stefndi eigi sannað, að hann hafi áskilið neitt um þetta. Eigi hefir stefndi heldur sannað, að það sé venja vörusendenda að vátryggja vörur milli hérlendra hafna, sízt þegar um smáar sendingar sé að ræða, nema þess sé beiðst af viðtakanda, en í fyrnefndu bréfi stefnda til áfrýjanda eru engin tilmæli um það, enda virðist það hér engu skifta, hvort vörurnar voru vátrygðar eða eigi, þar sem ætla verður að þær hafi misfarist vegna vanskila, en eigi fyrir sjóskemdir eða sjótjón. Stefndi heldur því fram, að viðskiftum þeirra áfrýjanda hafi verið þannig háttað, að greiðsla (»uppgjör«) hafi átt

að fara fram við móttöku vörusendingarinnar á afhendingarstað, og verði því að telja gjalddaga greiðslunnar fyrir áminsta vörusendingu 23. jan. 1912, þegar hún, að sögn áfrýjanda, hafi verið afgreidd af honum. Af skjölum málsins verður þetta þó eigi ráðið, en þau virðast fremur benda til hins gagnstæða, bæði fyrnefnt bréf stefnda til áfrýjanda, sem sýnir, að stefndi var þá í skuld við áfrýjanda, út af fyrri viðskiftum þeirra, svo og það, að stefndi fékk áfrýjanda í tryggingarskyni 5000 kr. lífsábyrgðarskírteini, er ætla verður að hafi átt að vera til tryggingar viðskiftunum, sem því virðast hafa verið bygð á lánstrausti og gjört ráð fyrir að yrðu framhaldandi. Stefndi hefir þannig eigi sannað, gegn mótmælum áfrýjanda, að viðskiftum þeirra hafi verið þannig háttað, sem hann heldur fram, og með því að hér er um verzlunarskuld að ræða og eindagi hennar að því er til fyrningar kemur, ber samkvæmt 5. gr. 1. málsgreinar fyrnefndra fyrningarlaga að telja 31. des. það ár, sem hún var stofnuð, nema öðruvísi sé umsamið, sem hér er ósannað, þá verður eigi litið svo á, að skuldin hafi verið fyrnd þegar mál þetta var höfðað 19. júní 1916. Þar sem nú enginn vafi getur verið á því, að vörurnar, sem stefndi pantaði fyrirvaralaust, hafi verið sendar á hans ábyrgð, verða mótmæli hans gegn kröfunni eigi talin á rökum bygð. Það ber því að taka til greina fulla upphæð kröfu áfrýjanda og dæma stefnda til að greiða honum 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1913 til borgunardags.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, og ákveðst hann 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Ingimundarson, greiði áfrýjanda, Siggeiri Torfasyni, 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til greiðsludags, og í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 60 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 22/1917. Réttvísin
gegn
Guðmundi Kristjánssyni.

Úrskurður:

Með því að rannsóknardómarinn hefir ekki yfirheyrt fyrir rétti neinn þeirra manna, er upplýsingar gætu gefið í máli þessu, aðra en ákærða sjálfan, son hans og konu, er nauðsynlegt áður en dómur verður lagður á málið, að fengnar verði með ítarlegri réttarprófum skýrslur, sem hér segir:

1. Skýrsla Guðmundar Ögmundssonar á Hofi og Hinriks tengdaföður hans um viðtal þeirra við Kristján Guðmundsson, þegar hann kom að Hofi 31. okt. 1914, til að sækja svörtu gimbrina, og ber að samprófa þá við Kristján, ef framburður þeirra gefur tilefni til þess.
2. Skýrsla feðganna, Klemens Ólafssonar og Konráðs Klemenssonar á Kurfi um kindur þær, er ákærði hefir markað undir þeirra mark, hvort þeir hafi leyft honum það, svo og um kindur þær, er ákærði tjáist hafa látið að Kurfi.
3. Skýrsla Eiriks Eiríkssonar og Guðrúnar Magnúsdóttur á Sviðningi um kindur þær með marki þeirra, er voru saman við fé ákærða við rannsóknina 31. okt. 1914.
4. Skýrsla Björns Guðmundssonar á Örlygsstöðum um hvítu ána með marki hans, er við rannsóknina var í fé ákærða.
5. Skýrsla Sigurðar Gíslasonar á Hróarsstöðum um móbotnóttu ána, er Kristján Guðmundsson tjáist hafa fengið hjá honum.
6. Skýrsla kunnugra manna um fjáreign Jens Stiesens, og um það, hvort þeir viti til, að hann hafi gefið börnum ákærða kindur eða heyrt hann hafa orð á því.
7. Skýrsla Edvalds Hemmerts um lambið, er ákærði tók frá honum, og um viðskifti þeirra.
8. Skýrsla Ásgeirs á Höfðahólum um kindarreifið, er ákærði tjáist hafa tekið af á, er Ásgeir átti.
9. Skýrsla Árna Árnasonar frá Höfðahólum og umboðsmanns hans um hvíta lambhrútinn, er

ákærði á að hafa fengið hjá Árna og umboðsmaðurinn markað honum.

10. Verður að samprófa framangreind vitni, þau er eiga heima í sama hreppi og ákærði, við hann og Kristján son hans, eftir því sem framburður þeirra gefur tilefni til.
11. Verður að samprófa ákærða og Kristján son hans, þar sem framburður þeirra er ósamhljóða, sérstaklega um hvítkollóttu ána, sem Kristján, að sögn ákærða, á að hafa keypt af Jens Stiesen, en Kristján aðeins segir að komið hafi til orða að hann fengi hjá Stiesen.
12. Skýrsla ákærða um lífsferil hans, og ef til kemur útvega hegningarvottorð fyrir hann úr öðrum lögsagnarumdæmum. Loks verður að útvega
13. skýrslu skiftaréttarins eða erfingja Jens Stiesens um það, hvort þeir viðurkenni kindargjafir þær, til barna ákærða, er þeir ákærði og Kristján sonur hans segja, að hann hafi gefið þeim.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og aðrar þær upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt, sem verða má.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 21/1917. Réttvísin
gegn
Jóni Magnússyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Strandasýslu, uppkveðnum 30. nóv. 1915, var ákærði Jón Magnússon bóndi í Litlu-Ávík í Árneshreppi í Strandasýslu dæmdur til að sæta 2 ára betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 171. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869. Svo var ákærði og dæmdur til að greiða allan sakarkostnað og til að greiða Árneshreppi meðlag og útfararkostnað barnsins Guðmundar, að upphæð 246 kr. Dómi þessum hefir samkvæmt kröfu ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Við rannsókn málsins hefir ákærði kannast við það, að hann eitt sinn vorið 1907 hafi haft holdlegt samræði við fábjána þar á heimilinu, að nafni Guðrúnu Björnsdóttur. Hefir ákærði skýrt svo frá, að nefnt vor, í 10. eða 11. viku sumars, hafi hann rifið baðstofuna í Litlu-Ávík, og fólkið þá flutt sig út á dyraloft. Hafi hann þá einu sinni, er kona hans var í eldhúsi og annað fólk, að því er hann minnir, við ávinslu eða heyskap úti á túni, skroppið upp á dyraloftið, þar sem Guðrún var ein; hafi hann þá gengið að henni og sagst vilja hafa afskifti af henni og ýtt við henni um leið, hafi hún þá brosað og fleygt sér aftur á bak; hafi hann því næst haft samræði við hana. Ákærði hefir haldið því fast fram í öllum

prófunum, að hann hafi ekki nema í þetta eina skifti haft holdlegt samræði við nefndan fábjána.

Guðrún þessi er talin fædd 30. júní 1891, og hefir þannig verið 16 ára, er ákærði hafði samræði við hana. Hreppsnefndin í Árneshreppi hafði komið henni fyrir hjá ákærða, er hún var á 8. ári og upp frá því var hún stöðugt hjá honum þar til vorið 1914, er henni var komið fyrir á öðrum bæ. — Hinn 30. apríl 1908 ól Guðrún barn og hinn 8. maí 1914 ól hún barn í annað sinn, en engar upplýsingar hafa fengist um það, hver muni vera faðir að því barni.

Guðrún er, eftir því sem upplýst er í prófunum og sem styðst við álit hlutaðeigandi læknis, með öllu fábjáni. — Fætur hennar eru snúnar um öklaliðinn; hefir hún því aldrei komist á fót, og báðir fætur hennar talsvert visnir, en að öðru leyti er hún líkamlega heilbrigð.

Brot hins ákærða, sem er 67 ára að aldri og hefir ekki áður sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 171. gr. hegningarlaganna, og virðist mega ákveða hegningu ákærða betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Svo ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 15 krónur til hvors þeirra.

Meðlag með barni Guðrúnar, Guðmundi, er fæddist 30. apríl 1908 og ákærði getur verið faðir að, til dánardags og útfararkostnaður þess, samtals 246 kr., er héraðsdómarinn hefir dæmt ákærða til að endurgreiða Árneshreppi, verður ekki tekið til greina í

máli þessu, enda sést það ekki af dómsgerðunum að hreppsnefndin hafi krafist þessarar greiðslu.

Um meðferð málsins í héraði athugast það, að rannsókn þess hefir farið fram fyrir aukarétti í staðinn fyrir lögreglurétti. — Málið hefir verið mjög lengi á leiðinni. Barnsfæðing Guðrúnar var tilkynt sýslumanni í júní 1914, en rannsókn var ekki hafin fyr en 26. nóv. s. á. Rannsókn var þá lokið 5. des. 1914, og ekki tekin upp aftur fyr en 26. sept. 1915. Málið var tekið undir dóm 29. sept. s. á. og dómur því næst uppkveðinn 30. nóv. s. á. Það kom síðan fyrir yfirdóm 25. sept. f. á. en sökum ýmsra galla á dómsgjörðunum og sökum þess að undirdómarinn hafði vanrækt að rita á dómsgjörðirnar yfirlýsingu sína um að hann léti sér nægja stefnu þá, er út hafði verið gefin í málinu, var því vísað frá yfirdómi með dómi réttarins uppkveðnum 23. okt. f. á. Kom það svo aftur fyrir yfirdóminn 26. febr. þ. á. — Fyrir framanumgetinn drátt á málinu og frágang á dómsgerðunum, er málið hið fyrra sinnið kom fyrir yfirréttinn, getur undirdómarinn ekki komist hjá, að sæta sekt til hlutaðeigandi fátækrasjóðs, og ákveðst hún 50 kr.

Það vottast að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Magnússon á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Ákærða ber að greiða

allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 krónur til hvors.

Undirdómarinn sýslumaður Halldór Kr. Júlíusson greiði í sekt til fátækrasjóðs Bæjarhrepps í Strandasýslu 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og ber að öðru leyti að fullnægja honum með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1917.

Nr. 65/1916. Ingibjörg Pálsdóttir
gegn
skiftaráðandanum í Reykjavík
f. h. dánarbús Steinunnar Thorarensen, Rannveigu Egilson o. fl.

Dómur:

Árið 1892 lézt uppgjafaprestur síra Stefán Thorarensen, og tók þá allann arf eftir hann ekkja hans Steinunn Thorarensen samkvæmt arfleiðsluskrá undirritaðri í viðurvist notarii í Reykjavík 19. jan. 1889. Í febrúar 1915 andaðist ekkjufrú Steinunn Thorarensen, og var bú hennar tekið til opinberra skifta af skiftaráðandanum í Reykjavík. Á skiftafundi í búinu 7. júlí 1916 hóf áfrýjandi þessa máls, Ingibjörg Pálsdóttir

hér í bæ, sem er ættingi síra Stefáns Thorarensens, mótmæli gegn því að búinu væri skift nema erfingjar síra Stefáns tækju einnig þátt í skiftunum, og að nokkrar ráðstafanir væru gerðar á dánarbúinu, sem kæmi í bága við rétt erfingja síra Stefáns. Af hálfu erfingja frú Steinunnar var þess hins vegar krafist að ekkert tillit yrði tekið til hinna framkomnu mótmæla. — Á skiftafundi í búinu 11. sept. f. á. kvað skiftarétturinn upp úrskurð um ágreining þennan á þá leið, að krafa áfrýjanda um þáttöku í skiftunum yrði ekki tekin til greina, og var búinu því næst skift milli erfingja frú Steinunnar.

Þessum skiftum og úrskurði hefir Ingibjörg Pálsdóttir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 31. okt. f. á.; hefir hún stefnt skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. dánarbús Steinunnar Thorarensen, svo og erfingjum frú Steinunnar: Rannveigu Egilson í Hafnarfirði, Sigurði Sívertsen docent fyrir hönd sína og Sigríðar Theysen og annara fjarverandi erfingja, cand. juris Pétri Magnússyni f. h. Sigríðar Pétursdóttur á Gilsbakka, Ögmundi Sigurðssyni skólastjóra í Hafnarfirði f. h. Hansínu Benediktsdóttur á Sauðárkróki, Karólínu Benediktsdóttur í Múla, Guðrúnar Benediktsdóttur s. st., Bjarna Benediktssonar á Húsavík og Guðmundar Sivertsen, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Vigfúsínu Gilsfjörð á Ísafirði, og Vigdísi Halldórsdóttur hér í bænum sem legatars í búinu. Krefst áfrýjandi þess, að skiftagerðin verði ónýtt, og hinum áfrýjaða úrskurði breyttt þannig, að krafa áfrýjanda um, að hún verði viðurkend sem réttur og löglegur erfingi í dánarbúinu, verði tekin til greina, og að allar ráðstafanir, sem gerðar hafa

verið á eignum búsins, er komi í bág við rétt hennar, verði ómerktar, og loks krefst hún, að skifaráðandi einn eða allir hinir stefndu in solidum verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir réttarins mati.

Þar sem áfrýjandi ennfremur hefir krafist þess, að justitiarius og fyrsti meðdómandi víki sæti í máli þessu, sakir afskifta, er þeir hafi haft af arfleiðsluskrá hjónanna Stefáns Thorarensen og Steinunnar Thorarensen, og af búi frú Steinunnar, skal það tekið fram, að krafa þessi verður ekki tekin til greina með því að hvorugur þessara dómenda hefir haft nein þau afskifti af arfleiðsluskránni né heldur af búi hennar eða þeirra hjóna, er heimili þeim eða geri þeim það skylt, að víkja úr dómarasæti í málinu.

Áfrýjandi hefir eigi véfengt það, að frú Steinunn Thorarensen hafi haft löglega heimild til að taka arf eftir mann sinn, síra Stefán Thorarensen, sem einkaerfingi hans samkvæmt arleiðsluskrá, undirritaðri í viðurvist notarii 19. jan. 1889, en hún heldur því fram, að í arfleiðsluskrá þessari hafi staðið það ákvæði, að eftir dauða þess hjónanna, sem lengur lifði, skyldu eignirnar skiftast milli erfingja þeirra beggja, og hvað sem því liði, þá sé það ljóst, að þar sem engin arfleiðsluskrá sé nú til staðar og framlögð við skiftin, verði að sjálfsögðu að fara með hinar eftirlátnu eigur lögum samkvæmt, þannig, að erfingjar beggja hjónanna komi til greina við skiftin.

Hinir stefndu neita því hins vegar að í umræddri arfleiðsluskrá hafi staðið nokkurt ákvæði í þá átt, sem áfrýjandi heldur fram, og því til sönnunar

vísa þeir til framlagðrar útskriftar úr notarialbók Reykjavíkur, þar sem meðal annars segir: »Síra Stefán og frú hans, Steinunn Járngerður Thorarensen lögðu þá fram arfleiðsluskrá, þar sem þau arfleiða hvort annað að öllum eigum sínum undantekningar- og skilyrðislaust«. Halda þeir því fram, að orðin »undantekningar- og skilyrðislaust« útiloki það með öllu, að slíkt ákvæði, sem áfrýjandi heldur fram, hafi getað staðið í arfleiðsluskránni. Auk þess hafa þeir lagt fram í yfirdómi eftirrit af vitnaleiðslu, er fram hefir farið meðal annars um innihald arfleiðsluskrárinnar. Hefir hið leidda vitni borið og unnið eið að, að það hafi lesið arfleiðsluskrána og sett á sig innihald hennar nákvæmlega; neitar vitnið því afdráttarlaust, að í arfleiðsluskránni hafi staðið nokkurt ákvæði um, að eignirnar skyldu eftir dag þess, er lengur lifði, skiftast milli erfingja beggja hjónanna, heldur hafi það, er lengur lifði, haft heimild til að ráðstafa þeim eftir sinn dag.

Þá taka hinir stefndu fram að við skifti á dánarbúi frú Steinunnar sé enganveginn nauðsynlegt að leggja fram umrædda arfleiðsluskrá, með því að erfingjar frú Steinunnar þurfi engan rétt á henni að byggja. Frú Steinunn hafi bygt rétt sinn á henni, er hún tók arf eftir mann sinn, og þá hafi arfleiðsluskráin verið til sýnis og lögð fyrir skiftaréttinn, sem eftir henni hafi úrskurðað frú Steinunni einkaerfingja eftir mann sinn. En þegar þeim búskiftum hafi verið lokið og frú Steinunn var orðin löglegur eigandi að félagsbúi þeirra hjóna, þá hafi arfleiðsluskráin í raun réttri orðið óþörf. Hún hafi að vísu verið til

eftir dauða frú Steinunnar, en hafi síðar glatast fyrir vangá, sennilega verið brend með sendibréfum hinnar látnu.

Áfrýjandi mótmælir því að orðalag nótarialstaðfestingarinnar sanni nokkuð um þau atriði, sem hér er deilt um, hvernig eigi að fara með eignir búsins eftir dauða þess hjónanna, sem lengur lifði, og hún heldur því fram, að hið leidda vitni, Vigdís Halldórsdóttir sé arfleiðsluskrárerfingi frú Steinunnar, og því svo mjög við mál þetta riðin, að hún geti ekki talist fullgilt vitni, enda sé henni stefnt í málinu.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, hefir arfleiðsluskrá milli hjónanna síra Stefáns og frú Steinunnar Thorarensen, er hér ræðir um, ekki verið lögð fram í málinu, með því að hún hefir glatast, eftir því sem ætla verður, eftir að frú Steinunn andaðist, en þessi vöntun arfleiðsluskrárinnar getur þó út af fyrir sig eigi haft þær afleiðingar, sem áfrýjandi heldur fram, að bú frú Steinunnar eigi að skiftast milli erfingja beggja hjónanna, með því að erfingjar frú Steinunnar byggja ekki rétt sinn á nefndri arfleiðsluskrá, heldur á rétti sínum að taka arf eftir hana, sumpart samkvæmt arfleiðsluskrá og sumpart samkvæmt skyldleika við hana; hins vegar er það áfrýjandi, er vill byggja rétt sinn á umræddri arfleiðsluskrá, með því að hún heldur því fram að í henni hafi staðið ákvæði um að eignirnar ættu að falla til erfingja beggja hjónanna eftir dag þess, er lengur lifði. Þessa staðhæfingu byggir áfrýjandi þó eigi á því, að henni hafi verið kunnugt um að slíkt ákvæði hafi þar staðið, heldur eingöngu á því, að í

gagnkvæmum arfleiðsluskrám sé það venjulega ákveðið, að eignirnar skuli eftir dag þess, er lengur lifir, tilfalla löglegum erfingjum beggja hjónanna. Þótt ákvæði í þessa átt séu oft sett í slíkar arfleiðsluskrár, þá getur þetta þó engan vegin verið nægilegt til að sanna rétt áfrýjanda, og það því síður sem stefndu hafa fært líkur fyrir því, að þetta ákvæði hafi alls eigi staðið í arfleiðsluskránni. Á þetta bendir, svo sem stefndu halda fram, bæði orðalag notarialgerðarinnar um að hjónin hafi arfleitt hvort annað undantekningar- skilyrðislaust, því að það er ekki líklegt, að þannig hefði verið tekið til orða, ef í arfleiðsluskránni hefði staðið ákvæði um að eignirnar ættu að falla til erfingja beggja hjónanna eftir dag þess, er lengur lifði, en sérstaklega styrkist þetta við framburð vitnisins Vigdísar Halldórsdóttur um að ekkert ákvæði í þessa átt hafi staðið í arfleiðsluskránni. Þetta vitni verður að teljast fullgilt, því þótt frú Steinunn hafi gefið því nokkra upphæð eftir sinn dag, verður ekki séð, að úrslit þessa máls geti á nokkurn hátt snert hag vitnisins, og það hefir ekki tekið neinn þátt í skiftum búsins, eða látið sig skifta ágreining þann, er hér ræðir um.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða skiftaréttarúrskurð og skiftagjörðina í heild sinni. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður og eftirfarandi skifti á dánarbúi frú Steinunnar Thorarensen staðfestist.

Áfrýjandi Ingibjörg Pálsdóttir greiði skiftaráðandanum í Reykjavík fyrir hönd dánarbús Steinunnar Thorarensen málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1917.

Nr. 2/1917. Þorsteinn Sigurðsson
gegn
ráðherra Íslands
f. h. landssjóðs.

Dómur:

Miðvikudagskvöldið 3. marz 1915 eða nóttina eftir bar svo við, að Þorsteinn Sigurðsson útvegsbóndi á Sæbergi í Vestmannaeyjum og bústýra hans, Sigurbjörg Sigurðardóttir, féllu í svo fastan svefn, að heimilisfólkið gat eigi vakið þau. Var því læknis vitjað, og gerði hann margar tilraunir til að vekja

þau, og lauk svo að Þorsteinn vaknaði, að því er ætla verður, um kl. 4 aðfaranótt föstudagsins 5. marz, en Sigurbjörgu tókst eigi að vekja, og andaðist hún um hádegi þann dag. Héraðslæknirinn, sem stundaði sjúklingana, taldi það vafalaust, að þessi óeðlilegi svefn þeirra og dauði Sigurbjargar stafaði af einhverju eitri, er ofan í þau hefði farið. Var um þetta rannsókn hafin 7. marz fyrir lögreglurrétti Vestmannaeyjasýslu og reynt að komast fyrir það með ítarlegum prófum, hvað valdið hefði svefni þeirra Þorsteins og Sigurbjargar og dauða hennar. Við rannsóknina fékst þó engin vitneskja um þetta, en með því að eigi þótti grunlaust um, að Þorsteinn ætti einhverja sök á dauða Sigurbjargar eða vissi meir um tildrögin, en hann vildi láta uppi, úrskurðaði rannsóknardómarinn 11. marz, að hann skyldi settur í gæzluvarðhald, og var þessum úrskurði framfylgt þannig, að Þorsteini var leyft að vera heima hjá sér með stöðugri gæzlu. Úr gæzluvarðhaldinu var hann leystur samkvæmt úrskurði réttarins 13. apríl s. á., en rannsókninni var lokið 22. janúar f. á.

Nefndur Þorsteinn Sigurðsson hefir nú höfðað mál þetta, samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, fyrir landsyfirdóminum gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, 3000 kr., fyrir þjáningar þær smán og fjártjón, er hann hafi beðið af því að vera settur í gæzluvarðhald, svo sem áður er sagt.

Af stefnda hálfu er þess krafist að hann verði algerlega sýknaður og sækjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Þó að engin skýrsla sé í máli þessu framkomin um það, að eigi hafi verið höfðað mál gegn sækjanda, eftir að honum var slept úr gæzluvarðhaldi, eða að hann hafi verið sýknaður í slíku máli, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. nefndra laga 26. okt. 1893, þá virðist mega komast hjá því, að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök, vegna ófullnægjandi málsútlistunar sækjanda, með því að eigi hefir af stefnda hálfu verið neitt athugað við málssóknina að þessu leyti, svo að ætla má, að um nefnt málsatriði sé svo ástatt, sem lögin áskilja.

Samkvæmt skýrslu héraðslæknis og skoðun á líki Sigurbjargar Sigurðardóttur verður að telja það sannað, að hún hafi dáið af eitrun, svo og það að sækjandi hafi fengið í sig samskonar eitur, með því að verkanirnar voru með sömu einkennum á báðum. En um það, með hverjum atvikum og á hvern hátt eitrunin hafi orðið eða hver valdur væri að henni fengust engar upplýsingar við rannsóknina. Það sem gaf tilefni til þess, að sækjandi var úrskurðaður í gæzluvarðhald, var grunur um, að hann ætti einhverja sök á dauða Sigurbjargar Sigurðardóttur, en því er eigi nánar lýst í prófunum, hvert sá grunur stefndi. Þó virðist sækjandi eigi hafa verið grunaður um, að hafa byrlað Sigurbjörgu eitur, til að deyða hana, en ekki jafnframt sjálfan sig, enda var eigi ástæða til þess, og má eftir málsvöxtum ætla, að

sækjandi sé saklaus af þeim glæp, með því að eigi gat, að áliti héraðslæknisins, verið um uppgerðarsvefn að ræða af hálfu sækjanda og lífi hans um eitt skeið jafnvel hættara komið en lífi Sigurbjargar. En grunurinn gegn sækjanda virðist hafa farið í þá átt, að hann með eða án samþykkis og vitundar Sigurbjargar hafi byrlað þeim báðum eitur til þess að þau létu þannig bæði líf sitt.

Við rannsóknina komu fram ýmsar skýrslur, sem eigi gjöra það sennilegt, að sækjandi hafi viljað ráða þau Sigurbjörgu af dögum. Það er þannig eigi ástæða til að ætla, að hann sé bilaður á geðsmunum eða eigi með fullu ráði. Héraðslæknirinn hefir að vísu borið það, að úrkynjunar (degenerations) merki séu sjáanleg á sækjanda og að taugar hans séu veiklaðar, en vitni, sem kynst hafa sækjanda og yfirheyrð hafa verið, hafa öll borið það, að hann sé með fullu viti og heill á geðsmunum. Þá hafa vitni, sem kunnug voru á heimili þeirra sækjanda og Sigurbjargar verið á einu máli um það, að sambúð þeirra hafi verið góð. Sækjandi er allvel efnaður og þurfti eigi að setja það fyrir sig, að hann mundi bresta efni til framfæris sér og sínum. Og enn er það, að í hirzlu sækjanda fanst bréfumslag, er í var sparisjóðsbók og bréf ódagsett, er sækjandi tjáist hafa skrifað Sigurbjörgu, en það er efni bréfsins, að hann gefur henni innstæðu sparisjóðsbókarinnar, á 3. þúsund króna, og sagðist sækjandi hafa skrifað bréfið í því skyni, að Sigurbjörg eignaðist þessa peninga að sér látnum.

En þó að það, sem nú hefir verið talið, bendi alls eigi til þess að sækjandi hafi viljað ráða sér og

Sigurbjörgu bana heldur miklu fremur í gagnstæða átt, þá er þó afstaða hans til umgetins atburðar, svefns þeirra Sigurbjargar, svo vafasöm, að ekkert virðist verða ályktað um hana svo ábyggilegt sé. Við rannsóknina kom ekkert fram, er tilefni gæfi til að gruna sambýlisfólk sækjanda eða aðra utan heimilis hans um að eiga hér hlut í, og það er lítt skiljanlegt, að sækjandi hefir alls enga bendingu getað eða viljað gefa um orsakir til hins óeðlilega svefns þeirra Sigurbjargar, en þvert á móti stöðugt haldið því fram, að þau hafi eigi umgetinn miðvikudag 3. marz 1915 neytt neins matar eða tekið inn nein lyf, er haft hefðu getað slíkar verkanir.

Af þeim vitnisburðum, er komu fram við prófin í þá átt, að sækjandi mundi vita meir en hann lét uppi um orsakir til dauða Sigurbjargar, virðist eigi vera leggjandi neitt upp úr skýrslu vitnisins Þórunnar Magnúsdóttur, er vitni þetta tjáist hafa veitt því eftirtekt, er hún og fleiri vitni, sem vöktu yfir þeim sækjanda og Sigurbjörgu, fimtudagskvöldið 4. marz, nokkrum klukkustundum áður en sækjandi vaknaði og kom til sjálfs sín, gengu út úr svefnherbergi þeirra og vitnið leit við um leið og hún gekk út úr dyrunum, að sækjandi reis upp á olnboga og leit alt í kringum sig, en lagðist svo strax niður aftur. Af þessu virðist ekkert verða ráðið um tilverknað eða vitneskju sækjanda, með því að héraðslæknirinn, sem fyr segir, hefir fortekið, að sækjandi hafi getað gert sér upp þennan svefn. Sama er og um orð, er héraðslæknirinn heyrði sækjanda segja eins og við sjálfan sig, eftir að hann vaknaði: »Skelf-

ing ætlar þetta að fara illa« eða »skelfing fer þetta illa«, að af þeim verður engin ályktun gerð um sektarmeðvitund sækjanda. Þar á móti verður að telja framburði vitnisins Árna Gíslasonar nokkurt gildi, þó að hann sé eigi staðfestur með eiði, en vitni þetta, sem var útgerðarmaður hjá sækjanda og heimilismaður hans, hefir borið að það hafi miðvikudagskvöldið 3. marz 1915, er það mataðist í eldhúsinu, heyrt þangað fram úr svefnherbergi sækjanda og Sigurbjargar, að hún talaði við hann um einhverja inntöku á þá leið, hvort það mundi vera óhætt að taka þetta og að sækjandi kvað já við því.

Þegar litið er á rannsóknina í heild sinni og upplýsingar þær, er með henni hafa fengist samkvæmt framansögðu, virðist eigi vera fært að láta uppi neitt álit um það, hvort sækjandi sé saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til gæzluvarðhalds hans og er þá eigi heimild til að taka til greina skaðabótakröfu hans, en það ber að sýkna stefnda eftir kröfu hans.

Eftir þessum úrslitum ber sækjanda samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 30 kr.

Málsfærsla skipaðs málsfærslumanns sækjanda hefir verið lögmæt, og bera honum 20 kr. í málsfærslulaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, á að vera sýkn af kröfum sækjanda, Þor-

steins Sigurðssonar í þessu máli. Sækjandi greiði stefnda 30 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni sækjanda, Boga Brynjólfssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 20 kr. í málflutningslaun af almannafé.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að við lagðri laga-aðför.

Mánudaginn 21. maí 1917.

Nr. 18/1917. Gísli Jónsson
gegn
Erlendi Erlendssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Gísli Jónsson málari hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Erlendi kaupmanni Erlendssyni sama staðar, til þess að fá hann dæmdan til að láta lausan við áfrýjanda móbrúnan hest, og til að greiða honum í skaðabætur 50 kr. fyrir heimildarlaust hald á hestinum, svo og málskostnað. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 18. jan. þ. á., var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir nú með stefnu dags. 16. febrúar þessa árs skotið málinu til yfirdómsins. Eru kröfur

hans þar hinar sömu og fyrir undirréttinum, og auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknunar og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Ágreiningsefnið í máli þessu er aðallega það, hver átt hafi eða eigi hinn umstefnda hest. Að sögn stefnda var hesturinn eign Einars Jónssonar bónda á Nesjum í Grafningi, og kom hann hestinum fyrir á fóður hjá stefnda veturinn 1915—1916.

Á árinu 1915 — hvenær, sést eigi af málsskjölunum — var bú Einars Jónssonar tekið til gjaldþrotaskifta, en hesturinn var þá eigi við uppskrift búsins talinn með eignum þess. En síðar, að því er virðist seint á árinu 1916, tilkynti Einar skiftaráðanda, að hann ætti móbrúnan hest, er honum hefði gleymst að segja til við uppskrift búsins. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að hesturinn sé eign Guðnýjar Gísladóttur, fyrverandi bústýru Einars Jónssonar, hafi hann selt henni hestinn sumarið 1914, gefið henni bréflegt afsal fyrir honum við votta og fengið um leið kaupverðið greitt í peningum. En afsalsbréfinu hafi Guðný glatað.

Hesturinn var enn hjá stefnda í júlímánuði 1916, en með skjali dags 5. s. m. leigði Guðný Gísladóttir áfrýjanda hestinn og veitti honum jafnframt umboð til að selja hann, ef gott verð byðist fyrir hann, en stefndi neitaði þá að sleppa hestinum, og út af því er þetta mál risið.

Umsögn áfrýjanda, að Guðný Gísladóttir eigi hestinn, styðst við framburð tveggja vitna, er hafa

skýrt frá því, að þau Einar og Guðný hafi vorið eða sumarið 1915 samtímis sagt vitnunum, að hann hafi selt henni móbrúnan hest.

Einar Jónsson hefir í skjali, sem framlagt er í málinu, neitað því eindregið, að hann hafi selt Guðnýju hestinn og lýst því yfir, að þau áfrýjandi og Guðný væru í alla staði ófrjáls að honum.

Áðurgreindir vitnisburðir verða nú útaf fyrir sig eigi taldir næg sönnun þess, að Einar hafi selt Guðnýju hinn umstefnda móbrúna hest, enda draga aðrir framkomnir vitnisburðir úr styrkleik þeirra. Eitt vitni hefir það þannig eftir Einari, að hann að vísu hafi selt Guðnýju hestinn, en aðeins að formi og án þess að fá nokkra peninga frá Guðnýju. Annað vitni hefir vottað, að áfrýjandi hafi 31. desember 1915, er hann sem fyrverandi ráðsmaður bús Einars Jónssonar á Nesjum afhenti vitninu búið, sagt vitninu að Einar ætti móbrúnan hest, er væri á fóðri hjá stefnda. Og enn hefir eitt vitni, sem áfrýjandi hefir leitt, borið það, að síðan sumarið 1914, er salan átti að hafa farið fram, hafi alls eigi verið farið með hestinn sem eign Guðnýjar, heldur sem eign Einars Jónssonar. Þá er og ekkert framkomið til stuðnings þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að Guðný hafi greitt Einari hestverðið.

Það virðist eftir þessu eigi verða talið sannað, að margnefndur hestur hafi verið eign Guðnýjar Gísladóttur, svo að hún hafi haft heimild til að selja hann á leigu eða ráðstafa honum á annan hátt, enda verður að ætla, að hesturinn eftir að Einar Jónsson, sem fyr segir, hefir sagt skiftaráðanda til hans, sé komin í vörzlu

og undir umráð skiftaréttarins, og verður stefndi þá, einnig af þeirri ástæðu, eigi skyldaður til að afhenda hann, en það ber undir úrskurð skiftaréttarins, hvort hesturinn verði talinn eign búsins eða ekki.

Það ber því að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda í þessu máli, og með því yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og bæjarþingsdómurinn og felst á ákvæði hans um málskostnað, má staðfesta þann dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Gísli Jónsson greiði stefnda, Erlendi Erlendssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. júní 1917.

Nr. 46/1916. Kjartan Rósinkransson
gegn
Guðmundi Andréssyni
og Jóni Sveinssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Kjartan Rósinkransson kaupmaður á Flateyri í Önundarfirði, fyrir gestaréttí Ísafjarðarkaupstaðar gegn hinum stefndu Guðmundi Andréssyni húsmanni á Suðureyri í Súgandafirði og Jóni Sveinssyni bónda á Veðrará í Mosvallahreppi til að fá þá dæmda til að greiða sér 2949 kr. 64 a. að $^2/_3$ hlutum útaf sameign í vélbátnum »Æskan« eða 1966 kr. 43 a. með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til greiðsludags, eða til vara að hvor þeirra yrði dæmdur til að greiða 983 kr. 22 a. með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til greiðsludags. Ennfremur krafðist áfrýjandi þess fyrir gestaréttinum að honum yrði dæmdur réttur til að slíta sameign sinni í bátnum með því að láta selja hann hæstbjóðanda á opinberu uppboði og taka $^1/_3$ hluta andvirðisins í sinn hluta, og að stefndu yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir gestaréttinum eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir gestaréttinum með dómi réttarins uppkveðnum 25. apríl f. á., að Jón Sveinsson var sýknaður af kröfum áfrýjanda, en Guðmundur Andrésson var dæmdur til að greiða áfrýjanda 983 kr. 22 a. með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. ágúst f. á., og gerir hannhér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti, og auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndu hafa hins vegar gagnáfrýjað málinu með

stefnu útgefinni 9. okt. f. á. og krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að árið 1905 hafi hann í félagi við hina stefndu látið smíða mótorbátinn »Æskan« og hafi þeir svo haldið honum út til fiskiveiða árið 1906, og 1909—1911. Hafi stefndu átt þriðjung bátsins hvor og áfrýjandi $^1/_3$, og eftir sama hlutfalli hafi þeir átt að taka þátt í ábata og halla af útgerðinni. Nú hafi útgerðin gengið svo, að á henni hafi orðið tap að upphæð 2949 kr. 64 aur., er báturinn skuldi áfrýjanda, en $^2/_3$ af þessari upphæð eigi stefndu að greiða.

Hinir stefndu neita því hinsvegar, að þeir hafi nokkurn tíma orðið meðeigendur í umræddum bát. Þeir játa það að vísu, að áfrýjandi hafi minst á það við þá, er hann var að semja við þá um að taka að sér formensku á bátnum, að ef þeir vildu fara með hann og hagnaður yrði á útgerðinni, skyldu þeir verða meðeigendur í bátnum, en þetta hafi aðeins verið lauslegt umtal en enginn samningur; þessu hafi heldur aldrei verið hreyft síðar, enda hafi orðið halli en enginn gróði á útgerðinni. Þeir neita því að þeir hafi tekið nokkurn þátt í útgerð bátsins, og sé þeim því skuld bátsins óviðkomandi, enda hafi áfrýjandi ekki krafið þá um bátsskuldina fyr en árið 1913, en þá hafi krafan verið orðin fyrnd, þótt svo yrði litið á, að hér væri um sameign að ræða, með því þeir hefðu aldrei fengið neinn reikning

frá áfrýjanda um útgerðarkostnaðinn fyr en í máli þessu.

Í málinu hefir verið lögð fram skrásetningartilkynning um nefndan mótorbát í frumriti. Er hún dagsett á Ísafirði 30. apríl 1906 og undirrituð með með nafni stefnda Guðmundar Andréssonar sem eiganda þannig: »Guðmundur Andrésson bóndi Selakirkjubóli o. fl.« Heldur áfrýjandi því fram, að með þessu sé færð full sönnun fyrir meðeign stefnda í vélbátnum. Stefndi Guðmundur Andrésson hefir nú ekki treyst sér til að neita því, að hann hafi ritað nafn sitt undir tilkynningu þessa, en hann heldur því fram, að hann muni ekki eftir því að hann hafi undirskrifað hana, og hann neitar því, að hann með undirskrift sinni hafi viljað eða ætlað að gefa í skyn að hann væri eigandi eða meðeigandi að bátnum.

Undirskrift stefnda undir skrásetningartilkynninguna og sérstaklega viðbótin »o. fl.« virðist benda sérstaklega í þá átt, að hann hafi, er hann ritaði undir skrásetningartilkynninguna, skoðað sig sem meðeiganda að vélbátnum, og í sömu átt benda nokkur önnur gögn, er framlögð hafa verið í málinu, bæði það að stefndi hefir oftlega á árunum 1909—1911 ritað sem útgefandi og ábekingur á víxla, er áfrýjandi var samþykkjandi að, að vitni hafa borið, að báturinn hafi verið kallaður sameignarbátur eða félagsbátur, og að það hafi alment verið álitið í Önundarfirði og Súgandafirði, að báturinn væri eign áfrýjanda og hinna stefndu, að hlutaðeigandi hreppstjóri hefir haustið 1906 ritað í hreppaskilabókina að báturinn ætti að tíundast að $^1/_8$ hjá hvorum hinna

stefndu og að Guðmundur Andrésson ásamt áfrýjanda og Jóni Sveinssyni er ritaður eigandi bátsins í »höfuðbók« eða vertollabók jarðarinnar Suðureyrar í Súgandafirði. En gagnvart þessu er það upplýst í málinu að stefndi og meðstefndi Jón Sveinsson hafa neitað því árin 1907 og 1908 að þeir ættu nokkuð í bátnum og krafist þess af hreppstjóra að hann leiðrétti hreppaskilabókina að þessu leyti, að 3 menn, er voru hásetar á bátnum, hafa borið að þeir hafi ekki heyrt annars getið en að áfrýjandi ætti einn bátinn, að ekki sést að áfrýjandi, sem hefir einn haft á hendi útgerð bátsins og alt reikingshald, hafi sent stefndu reikning yfir útgerðina eða haldið neinn fund með þeim öll árin frá því báturinn var bygður 1905 eða 1906 til þess útgerðin hætti, að hann hefir eigi fært stefndu til skuldar eða krafið þá um þeirra hluta af útgerðarkostnaðinum fyr en árið 1913. Það þykir því varhugavert að telja undirskrift stefnda undir áðurnefnda skrásetningartilkynningu fulla sönnun þess, að stefndi Guðmundur Andrésson sé meðeigandi hins umrædda vélbáts, en hinsvegar hefir áfrýjandi fært svo miklar líkur fyrir málstað sínum að rétt er að láta málið koma undir eiði Guðmundar Andréssonar að því er hann snertir, þannig að ef hann vinnur eið að því, að hann sé ekki og hafi ekki verið meðeigandi ásamt áfrýjanda að vélbátnum, þá á hann að vera sýkn af kröfum áfrýjanda og á þá málskostnaður að falla niður, en vinni hann ekki eiðinn, þá greiði hann áfrýjanda samkvæmt varakröfu hans 983 kr. 22 a. með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til greiðsludags, og ber honum þá einnig að

greiða áfrýjanda 80 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Um eign meðstefnda Jóns Sveinssonar í bátnum liggur ekki fyrir nein viðurkenning af hans hálfu, og þar sem sönnunargögn þau, er fram eru komin í málinu af hálfu áfrýjanda, svo sem að hlutaðeigandi hreppstjóri hafi haustið 1906 gert honum tíund af bátnum að $^1/_8$, að hann hefir árin 1909—1911 ritað sem ábekingur á nokkra víxla, sem meðstefndur Guðmundur Andrésson var útgefandi að og áfrýjandi samþykkjandi, að hann hefir verið skráður meðeigandi vélbátsins í vertollabók Suðureyrar, að báturinn hafi verið kallaður sameignarbátur eða félagsbátur, verða eftir atvikum eigi talið næg sönnun fyrir meðeign Jóns í bátnum, verður að sýkna hann af kröfum áfrýjanda, en rétt virðist að málskostnaður að því hann snertir falli niður bæði fyrir undirrétti og yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Sveinsson á að vera sýkn af kröfum áfýjanda, Kjartans Rósinkranssonar, í máli þessu. Ef stefndi Guðmundur Andrésson vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu að hann sé ekki og hafi ekki verið meðeigandi ásamt áfrýjanda að vélbátnum Æskan frá Flateyri, þá á hann einnig að vera sýkn af kröfum áfrýjanda og fellur þá málskostnaður niður, en vinni hann eigi eiðinn skal hann greiða

áfrýjanda 983 kr. 22 au. með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til greiðsludags, og ber honum þá einnig að greiða áfrýjanda 80 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. júní 1917.

26/1917. Réttvísin
gegn
Hallbirni Þorvaldssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 21. nóv. f. á., var hinn ákærði Hallbjörn bóndi Þorvaldsson á Gröf í Breiðuvík dæmdur fyrir falsvitni samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttar eftir kröfu hins ákærða.

Síðasta dag marzmánaðar 1915 brann timburíbúðarhús á Arnarstapa í Breiðuvíkurhreppi, eign Sigfúsar nokkurs Sveinbjarnarsonar, og var lögreglurréttarrannsókn haldin um brunann. Við téða rannsókn komu fram bréf frá nefndum Sigfúsi til ákærða dags. í Reykjavík 23. febr. 1912 og þess efnis, að

Sigfús biður ákærða að koma suður tafarlaust til fundar við sig; sé það mikið hagnaðarspursmál fyrir ákærða, og leggur Sigfús ríkt á við hann að leggjast eigi ferðina undir höfuð, og segist ábyrgjast kostnaðarlausa ferð og mikinn ávinning í þokkabót. Samkvæmt þessari orðsendingu fór ákærði til Reykjavíkur á útmánuðunum 1912, hitti Sigfús þar, og segir ákærði að erindi hans við sig hafi verið, að fá sig til að standa fyrir sölu á vörum, er Sigfús þá ætlaði að senda vestur á Stapa, og hafi eigi annað þá farið á milli þeirra. Síðar í prófunum útlistar ákærði erindi Sigfúsar við sig nánar þannig, að það hafi verið að mynda félagsskap um verzlun í hinu nýkeypta húsi Sigfúsar á Stapa, hafi félagarnir átt að vera þeir þrír, Sigfús, Björn Gíslason og ákærði; Sigfús hafi átt að leggja til húsið, Björn vörurnar, en ákærði vinnu sína sem hafandi á hendi forstöðu verzlunarinnar með útsölu á vörunum. — Við réttarhald í húsbrunamálinu 13. apríl 1915 gefur Kjartan oddviti Þorkelsson þá skýrslu, og staðfestir hana með eiði, að ákærði hafi komið til sín að Hellusandi vorið 1913, og verið hjá sér nætursakir; hafi hann þá skýrt sér frá því, að konu sinni áneyrandi, að hann hafi veturinn 1912 í febrúar eða snemma í marz farið suður til Reykjavíkur eftir skriflegri beiðni Sigfúsar Sveinbjarnarsonar og hafi erindið þá verið það, að Björn nokkur Gíslason ætlaði að hlutast til um að vörur yrðu snemma vors 1912 sendar vestur að Arnarstapa í hið nýkeypta hús Sigfúsar Sveinbjarnarsonar, og bað Sigfús ákærða að taka að sér útsölu á vörunum; ætlaði Sigfús þá að hækka vátrygginguna á húsinu

og jafnframt hafa vörurnar vátrygðar; skyldi svo ákærði taka að sér að sjá um, að Arnarstapahúsið með vörunum brynni, áður en eigandinn, Sigfús, kæmi vestur um vorið 1912, en ákærði hafi þá með öllu afsagt að hafa nokkur afskifti af þessu. — Við réttarhald í sama máli 23. febrúar 1916 hefir kona Kjartans Þorkelssonar, Sigríður Kristjánsdóttir, gefið þá skýrslu um áminsta komu ákærða að Hellissandi, og síðan staðfest skýrsluna með eiði, að ákærði hafi gist hjá þeim hjónum á Hellissandi vorið 1913; hafi Kjartan, maður hennar, og ákærði sofið saman í svefnherbergi hjónanna en hún í öðru rúmi; heyrði hún þá á tal þeirra, eftir að þeir voru háttaðir, og heyrði ákærða segja Kjartani frá því, að Sigfús Sveinbjarnarson hefði skrifað honum (ákærða) bréf og beðið hann að finna sig suður til Reykjavíkur; hafi ákærði þá sagt það skýrum orðum, að erindið hafi verið það, að Sigfús hafi viljað fá sig til að kveikja í húsi hans á Arnarstapa, en ákærði sagðist eindregið hafa neitað að gera það. Sigríður kveðst hafa heyrt samtalið glögt, og það hafi orðið sér sakir atvika sérstaklega minnisstætt.

Þá hefir Magnús hreppstjóri Blöndal í Stykkishólmi gefið þá skýrslu fyrir lögreglurétti 4. marz 1916, og síðan staðfest hana með eiði, að um miðjan ágúst 1913 hafi hann verið á ferð í Breiðuvík og þá gist hjá ákærða í Gröf; hafi ákærði fylgt honum fyrst að Stóra-Kambi og síðan ofan að Húsanesi, og voru þeir þá tveir einir; barst þá talið að fyrnefndu bréfi Sigfúsar, og sagði ákærði þá Magnúsi frá innihaldi þess, sem sé að Sigfús hefði beðið ákærða að koma

sem fyrst suður á sinn fund; sagðist ákærði þá hafa brugðið við og farið suður í marz 1912, að því er Magnús minnir; ákærði sagði ennfremur, að erindi Sigfúsar við sig hefði verið það, að Björn nokkur Gíslason hefði átt að útvega vörur, sem verzla ætti með vestur á Arnarstapa í hinu nýkeypta húsi Sigfúsar, að ákærði ætti að taka að sér að vera útsölumaður á vörunum, að húsið og vörurnar ættu að vera í góðri vátryggingu, og svo ætti ákærði að taka að sér að sjá um, að húsið og vörurnar brynnu. En jafnframt tók ákærði það fram við Magnús, að hann hefði þvertekið fyrir að gjöra þetta verk. Magnús hefir skýrt svo frá, að ákærði hefði sagt sér þetta með ákveðnum og skýrum orðum án þess að viðhafa dylgjur eða rósamál; hann hafi tekið það fram berum orðum, að erindi Sigfúsar við sig suður í Reykjavík hafi verið að fá sig til að kveikja í Arnarstapahúsinu. Þá hefir Magnús skýrt frá því, og staðfest það með eiði, að ákærði hafi kringum 20. maí 1914 verið staddur í Stykkishólmi á skrifstofu Magnúsar, og barst þá tal þeirra aftur lauslega að sama efni og þá í samræmi við fyrra samtal þeirra.

Ákærði hefir stöðugt haldið því fram, að erindi Sigfúsar Sveinbjarnarsonar við hann í Reykjavíkurferðinni í febr.—marz 1912 hafi verið það eitt, sem að framan er tilgreint eftir honum, og hann neitar því, að það hafi borist í tal milli þeirra að húsið á Arnarstapa brynni. Þá neitar hann því eindregið að hann hafi sagt nokkuð í þessa átt eða um íkveikju í greindu húsi við hjónin á Hellissandi vorið 1913 og að því er snertir samtalið við Magnús Blöndal á

leiðinni frá Stóra-Kambi að Húsanesi, þykist ákærði ekki muna neitt eftir því, að þá hafi orðið tilrætt um Reykjavíkurferð hans veturinn 1912 eða um viðskifti hans við Sigfús. Ákærði er því í máli þessu sakaður um falsvitni fyrir rétti.

Því hefir verið mótmælt af hálfu ákærða, að vitnisburður Kjartans Þorkelssonar verði metinn ábyggilegur í máli þessu, með því Kjartan beri fjandskaparhug gegn ákærða, en fyrir þessu er ekki nægileg sönnun sýnd í málinu, og verður að meta vitnisburðinn fullgildan.

Með svörnum vitnisburðum Kjartans Þorkelssonar og Sigríðar Kristjánsdóttur er það sannað, að ákærði hafi sagt Kjartani, að Sigfús Sveinbjarnarson hafi viljað fá hann til að kveikja í Arnarstapahúsinu og að þetta hafi einmitt búið undir Reykjavíkurferð ákærða. Og þessi skýrsla hjónanna Kjartans og Sigríðar styrkist ennfremur við eiðfastan vitnisburð Magnúsar Blöndals. Þar sem nú ákærði bar það fram fyrir réttinum, er þingað var um brunamálið, og hélt fast við þann framburð, að hann hefði alls eigi haft ofannefnd ummæli eða önnur sama efnis við Kjartan, verður að telja þennan framburð hans falsvitni fyrir rétti. Þegar það er athugað, að ákærði virðist hafa munað fullglögt ýms smáatvik, er lúta að samfundum hans og hjónanna á Hellissandi og samferð hans og Magnúsar Blöndals, að framburður hans yfirleitt ekki bar vott um minnissljóleika, og að hins vegar hafa verið fengnir vitnisburðir kunnugra manna um það, að hann sé sæmilega minnisgóður, eða eins og fólk er flest, verður eigi tekin til greina sú málsvörn,

að minnisleysi hafi valdið hinum ranga framburði hans, og eigi verður heldur ætlað að um sé að kenna athugaleysi eða gáleysi ákærða, því að rannsóknardómarinn rannsakaði málið ítarlega og með mikilli nákvæmni, lét ákærða hafa nægan umhugsunartíma hvað eftir annað, og langt hlé varð á rannsókninni áður en henni var lokið. Það þykir þannig nægilega sannað að ákærði hafi viljandi og að ásettu ráði borið falsvitni fyrir rétti í rannsóknarmálinu út af bruna hússins á Arnarstapa, og með því móti orðið brotlegur gegn 147. gr. hegningarlaganna. Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður verið refsað fyrir neinn glæp; refsing sú, er hann hefir tilunnið, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt hinni tilvitnuðu hegningarlagagrein 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð; málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist og verður jafnframt að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Hallbjörn Þorvaldsson skal sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð; svo greiði hann og allan löglegan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til yfirdómsmálaflutnings-

manns Þorsteins Þorsteinssonar 15 kr., og málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 20 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júní 1917.

Nr. 9/1917. Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson gegn bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni f. h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Dómur:

Niðurjöfnunarnefndin í Hafnarfjarðarkaupstað lagði aukaútsvar fyrir árið 1916 á kutter »Surprise« í Hafnarfirði, að upphæð 175 kr., og skyldi útsvarið greiðast fyrir 1. júlí nefnt ár. Fiskiskipið »Surprise« var sameign áfrýjendanna, þannig að Einar Þorgilsson átti $^3/_4$ hluta þess, en Bergur Jónsson $^1/_4$ hluta. Þegar þeir eigi greiddu útsvarið krafðist bæjargjaldkeri þess 23. nóv. f. á. að það væri innheimt hjá gjaldendum. Krafa þessi var tekin fyrir af fógetarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar 2. febrúar þ. á. Mætti þar Einar Þorgilsson fyrir báða skipaeigendurna, mót-

mælti kröfunni og taldi útsvarið ólögmætt. Fógetaréttur inn úrskurðaði þá, að mótmælin yrðu ekki tekin til greina, og að taka skyldi útsvarið lögtaki ásamt kostnaði. Var síðan lögtakið framkvæmt og tekin í lögtakið viðskiftabók við Þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa, með fullnægjandi innieign til greiðslu útsvarsins ásamt kostnaði, og afhenti Einar Þorgilsson fógetaréttinum áminsta bók. Þessum fógetaréttarúrskurði hafa þeir Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 12. febr. f. á. og hafa þeir krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og lögtaksgerðin ónýtt, og að þeim verði tildæmdur málskostnaður fyrir fógetarétti og yfirdómi. Hinsvegar hefir stefndi, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, krafist þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjendurnir eru borgarar í Hafnarfjarðarkaupstað, annar þeirra kaupmaður en hinn skipstjóri, og segja þeir að fullu gjaldi til bæjarsjóðs hafi verið jafnað á hvorn þeirra persónulega eftir efnahag þeirra. En nú áttu þeir í sameign skipið »Surprise«, og héldu því úti til fiskiveiða. Verður að líta svo á að gjald það, sem hér er um að ræða, 175 kr. útsvarið, hafi verið lagt á þennan atvinnurekstur þeirra, fiskiútgjörð skipsins. Þessa álögu telja þeir ólögmæta, því að ólögheimilt sé að leggja sérstakt gjald á þá fyrir skipið »Surprise« og vitna þeir í þessu efni til laga nr. 75, 22. nóv. 1907, 20. gr. Hins vegar hefir hin stefnda bæjarstjórn haldið því fram, að

niðurjöfnunarnefndin hafi, er hún lagði útsvarið á áfrýjendurna hvorn um sig, ekki tekið tillit til eigna þeirra í skipinu né til fiskiútvegs þeirra með því, en á þennan atvinnurekstur hafi nefndin lagt útsvar sérstaklega, og verði ekki álitið að gjaldendum hafi verið ranglega íþyngt með þessu, enda telja stefndu þetta heimilt eftir hinum tilvitnuðu lögum. Það virðist nú og verða að skilja yfirlýsingu eða úrskurð niðurjöfnunarnefndarinnar á þá leið, að hún hafi, er hún lagði aukaútsvörin á áfrýjendurna persónulega, eigi tekið tillit til eignar þeirra í »Surprise« til hækkunar gjaldinu. Og spurningin verður þá, hvort nefndin hafi haft heimild til að leggja sérstakt gjald á »Suprise«-útgerðina, er áfrýjendur ráku í sameiningu. Hér er að ræða um félag manna, að vísu aðeins tveggja, er rekur arðsama atvinnu, og skiftist arðurinn milli sameigenda eftir eignarhluta hvors þeirra í félaginu, en eins og áður er getið um voru eignarhlutarnir mjög ójafnir. Hér gátu því verið nokkur vandkvæði á því fyrir niðurjöfnunarnefndina að skifta útsvari því, sem hæfilegt var fyrir »Surprise«-útgerðina, niður á sameigendurna, og var þá eðlilegt að hún kysi heldur hinn veginn, að leggja útsvarið óskift á útgerðarfélagið. Svo löguð álagning tíðkast og í öðrum kaupstöðum landsins, sérstaklega í Reykjavík; eru þar útsvör lögð á botnvörpungafélög, mótorbátafélög o. s. frv., þótt allir sameigendurnir séu heimilisfastir í kaupstaðnum. Svo löguð álagning verður eigi heldur talin óheimil eftir 20 gr. í áðurnefndum lögum 22. nóv. 1907, 2. málslið, er gefur þá reglu, að leggja megi gjald á arð-

söm fyrirtæki í kaupstaðnum, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur, svo framarlega fyrirtækið er rekið að minsta kosti fjóra mánuði af gjaldárinu, en talar eigi beint um þau arðsöm fyrirtæki, er eigendur þeirra eru heimilisfastir í kaupstaðnum. Það er engin heimild til þess að ályktа að þessi fyrirtæki skuli vera álögufrí. Miklu fremur verður að ályktа svo, að úr því að lögin heimila útsvarsálögu á fyrirtæki í kaupstaðnum rekin í 4 mánuði, er eigendur þeirra hafa þar ekki fast aðsetur, þá heimili þau jafnframt eða eigi síður útsvarsálögu á þau arðsöm fyrirtæki í kaupstaðnum, er eigendur þeirra eru þar heimilisfastir. — Þegar nú það er athugað, sem hér hefir verið tekið fram, virðist ekki verða álitið að niðurjöfnunarnefnd Hafnarfjarðar hafi brostið heimild til að leggja á fiskiútgerðarfélagið »Surprise« aukaútsvar það, sem hér er deilt um. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og lögtaksgjörð, og eftir þessum úrslitum verða áfrýjendurnir in solidum að greiða hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lögtaks gjörð staðfestist. Áfrýjendurnir Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson greiði stefnda, bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni, fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar 30 kr. í málskostnað, og lúk-

ist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 11. júní 1917.

Nr. 68/1916. Erasmus Gíslason
gegn
Ráðherra Íslands f. h.
landssjóðs.

Úrskurður:

Áfrýjandi máls þessa, Erasmus Gíslason, fór fram á það síðasta réttardag 4. þ. m. að honum væri veittur 8 vikna framhaldsfrestur til vitnaleiðslu og til vara ef það fengist ekki, vikufrestur til andsvara. Af hálfu stefnda var því mótmælt að áfrýjanda yrði veittur nokkur frestur.

Með því áfrýjandi hefir með samþykki stefnda þrisvar fengið frest til vitnaleiðslu í málinu, sem sé 12. marz 5 vikna, 16. apríl 4 vikna og 14. maí 3 vikna, eða alls óslitinn frest í 12 vikur, og hann hefir eigi sýnt fram á, að þessi frestur hafi verið honum ónógur, er engin heimild til, gegn mótmælum stefnda, að veita honum enn frest til vitnaleiðslu, en samkvæmt varakröfu hans virðist mega veita honum vikufrest til andsvara.

Því úrskurðast:

Krafa áfrýjanda um 8 vikna frest til vitnaleiðslu verður eigi tekin til greina, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Mánudaginn 11. júní 1917.

Nr. 64/1916.

Sigfús Daníelsson f. h. Á. Ásgeirssonar verzlunar og Tryggva Á. Pálssonar.

gegn

Halldóri Jónssyni og bæjarfógeta Magnúsi Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sigfús Daníelsson f. h. Á. Ásgeirssonar verzlunar og Tryggva Á. Pálssonar bónda á Kirkjubóli í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn stefnda Halldóri Jónssyni húsmanni á Seljabrekkunaustum í sama hreppi, til þess að fá hann dæmdan til burttöku húseignar sinnar á Seljabrekkunaustum og afnotamissi og frávikningar af túnbletti þeim, er húseignin stendur á, til greiðslu grunnleigu og lóðargjalds 30. kr. fyrir húseignina og afnot túnblettsins

fardagaárið 1914—1915, til greiðslu beitartolls kr. 8.50 fyrir sama fardagaár og til greiðslu málskostnaðar. — Með framhaldsstefnu í málinu stefndi áfrýjandi Halldóri Jónssyni ennfremur til vara til viðurkenningar á veðrétti Á. Ásgeirssonar verzlunar í hinni umþrættu lóðarspildu til tryggingar á eftirstöðvum af skuld til verzlunarinnar, samkvæmt skuldabréfi útgefnu 2. janúar 1906 af Jóni Halldórssyni á Seljabrekkunaustum með veði í 15 hndr. f. m. í eignarjörð hans Kirkjubóli, að upphæð 539 krónur 74 aur.

Ennfremur hefir áfrýjandi með viðaukastefnu, dags. 16. febr. f. á. stefnt bæjarfógeta Magnúsi Torfasyni sem uppboðshaldara á eigum dánarbús Jóns Halldórssonar, og gert þá varakröfu, að hann verði dæmdur til að greiða 962 kr. 50 a. eða upphæð þá, er rétturinn eða dómkvaddir menn meta, ef kröfurnar á hendur aðalstefnda Halldóri Jónssyni yrðu ekki teknar til greina.

Máli þessu lauk svo fyrir gestaréttinum 16. ágúst f. á. að hinir stefndu Halldór Jónsson og Magnús bæjarfógeti Torfason voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. okt. f. á. og gert hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti; svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Fyrir hönd stefnda, Halldórs Jónssonar, sem hefir fengið gjafvörn fyrir yfirrétti og skipaðan málfærslumann, hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði dóm-

ur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Bæjarfógeti Magnús Torfason hefir sömuleiðis krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Ennfremur hefir hann krafist þess, að áfrýjandi yrði sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Tildrög máls þessa eru þau, að á uppboði, sem haldið var 14. maí 1912 á eftirlátnum eigum Jóns Halldórssonar á Naustum, keypti áfrýjandi Sigfús Daníelsson fyrir hönd Á. Ásgeirssonarverzlunar á Ísafirði 20 hndr. 31 $^{67}/_{78}$ al. n. m. í jörðinni Kirkjubóli í Skutulsfirði, og var uppboðsafsal gefið út fyrir eigninni 16. okt. s. á. og þinglesið 26. maí 1913; er í afsalinu kveðið svo að orði, að kaupandi hirði öll afgjöld og afrás eignarinnar frá fardögum 1912 og að eignin sé afsöluð með þeim réttindum og kvöðum, sem á hvíldu þegar uppboðið fór fram. Á sama uppboði keypti stefndi Halldór Jónsson, íbúðarhús á Seljabrekkunaustum »með lóðarréttindum«, girðingu, fjárhús o. fl og fekk hann afsal fyrir eignum þessum 7. júní 1912, og var það þinglesið daginn eftir. Í afsali þessu er kveðið svo að orði, að Halldór Jónsson hafi orðið hæstbjóðandi að húsum, girðingum og lóðarréttindum, eins og hinn dáni hafi notfært sér þau, þar á meðal túnblettur ræktaður og beit fyrir kindur, og er eignum þessum afsalað með sömu kjörum og réttindum og hinn dáni hafði haft til fullrar eignar.

Eftir að Á. Ásgeirssonar verzlun var orðin eigandi nefndra 20 hndr. 31 67/78 al. úr Kirkjubóli krafði verzlunin, ásamt Tryggva Pálssyni, sem er eigandi að þeim hluta jarðarinnar, sem verzlunin ekki á, stefnda um lóðargjald fyrir húseign hans og túnblett á Seljabrekkunaustum, en stefndi neitaði að greiða gjöld þessi, með því að hann hefði keypt húsin og lóðina til fullrar eignar, svo sem standi í uppboðsafsali hans, sem áður er nefnt.

Áfrýjandi telur hins vegar nefnt uppboðsafsal ólögmætt og ógilt gagnvart sér, að svo miklu leyti sem það heimili stefnda Halldóri Jónssyni meiri rétt en uppboðsgerðin sjálf sýni að selt hafi verið. Nú standi í uppboðsgerðinni að selt sé íbúðarhús »með lóðarréttindum«, en þegar svo sé að orði komist sé aldrei átt við að lóðin sé seld sem eign, heldur sé með þessum orðatiltækjum ávalt átt við leigulóðir, og réttindi þau, sem fylgt hafi húsinu, séu því í fylsta lagi þau, að húsið fái að standa á lóðinni gegn vanalegu afgjaldi. Um túnblettinn heldur áfrýjandi því sérstaklega fram, að það sé mjög óeðlilegt að hann hafi átt að fylgja húsinu og verða fráskilinn jörðinni og í uppboðsgerðinni sé hvergi drepið á að þurrabúð þessari eigi að fylgja afgjaldsfrí beitarréttur fyrir sauðfé.

Um túnblett þennan, er gefur af sér um 10 hesta af töðu, er það upplýst í málinu, að íbúðarhúsið, sem selt var á uppboðinu, stendur á honum og að hann hefir verið ræktaður út frá þessu þurrabúðarbýli og ætíð notaður at þeim, er átti húsið. Það verður því að teljast eðlilegast, að túnblettur þessi, úr því hann

var ekki sérstaklega undanskilinn, hafi átt að fylgja íbúðarhúsinu og sé innifalinn í þeim lóðarréttindum, sem seld voru með því, en þar sem húsið var selt með lóðarréttindum er það ljóst, að ekki er hægt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndi Halldór Jónsson verði dæmdur til að víkja burt af lóðinni með hús sitt eða svifta hann afnotum túnblettsins.

Kemur þá til álita krafa áfrýjanda um greiðslu grunnleigu og lóðargjalds fyrir húseignina og afnot túnblettsins 30 kr. fyrir fardagaárið 1914—15 og til greiðslu beitartolls s. á. kr. 8.50.

Þótt það sjáist ekki ljóst af skjölum málsins verður að álíta að umrædd jarðeign 20 hndr. 31 $^{67}/_{78}$ ál. n. m. úr Kirkjubóli hafi verið seld samkvæmt ráðstöfun skiftafundar í dánarbúi Jóns Halldórssonar eða ráðstöfun skiftaráðanda fyrir búsins hönd. Í söluskilmálunum um eign þessa er skírskotað til eignar- og veðvottorðs um hana, er lagt var fram við hið 3ja og síðasta uppboð á eigninni, og verður að líta svo á, að jarðeign búsins hafi verið boðin upp og seld með þeim einum kvöðum og eignarhöftum, sem tilgreind eru í eignar- og veðbókarvottorðinu. Nú er það tekið fram, að ein þurrabúðarlóð hafi verið seld undan jörðinni og önnur þurrabúðarlóð gefin, en að öðru leyti er sagt að þáverandi ábúandi hirði æfilangt alla grunnskatta og aðrar tekjur af jörðinni. Ekki hefir nein skrá yfir grunnskattana verið lögð fram við uppboðið, að eins tekið fram að þeir séu þá fullar 100 kr. — Málsaðilum kemur saman um það, að þurrabúðarlóð sú, er hér ræðir um, sé hvorug þeirra lóða, er getið er um í eignar-

vottorðinu að sé seld eða gefin undan jörðinni, og hafði þá kaupandi ástæðu til að líta svo á, að ekki væri búið að gera þessa þurrabúðarlóð að sérstakri eign, fráskilda jörðinni.

Íbúðarhús það, er Jón heitinn Halldórsson á Seljabrekkunaustum bjó í, var að vísu selt á sama uppboðinu »með lóðarréttindum« án þess umboðsmaður Á. Ásgeirssonar verzlunar hreyfði neinum mótmælum gegn þeirri sölu, en þetta orðalag í uppboðsbókinni er út af fyrir sig engin sönnun þess, að lóðin hafi verið seld til eignar og afgjaldsfrí; þvert á móti verður að líta svo á, að þegar þannig er til orða tekið, þá sé átt við leigulóð. Kaupandi jarðeignarinnar hafði því ekki ástæðu til að ætla að um þessa þurrabúðarlóð giltu aðrar reglur en um aðrar þurrabúðarlóðir í landi jarðarinnar, en um þær yfirleitt er sagt í eignarvottorðinu að eftir þær sé goldin grunnleiga.

Í uppboðsafsalinu 7. júní 1912 er stefnda, Halldóri Jónssyni, svo sem áður hefir verið sagt, afsöluð húseignin á Seljabrekkunaustum »með sömu kjörum og réttindum og hinn dáni hafði haft til fullrar eignar«, en að svo miklu leyti sem afsal þetta kann að ganga lengra en uppboðsgerðin sýnir að selt var, verður afsalið að teljast ógilt gagnvart kaupanda jarðeignar búsins, með því að stefndi gagnvart honum getur ekki öðlast meiri rétt en liggur í orðum uppboðsgerðarinnar, og þótt afsalsbréf stefnda hafi verið þinglesið á undan afsali áfrýjanda getur þetta ekki veitt honum neinn frekari rétt gagnvart honum en uppboðið sjálft veitti stefnda, með því að hann

— stefndi — gat eigi búist við að öðlast frekari rétt við uppboðsafsalið en uppboðið veitti honum. Það er heldur eigi sannað að Jón heitinn Halldórsson hafi gert þurrabúð þessa að séreign, þannig að hún hafi verið gengin undan jörðinni fyrir fult og alt, og þótt vottorð hafi komið fram í málinu um það, að hann hafi ekki greitt neitt eftirgjald eftir þurrabúðarbýli þetta til ábúanda jarðarinnar, sem þó átti að fá alla grunnskatta, þá getur þetta ekki breytt réttarstöðu kaupanda, með því ekkert er fram komið um að þetta ástand ætti að haldast að Jóni Halldórssyni látnum, en hins vegar var það ekki óeðlilegt, að ábúandi, sem var sonur Jóns heitins, gengi ekki eftir eftirgjaldinu hjá föður sínum, er bygt hafi honum heimajörðina.

Það verður því að álíta að uppboðskaupandi Á. Ásgeirssonar verzlun og Tryggvi Á. Pálsson hafi rétt til að krefjast grunnleigu og lóðargjalds eftir hús stefnda, Halldórs Jónssonar á Seljabrekkunaustum, og afnot túnblettsins, og þar sem stefndi hefir ekki haldið því fram, að hið umkrafða gjald, 30 kr., sé hærra en venjulegt er að taka eftir þurrabúðarlóðir í Kirkjubólslandi ber að dæma stefnda til að greiða gjald þetta fyrir fardagaárið 1914—1915, og sama verður og að gilda um beitutollinn 8 kr. 50 a.

Eftir þessum úrslitum málsins er ekki þörf á að rannsaka varakröfu áfrýjanda um viðurkenningu á veðrétti Á. Ásgeirssonarverzlunar á hinni umþrættu lóðarspildu. Sama er og að segja um varakröfu áfrýjanda á hendur bæjarfógeta Magnúsi Torfasyni.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður bæði fyrir undirrétti og yfirdómi.

Að því leyti sem málið hefir verið rekið með gjafvörn vottast að málsfærslan hefir verið lögmæt og ber hinum skipaða málaflutningsmann stefnda, Halldórs Jónssonar, yfirréttarmálaflutningsmanni Þorsteini Þorsteinssyni 25 kr. í málflutningslaun, sem greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Halldór Jónsson, greiði áfrýjandanum Sigfúsi Daníelssyni f. h. Á. Ásgeirssonarverzlunar og Tryggva Á. Pálssonar umstefnda grunnleigu, lóðargjald og beitartoll fyrir fardagaárið 1914—1915 38 kr. 50 aur.

Stefndi Magnús Torfason bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Skipuðum talmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Þorsteini Þorsteinssyni greiðist málflutningslaun fyrir yfirdómi 25 kr. úr landssjóði.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. júní 1917.

Nr. 10/1917. Sigurður Þórðarson f. sýslum.
gegn
Sveini Guðmundssyni kaupm.

Dómur:

Áfrýjandinn, Sigurður Þórðarson fyrv. sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, höfðaði mál þetta fyrir aukarétti nefndrar sýslu gegn stefnda, Sveini kaupmanni og hreppsnefndarmanni Guðmundssyni í Mörk á Akranesi, fyrir meiðandi ummæli í símskeyti dags. 11. júní 1914, er hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi sendi stjórnarráðinu, og í skjali, er stefndi las upp í heyranda hljóði á manntalsþingi hreppsins 20. s. m. Í aukaréttinum lauk málinu með dómi, uppkveðnum 4. sept. f. á., þannig, að stefndi var sýknaður og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 25 kr. í málskostnað.

Eftir að málinu með dómi, uppkveðnum 5. febr. þ. á., hafði verið vísað frá yfirdóminum, hefir áfrýjandi nú aftur með stefnu, útgefinni 14. s. m., áfrýjað málinu og gert þær kröfur, að stefndi verði dæmdur fyrir meiðyrði í þyngstu sekt sem lög leyfa, svo og í sekt fyrir óþarfa þrætu og til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð, eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á aukaréttardómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Meiðyrðin, sem átalin eru í máli þessu, eru sem fyr segir í símskeyti til stjórnarráðsins og í skjali, er

stefndi las upp á manntalsþingi Ytri-Akranesshrepps. Símskeytið er svo látandi: »Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefir vanrækt að gefa úrskurð á sveitfestismáli sjúklingsins Ingibjargar Ingjaldsdóttur, fékk öll málsgögn í janúar, *drátturinn veldur vandræðum*; einnig í byggingarmáli Böðvars Þorvaldssonar; krefjumst þess, að stjórnarráðið gangist fyrir að úrskurður í málum þessum komi innan þriggja sólarhringa«. Vorið 1914 gat áfrýjandi eigi sjálfur haldið manntalsþing sökum vanheilsu, en fekk annan mann löggiltan til þess á sína ábyrgð. Á manntalsþingi Ytri-Akraneshrepps 20. júní s. á. kom stefndi fram með nefnt skjal, og krafðist þess að þinghaldarinn læsi það upp hátt þar á þinginu, og er því var neitað, las hann sjálfur upp skjalið fyrir þingheimi og afhenti það þinghaldara að því búnu til þess að það yrði látið fylgja þingbókinni en skjalið hljóðar svo: »Með allri virðingu fyrir þinghaldaranum, herra præp. hon. Jóhanni Þorsteinssyni, þá verð eg að lýsa sárri óánægju yfir að hér skuli ekki vera mættur samkvæmt landslögum og rétti þinghaldari með dóms- og úrskurðarvaldi. Þetta kemur sér því ver sem sýslumaður hefir vanrækt að afleggja úrskurði í afaráríðandi málum hér og ýms sáttakærumál fá engan enda eða dóm, auk fleiri spursmála, sem svara þarf strax. Svo bezt verða menn löghlýðnir og greiða opinber gjöld, að þeir finni réttlætið og skyldurækni þeirra, sem laganna eiga að gæta. Eg vona að hlutaðeigandi dóms- og úrskurðarvald hér í sýslu finni að hér er um ástæðu fyrir umkvörtun að ræða og láti því ekki hér eftir koma fyrir, að ástæða sé til

umkvörtunar fyrir vanrækslu í embættisrekstri og að hér þingi ætið úrskurðandi maður. Ofanritað krefst eg að sé innfært í þingbókina og lesið upp í vottanna áheyrn á þinginu í dag«.

Áfrýjandi meðtók 20. júní frá stjórnarráðinu símskeytið frá 11. júní til umsagnar og um efni skjalsins, er stefndi las upp á manntalsþinginu 20. júní, fekk áfrýjandi vitneskju, þegar það barst honum með þingbókinni 22. s. m. Áfrýjandi ritaði þá stjórnarráðinu bréf 24. s. m. og fór fram á að sakamálsrannsókn yrði hafin gegn stefnda samkv. 22. og 12. kap. hegningarlaganna, fyrir bersýnilega ranga kæru og árás á áfrýjanda sem embættismenn. Þessu bréfi var þó eigi svarað og ekki heldur tveimur öðrum bréfum, er áfrýjandi skrifaði 20. janúar og 12. apríl 1915 um sama efni. Tók áfrýjandi þá það ráð að skrifa skrifstofustjóra á 1. skrifstofu stjórnarráðsins, til að grenslast eftir hvað málinu liði og fekk það svar hjá honum, dags 7. júní s. á., að skjöl málsins fyndust ekki, þó að leitað hefði verið að þeim, en stjórnarráðið væri alráðið í því að höfða sakamál út af kæru áfrýjanda, og væri því áfrýjandi beðinn að senda eftirrit af henni ásamt gögnum þeim, er henni hefðu fylgt. — Með bréfi dags. 13. júlí 1915 fyrirskipaði stjórnarráðið sakamálsrannsókn gegn stefnda og öðrum manni í hreppsnefndinni út af kæru áfrýjanda, og var próf haldið í málinu 21. ágúst s. á., en með bréfi dags. 10. nóv. s. á. ákvað stjórnarráðið að láta frekari rannsókn falla niður með því skilyrði, að hinir kærðu greiddu áfallinn kostnað, og var þannig úrskurðað eftir tillögu

sýslumanns og að fenginni svo látandi yfirlýsingu frá stefnda: »Ummæli mín í símskeyti til stjórnarráðsins og eins í skjali, er upp var lesið á manntalsþingi 1914 í Ytri-Akranesshreppi og skilin hafa verið á þá leið, að í þeim fælist móðgandi aðdróttanir um embættisfærslu Sigurðar Þórðarsonar fyrverandi sýslumanns, voru ekki höfð í þessu skyni og afturkallast því«.

Áfrýjanda voru ekki birt þessi málalok, en hann hafði spurn af þeim, og ritaði þá stjórnarráðinu 20. nóv. s. á. beiðni um að fá eftirrit af úrskurðinum 10. nóv. og yfirlýsingu stefnda, og meðtók hann þessi eftirrit með bréfi dags. 2. desbr.; 23. s. m. ritaði hann aftur ráðherra og fór fram á, að hann léti taka málið upp aftur og ítrekaði þá beiðni í bréfi 17. jan. f. á., en með bréfi ráðherra dags. 27. s. m. meðtók hann það svar, að sitja yrði við ákvörðun stjórnarráðsins frá 10. nóv., að málið skyldi falla niður. Áfrýjandi höfðaði þá þetta mál, sem fyr segir. Var sáttakæra í því útgefin 24. febr. og stefna 13. marz f. á., en fyrirtektar-áteiknun sýslumanns á stefnunni er dagsett 14. apríl næst á eftir.

Ummæli stefnda um áfrýjanda í hinum tilvitnuðu skjölum, brigsl um vanrækslu í embættisrekstri og aðdróttanir um skort á skyldurækni og réttlæti eru mjög ærumeiðandi, ekki sízt af því, að þau eru viðhöfð í skjali til stjórnarráðsins og lesin upp á manntalsþingi í viðurvist margra manna. Í vörn sinni fyrir aukaréttinum leitaðist stefndi við að réttlæta ummæli sín og sýna fram á að með þeim væri ekkert ofsagt, en af málfærslu hans eða öðru, sem fram er komið

í málinu, verður eigi séð, að hann hafi haft neina ástæðu eða heimild fyrir áburði sínum á áfrýjanda, enda hefir hann fyrir yfirdóminum aðallega borið fyrir sig þá sýknunarástæðu, sem aukarétturinn tók til greina, að sök á hendur honum væri fyrnd samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Heldur hann því fram, að þar sem áfrýjandi hafi 20. og 22. júní 1914 fengið vitneskju um sakarefnið, en ekki byrjað þetta mál fyr en með sáttakæru 24. febr. og stefnu 14. apríl 1916, hafi sökin verið fyrnd samkvæmt nefndri lagagrein, og um það hafi afskifti stjórnarráðsins af málinu að engu haggað með því að sökin hafi verið fyrnd áður en þau afskifti byrjuðu. Og þó að svo yrði litið á, að afskifti stjórnarráðsins hefðu stöðvað fyrningu og áfrýjanda hefði, í samræmi við sömu lagagrein verið heimill 3ja mánaða frestur eftir að sakamálsrannsóknin féll niður samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 10. nóv. 1915, til að höfða mál, þá hafi sá frestur einnig verið liðinn þegar áfrýjandi byrjaði þetta mál.

Þegar er áfrýjandi fekk vitneskju um hin átöldu meiðyrði, sendi hann stjórnarráðinu, svo sem fyr getur, kæru eða málaleitun um, að málið yrði tekið upp sem sakamál, og sinti stjórnarráðið þeirri málaleitun með því að fyrirskipa sakamálsrannsókn út af henni; að vísu var sú skipun eigi gefin út fyr en 13. júlí 1915 og rannsókn eigi hafin fyr en 21. ágúst s. á., en áfrýjandi hafði með fyrgreindu bréfi frá 1. skrifstofu stjórnarráðsins 7. júní s. á. fengið ábyggilega vitneskju um, að valdstjórnin væri alráðin í að láta

málið til sín taka, enda hafði hann gert sér alt far um að fá úrskurð stjórnarráðsins um málið svo tímanlega, að hann gæti rekið sjálfur réttar síns, ef málið yrði eigi tekið upp af hálfu hins opinbera. Málið var þannig í höndum valdstjórnarinnar frá því er stjórnarráðinu barst kæra áfrýjanda og þar til er það með úrskurðinum 10. nóvbr. ákvað að láta það falla niður, og eftir að áfrýjandi 7. júní hafði fengið að vita, að stjórnarráðið væri alráðið í að láta höfða sakamál út af kærunni, hafði hann enga ástæðu til að ætla, að hætt yrði við málið án þess það væri leitt til lykta með dómi. Eftir þessum málavöxtum virðist því mega meta kæru áfrýjanda til stjórnarráðsins, að því er til fyrningar kemur hinna átöldu ummæla samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, til jafns við stefnu í einkamáli, og úrskurð stjórnarráðsins 10. nóv. til jafns við það, að sækjandi hefði hætt við málið. Það verður þá og í samræmi við nefnda lagagrein að líta svo á, að áfrýjanda hafi í 3 mánuði frá dagsetningu úrskurðarins 10. nóv. verið opin leið til að hefja einkamál. En nú heldur áfrýjandi því fram, að þennan 3ja mánaða frest beri eigi að telja frá 10. nóv. 1915, heldur frá 27. jan. 1916, þegar ráðherra í bréfi, dags. þann dag, tilkynti áfrýjanda, að beiðni hans um að úrskurðinum 10. nóvbr. yrði breytt og málið tekið upp aftur af hálfu valdsstjórnarinnar, yrði eigi tekin til greina. Í því tilliti bendir áfrýjandi á að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla að þessari beiðni hans yrði sint, af því *að* landritari hafi gefið út úrskurðinn í fjarveru ráðherra og á hans ábyrgð og ráðherra því verið málinu ókunn-

ugur, *að* úrskurðurinn sé rangur og ólöglegur og *að* ráðherra hafi verið bæði heimilt og skylt að leiðrétta hann. Það verður þó eigi fallist á, að rétt sé að telja áminstan 3ja mánaða frest frá síðarnefndum degi, en úrskurðurinn 10. nóv. 1915 verður að teljast fullnaðarúrslit málsins af hálfu ákæruvaldsins. Í því efni skiftir það eigi máli, hvort landritari gaf út úrskurðinn fyrir hönd ráðherra eða ráðherra gerði það sjálfur, og sama er um það, hvort úrskurðurinn er réttur eða lögum samkvæmur, með því að réttinum ber eigi að dæma um það. Bréf ráðherra 27. jan. f. á. verður þá eigi talið nýr úrskurður, heldur aðeins tilkynning um að sitja skuli við úrskurðinn frá 10. nóvbr.

Samkvæmt framansögðu álízt áfrýjandi eigi hafa höfðað mál þetta í tækan tíma, hvort sem talið er til sáttakærudags 24. febr. eða stefnudags 14. apríl f. á. Sökin telst því fyrnd samkvæmt margnefndri hegningarlagagrein, og verður þá eigi komist hjá að sýkna stefnda af þeirri ástæðu af kærum og kröfum áfrýjanda.

Að athuguðum öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sveinn kaupmaður Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar

Þórðarsonar fyrverandi sýslumanns, í þessu máli. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. júní 1917.

Nr. 8/1917. Jón Árnason
gegn
Hallgrími Benediktssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Hallgrímur Benediktsson umboðssali í Reykjavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jóni Árnasyni kaupmanni sama staðar til greiðslu á skuld að upphæð 421 kr. 68 aur. ásamt vöxtum og málskostnaði. Með dómi nefnds réttar uppkveðnum 18. jan. þ. á. lauk máli þessu svo, að áfrýjandi Jón Árnason var dæmdur til að greiða stefnda 362 kr. 75 a. með 6% ársvöxtum frá 14. jan. 1916 til greiðsludags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. febr. þ. á. og krafist þess aðallega, að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda Hallgríms Benediktssonar, en til vara að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 35 kr. 78 a. og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann þess, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi hvernig sem málið fer.

Stefndi hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 30. marz þ. á. og krafist þess, að kröfur hans fyrir undirrétti verði að öllu leyti teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Hin umstefnda skuld stafar frá verzlunarviðskiftum málsaðila, en þau voru í því fólgin, að á árunum 1912—1915 fekk áfrýjandi ýmsar vörur til verzlunar sinnar hjá stefnda. Í undirrétti lagði stefndi fram sundurliðaðan reikning yfir viðskiftin frá upphafi, og samkvæmt þeim reikningi skuldaði áfrýjandi honum við árslok 1915 421 kr. 68 au., er hann krafðist dóms fyrir, en í undirrétti var krafan færð niður um 58 kr. 93 au. og fekk hann dóm fyrir eftirstöðvunum 362 kr. 75 a.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi á því, *að* verð steinolíu 26. sept, 1912 sé ofreiknað um 220 kr., *að* honum séu vanfærðar til tekna 27. júní 1912 65 kr. og 29. des. 1915 13 kr., *að* vextir séu sér ranglega færðir til skuldar, með því hann hafi aldrei skuldað stefnda neitt, og loks *að* hann ófyrirsynju hafi greitt stefnda 61 kr. fyrir vörusendingu, sem aldrei hafi komið fram, en stefndi hafi verið skyldur til að vátryggja.

Hvað hina síðustu aðfinslu snertir verður hún ekki tekin til greina, með því áfrýjandi hefir engin rök fært fyrir henni.

Hinn 26. sept. 1912 fekk áfrýjandi hjá stefnda 90 tn. af steinolíu; þar af er í reikningi stefnda 50

tn. reiknaðar á 24 kr. 50 au. hver tunna, en 40 tn. á 30 kr. hver. Áfrýjandi heldur því nú fram, að hinar fyrnefndu 50 tunnur hafi stefndi útvegað honum, en hinar síðarnefndu 40 tn. hafi hann fyrir þrábeiðni stefnda tekið af honum, og hafi svo verið umsamið, að verð á hverri steinolíutunnu skyldi vera 24 kr. 50 a.; sé því verðið á þessum 40 olíutunnum ofreiknað um 5 kr. 50 a. fyrir hverja tunnu eða alls um 220 kr. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hann hafi útvegað áfrýjanda þessa olíu eftir beiðni hans, hafi hver tunna kostað 30 kr. og hafi hann látið áfrýjanda fá hana fyrir sama verð. Þessu til styrktar hefir stefndi lagt fram vottorð frá kaupmanni þeim, er hann keypti olíuna hjá, og tekur kaupmaður þessi fram í vottorðinu, að hann hafi selt stefnda 40 tunnur af steinolíu í sept. 1912 á 30 kr. tunnuna og að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi hafi keypt olíu þessa handa áfrýjanda. Gagnvart þessu hefir áfrýjandi engar sannanir fært fyrir því, að samið hafi verið um 24 kr. 50 a. verð fyrir tunnuna, og þar sem áfrýjandi auk þess hefir engar sannanir fært fyrir því, að verð það, sem stefndi hefir krafist fyrir olíuna, hafi verið óeðlilega hátt eftir þáverandi markaðsverði, verður krafa áfrýjanda um niðurfærslu á steinolíuverðinu ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefir viðurkent að hann hafi fengið að láni hjá stefnda þær 65 kr., er hann er skuldaður fyrir 27. júní 1912, en áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi endurgreitt upphæðina samdægurs, og hafi samimaður tekið við peningunum, sem lét þá af hendi. Með því að áfrýjandi hefir eigi með því að leiða

mann þennan sem vitni eða á annan hátt leitast við að sanna að hann hafi endurgreitt peningana, er ekki hægt að taka framburð hans til greina gegn mótmælum stefnda. Hins vegar kannast stefndi við að áfrýjandi eigi hjá sér þær 13 kr., er áfrýjandi telur að stefndi hafi vanrækt að telja honum til tekna 29. desember 1915, en hann heldur því fram að þessi upphæð hafi með samþykki áfrýjanda verið færð honum til tekna í janúar 1916. Þessa upphæð, er stafar frá viðskiftum málsaðila á þeim tíma, sem um er stefnt, ber að draga frá kröfu stefnda, er tekin var til greina í hinum áfrýjaða dómi.

Í gagnsökinni krefst stefndi, að bæjarþingsdómnum verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þar samtals 58 kr. 93 au., er dregnar voru frá kröfu hans í undirrétti. Eru það 18 kr. fyrir súkkulade og 34 kr. 44 a. fyrir »vasquit og konsum«, sem stefndi hefir skuldað áfrýjanda fyrir í maí og júní 1912, svo og vextir af þessum upphæðum árin 1914 og 1915 kr. 6.49. Þessar vörur hefir áfrýjandi afdráttarlaust neitað að hafa fengið hjá stefnda. Til sönnunar því að áfrýjandi hafi fengið vörur þessar, hefir stefndi hér fyrir réttinum lagt fram staðfestan útdrátt úr höfuðbók sinni árið 1912, og telur hann þetta fulla sönnun þess, að áfrýjandi hafi fengið vörurnar, með því bækur sínar séu færðar lögum samkvæmt, en með því enginn staðfestur útdráttur úr frumbók stefnda hefir verið lagður fram, en hin framlagða útskrift úr höfuðbók hans verður ekki talin næg sönnun í þessu efni, ber að taka

neitun áfrýjanda til greina, sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeirri breytingu einni að frá dómsupphæðinni kr. 362.75 ber að draga áðurnefndar 13 kr., og ber áfrýjanda þannig að greiða stefnda 349 kr. 75 a. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. — Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jón Árnason greiði stefnda Hallgrími Benediktssyni 349 kr. 75 a. með 6% ársvöxtum frá 14. janúar 1916 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. júní 1917.

Nr. 24/1917. Þorgeir Pálsson fyrir hönd hlutafélagsins »Njörður«
gegn
Elíasi Stefánssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Eggert Ólafsson« og Halldóri Þorsteinssyni.

Dómur:

Þegar botnvörpuskipið »Njörður«, eign samnefnds hlutafélags hér í bænum, var að veiðum í Faxaflóa á svonefndu Sviði 30. sept. f. á., vildi það til, að vírstrengur vatst um skrúfu skipsins og skrúfuás, svo að skrúfan gat eigi snúist til að hreyfa skipið áfram. Á sömu stöðvum skamt þaðan var einnig við veiðar botnvörpuskipið »Earl Hereford«, eign fiskihlutafélagsins »Eggert Ólafsson« hálft, en hálft Halldórs skipstjóra Þorsteinssonar. Þessu skipi gerði »Njörður« bendingu um að hann væri hjálparþurfi; sneri þá »Earl Hereford« þangað, og varð það að samningi milli skipstjóranna, að »Earl Hereford« drægi »Njörð« til Reykjavíkur, en ekki sömdu þeir um borgun, með því að skipstjórinn á »Earl Hereford« treysti sér ekki til að ákveða hana. Byrjaði drátturinn kl. $4^{3}/_{4}$ síðdegis og gekk tálmunarlaust, voru bæði skipin komin á Reykjavikurhöfn kl. $6^{1}/_{2}$ síðdegis nefndan dag. Fyrir þessa hjálp kröfðust eigendur »Earl Hereford« 25000 kr. björgunarlauna af eigendum »Njarðar« og er þeirri kröfu var eigi svarað, en vátryggjendur »Njarðar« fyrir sitt leyti kusu, að borgunin, er eigendum »Earl Hereford« bæri, væri ákveðin með dómi, höfðuðu hinir stefndu þetta mál fyrir sjódómi Reykjavíkur gegn stjórnendum h/f. »Njörður«, þeim Þorgeiri Pálssyni, Jóhanni Þorsteinssyni og Finni Finnssyni fyrir hönd félagsins til greiðslu á 25000 kr. björgunarlaunum, og lauk málinu þar með dómi uppkveðnum 20. febr. þ. á., á þá leið, að h/f. »Njörður« skyldi greiða eigendum »Earl Hereford« 15000

kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir Þorgeir Pálsson framkvæmdarstjóri fyrir hönd h/f. »Njörður« skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. febr. þ. á. og gert þær kröfur, að dómnum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrétti verði allar teknar til greina, að hann verði algerlega sýknaður gegn því að greiða stefndu hæfilega þóknun eftir mati réttarins fyrir ómak það og tilkostnað, er »Earl Hereford« hafði af því að draga »Njörð« af Sviðinu inn á Reykjavíkurhöfn með sérstöku tilliti til kolaeyðslu og tafa frá fiskiveiðum; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Af hálfu hinna stefndu er málinu einnig áfrýjað með gagnstefnu útgefinni 21. apríl þ. á. og þess krafist, að dómnum verði breytt þannig, að allar kröfur þeirra fyrir sjódóminum verði teknar til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum.

Þar sem málsaðilar eigi hafa getað komið sér saman um borgun þá, er greiða bæri fyrir hjálpina, er »Njörður« þáði af »Earl Hereford«, þá ber þeim einkum það í milli, hvort »Njörður« hafi verið í hættu og í svo verulegri neyð, að hann hefði eigi með eigin tækjum getað séð sér borgið til hafnar eða á annan öruggan stað til að fá vírstrenginn losaðann af skrúfunni, svo að hin veitta hjálp verði að teljast björgun í þeim skilningi, sem átt er við í 10.

kap. siglingalaganna 30. nóv. 1914, eða hér hafi aðeins verið um að ræða minni háttar hjálp, drátt á skipi, sem eigi var í hættu statt eða neyð, stutta leið til hafnar, sem eigi verði talin björgun slík, sem ráð er fyrir gert í siglingalögunum.

Hinir stefndu eigendur »Earl Hereford« telja það vafalaust, að »Njörður« hafi verið staddur í neyð, enda hafi hann gert »Earl Hereford« neyðarbendingu um að koma til hjálpar við hann og, eins og komið var, hafi »Njörður« eigi getað hreyft sig úr stað og átt það á hættu, ef veður spiltist skjótt, sem viðbúið hafi verið um það leyti árs, að reka í land, sem hafi verið á þrjá vegu frá honum og ekki langt frá, en hins vegar hafi hann verið svo langt úti, að mjög erfitt hafi verið um samband við land til að fá aðra hjálp.

Aftur á móti neita áfrýjendur því eindregið, að um björgun sé að ræða eða »Njörður« hafi verið í neyð; í því efni segja þeir, að það sanni ekkert, að »Njörður« beiddi »Earl Hereford« að draga sig, því að skipstjóranum á »Nirði« hafi eigi dottið í hug, að borgunin fyrir þann greiða yrði önnur en hæfileg þóknun fyrir dráttinn á skipinu inn á Reykjavíkurhöfn, og ef honum hefði komið til hugar, að borgunin yrði svo há, sem krafist er í þessu máli, þá hefði hann haft önnur ráð; þar til telja þeir fyrst, að skipið mundi hafa getað komist hjálparlaust til Reykjavíkur, því að skipsskrúfan hafi getað snúist, þó að vírstrengurinn væri undinn um hana, og þó að skipið hefði eigi getað hreyfst úr stað, mundi það eigi hafa verið í hættu eða neyð, þó að »Earl Hereford«

hefði eigi komið til; skipið hafi verið statt á ca. 20 faðma dýpi, haft örugg legufæri og getað legið óhult við akkeri að minsta kosti næstu daga, þar sem það var komið, en skipaferðir hafi þá verið svo tíðar til og frá Reykjavík um þessar slóðir, að auðvelt hafi verið að fá aðstoð til að draga skipið þangað; þá hefði skipstjóranum og verið innan handar, þar sem »Njörður« hafi aðeins verið 7.9 mílufjórðunga frá Akranesi, að senda þangað menn á skipsbátnum og símleiðis þaðan að kveðja sér hjálp frá Reykjavík gegn fyrirfram umsamdri borgun.

Þegar »Njörður« kom til Reykjavíkur 30. sept., var kafari frá björgunarskipinu »Geir« fenginn til að losa vírstrenginn frá skrúfunni. Samkvæmt skýrslu hans, sem eigi hefir verið véfengd, var vírstrengurinn undinn 12 sinnum um skrúfuásinn og lykkja af strengnum hafði lagst um eitt skrúfublaðið, svo að skrúfan stöðvaðist. Ennfremur segir kafarinn, að verið geti að tekist hefði, með því að hreyfa vélina ýmist áfram eða aftur á bak, að brjóta vírstrenginn, en fyr en það var gjört hafi skipinu eigi orðið siglt; og þó að strengurinn hefði slitnað, hafi eigi verið hættulaust að sigla skipinu með strengnum um skrúfuna, því að það hefði getað valdið skemdum á skipinu og leka.

Þegar nú svo var komið fyrir skipinu, sem hér er lýst, verður að líta svo á, að það hafi verið statt í neyð, og þó að eigi væri vegna veðurs eða afstöðu skipsins við land, yfirvofandi hætta á því, að það skemdist eða týndist, þá bar þó nauðsyn til að því væri leitað hjálpar tafarlaust. Það verður því að

fallast á, að aðstoð sú, er »Earl Hereford« veitti »Nirði« 30. sept. f. á. með því að draga hann til Reykjavíkur, beri að meta björgun samkvæmt 10. kap. siglingalaganna.

Um verð skipanna »Njarðar« og »Earl Hereford« er eigi upplýst í málinu annað en það, að »Njörður« var vátrygður gegn venjulegri sjávarhættu fyrir 170.000 kr. og gegn stríðshættu fyrir 300.000 kr. Staðhæfingu stefndu um að síðarnefnt skip hafi verið alt að 390.000 kr. virði með afla, kolum, veiðarfærum o. fl., sem í því var, hafa áfrýjendur mótmælt. Eftir ómótmæltri skýrslu stefndu var mikill fiskur fyrir þar sem »Earl Hereford« var að veiðum og taldi hann sér vísan mikinn afla, er hann varð að yfirgefa meðan hann hjálpaði »Nirði«. Hins vegar er það viðurkent, að »Earl Hereford« hefði, að lokinni björgun, getað komist aftur á fyrri fiskistöðvar sínar svo fljótt, að hann hefði eigi tafist meir en 4 klukkustundir alls frá veiðum.

Eftir atvikum þeim, er að framan greinir, og þegar sérstaklega er athugað annars vegar verðmæti hins bjargaða skips og að það var svo nauðuglega statt, að lítil líkindi voru til að það hefði getað séð sér farborða af eigin rammleik, og hins vegar, að björgunin tók stuttan tíma, að fyrirhöfnin var lítil, að björgunarskipinu, björgunarmönnum eða eignum þeirra var eigi stofnað í hættu og skipið lagði eigi annað í sölurnar en fárra klukkustunda afla og aukna kolaeyðslu, virðist hæfilegt að ákveða björgunarlaunin með skírskotun til 230. siglingalaganna 8000 kr.,

er áfrýjanda ber að greiða hinum stefndu með 5% ársvöxtum frá 27. okt. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Þorgeir Pálsson fyrir hönd hlutafélagsins »Njörður« greiði hinum stefndu, Eliasi Stefánssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Eggert Ólafsson« og Halldóri Þorsteinssyni 8000 kr. með 5% ársvöxtum frá 27. okt. 1916 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. júlí 1917.

Nr. 34/1917. Páll Jónsson
fyrir hönd Ásmundar Eiríkssonar
gegn
Sigurði Ingimundarsyni
og Eiríki Einarssyni.

Dómur:

Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður hefir fyrir hönd hinna stefndu, Sigurðar Ingmundarsonar kaupmanns á Stokkseyri og undirdómarans Eiríks Einarssonar, setts sýslumanns í Árnessýslu, sem stefnt er til ábyrgðar fyrir meðferð hans á þessu máli, lagt fram í yfirdóminum yfirlýsingu, dags. 18. maí þ. á., frá áfrýjanda, Ásmundi bónda Eiríkssyni á Apavatni, með árituðu samþykki stefnda, Sigurðar Ingimundarsonar, um að þeir hafi sæst á málið og að það því skuli falla niður að fullu og öllu, svo og tilkynningu frá Ásmundi Eiríkssyni til málflytjanda hans, Páls Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, dags. s. d., um að sætt sé komin á málið og umboð hans (Páls Jónssonar) því afturkallað, og ennfremur skjal frá áfrýjanda Ásmundi Eiríkssyni til Páls Jónssonar, dags. 23. s. m., þar sem ítrekuð er afturköllun umboðsins og Páli Jónssyni bannað að gera nokkuð frekara í málinu.

Samkvæmt þessum skjölum er þess krafist af hálfu hinna stefndu, að mál þetta sé hafið.

Þessari kröfu hefir nefndur Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður mótmælt og fært til þær ástæður, að Ásmundur Eiríksson hafi eigi umráð á málinu, með því hann hafi fengið sér umboð, dags 5. okt. f. á., til að innheimta skuld þá, er mál þetta er risið af, og gert við sig þannig lagaðan samning um laun fyrir innheimtuna, að hann geti eigi aftur kallað umboðið eða hafið málið án síns samþykkis fyr en hann hafi fullnægt kröfum sínum eftir þeim samningi. Ennfremur heldur Páll Jónsson því fram,

að hann eigi einn óskerta aðild málsins að því er snertir hinn stefnda undirdómara.

Þessi mótmæli eiga ekki við rök að styðjast og verða ekki tekin til greina. Það verður að teljast vafalaust, að stefnda Sigurði Ingimundarsyni beri engin skylda til að sætta sig við, að haldið sé áfram málarekstri gegn honum um deiluefni, er hann hefir sætst á við gagnaðila, og Páll Jónsson hefir eigi sýnt fram á, að Ásmundur Eiríksson hafi afsalað sér í hendur honum umráðum yfir málinu að fullu og öllu, svo að hann hafi brostið vald til að sættast á það við stefnda, án samþykkis umboðsmannsins, því að umboðsskjalið, sem Páll vísar til, verður eigi skilið á þann veg, og þó að þeir Ásmundur Eiríksson hafi gert samning um laun umboðsmannsins fyrir innheimtu á skuldinni, er sá samningur stefnda óviðkomandi en varðar aðeins samningsaðila. Að því er til undirdómarans kemur, verður málið að sæta sömu úrslitum, með því eigi verður litið svo á, að Páll Jónsson eigi neina aðild fyrir sjálfan sig, að því er snertir kröfurnar á hendur undirdómaranum í þessu máli, enda er dómaranum stefnt fyrir hönd Ásmundar Eiríkssonar en ekki í nafni Páls Jónssonar.

Það ber samkvæmt þessu að taka til greina kröfu hinna stefndu og hefja þetta mál.

Málskostnaðar fyrir yfirdómi hafa hinir stefndu ekki krafist, og er rétt að hann falli niður.

Um málfærslumann stefndu, Odd Gíslason yfirréttarmálaflutningsmann, hefir Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður í sóknarskjali hér fyrir réttinum farið ýmsum svæsnum brigzlyrðum, farast hon-

um meðal annars þannig orð: »öll framkoma hans (Odds Gíslasonar) í því (þessu máli) er samtengd »Vigen fra Ret og Retfærdighed og med Raad (og Daad) Befordren af urètfærdig Sag«. — »Eg fæst eigi um þá snyrtimensku Odds að fara á bak við mig með alt þetta, þótt það eitt útaf fyrir sig gerði hann óhæfan meðal heiðvirðra manna í öllum siðuðum löndum, en hitt verður eigi nógsamleg vítt, að hann gengst fyrir samtökum til þess að láta slíkan glæfragosa sem Sigurður Ingimundarsonur er féfletta einfaldan og ístöðulausan sveitabónda í þeim einum tilgangi að breiða yfir líti og vammir annara«. Fyrir þennan ósæmilega ritháttt verður málaflutningsmaðurinn að sæta sekt, er ákveðst 40 kr. og greiðist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta skal hafið. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður sæti 40 kr. sekt er lúkist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. júlí 1917.

38/1917. Ingibjörg Finnsdóttir
gegn
Birni Sigfússyni.

Dómur:

Mál þetta átti að falla í rétt samkvæmt áfrýjunarstefnunni 25. f. m., en þá mætti áfrýjandi eigi og enginn af hennar hendi og var stefnan eigi lögð fram í yfirdóminum. Aftur á móti mætti þá í yfirdóminum af stefnda hálfu samkvæmt stefnunni yfirréttarmálafiutningsmaður Guðmundur Ólafsson og krafðist kosts og tæringar handa stefnda. Ber að taka þá kröfu til greina samkvæmt N.L. 1—4—34 og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6 krónur sem ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Ingibjörg Finnsdóttir greiði stefnda Birni Sigfússyni umboðsmanni á Kornsá 6 kr. í ómakshætur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júlí 1917.

47/1917. Björn Gíslason
gegn
forsætisráðherra Jóni Magnússyni
f. h. landssjóðs og fyrv. ráðherra
Einari Arnórssyni prófessor.

Úrskurður:

Með stefndu útgefinni 24. maí þ. á. hefir dómsmálaráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 3. s. m. í máli, er Björn Gíslason bóndi á Ásgautsstöðum hafði höfðað fyrir bæjarþinginu gegn ráðherra Íslands f. h. landssjóðs og á stefnan að falla í rétt 10. sept. næstkomandi. Með stefnu dags. 18. f. m. hefir stefndi Björn Gíslason gagnáfrýjað málinu og stefnt forsætisráðherra Jóni Magnússyni fyrir hönd landssjóðs svo og fyrverandi ráðherra Einari Arnórssyni prófessor og féll stefna þessi í rétt 25. f. m. Þá er málið samkvæmt stefnunni kom fyrir réttinn lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda fram stefnuna og bað um vikufrest til málsútlistunar, með því að aktsútskrift af bæjarþingsgerðunum hefði ekki fengist afgreidd í tæka tíð.

Stefndi, Einar prófessor Arnórsson, mætti eigi við fyrirtekt málsins og enginn af hans hendi, en fyrir hönd landsstjórnarinnar mætti yfirréttarmálaflutningsmaður Guðmundur Ólafsson, og mótmælti hann að hinn umbeðni frestur yrði veittur.

Þar sem umboðsmaður hins stefnda ráðherra

hefir eigi véfengt skýrslu áfrýjanda um ástæðu þá, er frestbeiðnin byggist á, en hún var eftir eðli sínu áfrýjanda óviðráðanleg, virðist eigi næg ástæða til að neita um hinn umbeðna vikufrest.

Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist hinn umbeðni vikufrestur til málsútlistunar.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 14/1917. Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Hallgríms Guðjónssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Hallgríms Guðjónssonar, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupi hans 199 kr. 99 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður af kröfum hans, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði

dæmdur til að greiða sér 331 kr. 6 a. í skaðabætur, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Til vara krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati, og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði tildæmd í gagnmálinu og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Hallgríms Guðjónssonar 180 kr. 73 a. með 5% ársvöxtum frá 3. desbr 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málaflutningsmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málflutningslaun 35 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Hallgrími Guðjónssyni hefir verið veitt gjafvörn fyrir yfirdómi í máli þessu, og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 13. maí 1915, réðst stefndi, Hallgrímur Guðjónsson, ásamt 3 sjómönnum öðrum, hann sem vélarmaður, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 13. maí til 14. nóvbr. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 100 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Skyldi áfrýjandi greiða alt kaupgjaldið, að frádregnu því er hinn ráðni hefði fengið borgað af því á ráðningartímanum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli loforð sín og séu ekki frá verki fyrir veikindi eða annað.

Upp í kaup sitt 600 kr. kannaðist stefndi við að hafa fengið kr. 400.01, en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 199.99 höfðaði hann mál þetta eins og áður segir, en frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 3 daga, sem álitið var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 14.49 og vátryggingargjald kr. 4.77, er áfrýjandi hafði greitt fyrir hann.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfum stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og ekki unnið í 5 daga og vegna þessa verkfalls stefnda og annara háseta hafi mótorbátur sá, er stefndi var ráðinn á, ekki getað gengið til fiskiveiða í 5 daga. Telur áfrýjandi þetta svo mikið brot á ráðningarsamningnum, að stefndi hafi með því eigi aðeins fyrirgert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí, heldur hafi hann bakað áfrýjanda stórtjón, sem hann sé skyldur að bæta honum.

Það virðist nú ekki geta komið til nokkurra

mála að skilja svo ráðningarsamninginn 13. maí 1915, að með honum hafi verið ætlast til að útiloka alla kaupgreiðslu, ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein samningsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir, þar á meðal stefndi, hefðu fengið greitt upp í það á ráðningartímanum og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma, sem þeir hefðu verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir eigi haldið því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en 5 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupkröfu stefnda en hlutfallslegt kaup og ef til vill fæðispeninga fyrir nefnda 5 daga, eða það af þeim, sem stefndi kynni að hafa verið frá verkum, af ástæðum. sem áfrýjanda sé eigi um að kenna.

Skaðabótakröfu sína rökstyður áfrýjandi þannig, að hann hafi beðið tjón að upphæð kr. 1284.25 við það að báturinn hafi eigi gengið til fiskiveiða dagana 12.—16. júlí 1915 og telur hann að stefndi eigi að svara til $^1/_4$ hluta af þessari upphæð, eða kr. 321.06.

Stefndi hefir frá sinni hálfu mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar hafi fallið niður nokkra dag, með því að sjómennina hafi vanhagað um ým-

íslegt, er þeir þurftu á að halda, bæði peninga og annað, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, eins og venja sé þegar útgerðarmaður sé hvergi nærri, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem sjómennina hafi vanhagað um, og verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda í sama mund.

Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda »Málmey« hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af sjómönnum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda og til að reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómannanna, og þeir komið til Sandgerðis daginn eftir,—en þaðan gekk báturinn til fiskiveiða —, yfir höfuð hafi róðrar ekki lagst niður nema 3 daga. Hvað stefndasjálfan snertir tekur hann það fram, að hann hafi róið á mótorbátnum »Málmey«, er fór til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi hann verið settur upp í Slippinn og þar gert við hann, hafi viðgerðin tekið 2 daga og sé það með öllu tilhæfulaust, að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnum neitt fyr en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera annað en að stjórna vinnunni og að aðgerð á bátnum »Málmey«, hafi verið ónauðsynleg og aðeins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á umræddum mótorbát frá 12.—16. júlí 1915, en það virðast vera færð næg rök fyrir því, að þetta hafi meðfram stafað af því, að, báturinn hafi þurft viðgerðar; þannig hefir smiður sá, er gjörði við bátinn, gefið vottorð um það og staðfest fyrir rétti, að báturinn hafi verið ósjófær áður en hann gerði við hann. Til viðgerðarinnar gengu 2 dagar og verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ekki sé heimild til að draga af kaupi stefnda fyrir þá daga, sem hann beið eftir bátnum. Hins vegar hefir undirdómarinn talið rétt að draga frá kaupi stefnda hlutfallslegt kaup fyrir hina 3 dagana svo og fæðispeninga fyrir þá daga, en eins og málið liggur fyrir, verður ekki um það dæmt af yfirdóminum.

Eftir að viðgerðinni var lokið, var bátnum haldið áfram út til fiskiveiða með sömu áhöfn og áður, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa sjómennina áfram í þjónustu sinni eins og ekkert hefði í skorist út ráðningartímann, virðist áfrýjandi hafa samþykt að borga þeim umsamið kaup þeirra að honum loknum og þannig útilokað sig frá að koma fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því öllu og meiru til. — Hvað stefnda snertir er það auk þess ósannað, að hann hafi gert verkfall eða neitað að hlýða formanni sínum og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá þegar af þeirri ástæðu engin heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, og þar sem má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að málsfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Gísli Hjálmarsson greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálaflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 12/1917. Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Guðjóns S. Scheving.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður

Sveinn Björnsson, fyrir hönd Guðjóns Sveinssonar Scheving fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupi hans 300 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 331.06 í skaðabætur fyrir samningsrof og verkfall með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Til vara krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati, og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði tildæmd í gagnsökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Guðjóns S. Schevings 279 kr. 30 a. með 5% ársvöxtum frá 3. desbr. 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málaflutningsmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málflutningslaun 35 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo hefir hann krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Guðjóni S. Scheving hefir verið veitt gjafvörn

yrir yfirdómi í máli þessu, og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 13. maí 1915, réðst stefndi, Guðjón S. Scheving, ásamt 3 sjómönnum öðrum, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 13. maí til 14. okt. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 70 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Skyldi áfrýjandi greiða alt kaupgjaldið, að frádregnu því, er hinn ráðni hefði fengið greitt upp í það á ráðningartímanum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli loforð sín og séu ekki frá verki fyrir veikindi eða annað.

Upp í kaup sitt 350 kr. taldi stefndi sér greitt kr. 50.00, en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 300.00 höfðaði hann mál þetta eins og áður segir, en frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 3 daga, sem álitið var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 11,49, og vátryggingargjald kr. 3.96 og kr. 5.25, er áfrýjandi ómótmælt taldi sig hafa greitt stefnda umfram áðurnefndar 50 krónur.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfum stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og ekki unnið í 5 daga. Telur áfrýjandi þetta svo mik-

ið brot á ráðningarsamningnum, að stefndi hafi fyrirgert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí.

Það virðist nú ekki geta komið til mála að skijla svo ráðningarsamninginn 13. maí 1915, að til hafi verið ætlast að útiloka alla kaupgreiðslu, ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein samningsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir hafa fengið greitt upp í það á ráðningartímanum og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma, sem þeir hafa verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir eigi haldið því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en umrædda 5 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupkröfu hans en hlutfallslegt kaup og ef til vill fæðispeninga fyrir nefnda 5 daga, eða það af þeim, sem stefndi kynni að hafa verið frá verkum, af ástæðum, sem áfrýjanda sé eigi um að kenna.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að sökum verkfalls stefnda og annara háseta 12. til 16. júlí, hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á ekki getað gengið til fiskiveiða í 5 daga, en við það hafi hann farið á mis við tekjur af fiskiveiðum kr. 1284.25 og telur hann að stefndi eigi að svara til $^1/_4$ hluta af þeirri upphæð eða kr. 321.06.

Stefndi hefir frá sinni hálfu mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar hafi fallið niður nokkra daga, með því að sjómennina hafi vanhagað um ýmislegt, er þeir þurftu á að halda, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem sjómennina hafi vanhagað um, og verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda í sama mund.

Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda »Málmey« hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af sjómönnunum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda til að reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómannanna, og þeir komið til Sandgerðis daginn eftir, — en þaðan gekk báturinn til fiskiveiða —; yfir höfuð hafi róðrar ekki lagst niður nema 3 daga. Hvað stefnda sjálfann snertir tekur hann það fram, að hann hafi róið á mótorbátnum »Málmey«, er fór til Reykjavikur til viðgerðar, hafi báturinn verið settur upp í Slippinn og þar gert við hann, hafi viðgerðin tekið 2 daga og sé það með öllu tilhæfulaust, að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnum neitt fyr en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera annað en að stjórna vinnunni og aðgerð á mótorbátnum »Málmey», hafi

verið ónauðsynleg og að eins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á umræddum bát frá 12.—16. júlí 1915, en það virðast vera færð næg rök fyrir því, að báturinn hafi þurft viðgerðar; þannig hefir smiður sá, er gerði við bátinn, gefið vottorð um það, og staðfest fyrir rétti, að báturinn hafi verið ósjófær áður en hann gerði við hann. Til viðgerðarinnar gengu 2 dagar og verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ekki sé heimild til að draga af kaupi stefnda fyrir þá daga, sem hann beið eftir bátnum. Hins vegar hefir undirdómarinn talið rétt að draga frá kaupi stefnda hlutfallslegt kaup fyrir hina 3 dagana svo og fæðispeninga fyrir þá daga, en eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, verður þessu eigi breytt.

Eftir að viðgerðinni var lokið, var bátnum haldið út til fiskiveiða með sömu áhöfn og áður, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa sjómennina áfram í þjónustu sinni eins og ekkert hefði í skorist út ráðningartímann virðist áfrýjandi hafa samþykt að borga þeim umsamið kaup þeirra að honum loknum og gat hann þá ekki komið fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því öllu og meiru til. — Hvað stefnda snertir er það auk þess með öllu ósannað, að hann hafi gjört verkfall eða neitað að hlýða formanni sínum og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá þegar

af þeirri ástæðu engin heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, og þar sem fallast má á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að málsfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálaflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 11/1917.

Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Guðjóns Árnasonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður, Sveinn Björnsson fyrir hönd Guðjóns Árnasonar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupi hans 215 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður af kröfum hans, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 331,06 í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Til vara krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði tildæmd í gagnsökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Guðjóns Árnasonar 188 kr. 58 a. með 5% ársvöxtum frá 3. desember 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málaflutningsmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málflutningslaun 35 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms-

ins með stefnu útgefinni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo hefir hann krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Guðjóni Árnasyni hefir verið veitt gjafvörn fyrir yfirdómi í máli þessu, og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 15. maí 1915, réðst stefndi, Guðjón Árnason, ásamt 3 sjómönnum öðrum, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 15. maí til 16. nóv. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 85 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Skyldi áfrýjandi greiða alt kaupgjaldið, að frádregnu því, er hinn ráðni hefði fengið greitt upp í það á ráðningartímanum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli í alla staði loforð sín og séu ekki frá verkum fyrir veikindi eða annað og hlýði fljótt og vel kalli.

Upp í kaup sitt 510 kr. taldi stefndi sér greitt 295 kr. en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 215.00 höfðaði hann mál þetta eins og áður segir, en frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 5 daga, sem álitið var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 21,65 og vátryggingargjald kr. 4,77.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfum stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og

ekki unnið í 5 daga frá 12.—16. júlí. Telur áfrýjandi þetta svo mikið brot á ráðningarsamningnum, að stefndi hafi fyrirgert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí.

Það virðist nú ekki geta komið til mála að skilja svo ráðningarsamninginn 15. maí 1915, að til hafi verið ætlast með honum að útiloka alla kaupgreiðslu, ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein samningsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir hafa fengið greitt upp í það á ráðningartímanum og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma, sem þeir hafa verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir ei gihér fyrir réttinum haldið því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en umrædda 5 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupkröfu stefnda en hlutfallslegt kaup og fæðispeninga fyrir nefnda 5 daga, svo sem undirdómarinn hefir gert.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að sökum verkfalls stefnda og annara háseta 12. til 16. júlí, hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á ekki getað gengið til fiskiveiða í 5 daga, og hafi hann við það liðið tap, er honum telst til að hafi numið að því er stefnda snertir kr. 331,06 auk taps þess, sem hann hafi liðið við það, að landfólk hans hafi orðið at-

vinnulaust vegna þessa tiltækis sjómannanna um þann tíma sem ekki var róið.

Stefndi hefir frá sinni hálfu mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar lögðust niður nokkra daga, með því að sjómennina hafi vanhagað um ýmislegt, er þeir hafi þurft með, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem sjómennina hafi vanhagað um, og verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda um sama leyti.

Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af sjómönnunum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda til að reyna að ráða bót á ólagiuu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómannanna, og þeir komið aftur til Sandgerðis daginn eftir; yfir höfuð neitar stefndi því að róðrar hafi lagst niður meira en 3 daga, og hann neitar því að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnum neitt upp í kaup þeirra fyr en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera neitt annað en aðstjórna vinnunni og að viðgerð á mótorbátnum, er fór til Reykjavíkur, hafi verið ónauðsynleg og að eins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á bát þeim er stefndi var ráðinn á frá 12.—16. júlí 1915, og virðist orsökin til þess hafa verið missætti það, er kom upp milli sjómannanna og áfrýjanda um það leyti, er hann lét umboðsmann sinn í Sandgerði fara úr sinni þjónustu. En eftir að formennirnir á bátum áfrýjanda náðu fundi hans virðist samkomulag hafa komist á milli hans og sjómannanna, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa sjómennina áfram í þjónustu sinni eins og ekkert hefði í skorist út ráðningartímann, virðist áfrýjandi hafa samþykt að greiða þeim umsamið kaup þeirra að honum loknum og gat hann þá ekki komið fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því öllu og meiru til. — Hvað stefnda snertir er það auk þess ósannað, að hann hafi lagt niður vinnu eða neitað að hlýða formanni sínum, og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá þegar af þeirri ástæðu engin heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, og þar sem má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Það vottast að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálaflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 15/1917. Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Jóns Helgasonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Jóns Helgasonar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupi hans 216 kr. 33 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður af kröfum hans, og í gagnsökinni

krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 331, 06 í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Til vara krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði tildæmd í gagnsökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Jóns Helgasonar 178 kr. 41 a. með 5% ársvöxtum frá 3. desember 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málaflutningsmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málaflutningslaun 35 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum. Jóni Helgasyni hefir verið veitt gjafvörn fyrir yfirdómi í máli þessu, og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 15. maí 1915,

réðst stefndi, Jón Helgason, ásamt 3 sjómönnum öðrum, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 15. maí til 16. nóv. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 70 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Skyldi áfrýjandi greiða alt kaupgjaldið að frádregnu því, er hinn ráðni hefði fengið greitt upp í það á ráðningartím-anum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli í alla staði loforð sín og séu ekki frá verkum fyrir veikindi eða annað og hlýði fljótt og vel kalli.

Upp í kaup sitt 420 kr. taldi stefndi sér greitt 203,67, en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 216,33 höfðaði hann mál þetta eins og áður segir, en frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 5 daga, sem álitið var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 19.15 og vátryggingargjald kr. 4,77 og 14 kr., er stefndi hafði meðtekið upp í kaup sitt fram yfir þær kr. 203,67, er hann upphaflega taldi sér greiddar. Þegar þessar upphæðir eru dregnar frá kröfu stefnda kemur út upphæð dómsins 178,41.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfum stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og ekki unnið í 5 daga frá 12.—16. júlí. Telur áfrýjandi þetta svo mikið brot á ráðningasamningnum, að stefndi hafi fyrirgert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí.

Það virðist nú ekki geta komið til mála að skilja svo ráðningarsamninginn 15. maí 1915, að til hafi verið ætlast með honum að útiloka alla kaupgreiðslu

ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein samningsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir hafa fengið greitt upp í það og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma sem þeir hafa verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir eigi hér fyrir réttinum haldið því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en umrædda 5 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupi stefnda en hlutfallslegt kaup og fæðispeninga fyrir nefnda 5 daga, svo sem undirdómarinn hefir gert.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að sökum verkfalls stefnda og annara háseta 12. til 16. júlí, hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á, ekki getað gengið til fiskiveiða i 5 daga, og hafi hann við það liðið tap, er honum telst til að hafi numið, að því er stefnda snertir, kr. 331,06 auk taps þess, sem hann hafi liðið við það, að landfólk hans hafi orðið vinnulaust vegna þessa tiltækis sjómannanna um þann tíma sem ekki var róið.

Stefndi hefir hinsvegar mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar lögðust niður nokkra daga, með því að sjómennina hafi vanhagað um ýmislegt, er þeir hafi þurft með, en ráðsmaður áfrýj-

anda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til um nauðsynjar sínar, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem þá hafi vanhagað um, og hafi verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda um sama leyti. Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af hásetunum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda og reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómannanna, og þeir komið aftur til Sandgerðis daginn eftir; yfir höfuð neitar stefndi því að róðrar hafi lagst niður meir en 3 daga, og hann neitar því að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um samningsrof. Afrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnunum neitt upp í kaup þeirra fyr en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera neitt annað en að stjórna vinnunni og að aðgerð á mótorbátnum hafi verið ónauðsynleg og að eins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á bát þeim, er stefndi var ráðinn á, 12.—16. júlí 1915, og virðist orsökin til þess hafa verið missætti það, er kom upp milli sjómannanna og áfrýjanda um það leyti er hann lét ráðsmann sinn í Sandgerði fara úr þjónustu sinni. En eftir að formennirnir á bátum áfrýjanda náðu fundi

hans virðist samkomulag hafa komist á milli hans og sjómannanna, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa sjómennina áfram í þjónustu sinni út ráðningartímann eins og ekkert hefði í skorist, virðist áfrýjandi hafa samþykt að greiða þeim umsamið kaup að honum loknum og gat hann þá ekki komið fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því og meiru til. — Hvað stefnda snertir er það auk þess ósannað, að hann hafi lagt niður vinnu eða neitað að hlýða formanni sínum, og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá þegar af þeirri ástæðu ekki heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, og þar sem má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hana í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Það vottast að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Gísli Hjálmarsson greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins Björnsson-

ar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaðnr fyrir yfirdómi að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 17/1917. Gísli Hjálmarsson
gegn
Eyjúlfi Krákssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Eyjúlfur Kráksson sjómaður, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni hér í bænum, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af kaupi hans 212 kr. 25 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 256,85 með 6% ársvöxtum í skaðabætur fyrir samningsrof og verkfall eða til vara skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati; svo krafðist hann þess að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði dæmd í gagn-

sökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda kr. 193,33 með 5% ársvöxtum frá 3. desember 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málflutningsmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málflutningslaun 35 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi. Eyjúlfi Kráksyni hefir verið veitt gjafvörn fyrir yfirrétti og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 15. maí 1915, réðst stefndi, ásamt 3 sjómönnum öðrum, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 15. maí til 16. nóv. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 70 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Átti áfrýjandi að greiða alt kaupgjaldið að frádregnu því, er hinn ráðni hafði fengið greitt upp í það á ráðningartímanum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli í

alla staði loforð sín og séu ekki frá verkum fyrir veikindi eða annað og hlýði fljótt og vel kalli.

Upp í kaup sitt 420 kr. taldi stefndi sér greitt kr. 207,75, en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 212,25, höfðaði hann mál þetta eins og áður segir. Frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 4 daga, sem álitið var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 15,32 og vátryggingargjald kr. 3,60, sem áfrýjandi hafði greitt fyrir stefnda eða samtals kr. 18,92, og kemur út upphæð dómsins 193 kr. 33 aur.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfu stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og ekki unnið í 4 daga frá 12.—15. júlí. Telur áfrýjandi þetta svo mikið brot á ráðningarsamningnum, að stefndi hafi fyrirgert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí.

Það virðist nú ekki geta komið til mála að skilja svo ráðningarsamninginn 15. maí 1915. að með honum hafi verið ætlast til að útiloka alla kaupgreiðslu, ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein samningsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir hafa fengið greitt upp í það og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma, sem þeir hafa verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir eigi hér fyrir réttinum haldið

því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en umrædda 4 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupi stefnda en hlutfallslegt kaup og fæðispeninga fyrir nefnda 4 daga, sem í undirrétti var dregið frá kaupi hans.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að sökum verkfalls stefnda og annara háseta um miðjan júlí, hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á, ekki getað gengið til fiskiveiða í 4 daga, og hafi hann við það liðið tap, er honum telst til að hafi numið, að því er stefnda snertir, kr. 256,85 auk taps þess, sem hann hafi liðið við það, að landfólk hans hafi orðið vinnulaust vegna þessa tiltækis sjómannanna um þann tíma, sem ekki var róið.

Stefndi hefir hins vegar mótmælt skaðbótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar lögðust niður nokkra daga, með því að sjómennina hafi vanhagað um ýmislegt, er þeir hafi þurft með, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem þá hafi vanhagað um, og hafi verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda um sama leyti. Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af hásetunum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda og að reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni; hafi áfrýjandi þá orðið við kröfum sjómann-

anna, og þeir komið aftur daginn eftir til Sandgerðis, en þaðan gengu bátarnir til fiskiveiða; yfir höfuð neitar stefndi því að róðrar hafi lagst niður meir en 3 daga, og hann neitar því að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnunum neitt upp í kaup þeirra fyr en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera neitt annað en að stjórna vinnunni og að viðgerð á mótorbátnum, er fór til Reykjavíkur, hafi verið ónauðsynleg en aðeins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á bát þeim, er stefndi var ráðinn á, frá 12.—15. júlí 1915, og virðist orsökin til þess hafa verið missætti það, er kom upp milli sjómannanna og áfrýjanda um það leyti er hann lét ráðsmann sinn í Sandgerði fara úr þjónustu sinni. En eftir að formennirnir á bátum áfrýjanda náðu fundi hans virðist samkomulag hafa komist á milli hans og sjómanna, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa þá áfram í þjónustu sinni, eins og ekkert hefði í skorist út ráðningartímann, virðist áfrýjandi hafa samþykt að borga þeim umsamið kaup þeirra að honum loknum, og gat hann þá ekki komið fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því og meiru til. — Hvað stefnda

snertir er það auk þess ósannað, að hann hafi gert verkfall eða neitað að hlýða formanni sínum, og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá einnig af þeirri ástæðu ekki heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, og þar sem má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Það vottast að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson greiði málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálaflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 39/1917. Valdstjórnin
gegn
Davíð Sch. Thorsteinsson
og
Eiríki Kjerúlf.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað fyrir lögreglurétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn hinum kærðu læknum, héraðslækni Davíð Sch. Thorsteinsson og aðstoðarlækni Eiríki Kjerúlf á Ísafirði fyrir brot gegn 17. gr. í lögum um aðflutningsbann á áfengi 30. júlí mán. 1909 og var það dæmt af nefndum rétti 12. marz þ. á. á þá leið, að þeir voru hvor um sig dæmdir í 400 kr. sekt til landssjóðs, og báðir til að greiða allan sakarkostnaðinn in solidum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins fyrir báða hina kærðu eftir ósk þeirra.

Því hefir verið haldið fram af hálfu hinna kærðu, að málunum gegn þeim hafi verið steypt saman ólöglega í eitt mál, og að fyrir því beri að ónýta undirréttardóminn. Að vísu var eigi það samband milli sakargiftanna gegn hinum kærðu, og brot þau, er þeim hafa verið gefin að sök, eru alls eigi samtengt svo að nauðsynlegt hafi verið eða hentugt frá réttarfarslegu sjónarmiði, að sækja þá báða saman í einu máli, en hins vegar þykir þó eigi þurfa að ónýta málsmeðferðina í héraði og undirréttardóminn fyrir þessa sök.

Báðum hinum kærðu læknum er gefið það að sök, að þeir hafi látið af hendi læknisseðla um áfengi, er notað hafi verið öðruvísi en sem læknislyf, og að þeir hafi gjört þetta í svo stórum stíl, að þeim hafi sjálfum hlotið að vera það ljóst, að áfengið oftsinnis var fengið til nautnar, en ekki til lækninga. Í þessu efni er það sannað með áfengisbók lyfjabúðarinnar á Ísafirði, að hinn kærði Davíð Thorsteinsson læknir hafi frá því í maíbyrjun 1915 til aprílloka 1916 gefið út 939 lyfseðla fyrir 288356 grömmum af vínanda, blönduðum og óblönduðum, 26150 gr. af víni og 96150 gr. af konjaki, og eru lyfseðlar þessir gefnir út til 434 manna; sumir þessara manna hafa fengið marga lyfseðla á tímabilinu, alt að því 20, en margir ekki nema einn. Á sama hátt er það sannað, að hinn kærði Eiríkur Kjerúlf hefir á sama tíma gefið út 1131 lyfseðil fyrir 285592 gr. af vínanda, blönduðum og óblönduðum, 70250 gr. af víni og 126538 gr. af konjaki, og eru lyfseðlarnir gefnir út til 444 manna, og hafa sumir þeirra fengið marga lyfseðla, jafnvel yfir 20, en meiri hlutinn aðeins einn lyfseðil á tímabilinu. Mest kveður að áfengisúthlutunum síðustu tvo mánuði tímabilsins, og virðist þau því hafa farið vaxandi. Að því er upplýst er hafa einstakir áfengisseðlar hinna kærðu hljóðað um $^1/_4$ lítra áfengis og alt upp að 1 lítra. Nokkrir af mönnum þeim, sem fengu lyfseðlana, hafa verið yfirheyrðir fyrir rétti, og hafa þeir borið margvíslega um ástæðuna fyrir þessari vínnautn þeirra, svo sem að þeir hafi fengið áfengið við lystarleysi, erfiðri meltingu, magaslæmsku, magapínu, köldu, gigt og við hárlosi;

sumir hafa kannast við að þeir hafi drukkið það örar en sem meðal, og enn aðrir hafa kannast við að þeir hafi aflað sér áfengisins til að gæða sér á því, til glaðnings og til nautnar. Hins vegar hafa báðir hinir kærðu haldið því fram, að þeir hafi engan áfengislyfseðil látið úti nema til lækninga, og aðeins fyrirskipað áfengið sem lyf til að lækna sjúkdóma og kvilla, en eftir því sem bér hefir verið skýrt frá hafa áfengisútlátin hjá hinum kærðu verið í mjög stórum stíl, og það svo að hverjum manni virðist hafa verið innan handar að afla sér áfengis með því að segjast hafa lystarleysi, kveisu o. s. frv. Eins og vitni þau sum, er leidd hafa verið í málinu, beina leið hafa kannast við, hefir töluvert af hinu umrædda áfengi verið fengið til nautnar (»til að gæða sér« »til glaðnings«), enda hafa sumir áfengisseðlarnir verið látnir úti til ungra og hraustra manna og sumir til manna, er sjálfir segjast hafa verið drykkjumenn (»vínmenn«). Eftir þessum atvikum, er eiga heima jafnt í máli beggja hinna kærðu, má telja það sannað, að þeir hafi gefið út til ýmsra lyfseðla fyrir áfengi, er notað hafi verið til nautnar.

Þó að hinir kærðu nú hafi haldið því fram, að þei rhafi eigi látið úti lyfseðlana í öðrum tilgangi en að áfengið yrði notað sem læknislyf, þá verður sú skýrsla þeirra eigi talin ábyggileg, þegar þess er gætt, hve mikið þeir gjörðu að því að láta úti áfengisseðla og að þeim gat eigi dulist það, að ýmsir þeirra manna, er leituðu til þe'rra í þessum erindum, gerðu það aðeins til að afla sér áfengis til nautnar, og að frásögn þeirra um kvilla, er þeir þjáðust

af og vildu bæta með áfengi, var fyrirsláttur einn. En hafi þetta, eins og ætla má, verið hinum kærðu ljóst, þá verður að líta svo á, að það hafi verið tilgangur þeirra með því að láta úti áfengislyfseðla þegar svo stóð á, að gefa hlutaðeigendum færi á að afla sér áfengis til annars en lækninga. En með þessu hafa þeir gerst brotlegir gegn 17. gr. áfengisbannlaganna, og verða að sæta sektum fyrir. Með tilliti til þess, að hinir kærðu höfðu þegar áður sætt áminningu eða aðvörun landlæknis út af áfengislyfseðlunum, þykir rétt að ákveða sektina fyrir hvorn þeirra eftir hinni tilvitnuðu lagagrein 200 kr. og renni sektin í landssjóð. Allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, verða hinir kærðu eftir þessum úrslitum að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 kr. fyrir hvorn þeirra, og greiða þeir kostnaðinn in solidum. Það vottast að meðferð málsins og rekstur í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu læknar, David Sch. Thorsteinsson og Eiríkur Kjerúlf, sæti hvor þeirra 200 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo ber þeim og in solidum að greiða allan kostnað þessa máls bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, yfirdómsmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 20 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 40/1917. Gunnar Ólafsson konsúll
gegn
Sighvati Bjarnasyni og Hannesi Hafstein bankastjórum f. h. Íslandsbanka.

Dómur:

Samkvæmt skuldabréfi, dags. 24. septbr. 1904, fekk Guðlaugur heitinn Guðmundsson sýslumaður 6000 kr. að láni í Íslandsbanka. Í skuldabréfinu eru meðal annars þau ákvæði, *að* lánþegi skuli endurborga lánið innan 6 mánaða frá nefndum degi, *að* vextirnir 5% séu greiddir fyrirfram fyrir áðurnefnt tímabil (6 mánuði), *að* til tryggingar lúkningu lánsins með vöxtum o. s. frv. selji lánþegi Íslandsbanka í hendur að handveði veðskuldabréf, dags. 28. júlí 1904 með veði í íbúðarhúsi og öðrum húsum á Kirkjubæjarklaustri, virtum samtals á 6355 kr., og *að* hann hafi til enn frekari tryggingar fengið Gunnar

Ólafsson verzlunarstjóra í Vík og 4 menn aðra til þess sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, einn fyrir alla og alla fyrir einn að ábyrgjast skaðlausa greiðslu á láninu. Þegar Guðlaugur sýslumaður dó var enn ógreitt af láni þessu 3100 kr. og vextir frá 15. sept. 1913, en í dánarbúi hans voru svo mikil fjárþrot, að ekkert fekkst greitt úr því af eftirstöðvum lánsins. Íslandsbanki krafði þá einn af ábyrgðarmönnum lánsins, Gunnar Ólafsson konsúl, áfrýjanda þessa máls, um eftirstöðvar lánsins, en hann sinti eigi þeirri kröfu. Höfðaði bankinn þvínæst þetta mál gegn honum fyrir gestarétti Reykjavíkur og var málið dæmt þar 24. apríl þ. á. á þá leið, að Gunnar Ólafsson skyldi greiða Íslandsbanka 3100 kr. með 6% ársvöxtum frá 24. marz 1914, að viðbættum 1% frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir Gunnar Ólafsson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 15. maí þ. á., og krafist þess aðallega að verða sýknaður í málinu, en til vara að Íslandsbanki verði skyldaður til þess að ganga fyrst að hinu setta veði; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Þá hefir áfrýjandi ennfremur krafist þess, að Kristján háyfirdómari Jónsson víki dómarasæti í málinu sökum þess, að hann hafi haft afskifti af því sem bankastjóri Íslandsbanka, og að frá honum sé komið eitt skjalið, er stefndu hafi lagt fram sem gagn í málinu. Skjal það er hér er átt við, er þó eigi frá háyfirdómaranum, heldur er það bréf til hans, dags. 8. apríl 1914, þegar hann var í stjórn bankans, frá

einum ábyrgðarmannanna — ekki áfrýjanda — viðvíkjandi framangreindu láni. Þetta bréf gaf ekki tilefni til neinna afskifta af láninu af háyfirdómararans hendi, og með því að hann að öðru leyti hefir á engan hátt verið við mál þetta riðinn, er honum hvorki skylt né heimilt að víkja dómarasæti í því. Verður krafa áfrýjanda um það því eigi tekin til greina.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og bankanum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Aðalkrafa áfrýjanda um sýknun í málinu er bygð á því, að hann sé algjörlega laus úr ábyrgðinni á umstefndri skuld fyrir þá sök, að stefndi hafi vanrækt að ganga eftir henni á réttum gjalddaga samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins, en í þess stað veitt gjaldþega gjaldfrest von úr viti án þess að bera það undir ábyrgðarmennina eða fá samþykki þeirra, eða þá gera þeim viðvart um það, og með þessu hafi bankinn breytt og aukið áhættu ábyrgðarmannanna, en ábyrgð þeirra sé í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, einskorðuð við þann sex mánaða tíma, er gjaldfrestur var veittur á láninu, enda sé bönkunum hér í bænum þegar fyrir nokkru orðið það ljóst, að þeir geti eigi lengt gjaldfrest á slíkum lánum, að ábyrgðarmönnum fornspurðum, og fyrir því hafi þeir orðið að breyta orðalagi skuldbindinga þeirra, er ábyrgðarmenn skrifuðu undir, þannig, að þær séu eigi eins orðaðar og sú, er áfrýjandi hefir skrifað undir fyrir umgetnu láni, heldur taki þær nú skýrt fram, að ábyrgðarmennirnir séu

»bundnir, enda þótt lánið yrði framlengt eða nokkur hluti af því, unz það sé að fullu greitt«.

Hinir stefndu mótmæla því, að þetta sé réttur skilningur á ábyrgðarskuldbindingunni, því að hún sé ótakmörkuð og ótímabundin; það hafi að vísu verið réttur bankans, að krefjast fullrar endurgreiðslu á láninu eftir 6 mánuði, en bankanum hafi eigi verið skylt að nota þennan rétt, og venjan sé, að það sé eigi gert, heldur sé slíkum lánum oft leyft að standa fleiri eða færri gjalddagabil, gegn því að vextir séu greiddir og einhver afborgun í hvert skifti, enda komi þetta sér bezt fyrir lánþega og ábyrgðarmenn, og þeir geri oft ráð fyrir og reiði sig jafnvel á, að eigi verði krafist fullrar greiðslu á gjalddaga; svo hafi og verið um þetta lán, að hvorki lánþegi né ábyrgðarmenn hafi búist við, að gengið yrði eftir því svo fljótt. Ef það hefði verið vilji ábyrgðarmannanna, að lánið mætti eigi standa lengur en 6 mánuði, hefðu þeir átt að taka það fram, en ábyrgðarskuldbindingin sé skilyrðislaus og sé þar enginn fyrirvari hafður um þetta. Og þó að bankinn hafi tekið á móti vöxtum og afborgunum, hafi hann eigi með því gert neinn samning eða sætt við lánþega um borgun lánsins og ekki á neinn hátt raskað lánskjörum eða tryggingunni ábyrgðarmönnunum í óhag. Þá mótmæla hinir stefndu því, að neitt verði bygt á hinu breytta orðalagi ábyrgðarskuldbindinganna, sem áfrýjandi getur um, því að áminstur viðauki hafi verið tekinn upp í skuldbindingarskjölin ex tuto og til hægðarauka, og sé skýring eða frekari útlist-

un á hinni ótímabundnu ábyrgð, sem felist í ábyrgðarskjalinu.

Það er eins og þegar er sagt, tekið fram í skuldabréfinu 24. sept. 1904, að vextir »séu greiddir fyrirfram fyrir áðurnefnt 6 mánaða tímabil«, og áritanirnar á skuldabréfið sýna, að vextir af láninu hafa ætíð verið greiddir fyrirfram fyrir misseri í senn, síðasta skifti 27. marz 1913 fyrir misserið til 15. sept. s. á. Það er auðsætt, að lánþega hefir við hverja slíka vaxtagreiðslu verið veittur misserisfrestur á greiðslu höfuðstólsins eða eftirstöðva hans, og verður eigi fallist á það, sem haldið er fram af hálfu stefndu, að enginn nýr samningur hafi af bankanum verið gerður við lánþega um borgun lánsins, en það verður að líta svo á, að í hvert skifti, sem tekið var við vöxtum fyrir óliðinn tíma, hafi verið samið um gjaldfrest á höfuðstólnum fyrir jafnlangan tíma. Samþykkis áfrýjanda var eigi leitað til þessarar breytingar á gjaldfrestinum, og er það eigi sannað gegn mótmælum hans, að hann hafi látið neitt uppi um það, að hann byggist við eða gerði ráð fyrir, að gjaldfresturinn yrði lengdur. Af bréfi áfrýjanda til Íslandsbanka, dags. 13. marz 1914, verður eigi heldur, eins og haldið er fram af hálfu hinna stefndu, leidd nein ályktun um það, að áfrýjandi hafi þá talið sig bundinn við ábyrgðina.

Þótt ábyrgðarskuldbindingin fyrir umræddu láni sé skilyrðis- og fyrirvaralaus, verður jafnt fyrir það að skilja hana í samræmi við ákvæði skuldabréfsins, sem skuldbindingin vísar til, og verður hún eigi talin viðtækari en þau. Í skuldabréfinu er ekkert

áskilið um lenging lánsfrestsins, og var því eigi heimild til, án samþykkis áfrýjanda, að víkja frá ákvæðinu um gjalddagann, og þar sem það þó hefir verið gert, verður það að leiða til þess, að áfrýjandi sé laus við ábyrgð á láninu. Það ber því að sýkna hann af kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir málavöxtum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson konsúll, á að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, bankastjóra Sighvatar Bjarnasonar og Hannesar Hafsteins, fyrir hönd Íslandsbanka í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 5/1917.

Réttvísin
gegn
Páli Benediktssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. sept. f. á., var Páll Benediktsson, bóndi á

Nýjabæ í Vindhælishreppi, dæmdur samkvæmt 250. gr. sbr. 249. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir heimildarlausa töku á tveim kindum til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun 10 kr. til talsmanns síns, Björns hreppstjóra Árnasonar á Syðriey.

Þessum dómi er af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Með játningu ákærða, er styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann hafi kastað eign sinni á hvíthyrnda á fullorðna, eign Jóhanns Jósefssonar á Kálfshamri og með marki hans og brennimarki á hornum, en með eyrnamarki ákærða; kom kind þessi í bæjarekstri að Nýjabæ, heimili ákærða, haustið 1914, og fylgdi ákærði rekstrinum að næsta bæ, Sviðningi. Skýrir hann svo frá, að á leiðinni hafi reksturinn farið saman við fé, sem ýmsir áttu þar í nágrenninu; hafi hann með talsverðri fyrirhöfn getað skilið reksturinn úr fénu og skilað honum að Sviðningi, vitandi eigi annað, en að kindin væri þá í rekstrinum, en degi síðar, er hann smalaði og rak fé sitt heim í hús, hafi kindin verið saman við það, og hafi honum þá orðið það á, að taka ána, sem hann vissi að var eign Jóhanns á Kálfshamri, slátra henni og hagnýta sér hana. Þó telja megi sannað, að umrædd kind hafi eigi verið í rekstrinum, þegar hann kom að Sviðningi, er ekki ástæða til að vefengja skýrslu ákærða um það, hvernig kindin kom í vörzlu hans, með því ekkert annað er við rann-

sókn málsins framkomið, er bendi til þess, að ákærði hafi tekið kindina heima hjá sér úr rekstrinum eða slept henni viljandi saman við fé sitt á leiðinni að Sviðningi.

Sama haustið tók ákærði í heimildarleysi lamb, sem átti Carl Berndsen kaupmaður á Hólanesi, slátraði því og hagnýtti sér. Að sögn ákærða var lamb þetta saman við fé hans, þegar hann rak það heim, og vissi hann, að það var eigi eign hans, en síðar athugaði hann á markatöflunni, hver eigandinn var.

Ákærði hefir getið þess, að lambið hafi verið bjagað; að öðru leyti er í málinu engin skýrsla um það, hvers virði kindurnar hafi verið, en héraðsdómarinn hefir vottað, að ákærði hafi greitt að fullu andvirði þeirra.

Ákærði er fæddur 11. marz 1888 og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu. Brot hans er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 250. gr. sbr. 249. gr. hegningarlaganna, og þykir hæfilegt að refsa honum fyrir það með 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður hann og að greiða allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin varnarlaun í héraði, eins og ákveðið er í dómnum, og málsflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Á rannsókn máls þessa og rekstri í héraði hefir orðið allmikill dráttur. Málið var kært fyrir héraðsdómaranum 3. apríl 1915, og barst honum kæran 21. s. m.; rannsókn var þó eigi hafin fyr en 17. júlí og henni lokið 20. nóv. s. á. Eftir það var ekkert gert í málinu fyr en 26. ág. 1916 og var málið þá tekið

til dóms og síðan dæmt 16. sept. s. á. Héraðsdómarinn hefir gert ítarlega grein fyrir þessum drætti. Þessi greinargerð þykir ekki með öllu fullnægjandi og verður að víta hinn langa drátt á málinu, en eigi þykir þó næg ástæða til að láta hann varða héraðsdómarann sekt. Það er og aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir eigi gefið út stefnu til ákærða, en með því að ákærði fekk sér skipaðan talsmann, er flutti vörn fyrir hann, var sjálfur viðstaddur dómtöku málsins og vildi una við dóminn, virðist eigi þurfa að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Benediktsson, á að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan kostnað sakarinnar, í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin varnarlaun til talsmanns síns í héraði, Björns hreppstjóra Árnasonar, 10 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlí 1917.

Nr. 37/1917. Jóhannes Pétursson
gegn
Gísla Jóhannssyni.

Dómur:

Stefndi, Gísli Jóhannsson á Bíldudal, höfðaði mál þetta sem skuldamál gegn áfrýjanda, Jóhannesi Péturssyni á Ísafirði, og stefndi honum samkvæmt lögum nr. 59, 10. nóvbr. 1905 til að mæta fyrir gestaréttí Barðastrandarsýslu á Bíldudal, en áfrýjandi mætti eigi fyrir gestaréttinum, og var málið þar tekið undir dóm fyrsta fyrirtektardag, og síðan dæmt hinn 13. okt. f. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða umstefnda skuld, 400 kr., með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, 35 kr. í málskostnað og 10 kr. sekt til landssjóðs. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. apríl þ. á., og gert þá aðalkröfu, að málsmeðferðin í héraði verði ómerkt sökum ólöglegrar stefnubirtingar og málinu vísað frá gestaréttinum og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar mótmælir stefndi, Gísli Jóhannsson, þessari kröfu áfrýjanda og krefst málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Eins og um var getið mætti áfrýjandi ekki fyrir gestaréttinum, og var málið dæmt þar, án þess vörn kæmi fram af hans hálfu. Stefnan til gestaréttarins var birt fyrir honum sjálfum í »sölubúð hans«, eins og segir í vottorði stefnuvottanna, en þess er eigi

getið, að þar sé heimili áfrýjanda. — Nú segir í tilvitnuðum lögum 10. nóvbr. 1905, 2. gr., að stefnuna skuli birta á lögheimili skuldunauts, er farið er með mál eftir greindum lögum. Að þessa hafi verið gætt í þessu máli er eigi sannað með vottorði stefnuvottanna, og með því að áfrýjandi mætti eigi fyrir gestaréttinum, verður að taka kröfu hans til greina og dæma gestaréttardóminn og undanfarandi meðferð málsins ómerka sakir ófullnægjandi stefnubirtingar og vísa málinu frá gestaréttinum, og verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn og undanfarandi málsmeðferð skal ómerk vera og vísast málinu frá gestaréttinum. Stefndi, Gísli Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jóhannesi Péturssyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr., og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 70/1917. Hreppsnefnd Hraunhrepps
gegn
Jóni presti Pálssyni.

Dómur:

Vorið 1907 gaf Jón prestur Pálsson á Höskuldsstöðum í Húnavatnssýslu, sem stefndur er í máli þessu, saman í hjónaband Frímann Sigurðsson og Unu Ingu Benediktsdóttur, þá til heimilis á Skeggjastöðum í Vindhælishreppi, en þau höfðu árið áður flutzt úr Skagafirði með 4 börn þeirra á ómagaaldri þangað í hreppinn, er var framfærsluhreppur konunnar áður en hún giftist. Veturinn 1910—11 varð Frímann þessi Sigurðsson, þá bóndi á Bakkakoti í Engihlíðarhreppi, uppvís að sauðaþjófnaði; var heimili hans þá um vorið tekið upp, og konan með 4 börnum þeirra send á framfærslusveit Frímanns, Hraunhrepp í Mýrasýslu. Hreppsnefndin þar athugaði þá, að Frímann hafði þegið styrk úr sveitarsjóði Hraunhrepps fardagaárið 1885—86, er eigi var endurgoldinn og einnig þóttist hún hafa það fyrir satt, að Unu Ingu Benediktsdóttur hefði verið veittur styrkur af framfærsluhreppi hennar, sem eigi væri endurgoldinn áður en hún giftist. Með því að eigi hefði verið leitað samþykkis hreppsnefndar Hraunhrepps til hjónabands þeirra Frímanns og Unu Ingu, leit nefndin svo á, að presturinn, sem vígði þau, hefði með því gerst brotlegur gegn fyrirmælum tilskipunar 30. apríl 1824, 3. gr. 10. lið, og breytt þannig mót embættisskyldu sinni, að honum bæri að endurgjalda hreppnum það tjón, er hann biði við hina ólöglegu giftingu. Höfðaði hreppsnefndin því, að fengnu gjafsóknarleyfi, mál þetta gegn nefndum presti fyrir gestarétti Húnavatnssýslu, til að fá hann dæmdan til að greiða Hraunhreppi 1397 kr. 77 aura,

er taldist vera kostnaður við framfærslu á fjölskyldu Frímanns árin 1911—1914, auk 6% ársvaxta, af 301 kr. 58 a. frá árslokum 1912, af 744 kr. 81 a. frá árslokum 1913 og af 351 kr. 88 a. frá þingfestingardegi málsins, alt til greiðsludags, svo og málskostnað, en til vara krafðist nefndin, að presturinn yrði dæmdur til að greiða hreppnum skaðabætur eftir mati réttarins. Í gestaréttinum lauk málinu svo, með dómi uppkveðnum 4. ág. 1915, að stefndi var sýknaður af kröfum hreppsnefndarinnar og henni gjört að greiða honum 57 kr. í málskostnað, en að öðru leyti skyldi málskostnaður falla niður.

Með stefnu útgefinni 18. nóvbr. f. á. hefir hreppsnefnd Hraunhrepps skotið máli þessu til yfirdómsins, og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, svo og uppreistarleyfi og leyfi til að leggja fram fyrir yfirdóminn nýjar sannanir og gögn í málinu. Fyrir yfirdóminum hefir talsmaður áfrýjanda endurtekið hinar sömu kröfur, bæði aðalkröfu og varakröfu, sem gerðar voru fyrir gestaréttinum, og auk þess krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer, eftir mati réttarins.

Af hendi stefnda er krafist staðfestingar á gestaréttardómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að hjónin Frímann og Una Inga hafi bæði verið í óendurgoldinni sveitarskuld, þegar þau giftust Um Unu Ingu tekur áfrýjandi það fram, að þau Frímann hafi flosnað upp vorið 1906, þar sem þau bjuggu í Skagafirði, og hafi hún þá verið flutt með 4 börnum þeirra á fram-

færslusveit hennar, Vindhælishrepp; hafi fjölskyldunni verið ráðstafað af hreppsnefndinni og veittur styrkur úr sveitarsjóði, er öll líkindi séu til að hafi verið óendurgoldinn, þegar hjónavígslan fór fram. En þessu er mótmælt af stefnda, og oddviti Vindhælishrepps hefir vottað og staðfest sem vitni, að Una Inga hafi eigi þegið styrk af hreppnum. Það verður því eigi talið sannað, að hún hafi verið í sveitarskuld, er hún giftist, og gegn því getur eigi komið til álita vottorð frá manni, er tjáist hafa tekið eitt af börnum Unu Ingu árið 1906 eftir ráðstöfun hreppsnefndaroddvitans, og hafi hann greitt sér meðlag með því það ár, með því að vottorð þetta er vefengt og eigi staðfest fyrir rétti.

Aðallega byggir áfrýjandi kröfu sína gegn stefnda á því, að Frímann, svo sem fyr getur, hafi þegið styrk úr sveitarsjóði Hraunhrepps veturinn 1885—86. Það verður nú og að telja sannað með vitnisburðum, fengnum eftir að málinu var áfrýjað, að lagðar hafi verið með Frímanni 12 kr. úr sveitarsjóði Hraunhrepps veturinn 1885—86. Hafa tvö vitni borið það, að Frímanni hafi þennan vetur verið komið fyrir hjá Guðmundi bónda Benediktssyni á Saurum og honum verið goldið með Frímanni nefnt meðlag úr sveitarsjóði; annað vitni hefir ennfremur skýrt frá því, að Sigurður bróðir Frímanns hafi komið honum fyrir hjá Guðmundi á Saurum upp á styrk annarsstaðar frá.

Af þessum vitnisburðum verður það þó eigi beint ráðið, að umrædd meðgjöf hafi verið styrkur veittur Frímanni. Frímann er fæddur 20. júní 1864,

og var því á 22. ári veturinn 1885—86, en þá er hann í sálnaregistri Hítarnesþinga skráður til heimilis í Miklaholti í Akrasókn og talinn »barn föður síns«, og verður að skilja það svo, að hann hafi þá verið hjú hjá föður sínum eða á hans vegum. Málsaðilum kemur saman um, að ástæðan til þess að greiða varð meðlag þetta með Frímanni hafi verið sú, að hann kól á fæti og hafi honum því verið komið fyrir nokkurn tíma meðan hann var að ná sér aftur; tekur áfrýjandi það sérstaklega fram, að styrknum hafi hvorki verið varið til meðala né læknishjálpar. Hafi nú Frímann, eins og gjöra verður ráð fyrir, verið hjú, er hann varð fyrir þessu slysi, verður að líta svo á, að húsbónda hans hafi, samkvæmt 23. gr. hjúalaganna 26. jan. 1866, borið að greiða kostnað við legu hans, þar sem eigi var um meðöl eða læknishjálp að ræða; hafi því honum verið veittur umgetinn 12 kr. styrkur og verði Frímanni þá eigi talinn hann til skuldar. Þetta virðist koma heim við það, að bróðir Frímanns kom honum fyrir á Saurum, en ekki sveitarstjórnin, og að styrksupphæðin er í sveitarbók Hraunhrepps talin með lánum til öreiga bænda, og getur það átt við húsbónda Frímanns, en ekki við hann sjálfan, og þó að nafn hans sé í sveitarbókinni ritað við upphæðina, sannar það út af fyrir sig eigi, að styrkurinn hafi verið honum veittur. Það skiftir eigi heldur máli, þó að Frímann viðurkenni, að hann hafi þegið umræddan styrk, því að vottorði hans um það er mótmælt, og það hefir eigi verið staðfest fyrir rétti, enda full-

yrðir stefndi, að Frímann hafi sagt sér, að hann væri eigi í neinni skuld við Hraunhrepp.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður að telja það ósannað, að Frímann Sigurðsson hafi þegið nokkurn styrk úr sveitarsjóði Hraunhrepps áður en hann kvongaðist, en það eitt út af fyrir sig, að stefndi lét farast fyrir að leita sér upplýsinga hjá hreppsnefndinni um þetta hjúskaparskilyrði, gat eigi gjört hann skaðabótaskyldann við hreppinn. Það ber því af þessari ástæðu og án þess athuga þurfi aðrar sýknunarástæður stefnda, að sýkna hann af kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Flutningur málsins fyrir undirrétti og yfirdómi af hálfu gjafsóknarhafa hefir verið lögmætur og ber skipuðum málflutningsmanni hans 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón prestur Pálsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, hreppsnefndar Hraunhrepps, í þessu máli.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Lárusi Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist úr landssjóði 25 kr. í málflutningslaun.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 23/1917. Edvald F. Möller
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
og
Herdísi Þorsteinsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Edvald F. Möller verzlunarstjóri í Haganesvík, fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu gegn hinum stefndu, Þorsteini Þorsteinssyni stöðvarstjóra og dóttur hans Herdísi Þorsteinsdóttur, báðum í Haganesvík, út af því, að stefndi hefði á heimili áfrýjanda 29. sept. 1915 í votta viðurvist tjáð honum, »að Herdís dóttir sín treysti sér ekki til að afgreiða áfrýjanda með símtöl ein, áliti sér ekki óhætt fyrir honum, og því hefði stefndi orðið að sitja af sér róður daginn áður, fyrir hvað hann hafi krafist skaðabóta, kr. 7,50. Ennfremur hafi stefndi tilkynt sér undir votta, að áfrýjandi fengi enga afgreiðslu þar á stöðunni þá daga, sem hann reri, eða væri eigi sjálfur viðlátinn, og mundi hús sitt vera lokað fyrir áfrýjanda og konu hans þá daga«.

Taldi áfrýjandi orðin, »að hún (Herdís) áliti sér ekki óhætt fyrir áfrýjanda að afgreiða hann ein á símastöðinni« ærumeiðandi fyrir sig, og krafðist, að þau væru dæmd dauð og ómerk og stefndu látin sæta sektum fyrir þau. Svo krafðist hann og skaða-

bóta fyrir þá skerðingu á atvinnufrelsi sínu, að neita sér um afnot símans á afgreiðslutíma.

Lauk máli þessu svo með dómi aukaréttarins uppkveðnum 28. sept. f. á., að hin stefndu voru sýknuð af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim 50 kr. í málskostnað. Auk þess var áfrýjandi dæmdur til að greiða 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á sáttalöggjöfinni og skyldi 4 daga einfalt fangelsi koma í hennar stað, ef hún væri eigi greidd í tæka tíð.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 23. febr. þ. á. og krafist þess, að hin umstefndu meiðyrði yrðu dæmd dauð og ómerk, að hin stefndu verði dæmd til að sæta þeirri refsingu fyrir þau, er lög frekast leyfa, að stefndu verði in solidum eða annað þeirra dæmt til að greiða áfrýjanda 25 kr. skaðabætur fyrir skerðingu á atvinnufrelsi, að málskostnaðarkröfur áfrýjanda fyrir undirrétti verði teknar til greina, þar á meðal, að hann verði sýknaður af málskostnaðarkröfu stefndu og sektarákvæði undirdómsins niður felt, og að stefndu verði in solidum eða annað þeirra dæmt til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Stefndu hafa hins vegar krafist þess, að málinu verði sakir ólöglegrar málasamsteypu vísað frá undirrétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það skal þegar tekið fram, að sökin á hendur hinum stefndu stendur í svo nánu innbyrðis sam-

þandi, að ekki þykir ástæða til að vísa máli þessu frá undirrétti sökum ólöglegrar málasamsteypu.

Tildrög máls þessa virðast eftir málsskjölunum vera þau, að hinn 27. sept. 1915 hafi áfrýjanda og stefndu, Herdísi Þorsteinsdóttur, orðið sundurorða út af símaafgreiðslu, og er svo að sjá, að þessi sundurþykkja hafi orðið til þess, að Herdís hafi neitað stefnda, Þorsteini Þorsteinssyni, að símafgreiða áfrýjanda. Þetta leiddi til þess, að hinn 29. s. m. fór stefndi, Þorsteinn, heim til áfrýjanda með 2 vitnum, og er skýrsla stefnda um það, sem þeim þá fór á milli á þá leið, að hann hafi tjáð áfrýjanda, að hann neyddist til að hafa hús sitt lokað í símatímanum og þar með símanum fyrir áfrýjanda og konu hans fyrst um sinn, þegar stefndi væri ekki heima, en símskeytum yrði tekið á móti til sendinga. Sem ástæðu fyrir þessu færði stefndi það, að stefnda, Herdís, sem á þeim tíma virðist hafa gegnt afgreiðslu á símastöðinni í Haganesvík í forföllum og fjarveru stefnda, treystist eigi að eiga á hættu, að fá aftur samskonar heimsókn og hún hafði fengið af áfrýjanda og konu hans hinn 27. sept. Ennfremur krafði stefndi áfrýjanda við þetta tækifæri um 7 kr. 50 a. skaðabætur fyrir að hafa orðið þá daginn áður að vera heima við afgreiðslu símans og með því setið af sér róður, en á þessu ætti áfrýjandi sök vegna framkomu sinnar gagnvart Herdísi nefndan dag. Hins vegar neitar stefndi því, að honum hafi farist orð svo sem áfrýjandi heldur fram, »að stefnda, Herdís Þorsteinsdóttir, áliti sér ekki óhætt fyrir áfrýjanda að símaafgreiða hann ein«, og hann heldur því fram, að

hann hafi sérstaklega tekið fram við áfrýjanda, að símskeytum frá honum yrði tekið á móti til afgreiðslu.

Í málinu liggja ekki fyrir ábyggilegar upplýsingar um það, hvað áfrýjanda og stefndu fór á milli 27. sept., enda er eigi stefnt út af þeirri viðureign beinlínis. Aftur á móti hafa vitni verið leidd um það, hvað stefnda og áfrýjanda fór í milli hinn 29. s. m., en við þá vitnaleiðslu hefir það eigi sannast gegn neitun stefnda, að hann hafi viðhaft áðurnefnd ummæli, sem áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig, en af því leiðir, að krafa hans um, að þau verði dæmd dauð og ómerk og sekt ídæmd fyrir þau, getur ekki orðið tekin til greina, og yfirleitt verður ekki álitið, að framkoma stefnda við umrætt tækifæri hafi verið þannig vaxin, að hún eigi að sæta hegningu samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna um ærumeiðingar.

Eftir vitnaframburðunum í málinu verður að líta svo á, að stefndi hafi hinn 29. sept. 1915 að eins tjáð áfrýjanda, að hann og kona hans fengju ekki fyrst um sinn afgreiðslu símtala á símastöðinni í Haganesvík, þegar stefndi væri eigi heima, en jafnan yrði tekið á móti símskeytum til sendinga. Eftir þessu gat áfrýjandi jafnan sent símskeyti og símtalað ætíð, er stefndi var á stöðinni. Nú hefir áfrýjandi ekki upplýst, að það hafi nokkru sinni komið fyrir, að hann hafi þurft að verða af símtali fyrir þá sök, að stefndi hafi ekki verið við til að afgreiða hann, og virðist þá ekki geta verið um neinar skaðabætur til handa áfrýjanda að ræða, jafnvel þó til-

kynning stefnda til áfrýjanda teljist óréttmæt, og verður þá skaðabótakrafa hans ekki tekin til greina.

Við sáttaumleitun í málinu mætti eigi stefnda, Herdís Þorsteinsdóttir, og hefir áfrýjandi krafist, að hún yrði dæmd til að greiða málskostnað fyrir undirrétti án tillits til úrslita málsins. Á þessa kröfu verður þó eigi fallist, því að stefnda hefir með 2 læknisvottorðum sannað, að hún sé taugaveikluð, og að því sé hættulegt fyrir hana að komast í geðshræringu, en við slíku mátti búast á sáttafundi. Það verður því að fallast á álit undirdómarans um það, að hún hafi haft lögleg forföll.

Þegar sátta skyldi leitað í málinu mætti, auk sáttanefndar á sáttastaðnum, áfrýjandi og kona hans, en með því að stefndi leit svo á, að að eins áfrýjandi væri kvaddur á sáttafundinn, neitaði hann að taka þátt í sáttatilraununum meðan kona hans væri við, og varð þetta til þess, að áfrýjandi vék af fundinum og setti konu sína í sinn stað til að taka þátt í sáttatilrauninni. Eftir orðalagi sáttakærunnar verður að telja það vafalaust, að kona áfrýjanda var eigi kvödd á sáttafundinn, heldur áfrýjandi einn auk hinna stefndu. Hann átti því að mæta við sáttatilraunina, en það hefir hann ekki gert, því að það er upplýst, að hann vék burt áður en sáttatilraun byrjaði og setti annan í sinn stað, án þess um lögleg forföll væri að ræða. Af þessum ástæðum var það rétt hjá undirdómaranum, að dæma áfrýjanda til að greiða sekt í landssjóð samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 og til að greiða stefndu málskostnað, og þar sem fallast má á sektarupphæðina 8 kr. svo og á ídæmda

málskostnaðarupphæð 50 kr., ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ákvæðið um vararefsinguna fellur burtu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað, þó svo, að ákvæði dómsins um vararefsingu fellur burtu.

Áfrýjandinn, Edvald F. Möller, greiði stefndu, Þorsteini Þorsteinssyni og Herdísi Þorsteinsdóttur, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 7/1917. Eiríkur Filuppusson
gegn
Vilhjálmi Benediktssyni
og Hjálmari Ólafssyni f. h.
eigenda Ness í Norðfirði.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu hinir stefndu, Vilhjálmur Benediktsson og Hjálmar Ólafsson á Norðfirði fyrir

hönd eigenda Ness í Norðfirði fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, gegn áfrýjanda Eiríki Filippussyni á Strönd í Neshreppi, til greiðslu á ógreiddum lóðargjöldum m. m., að upphæð 64 kr. 50 a., ásamt 5 % ársvöxtum og málskostnaði. Lauk máli þessu svo fyrir aukaréttinum 26. ágúst f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hina umstefndu skuld, kr. 64.50 með 5 % ársvöxtum frá 6. marz 1916 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Eiríkur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 6. febr. þ. á., og hefir hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, svo og leyfi til þess að koma fram með nýjar málsástæður og nýjar sannanir máli sínu til stuðnings hér fyrir réttinum. Fyrir yfirdóminum hefir talsmaður áfrýjanda gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og áfrýjandi algerlega sýknaður af kröfum stefndu og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndu krefjast þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Með grunnleigusamningi dags. 30. nóv. 1905, leigðu eigendur jarðarinnar Ness í Norðfirði, þurrabúðarmönnunum Sigurði Þorleifssyni og Guðna Eiríkssyni, grunn undir hús í Neslandi og átti hvor þeirra að greiða á ári 10 kr. lóðargjald, 10 kr. fyrir hvern stórgrip þeim tilheyrandi, er gengi í Neslandi og 10 kr. í uppsátursgjald fyrir hvern bát, sem þeir létu ganga til fiskjar. Arið 1908 virðist áfrýjandi

hafa flutt í hús það, er bygt var á umræddu leigulandi, og hefir hann árin 1908—10 greitt grunnleigu eftir hálft húsið móti Guðna Eiríkssyni, 10 kr. á ári og uppsátursgjald og fyrir hagagöngu eins og áskilið er í samningum 30. nóv. 1905, og er enginn ágreiningur um gjöld þessi fyrir nefnd ár. Árið 1910 tók áfrýjandi alt húsið til eigin nota, og heldur hann því fram, að þá hafi verið gerður nýr samningur um lóðina við eigendur Ness, og þá verið ákveðið að hann skyldi greiða 15 kr. á ári eftir alla lóðina og 10 kr. í hagabeit fyrir skepnur, ef nokkrar yrðu. Hafi átt að gefa út nýtt byggingarbréf, en það hafi jarðeigendur vanrækt, þótt þess hafi þráfaldlega verið krafist.

Stefndu halda því hinsvegar fram, að þegar Guðni Eiríksson hafi gengið úr leigunni, þá hafi áfrýjandi gengið inn í skyldur hans eftir samningnum 30. nóv. 1905 eins og hann hafi áður gengið inn í samninginn í stað Sigurðar Þorleifssonar, en hitt hafi aldrei komið til orða, að áfrýjandi fengi niðurfærslu á grunnleigunni, enda hafi hann aldrei farið þess á leit. En þar sem áfrýjandi hafi greitt lóðargjöld, hagatoll og uppsátursgjöld skilvíslega árin 1908—10 hafi þótt óþarfi að gefa út nýtt byggingarbréf. — Það sem málsaðilum ber á milli er þannig fyrst og fremst um upphæð lóðargjaldsins, og telja stefndu ógreitt af því 5 kr. á ári fyrir árin 1911—1915, samtals 25 kr.; svo telja þeir ógoldið fyrir hagbeit 19 kinda árið 1915 kr. 9,50 og uppsátursgjald fyrir árið 1912 5 kr., fyrir 1913 5 kr. og fyrir 1914 20 kr.

Áfrýjandi heldur því nú fram, að þar sem eigendur Ness hafi vanrækt að gefa sér byggingarbréf, beri samkvæmt 15. gr. í lögum nr. 60, 22. nóv. 1907 að leggja skýrslu sína um eftirgjaldið til grundvallar.

Skýrsla áfrýjanda um lóðargjaldið styrkist við það, að hann hefir öll árin 1911—15 að eins greitt 25 kr. á ári fyrir lóðarafnot og gripagöngu. Í kvittunum fyrir hinum árlegu greiðslum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, er í hverri þeirra tiltekið fyrir hvaða ár greiðslan sé, og er engin athugasemd gerð um það, að eftirstöðvar frá fyrra ári eða fyrri árum séu ógreiddar; í kvittuninni fyrir greiðslunni fyrir árið 1911 er jafnvel tekið fram, að 15 kr. séu upp í grunnleigu og 10 kr. upp í gripagöngu það ár.

Þar sem nú hinir stefndu hafa eigi sannað, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að greiða lóðargjald m. m. eftir því sem ákveðið er í samningnum 30. nóv. 1905 eða að samið hafi verið um hærra eftirgjald en áfrýjandi viðurkennir, verður samkvæmt 15. gr. nefndra laga 22. nóv. 1907 að leggja skýrslu hans um lóðargjaldið og um borgun fyrir hagbeitina til grundvallar í málinu og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða meira í þessu skyni en hann þegar hefir gert.

Að því er uppsátursgjöldin snertir, þá heldur áfrýjandi því fram, að krafa þessi sé algerlega röng, með því að hann hafi aldrei notað neitt uppsátur eða leigt slíkt öðrum. Með því nú stefndu hafa ekki gegn þessum mótmælum sannað, að neinn bátur hafi gengið frá leigulandi áfrýjanda umrædd ár, verður

einnig að sýkna hann af kröfum stefndu um gjald þetta.

Eftir þessu verður að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum hinna stefndu, en eftir ástæðum virðist rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Flutningur málsins fyrir yfirdómi af hálfu gjafsóknarhafa hefir verið lögmætur, og ber skipuðum málflutningsmanni hans 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eiríkur Filippusson á að vera sýkn af kröfum stefndu Vilhjálms Benediktssonar og Hjálmars Ólafssonar f. h. eigenda Ness í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist úr landssjóði 25 kr. í málflutningslaun.

Mánudaginn, 13. ágúst 1917.

Nr. 4/1917.

Réttvísin
gegn
Kjartani Sveinssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 14. febr. f. á., var hinn ákærði Kjartan Sveinsson á Blönduósi dæmdur fyrir stuld á peningum samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 með hliðsjón af 40. og 58. gr. sömu laga til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda síns í hjeraði, Bjarna prófasts Pálssonar 10 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er í málinu með eigin játningu ákærða og öðrum fengnum skýrslum löglega sannað, að ákærði hafi síðla dags eða um kvöldið 10. nóvember 1914, er hann var mikið drukkinn, farið í koffort annars manns, Magnúsar nokkurs Jóhannssonar, er geymt var á bræðslubúðarlofti á Blönduósi, og tekið úr því peningabuddu með nálægt 92 kr. af peningum í, seðlum og silfri, er var eign nefnds Magnúsar. Buddu na með nálægt 12 kr. í fal hann í múrhorni á skúr þar í kauptúninu, og seðlana, 80 kr., faldi hann þar nálægt; fundust peningar þessir er þeirra var leitað eftir skýrslu ákærða, og fekk eigandinn þá aftur, og sömuleiðis peningabudduna. Bræðslubúðarloftið var ólæst, og virðist ákærði hafa haft bústað sinn þar, því að í kæru til dómarans segir, að hann hafi »fast aðsetur þar«. Það hefir eigi orðið upplýst til hlítar, hvort koffortið var læst, er ákærði fór í það. Eigandinn segir, að það hafi átt að vera læst og hann sjálfur haft lykilinn, en eigi hafi það verið

brotið upp, er þjófnaðurinn var framinn. Ákærði segist hafa borið lykil, sem hann hafði á sér og gekk að öðru kofforti, að koffortinu, en það muni hann eigi, hvort lykillinn hafi gengið inn í skráargatið, en koffortið hafi opnast, er hann tók í lokið á því.

Það er sannað, að ákærði er drykkfeldur mjög, og það svo, að hann drekkur frá sér vit og rænu. Hann hefir nú borið það, að hann hafi verið dauðadrukkinn og sem rænulaus kvöld þetta, er hann framdi þjófnaðinn. Um þetta hefir þó eigi verið hægt að fá vitnisburð annara, og með tilliti til þess, að ákærði rataði á peningana í koffortinu, fór með þá þaðan og fal þá á tveimur stöðum, og að hann, eftir hans eigin framburði, mundi eftir þessu morguninn eftir, verður eigi álitið, að hann hafi verið rænulaus eða vantað alla sjálfsmeðvitund, er hann framdi verkið. En rétt virðist að taka tillit til 40. gr. hegningarlaganna, er refsingin er ákveðin.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neinn glæp. Brot hans er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 230. gr. hegningarlaganna, og refsingin hæfilega ákveðin með hliðsjón af 40. gr. sömu laga 5 daga fangelsi við vatn og brauð, en með tilliti til æsku sakamannsins, sem er fæddur 22. apríl 1890 og þess, að hann hefir eigi áður verið bendlaður við óráðvendni eða neina óknytti, að hrösun hans þessi virðist hafa stafað af ofdrykkju, að játning hans á brotinu var einlæg og hreinskilin, svo og annara atvika í málinu, virðist rétt að kveða svo á, að fullnustu dóms þessa skuli fresta og að refsingin skuli

niður falla, svo framarlega ákærði hin næstu 5 ár eftir uppsögn dómsins eigi sætir ákæru í opinberu máli fyrir glæp, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 39, 16. nóvbr. 1917, 1. gr. — Allan af sök þessari, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, löglega leiðandi kostnað verður hinn ákærði að greiða, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 10 kr. og málaflutningskaup til sækjanda og verjanda, sem skipaðir hafa verið fyrir yfirdóminum, 15 kr. til hvors þeirra.

Það hefir staðið mjög lengi á rannsókn máls þessa í héraði, og mjög langur tími leið frá því aukaréttardómurinn var kveðinn upp og þangað til hann var birtur ákærða. En héraðsdómarinn hefir gert ítarlega grein fyrir þeim atvikum, sem valdið hafa drættinum, og þó að sú greinargerð verði eigi talin að öllu leyti fullnægjandi réttlæting á honum, þykir eigi vera ástæða til að láta dómarann sæta ábyrgð fyrir málsmeðferðina að þessu leyti. Þá verður að athuga, að héraðsdómarinn hefir eigi gefið út stefnu til ákærða fyrir aukaréttinum, en þar sem ákærða var tilkynt það við síðasta lögregluréttarhaldið, að sakamál yrði höfðað gegn honum, og honum þá gefinn kostur á að fá sér skipaðan talsmann og hann síðan mætti við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir aukaréttinum ásamt talsmanni sínum, þykir mega við svo búið standa.

Það vottast, að sókn og vörn í málinu fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kjartan Sveinsson, sæti fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, en fullnustu dóms þessa skal fresta og fellur refsingin niður að 5 árum liðnum frá þessum degi sé fullnægt skilyrði laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 1. gr. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til prófasts Bjarna Pálssonar, 10 kr., og málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirdómsmálflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. ágúst 1917.

Nr. 68/1916.

Erasmus Gíslason
gegn
ráðherra Íslands
f. h. landssjóðs.

Dómur:

Laugardagskvöldið 18. des. 1915 var Erasmus Gíslason í Reykjavík tekinn fastur af lögreglunni þar, og daginn eftir, 19. des., leiddur fyrir dómara

til yfirheyrslu. Lauk henni svo, að dómarinn úrskurðaði, að Erasmus skyldi settur í gæzluvarðhald, með því að grunur væri um, að hann hefði verið viðriðinn fölsun á nafni Jóns Erlindssonar undir skjöl nokkur, sem getur um í prófsgjörðunum. Eftir að málið hafði verið rannsakað hér og í Árnessýslu, — en þangað var Erasmus sendur til samprófunar við vitni þar — var hann leystur úr varðhaldinu 6. jan. f. á., en jafnframt bannað að fara burtu úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur án leyfis dómarans. Í bréfi til dómarans dags. 13. s. m. úrskurðaði stjórnarráðið, »að frekari aðgerðir í máli þessu skyldu eigi fram fara«, og var Erasmusi tjáð sama dag, að burtfararbann það, er honum var birt, væri hafið.

Erasmus Gíslason hefir nú samkvæmt 3. gr. laga nr. 28, 26. okt. 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., höfðað þetta mál fyrir landsyfirdóminum gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landsrjóðs, og er málið gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, svo sem fyrir er mælt í nefndum lögum; krefst stefnandi, að sér verði dæmdar 30000 kr. úr landssjóði í skaðabætur fyrir tjón það á heilsu, andlegri og líkamlegri, þjáningar, smán og angist, sem hann saklaus hafi orðið að líða fyrir áðurgreinda frelsissviftingu, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 15. nóv. f. á., til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknunar í málinu og málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í síðasta sóknarskjali sínu, 2. f. m., hefir stefnandi krafist, að sér verði veittur frestur til vitna-

leiðslu til 3. septbr. þ. á., en þar sem yfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 11. júní þ. á. hefir synjað um þennan frest, getur eigi komið til mála, að úrskurða um hann að nýju og verður að leggja dóm á efni málsins.

Þó að svo segi í varðhaldsúrskurðinum, að stefnandi sé grunaður um að hafa verið viðriðinn fölsun á nafni Jóns Erlindssonar undir skjöl, er um ræðir í réttarprófunum, sýna þó prófsgjörðirnar, að um eitt skjal að eins er að tefla, vélritað veðskuldabréf, útgefið 19. marz 1914 af Sigurði Þórarinssyni bónda á Hellum í Gaulverjabæjarhreppi, fyrir 3200 kr. með veði í húsinu nr. 37 í Bergstaðastræti í Reykjavík og með áritaðri sjálfskuldarábyrgðarskuldbindingu Jóns Erlindssonar bónda í Seljatungu og Gunnars Sigurðssonar bónda í Götu, dags. s. d.; eru allar undirskriftirnar staðfestar í Gaulverjabæ og var stefnandi annar vitundarvottur að þeim. Skuldabréf þetta var lagt fram í gestarétti Reykjavíkur 22. jan. 1915 í máli milli Björns Gíslasonar á Stokkseyri, sem þá var orðinn eigandi skuldabréfsins, og fyrnefndra ábyrgðarmanna; var Jón Erlindsson þar sjálfur til andsvara og neitaði hann því, að hafa »skrifað nafn sitt á skuldabréfið eða leyft það«. 29. marz s. á. fór fram kyrsetningargjörð hjá honum í Seljatungu til tryggingar kröfunum samkvæmt skuldabréfinu, og hafa réttarvottarnir og enn einn maður borið það sem vitni, að Jón Erlindsson hafi þá kveðið upp úr með það fyrir réttinum, þótt þess sé eigi getið í réttarbókinni, að hann hefði eigi skrifað undir skuldabréfið, en að nafni hans væri stolið undir það. Viku

síðar andaðist Jón Erlindsson, áður en til þess kæmi, að hann synjaði með eiði fyrir undirskrift sína. Nokkrum öðrum hafði Jón Erlindsson sagt það, eftir að lögsókn var hafin gegn honum út af ábyrgðinni, að nafn hans væri ritað í heimildarleysi á skuldabréfið. Hins vegar eru vitnisburðir fram komnir um það, að Jón Erlindsson hafi sagt, að nafnskrift hans á skuldabréfinu væri lík sinni rithönd, og 2 skriftfróðir menn hafa eftir tilmælum bæjarfógetans í Reykjavík borið saman nafnskrift Jóns á skuldabréfinu við nafnskrift hans á 2 öðrum skjölum, og var annað þeirra fyrnefnd gestaréttargjörð 22. jan. 1915, þar sem enginn vafi þykir vera á réttri undirskrift Jóns; hafa þeir komist að þeirri niðurstöðu, að nafnskriftir Jóns á þessum skjölum, sérstaklega á skuldabréfinu og réttargjörðinni, séu svo líkar, að þeim virðist undirskrift hans á skuldabréfinu alls ekki, eftir útlitinu að dæma, þurfa að vera fölsuð.

Um tilorðningu þessa skjals hefir stefnandi skýrt frá á þessa leið við réttarprófin: Í marzmánuði 1914 var hann viðstaddur í Gaulverjabæ, er Jón Magnússon seldi Sigurði Þórarinssyni húsið nr. 37 við Bergstaðastræti í Reykjavík; tók Sigurður að sér veðdeildarlán, er á húsinu hvíldi, en gaf út skuldabréf til Jóns fyrir 3200 kr. Þetta skuldabréf skrifaði stefnandi og rituðu fyrnefndir ábyrgðarmenn undir það sama dag í Gaulverjabæ. Sú var tilætlunin, að selja skuldabréfið Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni í Reykjavík, meðal annars til greiðslu á skuldum Jóns Magnússonar við hann; tók Björn Gíslason frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavíkur,

en Jóhann neitaði að taka bréfið, meðal annars af því, að það væri illa skrifað og að öðru leyti illa útlítandi. Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóru þeir síðan báðir, Björn og stefnandi, austur aftur að Gaulverjabæ og hafði stefnandi hið vélritaða bréf með sér, að því er hann minnir; fekk Jón Magnússon sömu menn til að rita undir það sem hið fyrra bréf; fór Jón með það að Seljatungu til að fá undirskrift Jóns Erlindssonar, en stefnandi vildi eigi rita á það sem vitundarvottur að undirskrift Jóns Erlindssonar af því að hann var eigi við, þegar hún fór fram; var Jón þá sóttur heim að Gaulverjabæ og kannaðist hann þar við undirskrift sína á hinu vélritaða bréfi. Fóru þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta, að þær væru réttar.

Í framburði stefnanda og Jóns Magnússonar eru nokkrar mótsagnir um það, hvort það hafi verið fyrra eða síðara bréfið, sem Jón Erlindsson skrifaði undir heima hjá sér, en að öðru leyti hefir eigi sannast, að skýrsla stefnanda sé röng í neinu verulegu atriði. Eftir skýrslu Jóns Magnússonar og Karls sonar hans, fóru þeir með ábyrgðarskjal að Seljatungu til að fá undirskrift Jóns Erlindssonar undir það; hittu þeir hann í fjóshlöðunni, og þar skrifaði hann að sögn þeirra undir bréfið. Heimilisfólk í Seljatungu varð vart við komu þeirra feðga, en vissi eigi til, að hann hefði þá skrifað undir neitt skjal fyrir þá og taldi það ólíklegt, af því að áliðið hefði verið

dags og dimt í hlöðunni, enda hefði Jón sagt, að erindi þeirra feðga til sín hefði verið alt annað. Við rannsóknina hefir það þó sannast, að Jón Erlindsson hafi kannast við, að hafa skrifað undir ábyrgðarskjal fyrir Jón Magnússon viðvíkjandi húsinu nr. 37 í Bergstaðastræti og talið sig skuldbundinn samkvæmt því, og verður að ætla, að þetta hafi verið skuldabréf það, sem stefnandi skrifaði og Björn Gíslason síðar lét vélrita; hefir bréf þetta eigi komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar. En sá, sem vélritið gerði, hefir borið það sem vitni, að það hafi verið alveg samhljóða hinu skrifaða bréfi.

Það sést nú að vísu, eins og að framan er sýnt, af réttarprófunum, að stefnandi hefir átt mikinn þátt í að útbúa framannefnd skjöl; hann skrifaði fyrra bréfið og virðist hafa farið tvær ferðir frá Reykjavík til Gaulverjabæjar vegna bréfanna; hann gekst fyrir að fá undirskriftir ábyrgðarmannanna Gunnars Sigurðssonar og Snorra Sveinbjarnarsonar, er fenginn var til viðbótar sem ábyrgðarmaður á síðara bréfið, og loksins fekk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita rangt vottorð á síðara bréfið. En stefnandi heldur því þó fram, — og annað er ekki sannað — að hann hafi eigi átt neinna eiginhagsmuna að gæta, þar sem skuldabréf þetta var, en að hann hafi að eins sem aðstoðarmaður og erindsreki Jóns Magnússonar haft afskifti af því. Aðrar undirskriftir á hinu vélritaða skjali eru eigi vefengdar heldur en Jóns Erlindssonar, en um hana verður ekkert fullyrt, hvort hún sé rituð af honum sjálfum

eða öðrum í heimildarleysi, með því að líking rithandarinnar, sem Jón Erlindsson hefir kannast við og hinir ritfróðu menn vottað, verður ekki talin einhlít í þessu efni. En hins vegar er synjun Jóns fyrir nafnið, sem óvíst er að hann hefði séð sér fært að standa við, ef til eiðs hefði komið, engin sönnun þess, að nafnið sé falsað.

Með því nú að alls engin vissa er fengin um það, að undirskrift Jóns Erlindssonar undir hið vélritaða skuldabréf sé fölsuð og með því eigi er heimild til að álykta af afskiftum stefnanda af bréfi þessu eða neinu öðru, sem fram er komið við rannsóknina, að hann hafi verið viðriðinn slíka fölsun, ef hún hefir verið framin, þá virðist eftir málavöxtum mega álíta, að hann sé saklaus af glæp þeim, er hann var settur í gæzluvarðhald fyrir, og með því hann hefir eigi sjálfur verið þess valdandi með framferði sínu, telst hann eiga rétt til skaðabóta samkvæmt fyrgreindum lögum, fyrir þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af því, að vera sviftur frelsi sínu, og þykir eftir atvikum hæfilegt, að meta skaðabæturnar 300 kr., er greiðist úr landssjóði.

Stefnandi hefir sjálfur sótt málið fyrir yfirdóminum og þykir stefndi eftir atvikum eiga að greiða honum málskostnað, er ákveðst 40 kr.

Í sóknarskjölum sínum hefir stefnandi brotið mjög gegn því velsæmi í ritháttu, er sýna ber fyrir rétti; hefir hann viðhaft margvísleg brígsl og óvirðingarorð um ýmsa af þeim, sem komið hafa við þetta mál, svo sem um rannsóknardómarann, stjórnarráðið, verjanda stefnda, Odd Gíslason yfirréttar-

málaflutningsmann, Jón Erlindsson, Sigurð Þórarinsson o. fl. Ummæli hans eru meðal annars um *rannsóknardómarann:* að hann hafi lagt vitnum orð í munn, eða hagað spurningum sínum þannig, að sem næst kæmist því takmarki, sem sýnilega var stefnt að, að stefnandi yrði álitinn sekur, hvort sem um sekt eða sakleysi væri að ræða, — »hann líka er eins og geltinn deli, sem hleypur þegar húsbóndinn sigar honum«. »Þó Oddur skipi drengnum« (þ. e. dómaranum); *Um stjórnarráðið:* að stjórnarráðið hafi neitað stefnanda um að fá að sjá eftirrit af kæru gegn stefnanda, af því að því hafi verið kunnugt um að kæran væri fölsuð, — »að óhætt er að kalla neitun þeirra, sem um þetta mál áttu að fjalla, en neituðu að taka kæruna til greina, hreina og beina hilmingu«, »einmitt það, stjórnarráðið sjálft, hefir hilmað yfir bersýnilega glæpi«; *um Odd Gíslason:* »Eftir þessari reynslu minni um innræti mannsins er það fátt, sem eg gæti ekki um hann trúað«, — »eg hef . . . . ástæðu til að ætla, að kæran, sem kom sakamálsrannsóknninni af stað, sje fölsk og væri það í samræmi við aðrar gjörðir . . . . Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar;« — »Vörn Odds Gíslasonar er samtvinningur af vitleysum, rangfærslum og svivirðingum í minn garð« — »Það þarf meiri ósvífni og siðferðisspillingu en eg hugsaði að nokkur maður ætti til. — Hitt kæmi mjer á óvart, ef rjetturinn tæki staðlausar álygar hans góðar og gildar« — »Þetta ósannindaþvaður og álygar þeirra fjelaganna Odds og Sigurðar« — »Sýnir þetta hvert ómenni Oddur er í þessu máli« — »vísvitandi ósannindi fer hann

með« — »venjuleg ósannindi Odds« — »Eg verð að biðja Odd að færa einhver rök fyrir fleypri sínu« . . . . eða standa sem opinber ósannindamaður« — »að sitja á skrifstofu sinni og sjóða saman þrælmenskulegar sakargiftir á saklausa menn, þar sem uppistaðan er heimska og illgirni tældra fáfræðinga og ívafið eigin mannvonzku« — »Oddur garmurinn« — »að því kemur að hann vaknar af svefngöngu svikanna« »verða þess valdandi með upplyga áburði sínum« — »ein af hans alkunnu ótjerlegu ósannindum« — »ýlfrið í honum eintómt garnagaul« — »Er það nú forsjónin, sem hefir gert heila mannsins svo úr garði, að hann rúmar enga heilbrigða hugsun, eða heimskar hann sig svona sjálfur« — Enn sýni hann nú að hann hafi mannsblóð enn ekki merarhjarta«. Um *Sigurð Þórarinsson:* »óráðvandur til munns og handa«. Um *Jón Erlindsson:* »alþektur að prakkaraskap og óráðvendni«, »ætli þessi logna skýrsla Jóns fyrir réttinum sje ekki dágóð sönnun þess, að hann ljet sjer ekki alt fyrir brjósti brenna;« Um *yfirdóminn:* »Skal eg leyfa mjer að kryfja nokkuð til mergjar þann ósóma, er hann telur sjer sama að bera á borð fyrir yfirrjettinn, hvort sem nú ætla má að hann eftir 18 ára reynslu þykist þekkja að hann sje ekki matvandur á það góðgæti, þegar umkomulaus og efnalaus á í höggi við auðs- og vald-hafa þessa lands«.

Fyrir þennan ósæmilega og hneyxlanlega rithátt, verður stefnandi að sæta sekt, er ákveðst 50 kr. og renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo ber og eftir kröfu stefnda, að dæma hin tilgreindu ummæli dauð og ómerk.

Því dæmist rjett vera:

Stefnanda Erasmusi Gíslasyni greiðist úr landssjóði 300 kr. í skaðabætur og 40 kr. í málskostnað.

Stefnandi greiði 50 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í bæjarsjóð Reykjavíkur og lúkist sektin áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. ágúst 1917.

44/1917: Einar Ágúst Einarsson
gegn
Guðmundi Sigurðssyni.

Dómur:

Með kaupsamningi dags. 10. jan. 1916, og afsalsbrjefi útgefnu 30. s. m., seldi Guðmundur bóndi Magnússon áfrýjanda Einari Ágúst Einarssyni jörðina Elliðakot í Mosfellssveit, 20,9 hndr. að dýrleika, með öllum húsum, mannvirkjum, gögnum og gæðum og með nákvæmlega tilgreindum landamerkjum. En er áfrýjandi fór að notfæra sjer hina keyptu eign sína, kom það á daginn, að áðurnefndur Guðmundur Magnússon hafði áður, hinn 14. marz 1911, gjört kaupsamning við stefnda, Guðmund bónda Sigurðsson og selt honum landsspildu nokkra, Miðmundamýri ásamt

Miðmundahólum og Klofningum, sem áfrýjandi telur að hafi legið undir Elliðakot og verið innan áðurnefndra landamerkja jarðar þessarar, og segir áfrýjandi að sjer hafi verið algjörlega ókunnugt um þessa sölu, er hann keypti Elliðakotið, enda er kaupsamningur stefnda eigi þinglesinn, og eigi innritaður fyrirfram í veðmálabækurnar fyrr en 15. nóvbr. 1916. Með því nú að stefndi gjörði tilkall til áðurnefndrar landspildu samkvæmt kaupsamningi sínum, höfðaði áfrýjandi mál fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu gegn hinum stefnda, og krafðist þess þar að viðurkendur yrði með dómi eignarrjettur hans að öllu landi því »sem fylgja ber jörðinni Elliðakoti í Mosfellssveit samkvæmt þinglýstum landamerkjum, sem greind eru í landamerkjaskrá, er þinglýst er 4. júní 1890 að undanskildum hálfum nátthaganum hólmunum og stíflugarðinum«. Hinsvegar krafðist stefndi þess þá, að málinu yrði vísað frá aukarjettinum aðallega af því, að það eftir eðli sínu bæri undir landamerkjadóm og til vara af því, að eigi væri unt að átta sig á því, með því að eigi væri framlagður afstöðuuppdráttur, er sýni hina umdeildu landspildu. Aukarjetturinn lagði dóm á málið 17. apríl þ. á. á þá leið, að málinu var vísað frá aukarjettinum, og málskostnaður látinn falla niður, og er frávísunin aðallega rökstudd með því, að málið sje landamerkjamál og beri undir landamerkjadóm. Þessum aukarjettardómi hefir nú Einar Ágúst Einarsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. maí þ. á., og krafist þess að dómurinn verði ónýttur og úr gildi feldur og málinu vísað heim til nýrar meðferðar og

dómsálagningar í hjeraði, samkvæmt kröfu áfrýjanda þar; ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum. Hinsvegar krefst stefndi þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati rjettarins.

Eins og tekið hefir verið fram, er það krafa áfrýjanda í málinu, með skírskotun til kaupsamningsins 10. jan. 1916 og afsalsbrjefsins 30. s. m., að viðurkendur verði með dómi eignarrjettur hans að öllu því landi, sem fylgja á jörðinni Elliðakoti samkvæmt landamerkjaskrá jarðarinnar, þinglesinni 4. júní 1890, en innan þessara landamerkja telur hann liggja landspildu þá, sem um ræðir í kaupsamningnum til stefnda frá 14. marz 1911. En þetta vefengir stefndi. Hann heldur því fram, að landamerki Elliðakots samkvæmt hinni þinglesnu landamerkjaskrá sjeu mjög vafasöm, og ágreiningur um þar nefnd örnefni, og hann vefengir að landamerkjalýsing sú, sem tekin er upp í kaupsamninginn 10. jan. 1916, komi heim við merkin í hinni þinglesnu merkjaskrá jarðarinnar. Vegna þessarar óvissu á landamerkjunum sje ómögulegt að átta sig á hvaða land eða landspilda það er, sem áfrýjandi gjörir kröfu til. Þetta hefði því að eins verið mögulegt, ef áfrýjandi hefði lagt fram uppdrátt af landinu, sem sýni öll örnefni og merkjalínur, sem nefndar eru í hinni þinglesnu merkjaskrá og í kaupsamningnum 10. jan. 1916. Þá fyrst sjáist hvað á milli ber. Þar sem nú áfrýjandi hafi neitað að leggja fram slíkan uppdrátt beri að vísa málinu frá dómi.

Í hinni þinglesnu landamerkjaskrá Elliðakots er landamerkjum jarðarinnar lýst á einn veg; í kaup-

samningnum 10. jan. 1916, sem að visu vísar til umræddrar merkjaskrár, er tekin upp nákvæm lýsing á landamerkjum jarðarinnar, og er sú merkjalýsing að því er virðist töluvert á annan veg en í landamerkjaskránni; í kaupsamningnum til stefnda 14. marz 1911 er merkjum landspildu þeirrar, er þar ræðir um, lýst á enn annan veg. Þar sem nú enginn afstöðuuppdráttur af landinu með tilgreindum hinum ýmsu örnefnum og landamerkjalínum, hefir verið lagður fram í málinu, verður ekkert um það vitað hvort land það, er ræðir um í kaupsamningnum til stefnda 14. marz 1911, liggur innan óátalinna landamerkja Elliðakots, hvort sem þau verða talin samkvæmt merkjaskrá jarðarinnar þinglesinni 4. júní 1890 eða samkvæmt merkjum þeim, sem talin eru í kaupsamningnum 10. jan. 1916.

Eftir því sem málið liggur fyrir og kröfum áfrýjanda er háttað, verður að vísu ekkert um það dæmt hvort mál þetta heyrir undir landamerkjadóm, svo sem stefndi heldur fram, en þar sem afstöðuuppdrátt vantar, getur yfirdómurinn ekki sjeð hvaða landspilda það er, sem áfrýjandi gjörir kröfu til og á hverju hann byggir kröfur sínar, og verður því ekki komist hjá að vísa máli þessu frá dómstólunum sökum ófullnægjandi málsútlistunar. Ber af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 30 kr., en málskostnaður fyrir undirrjetti fellur niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Einar Ágúst Einarsson greiði stefnda Guðmundi Sigurðssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, og lúkist upphæðin áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. september 1917.

59/1917 Rjettvísin
gegn
Friðþjófi R. Þórarinssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 20. apríl þ. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Friðþjófur Reykjalín Þórarinsson, dæmdur samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 200. gr., fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi til að sæta hálfsmánaðar einföldu fangelsi, og til að greiða allan sakarkostnaðinn.

Dómurinn ákvað ennfremur að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóvbr. 1907, ef dómfeldi eigi á þeim tíma sætir ákæru í opinberu máli

fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði, og verði í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta.

Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Það er í máli þessu með eigin játningu ákærða og öðrum fengnum skýrslum löglega sannað, að hann hafi með byssuskoti orðið að bana 16 ára gömlum unglingspilti Hermanni Karli Hildibrandssyni, og varð það með þeim atvikum, er nú skal greina. Að morgni dags 15. febr. þ. á. sá ákærði fugl á sjónum fyrir framan hús það á Seyðisfirði, er hann býr í hjá foreldrum sínum. Tók hann þá byssu sína, bakhlaðna einhleypu, og hlaðið skothylki, og fór með hvorttveggja niður að sjónum, og setti þar í bysssuna skothylkið, sem hlaðið var venjulegu smáfuglaskoti og höglum nr. 3, en eigi varð þá af því að hann hleypti úr byssunni, með því að hann komst eigi í skotfæri við fuglinn; fór hann þá heim aftur með byssuna þannig hlaðna, og reisti hana upp við vegg í skúr framan við húsið og áföstum við það, án þess að taka skothylkið úr henni, og var hvellhettan föst í hylkinu. Var svo byssan þarna, þangað til síðar um daginn, kl. nálægt því 4, að ákærði ætlaði að fara aftur niður að sjó með hana til þess að vita, hvort hann sæi ekkert, sem hann gæti skotið. Hann segist þá hafa farið fram í skúrinn, tekið byssuna með hægri hendi um lásinn, og hafi hlaupið vitað út úr skúrdyrunum. Um leið og hann kom út úr skúrdyrunum, kom hann auga á áðurnefndan dreng, Hermann Karl Hildibrandsson, er stóð fram undan skúrdyrunum, nálægt 8 álnum fyrir framan þær;

en þá í sama vetfangi skeði það, að skotið reið úr byssunni, án þess að ákærði að öðru leyti geti gert nokkra grein fyrir því, hvernig það atvikaðist. Skotið lenti á hægri vanga, auga og gagnauga drengsins Hermanns Karls, og fóru sum höglin inn í heilann, og segir læknirinn, sem til var kallaður þegar í stað og skoðaði lík drengsins, að hann muni hafa dáið þegar eftir að skotið hitti hann. Ákærða varð mjög mikið um þetta slys, grét og bar sig hörmulega.

Það er ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess að ákærði hafi viljandi miðað byssunni á Hermann né heldur um að hann hafi viljandi hleypt skotinu úr byssunni, en hinsvegar verður yfirdómurinn að vera samþykkur þeirri skoðun héraðsdómarans, að slysið stafi af svo gálauslegri meðferð ákærða á byssunni að hann verði að teljast refsingarverður fyrir það samkvæmt hegningarlögunum. Ákærði er unglingur, fæddur 12. ágúst 1898, og var þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, er hann henti slysið; hann hefir eigi áður sætt hegningu eða dómi fyrir neinn glæp. Gáleysisbrot hans, það er hér um ræðir, er réttilega heimfært undir 200. gr. hegningarlaganna, og með því að yfirdómurinn felst á refsingarákvæði aukaréttardómsins, og um fyrirmæli dómsins um að fresta skuli fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóvember 1907 svo og á ákvæði dómsins um málskostnað, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og

skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. handa hvorum þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Friðþjófur Reykjalín Þórarinsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. september 1917.

28/1917: Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni
f. h. Þórunnar Jónsdóttur.

Dómur:

Þá er mál þetta fjell í rjett 18. júní þ. á. ljet áfrýjandi Gísli Hjálmarsson útgerðarmaður í Reykjavík mæta í rjettinum, og lagði umboðsmaður hans þá

fram áfrýjunarstefnu, og fjekk síðan með samþykki mótpartsins frest til málsútlistunar til 3. sept. þ. á. Þegar málið því næst var fyrirtekið 3. þ. m. mætti áfrýjandi ekki og enginn af hans hendi og var áfrýjunarstefnunni eigi skilað aftur. Af stefnda hálfu mætti aftur á móti yfirrjettarmálaflutningsmaður Guðmundur Ólafsson, sem einnig hafði mætt við fyrstu fyrirtekt málsins, og krafðist kosts og tæringar handa stefnda. Ber að taka þá kröfu til greina samkvæmt N.L. 1—4—34, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 10 kr. sem ómaksbætur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Gísli Hjálmarsson greiði stefnda Sveini Björnssyni yfirrjettarmálflutningsmanni fyrir hönd Þórunnar Jónsdóttur 10 kr. í ómaksbætur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. september 1917.

45/1917: Gísli Hjálmarsson
gegn
Einari Guðjónssyni.

Dómur:

Mál þetta átti að falla í rjett samkvæmt áfrýjunarstefnunni 3. þ. m., en þá mætti áfrýjandi eigi

og enginn af hans hendi. Aftur á móti mætti þá í yfirdóminum af stefnda hálfu samkvæmt stefnunni yfirrjettarmálaflutningsmaður Guðmundur Ólafsson og krafðist kosts og tæringar handa stefnda. Ber að taka þá kröfu til greina samkvæmt N.L. 1—4—34, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6 kr. sem ómaksbætur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson útgerðarmaður í Reykjavík greiði stefnda Einari Guðjónssyni sjómanni í Reykjavík 6 kr. í ómaksbætur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. október 1917.

6/1917: Rjettvísin
gegn
Magnúsi Steingrímssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. sept. 1916, var ákærði Magnús Steingrímsson

bóndi á Spákonufelli í Vindhælishreppi, dæmdur samkvæmt 250. gr. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir heimildarlausa töku á 7 kindum til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarslaun 10 kr. til talsmanns síns í hjeraði, Ólafs Björnssonar bónda á Árbakka. Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Með játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann hafi haustið 1914 kastað eign sinni á 5 kindur, sem hann átti ekki. Nefnt haust kom ákærði úr Tungurétt með fé sitt, og skýrir hann svo frá, að hann hafi rekið féð inn í hús á Óseyri og hafi hann ætlað að taka 5 kindur úr fé sínu til slátrunar á Hólanesi, en þá hafi hann orðið var við ókunnugar kindur í fénu. Afréð hann þá að taka þessar ókunnugu kindur, 2 ær, 1 veturgamla gimbur og 1 lamb til slátrunar í staðinn fyrir að taka af fé sínu. Kindum þessum slátraði hann á Hólanesi, seldi kaupmanni þar á staðnum kjötið, en slátrið seldi hann öðrum manni. Ennfremur slátraði ákærði sama dag gamalli á, sem var saman við fé hans, er hann hélt eftir fjárbragðinu að dæma að væri hans eign, en kveðst þó ekki hafa verið viss um það, með því að hann hafi ekki skoðað markið nákvæmlega. Hausarnir af kindum þessum hafa verið skoðaðir; hafa eigendur fundist að 4 kindanna, en eigandi hefir eigi fundist að fimtu kindinni, og var það fullorðin ær. Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi dregið sér kindur þessar í réttinni, og heldur því fram, að þær hafi ekki kom-

ið saman við fé sitt þar, en telur það líklegra, að þær hafi komið saman við fé sitt á leiðinni, þótt hann hafi ekki orðið þess var. — Þessari skýrslu ákærða um það, hvernig kindurnar hafi komist í vörzlu hans, er ekki hnekt og verður því að leggja hana til grundvallar við dóm í málinu.

Sama haustið markaði ákærði undir sitt mark 2 lömb, er hann átti ekki. Skýrir hann svo frá, að þegar hann kom úr fyrri Tungurétt umrætt haust, hafi fé hans verið rekið í hús á Syðriey, og hafi þá verið farið dálítið að dimma. Nokkru eftir að búið var að reka féð inn, kveðst ákærði hafa tekið eftir 2 lömbum í fé sínu, sem hann átti ekki, og þá litlu síðar, er hann var einn inni hjá fénu, hafi hann breytt mörkunum á lömbunum og hafi þau svo farið með fénu heim til hans. Öðru lambinu slátraði ákærði nokkrum dögum eftir að hann kom heim til sín og hagnýtti sér það, en hitt lambið var saman við fé hans fram eftir haustinu og fanst í því, er rannsókn í málinu var hafin. Ákærði neitar því fastlega, að hann hafi dregið sér þessi lömb í Tungurétt, og kveðst ekkert geta um það sagt, hvenær lömbin hafi komið saman við fé hans, en telur líklegast, að þau hafi komist í féð við túnið á Syðriey áður en það var rekið inn. Ákærði tjáist ekki vita, hverjir hafi átt lömb þessi, og við rannsóknina hefir ekkert orðið upplýst um eigendur þeirra.

Ákærði er fæddur 1881 og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegningu. Í prófunum er vikið að því, að ákærði sje ekki með fullri skynsemi eða veill á geði, en þar sem hlutaðeigandi héraðslæknir, er þó

þekkir ákærða nokkuð, hefir eigi orðið var við neina geðbilun á honum og hann stendur fyrir búi sínu og annast önnur störf sín, verður hann að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum. Brot hans er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 250. gr. sbr. 249. gr. hegningarlaganna og þykir refsingin hæfilega ákveðin 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður hann og að greiða allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin varnarlaun í héraði eins og þau eru ákveðin í dómnum, og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Á rannsókn máls þessa og rekstri í héraði hefir orðið allmikill dráttur, og hefir héraðsdómarinn gert ítarlega grein fyrir þeim atvikum, sem hafa valdið þessum drætti. Þessi greinargerð þykir þó ekki með öllu fullnægjandi, og verður að víta hinn langa drátt á málinu, en ekki þykir þó ástæða til að láta héraðsdómarann sæta sekt fyrir hann. Það er og aðfinnsluvert, að héraðsdómarinn hefir ekki gefið út stefnu til ákærða, en með því ákærða var tilkynt það við síðasta lögregluréttarhaldið, að sakamál yrði höfðað gegn honum, og honum þá gefinn kostur á að fá sér skipaðan talsmann, er flutti vörn fyrir hann, og var sjálfur viðstaddur dómtöku málsins og vildi una við dóminn, virðist mega við svo búið standa.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Steingrímsson, á að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan sakarkostnað fyrir báðum réttum, þar með talin málflutningslaun til talsmanns síns í héraði, Ólafs bónda Björnssonar á Árbakka, 10 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 61/1917: Helgi Jónsson
gegn
Margrétu Árnason.

Dómur:

Áfrýjandinn, Helgi Jónsson kaupfélagsstjóri á Stokkseyri, hefir með stefnu dags. 10. ág. þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 31. maí þ. á., en með þeim dómi var stefnda, frú Margrét Árnason í Reykjavík, dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma og átalin meiðyrði dæmd dauð

og ómerk; svo var og stefndu gert að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað. Hefir áfrýjandi krafist, að dómur þessi verði staðfestur og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefnda fekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi frestinn og kom eigi í yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms. Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfur áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda, Margrét Árnason, greiði áfrýjanda, Helga Jónssyni, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 62/1917. Jóhann V. Daníelsson
gegn
Margrjetu Árnason.

Dómur:

Áfrýjandinn Jóhann V. Daníelsson kaupmaður á Eyrarbakka, hefir með stefnu dags. 10. ágúst þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 22. marz þ. á., en með þeim dómi var stefnda, frú Margrjet Árnason í Reykjavík dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma, og átalin meiðyrði talin dauð og ómerk; svo var og stefndu gjört að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað.

Hefir áfrýjandi krafist, að dómur þessi verði staðfestur og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins. Stefnda fjekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m, en hún notaði eigi frestinn og kom eigi í yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms.

Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda Margrjet Árnason greiði áfrýjanda Jóhanni V. Daníelssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur sjeu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 63/1917. Þórður Jónsson
gegn
Margrjetu Árnason.

Dómur:

Áfrýjandinn Þórður Jónsson verslunarmaður á Stokkseyri, hefir með stefnu dags. 10. ág. þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 29. marz þ. á., en með þeim dómi var stefnda frú Margrjet Árnason í Reykjavík dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma, og átalin meiðyrði dæmd dauð og ómerk og fyrir ósæmilegan rithátt í 30 kr. sekt, að hálfu til landssjóðs og að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur; svo var og stefndu gjört að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað. Hefir áfrýjandi krafist að dómur þessi verði staðfestur og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Stefnda fjekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi frestinn og kom eigi í

yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms.

Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda Margrjet Árnason greiði áfrýjanda Þórði Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur sjeu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 64/1917. Sigurður Briem
gegn
Margrjetu Árnason.

Dómur:

Áfrýjandinn, Sigurður Briem póstmeistari, hefir með stefnu dags. 10. ág. þ. á. skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní þ. á., en með þeim dómi var stefnda, frú Margrjet

Arnason í Reykjavík dæmd fyrir meiðyrði um áfrýjanda í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma, og átalin meiðyrði dæmd dauð og ómerk, og fyrir ósæmilegan rithátt í 20 kr. sekt, að hálfu til landssjóðs og að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur; svo var henni og gjört að greiða 30 kr. í málskostnað til áfrýjanda. Hefir áfrýjandi krafist þess að dómur þessi verði staðfestur að öllu leyti, og að stefnda verði dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Stefnda fjekk frest í málinu til gagnáfrýjunar til 1. þ. m., en hún notaði eigi þann frest og kom eigi í yfirdóminn þann dag og enginn fyrir hennar hönd til að veita andsvör í málinu, og var það þá tekið til dóms.

Að svo komnu verður þá að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfestingu bæjarþingsdómsins og málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Stefnda Margrjet Árnason greiði áfrýjanda Sigurði Briem póstmeistara 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. október 1917.

Nr. 22/1917: Réttvísin
gegn
Guðmundi Kristjánssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 16. nóv. f. á., var Guðmundur Kristjánsson bóndi í Hvammkoti í Vindhælishreppi dæmdur í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt 250. gr. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, svo og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 10 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns fyrir aukaréttinum, Jóns prests Pálssonar á Höskuldsstöðum.

Þessum dómi hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot. Með játningu hans og öðrum skýrslum málsins er það löglega sannað, að hann haustið 1914 eftir réttir hafi slátrað og hagnýtt sér hvítt gimbrarlamb, er Edvald Hemmert verzlunarstjóri á Skagaströnd átti. Var lamb þetta, að því er ákærði skýrir frá, saman við fé hans og rekið heim með því við smölun. Mark Hemmerts var á lambinu og þekti ákærði það; taldi hann sér til málsbóta, að hann hefði orðið fyrir ójöfnuði í verzlunarviðskiftum við Hemmert — sem þó ekki hefir sannast í málinu — og viljað ná sér niðri á honum fyrir það með lambtökunni. Sam-

kvæmt vottorði héraðsdómarans hefir ákærði greitt eigandanum andvirði lambs þessa.

Sama haustið breytti ákærði annars manns marki á svörtu gimbrarlambi, er var saman við fé hans, í sitt mark, og tjáist hafa gert það með fullu ráði, þó að hann vissi ekki, hvort lambið væri annara eign eða sín, til að helga sér lambið og gera það að sinni eign. Úr þessari játningu hefir ákærði þó viljað draga með því að halda því fram síðar í prófunum, að hann hafi grunað, að þetta svarta lamb væri undan svartri á, er hann átti og sloppið hafði um vorið órúin og með svörtu lambi ómörkuðu; hefði hann frétt, að hann ætti svart reifi úti á Hrauni, og þá giskað á að það væri af svörtu ánni og að lambið hefði verið markað um leið og ærin var rúin, en mismarkast á vinstra eyra, stýft eða sneytt framan í staðinn fyrir sneytt aftan. En með því annars manns mark var á lambinu og ákærði gjörði ekkert til að rannsaka, hvort þessi grunur hans væri rjettur, verður að meta svo markbreytingu hans á lambinu, að hann með henni hafi í heimildarleysi viljað kasta eign sinni á það. Lambið átti Páll Steingrímsson bóndi á Njálsstöðum og hefir það verið afhent honum.

Í rjettarhaldi 4. nóv. 1914 skýrði ákærði frá því, að haustið 1910 hefði hvítur lambhrútur komið saman við fé sitt með mark sneytt framan biti aftan hægra, en óljóst mark á vinstra eyra, með því eyrað hefði verið orpið; hafi hann tekið lamb þetta, markað það á vinstra eyra, þegar fram á leið veturinn, svo að það varð með soramarki hans, og slátrað því næsta haust og hagnýtt sjer. En við síðari yfirheyrslu

breytti ákærði þessum framburði á þá leið, að um sumarið 1910 hefði hann markað lamb undir gimbur, sem sonur hans átti, undir sama mark og á gimbrinni var, sneytt framan vaglskora aftan hægra, hvatrifað vinstra; hafi hann um haustið, er hann tók lambhrútinn, álitið að hann væri sama lambið, sem hann hefði markað um sumarið, enda hafi hann verið með gimbrinni og markið verið líkt; hafi ákærði talið sjer heimilt að slátra kind þessari og hagnýta sjer hana, með því að hún hafi verið eign sonar hans, þá 15 vetra, sem hafi verið hjá honum. Þóttist ákærði ekki hafa verið búinn að átta sig á þessu við yfirheyrsluna 4. nóv. 1914. Um lamb þetta hefir við rannsókn málsins engin upplýsing fengist önnur en skýrsla ákærða, og virðist þá ekki heimild til að hafna henni eða láta ákærða sæta ábyrgð fyrir töku á greindum lambhrút.

Þá hefir ákærði játað að hann hafi hirt reifi af 2 kindum, er voru saman við fje hans vorið 1913 og muni reifin hafa runnið inn til sín. Við síðari yfirheyrslu hefir ákærði þó haldið því fram, að nafngreindur maður hafi verið beðinn að koma reifunum til skila og tekið við þeim í því skyni, en sá maður hefir eigi kannast við það, og verður þá að ætla, að ákærði hafi tekið og hagnýtt sjer þessi ullarreifi að ófrjálsu. Andvirði fyrir annað reifið hefir ákærði greitt eigandanum, en eigi hefir orðið upplýst, hver eigandi hafi verið hinnar kindarinnar.

Framangreind brot ákærða heyra undir 250. gr. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau æfilega ákveðin af undirdómar-

anum 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað samþykkist einnig og má því staðfesta hann.

Ákærði ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors. Fyrstu prófin í máli þessu voru haldin 2.—4. nóv. 1914, en síðan var ekkert við málið gjört fyr en 18. nóv. 1915. 29. s. m. var svo prófunum enn frestað og þau eigi tekin upp aftur fyr en 26. ág. f. á.; var rannsókninni þá lokið, en fyrir aukarjettinn kom málið 16. f. á. og var dæmt sama dag. Hjeraðsdómarinn hefir gjört ítarlega grein fyrir hvað því hafi valdið, að rannsókn málsins hefir dregist svo mjög, og þó að sú greinargjörð geti ekki fyllilega rjettlætt þennan langa drátt, þykir þó eftir atvikum eigi ástæða til að láta hann varða dómarann ábyrgð. Stefna til ákærða hefir eigi verið gefin út í héraði og er það aðfinsluvert, en eigi virðist þurfa að vísa málinu heim fyrir þá sök, með því að ákærði mætti við fyrirtekt málsins með skipuðum talsmanni sínum, sem flutti vörn fyrir hann. Fyrir yfirdóminum hefir sókn og vörn málsins verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Guðmundur Kristjánsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmála-

flutningsmannanna Eggert Claessen og Sigurðar Lýðssonar 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. október 1917.

Nr. 46/1917: Sigurður Kristjánsson
gegn
Einari Þorgilssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Einar Þorgilsson kaupmaður í Hafnarfirði fyrir aukarjetti Hafnarfjarðarkaupstaðar gegn áfrýjanda Sigurði Kristjánssyni sýsluskrifara sama staðar, fyrir meiðyrði, er áfrýjandi hefði haft um sig á opinberum málfundi, er haldinn var í Hafnarfirði 20. okt. 1916, og áfrýjandi ásamt nokkrum öðrum mönnum hafði boðað til, en ummæli þau, er stefndi átaldi voru þau, að hann Einar Þorgilsson, hefði aldrei meðan hann var bæjarfulltrúi í Hafnarfirði mætt á fundum bæjarstjórnarinnar, nema þegar þau málefni voru á dagskrá sem snertu hans eigin hag eða þegar hann þurfti að verja eigin hagsmuni sína. Krafðist Einar Þorgilsson þess að áfrýjandi yrði dæmdur til refsingar fyrir þessi ummæli, að þau yrðu dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu. Áfrýjandi höfðaði þá af sinni hálfu gagnsök á hendur stefnda út af ummælum, er hann

taldi að stefndi hefði haft um sig á nefndum fundi og eru ummælin þau: »Þessi maður kom til mín fyrst er hann kom hingað til bæjarins og hafði þá ekkert að jeta og falaði atvinnu hjá mjer, en jeg hafði þá ekkert annað handa honum að gera en að afhausa þorsk« og »Enginn tekur mark á orðum þessa manns — ómerk eru ómagaorð«, ennfremur krafðist hann að stefndi yrði dæmdur til refsingar fyrir lítilsvirðandi látbragð gegn sjer og gjörði að öðru leyti þær kröfur að hin stefndu ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur til refsingar fyrir þau og til málskostnaðargreiðslu. Voru mál þessi dæmd í nefndum rjetti 3. maí þ. á., þannig að áfrýjandi var í aðalmálinu dæmdur samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 8 daga einfalt fangelsi, hin átöldu ummæli um stefnda dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 30 kr. í málskostnað. Í gagnsökinni voru nokkur ummæli stefnda um áfrýjanda dæmd dauð og ómerk, en að öðru leyti var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda.

Dómi þessum ásamt úrskurði uppkveðnum undir rekstri málsins hefir Sigurður Kristjánsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. júní þ. á. og hefir hann gjört þær kröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og málinu vísað heim aftur í það ástand, er það var í áður en úrskurðurinn var uppkveðinn, en til vara að dóminum verði breytt þannig að áfrýjandi verði sýknaður í aðalsökinni en í gagnsökinni verði stefndi dæmdur í sekt fyrir hin umstefndu ummæli, að þau verði dæmd dauð og ómerk

og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins. Einar Þorgilsson hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 24. júlí þ. á. og krefst hann þess aðallega að hin ídæmda refsing verði þyngd og málskostnaðarupphæðin fyrir undirrjetti hækkuð, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi hvernig sem málið fer. Við fyrstu fyrirtekt málsins í hjeraði óskaði stefndi Einar Þorgilsson að leiða vitni um hin átöldu ummæli. Áfrýjandi mótmælti þá vitnaleiðslunni sökum þess að hún væri orðin um seinan samkvæmt N.L. 1—13—22, og auk þess hjelt hann því fram, að þar sem 14 dagar — á að vera 11 dagar — hefðu liðið frá fundi þeim. er gaf tilefni til málsins, þar til það var kært fyrir sáttanefnd og því næst 9 dagar frá sáttafundi þar til réttarstefna var gefin út, hefði stefndi dregið málið að óþörfu, og hefði með þeim drætti glatað rjetti sínum til að láta vitnaleiðslu fara fram.

Þessi mótmæli tók hjeraðsdómarinn ekki til greina og úrskurðaði að vitnaleiðslan skyldi fram fara. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins ásamt aðalmálinu, og heldur hann fram hjer fyrir rjettinum sömu mótmælum gegn vitnaleiðslunni og fyrir undirrjetti.

Þessi mótmæli gegn vitnaleiðslunni verða þó ekki tekin til greina, með því að líta verður svo á að stefndi hafi hraðað svo málatilbúnaðinum í hjeraði og komið máli sínu þar fyrir rjett svo fljótt sem föng voru á eftir öllum atvikum, enda ekki haldið neitt

reglulegt þing á tímabili því, er um er að ræða, en vitnaleiðslan fór fram fyrsta fyrirtektardag málsins í hjeraði og verður fyrir því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefir neitað því að hann hafi viðhaft hin umstefndu ummæli um stefnda, en þrátt fyrir þessa neitun má þó telja það sannað með mörgum vitnisburðum, að ummæli áfrýjanda hafa fallið á þennan veg.

Áfrýjandi hefir reynt að rjettlæta áburð sinn á stefnda og hefir í því skyni lagt fram útdrætti úr gjörðabókum bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, en útdrættir þessir bera það með sjer að ummælin eru á engum rökum bygð og ósönn. Þau eru freklega meiðandi og móðgandi fyrir stefnda og staður og stund þannig valin að það jók mjög hið meiðandi í orðunum. Það ber því að dæma áfrýjanda í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 kr. og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Svo eiga ummælin að vera dauð og ómerk. Um ummæli þau, er áfrýjandi hefir átalið, er það að segja að klausan »Þessi maður kom til mín . . . . afhausa þorsk« getur ekki talist svo saknæmur áburður á áfrýjanda að þau meiði ærurjett hans og verður stefndi því ekki dæmdur fyrir þau, þótt sönnuð væru. Um hin önnur átöldu ummæli »Enginn tekur mark á orðum þessa mans, ómæt eru ómagaorð« hafa vitni borið að stefndi hafi viðhaft þau um áfrýjanda.

Stefndi hefir eindregið neitað því að orðin hafi

fallið þannig og sjerstaklega hefir hann neitað því að orð sín hafi haft eins yfirgripsmikla og almenna merkingu og hin umstefndu, heldur hafi hann í ræðu sinni að eins tekið fram að hann teldi víst að engin tæki mark á aðdróttunum áfrýjanda í sinn garð. Það er viðurkent að ræða stefnda, sem hin átöldu ummæli eiga að hafa staðið í, var andsvar hans gegn ræðu áfrýjanda, sem framannefnd árásarorð voru í. Þar sem nú ekki er upplýst í hvaða sambandi orð stefnda »engin tekur mark á orðum þessa manns« stóðu, eða um það hvort þessi ummæli stefnda hafa haft almenna víðari merkinu eða verið sögð í þrengri merkingu eins og hann heldur fram og þá eigi gengið lengra en leyfilegt var, verður stefndi eigi sektaður fyrir þau, og er þá heldur eigi ástæða til að dæma þau dauð og ómerk.

Hins vegar er það sannað að stefndi hefir viðhaft orðin »ómerk eru ómagaorð« og beint þeim að áfrýjanda. Þessi orð sögð ófyrirsynju og út af fyrir sig eru að vísu móðgandi, en þegar þess er gætt að þau voru notuð sem andsvar gegn ósönnum allósvifnum persónulegum aðdróttunum um stefnda, þykir ekki rjett að dæma hann til refsingar fyrir þau. Aftur á móti eiga ummæli þessi að vera dauð og marklaus.

Að stefndi hafi á umræddum fundi sýnt áfrýjanda svo lítilsvirðandi látbragð að refsivert sje er ósannað, og verður því krafa áfrýjanda um ábyrgð á hendur stefnda fyrir það ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeirri breytingu á upphæð sektarinnar og vararefsingarinnar, sem að framan er nefnd. Eftir

þessum úrslitum virðist rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Sigurður Kristjánsson greiði sekt í landssjóð 60 kr. eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda Einari Þorgilssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 12. nóvember 1917.

Nr. 66/1916: Hlutafjelagið Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise í Kaupmannahöfn gegn Axel Andersen f. h. eigenda og vátryggjenda skipsins »Asta«.

Dómur:

Hinn 17. ágúst 1915 strandaði fiskigufuskipið »Asta« frá Frederikshavn á ytri enda Hríseyjar á

Eyjafirði. Skipið hljóp á land með fullri ferð með flóði og fór svo hátt á land, að það gat eigi komist út aftur af eigin ramleik og eigi varð því heldur bjargað af öðru fiskiskipi, sem kom þar að.

Björgunarskipið »Geir« eign hlutafjelagsins Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise í Kaupmannahöfn var þá statt á Eyjafirði, og er það sama morguninn og strandið bar að höndum var á leið út Eyjafjörð til að taka af grunni annað skip kom stýrimaðurinn af »Asta« um borð í »Geir« og beiddist hjálpar. »Geir« fór þá til strandstaðarins og kom þangað kl. 10 að morgni sama dags. Gjörðu skipstjórarnir á »Geir« og »Asta« sama dag með sjer björgunarsamning og tókst skipstjórinn á »Geir« með þeim samningi á hendur að bjarga hinu strandaða skipi og flytja það til Akureyrar gegn því að fá að björgunarlaunum $33\,^1/_3\,\%$ af andvirði hins bjargaða eins og það yrði metið af dómkvöddum matsmönnum eða yfirmatsmönnum, og áttu björgunarlaunin að greiðast þegar búið væri að flytja hið strandaða skip til Akureyrar.

Eftir að samningur þessi var undirskrifaður dró »Geir« »Asta« af grunni og flutti til Akureyrar og lagði henni þar að bryggju kl. 6,30 sama dag.

Kafari frá »Geir« skoðaði skipið og reyndist það svo lítið skemt að það gat haldið áfram fiskveiðum. Samkvæmt ákvæðum björgunarsamningsins var skipið metið af dómkvöddum mönnum á kr. 20964,00, en með því skipstjórinn á »Geir« vildi ekki hlýta því mati, fór eftir kröfu hans fram yfirmat á skipinu og var það þá með öllu tilheyrandi og í því ástandi sem það var eftir björgunina, metið af yfirmatsmönnum 27500

kr. virði. En með því að nokkrir dagar liðu svo að björgunarlaunin voru hvorki greidd né trygging sett fyrir greiðslu þeirra, var þess krafist af hálfu h/f Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise að löghald yrði lagt á skipið »Ásta« til tryggingar greiðslu björgunarlaunanna og fór sú löghaldsgerð fram í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu hinn 27. ágúst s. á. á Hjalteyri, þar sem skipið þá var. — Til staðfestingar löghaldsgerðinni og til innheimtu björgunarlaunanna höfðaði svo hlutafélagið mál þetta fyrir sjórétti Akureyrarkaupstaðar gegn skipstjóra A. Andersen sem eiganda og fyrir hönd vátryggjenda skipsins »Ásta«. Gerði umboðsmaður hlutafélagsins í fyrstu þá kröfu fyrir sjóréttinum, að löghaldsgerðin yrði staðfest og stefndi dæmdur til að greiða hin umsömdu björgunarlaun, $33^1/_3\%$ af matsverði skipsins, eins og það var metið af yfirmatsmönnunum, eða kr. 9166,67 með 6% vöxtum frá 17. ágúst 1915 til borgunardagsins og málskostnað að skaðlausu að meðtöldum kostnaði við kyrsetningargerðina og matsgerðir þær, er fram höfðu farið, en síðar undir rekstri málsins krafðist stefnandi viðbótar við áðurgreind björgunarlaun 833 kr. 33 aura með 6% vöxtum frá 22. nóvember 1915, eða alls 10000 kr. björgunarlauna með vöxtum og málskostnaði. Stefndi krafðist þess hins vegar, að krafa stefnanda um $33^1/_3\%$ af matsverði hins bjargaða skips yrði færð niður um 10—15% og að hann yrði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. — Máli þessu lauk svo með dómi sjóréttarins uppkveðnum 21. júní f. á., að löghaldsgerðin var staðfest og stefndi, A. Andersen, sem eigandi og fyrir hönd vátryggjenda

skipsins dæmdur til að greiða Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise 7700 kr. með 6% vöxtum frá 17. ágúst 1915 til borgunardags og málskostnað að meðtöldum kostnaði við báðar matsgerðirnar og löghaldsgerðina með 300 kr., en að öðru leyti var stefndi sýknaður af kröfum sækjanda. — Dómi þessum hefir Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. nóv. f. á., og átti málið samkvæmt stefnunni að koma fyrir réttinn mánudaginn 14. jan. 1918, en með samkomulagi beggja málsaðila var málið tekið fyrir 11. júní þ. á. Fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi haldið fram öllum hinum sömu kröfum og fyrir undirrétti, þar á meðal að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 10000 kr. með 6% ársvöxtum af 9166 kr. 67 a. frá 17. ágúst 1915 og af 833 kr. 33 a. frá 22. nóv. s. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu bæði fyrir sjódómi og yfirdómi.

Stefndi, Axel Andersen, hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 8. sept. þ. á., og krefst hann þess, að björgunarlaunin verði færð niður um 15% frá því, sem um var samið milli skipstjóranna á »Geir« og »Asta«, og að yfirmatið á skipinu verði ekki tekið til greina. Að öðru leyti krefst hann þess, að verða sýknaður af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Kröfu sína um, að fá 833 kr. 33 a. hærri björgunarlaun en ákveðið er í björgunarsamningnum, byggir áfrýjandi á því, að eftir að björgunin fór fram, hafi hinn rétti eigandi skipsins samþykt að

greiða 10 þús. kr. í björgunarlaun. Þessu til stuðnings hefir áfrýjandi lagt fram í málinu símskeyti dags. 20. ágúst 1915 frá James Andersen nokkrum í Smögen, þar sem hann gengur inn á að greiða 10000 kr. fyrir björgun skipsins. En upphæð þessi var aldrei greidd, og stefndi hefir neitað því, sérstaklega fyrir hönd vátryggjenda skipsins, að nefndur James Andersen hafi verið bær um að semja um björgunarlaunin. Það sést nú ekki af skjölum málsins, að maður þessi sé eigandi eða vátryggjandi hins bjargaða skips, og verður því ekki gegn mótmælum stefnda álitið, að hann hafi getað gert bindandi samning í þessu efni. Það ber því að sýkna stefnda af þessum hluta af kröfu áfrýjanda.

Kemur þá til álita krafa áfrýjanda um björgunarlaun samkvæmt áðurnefndum björgunarsamningi. Heldur áfrýjandi því fram, að mótmæli stefnda gegn upphæð björgunarlaunanna geti ekki komið til álita með því að stefndi hafi ekki stefnt til ónýtingar eða breytingar á björgunarsamningnum innan þess tíma, er til er tekinn í sjólögunum, en það verður að fallast á það álit sjóréttarins, að rétturinn hafi samkvæmt 232. gr. siglingalaganna 30. nóv. 1914 haft heimild til í þessu máli að taka til álita kröfu stefnda um niðurfærslu á björgunarlaununum frá því, sem ákveðið er í björgunarsamningnum án gagnstefnu frá hans hendi, en að því athuguðu, *að* björgunin tókst vel og skipið eftir strandið gat haldið áfram síldveiðum, *að* skipið hafði strandað á hættulegum stað og hefði að líkindum farist, ef því hefði ekki fljótlega verið veitt hjálp, og *að* álíta verður

vafasamt, að það hefði náðst út af öðrum skipum en þeim, sem sérstaklega eru útbúin til björgunar, verður ekki álitið, að hin umsömdu björgunarlaun, $33^1/_3$% af matsverði hins bjargaða skips, séu ósanngjörn, en verð skipsins ber að telja svo sem það er ákveðið af yfirmatsmönnunum, 27500 kr. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 9166 kr. 67 aura með 6% ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til greiðsludags. Svo ber stefnda að greiða áfrýjanda 300 kr. málskostnað fyrir undirrétti, eins og ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi. Eftir þessum úrslitum ber stefnda og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, skipstjóri Axel Andersen, fyrir hönd eigenda og vátryggjenda fiskigufuskipsins »Asta« frá Frederikshavn greiði áfrýjanda, hlutafélaginu Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise í Kaupmannahöfn, 9166 kr. 67 aura með 6% ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til greiðsludags og í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 380 kr., en sé að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu. Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. nóvember 1917.

Nr. 58/1917. Einar M. Jónasson
gegn
Emil Strand.

Dómur:

Emil Strand kaupmaður hér í bænum gerði samning dags. 23. okt. 1915 við Árna Jónsson skipstjóra og Ágúst Magnússon um, að þeir skyldu grafa grunn undir bræðslu- eða reykskúr 9,60×8,40 metra að stærð, múra undir skúrinn og fága gólfið; ennfremur gera kjallara undir skúrnum eftir teikningu, steypa gólf í hann og fága veggina; þeir skyldu og ganga frá vatns- og lokrennupípum innanhúss og út fyrir grunninn, og átti verkinu að vera lokið í lok nóvembermánaðar s. á. Fyrir það átti Strand að greiða þeim Árna 125 kr. jafnóðum og verkinu miðaði áfram og afganginn þegar því væri lokið; hann átti og að flytja alt efni á byggingarstaðinn og líta eftir að ekkert vantaði. Með því að vatnsagi var í jörðinni, þar sem fyrst var byrjað að grafa kjallarann, var hætt við verkið þar eftir 2 daga og grafið á öðrum stað skamt frá. Þegar þar var komið gekk Ágúst Magnússon frá verkinu og annaðist Árni Jónsson um það úr því. Hann lauk þó eigi verkinu til fulls, en þegar hann hætti taldi hann til 80 kr. skuldar hjá Strand, er honum væru ógreiddar af umsamdri borgun. Þessa kröfu-upphæð á hendur Strand framseldi Árni Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni og höfðaði hann þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til að fá Strand dæmdan til

að greiða sér upphæðina með 6% ársvöxtum og málskostnaði. En með dómi nefnds réttar uppkveðnum 22. febr. þ. á. var Strand sýknaður af kröfunni og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. ág. þ. á. og haldið þar fram sömu kröfum og fyrir undirréttinum og auk þess krafist málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Stefndi, Emil Strand, krefst staðfestingar á bæjarþingsdómnum og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi að skaðlausu, eða eftir mati réttarins. — Samkvæmt reikningi stefnda, er Árni Jónsson hefir viðurkent réttan, hefir stefndi greitt honum 135 kr. 85 aura fyrir verk það, er ræðir um í samningnum 23. okt. 1915. En áfrýjandi heldur því fram, að 90 kr. 85 a. af þessari upphæð séu greiddar fyrir vinnu við aðflutning á verkefni og umsjón með henni; hafi Árni annast þessa greiðslu fyrir stefnda, sem hafi átt að bera allan kostnað við þá vinnu samkvæmt samningnum; hafi Árni því að eins fengið 45 kr. af umsamdri borgun, en 80 kr. séu honum vangreiddar. Stefndi kannast hins vegar eigi við, að hann sé í neinni skuld við Árna Jónsson eða áfrýjanda út af téðum viðskiftum þeirra Árna, en kveðst þvert á móti hafa greitt Árna 10 kr. 85 a. umfram umsamda borgun, eins og reikningurinn beri með sér. Í reikningnum segir hann að séu að vísu taldar greiðslur fyrir aðflutning á byggingarefni, en því sé svo varið, að í upphafi hafi verið ákveðið, að kjallarinn skyldi vera 3 álna djúpur, en síðar hafi stefndi

látið það eftir, að dýptin yrði að eins 2 álnir gegn því, að Árni annaðist á sinn kostnað flutning á grjótefni frá þeim stað, er fyrst var byrjað á verkinu, þangað, er kjallarinn síðar var grafinn. En aðalvarnarástæða stefnda er sú, að Árni hafi eigi lokið við verkið eins og um var samið og geti því eigi átt rétt á fullri borgun fyrir það. Tjáist stefndi oft hafa skorað á hann að fullgera verkið, en hann eigi sint því. En þó að Árni, að áliti stefnda, hafi fengið meira en fulla borgun fyrir verk það, er hann hefir unnið, kveðst stefndi engu að síður vera fús til að greiða Árna 80 kr. að frádregnum áðurtöldum kr. 10,85 gegn því, að hann ljúki verkinu að fullu.

Við þessa umsögn stefnda hefir áfrýjandi athugað og Árni Jónsson borið það sem vitni, að ekkert hafi verið ákveðið um dýpt kjallarans annað en það, að hann skyldi grafinn niður á hellu, og það hafi verið gert. Ákvæði samningsins um það, að stefndi skyldi sjá um alla efnisflutninga á byggingarstaðinn hafi að engu verið breytt. Árni kannast við, að hann hafi eigi lokið verkinu til fulls, eins og áskilið er í samningnum, en ógert hafi verið að steinlíma og fága kjallarann og steypa gólf í hann og gólf undir skúrinn. En hann heldur því fram, að þessu hafi verið slept eftir fyrirlagi stefnda, því að hann hafi eigi viljað kosta til þess eftir að honum hafi verið synjað um að hafa bræðslu í skúrnum. — Það verður að teljast viðurkent af stefnda, að 60 kr. 85 a. af framangreindri reikningsupphæð hafi verið greiddar fyrir flutning á byggingarefni, og með því stefndi

hefir eigi sannað, að Árni hafi samþykt neina breytingu á hér að lútandi ákvæði samningsins, verður þessi upphæð eigi talin greidd upp í samningsverðið. En á hinn bóginn hefir áfrýjandi eigi sannað, að Árni hafi greitt meir en nefndar 60 kr. 85 a. fyrir flutning á efni, og verður þá að gera ráð fyrir, að 75 kr. af reikningsupphæðinni hafi greiðst upp í samningsverðið, svo að 50 kr. af því séu ógoldnar. En svo sem þegar er sagt var töluvert ógert af hinu umsamda verki, og áfrýjandi hefir eigi sannað, að það hafi verið eftir ósk eða fyrirmælum stefnda eða að hann að öðru leyti hafi átt sök á því, að Árni skildi þannig við verkið. Eftir samningnum átti borgun að greiðast jafnóðum og verkinu miðaði áfram, en eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, verður það eigi séð, hvort nokkuð eða hve mikið vangoldið sé fyrir það, sem unnið hefir verið, og er því eigi í samningnum heimild til að skylda stefnda til að greiða meir en hann hefir goldið. En með því stefndi hefir tjáð sig fúsan til að greiða hina umstefndu upphæð að frádregnum 10 kr. 85 a., ef verkið yrði fullgert samkvæmt samningnum, virðist mega taka til greina kröfu áfrýjanda þannig, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum 80 kr. ÷ 10 kr. 85 a. = kr. 69,15, gegn því, að áfrýjandi láti fullgera verkið eins og um var samið. — Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Emil Strand, greiði áfrýjanda, Einari M. Jónassyni, 69 kr. og 15 a. gegn því, að áfrýjandi láti fullgera verk það, er ræðir um í framangreindum samningi dags. 23. okt. 1915.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. nóvember 1917.

Nr. 70/1917. Sveinn Björnsson f. h. Det danske Mælkecompagni gegn Halldóri Gunnlögssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson fyrir hönd hlutafélagsins »Det danske Mælke-Compagni« í Kaupmannahöfn fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn umboðssala Halldóri Gunnlögssyni hér í bænum til greiðslu á andvirði fyrir niðursoðna mjólk, er hann hafði fengið hjá nefndu firma, að upphæð 738 kr. 40 a. ásamt 6 % vöxtum

frá sáttakærudegi 18. janúar 1917 til borgunardags og málskostnaði. Lauk máli þessu svo, með dómi nefnds réttar uppkveðnum 21. júní þ. á., að Halldór Gunnlögsson var dæmdur til að greiða stefnanda 136 kr. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en var að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hlutafélagsins »Det danske Mælke-Compagni« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. ágúst þ. á. og krafðist þess, að kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þannig að stefndi Halldór Gunnlögsson umboðssali verði dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum 738 kr. 40 a. með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir undir- og yfirrétti að skaðlausu eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda, og mun þar við vera átt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þar sem hann hefir eigi gagnáfrýjað málinu. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að í ágústmánuði 1915 fekk stefndi frá áfrýjanda 30 kassa af niðursoðinni mjólk, sem voru sendir beint til hans, og í september s. á. fekk stefndi ennfremur 20 kassa af sömu vöru, og voru þeir sendir eftir ósk hans til kaupmanns á Ísafirði, en kaupmaður þessi neitaði að veita þeim móttöku fyrir þá sök, að mjólkin væri skemd. Þetta tilkynti stefndi hinu danska firma með

bréfi dags. 10. des. 1915, og spurðist fyrir um það, hvort hann ætti að endursenda mjólkina eða selja hana undir verði. Með bréfi dags. 31. des. s. á. viðurkendi firmað móttöku bréfs þessa og tjáði stefnda, að selja mætti mjólkina 2 aurum undir verði hverja flösku, en ef ekki væri unt að selja hana fyrir það verð, óskaði firmað að hún væri endursend. Með bréfi dags. 5. febr. 1916 skýrði stefndi því næst áfrýjanda frá því, að hann mundi gera sér alt far um að selja Ísafjarðarsendinguna, en um mjólk þá, er stefnda var send í ágúst, skýrir hann nú frá, að tregt gangi með söluna af sömu ástæðum og um Ísafjarðarsendinguna, með því að fyrir komi flöskur með súrum rjóma; segist hann halda, að ekki sé til neins að selja mjólkina hér og kveðst einnig bíða eftir fyrirskipun um, að endursenda þessa sendingu. Með bréfi dags. 21. febr. s. á. svarar áfrýjandi þessu og leggur þá fyrir, að endursent sé með fyrstu ferð alt það, er óselt sé af mjólkinni. Stefndi kveðst þá hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá mjólkina flutta út, en bæði gufuskipafélögin hér í bænum hafi neitað um flutninginn. Þessu til sönnunar hefir stefndi lagt fram bréf frá afgreiðslumanni hins Sameinaða gufuskipafélags dags. 20. febr. 1917 og vottorð frá afgreiðslumanni Eimskipafélagsins dags. s. d. um, að þeir hafi eigi séð sér fært að taka mjólkina til flutnings, er hann fór fram á það. Í málinu er viðurkent, að stefndi hafi selt 10 kassa af Reykjavíkursendingunni, og var stefndi í undirrétti dæmdur til að greiða andvirði þeirra með 136 kr. Þá hefir stefndi lagt fram í undirrétti vottorð frá rannsóknar-

stofunni um rannsókn á 2 flöskum af mjólk, og reyndist mjólkin súr og ónothæf á annari flöskunni, en áfrýjandi hefir mótmælt því, að hér sé um þá mjólk að ræða, sem um er stefnt í málinu.

Um mjólk þá, er send var til Reykjavíkur, heldur áfrýjandi því fram, að stefndi sé skyldur til að greiða andvirði hennar með því að hann hafi ekki sannað, að hún hafi verið skemd, er hún kom í hans hendur og af því að hann hafi aldrei komið fram með neinar aðfinslur um hana og aldrei fengið leyfi til að endursenda hana. Um Ísafjarðarsendinguna heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi eigi heldur sannað, að sú mjólk hafi verið skemd, og um báðar þessar sendingar tekur áfrýjandi fram, að stefndi hafi engar tilraunir gert til að endursenda þær, og byggir hann þetta á því, að stefndi hafi aldrei leitað samþykkis hins brezka konsúls í Reykjavík um útflutningsleyfi fyrir umrædda mjólk, en þegar slíkt leyfi hafi vantað hafi gufuskipafélögin að sjálfsögðu ekki viljað taka sendingu þessa til flutnings.

Það er að vísu rétt, að stefndi hefir engar fullgildar sannanir fært fyrir því, að umrædd mjólk hafi verið skemd, er hún kom í hans vörzlur, en þetta þykir eigi máli skifta með því að hið danska firma tók skýrslu stefnda um mjólkina gilda, og leyfði eða lagði svo fyrir í bréfi sínu 21. febr. 1916, að mjólkin skyldi endursend, og verður að líta svo á, að þar sé átt við endursendingu allrar mjólkurinnar, Reykjavíkursendingarinnar engu síður en Ísafjarðarsendingarinnar.

Það er nú að vísu ekki sannað, hvenær stefndi

hefir gert hina fyrstu tilraun til að endursenda mjólkina, en það er þó viðurkent af áfrýjanda, að stefndi hafi með bréfi dags. 7. júní 1916 skýrt áfrýjanda frá að erfiðleikar væru á því, að fá mjólkina flutta út, og verður því að ganga út frá því, að hann hafi þá verið búinn að leyta fyrir sér hjá hlutaðeigandi gufuskipafélögum um flutninginn og fengið afsvar. Það sést ekki, að neitun þeirra hafi verið nokkru skilyrði bundin eða þau hafi gefið kost á flutningnum, ef samþykki hins brezka konsúls kæmi til, enda er það ósannað, að slíkt leyfi hefði fengist.

Eftir þessum atvikum verður ekki álitið, að stefndi hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda, þótt hann kæmi ekki útflutningnum á hinni umræddu mjólk í framkvæmd, og verður því að sýkna hann af aðalkröfu áfrýjanda um greiðslu á andvirði allrar mjólkurinnar.

Svo sem tekið hefir verið fram, var stefndi í hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að greiða áfrýjanda andvirði 10 kassa af mjólk, sem hann viðurkendi að hafa selt. Þetta hefir áfrýjandi talið 136 kr. 7 a., og þar sem stefndi hefir eigi mótmælt þeirri upphæð, ber að dæma hann til að greiða áfrýjanda hana með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 18. jan. þ. á. til borgunardags.

Stefndi var löglega kvaddur á sáttafund í málinu, en hann kom eigi á fundinn og bar þó eigi fyrir sig forföll. Fyrir þetta verður hann samkvæmt tilsk. 20. jan. 1797, 26. gr. og tilsk. 11. ágúst 1819 að sæta sekt, sem ákveðst 8 kr. og renni í landssjóð. Svo verður hann og að greiða áfrýjanda málskostnað í hér-

aði, er telst hæfilega metinn 30 kr. Eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Halldór Gunnlögsson, greiði áfrýjanda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd hlutafélagsins Det danske Mælke-Compagni 136 kr. 7 a., með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda. Stefndi greiði sekt til landssjóðs 8 kr. og málskostnað í héraði 30 kr. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. nóvember 1917.

Nr. 35/1917. Páll Jónsson
gegn
Jóni St. Scheving.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. des. f. á., var áfrýjandi þessa máls, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður, dæmdur fyrir meiðyrði um Jón St. Scheving yfirsíldarmatsmann á Seyð-

isfirði til að greiða 40 kr. sekt í landssjóð, en til vara, ef sektin yrði eigi greidd innan ákveðins tíma, að sæta 5 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða Scheving 30 kr. í málskostnað; hin meiðandi ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Páll Jónsson hefir skotið þessum dómi og úrskurði, uppkveðnum í málinu 11. maí f. á., til yfirdómsins, og eru kröfur hans aðallega þær, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi, málinu vísað frá undirréttinum og stefndi, Jón St. Scheving, dæmdur til að greiða honum málskostnað og sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, en til vara að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður og dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Hin átöldu ummæli viðhafði áfrýjandi um stefnda í sóknarskjölum fyrir yfirdómi í máli, er hann flutti fyrir Björn Gíslason gegn Degi Brynjólfssyni. Skjöl þessa máls, þar á meðal sóknarskjöl áfrýjanda, gaf Björn Gíslason síðan út á prenti í ritlingi, er hann nefndi »Gaulverjabæjarmálið«. En ummæli þau, er til greina koma fyrir yfirdóminum, eru þau, er hér segir:

1., ». . . greip hann til þess örþrifaráðs, að rógbera hann (það er Björn Gíslason) við sýslumann«.
2., ». . . Scheving er meiri óþokki en eg hafði hugsað, þar sem hann þegar, að ekki fullum ársfjórðungi liðnum frá því að áfrýjandi tekur hann fúlan og fé-

lausan á sínar náðir, fer að brugga vélráð gegn honum«. 3., ». . . Þótt Scheving ef til vill eigi skirðist við þessu« (þ. e. að gefa yfirlýsingar til þess að ginna fé af öðrum manni). 4., ». . . Þetta varmenskubragð Schevings«. Með dómi yfirdómsins í fyrgreindu máli 8. nóv. 1915 voru ummælin við tölul. 1., 2. og 4. látin varða áfrýjanda sekt fyrir ósæmilegan rithátt og dæmd dauð og ómerk.

Fyrir undirrétti hélt áfrýjandi því fram, að dómur væri þegar genginn um sakarefnið, þar sem hin átöldu ummæli hefðu verið látin varða sekt og ómerkingu með téðum landsyfirréttardómi, og krafðist af þeirri ástæðu, að málinu væri vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hrundið með hinum áfrýjaða úrskurði. Þessa kröfu hefir áfrýjandi aftur tekið upp hér fyrir réttinum og tilgreint sömu ástæðu fyrir henni. En það brestur heimild til að taka hana til greina með því að það, að áfrýjandi hefir verið sektaður fyrir hin átöldu ummæli samkvæmt N. L. 1—12 og tilsk. 23. des. 1735 fyrir ósæmilegan rithátt getur ekki varnað því, að hann sæti einnig ábyrgð fyrir þau samkvæmt almennum hegningarlögum. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Til stuðnings varakröfu sinni um sýknun í málinu heldur áfrýjandi því fram, að hann sé eigi réttur varnaraðili, heldur sé það maður sá, er lét birta hin átöldu ummæli á prenti og þannig var valdur að útbreiðslu þeirra. Á þetta verður eigi fallist, því að það getur alls eigi losað áfrýjanda við ábyrgð á ummælunum, að annar maður hefir birt þau á prenti, og getur þá þessi varnarástæða eigi komið áfrýjanda

að haldi, né heldur sú ástæða, að hann hafi viðhaft ummælin sem málfærslumaður fyrir rétti til skýringar máli, er hann flutti, með því að slíkt getur eigi gert þau ósaknæm, ef þau annars eru saknæm. Það er enn varnarástæða áfrýjanda, að hin umstefndu orð séu sönn og réttmæt, með því að afskifti stefnda af hinu svonefnda Gaulverjabæjarmáli hafi verið þannig vaxin, að þau réttlæti fyllilega ummæli áfrýjanda um hann. Hefir áfrýjandi reynt að sanna þetta með vitnaleiðslu. Ummælin við tölulið 1. telur hann réttlætt með framburði hlutaðeigandi sýslumanns, er hefir borið það sem vitni, að stefndi hafi látið á sér heyra, að Björn Gíslason hefði ekki reynst honum neinn drengur í viðskiftum. Þessum vitnisburði hefir verið mótmælt, en jafnvel þótt sannað væri, að stefndi hefði talað orð í þá átt, sem vitnið hefir eftir honum, verða þau eigi skilin svo, að stefndi hafi viljað með þeim rógbera Björn Gíslason, einkum þar sem vitnið jafnframt lét þess getið, að það hefði orðið vart við að stefnda tæki sárt til Björns, sem er fósturssonur hans. Að öðru leyti hefir áfrýjandi sérstaklega vísað til vitnisburðar Björns Gíslasonar um viðskifti hans og stefnda, en þegar þess er gætt, hve mjög nefnt vitni er viðriðið þetta mál, svo að áfrýjandi sjálfur lítur svo á, að því hefði að réttu lagi átt að vera beint gegn vitninu en eigi sér, þá verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að vitnisburður þessa vitnis verði eigi gegn mótmælum stefnda talinn hafa neitt sönnunargildi í máli þessu. Hin umstefndu ummæli verða þannig eigi talin réttlætt, og með því að þau eru meiðandi og móðgandi

fyrir stefnda, verður áfrýjandi að sæta sekt fyrir þau, og þykir hún hæfilega ákveðin af undirdómaranum samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna 40 kr. til landssjóðs, svo og vararefsing 5 daga einfalt fangelsi. Ummælin við tölul. 3 hér að framan ber að dæma dauð og ómerk, en hin meiðandi ummæli við tölul. 1., 2. og 4. hafa verið ómerkt með fyrgreindum landsyfirréttardómi og er eigi ástæða til að endurtaka það hér. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði bæjarþingsdómsins um sekt, vararefsingu og málskostnað skal óraskað. Ummælin: »Þótt Scheving ef til vill eigi skirðist við þessu« eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi, Páll Jónsson, greiði stefnda, Jóni St. Scheving, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. desember 1917.

Nr. 43/1917. Olafur Kristjánsson
gegn
Sigurði Halldórssyni.

Dómur:

Með afsalsbréfi dags. 30. jan. 1915 seldi áfrýjandinn, Ólafur Kristjánsson bakari, hinum stefnda, Sigurði Halldórssyni trésmið, húsið nr. 29 A. við Ránargötu í Reykjavík, sem var eign áfrýjanda, fyrir 5600 kr. og með þeim skilmálum meðal annars, að kaupandi skuldbindur sig til þess, að láta seljanda (áfrýjanda) hafa leigulausa íbúð, 2 stofur, eldhús, geymsluklefa og afnot af þvottahúsi í kjallara nefndrar húseignar í 6 ár, frá 14. maí 1915, og segir síðan í bréfinu: »En fari svo, að kaupandi, til þess að greiða fyrir sölu á húseigninni, óski afnotaréttar af íbúðinni í kjallaranum, er seljanda skylt með missseris fyrirvara að víkja burt úr íbúðinni, en þá skal kaupandi greiða honum 200 kr. á ári vaxtalaust fyrir þann tíma, sem eftir er af hinum tilskildu 6 árum«.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi áskilið sér 10 ára leigulausan íbúðarrétt í húsinu, þá er kaupin gerðust, og að kaupandi hafi þá ennfremur lofað að greiða sér 250 kr. í peningum, þótt þessa sé eigi getið í afsalsbréfinu. Með því að kaupandi eigi vildi kannast við þessar skuldbindingar, höfðaði áfrýjandi mál gegn honum út af þeim fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en málinu lauk svo með dómi

nefnds réttar uppkveðnum 10. maí þ. á., að stefndi var algerlega sýknaður, og sækjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að upphæð 30 kr. Þessum dómi hefir Ólafur Kristjánsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. maí þ. á. og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur eins og fyrir bæjarþinginu, en þær eru, að hann fái með dómi viðurkendan rétt sinn til leigulausrar íbúðar í kjallaranum í greindri húseign 29 A. við Ránargötu til 14. maí 1925, eða um 10 ára bil frá því hann seldi stefnda húseignina, eða ef hann verði að flytja úr íbúðinni á þessu tímabili, að stefndur verði þá dæmdur til að greiða honum 200 kr. á ári fyrir þann tíma, sem eftir er af hinum tilskyldu 10 árum, og ennfremur að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 250 kr. í peningum sem hluta af húsandvirðinu ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags; til vara krefst hann þess, að úrslit málsins verði látin vera komin undir eiði sínum, og loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati yfirréttarins. Af sinni hálfu krefst stefndi, Sigurður Halldórsson, þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Heldur hann sér í því efni til ákvæða afsalsbréfsins, eins og þau eru tilgreind hér að framan, og um tilorðningu þess skýrir hann frá á þá leið, að hann, stefndi, hafi ásamt fleirum gengið í ábyrgð fyrir 2800 kr. láni áfrýjanda í Íslandsbanka, er trygt hafi verið með 2. veðrétti í húseigninni; áfrýjandi hafi ekki staðið í skilum með lán þetta og hafi bank-

inn margkrafið stefnda um lánið; reyndi stefndi þá að útvega áfrýjanda viðbótarlán gegn 1. veðrétti í húsinu, en það hafi ekki tekist; áfrýjandi hafi og reynt að selja húsið, en það hafi orðið árangurslaust. Þegar nú svo var komið, að eigi var útlit fyrir annað en að bankinn léti selja húsið á nauðungaruppboði, kveðst stefndi einhvern tíma milli jóla og nýárs árið 1914 hafa gefið áfrýjanda vilyrði fyrir því að kaupa húsið af honum með þeim skilyrðum, sem í hinu framlagða afsalsbréfi segir, nema að því leyti, að eigandaskiftin áttu að fara fram 1. jan. 1915, og að áfrýjandi átti að fá að vera 8 ár í húsinu leigufrítt. Skrifaði stefndi afsal samkvæmt þessu, en úr sölunni varð þó eigi með því að áfrýjandi dró að fullgera hana og vildi ekki selja húsið, þegar á átti að herða. Áfrýjandi hafi þó eigi komið láninu hjá Íslandsbanka í lag og hafi bankinn krafið enn harðara um lánið. Með því nú að auðsætt hafi verið, að áfrýjandi gat eigi selt húsið öðrum og gat eigi friðað bankann, segist stefndi hafa boðið honum að kaupa húsið með þeim skilmálum, er þeir höfðu áður umtalað, þó svo, að stefnandi fengi eigi leigufría íbúð í húsinu lengur en í 6 ár í stað 8 ára. Eftir nokkurn drátt hafi svo áfrýjandi gengið að þessum skilmálum, og fór þá stefndi með afsal það, er hann áður hafði látið skrifa og miðað var við, að eigandaskiftin færu fram 1. janúar, til áfrýjanda og hafi hann þá undirskrifað það, eftir að þeir á 2 stöðum höfðu breytt tölunni 8 í 6, á einum stað 1. jan. í 14. maí og á öðrum stað 1. jan. í 1. apríl.

Afsalsbréfið hefir verið framlagt í frumriti og

ber það með sér, að breytingar hafa verið gerðar í því á þessum tölum og dagsetningum. Afsalsbréfið er dags. 30. jan., þótt afsalið að sögn stefnda eigi færi fram fyr en um 20. marz 1915. Segir hann, að mánaðarnafnið »janúar« hafi þegar í fyrstu verið skrifað á það og hafi þeir eigi breytt því; hafi áfrýjandi lesið afsalið og breytingarnar verið gerðar áður en hann skrifaði undir það. — Þessa frásögn stefnda vefengir áfrýjandi í ýmsum greinum. Hann hafi alls eigi verið neyddur til að selja húsið, bankinn hafi alls eigi gengið svo hart að, og honum hafi verið innan handar, að fá nóga kaupendur að því fyrir þetta verð, sem á er kveðið í afsalinu; stefndi hafi einmitt sótt fast eftir að fá húsið. En sérstaklega heldur hann því fram, að hann hafi áskilið sér 10 ára leigufría íbúð í húsinu og að hann hafi eigi vitað betur, en að ákvæðið í afsalsbréfinu hljóðaði um 10 ár. Hann tjáist eigi hafa lesið afsalið, en stefndi hafi sagt, að leigulausi íbúðartíminn væri 10 ár, enda segir hann, að hann hafi áður séð hið upprunalega afsalsbréf og »vitað að 10 ár stóðu þar þá«, eins og hann kemst að orði. Hins vegar hefir hann ekki haldið því fram, að tölunum hafi verið breytt eftir að hann undirskrifaði bréfið eða að það hafi verið falsað. Hvernig sem þessu víkur við, þá hefir áfrýjanda eigi tekist að sanna það, að hann hafi fengið loforð stefnda fyrir 10 ára leigurétti í húsinu, eða yfirleitt fyrir lengri leigurétti en stefndi hefir viðurkent, og er því eigi unt að taka kröfu hans hér að lútandi til greina, og eins og málið er vaxið, er eigi heimild til að láta úrslit þess vera

komin undir eiði áfrýjanda, eins og hann hefir krafist. — Að því er kemur til kröfu áfrýjanda um 250 kr. í peningum sem hluta af húsandvirðinu, þá hefir ákvæði um greiðslu þessa eigi verið tekið upp í afsalið, en áfrýjandi segir, að munnlegir samningar um hana hafi gerst milli sín og stefnda. Þessu neitar stefndi afdráttarlaust, og með því áfrýjandi hefir enga sönnun sýnt fyrir þessari kröfu sinni verður hún eigi tekin til greina. — Samkvæmt framansögðu verður eftir kröfu stefnda að staðfesta bæjarþingsdóminn, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæðið. Og eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Ólafur Kristjánsson, greiði stefnda, Sigurði Halldórssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., og lúkist upphæðin innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. desbr. 1917.

Nr. 56/1917. Karel Hjörtþórsson
gegn
Tryggva Gunnarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Tryggvi Gunnarsson fyrverandi bankastjóri fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn Karel Hjörtþórssyni á Breiðabóli við Reykjavík til að fá hann dæmdan til að greiða sér áfallnar afborganir af andvirði fyrir 8 hesta Danmótor, er hann seldi Karel með samningi dags. 2. ág. f. á. Lyktaði málinu fyrir nefndum rétti með dómi uppkveðnum 14. júní þ. á. þannig, að stefndi var dæmdur til að greiða stefnanda 550 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað. Til að fullnægja dómi þessum var eftir kröfu dómhafa fógetagjörð haldin hjá stefnda 19. júní s. á. og fjárnámi teknir ýmsir lausafjármunir hans, virtir alls á 621 kr, til lúkningar dómkröfunni með kostnaði. Karel Hjörtþórsson hefir nú skotið þessum dómi og fjárnámsgjörð til yfirdómsins með stefnu dags. 30. júlí þ. á., og eru kröfur hans hér fyrir réttinum hinar sömu og fyrir undirréttinum, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda; til vara að verða því að eins dæmdur til að greiða umstefnda upphæð, að mótorvélin verði þá óskert eign hans og teljist að fullu borguð; til þrautavara að hann borgi hana eftir mati dómkvaddra manna og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir gestaréttinum. Fyrir yfirdóminum krefst hann þess ennfremur, að fjárnámsgjörðin verði feld úr gildi og sér dæmdar skaðabætur fyrir hana 650 kr., svo og honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda, Tryggva Gunnarssonar,

er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgjörð verði staðfest, að hann verði sýknaður af skaðabótakröfu áfrýjanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Í fyrgreindum samningi, 2. ág. f. á., tekur áfrýjandi það fram, að hann hafi þegar sett mótorinn niður heima hjá sér og að seljandi hafi afhent kaupanda 230 kr. til þess að kaupa fyrir ýmislegt til mótorsins, og teldist það ásamt vinnu og öðru, sem kaupandi hefði lagt til aðgerða á mótornum, sem honum fylgjandi upp frá því. Kaupverðið var ákveðið 1400 kr., þar í taldar fyrgreindar 230 kr.; skyldi kaupandi greiða 50 kr. af því við næstu mánaðarlok og eftir það 100 kr. á mánuði með 6% vöxtum frá samningsdegi. Og enn var það í samningnum ákveðið, að mótorinn væri eign seljanda þangað til að kaupverðið væri að fullu greitt, og ef vanskil yrðu á greiðslu af hendi kaupanda, gæti seljandi tekið mótorinn aftur sem sína eign með aðstoð fógeta og þyrfti þá eigi að endurgreiða kaupanda það, sem hann þá hefði greitt upp í kaupverðið. Fyrir gestaréttinum hélt áfrýjandi því fram, að kaup um mótorinn hefðu aldrei fullgerst, en hann væri enn eign stefnda og gæti hann eftir samningnum tekið hann aftur, þegar hann vildi, enda kvaðst áfrýjandi hafa gert stefnda viðvart fyrir löngu að taka mótorinn, því að áfrýjandi vildi eigi kaupa hann, en í samningnum sé eigi minst á það, að áfrýjanda sé skylt að greiða eftirstöðvar kaupverðsins.

Þessa varnarástæðu hefir áfrýjandi eigi tekið

upp aftur fyrir yfirdóminum og verður því að líta svo á, að hann hafi horfið frá henni.

En hann telur nú þá eina ástæðu fyrir kröfu sinni um sýknun í málinu, að mótorinn hafi eigi verið samningshæfur. Það hafi verið búist við því, að hann yrði í góðu og gildu standi, þegar gert hefði verið við hann fyrir það fé, sem stefndi lagði til; en þetta hafi algerlega brugðist, því að þegar áfrýjandi hafi varið öllu því fé og talsverðu fé úr eigin vasa til að bæta mótorinn, hafi hann reynst lítt notandi og hafi hann þá fengið 2 þaulvana mótormenn til að skoða hann og virða og hafi þeir álitið, að hann væri alls ekki meir en 500 kr. virði. Heldur áfrýjandi því, að hann, sem ekki sé sérfróður um mótora, hafi verið blektur á kaupunum, en stefndi hafi sjálfur vel vitað, hve lélegur mótorinn var.

Stefndi tekur það hinsvegar fram, að það skifti engu í þessu máli, hvernig mótorinn var, með því að áfrýjandi hafi keypt hann eins og hann var á sig kominn og hafi verið búinn að setja hann niður heima hjá sér og reyna hann mörgum mánuðum áður en samningurinn 2. ág. f. á. var gerður, enda mótmælir hann því, að mótorinn hafi verið lítt notandi eða dýrt seldur fyrir hið umsamda verð. — Það er viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi tekið við mótornum hjá stefnda í aprílmánuði f. á. og að hann hafi sett hann upp heima hjá sér áður en hann gerði kaupsamninginn. Áfrýjandi hefir eigi, eins og hann þó gerði ráð fyrir í málfærslunni, lagt fram álitsgjörð þeirra manna, er hann tjáist hafa fengið til að skoða og virða mótorinn; verður því eigi séð, hvort

sú gjörð hefir farið fram og verið áfrýjanda kunn áður en samningurinn var gerður, eins og stefndi heldur fram, eða síðar. En hvað sem því líður eru engin rök, eftir því sem þannig er upplýst, til að ætla, að áfrýjandi hafi verið blektur á mótorkaupunum, svo að hann fyrir þá sök geti skotið sér undan að fullnægja samningnum, en hafi honum reynst mótorinn miður nothæfur en hann gerði sér von um, á hann sjálfur sök á þeim vonbrigðum, með því að honum var innan handar, að ganga úr skugga um ástand mótorsins áður en hann festi kaup á honum, enda hefir hann eigi haldið því fram, að stefndi hafi lýst mótornum öðruvísi eða betri en hann var. Það er nú auk þess ósannað, að mótorinn hafi verið svo lélegur eða gallaður, að hann hafi verið óhæfilega dýrt seldur fyrir hið umsamda verð, en það kemur hér eigi til álita með því að telja verður, að áfrýjandi hafi með samningnum skuldbundið sig til að greiða þetta verð fyrir mótorinn eins og hann þá var. Það er því eigi fært að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknun í málinu, en það verður að dæma hann eftir kröfu stefnda og ber því að staðfesta gestaréttardóminn, einnig ákvæði hans um málskostnað. — Kröfu sína um ógilding fjárnámsgjörðarinnar og skaðabætur fyrir hana byggir áfrýjandi á því, að sér hafi eigi verið gerður kostur á að undanskilja frá fjárnámi 120 kr. virði af eignum sínum samkv. 27. gr. laga um aðför 4. nóv. 1887. Telur hann að ónýta beri fjárnámið af þessari ástæðu, þó að dómnum yrði eigi raskað. En með því áfrýjandi vísaði sjálfur á muni þá, er skrifaðir voru og virtir til

fjárnáms, verður það eigi talið rétt, að hann hafi eigi átt kost á að nota rétt sinn eftir téðri lagagrein, enda er það eigi sannað, að svo nærri honum hafi verið gengið með fjárnáminu, að hann hafi eigi átt eftir fjármuni, er næmi þeirri upphæð, er honum var heimilt að undanþiggja.

Það verður því eigi heldur fallist á þessa kröfu áfrýjanda og ber að staðfesta fjárnámsgjörðina og sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir hana. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgjörð skal óraskað. Áfrýjandi, Karel Hjörtþórsson, greiði stefnda, Tryggva Gunnarssyni, 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. desember 1917.

Nr. 27/1917. Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Ólínu Einarsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd Ólínu Einarsdóttur í Vestmannaeyjum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupi hennar 120 kr., svo og fæðispeninga meðan hún lá veik ásamt vöxtum og málskostnaði, og var málið sótt með gjafsókn fyrir bæjarþinginu. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefndu og krafðist þess í aðalmálinu, að verða algerlega sýknaður af kröfum Ólínu Einarsdóttur, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að hún yrði dæmd til að greiða honum skaðabætur 107 kr. 72 a. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, eða til vara skaðabætur eftir dómarans eða óvilhallra manna mati. Svo krafðist hann þess, að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða dæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði dæmd í gagnsökinni og stefnda dæmd til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins. — Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu 1. marz þ. á., að í aðalmálinu var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda fyrir hönd Ólínu Einarsdóttur 69 kr. með 5% ársvöxtum frá 7. des. 1915 til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefnda sýknuð af öllum kröfum áfrýjanda. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málfærslumanni stefndu, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutnings-

manni, voru dæmd málflutningslaun 30 kr. úr landssjóði. Máli þessu hefir Gísli Hjálmarsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 29. marz þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum. — Ólínu Einarsdóttur hefir verið veitt gjafvörn í málinu fyrir yfirdómi, svo og gjafsókn til að gagnáfrýja því, og hefir stefndi, Sveinn Björnsson, verið skipaður til að flytja málið fyrir hennar hönd. Hefir hann gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 8. sept. þ. á. og krefst hann þess, að bæjarþingsdóminum verði breytt þannig, að kröfur umbjóðanda síns fyrir undirrétti verði teknar til greina að öllu leyti og henni dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti bæði í aðalsök og gagnsök, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en til vara krafðist hann þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og henni dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál. — Hin stefnda, Ólína Einarsdóttir, var ráðin verstúlka hjá áfrýjanda um 6 mánaða tíma og kemur málsaðilum saman um, að hún hafi átt að fá 45 kr. kaup á mánuði eða 270 kr. fyrir allan tímann auk fæðis og húsnæðis. Af upphæð þessari telur stefnda að eftir standi 120 kr., er hún hefir stefnt fyrir, auk fæðispeninga, en áfrýjandi hefir neitað því, að eftir standi meira en 49 kr. með því að hann telur, að eftirnefndar upphæðir eigi að koma til frádráttar kaupi hennar:

1. Greitt í peningum	kr.	45,00
Flyt . .	kr.	45,00

	Fluttar . .	kr. 45,00
2.	Hlutfallslegt kaup í 40 veikindadaga	— 60,00
3.	Legukostnaður á spítala	— 53,50
4.	Fæðispeningar heima, áður en hún var flutt á spítala	— 6,00
5.	Fyrir mótorbátsferð með stefndu til Reykjavíkur	— 50,00
6.	Læknishjálp, hestlán og símagjald .	— 6,50
	Samtals	kr. 221,00

Um 1. lið mótreikningsins er enginn ágreiningur. — Um 2. lið. Málsaðilar eru sammála um það, að draga eigi frá kaupi stefndu hlutfallslegt kaup fyrir þá daga, sem Ólína var frá verkum sökum veikinda, en ágreiningur er um það hvað margir dagar þetta hafi verið. Áfrýjandi telur þá 40 en stefnda telur þá 34. En þar sem stefnda hefir ekki gegn staðhæfingu áfrýjanda skýrt frá hvenær hún hafi slasast og hvenær hún hafi komið aftur til vinnunnar, virðist rétt að taka skýrslu áfrýjanda hér að lútandi til greina. Ber því að draga umræddar 60 krónur frá kaupi stefndu.

Um 3. lið. Legukostnað þann, er hér ræðir um, hefir stefnda eftir skýrslu málaflutningsmanns síns dregið frá kaupkröfu sinni, og dregst því frá kaupupphæðinni. — Um 4. lið. Í þessum lið hefir áfrýjandi krafist þess, að frá kaupkröfu stefndu verði dregnar 6 kr. fyrir fæði hennar í 4 daga, áður en hún var flutt á sjúkrahús, og hefir hann rökstutt þessa kröfu sína með því að stefnda hafi slasast af ótilhlýðilegri breytni hennar sjálfrar. En vitnisburðir þeir, er fram hafa komið í málinu, verða ekki taldir nægileg sönn-

un þess, að slysið hafi orsakast af ótilhlýðilegri breytni hennar, og var þá áfrýjanda skylt að fæða hana ókeypis, með því að ætla verður, að ákvæði 18. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, eða analogi þeirrar greinar eigi við ráðningarsamning þann, er hér ræðir um. Það er því ekki heimild til að draga umræddar 6 kr. frá kaupkröfu stefndu, og af sömu ástæðu verður að álíta að áfrýjanda beri að greiða stefndu fæðispeninga, 50 aura á dag, fyrir þá 36 daga, sem stefnda hefir legið sjúk utan heimilis síns.

Um 5. lið. Að því er þennan lið snertir, 50 kr. fyrir mótorbátsferð með stefndu til Reykjavíkur, hefir hún ekki sannað, að báturinn hafi átt annað erindi en að flytja hana, og þar sem hún heldur eigi hefir sýnt fram á, að upphæðin sé ósanngjörn, en enginn vafi er á því, að stefnda á að greiða kostnað við flutning sinn á sjúkrahús, þá ber nefnd upphæð að koma til frádráttar kaupi hennar. — Um 6. lið. Því hefir ekki verið mótmælt, að þau útgjöld, er hér ræðir um, 4 kr. fyrir læknishjálp og 2 kr. 50 a. fyrir hestlán og símtal, hafi verið í þágu stefndu og ber því að draga þessar samtals 6 kr. 50 a. frá kaupi hennar.

Samkvæmt framansögðu ber áfrýjanda að greiða stefndu 270 kr. auk fæðispeninga í 36 daga 18 kr. = 288 kr. ÷ (kr. 45,00 + kr. 60,00 + kr. 53,50 + kr. 50,00 + kr. 6,50) = kr. 73,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 3. des. 1915 til borgunardags.

Í gagnsökinni fyrir undirrétti hélt áfrýjandi því fram,að stefnda hefði sýnt yfirboðurum sínum óhlýðni og vanrækt starf sitt, og að hún með vanrækslu sinni

hefði orðið þess valdandi, að einn af mótorbátum áfrýjanda hafi ekki getað róið einn dag vegna þess, að eigi hafi verið beitt á bátinn, og hafi áfrýjandi beðið 107 kr. 72 a. tap við það, að róður hafi farist fyrir. En þar sem áfrýjandi hefir ekki sannað, að orsökin til þess að umræddur mótorbátur hans reri ekki til fiskjar þennan dag hafi verið sú, að stefnda beitti ekki á bátinn, verður skaðabótakrafa hans eigi tekin til greina og ber að sýkna stefndu af henni. Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, en rétt virðist að áfrýjandi greiði kaup hins skipaða málflutningsmanns stefndu fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Það vottast, að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefndu hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni fyrir hönd Ólínu Einarsdóttur, 73 kr. með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði og málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefndu fyrir yfirdómi, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr., en að öðru leyti fellur máls-

kostnaður fyrir yfirdómi niður. Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. des. 1917.

Nr. 32/1917. Gísli Hjálmarsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h. Stefáns Magnússonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður f. h. Stefáns Magnússonar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn útgerðarmanni Gísla Hjálmarssyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum 443 kr. 82 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu, en síðar undir rekstri málsins færði sækjandi kröfu sína niður í 407 kr. 82 a.

Gísli Hjálmarsson höfðaði frá sinni hálfu gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalsökinni, að verða algerlega sýknaður af kröfum hans og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum 256 kr. 85 a. í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, eða til vara skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati, og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að

verða dæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði dæmd í gagnsökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins. — Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu 22. marz þ. á., að í aðalmálinu var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda f. h. Stefáns Magnússonar 344 kr. 22 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málflutningsmanni stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, voru dæmd málflutningslaun, 45 kr. úr landssjóði. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12. apríl þ. á. og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti, svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. — Stefáni Magnússyni hefir verið veitt gjafvörn og gjafsókn fyrir yfirdómi og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hans hönd. Hefir hann gagnáfrýjað málinu fyrir hönd gjafsóknarhafa með stefnu dags. 8. sept. þ. á. og krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrétti verði algerlega teknar til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál. Til vara hefir hann krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. — Með samningi dags. í Reykja-

vík 15. maí 1915 réðst stefndi, Stefán Magnússon, ásamt 3 sjómönnum öðrum, hann sem vélarmaður, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 15. maí til 16. nóv. 1915, og skyldi hann hafa 90 kr. eða ef vel gengi 100 kr. í kaup á mánuði og frítt fæði og húsnæði. Átti áfrýjandi að greiða alt kaupgjaldið við lok ráðningartímans að frádregnu því, er hinn ráðni hefði fengið greitt upp í það, þó því að eins, að þeir uppfylli loforð sín og séu ekki frá verkum fyrir veikindi eða annað og hlýði fljótt og vel kalli. — Málsaðilum kemur saman um, að kaupið eigi að reiknast 90 kr. á mánuði, og samkvæmt því telur stefndi það 6×90 = 540 kr., en auk þess gerir hann tilkall til, að áfrýjandi greiði sér fæðispeninga í 44 daga, er hann hafi verið í hans þjónustu hér í Reykjavík, kr. 1,50 á dag, alls 66 kr. Frá þessum samtals 606 kr. viðurkennir stefndi að draga eigi 36 kr., sem er hlutfallslegt kaup og fæði fyrir 12 daga, er hann var veikur. Ennfremur viðurkennir hann að hafa tekið á móti upp í kaup sitt 162 kr. 18 a. og kemur þá fram upphæð sú, er hann hefir gert kröfu fyrir, kr. 407,82.

Í undirrétti lagði stefndi fram reikning frá áfrýjanda yfir viðskifti þeirra, og eru í reikningi þessum 10 kr. taldar útborgaðar stefnda 1. júní 1915, en þessar 10 kr. eru ekki færðar út í aðaldálk. Þar sem stefndi hefir ekki mótmælt að hafa tekið á móti þessum 10 kr., virðist eiga að draga þær frá kröfu stefnda, og verður hún þannig kr. 397,82. Frá þessari upphæð heldur áfrýjandi því fram að draga beri:

1.	Kaup í 44 daga, er stefndi hafi dvalið hér í Reykjavík, 3 kr. á dag	kr.	132,00
2.	Oftalda fæðispeninga sömu daga .	—	66,00
3.	Fyrir fæði í 12 daga, sem stefndi var veikur, kr. 1,50 á dag . . .	—	18,00
4.	Oftalið kaup frá $^{2}/_{11}$—$^{16}/_{11}$ 1915, 15 daga, 3 kr. á dag	—	45,00
5.	Fyrir spilli á olíu	—	113,90
6.	Fyrir þjónustu	—	13,50
7.	Vátryggingargjald.	—	3,60
	Samtals	kr.	392,00

En auk þess sem áfrýjandi færir þessa reikningsliði til frádráttar neitar hann því yfirleitt, að stefndi eigi nokkurn rétt til kaups, með því að hann með verkfalli og vanrækslu í stöðu sinni sem vélstjóri hafi rofið samninginn. Það verður nú ekki álitið, að áfrýjandi hafi sannað, að stefndi, Stefán Magnússon, hafi sýnt þá vanrækslu í starfi sínu sem vélstjóri, að hann eigi að missa kaup sitt, og að því er verkfallið snertir, verður heldur eigi álitið, að stefndi hafi með því mist rétt til kaups eftir 12. júlí, en að því verður vikið síðar. En þar sem ekki þykir ástæða til að rengja það, að stefndi hafi ekki unnið í þarfir áfrýjanda í 4 daga, þykir rétt að draga kaup og fæði, kr. 3,00 + kr. 1,50 á dag eða samtals 18 kr., frá kaupkröfu stefnda.

Koma þá til álita aðrar frádráttarkröfur áfrýjanda.

Að 1—2. Að því er þessa liði snertir heldur stefndi því fram, að hann hafi umrædda 44 daga unnið hér í Reykjavík í þágu áfrýjanda, og þar sem áfrýjandi hefir ekki hnekt þessu, en umræddir 44

dagar hins vegar eru innan hins umsamda vinnutíma, verður áfrýjandi að greiða kaup og fæðispeninga fyrir þessa daga. Þessir liðir verða því ekki dregnir frá kaupkröfu stefnda. — Ad 3. Engar líkur hafa verið færðar fyrir því, að stefndi hafi verið orsök í sjúkdómi sínum með ótilhlýðilegri breytni sinni og var þá áfrýjanda skylt að fæða hann ókeypis í veikindum hans, með því að álíta verður, að ákvæði 18. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905 eða analogi þeirrar greinar eigi við ráðningarsamning þann, er hér ræðir um. Það er því ekki heimild til að draga umræddar 18 kr. frá kaupi stefnda. — Ad 4. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi hafi 2. nóv. hlaupið úr vistinni og beri honum því ekki kaup fyrir 15 síðustu dagana af ráðningartímanum. Þessu hefir stefndi eindregið mótmælt og heldur því fram, að hann hafi altaf verið til staðar og boðinn og búinn að vinna fyrir áfrýjanda. Þar sem áfrýjandi hefir ekki fært neinar sannanir fyrir staðhæfingu sinni, er ekki unt að taka þessa frádráttarkröfu hans til greina. — Ad 5. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi hafi af ásettu ráði eða af vítaverðu skeytingarleysi spilt niður einni tunnu af maskínuolíu, og telur hann að stefndi eigi að bæta sér þetta með því að greiða sér verð hennar, kr. 113,90. Stefndi skýrir þetta frá sinni hálfu þannig, að úr umræddri tunnu hafi verið búið að taka 30 lítra. Síðan hafi hann sjálfur tekið 30 lítra og hafi því næst sett undir annan dunk, sem tók 30 lítra, en í þeim svifum hafi formaður sinn kallað á sig til að hita vélina í bát þeim, er hann var á. Hafi hann þá ekki mátt vera að bíða

eftir að fylla dunkinn; hafi því um leið og hann fór beðið annan nafngreindan mann að gæta dunksins, en það muni hann ekki hafa gert, því stefndi hafi heyrt seinna, að eitthvað hafi lekið niður úr tunnunni, en hann heldur því fram, að þrátt fyrir það, sem niður fór, hafi verið eftir í tunnunni 50 lítrar, sem aðrir hafi tappað af henni, og hafi þannig ekki meir en 30 lítrar farið til spillis. Hins vegar hafa 2 vitni borið það, að að eins hafi verið búið að taka á einn dunk úr tunnunni, þá er stefndi tók olíu úr henni, og að alt hafi runnið úr tunnunni til spillis að undanteknum þeim eina dunk, sem stefndi setti undir kranann. Þar sem nú stefndi hefir ekki leitast við að sanna sögusögn sína um, að hann hafi beðið annan mann að gæta kranans á tunnunni, er hann var kallaður frá, eða að eftir hafi verið á tunnunni 50 lítrar, er aðrir hafi tappað af henni, verður að telja sannað, að runnið hafi til spillis alt innihald tunnunnar, 170 lítrar, að frádregnum 60 lítrum, eða 110 lítrar, og verður stefndi að bæta áfrýjanda þessa 110 lítra með 73 kr. 70 a.

Ad. 6. Stefndi hefir að vísu ekki sannað, að hann hafi átt að fá ókeypis þjónustu, en hann heldur því fram, að hann hafi fengið þjónustu hjá verstúlkum áfrýjanda og borgað þeim fyrir hana, en þær hafi notað fristundir sínar og helgidaga til þjónustunnar. Þar sem nú ekki sézt, að verstúlkunum hafi verið þetta óheimilt, verður ekki álitið, að áfrýjandi hafi rétt til að draga hið umkrafða þjónustukaup, kr. 13,50, frá kaupi stefnda.

Ad. 7. Vátryggingargjaldið, kr. 3,60, ber stefnda að endurgreiða áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber í aðalsökinni að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 397,82 ÷ kr. 18,00 ÷ kr. 73,70 ÷ kr. 3,60 = kr. 302,52 með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags.

Að því er gagnsökina snertir heldur áfrýjandi því fram, að stefndi og aðrir hásetar sínir hafi gert verkfall um miðjan júlímánuð, og fyrir þá sök hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á, ekki getað gengið til fiskiveiða í 4 daga, en við það hafi hann liðið tap, er honum telst til að hafi verið kr. 256,85 að því er stefnda snertir. Stefndi hefir hins vegar mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar lögðust niður nokkra daga, með því sjómennina hafði vanhagað um ýmislegt, er þeir hafi þurft með, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda um sama leyti. Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi 2 af formönnum áfrýjanda og nokkrir af hásetunum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda og reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómannanna og þeir komið aftur daginn eftir til Sandgerðis — þaðan gekk báturinn til fiskiveiða. Yfir höfuð neitar stefndi því, að róðrar hafi lagst niður meir en 3 daga, og hann neitar því, að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert

sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda; heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnunum neitt upp í kaup þeirra fyr en að ráðningartímanum loknum.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á bát þeim, er stefndi var ráðinn á, frá 12.—15. júlí 1915, og virðist orsökin til þess hafa verið missætti það, er kom upp á milli áfrýjanda og sjómannanna um það leyti, er hann lét ráðsmann sinn í Sandgerði fara úr þjónustu sinni. En eftir að formennirnir á bátum áfrýjanda náðu fundi hans, virðist samkomulag hafa komist á milli hans og sjómannanna, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa þá áfram í þjónustu sinni, eins og ekkert hefði í skorist, út ráðningartímann, virðist áfrýjandi hafa samþykt að greiða þeim umsamið kaup að honum loknum, og gat hann þá ekki komið fram með skaðabótakröfu út af þessu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra. Skaðabótakrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina, en eins og þegar hefir verið tekið fram, virðist rétt að stefndi missi kaup og fæði fyrir umgetna 4 daga.

Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, og eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr., greiðist úr landssjóði.

Það vottast, að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni f. h. Stefáns Magnússonar, 302 kr. 52 a. með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr., greiðist úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. desember 1917.

Nr. 33/1917. Björn Gíslason
gegn
Sigurði Ólafssyni og settum sýslumanni Eiríki Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Sigurður Ólafsson fyrverandi sýslumaður í Kallaðarnesi, fyrir gestaréttti Árnessýslu gegn áfrýjanda, Birni Gíslasyni bónda á

Ásgautsstöðum, fyrir meiðyrði um hann í 2 blaðagreinum undirrituðum af Birni Gíslasyni, sem prentaðar eru í 17. og 27. tbl. X. árgangs blaðsins »Lögrétta«, er út kom í Reykjavík 7. apríl og 16. júní 1915; hin fyrri greinin með fyrirsögninni »Nauðgun embættisvalds eða?« og síðari greinin með fyrirsögninni »Gaulverjabæjarmálið. Réttarfar í Árnessýslu«. Var málið dæmt í nefndum rétti hinn 10. apríl þ. á. þannig, að Björn Gíslason var samkv. 217., 218. og 219. gr. hinna almennu hegningarlaga dæmdur til að sæta 3ja mánaða einföldu fangelsi og hin átöldu ummæli um stefnda, Sigurð Ólafsson, dæmd dauð og ómerk. Svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 35 kr. í málskostnað. Fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjölum sínum fyrir gestaréttinum var áfrýjandi dæmdur í sekt, 15 kr., til landssjóðs, og 15 kr. til sveitarsjóðs Stokkseyrarhrepps.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 14. apríl þ. á., og hefir hann stefnt Sigurði Ólafssyni fyrv. sýslumanni og undirdómaranum, settum sýslumanni Eiríki Einarssyni. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og málinu vísað frá undirréttinum og stefndi, Sigurður Ólafsson, dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu; til vara að málinu verði vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar og undirdómarinn, settur sýslumaður Eiríkur Einarsson, verði dæmdur til að víkja sæti í málinu; til þrautavara að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, Sigurðar Ólafssonar, og hann dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, svo

og sekt fyrir óþarfa þrætu og að undirdómarinn verði dæmdur í sekt, fangelsi eða embættismissi fyrir ólöglega meðferð málsins. Loks krefst hann, að báðir hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu, eða eftir réttarins mati, og stefndi, Sigurður Ólafsson, til að greiða málskostnað fyrir undirrétti, hvernig sem málið fer.

Ennfremur krefst áfrýjandi þess, að allir dómendur yfirréttarins víki úr dómarasæti í máli þessu, með því að hann, áfrýjandi, hafi neyðst til þess að höfða mál gegn þeim; en þar sem mál þau, er áfrýjandi hefir höfðað gegn yfirdómendunum, snerta alls ekkert mál það, er hér ræðir um, er engin heimild til þess, að þeir víki sæti í málinu.

Stefndu krefjast þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins. Það athugast, að fyrir undirrétti hefir stefndi lagt fram 39. tbl. blaðsins »Ísafold« 1915, og er í dómsgerðum sagt, að skjal þetta fylgi úr originali. Skjal þetta hefir þó ekki verið lagt fram í yfirdómi, en þar eð unt er að fella dóm um málið, þótt skjal þetta vanti, og umboðsmaður stefnda hefir ekki krafist frávísunar af þessari ástæðu, virðist eigi þörf að vísa málinu frá yfirdómi.

Kröfu sína um að málinu verði vísað frá undirrétti byggir áfrýjandi sumpart á því, að það hafi verið rekið fyrir gestaréttí og sumpart á því, að stefndi hafi ekki í stefnunni til gestaréttarins nægilega sundurliðað sakarefnið, heldur krafist ómerking-

ar á heilum blaðagreinum. Um hina fyrri frávísunar-ástæðu er það að segja, að þar sem sækjandi fyrir undirrétti var búsettur í annari þinghá en stefndi, var honum heimilt að höfða málið og reka það fyrir gestaréttí. Hin ástæða áfrýjanda fyrir frávísunar-kröfunni verður heldur eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að stefndi hefir fyrir gestaréttinum með framhaldsstefnu, sem lögð var til sátta, tilgreint ummæli þau í nefndum greinum, er hann hefir talið sérstaklega meiðandi fyrir sig. Krafa áfrýjanda um frávísun málsins frá gestaréttinum verður þannig eigi tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um heimvísun málsins og um að undirdómarinn sé dæmdur til að víkja sæti í málinu hefir ekki við neitt að styðjast og verður ekki tekin til greina.

Ummæli þau í nefndum blaðagreinum, sem sérstaklega eru átalin, eru þessi:

Í fyrri greininni: fyrirsögn greinarinnar: »Nauðgun embættisvalds — eða?« og síðar í greininni: »Af framansögðu þykir mér auðsætt, að sýslumaður ætli sér um lög fram að hrekja mig frá Gaulverjabæ« . . . »Fæ eg ekki betur séð, en að honum sé þetta svo mikið kappsmál, að hann hopi eigi fyrir að nauðga sjálfstæði hreppstjóra, og er ekki þetta nauðgun á embættisvaldi til að koma vilja sínum fram?« . . . »en hitt gegnir furðu, að vörður laganna verði til þess að traðka lögin til þess að þoka úr vegi smámenni sem mér«. Í síðari blaðagreininni þessi ummæli: »en aftur aðrir . . . þóttust þess fullvissir, að hann mundi einskis svífast, eigi gæta laga né

sanngirni, en berja sitt fram með valdi« . . . »Þótti mér því líkast, að sýslumaður hefði séð skömm sína og ætlaði að létta lögbrotum á mér« . . . »en hefði hann þá sagt, að eg skyldi frá jörðinni fara hvað sem það kostaði. Hvað er það, sem ekki má búast við frá þeim embættismanni, er lætur sér slíkt um munn fara?« . . . »en ofsi var þá svo mikill í sýslumanni, að hann braut frið kirkjunnar á næturþeli og rændi graftólum hennar til þess að gera húsbrot á mér«. »Hefði gestur, er hjá mér var, ekki talað vit fyrir sýslumann, hefði hann óefað bætt þeirri svívirðingu ofan á önnur lögbrot sín í þessu máli, að bera út muni, fénað, fólk og gesti mína um hánótt«. »Þegar sýslumaður hafði loks séð skömm sína, ætlaði eigi betra að taka við, og sannaðist þar hið fornkveðna, að fé er jafnan fóstri líkt«. »Það mun sannmæli, að sýslumaður hafi sýnt afburða röggsemi í máli þessu, er segja má, að næst gangi hans um land alt nafnfrægu rannsókn á orsökum »Ingólfsbrunans« á Eyrarbakka, sem honum alt að þessu hefir tekist að halda í ógagnsæjum eða kanske réttara hálfgagnsæjum »reyk«, þrátt fyrir allar upplýsingar, sem fram hafa komið«. Öll þessi ummæli hafa verið dæmd dauð og ómerk í hinum áfrýjaða dómi.

Tilefnið til hinna átöldu greina er það, að áfrýjandi hafði sótt um ábúð á kirkjujörðinni Gaulverjabæ, og er hann fekk ekki byggingu fyrir jörðinni, ritaði hann fyrri greinina í 17. tbl. »Lögréttu«; heldur hann því fram, að umráðamaður jarðarinnar, hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi, hafi lofað sér

byggingu fyrir jörðinni, en að stefndi hafi neytt hreppstjórann til þess að ganga á gefið loforð til þess að geta bægt sér frá jörðinni og geta bygt hana öðrum. Með þessu telur hann ummæli greinarinnar nægilega réttlætt. Auk þess telur hann, að hin framangreindu átöldu ummæli séu slitin út úr réttu sambandi, og þótt þau kynnu að varða við lög út af fyrir sig, þá séu þau ósaknæm í því sambandi, sem þau standi í í greininni. — Hlutaðeigandi hreppstjóri hefir verið leiddur sem vitni, og hefir hann borið það og unnið eið að, að hann hafi ekki gefið áfrýjanda neitt ákveðið loforð um byggingu jarðarinnar og að hann hafi ekki mælt með því, að jörðin yrði honum bygð. Áfrýjandi hefir þannig ekki getað fært nein rök fyrir því, að stefndi hafi á neinn hátt gengið á rétt hans, áfrýjanda, við byggingu Gaulverjabæjar, en það er í hinni umræddu grein me hinum átöldu framangreindu ummælum í því sambandi, er þau standa í greininni, ótvírætt borið á stefnda, að hann hafi misbeitt embættisvaldi sínu til að bola áfrýjanda frá jörðinni, og þar sem áfrýjandi hefir ekki réttlætt þessi ummæli, en þau eru mjög meiðandi og móðgandi fyrir stefnda, ber að dæma þau dauð og ómerk og dæma áfrýjanda til refsingar fyrir þau.

Hina síðari grein, í 27. tbl. »Lögréttu«, ritaði áfrýjandi eftir að stefndi, er þá var sýslumaður í Árnessýslu, hafði neyðst til þess að bera áfrýjanda út af Gaulverjabæ, með því áfrýjandi, þótt hann hefði eigi fengið jörðina bygða, sat þar fram yfir fardaga og meinaði löglegum ábúanda að komast að

jörðinni. Krafðist þá hreppstjórinn í Gaulverjabæjarhreppi að áfrýjandi væri borinn út af jörðinni. Samkvæmt þeirri kröfu kvað stefndi sem fógeti upp þann úrskurð, að áfrýjandi skyldi borinn út af jörðinni, en þegar áfrýjandi skeytti úrskurðinum að engu, heldur lokaði húsum fyrir fógetanum, þá var það að stefndi gerði ráðstafanir til þess að opna húsið með valdi, en til þess kom þó eigi, með því gjörðinni var frestað til næsta dags, en þá fór útburðurinn fram án þess áfrýjandi veitti fógetanum mótstöðu.

Í grein þessari, sem rituð er í framhaldi af hinni fyrri, er með hinum átöldu framangreindu ummælum því enn dróttað að stefnda, að hann hafi misbeitt embættisvaldi og brotið lög á áfrýjanda, og er ráðist á hann með ósvífnum móðgunaryrðum; borið á hann, að hann hafi brotið frið kirkjunnar á næturþeli og rænt graftólum hennar til að gera húsbrot á áfrýjanda, og að lokum fer áfrýjandi mjög meiðandi orðum um rannsókn stefnda sem lögreglustjóra á svonefndum Ingólfsbruna á Eyrarbakka, og verða ummæli hans, er að þessu lúta, ekki skilin öðruvísi en svo, að hann gefi það ótvírætt í skyn, að stefndi hafi gert sér far um að haga rannsókninni svo, að hinar sönnu orsakir brunans mættu dyljast, og hefir áfrýjandi ekki að neinu leyti getað réttlætt þessar aðdróttanir sínar og brígslyrði um stefnda.

Þar sem hin framantöldu ummæli áfrýjanda um stefnda eru mjög meiðandi og órökstudd, ber að fallast á það, að þau eru í hinum áfrýjaða dómi dæmd dauð og ómerk, og verður áfrýjandi að sæta refs-

ingu fyrir þau samkvæmt 217. og 219. gr., sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með tilliti til þess, að meiðyrðin eru birt í víðlesnu blaði, þykir refsingin hæfilega ákveðin 300 kr. sekt til landssjóðs, eða 60 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, og ber áfrýjanda að greiða stefnda, Sigurði Ólafssyni, málskostnað fyrir yfirrétti, er ákveðst 30 kr.

Ákvæði gestaréttardómsins um sekt fyrir ósæmilegan rithátt og um ómerkingu orðanna samþykkjast.

Svo sem áður hefir verið sagt, hefir áfrýjandi stefnt undirdómaranum, settum sýslumanni Eiríki Einarssyni, og krafist þess, að hann verði dæmdur í sekt, fangelsi eða embættismissi fyrir ólöglega meðferð málsins, en til þess er engin heimild með því að meðferð hins stefnda dómara á málinu hefir að öllu leyti verið lögmæt. Það ber því að sýkna hann af öllum kröfum áfrýjanda. Hinn stefndi undirdómari hefir krafist málskostnaðar; áfrýjandi hefir mótmælt þessari kröfu sökum þess, að hann hafi ekki mætt við fyrirtekt málsins, en þar sem stefndi mætti síðar í málinu og kom fram með vörn í því, hefir hann rétt til að krefjast málskostnaðar, og þykir eftir ástæðum rétt, að áfrýjandi greiði honum málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr.

Í sóknarskjölum sínum hér fyrir réttinum fer áfrýjandi ýmsum ósæmilegum orðum um undirdómarann og umboðsmann hinna stefndu, yfirréttarmálaflutningsmann Odd Gíslason. Um undirdómarann segir áfrýjandi meðal annars »að hann reiði

ekki dómgreindina í þverpokum«, kallar dóm hans »andans applafyl« og ber honum hlutdrægni á brýn. Vörn Odds, er hann kallar »blekglittu« líkir hann við marglittu og segir, að báðar glitturnar þenjist mjög út og séu daunillar, og er á þeim sé tekið sé ekkert eftir nema slorið og slepjan. Fyrir þennan hneykslanlega ritháttt verður áfrýjandi að sæta sekt, 20 kr. til landssjóðs og 20 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Framantalin ummæli um undirdómarann ber að dæma dauð og ómerk samkvæmt kröfu hans.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Björn Gíslason, greiði 300 kr. sekt til landssjóðs, en verði sektin ekki öll greidd innan ákveðins tíma, skal hann sæta 60 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hann hinum stefndu, Sigurði Ólafssyni og Eiríki Einarssyni, 30 kr. hvorum.

Fyrir ósæmilegan ritháttt fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi sekt, 20 kr. til landssjóðs og 20 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og skulu framantalin ummæli um undirdómarann vera dauð og ómerk.

Dómi þessum skal fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 66/1917.

Olafur G. Eyjólfsson fyrir hönd lífsábyrgðarfélagsins »Carentia«
gegn
Elínu Stephensen fyrir hönd erfingja Magnúsar Stephensens kaupmanns og dánarbús Magnúsar Stephensens landshöfðingja.

Dómur:

Þann 27. nóv. 1915 ritaði Magnús Stephensen kaupmaður hér í bænum undir beiðni um líftryggingu handa sér, að upphæð 10000 kr., hjá lífsábyrgðarfélaginu »Carentia« í Kaupmannahöfn; ritaði hann beiðnina á eitt af eyðublöðum þeim, er félagið hefir útbúið til útfyllingar handa þeim, sem leita vátryggingar hjá því, og afhenti hann hana umboðsmanni félagsins hér, Ólafi G. Eyjólfssyni stórkaupmanni, en hann sendi beiðnina stjórn félagsins í Kaupmannahöfn með áritun um, að greiddar væru 30 kr., sem áttu að vera til lúkningar innritunargjaldi og stimpilgjaldi, samtals 7 kr., og 23 kr. upp í ársiðgjaldið. Stjórn félagsins gaf síðan út líftryggingarskírteini 27. des. s. á. handa beiðanda fyrir nefndri upphæð gegn 199 kr. ársiðgjaldi og sendi það nefndum umboðsmanni sínum hér og meðtók hann það 6. jan. f. á. En þá var Magnús Stephensen farinn héðan á leið til Kaupmannahafnar, og 18. s. m. barst hingað fregn um það, að hann hefði fallið útbyrðis 13. s. m. í ofviðri af skipi því, er hann fór með, og druknað; var

þetta sannað með sjóferðaprófi í Kaupmannahöfn. Einum eða tveimur dögum eftir að fregn þessi barst hingað, skýrði umboðsmaður félagsins mági hins látna, Magnúsi Sigurðssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, frá því, að vátryggingarskírteini Magnúsar Stephensen væri komið í sínar hendur, og bauð Magnús Sigurðsson þá fram það, sem vangoldið var af ársiðgjaldinu, 176 kr., og krafðist jafnframt, að félagið greiddi líftryggingarupphæðina, en umboðsmaðurinn sá sér eigi fært að verða við þeirri kröfu eða að taka við iðgjaldinu, en kvaðst mundu leyta úrskurðar félagsstjórnarinnar um málið. Magnús Sigurðsson greiddi þá Íslandsbanka iðgjaldseftirstöðvarnar, 176 kr., gegn skírteini bankans um, að upphæðin yrði greidd »Carentia« gegn afhendingu skírteinisins, og þetta tilkynti hann umboðsmanni félagsins með bréfi dags. 20. s. m., sendi honum bankaskírteinið og ítrekaði fyrir hönd dánarbús Magnúsar Stephensen kröfu sína um greiðslu líftryggingarupphæðarinnar. En stjórn félagsins neitaði að taka þessa kröfu til greina. Út af þessari neitun höfðaði faðir hins látna kaupmanns, Magnús Stephensen fyrverandi landshöfðingi, mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ólafi G. Eyjólfssyni stórkaupmanni fyrir hönd lífsábyrgðarfélagsins »Carentia« (Det danske Livsforsikringsselskab »Carentia« gensidigt) og krafðist þess, að félagið yrði dæmt til að greiða sér sem nánasta erfingja hins vátrygða og væntanlegum handveðshafa í tryggingarskírteininu vátryggingarupphæðina, 10000 kr., og var sú krafa tekin til greina með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 29. marz þ. á.

og félagið auk þess dæmt til að greiða stefnanda 60 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir nefndur stórkaupmaður fyrir hönd lífsábyrgðarfélagsins »Carentia« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst þ. á., og hefir hann stefnt ekkju Magnúsar Stephensen fyrverandi landshöfðingja, frú Elínu Stephensen, fyrir hönd dánarbús hans og fyrir hönd erfingja Magnúsar Stephensens kaupmanns. Eru kröfur hans þær, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður í málinu og að félaginu eða áfrýjanda fyrir þess hönd verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hins vegar er það krafa stefndu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir synjun sinni um greiðslu vátryggingarupphæðarinnar tilgreindi áfrýjandi þá ástæðu, að með því að Magnús Stephensen hefði dáið 13. jan. f. á. án þess að hafa greitt fyrsta iðgjaldið fyrir vátryggingarskírteinið, þá hefði það aldrei náð gildi, og í því efni styðst áfrýjandi við svolátandi ákvæði í skírteininu: Skírteinið kemur í gildi þann dag, er iðgjaldið greiðist í fyrsta skifti, en aldrei fyr en þann dag, er skírteinið er dagsett.

Stefnda hefir hins vegar gert þá grein fyrir kröfu sinni, að Magnús Stephensen hafi samkvæmt vátryggingarbeiðninni verið trygður eftir hinum almennu vátryggingarskilyrðum félagsins, en í þeim sé alls ekki minst á það, að vátryggingarskírteinið komi fyrst í gildi þann dag, sem iðgjaldið er greitt í fyrsta skifti;

hins vegar sé það tekið fram í vátryggingarbeiðninni, að vátryggingarbeiðanda sé skylt að greiða iðgjaldið skilvíslega í síðasta lagi innan 30 daga frá því, er skírteinið var gefið út; hafi þetta verið vátrygða kunnugt og undir það hafi hann gengist; sé þetta og hið eina skilyrði um iðgjaldsgreiðslu, er sett sé af félaginu í þeim skjölum, er hann hafi fengið frá því, en þessu skilyrði hafi að öllu leyti verið fullnægt, þar sem vátryggingarskírteinið hafi verið gefið út 27. des. 1915, en iðgjaldið hafi verið að nokkru leyti greitt fyrirfram og eftirstöðvarnar boðnar fram 19. jan. 1916, eða nokkrum dögum áður en fyrgreindur 30 daga frestur var liðinn; hafi með þessu komist á bindandi samningur milli félagsins og vátrygða, sem félagið verði af sinni hálfu að uppfylla. En þó að eigi yrði fallist á þessa skýringu á vátryggingarskjölunum sé vátryggingin engu að síður í fullu gildi og félaginu skylt að inna af hendi vátryggingarupphæðina fyrir þá sök, að vátryggingarskírteinið hafi borist umboðsmanni félagsins hér 6. jan. 1916, og hafi það þá verið skýlaus skylda hans, að tilkynna vátrygða það tafarlaust til þess að skírteinið yrði innleyst, og félaginu verið með öllu óheimilt að »spekúlera« í því, hvernig vátrygða reiddi af í ferðinni. En félagið eða umboðsmaður þess hafi enga tilkynningu sent; hefði hún verið send á heimili Magnúsar, mundi faðir hans hafa tafarlaust greitt iðgjaldseftirstöðvarnar, enda hafi hann að ráðstöfun vátrygða átt að fá skírteinið að handveði til tryggingar lánsábyrgð, er hann hafði gengið í fyrir vátrygða, og vátrygði hafi, áður en hann fór, gert ráð-

stöfun til þess að iðgjaldið yrði greitt að fullu, þegar er skírteinið kæmi. Og þótt það nú væri rétt, sem áfrýjandi heldur fram, að Magnús hafi beðið umboðsmanninn að geyma skírteinið þar til er hann kæmi aftur, þá komi þetta í sama stað niður, þar sem félagið með því að halda hjá sér skírteininu hafi veitt frest á iðgjaldsgreiðslunni og verði að taka afleiðingunum af því. Og hvað sem öðru líði hafi félagið skuldbundið sig til að greiða tryggingaruppháeðina með því að taka athugasemda- og fyrirvaralaust við bankaskírteininu fyrir iðgjaldseftirstöðvunum og halda því í sínum vörzlum.

Öllum þessum málsástæðum stefndu mótmælir áfrýjandi. Tekur hann það fram, að réttur vátrygða gegn félaginu hljóti að fara eftir ákvæðum vátryggingarskírteinisins, og skírteini Magnúsar Stephensens hafi um það atriði, hvenær það komi í gildi, alveg sama ákvæði og öll önnur skírteini félagsins; hafi Magnús Stephensen þekt þetta ákvæði skírteinisins með því að hann hafi starfað á skrifstofu Ólafs G. Eyjólfssonar og um langan tíma fengist við afgreiðslu slíkra skírteina. Um það ákvæði í tryggingarbeiðninni, að beiðandi skuldbindur sig til að hafa leyst til sín skírteinið á 30 daga fresti frá því er það var gefið út, lætur áfrýjandi þess getið, að hér sé að eins um að ræða skyldu beiðanda til að greiða fyrsta iðgjald á tilteknum fresti og rétt félagsins til að ganga eftir því, en alls ekki um skuldbindingu fyrir félagið. Fyrir því sé það fjarri sanni, að samningur hafi komist á milli Magnúsar og félagsins um að tryggingin gengi í gildi, ef iðgjaldið væri greitt áður

en 30 dagar væru liðnir frá útgáfu skírteinisins án tillits til þess, hvort Magnús væri áður dáinn. Gegn umsögn stefnda um drátt eða vanrækslu Ólafs G. Eyjólfssonar að gera hlutaðeigendum viðvart um, að skírteinið væri komið til hans, heldur áfrýjandi því fram, að Ólafur hafi enga ástæðu haft, enn síður nokkra skyldu, til að tilkynna nokkrum manni, að skírteinið væri komið hingað, með því að Magnús Stephensen hafi beðið hann að geyma það þangað til að hann kæmi aftur og innleysti það, enda hafi hann ekki gefið neinum umboð til að taka við því, og Ólafi hafi verið óheimilt að afhenda skírteinið öðrum en þeim, er slíkt umboð hafði. Áfrýjandi lýsir það því rangt, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar af Magnúsi áður en hann fór til að innleysa skírteinið eða selja það að handveði, með því að slíkt geti ekki komið heim við það, sem Magnús hafi lagt undir við hann. Og enn getur áfrýjandi þess, að sú ráðstöfun af hendi stefnda, að láta iðgjaldseftirstöðvarnar til geymslu í Íslandsbanka og senda umboðsmanninum geymsluskírteinið, hafi eigi gefið umboðsmanninum neina ástæðu til að gera frekar en hann hafði áður gert, þ. e. neita að taka við upphæðinni og tjá sér það óheimilt, enda hafi áfrýjandi eigi tekið þetta fé úr bankanum eða hagnýtt sér það.

Deiluatriðin í máli þessu eru, samkvæmt því er nú hefir verið sagt, þau, hvort líftrygging hafi stofnast hjá áfrýjanda fyrir Magnús Stephensen, þrátt fyrir það, að iðgjaldið fyrir trygginguna var eigi greitt nema að litlum hluta, þegar hann dó, og verði það eigi álitið, hvort áfrýjandi þó eigi að svara til

vátryggingarupphæðarinnar vegna þess að hann hafi átt sök á því, að iðgjaldið var ekki greitt í tækan tíma, eða viðurkent eftir á kröfu stefnda. Á hið fyrra atriðið verður að líta svo, að fara beri eftir ákvæðum vátryggingarskírteinisins um það, hvenær vátryggingin náði gildi, með því að eigi er til annar samningur milli aðila um vátrygginguna og áfrýjandi hefir ekki tekið á sig aðrar skuldbindingar eða viðtækari en þar eru tilgreindar, en ákvæði skírteinisins um þetta atriði er, sem fyr segir, það, að skírteinið komi í gildi þann dag, er iðgjald greiðist í fyrsta skifti, þó aldrei fyr en þann dag, sem skírteinið er dagsett, enda verður að telja ákvæðið í sjálfu sér eðlilegt, og því er ómótmælt haldið fram af áfrýjanda, að samskonar ákvæði sé sett í skírteini annara líftryggingarfélaga. Á þessu getur það engri breytingu valdið, að Magnús Stephensen hefir í líftryggingarbeiðninni skuldbundið sig til að innleysa skírteinið eigi síðar en 30 dögum frá útgáfudegi þess, með því að eigi verður af þessu ráðið, að skírteinið geti náð gildi þó að iðgjald sé eigi greitt fyr en eftir lát þess, er tryggingar hefir leitað, enda öðlaðist Magnús Stephensen eigi með þessari skuldbindingu eða yfirleitt með vátryggingarbeiðninni neinn rétt á hendur áfrýjanda. 8. gr. í hinum almennu vátryggingarskilyrðum félagsins, sem stefnda hefir vísað til í þessu sambandi, skiftir eigi heldur máli hér, þar sem grein þessi að eins ræðir um frest á greiðslu síðari iðgjalda fyrir skírteini, sem áður voru í gildi. Krafa stefnda um greiðslu vátryggingarupphæðarinnar verður þannig eigi bygð

á vátryggingarskjölunum, og er þá eftir að athuga, hvort áfrýjandi hafi eftir að vátryggingarskírteinið barst hingað og eftir að honum voru boðnar eftirstöðvar iðgjaldsins hagað sér svo, að hann fyrir það sé orðinn skyldur til að greiða vátryggingarupphæðina. Í því efni er þess að geta, að umsögn Ólafs G. Eyjólfssonar um, að Magnús hafi beðið sig að geyma vátryggingarskírteinið þangað til hann kæmi aftur og innleysti það, hefir ekki verið hnekt, og hún styrkist við það, að stefnda hefir eigi gegn mótmælum hans sannað, að Magnús hafi veitt neinum umboð til að taka við skírteininu hjá áfrýjanda eða gert ráðstöfun til þess að iðgjaldið væri greitt, en öðrum en þeim, sem hafði umboð til þess, var umboðsmanninum óheimilt eða þó óskylt að afhenda skírteinið. Og með því eigi verður heldur talið, að nein viðurkenning um skyldu áfrýjanda til að greiða vátryggingarupphæðina sé í því fólgin, að hann endursendi eigi fyrgreint bankaskírteini, sem honum var sent eftir að hann hafði neitað að taka við iðgjaldseftirstöðvunum, verður að sýkna hann af kröfu stefndu í þessu máli.

Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ólafur G. Eyjólfsson, fyrir hönd lífsábyrgðarfélagsins »Carentia« á að vera sýkn í þessu máli af kröfum stefndu, ekkjufrúar Elín-

ar Stephensen, fyrir hönd erfingja Magnúsar Stephensens kaupmanns og dánarbús Magnúsar Stephensens landshöfðingja.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 50/1917. H. Söbstad
gegn
Valdemar Thorarensen
fyrir hönd T. Bakkevig.

Dómur:

Með dómi gestaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 16. júli 1915, var áfrýjandi H. Söbstad dæmdur til að greiða stefnda Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig 14058 kr. 36 a. með 5% ársvöxtum frá 3. ágúst 1911 til greiðsludags og málskostnað með 300 kr. Gestaréttardómi þessum var skotið til landsyfirdómsins og var hann staðfestur með dómi nefnds réttar uppkveðnum 13. nóv. 1916. Svo var og áfrýjandi með sama dómi dæmdur til að greiða 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Þessi yfirréttardómur var birtur áfrýjanda 18. des. 1916 og eftir kröfu stefnda var honum fullægt með fógetagerð á heimili áfrýjanda á Siglufirði 14. maí 1917 og var þá gert fjárnám í ýmsum eignum áfrýjanda til fullnægingar á dómskuldinni, en skuldina reikn-

aði stefndi þá með vöxtum og kostnaði 18830 kr. 38 a, en eignir þær, er teknar voru fjárnámi voru virtar á 54400 kr. Fyrir fógetaréttinum mótmælti áfrýjandi fjárnámsgerðinni og til vara krafðist hann þess að henni væri frestað, en með samstundis uppkveðnum úrskurði var mótmælunum og frestunarkröfunni hrundið. Úrskurði þessum og fógetagerðinni í heild sinni hefir H. Söbstad skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. júlí þ. á. og er það aðalkrafa hans hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn og fjárnámið í heild sinni verði ónýtt og úr gildi felt, en til vara að fjárnámskrafa stefnda verði færð niður um 156 kr. 38 a., svo krefst hann og málskostnaðar, hvernig sem úrslit malsins verða, bæði fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig krafist staðfestingar á fógetaréttarú skurðinum og fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Aðalkröfu sína um ónýting fjárnámsúrskurðarins og fjárnámsgjörðarinnar rökstyður áfrýjandi með því, að fógeti sá, er kvað upp úrskurðinn, hafi eigi haft nokkra skipun (konstitution) í málinu, hinn reglulegi fógeti hafi ekki vikið úr sæti, og hafi því mann þann, er var í fógeta stað, brostið myndugleika (competence) til að kveða upp úrskurðinn. En þetta er eigi rétt, því að lögfræðingur sá, er framkvæmdi téð réttarverk í stað hins reglulega fógeta, hafði beina löggildingu til þess í símskeyti frá stjórnarráðinu dags. 12. maí 1917 og verður aðalkrafa áfrýjanda fyrir því eigi tekin til greina, og jafnframt skal það tekið fram, að hann nú virðist hafa fallið frá mótmælum

þeim gegn framgangi fjárnámsgerðarinnar, er hann hélt fram fyrir fógetaréttinum, þar sem hann segir, að »atriðið hafi ekki verulega praktiska þýðingu nú orðið« enda verður að líta svo á, að úrskurður fógetaréttarins um greind mótmæli hafi verið réttur og lögum samkvæmur.

Kemur þá varakrafa áfrýjanda til álita, en hún er sú, að fjárnámskrafa stefnda verði færð niður um kr. 156,38; eru það ýmsir liðir í vaxta- og kostnaðarreikningi stefnda, er hann telur ranga og of hátt reiknaða; þessum leiðréttingum getur hann komið fram fyrir yfirdómi, þótt hann eigi legði þær undir úrskurð fógetaréttarins, og með því að þessari niðurfærslukröfu hefir eigi verið mótmælt sérstaklega af af stefnda, verður að taka hana til greina, og draga upphæðina 156 kr. 38 a. frá fjárnámsupphæðinni 18830 kr. 38 a. og verður hún þá 18674 kr. Með þessari breytingu verður að staðfesta fógetaréttarúrskurðinn og fjárnámsgerðina, og eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og fjárnámsgerð skal óraskað vera að öðru en því, að fjárnámsupphæðin sé 18674 kr. Áfrýjandi, H. Söbstad, greiði stefnda, Valdemar Thorarensen, f. h. T. Bakkevig 20 kr. í málskostnað og lúk-

ist upphæð þessi áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 42/1917. Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs
gegn
Birni Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Gíslason bóndi á Ásgautsstöðum innan Árnessýslu, gegn landsstjórninni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 10. okt. 1916 til þess að fá hana dæmda til að skila sér nokkrum húsum og öðrum mannvirkjum, er hann taldi sig eiga í Gaulverjabæ, og til að greiða sér skaðabætur fyrir ólögmætt hald á þeim. Málið var dæmt í bæjarþinginu 3. maí 1917 á þá leið, að landsstjórnin var dæmd til að láta af hendi við stefnda nokkur nánar tiltekin hús, en að öðru leyti var landsstjórnin sýknuð og málskostnaður látinn falla niður. Stefndi var sektaður um 20 kr. fyrir ósæmilegan rithátt og fyrrum ráðherra Einar Arnórsson um 4 kr. fyrir að hafa hvorki sótt né látið sækja sáttafund, þá er leitað var sátta um málefnið.

Dómi þessum hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, landsstjórnin með stefnu dags. 24. maí 1917 og Björn Gíslason með gagnstefnu 29. okt. samæris. Hefir hinn síðarnefndi krafist þess, að justitiarius og

1. meðdómandi víki úr dómarasæti í málinu, með því hann, stefndur, hafi höfðað mál á hendur þeim, en engin lagaheimild er til þess að gefa kröfu þessari gaum, enda standa mál þau, er hann tjáist hafa höfðað gegn nefndum dómendum í engu sambandi við mál þetta, er nú verður dæmt.

Áfrýjandi krefst í aðalsökinni þess, að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina, en þar hafði hann krafist algerðrar sýknunar sér til handa af skila-, skaðabóta-, sektar- og málskostnaðarkröfum stefnda og heimtað stefnda dæmdan í sekt fyrir óþarfa þrætu og fyrir ósæmilegan rithátt, sem og til að greiða sér málskostnað. En gagnsökinni krefst áfrýjandi að verði vísað frá dómi, þar eð hún sé ofseint fram komin. Loks krefst hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök fyrir yfirdómi. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að ákvæði dómsins um skil á nokkrum húsum verði staðfest, en dóminum að öðru leyti breytt samkvæmt kröfum sínum fyrir bæjarþinginu og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. En fyrir bæjarþinginu hafði stefndi auk skila á húsunum krafist 10 kr. skaðabóta á dag frá 21. júní 1916 til þess dags, er húsin yrðu sér afhent, eða til vara, að sér yrði leyft að flytja húsin burtu gegn því að hann greiddi álag það, er þau höfðu verið látin ganga upp í. Þar hafði stefndi og krafist þess, að gagnaðili hans, fyrverandi ráðherra Einar Arnórsson, yrði látinn sæta sektum fyrir svokallað valdtak og lögmæltum vítum fyrir að hafa hvorki sótt né látið sækja sáttafund um ágreinings-

efnið og loks hafði hann krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Málsatvik eru, eftir því sem næst verður komist, þau er nú skal greina: Í fardögum 1915 urðu ábúandaskifti á Gaulverjabæ, sem er kirkjujörð og því eign landssjóðs (kirkjujarðasjóðs). Jörðinni slepti Jón Magnússon, er hafði búið þar nokkur undanfarin ár, en við henni tók Skúli G. Thorarensen. Hafði Jón átt nokkur hús og önnur mannvirki á jörðinni, er hann flutti sig af henni, að því er ætla má fyrir eða um jól 1914, þar á meðal 3 heyhlöður, nokkra svokallaða skúra og nokkur peningshús. Hús þessi og önnur mannvirki afsalaði Jón 10. jan. 1915, þá alfluttur til Reykjavíkur, en gestkomandi í Úlfstaðahjáleigu, síra Þorsteini Benediktssyni og 4 öðrum nafngreindum mönnum, er allir höfðu tekið að sér 10000 kr. skuld hans til sparisjóðs Árnesinga, og höfðu menn þessir ásamt fleirum verið ábyrgðarmenn að láninu og þeim verið settar nefndar eignir að veði fyrir ábyrgðinni með bréfi dags. 10. des. 1913. Var það tekið fram í heimildarbréfi Jóns til síra Þorsteins og þeirra félaga, að þeim væri »skylt að bjóða réttum ábúanda jarðarinnar Gaulverjabæjar forkaupsrétt að ofangreindum húsum og mannvirkjum«.

Jörðin var tekin út 9. júní 1915, að viðstöddum viðtakanda og umboðsmanni Jóns, og var Jóni gert að svara 1836 kr. álagi en umboðsmaður hans mótmælti að greiða meginið af álaginu. Hús og mannvirki þau, er hér um ræðir, voru ekki virt né tekin í álagið, enda hvorugs krafist og var þó umráða-

maður jarðarinnar hlutaðeigandi hreppstjóri viðstaddur úttektina. En 28. s. m. lét hreppstjóri að gefnu tilefni frá stjórnarráðinu í bréfi dags. 21. s. m. úttektarmennina virða 3 heyhlöður, 1 skúr, 2 hesthús og 2 fjárhús, er Jón hafði skilið eftir í Gaulverjabæ, þegar hann fór þaðan um veturinn og enn stóðu þar. Húsin voru nú virt á samtals 940 kr. Jón var ekki viðstaddur virðingargerðina og enginn af hans hendi, enda er þess ekki getið, að hann hafi verið aðvaraður um gerðina og hafði landsstjórnin þó lagt fyrir hreppstjóra að gera það. Húsin voru heldur eigi lögð landssjóði út upp í álagið í þetta skifti. En 19. júlí s. á. ritaði landsstjórnin Halldóri nokkrum Sigurðssyni, sem umboðsmanni þeirra sira Þorsteins, tilkynti honum að sala Jóns til þeirra sira Þorsteins á húsunum sé ólögmæt, þar sem þau höfðu eigi verið boðin landeiganda til kaups svo sem fyrir sé mælt í 10. gr. ábúðarlaganna 12. jan. 1884, hefði landsstjórnin því fyrir hönd landssjóðs tekið húsin til eignar eftir virðingarverði, 940 kr., og gangi andvirðið upp í álag það, er Jón eigi að svara til.

Hinn 2. ágúst samæris var loks haldin yfirúttekt í Gaulverjabæ að viðstöddum viðtakanda og fráfaranda, umboðsmanni jarðarinnar og sérstökum umboðsmanni landsstjórnarinnar og Jóni gert að greiða 1958 kr. 95 aura álag. Komast yfirúttektarmennirnir meðal annars svo að orði: ... »Upp í álag ekki vísað á neitt, en hreppstjóri sýnir bréf stjórnarráðs dags. 19. júlí þ. á., þar sem það kyrsetur upp í álag hús þau, er átti Jón Magnússon og virt voru 28. júní

þ. á. á 940 kr. Ennfremur fer hreppstjóri fram á, að skúr við vesturenda hússins, sem var eign sama en ekki var virtur 28. júní, sé nú virtur þeim húsum til viðbótar, og virðist hann (til niðurrifs) á 100 kr. Kemur þá upp í álagið kr. 1040,00 að rétti þriðja manns óskertum«. Þess er getið að bréf landsstjórnarinnar, sem hér er vítnað til, fylgir eigi dómsgerðunum. Við svo búið, sem nú var sagt, virðist hafa setið um 10 mánuði. En 2. júlí 1916 kemst stefndi í málið. Þann dag selja og afsala þeir síra Þorsteinn honum »öllum þeim rétti. sem við eigum og höfum átt á húsum og mannvirkjum á jörðini Gaulverjabæ .... samkvæmt veðskuldarbréfi 10. des. 1913 .... og afsalsbréfi Jóns Magnússonar, 10. jan. 1915 .... gegn þá þegar greiddri 5000 kr. borgun. Það er ekki áskilið í bréfinu, að stefndi skuli bjóða landsdrotni og ábúanda mannvirkin til kaups. Þó hafði stefndi með bréfi dags. 9. júní 1916 boðið landsstjórninni forkaupsrétt að einhverjum nefndra mannvirkja, en stjórnin hafði eigi svarað bréfinu. Bréfið fylgir eigi dómsgerðunum, enda þess eigi getið þar, með hverjum kjörum kostur hafi verið gerður á húsunum. Virðist málið síðan hafa legið niðri, þangað til stefndi kærði það til sátta 5. okt. s. á. og stefndi því til bæjarþings 10. s. m., þar sem því lauk 3. maí 1917 með þeim úrslitum, er fyr greinir.

Þess skal þegar getið, að krafa áfrýjanda um að gagnsökinni verði vísað frá dómi, er ekki á rökum bygð, með því að gagnsökin var þingfest í réttarhaldi, sem aðalsökin var fyrir í, og síðan rekin og

dæmd í sambandi við aðalsökina. Og víkur þá máli að efniskröfum aðila.

Stefndi hefir aðallega stutt kröfu sína um skil á húsunum með því að hann hafi fengið lögmætt afsal fyrir þeim frá löglegum eigendum þeirra en frá kröfu um skil á öðrum mannvirkjum hefir hann fallið. Og áfrýjandi hefir aðallega rökstutt sýknunarkröfu sína með því, að hvorki heimildarbréf Jóns til þeirra síra Þorsteins né heimildarbréf þeirra félaga til stefnda hafi verið lögmætt afsalsbréf, enda hafi áfrýjandi átt kauprétt að húsunum samkvæmt 10. gr. ábúðarlaganna. En því hefir stefndi (síðar) neitað, þar sem Jón, er hafði yfirgefið jörðina um jól 1914 og selt húsin þriðja manni í ársbyrjun 1915, verði hvorki skoðaður »fráfarandi« jarðarinnar né eigandi húsanna.

Það er þó ekki rétt hermt, að Jón, er hafði jörðina í ábyrgð til fardaga 1915, hafi ekki verið fráfarandi hennar frá því að jörðinni var sagt lausri, eða hann fór af henni um jól 1914, og til þess tíma, er hún var tekin út úr hans höndum. Og hvað hitt atriðið snertir, að Jón hafi ekki verið eigandi húsanna eftir afsal þeirra til síra Þorsteins og félaga 10. jan. 1915 þá sker það atriði hvort stefndi og heimildarmenn hans hafi haft formlega heimild fyrir húsunum ekki úr. Það er ljóst að rétti þriðja manns verður ekki raskað með jafnvel fullkomlega formréttri gerð aðila þeirra, er við eigast. En nú verður að álíta að 10. gr. ábúðarlaganna leggi með kauprétti þeim, er hún heimilar landsdrottni eftir mat úttektarmannanna, nokkurs konar lögkvöð á þau hús, er fráfarandi hef-

ir notað við ábúð leigujarðar sinnar og standa þar við leiguliðaskifti. Og enginn efi er á því, að bæði þeir síra Þorsteinn og stefndi vissu hvernig hér stóð á, og að hér var um lögkvöð að ræða, sbr. heimildarbréf þeirra síra Þorsteins og boð það fyrir þeirra hönd, er ábúanda jarðarinnar á að hafa verið gert um kaup á húsunum 1915 og 1916, svo og kaupboð stefnda til landsstjórnarinnar 9. júní 1916 og eftirfarandi setning í sáttakæru hans »ritaði eg því næst stjórnarráðinu bréf 9. s. m. (júní 1916) og bauð því að neyta forkaupsréttar þess, sem lög heimila landsdrotni á húsum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru«. Og nú með því að það skiftir ekki máli hér, eftir aðstöðu stefnda og heimildarmanna hans þó að húsin hafi verið orðin »eign« þeirra síra Þorsteins áður en Jón skilaði leigujörð sinni af sér og hafi síðan orðið »eign« stefnda 2. júní 1916, þá verður að líta svo á að landssjóður hafi, þrátt fyrir ráðstafanir þær, sem gerðar höfðu verið um húsin, átt kauparétt að þeim, þegar Jón skilaði jörðinni af sér.

Er þá á það að líta, hvort landssjóður sé orðinn eigandi ofannefndra húsa. Með úttektinni 9. júní 1915 gat hann ekki orðið það, þar sem húsin voru þá hvorki virt né lögð landssjóði út upp í álagið og hvorugs jafnvel krafist af viðstöddum umboðsmanni jarðarinnar. Hins vegar virðist þögn umráðamanns um mat og útlagningu á húsunum ekki verða skoðuð sem afsal á kauparétti landsdrottins. Að vísu á frá farandi heimtingu á því, innan hæfilegs tíma landsdrottni til handa til að útkljá kauparétt sinn, að fá að hagnýta sér hús sín á sem arðvænlegastan hátt,

enda gerir 10. sbr. 33. gr. ábúðarlaganna ráð fyrir því, að kauparéttarins sé venjulega neytt við jarðarúttekt. En bæði er það að 10. gr. á með orðinu »úttektarmenn« bæði við yfir- og undirúttektarmenn, og svo krafðist landsstjórnin mats og útlagningar á húsunum 21. júní eða þegar eftir að ætla má að henni hafi verið orðið kunnugt um úttektina, enda bauð stefndi landsstjórninni, eins og þegar er tekið fram, kaup á húsunum nálægt ári seinna, og er það órækur vottur um að hann hafi jafnvel þá talið kauparétt landssjóðs standa. Virðingargerðin 28. s. m. gerði landssjóð heldur ekki að eiganda húsanna. Að vísu voru húsin virt þá, en það mat er ólögmætt, þar sem ekki sést að fráfarandi hafi verið aðvaraður um gerðina og hann ekki var viðstaddur né neinn af hans hendi, enda voru húsin ekki lögð landssjóði út. Og er þá eftir að vita hvort úttektin 2. ágúst 1915 geti skoðast sem eignarheimild landssjóðs til handa húsunum. Það sést nú að vísu hvorki á yfirúttektinni né annars staðar í dómsgerðunum, hvort yfirúttektar hafi verið beiðst innan lögmæts tíma né hver beiddist hennar. Og ennfremur ber yfirúttektin það með sér, að yfirúttektarmennirnir hafa ekki sjálfir virt öll húsin, heldur hafa þeir matsupphæðina 940 kr. að eins eftir virðingargerðinni 28. júní, en sú virðing er samkvæmt framansögðu ólögmæt. Hins vegar verður að skilja niðurlag gjörðarinnar svo sem bæði hafi umráðamaður jarðarinnar nú haldið fram rétti landssjóðs og yfirúttektarmennirnir lagt landssjóði húsin út upp í álagið. Og þar sem annars vegar ekki hafa verið bornar brigður á það, að yfirúttektar hafi verið beiðst á réttum tíma og af löglegum aðila, og þar sem 10. gr. ábúðarlaganna hins vegar heimilar landsdrottni kauparétt að uppistandandi húsum fráfaranda jafnvel þó að virðingarverð húsanna fari fram úr álagsupphæð, þá þykir ekki rétt að láta það atvik að yfirúttektarmennirnir virtu sjálfir ekki nema eitt

húsið, varða ógildi úttektarinnar að öllu leyti. Heldur virðist eiga að sitja við útlagningu yfiráttektarmannanna á húsunum til landssjóðs. Þó verður jafnframt, þar sem hús þau er virt voru 28. júní 1915, hafa ekki verið löglega metin til peninga, að skylda landssjóð til að greiða stefnda, sem telja má að hafi haft löglega heimild á húsunum að geymdum kaupaétti landssjóðs, þá upphæð með 5% vöxtum, frá yfiráttektardegi, er nefnd hús kunna við löglegt mat úttektarmanna að verða virt hærra (til niðurrifs) en það 1958 kr. 95 au. álag ÷ 100 kr. fyrir mat yfiráttektarmanna á skúr við vesturenda íbúðarhússins, er yfiráttektarmenn gerðu Jóni Magnússyni að svara og ekki var mótmælt þá af hans hendi.

Skaðabótakrafa stefnda kemur samkvæmt þessum úrslitum ekki til greina, enda er mat það, er stefndi lét fara fram á umþráttuðum húsum m. m. 15. maí 1917 þegar af þeirri ástæðu ólögmætt, að hvorki var nokkur af hendi landssjóðs viðstaddur né landsstjórnin, að því er séð verður, aðvöruð, og húsin auk þess virt eins og þau stóðu þá, en ekki til niðurrifs. Sé áfrýjandi því að öðru leyti sýkn af kröfum stefnda. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Hins vegar verður ekki komist hjá, að gera landssjóði að greiða stefnda málskostnað í héraði, þar sem landsstjórnin sótti eigi né lét sækja sáttafund, enda þótt henni væri löglega birt kæran, og ákveðst hann 40 kr. Af sömu ástæðu á gagnaðili stefnda í héraði, fyrv. ráðherra Einar professor Arnórsson, aðgreiða 10 kr. sekt í landssjóð.

Sekt sú, sem stefnda er gerð í héraði fyrir ósæmilegan rithátt, er hækkuð um 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til bæjarsjóðs, þar eð ekki þykir hlýða að láta óvítta, svo sem héraðsdómarinn hefir gert, eftirfarandi setningu í sóknarframhaldi stefnda 15. febr. 1917: . . . . »Það er þó kunnugt og gert gabb að um land alt, að bæði undir- og yfirréttur hafi

gert sér það að meginreglu og ætli sér aldrei að víkja frá henni, að sekta hann, ef nafn hans sést á réttarskjölunum«. Og enn þykir það aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir eigi látið yfirréttarmálaflutningsmann Pál Jónsson sæta vítum fyrir eftirfarandi ósæmileg orð: »Þess er vert að geta . . . að hefði Jón Magnússon haft efni á að reka réttar síns til hæstaréttar — að skjóta málum sínum til hérlendra stjórnarvalda og dómstóla vissi hann að væri árangurslaust — hefði hann með öllu verið sýknaður«. Ákveðst honum sekt fyrir þessi ummæli 20 kr. til landssjóðs og 20 kr. til bæjarsjóðs.

Því dæmist rétt vera:

Landsstjórnin greiðir stefnda, Birni bónda Gíslasyni, með 5% vöxtum frá yfirúttektardegi þá upphæð, sem úttektarmenn eftir löglega matsgerð kynnu að meta hús þau, er ræðir um í virðingargerð 28. júní 1915, hærra verði en álag það, 1958 kr. 95 aur. ÷ 100 kr., nam samkvæmt yfirúttektinni. Svo greiði landsstjórnin honum og 40 kr. málskostnað í héraði. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Einar prófessor Arnórsson greiði 10 kr. sekt í landssjóð.

Stefndi greiði 15 kr. sekt í landssjóð og 15 kr. sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Páll yfirréttarmálaflutningsmaður Jónsson greiði 20 kr. sekt í landssjóð og 20 kr. sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu. Sæti ella aðför að lögum.

Landsyfirréttardómar 1918.

Mánudaginn 7. janúar 1918.

Nr. 41/1917.

Ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs
gegn
Birni Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Gíslason bóndi á Ásgautsstöðum innan Árnessýslu, gegn landsstjórninni fyrir bæjarþingi Rvíkur 5. okt. 1916 til þess að fá hana dæmda til þess að greiða sér 800 kr. leigu fyrir fardagaárið 1915/16 af nokkrum húsum og öðrum mannvirkjum, er hann taldi sig eiga á kirkjujörðinni Gaulverjabæ, sem er eign landssjóðs (kirkjujarðasjóðs). En eignir þessar hafði ábúandi sá, er skilaði jörðinni af sér í fardögum 1915, Jón bóndi Magnússon, notað við ábúð leigujarðar sinnar, en selt þær öðrum, síra Þorsteini Benediktssyni og nokkrum fleirum nafngreindum mönnum, án þess að bjóða þær landsdrotni til kaups, og þeir aftur selt þær stefnda, án þess að gefa landsdrottni kost á þeim. Málið var dæmt í

héraði 3. maí 1917 á þá leið, að landstjórnin var dæmd til þess að greiða stefnda 83 kr. 20 a. með 5% vöxtum frá 30. júní 1916, og komst héraðsdómarinn að þeirri niðurstöðu með því að telja húsin og mannvirkin eign stefnda og reikna honum 8% af upphæð þeirri, 1040 kr., er hlutaðeigandi úttektar- og yfiráttektarmenn höfðu virt húsin í júní og ágúst 1915 upp í álag fráfaranda af jörðinni þá um vorið. Málskostnaður í héraði var feldur niður. Stefndi var sektaður um 20 kr. fyrir ósæmilegan rithátt og fyrverandi ráðherra Einar Arnórsson um 4 kr. fyrir að hafa hvorki sótt né látið sækja sáttafund.

Dómi þessum hafa báðir aðilar skotið til yfirdóms, landstjórnin með stefnu dags. 24. maí 1917 og stefndi með gagnstefnu dags. 20. okt. s. á. Áfrýjandi krefst auk málskostnaðar fyrir yfirdómi í aðalsök og gagnsök, að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina, en þar krafðist hann sýknu, sekta á hendur stefnda fyrir óþarfa þrætu og ósæmilegan rithátt og málskostnaðar. — Stefndi segir í sóknarskjali sínu dags. 12. nóv. f. á., að hann gjöri endurnýjaða kröfu um að rétturinn víki sæti í málinu, en þessi krafa er eigi fyr fram komin af hans hálfu undir rekstri málsins, og þar sem hún er alveg órökstudd verður henni enginn gaumur gefinn. Stefndi hefir, auk málskostnaðar fyrir yfirdómi, krafist þess, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina, en þar krafðist hann, auk ofannefndrar 800 kr. leigu, málskostnaðar af hendi landstjórnarinnar og sáttavíta á hendur þáverandi gagnaðila sínum, fyrverandi ráðherra Einari Arnórssyni. Undir rekstri máls-

ins hér fyrir réttinum hefir stefndi þó til vara kraf ist 565 kr. 20 aur. árlegrar greiðslu af hendi áfrý - anda með 5% vöxtum frá 30. júní 1916 og telur hann þá upphæð samsvara 8% af 7189 kr. 99 aur., er hús þau og önnur mannvirki, er hann eignar sér í Gaulverjabæ, höfðu verið virt á að hans tilhlutun 15. maí síðastliðinn. Það sést á virðingargjörð þessari, sem fram fór eftir uppsögn bæjarþingsdómsins, og enginn var viðstaddur af hendi landstjórnar og hún var, að því er séð verður, ekki aðvöruð um, að einungis lítill hluti virðingarupphæðarinnar eða 1097 kr. 50 aur. er fyrir önnur mannvirki en húsin, sem sé 700 kr. fyrir gaddavírsgirðingu, 247 kr. 50 aur. fyrir vatnsleiðslu og 150 kr. fyrir ofn og eldavél í íbúðarhúsinu. Hitt er matsverð á 3 heyhlöðum og nokkrum peningshúsum, er þeir síra Þorsteinn höfðu selt stefnda, en yfirúttektarmenn höfðu áður lagt út upp í álag á jarðarhúsin o. fl. og eru nefnd hús metin eins og þau stóðu á jörðinni eftir gangverði byggingarefna 1916, en ekki til niðurrifs.

Mál þetta er rekið af hendi beggja aðila með nálega sömu gögnum og annað mál, er stefndi höfðaði gegn landsstjórninni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 10. okt. 1916 til skila á hér umræddum húsum og til skaðabóta fyrir ólöglegt hald á þeim, enda hefir sókn og vörn beggja aðila einnig í þessu máli snúist aðallega um húsin. Lauk því máli í héraði með dómi 3. maí 1917 og síðan í yfirdómi 17. f. m. Urðu úrslit málsins í yfirdómi þau, að áfrýjandi var talinn eigandi húsanna og að eins gert að greiða stefnda með 5% vöxtum þá upp-

hæð, er húsin kynnu að verða metin hærra af hlutaðeigandi úttektarmönnum en álag það, er þau voru tekin upp í af yfirúttektarmönnunum 1915. Með þeim dómi var bundinn endi á allar kröfur stefnda út af margnefndum húsum og því, sem þeim á að fylgja, en þar til verður að telja ofn og eldavél í íbúðarhúsinu, þar eð ekki sést á dómsgerðunum, að þau tæki hafi átt að skilja frá húsunum, enda er hvorugs getið í heimildarbréfi þeirra síra Þorsteins, útgefnu 10. jan. 1915 af Jóni Magnússyni. Er því í rauninni að þessu leyti um sömu sök að ræða þar og hér, og verður þá að vísa kröfu stefnda að því er húsin snertir ex officio frá yfirdómi.

Um kröfu stefnda til leigu eða hundraðsgjalds af virðingarverði gaddavírsgirðingar og vatnsleiðslu er það að segja, að það sést ekki á dómsgerðunum, að tæki þessi hafi verið kyr á jörðinni í þágu eða af völdum áfrýjanda, enda voru þau hvorki virt af úttektarmönnum né tekin í álagið. Málsútlistun stefnda á réttarskjölum 8 og 9 ber miklu fremur vott um það, að áfrýjanda hafi ekki verið um það að kenna, heldur hafi stefndi látið tækin eiga sig af öðrum ástæðum. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda hér að lútandi, enda ekkert leggjandi upp úr verði því, sem lagt var á margnefnd tæki 15. maí 1917, þegar af þeirri ástæðu, að ekki sést að áfrýjandi hafi verið aðvaraður um virðinguna. Sekt sú, sem fyrverandi ráðherra Einari Arnórssyni er gerð í bæjarþingsdómnum á að falla niður, með því að það sést á birtingarvottorði stefnuvottanna, að hann var staddur utanlands, þegar þeir birtu kæruna í stjórnarráðinu. En

þar sem kæran var birt landritara og enginn sótti þó sáttafund af hendi landsstjórnarinnar, þykir eigi verða komist hjá að skylda landssjóð til að greiða stefnda málskostnað í héraði og ákveðst hann 25 kr. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Sekt þá, er stefnda var gerð í héraði fyrir ósæmilegan rithátt, að upphæð 20 kr., þykir rétt að hækka um 10 kr. eða um 5 kr. til hvors, landssjóðs og bæjarsjóðs, með því eigi þykir hlýða að láta óvítta, svo sem héraðsdómarinn hefir gert, eftirfarandi setningu í sóknarframhaldi stefnda í héraði: »Það er þó kunnugt og gert gabb að um land alt, að bæði undir- og yfirréttur hafi gert sér það að meginreglu og ætli sér aldrei að víkja frá henni, að sekta hann, ef nafn hans sést í réttarskjölunum«. Og enn þykir það aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir ekki vítt eftirfarandi ósæmileg ummæli Páls Jónssonar yfirréttarmálaflutningsmanns: »Þess er vert að geta hér . . . . að hefði Jón Magnússon haft efni á að reka réttar síns til hæstaréttar — að skjóta málum sínum til hérlendra stjórnarvalda og dómstóla vissi hann að væri árangurslaust — hefði hann með öllu verið sýknaður«. Þykir Páll með skírskotun til þess, hve oft hann hefir verið sektaður fyrir ósæmilegt orðbragð, eiga að greiða 40 kr. sekt, sínar 20 kr. hvorum, landssjóði og bæjarsjóði.

Því dæmist rétt vera:

Húsaleigukröfu stefnda vísast frá dómi. Áfrýj-

andi sé sýkn af leigukröfu stefnda fyrir framantalin mannvirki.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði með 25 kr. Málskostnaður fyrir yfirrétti falli niður.

Stefndi greiði 30 kr. sekt, 15 kr. í landssjóð og 15 kr. í bæjarsjóð Reykjavíkur. Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði 40 kr. sekt, 20 kr. í landssjóð og 20 kr. í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans. Sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 57/1917. Einar M. Jónasson
gegn
hlutafélaginu »Völundi«.

Dómur:

Veturinn 1907—1908 brann húseignin við Laugaveg 17 í Reykjavík, en 7. apríl 1908 fekk Jóhannes Kr. Jóhannesson trésmiður ásamt öðrum manni afsal að eign þessari, lóðinni og brunabótafénu, kr. 4539,32, og 9. nóv. s. á. virðist Jóhannes einn hafa orðið eigandi að þessum eignum. Á eigninni hvíldu, áður en hún kom í eign Jóhannesar, meðal annars samtals 3500 kr. skuldir til veðdeildar Landsbanka

Íslands, trygðar með 1. veðrétti, og 1800 kr. til bankans sjálfs, trygðar með 2. veðrétti í eigninni, eða samtals til beggja 5300 kr. Þann 5. febr. 1909 afhenti Jóhannes, sem þá var eigi orðinn 25 ára gamall, með samþykki skipaðs meðráðamanns, Landsbankanum brunabótaupphæðina, kr. 4539,32, til tryggingar veðskuldum þessum og var upphæðin sett í sparisjóðsbók nr. 14076. Sumarið 1908 virðist Jóhannes hafa reist hús á lóðinni án þess þó að fá því lokið. Komst hann þá í skuld við hlutafélagið »Völund«, sem nam 20000 krónum samkvæmt skuldabréfi dags. 7. apríl 1908, en bréf þetta mun þó eiga að vera jafnframt fyrirfram veitt viðurkenning fyrir skuld, er Jóhannes kæmist í við hlutafélagið út af byggingu hússins á Laugavegi 17, er hann (Jóhannes) kveðst í bréfinu ætla að reisa. Veðsetur Jóhannes »Völundi« þá lóðina á Laugavegi 17 með 4. veðrétti, og húsið, sem hann ætlar að reisa á henni, með »1. veðrétti«. Því næst segir í bréfinu: »Í veðsetningu þessari er einnig fólgin vátryggingarupphæð húss þess, er áður var á téðri lóð, er brann á síðastliðnum vetri. Einnig vátryggingarupphæð húss þess, er ég (Jóhannes) ætla að byggja á lóðinni«.

Á eigninni hvíldu þá, á 1., 2. og 3. veðrétti, alls 7132 kr. eftir því er í bréfinu getur. Skyldi skuldinni að öllu lokið fyrir nóvember lok 1908. Nú efndi Jóhannes eigi þessa skuldbindingu, og höfðaði h.f. »Völundur« þá mál gegn honum. Lyktaði því máli með sátt fyrir gestarétti Reykjavíkar milli »Völundar« og Jóhannesar, ásamt meðráðamanni hans, 8. febr. 1909, þannig að Jóhannes skuldbindur sig til

að greiða skuldina, sem þá er talin kr. 10883,58, með 5% vöxtum frá 28. jan. 1909 til greiðsludags, fyrir kl. 12 á hádegi daginn eftir 9. febr. En ef skuldin yrði þá eigi greidd, skyldi »Völundi« heimilt að ganga að veðinu samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins 7. apríl 1908. Þann 9. febr. s. á. gefur h.f. »Völundur« til handa Jóhannesi yfirlýsingu, þar sem svo segir, að »Völundur« geri að eins kröfu til kr. 10883,58 ásamt vöxtum og kostnaði af veðrétti þeim, sem félagið hefir í húseigninni Laugaveg nr. 17 og »fari svo, að nefnd húseign ekki seljist svo vel að »Völundur« fái skuldina fullborgaða, gerir félagið samt sem áður engar kröfur á hendur Jóhannesi Kr. Jóhannessyni fyrir því, sem til kann að vanta, að húseignin seljist fyrir ofannefndri kröfu«.

Af því að Jóhannes efndi eigi sættina 8. febr. 1909 lét »Völundur« gera fjárnám í eigninni Laugaveg 17 »svo og í brunabótaupphæð hússins ca. 4500 kr.«, eins og segir í fjárnámsgerðinni 11. febr. 1909. Var Jóhannes viðstaddur gerðina, þó án meðráðamanns, og hafði ekkert að athuga við það, sem fram fór. Síðan var eignin auglýst til sölu á nauðungaruppboði, er fram fór, hið síðasta, 19. marz 1909, en eigi varð þó brunabótafé, kr. 4539,32, selt með eigninni. Á uppboðinu varð h.f. »Völundur« hæstbjóðandi að eigninni og fekk samkvæmt því uppboðsafsal að henni 30. marz s. á.

Dagana 4. og 5. marz hafði Landsbankinn án vitundar Jóhannesar tekið brunabótafé úr áðurnefndri sparisjóðsbók nr. 14076, og látið upphæðina ganga upp í lánin, sem áður er getið, og hvíldi á eigninni

með 1. og 2. veðrétti. Það sem brunabótafé, innstæða sparisjóðsbókar nr. 14076 hrökk eigi til að borga, greiddi »Völundur«, enda var honum það skylt samkvæmt uppboðsskilmálunum og voru honum þá afhent skuldabréfin úr bankanum og síðan var þeim aflýst 1. apríl 1909.

Þar sem Jóhannes Kr. Jóhannesson taldi Landsbankann hafa ráðstafað innstæðu áðurnefndrar sparisjóðsbókar óheimilt með því að greiða með henni skuld, er h.f. »Völundur« hafi átt að greiða samkvæmt uppboðsskilmálunum, þegar húseignin á Laugaveg 17 var seld, leit hann svo á, að hann ætti að réttu lagi kröfu á hendur Landsbankanum, er innstæða bókarinnar næmi. Þessa kröfu framseldi hann áfrýjanda þessa máls, Einari M. Jónassyni cand. juris, og höfðaði hinn síðarnefndi mál á hendur Landsbankanum, er var dæmt í landsyfirdómi 30. jan. 1913 á þann hátt að Landsbankinn var sýknaður af kröfum Einars. En Jóhannes leit þá svo á, að »Völundur« ætti að svara til sparisjóðsbókarinnstæðarinnar þar sem hún hefði komið »Völundi« til góða án þess að hann hefði átt heimtingu á því. Framseldi Jóhannes þá áfrýjanda Einari M. Jónassyni einnig þessa kröfu á hendur h.f. »Völundi« og höfðaði áfrýjandi svo þetta mál á hendur stefndum, stjórnendum h.f. »Völundar« fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útg. 23. jan. f. á. Gerði áfrýjandi þær kröfur fyrir bæjarþinginu: *aðallega* að stjórn h.f. »Völundar« fyrir hönd félagsins yrði dæmd til að skila stefnda 1. og 2. veðréttarbréfum þeim í eigninni Laugaveg 17, er innleyst voru með ofannefndri sparisjóðsbókarinnstæðu, eða

ef stjórn »Völundar« gæti ekki orðið við þessu, þá yrði hún dæmd til þess að svara til peningaupphæðarinnar, kr. 4539,42 auk 6% vaxta frá 20. marz 1909, eða 20. jan. 1913, eða frá sáttakærudegi þessa máls. *Til vara* að stjórn h.f. »Völundar« fyrir hönd félagsins verði dæmd til að greiða stefnanda »peningaupphæð, er svarar til þess, að félagið (ɔ: h.f. »Völundur«) 19. marz 1909 hafi keypt eignina (ɔ: Laugaveg 17) fyrir 17739 kr. 42 au. eða mismun þann, sem þannig kemur fram að frádregnum veðskuldum auk 6% vaxta frá einhverjum hinna ofangreindu daga við aðalkröfuna«. Auk þess krafðist áfrýjandi málskostnaðar að skaðlausu.

Málið var dæmt í bæjarþinginu 2. ág. þ. á. með þeim úrslitum, að stefndu voru sýknaðir og málskostnaður látinn niður falla.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu útg. 3. ág. f. á., og hefir hann krafist þess að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi feldur og að kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina. Loks krefst hann málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Stefndu, stjórnendur h.f. »Völundar« hafa gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að svara málskostnaði fyrir yfirdómi, og loks að nokkur ummæli áfrýjanda um stefndu í sóknarskjali fyrir yfirdómi verði dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi sektaður fyrir þau.

Eins og áður segir, keypti h.f. »Völundur« eignina Laugaveg 17 á nauðungaruppboði 19. marz 1909

fyrir 13200 kr. Átti kaupandi að greiða þær veðskuldir, er á eigninni hvíldu og fyrir hans skuld gengu, en með því að Landsbankinn tók undir sjálfum sér ofannefnt brunabótafé 4539 kr. 42 aur., varð sú upphæð, er »Völundur« greiddi af nefndum veðskuldum svo miklu minni sem þessari upphæð nemur. Úrslit málsins virðast velta á því, hvort »Völundur« hefði átt rétt á því að ráðstafa brunabótafénu í sínar þarfir, ef Landsbankinn hefði ekki þegar tekið það upp í sínar veðskuldir. H.f. »Völundur« fékk veð í brunabótafé því, er oft hefir nefnt verið og lagt var inn á sparisjóðsbók Landsbankans nr. 14076, og þessi veðsetning er staðfest af Jóhannesi Kr. Jóhannessyni og meðráðamanni hans með sáttinni 8. febr. 1909, sem áður hefir og verið nefnd, og kemur því eigi til álita, þótt Jóhannes hafi eigi verið fjárráður 7. apríl 1908, er hann gaf út veðskuldarbréfið. Áfrýjandi heldur því fram, að h.f. »Völundur« hafi með yfirlýsingunni 9. febr. 1909 slept veðrétti sínum í brunabótafénu, þar sem það, hlutafélagið, hafi afsalað sér öllum kröfum á Jóhannes út af þeim kr. 10883,58 er það átti þá hjá honum, að því leyti sem »húseignin« á Laugavegi 17 hrykki eigi til fyrir henni. Það er þó í sjálfu sér ólíklegt, að stefndu hefðu farið að afsala félaginu veðrétti þeim, er það hafði í brunabótafénu og hafði fengið daginn áður viðurkendan með sátt fyrir gestarétti Reykjavíkur af Jóhannesi sjálfum og meðráðamanni hans. Ennfremur bendir það, að Jóhannes er sjálfur viðstaddur fjárnámið 11. febr. 1909, 2 dögum eftir að nefnd yfirlýsing var gefin út og hefir þá ekkert við það að athuga, að

brunabótafé ð »ɔ: 4500 krónur« er einnig tekið fjárnámi, til þess að skilningur hans hafi þá eigi verið sá á yfirlýsingunni 9. febr. 1909, að brunabótafé þetta skyldi samkvæmt henni vera laust úr veðbandi eða að »Völundur« afsalaði sér rétti til þess, þeim er hann hafði. Virðist í þessari framkomu Jóhannesar felast játning þess, að »Völundi« hafi verið rétt að taka brunabótafé ð fjárnámi. Og yfirlýsinguna sjálfa þarf eigi heldur að skilja svo sem áfrýjandi heldur fram. Í henni þarf eigi að felast annað en það, að »Völundur« afsalar sér kröfu á Jóhannes persónulega fyrir því af skuldinni, sem veðið selst eigi fyrir. Orðið »húseignin« er nefnt sem aðalhluti veðsins. Lóð og önnur mannvirki á henni, sem þó var einnig veðsett 7. apríl 1908, er látið ónefnt, og er þó eigi vafi á því, að »Völundur« hélt veðrétti sínum á þeim fjármunum. »Húseignin« í yfirlýsingunni verður því að skilja svo sem staðið hefði »veðið«. Það, að brunabótafé ð var eigi selt með húseign og lóð, skiftir eigi máli, því að eins og á stóð var það eigi hægt, þar sem Landsbankinn hafði þegar sem handveðshafi tekið það upp í sínar skuldir, er fyrirgengu öðrum veðskuldum, og auk þess skifti »Völund« það engu, þar sem hagnýting bankans á því fé kom »Völundi« til fullra nota.

Þar sem áfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum stefndu leitt sönnur að því, að »Völundur« hafi með yfirlýsingunni 9. febr. 1909 slept rétti sínum til brunabótafjárins, er hann hafði áður tvímælalausan, verður að líta svo á, að h.f. »Völundur« hefði getað fært sér það í nyt, ef Landsbankinn hefði eigi þegar verið

búinn að því. Og þar sem það enn fremur er ósannað, að uppboðsverð húseignarinnar Nr. 17 við Laugaveg, að viðbættu brunabótafénu, hafi numið meiru en veðréttir þeir, er á húseigninni hvíldu og stefndi sumpart átti sjálfur og sumpart varð að svara til samkvæmt uppboðsskilmálunum, svo að þar væri um að tefla neinn afgang, er stefnda gæti borið að standa Jóhannesi skil á, þá verður varakrafa áfrýjanda eigi heldur talin á rökum bygð. En af þessu leiðir aftur að Jóhannes átti enga kröfu á hendur »Völundi« út af þessum viðskiftum þeirra, og gat því eigi framselt áfrýjanda slíka kröfu. Ber því að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, bæði sýknunarákvæði hans og málskostnaðarákvæði. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Hin framannefndu ummæli í sóknarskjali áfrýjanda, er stefndu telja meiðandi, eru þessi:

»Fyrir mínum augum tekur slík aðferð sig út, ekki einasta sem ræningjaháttur, heldur og miklu fremur glæpsamlegt athæfi, er lögum samkvæmt ætti að varða þungri refsingu«. Ber samkvæmt kröfu stefndu að ómerkja ummæli þessi og sekta áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin hæfilega metin 20 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Máls-

kostnað greiði áfrýjandi, Einar M. Jónasson stefnda h.f. »Völundi« með 40 kr, Svo greiði áfrýjandinn og 20 kr. sekt, er að helmingi renni í landssjóð og að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Ídæmdan málskostnað og sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 72/1917. Björn Ólafsson
gegn
Guðmundi Þorsteinssyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Björn Ólafsson skipstjóri í Mýrarhúsum höfðaði það fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda, trésmið Guðmundi Þorsteinssyni í Reykjavík, til þess að fá hann skyldaðan til að flytja burtu hið svo nefnda gamla barnaskólahús á Seltjarnarnesi af lóð áfrýjanda í Mýrarhúsalandi, en máli þessu lauk svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 9. ág. f. á., að stefndi var algerlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir skipstjóri Björn Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 4. sept. f. á., og hefir hann krafist þess að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði að

viðlagðri daglegri eða vikulegri sekt dæmdur til þess að rífa niður og flytja burtu af lóð áfrýjanda hið svo nefnda gamla barnaskólahús í Seltjarnarneshreppi, og til að greiða málskostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins; svo hefir hann og krafist þess að málflutningsmaður stefnda verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt og hin meiðandi og ósönnu ummæli hans verði dæmd dauð og ómerk. Af annari hálfu hefir stefndi Guðmundur Þorsteinsson látið gera þær réttarkröfur, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Árið 1882 lét hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi byggja barnaskólahús fyrir hreppinn, og var það bygt í Mýrarhúsalandi, en jörð þessi hálf er nú eign áfrýjanda og stendur húsið á eignarhálflendu hans. Þáverandi eigandi Mýrarhúsa, faðir áfrýjanda, lagði til lóð undir skólahúsið af landi þessarar eignarjarðar sinnar. Árið 1909 bygði hreppsnefndin nýtt barnaskólahús fyrir hreppinn á öðrum stað og hefir hið gamla barnaskólahús eigi verið notað sem skólahús síðan, en hreppsnefndin seldi það þá Jóni Jónssyni í Melshúsum án lóðarréttinda, og af dánarbúi hans keypti stefndi það á uppboði 26. apríl 1913 og segir í söluskilmálunum, að húsinu fylgi engin lóðarréttindi. Fyrir fardagaárið 1909—10 greiddi hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps áfrýjanda lóðargjald fyrir húsið, eftir að hætt var að nota það sem skólahús, og úr dánarbúi Jóns Jónssonar í Melshúsum fékk áfrýjandi greitt tveggja ára lóðargjald fyrir húsið. Heldur áfrýjandi því fram, að þegar hætt var að nota húsið

sem skólahús, hafi lóðin aftur fallið til eiganda Mýrarhúsa, með því að lóðin hafi upprunalega verið lögð til skólans með því skilyrði; hafi hún að eins verið lánuð eða léð hreppsnefndinni vegna skólans og með því beinu fororði, að hún félli til jarðeigandans aftur er hennar þyrfti eigi með vegna skólahaldsins og nú sé svo komið eftir að skólinn var fluttur árið 1909. I þessu efni vitnar hann til fundargerðar hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps 27. febr. 1882, en þar segir svo meðal annars: Jarðeigandi (ɔ: Mýrarhúsa) lofaði að ljá 1/4 part úr dagsláttu eða 225 ferhyrningsfaðma fyrir byggingarstæði og skólanum til afnota leigulaust um aldur og æfi; ennfremur til fundargerðar hreppsnefndarinnar 1. júlí 1882, þar sem svo segir: Sömuleiðis var oddvita falið að nefna við Ólaf Guðmundsson (ɔ: eiganda Mýrarhúsa) hvort húsið (ɔ: skólahúsið) mætti »seljast með þeim skilmálum, að húsið mætti standa kyrt á lóðinni, og hafði hann á móti því sem íbúðarhús.« Áfrýjandi telur sig því nú hafa fullan rétt til að krefjast þess, að húsið sé flutt burt af lóðinni. Hins vegar heldur stefndi því fram, að nefndur Ólafur Guðmundsson eigandi Mýrarhúsa hafi gefið sveitarfélaginu, Seltjarnarneshreppi, lóðina undir barnaskólahúsið, og að gjöfin hafi engu skilyrði verið bundin, sérstaklega eigi því skilyrði að hún skyldi falla aftur til Mýrarhúsaeiganda, svo framarlega húsið yrði eigi notað til barnaskólahalds. Telur hann að þetta komi eigi í bága við ofantilvitnaðar fundargerðir hreppsnefndarinnar, er eigi geti um neina skildaga í þá átt, að lóðin skyldi aftur falla til jarðeiganda, þótt svo sé til orða tekið, að lóðin

sé »léð . . . . til afnota leigulaust um aldur og æfi«. En aðallega styður hann málstað sinn við vitnisburð nokkurra manna í Seltjarnarneshreppi; voru þeir allir bændur í hreppnum um það leyti, er barnaskólinn var reistur, og eru nákunnugir málum sveitarinnar. Einn þeirra vottar, að Ólafur heitinn Guðmundsson hafi gefið hreppnum lóðina undir skólann án nokkurra skilyrða, en ekki hafi hann þó heyrt Ólaf sjálfan lýsa því yfir, en það hafi verið allra manna mál, þá er skólinn var bygður. Annar vottar að nefndur Ólafur hafi gefið hreppnum lóðina undir skólann, þar sem hann var bygður, og engin skilyrði sett; tjáist vitni þetta, sem hefir staðfest skýrslu sína fyrir rétti með eiði, hafa heyrt Ólaf sjálfan lýsa þessu yfir á nefndarfundi, er rætt var um byggingu skólans. Vitni þetta var hreppstjóri og hreppsnefndarmaður í hreppnum, er skólahúsið var reist. Hinn þriðji vottar að Ólafur heitinn hafi gefið hreppnum lóð undir skólann, þar sem hann svo var bygður, og að hann hafi aldrei heyrt þess getið, að hann hafi sett nokkur skilyrði fyrir þessari gjöf, en eigi kveðst hann hafa heyrt Ólaf sjálfan lýsa þessu yfir, þar á móti hafi hann heyrt sóknarprestinn lýsa því yfir í ræðu, þá er skólinn var vígður, að Ólafur hefði gefið lóðina, og þakkað honum fyrir hreppsins hönd fyrir gjöfina. Hinn fjórði vottar, að því er hann bezt veit, að Ólafur Guðmundsson hafi gefið hreppnum lóðina undir skólann, og segist eigi hafa heyrt þess getið, að hann hafi sett nein skilyrði fyrir þessari gjöf, en eigi kveðst hann hafa heyrt Ólaf sjálfan lýsa gjöfinni yfir.

Allar þessar skýrslur hafa verið staðfestar fyrir rétti, en með þeim þykir það nægilega sannað eftir öllum málavöxtum, að Ólafur Guðmundsson heitinn hafi gefið Seltjarnarneshreppi lóðina undir barnaskólabygginguna, þótt svo sé að orði komist í fundargerðinni 27. febr. 1882, að »jarðeigandi (Ólafur Guðmundsson) lofaði að ljá lóðina«, eins og að framan er frá skýrt. Þessari niðurstöðu getur það eigi raskað, að áfrýjandi hefir fengið eins árs eftirgjald fyrir lóðina greitt hjá hreppsnefndinni og tveggja ára eftirgjald úr dánarbúi Jóns Jónssonar í Melshúsum, því að greiðslur þessar virðast hafa verið gerðar að alveg órannsökuðu máli og af athugaleysi. En nú hefir hreppsnefndin eftir að mál þetta hófst í héraði lýst því yfir með skjali dags. 9. júní 1917, að land það, sem Ólafur heitinn Guðmundsson í Mýrarhúsum — og þá eigandi nefndrar jarðar — lánaði endurgjaldslaust undir hið forna barnaskólahús Seltjarnarneshrepps . . . . tilféll (o: hafi tilfallið) aftur eiganda Mýrarhúsa til óháðra umráða sem hans lögleg eign jafnskjótt sem hætt var að nota barnaskólahúsið sem slíkt . . . . Um skjal þetta skal það tekið fram, að það getur enga þýðingu haft sem sönnunargagn um það, hvernig ráðstöfun Ólafs Guðmundssonar yfir lóðinni til handa skólanum hafi verið varið, en skjalið virðist verða að skoða sem afsal frá hreppsnefndinni til eiganda Mýrarhúsa fyrir lóðarspildunni, sem gamla barnaskólahúsið stendur á, en til að hér geti verið um löglegt afsal að ræða, þarf samþykki sýslunefndar, sbr. lög nr. 43, 10. nóv. 1905, 53. gr. 5. tölul., en það sést eigi af skjölum málsins, að téð

samþykki hafi verið fengið. Hins vegar er ekkert komið fram í málinu í þá átt, að hreppsnefndin hafi falið áfrýjanda umboð til að framfylgja rétti hreppsins yfir lóðinni með málsókn eða á annan hátt.

Það verður samkvæmt framanrituðu að líta svo á, að áfrýjandi hafi eigi sannað eignarrétt sinn yfir margnefndri lóð eða neinn annan rétt, er heimili honum að heimta af stefnda, að hann rífi barnaskólahúsið gamla niður og flytji það burt af lóðinni. Verður því að sýkna stefnda í málinu og staðfesta gestaréttardóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Það þykir ekki vera ástæða til þess að taka til greina sektar- og ómerkingarkröfu málflutningsmanns áfrýjanda. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Björn Ólafsson, greiði stefnda, Guðmundi Þorsteinssyni, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 73/1917.

Ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs
gegn
A. V. Tulinius fyrir hönd
hlutafélagsins Det kgl.
oktrojerede Sö-Assurance
Kompani í Kaupmannahöfn.

Dómur:

Með gufuskipinu »Fenris« voru 11. sept. 1915 sendar af stað frá Hjalteyri við Eyjafjörð 3000 tunnur af saltaðri síld til Bergen og var lögákveðið útflutningsgjald áður greitt af farmi þessum. En á útsiglingunni rendi skipið á grunn á svonefndu Hrólfsskeri í Eyjafirði; náðist þó af grunninum og var fært aftur til Hjalteyrar. 13. s. m.; var tekið að afferma það þar, en hætt við það og skipið með öllum farminum dregið inn á Akureyrarhöfn; þar var farmurinn fluttur í land og gert að skipinu; að því búnu voru aftur látnar í skipið 2000 tunnur af farminum, en eigi meira af því að skipshöfnin neitaði að fara með því fullhlöðnu og hélt skipið svo aftur leiðar sinnar til Bergen 29. s. m. Af þeim 1000 síldartunnum, sem eftir voru af farminum á Akureyri, voru 984 tunnur sendar með gufuskipinu »Vaagen« áfram til Bergen 26. okt. s. á. Um leið og skipin »Fenris« og »Vaagen« voru afgreidd frá Akureyri, krafðist bæjarfógetinn þar, að útflutningsgjald væri aftur greitt af farminum, 2984 tunnum, kr. 1492,00, og ennfremur krafðist hann verðhækkunartolls samkvæmt lögum nr. 16, 16. sept. 1915, kr. 895,20. Var

þessum kröfum mótmælt af sendanda farmsins, en hann greiddi þó gjöldin með fyrirvara um að fá þau endurgreidd úr landssjóði. Áminstur síldarfarmur var vátrygður hjá hlutafélaginu »Det kongelige oktrojerede Sö-Assurance Kompani« í Kaupmannahöfn og er umboðsmaður þess hér á landi A. V. Tulinius yfirréttarmálaflutningsmaður; fór hann fram á það í bréfi til stjórnarráðsins 7. okt. s. á., að gjöld þau, er greidd voru af farminum við afgreiðslu »Fenris« frá Akureyri 29. sept., væru endurgoldin, og með því að stjórnarráðið í bréfi 30. nóv. s. á. neitaði að verða við þeirri kröfu, en það hafði komið í hlut vátryggjanda við niðurjöfnun sjótjónsins að greiða þessi gjöld, höfðaði nefndur umboðsmaður félagsins þetta mál fyrir þess hönd á bæjarþingi Reykjavíkur gegn ráðherrum Íslands, og krafðist þess, að þeir fyrir hönd landssjóðs væru dæmdir til að greiða sér fyrir hönd hlutafélagsins 2387 kr. 20 aur. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi. Gekk dómur í málinu 26. júlí f. á. á þá leið, að tekin var til greina krafa stefnanda um endurgreiðslu útflutningsgjaldsins, 1492 kr., með vöxtum, en ekki verðhækkunartollsins, kr. 895,20. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa báðir málsaðilar skotið til yfirdómsins, landsstjórnin með stefnu dags. 5. sept. f. á., og er af hennar hálfu krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, og A. V. Tulinius fyrir hönd h.f. »Det kgl. oktrojerede Sö-Assurance Kompani« með gagnstefnu útg. 11. s. m., og eru kröfur hans hinar sömu og fyrir bæjarþinginu, að honum verði dæmd-

ar 2387 kr. 20 aur. úr landssjóði með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, svo og málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Um útflutningsgjaldið er þess fyrst að geta, að synjun áfrýjanda um endurgreiðslu þess er í fyrgreindu bréfi stjórnarráðsins 30. nóv. 1915 bygð á því, að það skifti eigi máli, hvað af útfluttum farmi verður, eftir að skipið er afgreitt, og verði því að telja rétt, að útflutningsgjald var innheimt í síðara skiftið, er »Fenris« var afgreiddur; virðist eiga að skilja þetta svo, að telja beri gjaldskylda vöru útflutta í hvert skifti, sem skip það, er vörurnar flytur, er afgreitt frá íslenzkri höfn og hvort sem gjald hefir áður verið greitt af vörunni eða eigi, enda er því haldið fram af hálfu áfrýjanda, að umgetinn síldarfarmur hafi verið aðfluttur, þegar hann var lagður á land á Akureyri eftir strand »Fenris« og útfluttur í annað sinn, þegar hann síðar var látinn til útflutnings í nefnd skip, og að greinimark þess að varan sé útflutt sé afgreiðsla skipsins, er vöruna tekur til útflutnings.

Gjald það, er hér ræðir um, er samkvæmt lögum nr. 16, 4. nóv. 1881 lagt á útflutning þeirra vara, er taldar eru í lögunum, og er þá útflutningur skilyrði fyrir gjaldskyldunni. Af þessu leiðir, að sé sama varan flutt út oftar en einu sinni, ber að taka gjald af henni í hvert skifti en hins vegar er eigi í lögunum heimild til að taka meir en eitt gjald af vöru, sem að eins eitt skifti flyzt út, þó að skipið eða skipin, sem hún flyzt með séu afgreidd oftar frá íslenzkri höfn. Fyrirmælin í 3. gr. laganna um að

gjaldið skuli greitt áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, er það leggur af stað frá, fara eigi í bága við þetta; þar er ákveðinn eindagi gjaldsins, að það skuli greitt fyrirfram, og er það ákvæði eðlilega sett til þess að gera innheimtu gjaldsins viðráðanlega, en raskar engu um það, að útflutningur ræður gjaldskyldu vörunnar, en eigi afgreiðslu skipsins. Þegar gjaldið þannig hefir verið greitt, er það eigi afturkræft þó að eigi verði af útflutningi vörunnar, með því að til þess brestur heimild í lögunum. Að þessu leyti er það rétt að engu skiftir hvað um farminn verður eftir að skipið hefir verið afgreitt, en þetta verður að eins talið eiga heima um vöru, er gjaldið er tekið af í fyrsta sinn. En rísi spurning um það, að krefja gjalds af vörunni í annað sinn eða oftar, verður að rannsaka hvort verið sé að hefja nýjan útflutning vörunnar, og á því, hvort svo hafi verið, veltur úrlausn ágreiningsins í máli þessu um það, hvort útflutningsgjald hafi með réttu verið tekið tvisvar af áminstum síldarfarmi. Það verður nú eigi litið svo á eftir þeim atvikum, sem að framan er lýst, að nýr útflutningur á síldarfarmi þessum hafi verið hafinn, þegar hann var látin í skipin »Fenris« og »Vaagen« 29. sept. og 26. okt. 1915, en alt verður að telja sama útflutninginn frá því farmurinn var sendur af stað frá Hjalteyri og þar til er hann að lokum var afgreiddur frá Akureyri, og skiftir það hér engu að nokkuð af farminum var látið til flutnings í annað skip.

Það álýst eftir þessu eigi hafa verið heimild til að heimta hið umstefnda útflutningsgjald, og verður

þá krafa áfrýjanda um breytingu á bæjarþingsdómnum að þessu leyti eigi tekin til greina, en honum ber að greiða stefnda 1492 kr. með vöxtum eins og segir í dómnum.

Í gagnsökinni er þess krafist að dómnum verði breytt á þá leið, að áfrýjandi verði dæmdur til þess og að endurgreiða stefnda verðhækkunartollinn. Gjald þetta var lagt á með fyrnefndum lögum nr. 16, 16. sept. 1915, er öðluðust gildi sama dag. Í 4. gr. laganna segir svo: »Skal það (gjaldið) greitt áður en skip það, er vöruna tekur til flutnings, er afgreitt frá útflutningshöfn hennar«. Það verður að líta svo á, að útflutningshöfn síldarfarmsins hafi verið Akureyri eftir að hann hafði verið fluttur þar á land, og með því að bæði skipin, er farminn tóku til flutnings, voru afgreidd þaðan eftir að lögin náðu gildi, var það með heimild þeirra að verðhækkunartolls var krafist af farminum. Ákvæði dómsins um þetta málsatriði verður þá eigi heldur raskað, og með því að einnig verður fallist á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 71/1917 Matthías Hallgrímsson
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Brunabótafélags Íslands.

Dómur:

Við ársbyrjun 1917 tók Brunabótafélag Íslands, sem stofnað var með lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, til starfa, og frá þeim tíma tók félagið í brunabótaábyrgð húseign áfrýjanda Matthíasar kaupmanns Hallgrímssonar á Siglufirði, og krafði húseigandann um brunabótaiðgjald fyrir tímabilið frá 1. jan. til 15. okt. 1917, kr. 52,48 að viðbættu gjaldi fyrir virðingu hússins 9 kr. og gjaldi fyrir brunabótaskírteini 50 aura, samtals kr. 61,98, en með því að húseigandinn neitaði að greiða gjöld þessi, krafðist umboðsmaður félagsins á Siglufirði að upphæðin væri tekin lögtaki. Lögtaksbeiðnin var tekin fyrir í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu 28. júní f. á. og eftir að gjörðarþoli hafði komið fram með mótmæli sín gegn lögtakinu, kvað fógetarétturinn daginn eftir 29. s. m. upp þann úrskurð, að hin umbeðna lögtaksgjörð skyldi fara fram, en til þess að komast hjá lögtaki í húsinu greiddi áfrýjandi, að geymdum rétti til áfrýjunar, hina umkröfðu upphæð ásamt áföllnum kostnaði við lögtakið. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. ág. f. á. og krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og hann sýknaður af kröfum brunabótafélagsins, eða til vara að hann verði ekki skyldaður til að greiða hærra iðgjald en kr. 32,97. Enn fremur mótmælir hann að

sér sé skylt að greiða umkrafið virðingargjald 9 kr. og skirteinisgjald 50 aura. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Framkvæmdarstjóri brunabótafélagsins, Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, sem stefnt hefir verið fyrir félagsins hönd, hefir krafist þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Fyrir fógetaréttinum hélt áfrýjandi því fram, að hann væri ekki skyldur til að vátryggja umrætt hús í Brunabótafélagi Íslands eða að minsta kosti ekki skyldur til að vátyggja það fyrir $^5/_6$ hlutum virðingarverðs, og heldur hann fram þessum mótmælum hér fyrir réttinum.

Með áðurnefndum lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, 2. og 3. gr., er skylduvátrygging lögleidd á öllum húseignum, að undanskildum húseignum landsjóðs, í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kauptúnum með 300 íbúum fyrir $^5/_6$ hlutum verðs. Þar sem það nú ekki er vefengt að Siglufjarðarkauptún hefir meir en 300 íbúa, er enginn vafi á því, að áfrýjanda er skylt að vátryggja umrædda húseign sína í Brunabótafélagi Íslands og greiða iðgjöld til félagsins fyrir vátrygginguna samkvæmt reglugjörð fyrir brunabótafélagið 16. jan. 1917. En ágreiningur er milli málsaðila um upphæð iðgjaldsins. Framkvæmdastjóri félagsins telur það 14 pro mille, sem er samkvæmt flokkunarreglum og iðgjaldataxta félagsins lægsta gjald á timburhúsum sem notuð eru til kvikmynda-

sýninga, en áfrýjandi telur það rangt að telja hús þetta kvikmyndahús, það sé samkomuhús og verði að líkindum alls eigi notað til kvikmyndasýninga árið 1917, að minsta kosti verði það ekki notað til kvikmyndasýninga nema stuttan tíma af árinu, og verði ákveðið að nota húsið þannig, þá verði húsið vátrygt sem kvikmyndahús þann tíma. Telur hann sér því ekki skylt að greiða hærra iðgjald fyrir húsið, en ákveðið sé um almenn samkomuhús og telur hann gjald þetta vera kr. 32,97 fyrir umrætt tímabil frá 1. jan. til 15. okt. 1917.

Við þetta er það að athuga, að í virðingargerðinni, er fram fór 1. des. 1916 af virðingarmönnum félagsins, er húsið talið kvikmyndahús, og það sést, að húsið er útbúið til slíkra sýninga. Undir þessa virðingargerð hefir áfrýjandi, sem er talinn eigandi hússins, ritað athugasemdalaust, og verður þá að líta svo á, að brunabótafélagið hafi haft fullan rétt til að reikna brunabótaiðgjaldið eins og það hefir gert, og þótt áfrýjandi við lögtaksgerðina hafi haldið því fram, að engin ákvörðun hafi verið tekin um það, að nota ætti húsið til kvikmyndasýninga, getur það enga breytingu gert á iðgjöldunum fyrir þann tíma, er hér ræðir um, því lækkun iðgjalds, sem ætti að byggjast á nýjum upplýsingum, á samkv. 61. gr. reglugerðar félagsins að teljast frá 15. okt. næst á eftir.

Samkvæmt 20. gr. í nefndum lögum og 35. gr. í reglugerð félagsins má taka gjöld fyrir virðingar á brunabótaskyldum húseignum lögtaki, og þar sem virðingargjaldið er rétt talið, bar einnig að taka það lög-

taki. Hins vegar ekki álitið, að lögtaksréttur fylgi gjaldi því, 50 aurum, er félagið reiknar sér fyrir að gefa út skírteini, og ber því að fella lögtaksúrskurðinn úr gildi að þessu leyti.

Eftir atvikum virðist rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirrétti og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður er úr gildi feldur að því er snertir umkrafið skírteinisgjald 50 aura, en staðfestist að öðru leyti. Áfrýjandi, Matthías Hallgrímsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni, fyrir hönd Brunabótafélags Íslands í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Hinn ídæmda málskostnað ber að greiða áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 51/1917. Þorlákur Einarsson
gegn
Jóni Markússyni.

Dómur:

Með byggingarbréfi dags. 6. ág. 1913 bygði Jón

Markússon bóndi á Syðsta-Samtúni í Eyjafjarðarsýslu nefnda eignarjörð sína Þorláki Einarssyni bónda á Kotá til lífstíðar frá fardögum 1914. Þorlákur fekk þó að eins $^2/_3$ hluta jarðarinnar til ábúðar og hélt hann henni til fardaga 1917. Þá krafðist Jón Markússon í bréfi til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu dags. 2. júní, að Þorlákur væri með fógetagerð borinn út af jörðinni og sér fengin í hendur ábúðin á þeim $^2/_3$ hlutum jarðarinnar, sem Þorlákur hafði. Fór fógetagerðin fram 7. júní, og eftir sókn og vörn af hendi aðila og gegn 500 kr. tryggingu frá gerðabeiðanda, úrskurðaði fógetinn sama dag, að Þorlákur Einarsson skyldi borinn út af jörðinni Syðsta-Samtúni og Jón Markússon settur inn í ábúð $^2/_3$ hluta þeirrar jarðar, er Þorlákur hefði haft.

Þessum úrskurði hefir Þorlákur Einarsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. júlí f. á. og — að geymdri skaðabótakröfu fyrir ólöglegan útburð — krafðist þess, að úrskurðurinn og útburðar- og innsetningargerðin í heild sinni verði feld úr gildi sem röng og ólögleg, og áfrýjandinn með dómi yfirréttarins verði talinn löglegur ábúandi Syðsta-Samtúns; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi og fógetarétti eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Jón Markússon, krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Í byggingarbréfi áfrýjanda var svo ákveðið, að eindagi jarðargjaldanna, landskuldar og leigna, skyldi talinn í fardögum ár hvert. Með því að stefndi leit svo á, að áfrýjandi hefði ekki fullnægt þessu ákvæði, tilkynti hann honum í bréfi dags. 23. maí f. á., að

hann hefði fyrirgert ábúðarrétti sínum sökum þess, að hann hefði eigi greitt jarðargjöldin fyrir fardagaárið 1915—1916 á réttum gjalddaga og yrði að víkja frá jörðinni í næstu fardögum, og þegar áfrýjandi eigi skeytti þessu, taldi stefndi sér heimilt samkvæmt 24 gr. laga nr. 1, 12. jan. 1884 um byggingu, ábúð og úttekt jarða, að krefjast útburðar, þó hann hefði eigi bygt áfrýjanda út samkvæmt 26. gr. laganna. Með því að nefnd lög heimila eigi útburð manns af jörð án útbyggingar fyrir aðrar sakir en vanskil á jarðaafgjöldum, kemur þessi útburðarsök ein hér til álita.

Áfrýjandi heldur því nú eigi fram, að hann hafi greitt stefnda eða boðið að greiða honum jarðargjöldin nefnt fardagaár, en hann hefir leitast við að réttlæta þennan undandrátt með því, að hann hafi látið málfærslumann sinn tilkynna stefnda í bréfi dags. 10. júní 1916, að áfrýjandi hafi komið jarðarafgjaldinu fyrir fardagaárið 1915—1916, 50 kr., fyrir til geymslu hjá útibúi Landsbankans á Akureyri, og að það yrði geymt þar þangað til mál það, er þeir, stefndi og áfrýjandi, ættu í fyrir rétti út af ágreiningi um ábúð og byggingu Syðsta-Samtúns, yrði útkljáð með fullnaðardómi og hafi bréfinu fylgt vottorð frá útibúinu um, að upphæðin hefði verið lögð þar í sparisjóðsbók með því fororði, að bókin yrði eigi afhent né innstæðan greidd nema með samþykki áfrýjanda eða málfærslumanns hans.

Með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að honum beri neinn réttur til að draga greiðslu áminstra jarðargjalda eftir úrslitum fyrgreinds dómstóls, og

með því að sú ráðstöfun hans, að láta gjöldin til geymslu í útibú Landsbankans á Akureyri á þann hátt, sem að ofan segir, alls eigi getur talist greiðsla til stefnda, verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi átt jarðarafgjaldið fyrir fardagaárið 1915—1916 ógreitt meir en misseri eftir eindaga, svo að hann samkvæmt 24. gr. nefndra laga hafi fyrirgert ábúðarrétti sínum á Syðsta-Samtúni, og að stefnda því hafi verið rétt samkvæmt 29. gr. laganna að láta bera áfrýjanda út af jörðinni með fógetagerð. — Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og útburðargerð, og er rétt eftir þeim úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og útburðargjörð á að vera óraskað. — Áfrýjandi, Þorlákur Einarsson, greiði stefnda, Jóni Markússyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr., er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 90/1917. Ásmundur Eiríksson
gegn
Páli Jónssyni.

Dómur:

Fyrsta fyrirtektardag máls þessa í yfirdóminum 10. f. m. lagði áfrýjandi fram yfirdómsstefnu og vottorð sýslumannsins í Árnessýslu dags. 9. f. m. þess innihalds, að dómsgjörðir í málinu væru ekki enn afgreiddar »en mundu verða það í þessum mánuði« (ɔ: desembr.) og bað um frest til 7. næsta mánaðar (ɔ: janúar), en þessum fresti var mótmælt af stefnda, og varð það þá að samkomulagi málsaðila, að áfrýjandi fengi vikufrest. Þegar málið næst kom fyrir í yfirdóminum 17. f. m., bað áfrýjandi um frest til 2. réttardags í þessum mánuði (ɔ: 14. janúar) og gat þess að hann hefði beðið um dómsgjörðir málsins með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 2. nóv. f. á. Af hálfu stefnds mætti þá enginn, og var málið tekið undir úrskurð eða dóm.

Þar sem áfrýjandi hefir eigi lagt fram héraðsréttargjörðir í málinu og enga málsútlistun frekar en í stefnunni felst, verður eigi hjá því komist að frávísa málinu samkvæmt ákvæðinu í tilsk. 3. júní 1796 5. gr. og getur það ekki á neinn hátt stoðað áfrýjanda þótt hann hafi vottorð héraðsdómarans um, að hann hafi eigi getað afgreitt dómsgjörðir undirréttarins nægilega tímanlega úr því stefndi mótmælti lengri fresti en hinum veitta vikufresti.

Málinu verður samkvæmt þessu að frávísa, en málskostnaður fellur niður, með því að stefndi hefir eigi krafist hans.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum; málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 83/1917. Eggert Claessen f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannesssonar og Sigurbjargar Guðnadóttur gegn skiftaráðandanum í Árnessýslu f. h. dánarbús Ólafs Árnasonar svo og erfingjum og nokkrum skuldheimtumönnum búsins.

Dómur:

Áfrýjandinn Eggert Claessen yfirdómsmálaflutningsmaður hefir fyrir hönd Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 8. okt. f. á. 3 úrskurðum uppkveðnum í dánarbúi Ólafs Árnasonar af skiftarétti Árnessýslu 24. febr., 3. marz og 5. marz f. á. og hljóða úrskurðirnir þannig í réttri röð:

1. Kröfur þær, sem lýst hefir verið í búið og taldar eru á réttarskjali nr. 18, skulu teknar til greina með þeim takmörkunum, sem athugasemdir á skuldaskránni fela í sér.

2. Framkomnum kauptilboðum, öðru frá kaupfélaglaginu Ingólfi um kaup á hlutabréfaeign búsins í því kaupfélagi, og hinu frá Þorleifi Guðmundssyni um kaup á eignarhluta búsins í útgerðarfélaginu »Kári« í Þorlákshöfn, skal búið báðum taka.
3. Frú Margrét Árnason á rétt á fyrst um sinn 175 kr. greiðslu mánaðarlega af fjármunum búsins til framfærslu og uppeldis börnum hennar og Ólafs heitins Árnasonar. Aðrar og frekari kröfur hennar um greiðslur úr búinu, hvort heldur er hærri mánaðargreiðsla eða dýrtíðaruppbót verða ekki teknar til greina.

Krefst áfrýjandi þess, að skiftaréttarúrskurðir þessir verði staðfestir, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Að eins einn hinna stefndu, er öllum hefir verið löglega stefnt, frú Margrét Árnason, mætti í yfirdóminum fyrsta fyrirtektardag málsins, og mætti hún fyrir hönd meðráðamanns dóttur sinnar Svanlaugar Árnason og fyrir hönd hennar sjálfrar, lagði fram gagnáfrýjunarstefnu í málinu og bað um skjöl málsins léð og hálfsmánarfrest og fékk hún það. Að þessum fresti liðnum bað hún um framhaldsfrest til næsta réttardags og var henni veittur sá frestur gegn mótmælum áfrýjanda. En er málið var tekið fyrir að liðnum þessum fresti hinn 17. f. m., mætti frú Margrét Árnason ekki og enginn fyrir hennar hönd, og var málið þá tekið til dóms eftir kröfu áfrýjanda, sem kom í réttinn.

Þar sem frú Margrét Árnason eigi hefir framfylgt

gagnáfrýjunarstefnunni í málinu, er hún ónýt, og verður að vísa henni frá dómi, og með því að engin andmæli hafa komið fram gegn kröfum áfrýjanda, verður að taka þær til greina, og staðfesta framangreinda skiftaréttarúrskurði; eftir þessum úrslitum verður og að taka til greina kröfur áfrýjanda um að frú Margrét Árnason verði dæmd til að greiða honum málskostnað, og ákveðst málskostnaðurinn 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjunarstefnunni frávísast. Framangreindir skiftaréttarúrskurðir staðfestast. Stefnda frú Margrét Árnason greiði áfrýjanda yfirdómsmálaflutningsmanni Eggert Claessen 30 kr. í málskostnað áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 14. janúar 1918.

Nr. 67/1917. Ólafur Jóhannesson
gegn
C. Finsen f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Dómur:

Hinn 27. apríl 1915 kl. um $3^1/_2$ árdegis sigldi

fiskikútterinn »Pollux« frá Patreksfirði, eign áfrýjanda, út af Arnarfirði á þiljubátinn »Hermann« frá Bildudal, eign Hannesar B. Stephensen & Co., 9,78 tonn að stærð. Bátur þessi, sem hefir ekki komið fram síðan, var vátrygðnr hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fyrir 1800 kr., sem hún hefir greitt, en auk þess hefir Samábyrgðin fengið framselt til eignar þann hluta af andvirði bátsins, sem var í sjálfsábyrgð, 1069 kr., en með virðingargerð dags. 12. marz 1915 hafði báturinn verið virtur með útbúnaði á 2869 kr. Með því að forstjóri samábyrgðarinnar leit svo á, að »Pollux« bæri alla ábyrgði á tjóninu, höfðaði hann mál á móti eiganda hans, Ólafi Jóhannessyni konsúl á Patreksfirði fyrir sjódómi Reykjavíkur — en þar höfðu málsaðilar komið sér saman um að málið yrði rekið — og krafist þess að hann yrði dæmdur til að greiða Samábyrgðinni andvirði »Hermanns« 2869 kr. auk kostnaður við sjóferðapróf 76 kr. 65 aura og 2 kr. fyrir símskeyti, ásamt 6% ársvöxtum af nefndum upphæðum frá 27. apríl 1915, eða til vara frá stefnudegi, 12. nóv. s. á., til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo fyrir sjóréttinum hinn 7. júní f. á. að frá skaðabótakröfu sækjanda var dregið andvirði toppsegls 40 kr., stórsegls 200 kr. og toppstangar 8 kr. með því að þessi siglingaáhöld fórust ekki með »Hermanni«, en að öðru leyti var áfrýjandi dæmdur til að greiða Samábyrgðinni upphæð jafnháa andvirði skipsins »Pollux« eins og hann yrði metinn af þar til dómkvöddum mönnum, þó þannig að hún fari ekki fram úr 2699 kr. 65 a. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðslu-

dags. Svo var áfrýjandi enn fremur dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Ólafur Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ág. f. á. og krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum Samábyrgðarinnar og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjundi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eftir sjóferðaprófunum virðast málavextir þessir: Um morguninn áður en skipin rákust á, höfðu þau orðið vör hvort við annað. Lá »Pollux« þá upp undir land og sá »Hermann« kippkorn framundan til bakborðs. Ætlaði »Pollux« þá að venda, en skipið neitaði tvívegis. Sigldi þá »Hermann« út fyrir aftan »Pollux«, en rétt á eftir hálsaði »Pollux« og sigldi á sama bóg og »Hermann«, en »Hermann« sigldi frá þeim. Stýrimaðurinn á »Pollux« lét þá draga niður fokkuna og lagði skipinu til. Svo lét hann hækka stórseglið til að taka annað rif í það, og var »Hermann« þá eftir framburði hans framandan »Pollux« aftan til um stjórnborðsvant á að gizka $^1/_4$ mílu. Nokkru eftir að »Hermann« tók bóginn út venti hann aftur og sigldi nú upp að landi á mótsettum bóg við »Pollux«. Vindur var á suðvestan og stóð á bakborðshlið á »Pollux«. Á þilfari á »Hermanni« var stýrimaður og 3 menn aðrir og skipstjóri á frívakt. Þeir sáu »Pollux« strax eftir að þeir sneru við, enda

höfðu bæði skipin uppi hliðarljós. Af prófunum sézt ekki hvað margir menn voru á þilfari á Pollux, en það sézt, að 3 menn að minsta kosti auk stýrimanns hafa verið uppi, og samkvæmt framburði stýrimanns hafði engum þeirra verið skipað að halda vörð fram á. Af prófunum sézt ekki með vissu hvað langur tími leið frá því að »Hermann« sigldi fram hjá »Pollux« og þar til áreksturinn varð, en hann virðist hafa verið fremur stuttur; sumir af hinum yfirheyrðu töldu það 20 til 30 mínútur, aðrir eina klukkustund. Einn hásetanna á »Pollux«, sem var staddur við frammastrið, sá »Hermann« skamt framundan stjórnborðsmegin, og hefir verið gizkað á að fjarlægðin milli skipanna hafi þá verið 200—300 faðmar. Stýrimaðurinn á »Pollux«, er þá fékk vitneskju um að skip væri framundan, reyndi þá að slá undan, lét draga fokkuna upp og »bakkaði« hana, lét gefa eftir á afturseglinu, en við stórseglið varð ekki ráðið, því að það var hálfdregið niður. Skipstjórinn á »Hermanni« lét, er hann sá áreksturinn fyrir, draga í skautið á stórseglinu til að halda skipinu sem bezt að vindi. »Pollux« sló ekki nógu fljótt undan og rakst á »Hermann« fyrir aftan miðju bakborðsmegin og flæktist skautið á »Hermanni« um bugspjótið á »Pollux«. Menn allir á »Hermanni« fóru þegar í stað yfir á »Pollux«. Skipstjórinn á »Hermanni« ætlaði nokkru eftir áreksturinn að fá lánaðan skipsbátinn af »Pollux« og fara yfir á »Hermann«, en treystist ekki til að fara vegna veðurs, aftur vildi stýrimaðurinn á »Pollux« fara yfir á »Hermann«, en skipstjórinn á »Pollux« neitaði honum að fara, með því

að hann þyrfti á honum að halda, en virðist þó hafa talið fært að fara yfir á skipið. Eftir hér um bil 1 til 2 klukkustundir var því næst siglt frá »Hermanni«. Í málinu var engin ábyggileg skýrsla um skemdir á »Hermanni«, enda var hann ekkert rannsakaður og engar sannanir liggja heldur fyrir um það, að hann hafi verið farinn að síga, þegar »Pollux« yfirgaf hann. Hér um bil 2 klukkustundum eftir að »Pollux« yfirgaf »Hermann«, en það virðist hafa verið án mótmæla frá skipstjóranum á »Hermanni«, mætti »Pollux« mótorskipinu »Ísafold« frá Bíldudal og var þá farið að leita að »Hermanni«, en þótt hans væri leitað þann dag og svo daginn eftir, fanst hann ekki, en rekald fanst út af Önundarfirði, sem ætlað var að væri úr honum, þar á meðal vaðböja, er einn af hásetunum á »Hermanni« þóttist þekkja sem sína vaðböju.

Sjódómurinn tekur það fram, að stýrimanninum á »Pollux« — skipstjóri var undir þiljum — verði ekki gefið það að sök, hvernig hann hagaði seglum eða aðrar ráðstafanir, er hann gerði eftir að hann sá »Hermann«, þó sjódómurinn hins vegar líti svo á, að hann hefði getað gert meira en hann gerði til að forðast árekstur inn, t. d. lækkað afturseglið, en þar sem »Pollux« hafi haft vindinn á bakborð og þannig eftir siglingareglum hafi verið skyldur til að víkja, þá verði að telja það vanrækslu að ekki var gefin skipun um, að vörður væri hafður fram á til að gæta að skipum, og þar sem skipshöfnin á »Hermanni« sá altaf ljósin á »Pollux«, þá mætti ganga út frá því, að ef vörður hefði verið á »Pollux«, þá hefði

hann séð »Hermann« svo tímanlega að forðast hefði mátt árekstur inn. Yfirdómurinn verður að fallast á þetta álit sjódómsins, og verður því að telja, að »Pollux« hafi sök á árekstrinum, en hins vegar verður ekki séð, að »Hermann« eigi nokkra sök á honum, eða að hann hafi hagað siglingu sinni öðruvísi en hann hafði rétt til.

Svo sem að framan er sagt er eigi sannað, hvort eða að hverju leyti »Hermann« hafi brotnað við árekstur inn, en engu að síður verður að telja það vafalaust, að árekstur inn eða framkoma skipstjórans á »Pollux« eftir árekstur inn hafi verið sök í því, að »Hermann« fórst, með því að það getur ekki talist forsvaranlegt af skipstjóranum, að yfirgefa »Hermann« svo fljótt sem hann gerði, og þó að skipstjórinn á »Hermanni« hafi beðið hann að flytja sig og háseta sína til lands, þá getur þetta ekki losað skipstjórann á »Pollux« undan ábyrgð á því, að yfirgefa »Hermann« án þess að gera nokkra tilraun til að bjarga honum.

Það skal tekið fram, að þegar tillit er tekið til þess, hvað »Hermann« var lítill bátur, tæp 10 tonn, verður skipstjórinn á honum ekki áfeldur fyrir það, að hann þegar við árekstur inn fór yfir á »Pollux« og gaf hásetum sínum skipun um, að bjarga sér yfir í hann.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða andvirði »Hermanns«, 2869 kr., að frádregnu andvirði áðurgreindra siglingaáhalda, 248 kr. = 2621 kr., að viðbættum kostnaði við sjóferðapróf, 76 kr. 65 aur., og sím-

skeyti, 2 kr., eða alls 2699 kr. 65 aur. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, þó svo, að upphæð þessi fari ekki fram úr verði »Pollux«, eins og hann verður metinn af þar til dómkvöddum mönnum í því ástandi, sem hann var í, er árekturinn átti sér stað, svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi. Þar sem einnig má fallast á ákvæði sjódómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða sjóréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi, Ólafur Jóhannesson, greiði stefnda, Carl Finsen, fyrir hönd Samábyrgðar Íslands 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. janúar 1918.

Nr. 65/1917.

Ellert Skram
gegn
Elíasi Stefánssyni.

Dómur:

Á fundi hér í bænum 9. des. 1913 var stofnað félag, sem nefndist »Fiskihlutafélagið Njörður«, og voru félaginu sett lög á fundinum. Meðal þeirra, er gengust fyrir hlutafjársöfnun handa félaginu, var væntanlegur skipstjóri á botnvörpuskipi því, er félagið ætlaði að eignast, og tók hann við 2000 kr. í þessu skyni hjá Eiríki Jónssyni til heimilis við Kárastíg hér í bænum, samkvæmt kvittun skipstjórans, dags. 6. s. m. Einn af stofnendum félagsins, Ellert Skram skripstjóri, lagði og fram 2000 kr. í hlutafé, en með því ákveðið er í lögum félagsins, að hver hlutur skyldi vera 4000 kr., var á stofnfundinum svo til hagað um framlög þeirra Ellerts Skrams og Eiríks Jónssonar, sem ekki var viðstaddur, að eitt hlutabréf, nr. 13 á hlutaskránni, var gefið út fyrir báðum upphæðunum, stílað á nafn Ellerts Skrams og hann einn talinn eigandi þess á hlutaskránni, enda hefir það síðan verið í hans vörzlum. Fjárhlut sinn í félaginu seldi Eiríkur Jónsson 1. febr. 1916 Elíasi Stefánssyni útgerðarmanni hér í bænum og ritaði afsalið á fyrnefnda kvittun. En Ellert Skram taldi afsal þetta ólöglegt og neitaði að viðurkenna Elías Stefánsson réttan sameiganda með sér að hlutabréfinu. Varð þetta tilefni til þess, að Elías Stefánsson höfðaði þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og voru það kröfur hans þar, að hann með dómi yrði viðurkendur eigandi að hálfu hlutabréfi nr. 13 í »Fiskihlutafélaginu Njörður« á móti Ellert Skram, að Ellert yrði dæmdur, að viðlögðum dagsektum, til

að rita á hlutabréfið, að Elías væri að hálfu sameigandi hans að því, svo og til að greiða honum arð af því fyrir árið 1915, 500 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 18. nóv. til greiðsludags, og enn krafðist hann málskostnaðar eftir mati réttarins. Með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 26. júlí f. á. voru allar þessar kröfur teknar til greina, þannig að dagsektir voru ákveðnar 10 kr. og málskostnaður 40 kr.

Þessum dómi hefir Ellert Skram skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og krafðist þess, að verða algerlega sýknaður í málinu og sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu Elíasar Stefánssonar er krafist staðfestingar á bæjarþingsdómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eftir atvikum þeim, er að framan er lýst, er ágreiningsefnið í máli þessu það, hvort stefndi sé orðinn löglegur eigandi að fjárhlut þeim, er Eirikur Jónsson lagði í »Fiskihlutafélagið Njörður«. Áfrýjandi neitar þessu og ber fyrir sig 5. gr. félagslaganna 9. des. 1913, en þar segir svo í 2. málsgr.:

»Félagsmenn eiga forkaupsrètt að hlutabréfi eða hlutabréfum, er einstakir hluthafar kynnu að vilja selja. Sá sem vill selja tilkynni það stjórninni, sem svo ber málið undir félagsmenn á félagsfundi«. I endurskoðaðri útgáfu laganna, samþyktri 12. febr. 1916, var þessari málsgrein breytt þannig, að félaginu, og að því frágengnu félagsmönnum var áskilinn forkaupsréttur og að aftan við málsgreinina var bætt orðunum »til úrskurðar um það hver eignast skuli

hlutinn«, en þessi breyting virðist eigi skifta neinu í þessu máli eins og það liggur fyrir. Eiríkur Jónsson hefir nú að ætlan áfrýjanda eigi hlýtt þessu lagaákvæði, er hann seldi stefnda hlutarhelming sinn án þess að tilkynna það félagsstjórninni, svo að hún gæti borið málið undir félagsfund og fengið úrskurð hans um, hver eignast skyldi hlutinn. En það telur áfrýjandi vafalaust að Eiríki hafi verið skylt að hlýðnast þessu og öðrum ákvæðum laganna, með því að hann hafi átt fjárhlut í félaginu og því verið félagsmaður, þó að eigi væri neitt hlutabréf stýlað á hans nafn og hann eigi talinn á hlutaskrá félagsins, en eign hans í félaginu hafi eins og önnur fjáreign félagsins orðið að lúta lögum þess. Tekur hann það fram, að tilgangur þessa ákvæðis í 5. gr. laganna sé sá, að tryggja það, að allur arður af hlutafénu renni til frumhluthafanna (stofnenda félagsins), en þeim tilgangi verði eigi náð, ef félagsmenn geti að fornspurðu félaginu, selt hluti sína í pörtum, svo að ef til vill ekki verði eftir annað en hluthafanafnið eitt og sé þetta bert brot á lögum félagsins. Af þessum ástæðum mótmælir áfrýjandi og að hann verði skyldaður til að rita neitt á hlutabréfið um meðeign stefnda í því, og hann tekur það auk þess fram, að stefndi hafi engan rétt til slíkrar áritunar, vegna þess að hlutabréfið hafi með samþykki Eiríks Jónssonar verið stýlað á nafn áfrýjanda og Eiríkur aldrei óskað neinnar breytingar á því, ekki fengið neitt loforð um það og engan rétt haft til þess, en afsal til stefnda hafi ekki getað veitt honum rífari rétt en Eiríkur sjálfur átti. Greiðslu arðs af hlutabréfshelmingnum

til stefnda, hefir áfrýjandi mótmælt af framangreindum ástæðum, og ennfremur tilfært það til stuðnings þeim mótmælum, að Eiríkur hafi ekki afsalað stefnda ársarðinum 1915, því að þess sé alls eigi getið í afsalinu, og verði því að gjöra ráð fyrir, að í kaupinu hafi að eins fylgt arður frá 1. febr. 1916, dagsetningardegi afsalsins.

Stefndi lítur hins vegar svo á, að 5. gr. félagslaganna geti á engan hátt verið til fyrirstöðu afsali Eiríks á eign hans í félaginu til stefnda, af því að hvorki félagið né einstakir félagsmenn eigi eða hafi átt neinn forkaupsrétt að eign Eiríks í félaginu, hvorki samkvæmt heimild í lögum félagsins né annari heimild. Þar sem í nefndri lagagrein sé talað um hluthafa, er kynnu að vilja selja hlutabréf, sé vitanlega átt við þá menn, sem á hlutabréfum og í bókum félagsins eru skráðir eigendur, og því geta komið fram sem hluthafar í félaginu, t. d. greitt atkvæði á fundum, tekið á móti arði af hlutafé o. s. frv., en þetta geti alls eigi átt við Eirík Jónsson eða eign hans í félaginu, hann hafi eigi verið hluthafi, en áfrýjandi hafi einn gagnvart félaginu haft öll þau réttindi, er fylgdu hlutabréfi nr. 13. En um það, að aðrir en hluthafar eignist fjárhlut í félaginu, geti félagið engu ráðið, enda sé því óþarft að skifta sér af slíku, með því að það breyti að engu leyti aðstöðu félagsins til hluthafa, og sala slíkra fjárhluta, sem ekki eru skráðir í bókum félagsins, séu því þess vegna óviðkomandi. Þá hefir stefndi tekið það fram, að Eiríkur hafi eigi verið boðaður á stofnfund hlutafélagsins, og hafi því engan þátt átt í lagasetning þess né

þeirri ráðstöfun, sem þá var gerð um fjárframlag hans til félagsins, eða samþykt hana. En þó að hann alt að einu yrði talinn háður lögum félagsins, þar á meðal forkaupsréttarákvæðinu í 5. gr., þá hafi hann fullnægt þessu ákvæði með því að selja fjárhlut sinn hluthafa, en forkaupsréttur félagsins geti eigi komið til greina, þar sem hann hafi eigi orðið til fyr en með hinum endurskoðuðu lögum 12. febr. 1916 eftir að afsalið fór fram. Til stuðnings kröfu sinni um að áfrýjanda verði gjört að greiða honum hálfan arð hlutabréfsins 1915 hefir stefndi lagt fram yfirlýsingu Eiríks Jónssonar um að þessi arður hafi verið afsalaður stefnda ásamt eign Eiríks í hlutabréfinu. Um kröfu sína um áritun á hlutabréfið tekur stefndi það fram, að hún sé honum nauðsynleg til að tryggja rétt sinn; að öðrum kosti geti hann átt á hættu að glata honum, ef áfrýjandi selji eða veðsetji hlutabréfið manni, er eigi veit um sameignina, eða ef skuldheimtumenn hans gangi að bréfinu, en gegn þessu mundi áritunin tryggja hann.

Fiskihlutafélagið »Njörður« var stofnað af 15 mönnum, sem skrifað hafa undir frumlög þess. Stofnfé var 60000 kr. er skiftist í 15 hluti, 4000 kr. hvern, og var þannig einn hlutur á hvern stofnanda félagsins. Fjárframlag Eiríks Jónssonar var lagt í hlutabréf nr. 13 saman við jafnmikla upphæð frá áfrýjanda, og hlutabréfið stýlað á nafn áfrýjanda, er þannig varð einn af 15 hluthöfum í félaginu en ekki Eiríkur. Þessi ráðstöfun var gjörð á stofnfundinum og ekkert liggur fyrir um það, að fundurinn hafi talið það neinu skifta hvort þær 2000 kr., er Eiríkur lagði

í félagið, væru frá honum eða einhverjum öðrum eða félaginu stæði það á neinu, hver væri eigandi nefndrar upphæðar, enda verður í þessu máli ekkert ákveðið um hagsmuni félagsins. En það verður að rannsaka hvort nokkuð sé í lögum félagsins því til fyrirstöðu, að kröfur stefnda verði teknar til greina. Í því efni athugast að eigi verður séð, að hin tilfærða málsgrein úr 5. gr. laganna eigi við sölu þá, er hér ræðir um. Þar er forkaupsréttur áskilinn hluthöfum, er einstakir hluthafar vilja selja hlutabréf, en hluthafar eru þeir einir, er fengið hafa hlutabréf frá félagsstjórninni og skráðir eru á hlutaskrá félagsins. Um Eirík Jónsson átti hvorugt þetta sér stað; hann var hvorki hluthafi né félagsmaður, en það er eftir lögunum eitt og hið sama. Það verður eigi talið rétt, að hver sá, er eign á í félaginu, sé félagsmaður; til þess þarf ennfremur, að eignin sé lögfest í félaginu með hlutabréfi stýluðu á hans nafn, þ. e. að hann sé hluthafi. Eiríkur Jónsson var eftir þessu eigi háður lögum félagsins, þó að hann ætti fé í því, og það, að hlutaféð lýtur lögum félagsins, verður að skilja svo, að valdi laganna verði að eins beitt gegn þeim, sem eru eigendur hlutafjárins samkvæmt lögunum, en það eru hluthafar einir. Eftir þessu var Eiríki Jónssyni frjálst að selja eign sína í félaginu hverjum sem hann vildi, og verður þá að fallast á kröfu stefnda um, að áfrýjanda sé skylt að viðurkenna hann á sama hátt og Eirík Jónsson helmingssameiganda með honum (áfrýjanda) að áminstu hlutabréfi. Í samræmi við það og með því að telja má sannað, að ársarður 1915 af hlutabréfseigninni hafi

verið afsalaður með henni, verður og að fallast á það, að áfrýjanda sé skylt að greiða stefnda þennan arð, 500 kr., með vöxtum, eins og segir í dómnum.

Eins og áður er vikið að, hefir stefndi samkvæmt lögum félagsins engin réttindi gagnvart því, en rétt þann, er honum ber fyrir fjárframlag hans í félagið og trygging fyrir því, að sá réttur eigi glatist, verður hann að sækja í hendur áfrýjanda, og með því nú að ómótmælt er og fallast verður á, að slík áritun á hlutabréfið, er stefndi krefst, og sem ætla verður að Eiríkur Jónsson einnig hefði haft heimild til að krefjast, mundi tryggja þennan rétt stefnda, en hins vegar eigi skerða réttindi áfrýjanda í félaginu eða raska afstöðu hans við það, verður að taka þessa kröfu stefnda til greina og skylda áfrýjanda til að rita á hlutabréfið viðurkenningu um meðeign stefnda í því að viðlögðum dagsektum, svo sem segir í bæjarþingsdómnum. Og þar sem einnig má fallast á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi, Ellert Skram, greiði stefnda, Elíasi Stefánssyni, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu

8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. jan. 1918.

Nr. 88/1917. Einar Finnbogason
gegn
Sveini M. Jónssyni.

Dómur:

Hinn 12. jan. 1917 keypti áfrýjandi, Einar Finnbogason verkstjóri í Reykjavík, húseignina 8 og 8 a við Mjóstræti hér í bænum. Húseign þessi var þá leigð Ingveldi Gestsdóttur til 1. okt. f. á., en hún hafði aftur leigt stefnda, Sveini M. Jónssyni skipstjóra, íbúð í húsinu, 3 herbergi og eldhús, frá 14. maí til 1. okt. Hinn 1. okt. flutti Ingveldur Gestsdóttir úr húsinu, en með því að stefndi hafði eigi getað útvegað sér húsnæði, en áfrýjandi hins vegar krafðist þess, að stefndi flytti burtu, leitaði stefndi hinn 19. sept. f. á. til húsaleigunefndar Reykjavíkur og krafðist þess, að fá að halda húsnæði sínu svo framarlega sem nefndin áliti það ekki brýna þörf fyrir Einar að nota það alt.

Nefndin skoðaði því næst húsið, og að því búnu kvað hún 2. okt. síðastl. upp þann úrskurð, að með því að henni virtist húseiganda eigi brýn þörf nema á íbúðinni allri á neðsta lofti og herbergi í norðurenda á 2. lofti, beri Sveini M. Jónssyni réttur til afnota þeirra herbergja annara, sem á efsta lofti húss-

ins eru ásamt geymslu. Með því að áfrýjandi þóttist eigi geta komist af með húsnæði það, er honum var ákveðið með úrskurði nefndarinnar og af því að hann taldi úrskurðinn ekki á rökum bygðan, krafðist hann aðstoðar fógetans til þess að fá stefnda borinn út úr húsinu, en með úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 15. okt. f. á. úrskurðaði fógetinn, að hin umbeðna útburðargerð ætti ekki fram að fara.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. okt. f. á. og krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi feldur og fógetinn skyldaður til að bera stefnda út úr húsinu, og að hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst þess hins vegar, að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi rökstyður kröfu sína um, að stefndi verði borinn út úr íbúð hans í húsinu nr. 8 og 8 a við Mjóstræti með því, að hann hafi enga heimild haft til íbúðar þar eftir 1. okt., og að hann (áfrýjandi) þurfi á húsinu öllu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig. og hann heldur því fram, að það liggi alveg fyrir utan verksvið húsaleigunefndar að ákveða, hvað mörg herbergi hann megi taka til notkunar í húsi, sem hann hafi keypt eingöngu í þeim tilgangi, að standa ekki uppi húsnæðislaus fyrir sig og fólk sitt.

Stefndi viðurkennir, að sér hafi ekki verið leigt

húsnæðið lengur en til 1. okt. f. á., en hann telur sér ekki skylt að flytja burt úr húsinu, með því að hann hafi ekki getað fengið annað húsnæði, og húsaleigunefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu, að áfrýjanda sé ekki brýn þörf á öllu húsinu til íbúðar.

Samkvæmt 2. gr. í lögum nr. 24, 12. sept. 1917 um húsaleigu í Reykjavík, sem gengu í gildi sama dag, má ekki segja leigutaka íbúðar upp húsnæði hans nema eiganda sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, og í 2. málsgrein sömu greinar er ákveðið, að uppsagnir á húsnæði, sem hafa farið fram, skuli ógildar nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann þurfi á húsnæðinu að halda fyrir sjálfan sig. Þar sem lög þessi eru sett í þeim tilgangi, að afstýra vandræðum út af húsnæðisleysi í Reykjavík, verður að líta svo á, að þau eða 2. gr. þeirra eigi ekki að eins við, þá er uppsögn húsnæðis fer fram eftir að leigutími er byrjaður, heldur einnig þá er hús upphaflega hefir verið leigt til ákveðins tíma, eins og hér stóð á, og þar sem nú áfrýjanda hefir ekki tekist að sanna fyrir húsaleigunefnd, að hann hafi brýna þörf húsnæðis þess, er stefndi býr í, til íbúðar fyrir sjálfan sig, verður að telja það rétt, að fógetinn neitaði að bera stefnda út úr leiguíbúð hans, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og verður áfrýjandi að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandinn, Einar Finnbogason, greiði stefnda, Sveini M. Jónssyni, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, og greiðist upphæð þessi áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 28. janúar 1918.

Nr. 96/1917. Réttvísin
gegn
Jóni Gunnarssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 24. apríl f. á. var hinn ákærði, Jón Gunnarsson kaupmaður frá Holti í Mjóafirði, dæmdur fyrir brot gegn 263. gr., sbr. 262. gr. og 264. gr. 2. lið, hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta einföldu fangelsi í einn mánuð og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, en dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Árið 1912 stóð ákærði fyrir kaupfélagi í Mjóafirði, en árið eftir, hinn 7. maí 1913, leysti hann borgarabréf og fór að verzla fyrir eigin reikning, en lítið virðist hafa kveðið að verzlun hans það ár, en árið 1914 fekk hann vörur frá ýmsum, þar á meðal frá stórkaupmanni Jakobi Gunnlögssyni í Kaupmanna-

höfn fyrir 9387 kr., og hefir ekki greitt upp í þá skuld nema rúmar 40 kr. Sama ár fekk ákærði hjá sama kaupmanni 8000 kr. til þess að kaupa fisk fyrir, en skilaði hvorki peningunum aftur né nokkrum fiski. Hinn 22. nóv. 1915 framseldi ákærði bú sitt til gjaldþrotaskifta og skýrði hann þá frá, að hann skuldaði 27410 kr. 93 aur., en eignir vísaði hann ekki á aðrar en útistandandi skuldir að upphæð 2720 kr. 68 aur. og nokkra lausafjármuni, er virtir hafa verið á 868 kr. 50 aur. Nokkrum dögum eftir að ákærði framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta eða hinn 30. nóv. 1915 krafðist umboðsmaður Jakobs Gunnlögssonar, að rannsakaður væri hagur búsins og verzlunarrekstur ákærða m. m., og við rannsókn þá, er samkvæmt þessu hefir farið fram, hafa eftirgreind atriði komið í ljós.

I. Með samningi dags. 30. jan. 1914 lofaði stórkaupmaður Jakob Gunnlögsson að lána ákærða til fiskkaupa 8000 kr. gegn sjálfsskuldarábyrgð 5 manna, og lofaði ákærði hins vegar, að nota peninga þessa til fiskkaupa og átti fiskurinn að sendast Jakobi Gunnlögssyni og skyldi hann annast sölu á honum. Hinn 4. apríl tóku 3 menn í Mjóafirði að sér ábyrgð á greiðslu upphæðarinnar, og eftir það fekk ákærði peningana; keypti hann fisk, að því er hann skýrir frá, fyrir mikið af peningunum, en Jakob fekk þó ekkert af fiskinum og ekki heldur endurgreiddi ákærði peningana, heldur notaði þá í sínar þarfir. Þar sem umræddir peningar voru af hendi látnir eingöngu til að kaupa fyrir þá fisk, sem sendast átti Jakob Gunnlögssyni til umboðssölu, verður að líta

svo á, að meðferð ákærða á peningum þessum hafi verið heimildarlaus, og þar sem umgetna kæru umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar verður að skoða sem kröfu um, að ákærði sæti hegningu fyrir meðferð sína á peningum þessum og þeir hafa ekki verið endurgoldnir, verður ákærði að sæta ábyrgð fyrir hana samkvæmt 256. gr. hegningarlaganna.

II. Ákærði átti hús á Asknesi í Mjóafirði, sem brann í september 1914. Það var vátrygt fyrir 12500 kr., en húsgögn ákærða, er einnig brunnu, fyrir 2650 kr.

Hinn 12. maí 1915 veitti ákærði Jakob Gunnlögssyni umboð til að taka á móti vátryggingarfénu hjá hlutaðeigandi vátryggingarfélagi bæði fyrir hið brunna hús og innanstokksmuni, og bera prófin með sér að ákærði hafi lagt svo fyrir, að Jakob Gunnlögsson skyldi greiða konsúl St. Th. Jónssyni á Seyðisfirði af fé þessu 4200 kr., en taka afganginn upp í áðurnefnt 8000 kr. fiskkaupalán. 25. sept. s. á. upphefir ákærði umboð þetta og afsalar nefndum konsúl umræddu kröfu á vátryggingarfélagið, þó með þeim nánari skilyrðum, að upphæðin gangi til að greiða alla þá peninga og víxla, er ákærði skuldaði St. Th. Jónssyni og 1950 kr. til Pettersens nokkurs, en afgangurinn skyldi ganga til ábyrgðarmannanna fyrir oftnefndu fiskkaupaláni Jakobs Gunnlögssonar. Þar sem ákærði eftir öllum hag sínum hlaut að sjá það fyrir hinn 25. sept. 1915, er hann gaf umrætt afsal, að gjaldþrot vofðu yfir, verður að líta svo á, að hann með umræddu afsali hafi viljað gefa sumum af skuldheimtumönnum sínum réttindi fram yfir aðra, og hefir

hann með þessu gerzt brotlegur gegn 263. gr., sbr. 262. gr., hegningarlaganna.

III. Um haustið 1915 átti vélbáturinn »Trausti«, þá eign Gunnars Jónssonar, föður ákærða, og Víglundar Þorgrímssonar mágs ákærða, hjá ákærða eftir bókum hans . . . . . kr. 944,56
Gunnar átti hjá ákærða . . . . . — 1318,17
en Víglundur skuldaði honum (ákærða) — 2484,15

Hinn 31. okt. s. á. færði ákærði úr viðskiftareikningi »Trausta« 940 kr. Víglundi til tekna og sama manni til tekna 1050 kr. úr reikningi Gunnars. Ákærði hefir þannig notað nokkuð af eignum sínum, kröfuna á Víglund, til þess að greiða með meginið af inneign föður síns. Öll inneign Gunnars var 31. okt. 1915 kr. 1318,17 og helmingur ágóðans á útgerð »Trausta« 470 kr. eða als kr. 1788,17 og af þessari upphæð fékk Gunnar með tilfærslunum greiddar 1520 kr. Ákærði hefir kannast við, að greindar tilfærslur hafi verið ívilnun til föður síns, en hann heldur því fram, að þeir Gunnar og Víglundur hafi beðið sig um tilfærslurnar löngu áður en þær fóru fram, og styðst þessi skýrsla við framburð Víglundar. Kveðst ákærði hafa álitið það skyldu sína, að færa þetta þannig til í bókum sínum samkvæmt gefnu loforði.

Eins og undirréttarskjal nr. 45, reikningur frá verzlun St. Th. Jónssonar á Seyðisfirði, ber með sér, hefir nefnd verzlun fengið alla skuld sína hjá ákærða greidda hinn 1. okt. 1915, með því að þann dag hefir útgerð mótorbátsins »Hjalta« greitt inn í reikning ákærða kr. 6337,99. Fyrir þessu hefir ákærði gert þá grein, að hann hafi útvegað útgerðinni allar vör-

ur, og fengið þær hjá verzlun St. Th. Jónssonar nema saltið, og segist hann þá hafa talið sjálfsagt, að nefndri verzlun yrðu greiddir þeir peningar, sem hann fengi hjá útgerð bátsins upp í vörur þær, er útgerðin hafði fengið hjá ákærða, og auk þess heldur hann því fram, að hann hafi engin umráð haft yfir fiski útgerðarinnar, og hann neitar því að hann hafi ætlað að ívilna verzlun St. Th. Jónssonar, þótt hann bæði Hjaltaútgerðina að greiða skuld sína við nefnda verzlun, skuld er stafaði frá úttekt til útgerðarinnar — Þessari skýrslu ákærða er ekki hnekt, og verður því ekki álitið að hér sé um ólöglega ívilnun til eins skuldheimtumanns að ræða, eða að ákærða hafi verið það ljóst, að um slíkt væri að ræða, en hins vegar hefir ákærði með áðurnefndum tilfærslum Gunnari föður sínum í hag, gjörst brotlegur gegn 263. gr., sbr. 262. gr. hegningarlaganna.

IV. Hvað bókfærslu ákærða viðvíkur, er það upplýst við prófin, að hann hefir haft bréfabók, en í hana er að eins eitt bréf innfært og það með blýanti. Ákærði hefir borið að hann hafi fært sjóðsbók nákvæmlega. Um sjóðsbókina er upplýst í prófunum — sjálf bókin fylgir eigi dómsgerðunum — að hún sé rituð með blýanti og sé liðugar 2 opnur; hún byrjar 2. júní 1915 en endar 6. nóv. s. á. og var bókin ósamanlögð. Ákærði heldur því fram, að sjóðsbók sú, er hann notaði til 2. júní 1915 hafi glatast. Höfuðbók hélt ákærði og er hún færð að nokkru leyti, þó ber hún það með sér, og ákærði kannast við, að hann hefir ekki fært viðskiftareikning Jakobs Gunnlögssonar og St. Th. Jónssonar. Hefir hinn síðarnefndi

alls engan viðskiftadálk í höfuðbókinni, en á viðskiftadálk Jakobs Gunnlögssonar eru að eins nokkrar tölur færðar, en þó heyrðu þessir kaupmenn til aðalviðskiftamanna ákærða.

Þá er það upplýst í prófunum, að nokkur blöð eru algerlega rifin úr höfuðbók ákærða en sum til hálfs, og hefir ákærði ekki gert aðra grein fyrir þessu en þá, að blekklessur hafi fallið á blöðin, er hann eitt sinn hálfkendur hafi verið að skoða bókina, og þá hafi hann rifið þessi blöð úr. Í sama skifti reif ákærði, að því er hann segir, úr registri höfuðbókarinnar eitt blað með bókstafnum I, en síðan hefir hann búið til registur á lausu blaði í staðinn fyrir hið útskrifaða blað. Enn fremur hefir ákærði viðurkent að hann hafi enga reikningsfærslu haft yfir vinnulaun og annan kostnað við rekstur verzlunarinnar, og eigi heldur yfir sína eigin úttekt, og kveðst ekki geta neina grein gert fyrir því, hvað mikið hafi gengið til þessara útgjalda, og aldrei hefir ákærði gert yfirlit yfir efnahag sinn. — Framangreind óregla er af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 2. lið 264. gr. hegningarlaganna.

V. Loks kemur til athugunar greinargerð sú, sem ákærði hefir gefið um hag sinn yfirleitt. Eins og fram hefir verið tekið, hefir ákærði kannast við, að hann hafi aldrei gert yfirlit yfir efnahag sinn eða verzlunarinnar. Hann kannast við að skuldir hans muni nema um 27430 kr., en á aðrar eignir hefir hann eigi vísað en útistandandi skuldir að upphæð 2720 kr. 68 a. og lausafjármuni virta á 868 kr. 50 aura fyrir utan áður umgetna kröfu á brunabótafé-

lagið, en um það hvernig hann hafi komist í þessi fjárþrot hefir hann eigi gefið neina ábyggilega skýrslu. Hann heldur því fram, að hann viti ekki til, að hann hafi tapað á fiskkaupum sínum, og hann kveðst hafa ætlað að leggja svo mikið á vörur sínar, að hann græddi eitthvað á þeim að frádregnum kostnaði. — Kærði heldur því að vísu fram, að hann hafi tapað 8000 kr. í peningum við brunann á Asknesi haustið 1914 og 2000 kr. hafi hann mist í sjóinn í nóv. 1915. Að því er hina fyrri upphæð snertir, kannast ákærði við það, að hann hafi ekki getið um þetta peningatap, þá er brunaprófin voru haldin um bruna nefndra húsa, en hann heldur því fram, að orsökin til þess hafi verið sú, að hann hafi álitið að hann mundi missa lánstraust, ef það vitnaðist hve mikla upphæð hann hafi mist í brunanum, en í sjóinn kveðst ákærði hafa mist peningana á ferð með gufuskipinn Gullfoss frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar í nóvember 1915. Kveðst ákærði hafa haft með sér peninga, á þriðja þúsund krónur í gulu umslagi ólokuðu; hafi hann staðið á neðsta þilfari og hafi hann þar tekið upp úr vasa sínum ýms skjöl, þar á meðal umslagið með peningunum, en þá hafi drukkinn maður er ákærði þekti ekki, rekist á hann og hafi hann þá mist umslagið með peningunum í sjóinn. Ekki hefir ákærði skýrt neinum frá þessu fyr en við prófin í málinu. Þrátt fyrir það þó ákærði hafi, eins og áður er sagt, ekki gefið neina ábyggilega skýrslu um það hvernig hann hafi komist í umrædd fjárþrot og þótt framburður hans um peningamissi hans sé með öllu ósennilegur hefir þó ekki fengist nein sönnun um

það, að ákærði hafi skotið eignum sínum undan þrotabússkiftum.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir honum ekki áður verið refsað fyrir neitt afbrot.

Refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir framangreind atbrot virðist samkvæmt 256. gr. sbr. 255 gr., 263 gr. sbr. 262 gr. og 264 gr. 2. lið hegningarlaganna og með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði.

Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómurinn vera óraskaður. Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað verður ákærði að greiða, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda 20 kr. til hvors.

Kæra sú, er gaf tilefni til sakamálsrannsóknar þessarar, er dags. 30. nóv. 1915 og var próf haldið í málinu 6. desbr. s. á. og rannsókninni haldið áfram til 28. apríl 1916; þá varð hlé á rannsókninni til 17. apríl 1917, en þann dag var málið tekið til dóms og dómur kveðinn upp í því 24. s. m., en greinargerð undirdómarans fyrir þessum drætti verður atvikum að telja nægilega.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Gunnarsson sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði.

Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen 20 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. jan. 1918.

Nr. 60/1917. Magnús Gíslason f. h.
I. Lauritzen
gegn
Sigurði Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Magnús Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd I. Lauritzen konsúls í Esbjerg, eiganda gufuskipsins »Ellen«, fyrir sjórétti Seyðisfjarðarkaupstaðar gegn Sigurði Jónssyni framkvæmdarstjóra þar til greiðslu á 105 sterlingspundum í aukabiðgjald fyrir 7 aukabiðdaga, er hann taldi áðurnefnt skip hafa tafist í marz- og aprílmánuði 1914 við affermingu á saltfarmi, er Sigurður Jónsson var viðtakandi að. Auk fyrgreindrar upphæðar krafðist hann 5% ársvaxta af henni frá 7. apríl 1914 til

greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Fyrir sjóréttinum lauk málinu með dómi uppkveðnum 8. febr. f. á. þannig, að Sigurður Jónsson var sýknaður og stefnandi dæmdur til að greiða honum 25 kr. í málskostnað.

Nefndur yfirréttarmálaflutningsmaður hefir nú fyrir hönd I. Lauritzens (í áfrýjunarstefnunni er L. Lauritzen, sem verður að teljast ritvilla) skotið þessum dómi til yfirdómsins og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir sjóréttinum verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda, Sigurðar Jónssonar, er krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Upptök málsins eru þau, að áfrýjandi gerði samning við Louis Zöllner konsúl í Newcastle on Tyne um leigu á gufuskipi áfrýjanda, »Ellen«, til að flytja saltfarm frá Ibiza á Spáni til Seyðisfjarðar og tveggja annara staða á Austurlandi. Farmsamningur var dags. 4. febr. 1914 og var þar ákveðið, að biðdagar skipsins skyldu svo taldir, að einn dagur væri ætlaður til affermingar hverjum 150 smálestum salts og að gjald fyrir hvern aukabiðdag skyldi vera 15 sterlingspund. Ennfremur segir svo í samningnum: »Þennan samning hefir Louis Zöllner gert fyrir hönd annars manns og því hefir það orðið að samkomulagi, að ábyrgð hans á öllum efnum og greinum, hver svo sem hún er, þar með taldar allar deilur um biðdagabætur, skuli falla niður þegar er farminum er skilað út í skipið, og að eigandi hafi engan

aðgang að farmsendara eða umboðsmanni leigutaka að því er snertir nokkrar lagakröfur snertandi samning þennan, heldur verði hann að neita veðréttar síns í farminum til að fullnægja þeim«. Skipið kom til Seyðisfjarðar 20. marz s. á. með saltfarminn, sem mældist 1165 smálestir og var affermt þar að mestu leyti, en að nokkru leyti á 3 öðrum stöðum á Austurlandi. Annaðist stefndi um móttöku farmsins og var affermingunni lokið 7. apríl. Áfrýjandi leit nú svo á, að skipið hefði tafist við affermingu í 7 daga fram yfir hina ákveðnu biðdaga, og að sér bæri aukabiðgjald fyrir þá daga samkvæmt farmsamningnum 7×15 sterlingspund. Leitaði hann fyrst til Louis Zöllner um greiðslu á þessu gjaldi, en hann vísaði þeirri kröfu frá sér samkvæmt fyrgreindu ákvæði samningsins og hefir áfrýjandi því beint henni á hendur stefnda. Til þess telur hann sig hafa heimild bæði samkvæmt farmsamningnum, því að þar sé ákveðið, að skipseigandi eigi aðgang að viðtakanda farmsins einum, meðal annars um greiðslu biðdagabóta, frá þeim tíma, er farmurinn er innbyrtur í skipið, og samkvæmt siglingalögunum 30. nóv. 1914, sérstaklega 159. og 163. gr., enda hafi stefndi verið handhafi að farmskírteininu, og það sé eftir eðli málsins sjálfsagt, að viðtakandi beri ábyrgð á afskiftum sínum við móttöku farmsins.

Það er hins vegar aðalástæða stefnda fyrir sýknarkröfu hans, að hann sé eigi réttur varnaraðili, með því að hann hafi eigi verið eigandi saltfarmsins og eigi tekið á móti honum fyrir sjálfan sig, en það hafi hann gert fyrir Louis Zöllner og í hans umboði, og

stefndi neitar því, að hafa fengið eða haft í höndum farmskírteini fyrir saltfarminum, enda hafi hann eigi kvittað fyrir farminum á slíkt skírteini, en gefið skipstjóra almenna kvittun og ritað nafn sitt undir hana að viðbættu »pr. Louis Zöllner«.

Um þessa varnarástæðu stefnda athugast, að það verður eigi talið sannað gegn neitun hans, að hann hafi tekið við saltfarminum sem sinni eign eða til eigin ráðstöfunar, því að þótt Louis Zöllner hafi gert farmsamninginn fyrir hönd annars manns, leiðir eigi af því, að sá, er hann samdi fyrir, hafi verið stefndi, og þó að stefndi tæki á móti farminum virðist það eigi geta heimilað að dæma hann til af eigin fé að greiða hið umstefnda aukabiðgjald. En krafa áfrýjanda virðist, eftir því sem atvik liggja til, eigi heldur að öðru leyti vera á rökum bygð, með því að leggja verður þann skilning í fyrgreint ákvæði farmsamningsins, að skipstjóri hafi eigi, eftir að farmurinn var kominn í skipið, átt annars kost en að leita fullnægingar af honum um aukabiðgjald, en eigi átt neinn annan rétt gegn farmsendanda né viðtakanda til greiðslu á því gjaldi. Nú afhenti skipstjóri allan farminn fyrirvaralaust og tók kvittun fyrir, án þess, svo séð verði, að gera eða geyma sér eða útgerðarmanni neina kröfu um aukabiðgjald, og verður þá að ætla, að hann hafi eigi talið sig eða hann eiga neina slíka kröfu. Og enn er það, að í farmskírteini skipsins var eigi minst á aukabiðgjald eða vitnað þar um til farmsamnings, en þegar svo er, er krafa á hendur viðtakanda um aukabiðgjald ólögmæt samkvæmt 149. gr. siglingalaganna.

Af framangreindum ástæðum verður að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda eins og sjódómurinn hefir gert, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Magnús Gíslason fyrir hönd I. Lauritzen greiði stefnda Sigurði Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist á 8 vikna fresti frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. febrúar 1918.

Nr. 84/1917. Jónas Jónasson
gegn
Fiskiveiðahlutafél. »Ægir«.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Jónas Jónasson stýrimaður hér í bænum gegn stjórnendum fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir«, þeim Magnúsi Blöndahl framkvæmdarstjóra, Páli Magnússyni járnsmið og Indriða Gottsveinssyni skipstjóra fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og krafðist

þess að þeir yrðu dæmdir til þess fyrir hönd fiskiveiðahlutafélagsins, *að* gefa út, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, sér til handa hlutabréf í nefndu félagi, er hljóði á 5000 kr. með öllum þeim réttindum, sem slíkum hlutabréfum fylgja samkvæmt lögum félagsins, gegn því að hann greiði samtímis eftirstöðvar af andvirði hlutabréfsins 4000 kr., *að* greiða sér (stefnanda) 15% ársarðs af 1000 kr. fyrir árið 1915, alls 150 kr. auk 5% ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi 9. des. 1916 til greiðsludags, og *að* viðurkendur verði réttur sinn til arðs af 5000 kr. hlut í nefndu félagi frá ársbyrjun 1916 eins og sá arður verður ákveðinn samkvæmt lögum félagsins. Loks krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 12. júlí f. á., að hinir stefndu stjórnendur »Ægis« voru fyrir félagsins hönd sýknaðir af kröfum sækjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Jónas Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 11. okt. f. á. og gerir hann hér fyrir réttinum allar hinar sömu kröfur og fyrir bæjarþinginu. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hinir stefndu stjórnendur fiskiveiðahlutafélagsins »Ægis« þeir Magnús Blöndahl, Páll Magnússon og Indriði Gottsveinsson hafa fyrir félagsins hönd krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Í júímánuði 1914 var stofnað fiskihlutafélagið »Ægir« og lofaði áfrýjandi að leggja í félagið einn hlut 5000 kr. og 18. júní s. á. greiddi hann 1000 kr.

upp í hlutabréfsupphæðina. Halda stefndu því fram, að stjórn félagsins hafi um sumarið og haustið 1914 þráfaldlega skorað á áfrýjanda að greiða eftirstöðvar af hlut sínum en árangurslaust. Áfrýjandi neitar því að hann hafi verið krafinn um greiðslu eftirstöðvanna, en viðurkennir þó, að veturinn 1914—1915 hafi högum sínum verið svo háttað, að hann hafi varla búist við að geta greitt eftirstöðvarnar af hlut sínum, og hafi hann því í marzmánuði 1915 framselt einum af félagsmönnum þær 1000 kr., er hann hafði greitt upp í hlut sinn, og hafi kaupandinn ætlað með fé þessu að greiða eftirstöðvar af hlut sínum að nokkru eða öllu, en sökum þess, að stjórn félagsins hafi neitað að taka þetta fé sem gilda greiðslu hafi kaupandinn í desembermánuði 1915 krafist þess að kaupin gengu til baka, og hafi svo verið gert. Málsaðila greinir á um það, af hvaða ástæðum stjórn fiskiveiðahlutafélagsins vildi eigi taka umrætt framsal gilt. Áfrýjandi telur það hafa verið af því, að ekki hafi verið fylgt reglum félagsins um sölu hlutabréfa, en stefndu neita því að framsalið hafi ekki verið tekið gilt af þessari ástæðu, heldur hafi það verið af því, að stjórnin hafi áskilið sér haldsrétt yfir upphæðinni til greiðslu bóta fyrir tjón það, er félagið hefði beðið fyrir vanefndir áfrýjanda, en þessi ágreiningur virðist ekki hér skifta máli.

Áfrýjandi heldur því fram, að þá er kaupin um umgetnar 1000 kr. gengu til baka í desembermánuði 1915 hafi hagur sinn verið farinn að batna svo að honum hafi nú verið unt að leggja fram eftirstöðvar hlutabréfsupphæðarinnar; hafi hann því snúið sér

fyrst munnlega til félagsstjórnarinnar og síðan skriflega til félagsins, og boðið fram greiðslu á eftirstöðvunum af hlut sínum 4000 kr. gegn afhendingu 5000 kr. hlutabréfs í félaginu, en eftir ítrekaðar áskoranir hafi hann fyrst 30. nóv. 1916 fengið afsvar. Þessa neitun telur áfrýjandi ólöglega, með því að hann aldrei hafði verið krafinn um eftirstöðvar hins lofaða hlutafjár, þar til er hann bauð fram greiðsluna í desember 1915, að sumir af hluthöfum félagsins hafi eigi greitt að fullu sína hluti fyr en um líkt leyti eða seinna en áfrýjandi, en upprunalega hafi ekkert verið ákveðið um hvenær hlutaféð eða eftirstöðvar þess skyldu greiddar. Stefndu skýra hins vegar svo frá, að þegar nógu mikið var fengið af hlutafjárloforðum og áður en félagið var endanlega stofnað, hafi verið samið um smíði á botnvörpuskipi á Þýzkalandi fyrir *félagið*. Hafi þá þegar eftir stofnun félagsins í júnímánuði þurft að senda fyrstu greiðslu til skipasmíðastöðvar þeirrar, sem hafði skipið í smíðum, og hafi áfrýjanda jafnt og öðrum hluthöfum verið kunnugt um þetta. Af þessum ástæðum hafi stjórn félagsins á félagsfundi 19. júní 1914 verið falið að innheimta hið lofaða hlutafé. Á fundi félagsins 16. ág. s. á. var samþykt að stjórnin skyldi gera gangskör að því að innheimta hið lofaða hlutafé, og á fundi 15. okt. s. á. var enn samþykt, að ógreitt hlutafé skyldi greitt fyrir 20. s. m. Hinn 22. nóv. skýrði formaður félagsstjórnarinnar frá því á fundi, að enn vantaði 25700 kr. á, að fengið væri og innborgað það hlutafé, sem þyrfti til þess að fullnægt væri kröfu Íslandsbanka um hlutafé félagsins, og væri því

nauðsynlegt annaðhvort að útvega nýja hluthafa nú þegar eða selja hlutina í félaginu, sem þegar væru innborgaðir og eign félagsins í skipinu. Er þetta sannað með útdrætti úr fundabók félagsins, sem fram hefir verið lagður í málinu.

Af þessu er það ljóst, að félagið hefir verið í mikilli fjárþröng í byrjun, og er því skýrsla áfrýjanda um það, að stjórn félagsins hafi ekki krafið hann um greiðslu á umræddum eftirstöðvum af lofuðu hlutafé hans, allsendis ósennileg. Það verður því að gera ráð fyrir að áfrýjandi hafi verið krafinn um greiðslu á eftirstöðvum hins lofaða hlutafjár, en að hann, þrátt fyrir það, hafi ekki greitt þær, enda kemur þetta heim við viðurkenningu hans á því, að ástæðum hans hafi verið þannig háttað veturinn 1914—1915, að hann hafi ekki getað greitt þær, enda bauð hann ekki féð fram fyr en í desember 1915, en þá hafði botnvörpuskip félagsins verið hér að veiðum frá því um vorið, og þá komið í ljós, að hagur hafði orðið á útgerðinni.

Þótt það nú hafi ekki beinlínis verið tekið fram, er hlutaðeigendur lofuðu að leggja fram fé til félagsstofnunarinnar, að hluthafar fyrirgerðu rétti sínum til hluthafaréttinda, ef þeir létu farast fyrir að greiða hlutafé sitt í tæka tíð, verður þó engu að síður eftir tilgangi hlutafélagsins að líta svo á, að þetta hafi verið skoðað sem sjálfsagt skilyrði og að áfrýjandi hafi með umgetnum drætti á greiðslu eftirstöðvanna af hlutafé sínu mist rétt þann, er hann upphaflega hafði til þess að fá útgefið sér til handa hlutabréf í fiskiveiðahlutafélaginu »Ægir«.

Það skiftir heldur ekki máli, þótt einhverjir hluthafar hafi dregið innborganir sínar á líkan hátt og áfrýjandi, því það verður að vera á valdi félagsfundar að ákveða hvort greiðsludráttur skuli varða töpun á hluthafarétti í félaginu eða ekki.

Samkvæmt framansögðu verður því að fallast á það, að hinir stefndu með hinum áfrýjaða dómi hafa verið sýknaðir af kröfum áfrýjanda, og þar sem einnig má fallast á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann að öllu leyti. — Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn Jónas Jónasson greiði hinum stefndu, Magnúsi Blöndahl, Páli Magnússyni og Indriða Gottsveinssyni fyrir hönd fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir« 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. febr. 1918.

Nr. 31/1917. S. Carl Löve
gegn
Halldóri Bjarnasyni f. h.
Jóns Bjarnasonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir sjóréttí Ísafjarðarkaupstaðar Halldór Bjarnason verkstjóri á Ísafirði fyrir hönd Jóns Bjarnasonar, er hann hafði vistað í skiprúm á vélbátnum »Sverri« frá Ísafirði vetrarvertíðina 1916, gegn formanni bátsins, S. Carl Löve skipstjóra, til að fá hann dæmdan til að greiða eftirstöðvar af aflahlut nefnds Jóns Bjarnasonar, 435 kr. 62 aur., með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Með dómi sjóréttarins uppkveðnum 27. nóv. s. á. var þessi krafa tekin til greina, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir S. Carl Löve skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. apríl f. á. og krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum Halldórs Bjarnasonar fyrir hönd Jóns Bjarnasonar og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi, Halldór Bjarnason, hefir fyrir hönd Jóns Bjarnasonar krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Eins og að ofan er getið réðist Jón Bjarnason háseti á vélbátinn »Sverri« á vetrarvertíð 1916 og var vistartíminn ákveðinn frá 17. febrúar til 23. apríl.

Bátur þessi notaði lóð að veiðarfæri og voru hásetar ráðnir á hann gegn 1 hlut af aflanum, en aflinn á bátnum skiftist í 18 staði, svo að hver hlutur varð $^1/_{18}$ aflans.

Í febrúarmánuði fatlaðist Jón Bjarnason frá verki með þeim hætti, að öngull kræktist í hendi hans, er hann var að gera að lóðum og varð af þessu handarmein, svo að skipstjóri varð að leita Jóni lækningar, sem var borguð af bátsútgerðinni. Taldi læknirinn, er hann hafði gert að hendi Jóns, óhætt, að hann færi aftur út með bátnum, og varð það úr, að hann varð kyr í skiprúminu, en alt að viku á eftir var Jón algerlega frá vinnu og aðra viku tæpa var hann lítt fær til verka. Þennan framt að hálfsmánaðartíma, sem hann var fatlaður frá verkum, var afli bátsins að frádregnum öllum kostnaði 7841 kr. 35 aur. virði, og af þeim afla skifti áfrýjandi eigi Jóni hlut, með því að hann leit svo á, að honum bæri eigi hlutur úr aflanum þann tíma, er hann hefði eigi tekið þátt í veiðiskapnum. Jón Bjarnason vildi hins vegar ekki sætta sig við að vera þannig afskiftur, en krafðist $^1/_{18}$ af fyrgreindum afla í sinn hlut eða 435 kr. 62 aur. og félst sjódómurinn á þá kröfu, svo sem þegar er getið.

Áfrýjandi krefst sýknunar í málinu þegar af þeirri ástæðu, að því sé ranglega beint gegn sér einum, því að aflahlutur sá, er málið er risið af, hafi skifst ekki að eins til sín og útgerðarinnar, en einnig til hinna hásetanna að réttri tiltölu, og auk þess sé hann (áfrýjandi) ekki eigandi bátsins. En þessi varnarástæða verður eigi talin gild, með því að áfrýjandi

eftir stöðu sinni sem skipstjóri bar ábyrgð á því, að ráðningarsamningi við Jón Bjarnason væri fullnægt, þar á meðal að hann fengi kaup það, er honum bar, enda er það upplýst, að áfrýjandi var eigandi og útgerðarmaður bátsins að 1/4 hluta, þegar Jón var ráðinn á hann.

Þá skýrir áfrýjandi svo frá, að það hafi verið munnlegt samkomulag hans og stefnda, Halldórs Bjarnasonar, að Jón fengi eigi fullan hásetahlut nema því að eins, að hann reyndist fullgildur maður, en það hafi hann eigi reynst, og hefði hann því, þótt hann hefði eigi fatlast, eigi unnið fyrir hærri aflahlut en hann hafði fengið, en stefndi neitar því eindregið, að neitt samkomulag í greinda átt hafi orðið með þeim áfrýjanda, enda hafi Jón verið fullgildur maður í skiprúmið. Þar sem áfrýjandi hefir eigi gegn þessum mótmælum stefnda sannað, að frásögn hans um þetta atriði sé rétt, getur hún eigi komið til greina.

Aðalvarnarástæða áfrýjanda er sú, að um alla Vestfirði tíðkist aðeins ráðning gegn aflahlut á bátnum, sem þorskfiski stunda, hvort heldur séu vélbátar eða róðrarbátar, og hafi það verið venja um ómunatíð, að engum sé skift hlut nema úr þeim róðrum, er hann hafi sjálfur róið; hafi þessi venja gefist vel, verið aðhald fyrir menn að gera sér ekki upp veiki, og aðrir skipverjar hafi með þessum hætti fengið sanngjarna þóknun fyrir aukið erfiði. Í sambandi við þetta hefir áfrýjandi skýrt frá því, að hann hafi ætlað að láta Jón Bjarnason fara í land þegar hann fatlaðist, en gert það fyrir bænastað hans, að lofa

honum að vera áfram á bátnum, en tekið það um leið fram eftir beinni kröfu hinna skipverjanna, að honum yrði eigi skift hlut meðan hann væri frá vinnu, og hafi Jón eigi haft neitt þar við að athuga.

Stefndi neitar því, að til sé venja á Vestfjörðum slík sem áfrýjandi skýrir frá, og hann mótmælir því sem röngu, að áfrýjandi hafi vikið neitt að því við Jón að hann færi í land þegar hann fatlaðist, eða sett neitt skilyrði í þá átt, að Jón fengi eigi hlut sem aðrir hásetar, meðan hann væri eigi fær eða fullfær til vinnu.

Um nokkur af þessum ágreiningsatriðum hefir áfrýjandi látið fara fram vitnaleiðslu eftir að málinu var stefnt fyrir yfirdóminn. Hafa tveir skipstjórar á Ísafirði borið það sem vitni, að þeir telji sér eigi heimilt að skifta óverkfærum háseta hlut, nema með samþykki hinna hásetanna, en eigi tjáðu vitnin sig að öðru leyti neitt um það, hver venja væri á Vestfjörðum í þessu efni. Tveir af hásetum þeim, er voru á »Sverri« samtímis Jóni Bjarnasyni hafa skýrt frá því sem vitni, að áfrýjandi hafi ætlað að láta Jón fara í land, af því að hann var handlama, eða sagt honum að hann vildi ekki hafa óverkfæran mann á skipi sínu og að áfrýjandi hafi spurt vitnin, hvort þau væru því samþykk, að Jóni væri skift hlut þann tíma, sem hann var óverkfær, og hafi þau kveðið nei við því, en ekki var vitnunum kunnugt um, hvort áfrýjandi hefði borið þetta undir skipshöfnina yfirleitt.

Með þessum vitnisburðum eða öðrum gögnum áfrýjanda, er það eigi sannað, að skapast hafi á Vest-

fjörðum venja, er úrslit þessa máls verði bygð á. Af vitnisburði hásetanna verður það eitt ráðið, að áfrýjandi hafi haft orð á því, að hann vildi eigi hafa Jón Bjarnason á bátnum meðan hann væri óverkfær, en ekkert er, gegn mótmælum stefnda, upplýst um það, að áfrýjandi, þegar hann þó lét Jón vera áfram á bátnum, hafi sett honum neina kosti um hlut hans af aflanum meðan hann væri frá verkum. Í ráðningarsamningum, er áfrýjandi gerði við Jón, er ekkert ákveðið um atvik það, er hér er um að ræða, en í niðurlagi samningsins segir, að um viðskifti skipstjóra og skipshafnar fari að öðru leyti svo sem 5. kap. siglingalaganna 30. nóv. 1914 mælir fyrir, en samkvæmt 95. gr. 3. málsgr. (í 5. kap.) laganna, tekur maður, sem fatlast frá verki eins og Jón Bjarnason og eigi er vikið úr skipsrúmi, fult kaup meðan hann er sjúkur.

Að því athuguðu, sem nú hefir verið tekið fram, virðist áfrýjanda hafa brostið heimild til að draga af Jóni Bjarnasyni aflahlut hans meðan hann var fatlaður frá verkum, sem áður segir, og þar sem sjódómurinn hefir komist að sömu niðurstöðu, ber að staðfesta hann, svo og ákvæði hans um málskostnað.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi S. Carl Löve greiði stefnda Halldóri Bjarnasyni

fyrir hönd Jóns Bjarnasonar 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. marzmán. 1918.

Nr. 3/1918. Réttvísin
gegn
Hávarði Halldórssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 22. nóv. f. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Hávarður Halldórsson, dæmdur fyrir þjófnað á peningum samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð og til að greiða iðgjöld Sveini Jónssyni 45 kr. svo og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með taldar 15 kr. sem málsvarnarlaun til verjanda ákærða í héraði, yfirdómsmálaflutningsmanns Sigurðar Sigurðssonar.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Það er sannað með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, að ákærði hefir gjört sig sekan í stuldum þeim, er

nú skal greina. Laugardaginn 23. júní f. á. fór hann inn í verbúð Sveins nokkurs Jónssonar í Bolungarvík, tók koffortslykla undan kodda í rúmi búðarráðskonunnar, og opnaði með þeim koffort Sveins þar í búðinni. Ákærði hafði verið háseti hjá Sveini á vertíðinni og hafði því umgang um búðina. Sveinn tjáist hafa átt 160 kr. í peningum í áminstu kofforti. Ákærði hefir kannast við, að hann hafi tekið 70 kr. af þessum peningum úr koffortinu og kemur það heim við það, sem Sveinn segist hafa mist. Af þessum 70 kr., sem ákærði þannig stal, hefir hann endurborgað Sveini 25 kr. og gerir Sveinn fyrir því kröfu til endurgjalds á 45 kr. — Haustið 1916 réri ákærði í Ögurnesinu. Einn morgun var hann sendur inn að Ögri, og tók þá eftir því að bátarnir á Óbótatanga voru á sjó, hugði fyrir því að verbúðin þar væri mannlaus, fór inn í búðina og upp á loftið og sá að lykill stóð þar í kofforti; fór hann í koffortið og tók 50 kr. seðil úr veski, er í því var. En skömmu síðar sama dag náði eigandinn í ákærða, bar upp á hann þjófnaðinn, og er hann hótaði ákærða að láta hreppstjóra skerast í málið, meðgekk ákærði stuldinn og skilaði eiganda aftur 50 króna seðlinum. — Þá hefir ákærði kannast við, að hann fyrir »hérumbil 3 árum«, miðað við 30. dag júnímánaðar í fyrra, hafi stolið peningum 3 kr. og 70 aurum frá Guðrúnu Kristjánsdóttur; tók hann peningana úr buddu, er var í pilsvasa Guðrúnar, en pilsið hafði verið hengt út í hjall til viðrunar. Hreppstjóri komst í málið og fékk ákærða til að meðganga stuldinn, en faðir ákærða endurborgaði Guðrúnu peningana. Hreppstjóri ber

það fyrir rétti 16. okt. f. á., að þetta muni hafa verið fyrir »3—4 árum«, en 30. okt. f. á. ber Guðrún Kristjánsdóttir sjálf fyrir rétti, að hana minni helzt að það sé ekki minna en 5 ár síðan að ákærði stal þessum peningum, og hún fullyrðir að hann hafi þá áreiðanlega verið ófermdur. Þar sem nú ákærði er fæddur 6. júní 1899, verður það eigi talið fullsannað, að hann hafi framið þennan stuld, eftir að hann var orðinn 14 ára að aldri, og verður hann þá eigi dæmdur fyrir hann í þessu máli, enda hefir héraðsdómarinn eigi tekið hann til greina.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna; var hann 18 ára er hann framdi fyrst-talda þjófnaðinn, en 17 ára er hann stal peningunum úr búðinni á Óbótatanga; hann hefir eigi áður sætt hegningu eða verið dæmdur fyrir glæp. Framantalin afbrot hans dæmast eftir 230. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin, að nokkru leyti með hliðsjón af 38. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en með tilliti til æsku hins ákærða og þess, að uppeldi hans virðist hafa verið vanhirt, þykir eiga að kveða svo á, að fresta skuli refsingunni og hún falla niður að fullu og öllu, svo framarlega sem ákærði á næstu 5 árum eftir uppsögn dóms þessa eigi sætir ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta og svo framarlega sem hann greiðir iðgjöld þau, sem dæmd eru í málinu, áður en fullnægingarfrestur dómsins er liðinn, sbr. lög nr. 39, 16. nóv. 1907. Ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað skulu vera órösk-

uð, þó svo að málsvarnarlaun í héraði ákveðast 10 kr. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Hávarður Halldórsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en fullnægjugjörð refsingarinnar skal fresta, og fellur refsingin niður að fullu og öllu, svo framarlega ákærði eigi innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sætir ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta, og svo framarlega ákærði greiðir iðgjöld þau, sem dæmd eru í málinu, áður en fullnægingarfrestur dóms þessa er liðinn. Um iðgjöld og málskostnað skal aukaréttardómurinn vera óraskaður, þó svo að varnarlaun skipaðs verjanda fyrir aukaréttinum, yfirdómsmálflutningsmanns Sigurðar Sigurðssonar, skulu vera 10 kr. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfir-

dóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna eftir löghirtingu dóms þessa og skal honum að öðru leyti fullnægt með laga-aðför.

Mánudaginn 11. marz 1918.

Nr. 82/1917. Helgi Zoëga, Helgi Helgason og Hannes Hafliðason fyrir hönd hlutafélagsins »Borg« gegn Reinholdt Andersson.

Dómur:

Með leigusamningi, dags. 24. apríl 1911, leigði Reinholdt Andersson skraddarameistari í Reykjavík af umráðamanni húseignarinnar »Hotel Island« hér í bænum 3 herbergi í vesturhlið nefnds húss frá 1. okt. 1911 til 1. okt. 1916, er hann ætlaði að nota til verzlunar, en með því herbergi þessi höfðu áður verið notuð til íbúðar þurfti þar ýmsra breytinga við, svo hægt væri að nota þau til verzlunar. Átti stefndi að annast allar »innréttingar« sjálfur að undanteknum 2 stórum rúðum í glugga, sem snýr út að Aðalstræti og stækkun á einum glugga inn í portið. Með framhaldssamningi, dags. 8. maí 1912, leigði stefndi ennfremur eitt herbergi inn að portinu í sambandi

við áðurnefnd 3 herbergi. Leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum seldi stefndi síðan kaupmanni Jensen-Bjerg með samþykki húseiganda.

Munir þeir, áhöld og »innréttingar«, sem stefndi lét setja í herbergin, voru þau er nú skal greina:

4 opnir hylluskápar (3 stærri og 1 minni) ætlaðir fyrir álnavöru, flibbakassa, nærföt o. s. frv.

1 opinn hornhylluskápur ætlaður til sömu notkunar.

1 búðarborð.

1 horn-búðarborð (Vinkeldisk).

1 sníðavinnuborð (Tilskærerbord).

2 skraddaravinnuborð.

2 þvottaskálar (vaskur) og tilheyrandi skolpleiðsla út úr húsinu.

Hyllur yfir 4 gluggum.

21 meter járnrör til gluggasýninga og 1 stativ fyrir föt o. fl.

Gasleiðsla öll í herbergjunum til ljósa.

Ofanritaðar innréttingar telur stefndi að hafi kostað 1415 kr. 59 a. Þegar stefndi flutti úr leiguherbergjunum, tók hann muni þessa og innréttingar ekki með sér, með því að hann treysti því, að hann gæti tekið þær þegar hann vildi.

Árið 1914 var Hotel Island selt á nauðungaruppboði samkvæmt kröfu Íslandsbanka og útlagt bankanum sem ófullnægðum veðhafa, og fekk hann uppboðsafsal fyrir eigninni 9 desember 1914, en hinn 29. s. m. seldi bankinn eignina áfrýjanda þess máls hlutafélaginu »Borg«.

Með því nú hvorki h/f. Borg eða núverandi leig-

andi búðarinnar, kaupmaður Jensen-Bjerg, hafa viljað greiða stefnda andvirði framannefndra muna eða afhenda þá, höfðaði stefndi mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stjórnendum h/f. Borg, þeim Helga Zoëga kaupmanni, Helga Helgasyni verzlunarmanni og Hannesi Hafliðasyni, öllum til heimilis hér í bænum, svo og gegn kaupmanni Jensen-Bjerg og krafðist þess, að stjórnendur hlutafélagsins og Jensen-Bjerg yrðu dæmdir til þess in solidum að greiða framannefnda upphæð kr. 1415,59 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags eða til vara að þeir að viðlögðum dagsektum yrðu dæmdir til að skila sér framannefndum munum og að þeir yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Gagnvart Jensen-Bjerg var málið hafið með samkomulagi milli hans og stefnda, en gegn hlutafélaginu lauk málinu svo fyrir bæjarþinginu 9. ág. f. á. að áfrýjendurnir voru fyrir þess hönd dæmdir til að afhenda alla hina framantöldu muni og til að greiða honum 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hafa þeir Helgi Zoëga, Helgi Helgason og Hannes Hafliðason fyrir hönd h/f. Borg skotið til yfirdómsins með stefnu útg. 21. sept. f. á. Hafa þeir undir rekstri málsins í héraði tjáð sig fúsa til þess að afhenda stefnda skraddaravinnuborð, sníðavinnuborð og eitt stativ, en að öðru leyti hafa þeir hér fyrir réttinum krafist þess að verða algerlega sýknaðir af kröfum stefnda og að þeim verði dæmd-

ur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir hinsvegar krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Sýknukröfu sína byggja áfrýjendur í fyrsta lagi á því, að framannefndan leigusamning beri að skilja svo, að húseigandi hafi es ipso orðið eigandi að innréttingum þeim, er stefndi lét gera í herbergjunum. Þetta verður þó eigi ráðið af leigusamningnum, með því að í honum er ekkert sagt um það, að húseigandi skuli eignast umræddar innréttingar, og ekki verður þetta heldur ráðið af lengd leigutímans eða af leiguupphæðinni, svo sem áfrýjendur hafa og haldið fram.

Þá halda áfrýjendur því fram, að þar sem umræddar innréttingar að undanteknum þeim munum, er hafa boðist til að afhenda, séu múr- og naglfastar, hafi þeir orðið eigendur þeirra við afsal eignareignarinnar frá Íslandsbanka, því að bankinn hafi eignast húseignina með öllu múr- og naglföstu, en með afsali bankans hafi hlutafélagið eignast allan rétt hans til eignarinnar. Gagnvart þessu heldur stefndi því fram, innréttingarnar hafi verið öldungis óháðar veði bankans, með því að þær hafi verið gjörðar löngu eftir veðsetninguna til hans, og þó að munirnir hafi verið negldir eða skrúfaðir við gólf eða veggi, hafi þeir alls ekki innlimast húseigninni, heldur hafi mátt taka þá burtu án röskunar á herbergjunum.

Eins og stefndi hefir tekið fram, fylgdu munir þeir og innréttingar, er ræðir um í máli þessu, ekki með upprunalega í veði Íslandsbanka, og þótt það sé framtekið í veðbréfi bankans, að veðrétturinn nái til eignarinnar með síðari endurbótum og viðaukum, getur þetta aðeins náð til þeirra endurbóta og viðauka, sem er eign húseiganda, en eigi til þeirra, er leigjendur eiga; þótt umræddir munir hafi verið skrúfaðir eða negldir við loft, gólf eða veggi, er það engin sönnun þess að þeir hafi innlimast húseigninni, þvert á móti verður ekki annað séð af því, sem fyrir liggur, en að innréttingar þessar séu lauslegar og óvaranlegar og að þær verði teknar burtu án röskunar á herbergjunum frá því sem þau voru, er veðsetningin fór fram.

Að þessu athuguðu verður ekki álitið að umræddir munir hafi orðið eign húseiganda um leið og þeir voru settir í herbergin eða að þeir sem múr- og naglfastir hafi fylgt með í húseigninni eða verið útlagðir Íslandsbanka ásamt með veði hans eða að Íslandsbanki hafi samkvæmt uppboðsskilmálunum eignast þá, en frekari rétt en bankinn hafði gat áfrýjandi ekki öðlast.

Það verður því að fallast á, að áfrýjendurnir voru með hinum áfrýjaða dómi dæmdir til þess að afhenda stefnda umrædda muni í því ástandi sem þeir nú eru, og þar sem einnig má fallast á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. — Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjendurnir Helgi Zoëga, Helgi Helgason og Hannes Hafliðason fyrir hönd h/f. Borg greiði stefnda Reinholdt Andersson 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. aprílmánaðar 1918.

Nr. 94/1917.

Borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur gegn Þórði Sveinssyni fyrir hönd geðveikrahælisins á Kleppi.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 26. apríl f. á. var Knud Zimsen borgarstjóri í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar dæmdur til að greiða Þórði lækni Sveinssyni fyrir hönd geðveikrahælisins á Kleppi meðlag með sjúklingnum Jóhannesi Erlendssyni á geðveikrahælinu kr. 271,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en

málskostnaður var látinn falla niður. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda fyrir bæjarþinginu voru dæmd málflutningslaun úr landsjóði. 35 kr.

Nefndur borgarstjóri hefir fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu dags. 15. nóv. f. á. og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að hann verði fyrir hönd bæjarstjórnarinnar sýknaður af kærum og kröfum geðveikrahælisins og stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndi Þórður Sveinsson hefir fyrir hönd geðveikrahælisins fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málfærslumann, er hefir krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafvarnarmál svo og hæfilegra málfærslulauna sér til handa eftir mati réttarins.

Umgetinn sjúklingur Jóhannes Erlindsson kom til Reykjavíkur austan úr Rangárvallasýslu í öndverðum maímánuði 1912, og var þá sagður heill heilsu, en veiktist skömmu síðar, og lá veikur í heimahúsum og á Landakotsspítala þangað til 22. ág., er honum var komið fyrir á geðveikrahælinu á Kleppi; virðist það hafa verið gert að ráðstöfun mágs hans, Eiríks prests Stefánssonar á Torfastöðum, er greiddi meðlag með honum til ársloka 1912. En með bréfi dags. 18. des. s. á. tilkynti presturinn borgarstjóra Reykjavíkur, að hann sæi sér eigi fært að gefa lengur með sjúklingnum, og beiddi hann að annast um að framfærsluhreppur Jóhannesar, Sveinstaðahreppur í Húnavatnssýslu, greiddi meðgjöfina með honum framvegis. Borgarstjóri lét þó málið af-

skiftalaust. En með bréfi dags. 22. okt. 1914 til borgarstjóra krafðist stefndi greiðslu úr bæjarsjóði Reykjavíkur á fullri meðgjöf með sjúklingnum frá 1. jan. 1913 til 26. júní 1914, kr. 271,00. Í stefnu og sáttakæru er meðgjafartíminn talinn til 7. júní og í málshöfðunarumboði geðveikrahælisstjórnarinnar til stefnda til 24. júní, en þetta ósamræmi verður að liggja milli hluta, með því að eigi er ágreiningur um meðgjafarupphæðina. Í bréfinu getur stefndi þess, að hann hafi eigi getað fengið aðstoð borgarstjóra í þessu máli og því aflað sér sjálfur allra upplýsinga í málinu, átt símtal um það við hreppsnefnd Sveinstaðahrepps og hafi sá árangur orðið af því, að hreppsnefndin hafi í bréfi til stefnda 6. júní 1914 viðurkent Jóhannes sveitlægan þar í hreppi og tekið að sér að gefa með honum frá 27. júní s. á., en lýst því jafnframt yfir, að hún byggist við að bæjarsjóður Reykjavíkur mundi greiða eða verða úrskurðaður til að greiða áður áfallinn kostnað. Spurningin um skyldu bæjarsjóðs í þessu efni hefir verið skotið til stjórnarráðsins og úrskurður þess gengið á þá leið, að málið eigi að sæta úrlausn dómstólanna.

Stefndi hefir bygt kröfu sína á því, að það hafi verið skýlaus skylda borgarstjóra, þegar hann meðtók bréf séra Eiríks Stefánssonar frá 18. des. 1912 að skerast í málið og taka að sér fyrir hönd bæjarsjóðs Reykjavíkur framfæri sjúklingsins, og að geðveikrahælið hafi samkvæmt fátækralöggjöfinni átt beinan aðgang að dvalarsveitinni, Reykjavíkurkaupstað, um meðgjöfina gegn endurgjaldi frá framfærslusveitinni.

Eftir því sem málfærslunni er hagað verður að líta svo á, að borgarstjóri hafi tekið áðurnefnt bréf séra Eiríks Stefánssonar í sambandi við munnlegar málaleitanir forstöðumanns geðveikrahælisins, sem nægilega kröfu um að hann fyrir hönd bæjarins tæki að sér framfæri sjúklingsins frá 1. jan. 1913, enda hefir áfrýjandi ekki bygt sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki í tæka tíð fengið kröfu frá stefnda um ráðstöfun á sjúklingnum eða greiðslu á meðgjöfinni með honum, heldur byggir hann sýknukröfu sína eingöngu á því, að Reykjavík geti ekki talist *dvalarsveit* Jóhannesar, með því að hann hafi komið til bæjarins ekki til að leita sér atvinnu, heldur til að leita sér lækninga, en þótt Jóhannes hefði komið hingað til að leita sér atvinnu og Reykjavíkurbæ af þeirri ástæðu beri að skoða sem dvalarsveit hans, þá verði að líta svo á, að dvöl Jóhannesar hér í bænum hafi mist þann eiginleika um leið og venslamenn hans með sérstökum samningi komu honum til dvalar á Kleppspítala.

Það virðist nú ekki máli skifta hvort umræddur sjúklingur hafi verið heilbrigður eða sjúkur, er hann kom hingað til bæjarins í maí 1912, eða hvort hann hafi komið hingað til að leita sér atvinnu eða lækninga, með því að dvalarsveit þurfamanns í 63. gr. fátækralaganna nr. 44, 10. nóvember 1905, sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1913 verður að teljast hver sú sveit, þar sem þurfamaðurinn dvelur er hann verður fátækrastyrks þurfi. Það verður því að telja það vafalaust að Reykjavíkurbær hefði verið skyldur til þess samkvæmt nefndri grein fátækralaganna að annast framfærslu Jóhannesar Erlindssonar, ef hann þá þeg-

ar hefði leitað fátækrastyrks hjá bænum, en hins vegar verður það ekki séð, að það breyti nokkru í þessu efni, að venslamenn hans kostuðu hann fyrst á Landakotsspítala og síðan á geðveikrahælinu á Kleppi til ársloka 1912, því að þetta getur ekki breytt afstöðu eða skyldum dvalarsveitur til þurfamannsins eða afstöðu framfærslusveitar til dvalarsveitar, og þó að geðveikrahælið taki við sjúkling með styrk venslamanna hans, verður ekki álitið að hælið hafi þar með skuldbundið sig til að leysa dvalarsveit undan lögboðinni framfærsluskyldu sjúklingsins, ef til kemur.

Það verður því að álíta, að geðveikrahælið hafi samkæmt 63. gr. fátækralaganna og lögum nr. 33 1913, átt aðgang Reykjavíkurkaupstað um meðgjöfina með umræddum sjúkling gegn endurgjaldi frá framfærslusveit hans, og verður því að fallast á það, að áfrýjandi fyrir hönd bæjarstjórnarinnar hefir með hinum áfrýjaða dómi verið dæmdur til að greiða hina umkröfðu meðlagsupphæð 271 kr. með vöxtum eins og segir í dómnum, og þar sem einnig má fallast á ákvæði dómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hinum skipaða málflutningsmanni stefnda fyrir yfirdóminum málflutningslaun hans, og ákveðast þau 25 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að vörn í málinu af hendi talsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur greiði málflutningsmanni stefnda, Þórðar læknis Sveinssonar fyrir hönd geðveikrahælisins á Kleppi, Eiríki yfirréttarmálaflutningsmanni Einarssyni, málflutningslaun fyrir yfirdómi 25 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. apríl 1918.

Nr. 99/1917. Valdemar Thorarensen
gegn
Birni Líndal.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjanda Valdemar Thorarensen málaflutningsmanni á Akureyri fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar gegn stefnda Birni Líndal yfirréttarmálaflutningsmanni sama staðar, og lauk því máli svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 19. júlí 1915 að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda.

Þessum dómi hefir Valdemar Thorarensen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. desbr. f. á. Við fyrirtekt málsins 11. f. m. mætti enginn af hendi stefnda og hefir áfrýjunarstefnan þó verið löglega birt.

Af dómsgerðum undirréttarins, er fram hafa verið lagðar í málinu, sést ekki að áfrýjandi hafi við dómtöku málsins greitt gjald fyrir birtingu dómsins, svo sem fyrir er mælt í 16. gr. tilsk. 15. ág. 1832, og verður þá að gera ráð fyrir að áfrýjandi hafi fallið frá þeirri birtingu, og telst þá áfrýjunarfresturinn samkvæmt nefndri lagagrein frá dómsuppsögn.

Þar sem nú áfrýjunarstefnan hefir verið gefin út nærfelt 2 árum og 5 mánuðum eftir uppsögn aukaréttardómsins, er það eftir ofansögðu ljóst, að áfrýjunarfrestur til yfirdómsins í máli þessu hefir verið liðinn fyrir löngu, er áfrýjunarstefnan var útgefin, og þar sem áfrýjandi hefir ekki lagt fram uppreisnarleyfi, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.

Um málskostnað er eigi að ræða, þar eð stefndi mætti eigi í yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. apríl 1918.

Nr. 9/1918. Þórður Jónsson
gegn
Sigurði S. Skagfjörð.

Dómur:

Með leigusamningi dags. 1. febr. f. á. leigði áfrýjandi Þórður Jónsson úrsmiður hér í bænum stefnda, Sigurði S. Skagfjörð trésmið íbúð, 3 herbergi og eldhús, á efsta lofti í húsinu nr. 9 við Aðalstræti frá 14. maí 1917 til jafnlengdar 1918 gegn 36 kr. leigu fyrir hvern mánuð. Með því að áfrýjandi leit svo á, að stefndi hefði brotið leigusamning sinn í ýmsum greinum, birti hann honum með stefnuvottum hinn 10. desbr. f. á, að hann mundi leita aðstoðar fógeta til að bera hann út úr húsinu, ef stefndi ekki fyrir 15. s. m. hefði greitt honum húsaleiguna fyrir desembermánuð, bætt sér tjón það, er hann hefði bakað honum með illri umgengni um íbúð sína og vísað burtu manni þeim, er stefndi hefði leigt herbergi hjá sér. Þareð stefndi sat kyr í íbúð sinni, leitaði áfrýjandi til húsaleigunefndar Reykjavíkur og krafðist þess að hún úrskurðaði að stefnda væri óheimil vist í húsinu vegna vanefnda hans á leigusamningnum, en eftir að nefndin hafði kynt sér málið, úrskurðaði hún að krafa áfrýjanda um burtvísun stefnda úr húsinu yrði ekki tekin til greina. Afrýjandi snéri sér þá til bæjarfógetans í Reykjavík og krafðist þess, að fógetinn léti bera stefnda þegar í stað út úr íbúðinni, en með úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Reykja-

víkur 24. jan. þ. á. úrskurðaði fógetinn að hin umbeðna útburðargjörð ætti ekki fram að fara.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 16. febr. þ. á. og krafðist þess að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og fógetinn skyldaður til þess að framkvæma útburðinn, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hins vegar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Útburðarkröfu sína byggir áfrýjandi hér fyrir réttinum á því, að stefndi hafi eigi greitt húsaleigu á réttum tíma samkvæmt ákvæðum leigusamningsins og að hann hafi gert sig sekan um ólöglega framleigu.

Um hina fyrri útburðarástæðu, vanskilin á greiðslu húsaleigunnar hefir stefndi gefið þá skýringu, að hann hafi búið 3 ár í húsnæðinu, fyrsta árið án skriflegs samnings og greiddi hann þá húsaleiguna eftir á; síðan var gerður skriflegur samningur og skyldi leigan greidd eftir á, í síðasta lagi 6. dag hvers mánaðar, og enn var gerður nýr samningur 1. febr. f. á. fyrir tímabilið frá 14. maí 1917 til 14. maí 1918 og skyldi leigan þá greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar, en engu að síður kveðst stefndi hafa haldið eldri venju og greitt leiguna 6. dag hvers mánaðar, en áfrýjandi hafi þó vandað um það við sig. Leigan fyrir desembermánuð 1917 var ógreidd hinn 10. des. en þann dag setti áfrýjandi stefnda frest með greiðsluna til 15. s. m. Stefndi bauð þá fram leiguna dag-

inn eftir hinn 11. desember, en þar sem áfrýjandi neitaði að taka á móti henni, lagði stefndi hana inn í viðskiftabók við Landsbankann. Þar sem nú stefndi fullnægði kröfu áfrýjanda um leigugreiðsluna samkvæmt tilkynningunni, verða vanskil hans á leigunni ekki talin varða því, að hann hafi fyrirgert leiguréttí sínum.

Stefndi hefir viðurkent, að hann hafi hinn 15. okt. f. á. leigt einhleypum manni 1 herbergi af íbúð sinni, en síðan hefir maður þessi tekið kvenmann til sín ásamt einu barni þeirra með leyfi stefnda en án heimildar áfrýjanda. Telur áfrýjandi, að stefndi hafi með þessu fyrirgert leigurétti sínum, enda krafðist hann í tilkynningunni 10. desbr. 1917, að stefndi vísaði manni þessum burt úr húsinu fyrir 15. s. m., en þar sem áfrýjandi fyrir fógetaréttinum tók það fram, að hann óskaði þess ekki, að maður þessi yrði borinn út úr húsinu, virðist áfrýjandi þar með hafa fallið frá þessari útburðarástæðu, og samþykt framleiguna, og getur hún þá ekki varðað missi leiguréttarins.

Það verður því að fallast á það, að fógetinn neitaði með hinum áfrýjaða úrskurði að taka til greina kröfu áfrýjanda um að bera stefnda út úr húsinu og ber því að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Áfrýjandinn Þórður Jónsson greiði stefnda Sigurði S. Skagfjörð í málskostað fyrir yfirdómi 40 kr. er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. aprílmán. 1918.

Nr. 87/1917. Andr. Figved
gegn
Gunnari Ingimundarsyni.

Dómur:

Með gestaréttardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 17. febr. f. á. var Andr. Figved kaupmaður á Eskifirði dæmdur til að greiða Gunnari Ingimundarsyni bátsformanni á Stokkseyri 203 kr. 78 a. í skaðabætur fyrir samningsrof og 15 kr. í málskostnað.

Andr. Figved hefir, að fengnu uppreistarleyfi, skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. okt. f. á. og krafist að verða sýknaður í málinu og fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. En kröfur stefnda Gunnars Ingimundarsonar eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Að því er stefndi hefir skýrt frá, eru tildrög málsins þau, að áfrýjandi keypti af honum haustið 1916 7927 pund af Labradorfiski fyrir hæsta gangverð á Eskifirði; lét áfrýjandi sækja fiskinn á báti út á Vattarnes, og gaf verzlunarþjónn hans, Eiríkur Bjarnason, er fiskinn sótti, stefnda viðurkenningu fyrir móttöku hans og þyngd. En þegar fiskurinn kom til Eskifjarðar og hafði verið látinn þar á bryggju áfrýjanda, neitaði áfrýjandi að kaupa hann. Í flutningnum var að sögn stefnda farið illa með fiskinn og nokkuð af honum féll í sjóinn við uppskipun á Eskifirði. Fyrir þessar sakir kveðst stefndi hafa orðið að selja öðrum fiskinn með afföllum, þannig að hann fékk fyrir hann aðeins 1524 kr. 42 aur. í staðinn fyrir 1728 kr. 20 au., sem hann hefði átt að fá eftir hæsta gangverði á Eskifirði. Mismunurinn á þessum upphæðum 203 kr. 78 a. lögsækir stefndi í þessu máli áfrýjanda til að greiða sér og var sú krafa tekin til greina með hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi hefir eigi haldið því fram, að áfrýjandi hafi samið við hann um kaup á umgetnum fiski áður en hann var fluttur frá Vattarnesi, en hann lítur svo á, að það eitt sé nægileg sönnun þess, að áfrýjandi hafi keypt fiskinn, að hann lét sækja hann og vega og gefa viðurkenningu fyrir móttöku hans, því þetta sé viðskiftavenja áfrýjanda þegar hann kaupi fisk »út um fjörð«, en hitt sé eigi venja hans, að láta sækja eða vega fisk, er hann hafi eigi keypt.

Áfrýjandi neitar því, að hann hafi keypt þennan Labradorfisk; hafi slíkt alls eigi komið til tals milli þeirra stefnda, en hinsvegar hafi annar af tveimur

útgerðarmönnum bátsins, er fiskurinn var veiddur á, og stefndi var formaður fyrir, boðið sér að kaupa fiskinn og beðið sig að láta sækja hann; á því kveðst hann þó eigi hafa gert kost, nema því aðeins að fiskurinn, sem honum var kunnugt um að verið hafi blautur og illa verkaður, væri betur þurkaður; fyrir ítrekuð tilmæli útgerðarmannsins hafi það svo orðið úr, að áfrýjandi lét sækja fiskinn gegn ákveðinni borgun fyrir flutninginn, ef eigi yrði úr kaupunum. Fiskurinn hafi svo verið fluttur til Eskifjarðar og lagður upp á bryggju áfrýjanda; hafi hann litið á fiskinn og fullvissað sig um, að hann væri eigi kaupandi fyrir alment gangverð; skömmu síðar hafi fiskurinn verið tekinn af bryggjunni og seldur öðrum með 10% afslætti frá almennu gangverði, án þess áfrýjandi væri látinn vita um það, eða honum gefinn kostur á að kaupa hann fyrir hæfilegt verð. Kröfu sína um sýknun byggir áfrýjandi þannig á því, að stefndi sé eigi réttur sóknaraðili í málinu, því að hann hafi eigi samið við áfrýjanda um kaup á fiskinum, enda eigi verið eigandi hans eða umráðamaður, og að áfrýjandi hafi eigi lofað að kaupa hann öðruvísi en með framangreindu skilyrði og sé þetta viðurkent af eiganda fisksins, öðrum útgerðarmanni bátsins, þar sem hann hafi sér óafvitandi selt fiskinn öðrum, en það hefði hann eigi getað talið sér heimilt, ef hann hefði litið svo á, að áfrýjandi hefði keypt fiskinn og væri eigandi hans.

Þessari skýrslu áfrýjanda um málavexti virðist eigi vera hnekt. Það að hann lét selja fiskinn, vega hann og gefa viðtökuvottorð um hann, getur eigi

gegn mótmælum hans, talist nægileg sönnun þess, að hann hafi keypt fiskinn af stefnda, og skal í því efni athugað, að þar sem áfrýjandi, að sögn hans sem ekki er sérstaklega véfengd, hafði gert öðrum útgerðarmanninum, sem ómótmælt var umráðamaður fisksins, kost á að kaupa hann með fyrirvara, þá var það ekki ástæðulaust eða óþarft, að fiskurinn var veginn, ef til kæmi að áfrýjandi keypti hann, og að viðurkenningu fyrir móttöku fisksins var einnig ástæða til að gefa út, þó að um flutning aðeins væri að ræða. Að öðru leyti styrkir það skýrslu áfrýjanda, að útgerðarmaðurinn, sem fyr getur, seldi fiskinn öðrum án þess, svo séð verði, að halda því að áfrýjanda að hann væri samningi bundinn um kaup á honum og að sami útgerðarmaður hefir samkvæmt vitnisburði fyrnefnds búðarmanns áfrýjanda, Eiríks Bjarnasonar, sem verður að teljast gilt vitni, komið inn á skrifstofu áfrýjanda og spurt um hvað hann ætti að borga fyrir flutning á fiskinum.

Það er eftir þessu, hvernig sem að öðru leyti verður á málið litið, ósannað, að áfrýjandi hafi gert kaup við stefnda um framangreindan Labradorfisk, og getur stefndi þá eigi átt skaðabótakröfu á hendur honum út af slíkum kaupum. Það ber því af þessari ástæðu að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda í málinu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Andr. Figved, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Gunnars Ingimundarsonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 29. apríl 1918.

Nr. 12/1918. Valdstjórnin
gegn
Jafet Sigurðssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 24. desember f. á. var hinn kærði skipstjóri Jafet Sigurðsson dæmdur fyrir brot á 1. gr. laga 30. júlí 1909 um aflutningsbann á áfengi, sbr. 14. gr. laganna, til að greiða sekt til landsjóðs, 1000 kr. og allan kostnað sakarinnar; ólöglega aðflutt áfengi var dæmt upptækt og eign landssjóðs. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins, bæði eftir ósk hins kærða og af hálfu valdstjórnarinnar.

Sakarefni er svo vaxið, að kærði, er var skipstjóri á mótorbátnum »Úlfur« flutti með téðum bát í júlímánuði í fyrra frá Kaupmannahöfn áfengisvörur hingað til lands; flutti hann áfengið fyrir nafngreind-

an mann, er einnig var með bátnum. Þegar hann kom upp undir Engey utanvert við Reykjavíkurhöfn 19. júlí f. á., hleypti hann áfenginu er var í poka-umbúðum og kassa, þar niður í sjóinn, og virðist hafa fest dufl eða smáspítur við. Segir kærði að þetta hafi verið á 8—10 faðma dýpi, svo sem 200—300 faðma frá landi. Nóttina á eftir milli 19. og 20. júlí, fanst áfengið þarna, stjórað niður, segir í prófunum og var það tekið upp að ráðstöfun lögreglustjóra; lögregluþjónninn, er var við að taka upp áfengið, hefir skýrt svo frá að dýpið hafi líklega verið 2—4 faðmar, og fjarlægðin frá landi tæplega 200 faðmar, þar er áfengið fanst. Áfengið reyndist vera 1907 flöskur af ýmsum vínföngum í 82 pokum og einum kassa.

Vörn kærða í málinu er sú, að hér hafi eigi verið um einn innflutning áfengis að ræða, hann hafi ekkert áfengi flutt í land hér og eigi gert tilraun til þess, því hann hafi látið varpa áfenginu í sjóinn fyrir utan eyjar. En þegar það er athugað, að kærði tók vínföngin til flutnings vitandi að tilætlun eigandans var að koma þeim hér í land, að hann hleypti þeim niður í sjóinn mjög skamt frá landi, þar sem vatn var grunt, að hann festi þau þar með stjóra og tengdi dufl eða smáspítur við, og hann skyldi þannig við vörur þessar, að hægðarleikur var fyrir eiganda eða umráðamenn þeirra, er var með bátnum og sá hvernig farið var með vörurnar, að nálgast þær síðar, — verður vörn hans eigi talin fullnægjandi, en það verður að líta svo á, að hann hafi »flutt áfengan drykk til Íslands« í þeim skilningi, er leggja

verður í þessi orð í 1. grein aðflutningsbannslaganna, og með því brotið gegn nefndri lagagrein. Þar sem kærði einnig í héraði var sakaður um brot á 5. gr. laganna, þá er ekkert framkomið í málinu, er styðji þá kæru, og var hann því réttilega sýknaður af henni fyrir lögregluréttinum. Eftir 14. gr. laganna virðist mega ákveða sektina fyrir brot hins kærða 500 kr. og renni hún í landsjóð. Ákvæði lögregluréttardómsins um vínföngin, að þau skuli gerð upptæk og um málskostnað staðfestast. Kærði verður eftir þessum úrslitum og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn er ákveðst 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Jafet Sigurðsson greiði 500 kr. sekt, er renni í landsjóð. Að öðru leyti skal lögregluréttardómurinn vera óraskaður. Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna eftir lög-

birtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. apríl 1918.

Nr. 76/1917. Sigríður Þorláksdóttir
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Sigríður Þorláksdóttir fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 15. sept. 1916, gegn bæjarstjórn Reykjavíkur til greiðslu á andvirði fyrir 2,65 dagsláttur af landi erfðafestueignarinnar Rauðarár við Reykjavík, og var því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsins 19. júlí 1917, á þá leið, að bæjarstjórnin skyldi sýkn af kærum og kröfum stefnandans, Sigríðar Þorláksdóttur, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdóms með stefnu dags. 8. sept. 1917, og krafðist þess að dómnum verði breytt *aðallega* þannig, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði dæmd til að greiða henni andvirði nefndra 2,65 dagsláttna á 2400 kr. eða 6360 kr., að frádregnum 20% eða 1272 kr., þ. e. kr. 5088.00, eða *til vara* þannig, að bæjarstjórnin verði dæmd til að greiða henni andvirði 1.38 dagsláttu á 2400 kr. að frádregnum 20% þ.e. 2649 kr. 60 a., að viðbættum 6% vöxt-

um frá sáttakærudegi 27. apríl 1915 til greiðsludags, hvor krafan sem tekin verði til greina, og málskostnað eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að sumarið 1914 barst áfrýjanda, sem erfðafestueigandi eignarinnar Rauðarár, en hún er erfðafestuland úr landi Reykjavíkurkaupstaðar, tilboð um kaup á 10 dagsláttna spildu úr einum hluta Rauðarár, þeim sem er austur af aðaltúninu, fyrir 2400 kr. hverja dagsláttu. Skrifaði því áfrýjandi bæjarstjórn Reykjavíkur og fór fram á að mega selja spildu þessa til afnota undir stakkstæði og bauð bæjarstjórninni f. h. kaupstaðarins forkaupsrétt að spildunni. Við mælingu þá á þessum hluta Rauðarár, sem fram fór í tilefni af bréfi áfrýjanda, kom í ljós að hann er 2,65 dagsl. stærri en upphaflega var til ætlast og afgjaldið hefir verið miðað við. Hélt þá bæjarstjórnin því fram, að Reykjavíkurbær væri réttur eigandi þessara 2,65 dagsláttna, og væru þær sá hluti landsins, sem næstur er sjónum, og áskildi sér því þann hluta kaupverðsins, sem fyrir þær kæmi. Afrýjandi hélt því hins vegar fram, að þessar 2,65 dagsl. væru sín erfðafestueign sem annað Rauðarárland, þar sem hún hefði að minsta kosti unnið hefð á þeim. En ef svo yrði ekki talið, þá hélt hún því fram til vara, að þessar 2,65 dagsláttur væru ekki allar meðfram sjónum, heldur austast í viðbótarlandinu, skák eftir því endilöngu frá norðri til suðurs, þannig að af þeim væru einungis 1,27 dagsl. innan takmarka þess lands, sem talað væri um að selja. Þar sem aðilar gátu ekki orðið á eitt sáttir um þetta, varð það að samkomulagi, að áfrýjandinn

greiddi bæjarstjórninni andvirði hinnar umþráttuðu spildu til bráðabirgða, en áskyldi sér að leyta úrskurðar dómstólanna um ágreininginn.

Land það er hér ræðir um, var í fyrstu veitt á erfðafestu þáverandi erfðafestueiganda Rauðarár, Schierbeck landlækni. Með bréfi 4. júní 1888 hafði hann farið fram á, að fá til ræktunar landsspildu austur af túninu jafnstóra því. Tilkynti bæjarfógeti Schierbeck, að bæjarstjórn hefði veitt honum þetta, með bréfi 19. júní 1888. Hinn 19. júní 1889 var svo Rauðarártúnið mælt og mældist 13½ dagslátta; jafnframt var mæld 13½ dagsl. spilda austur af túninu niður að hæð eða hól, sem þar er fyrir austan og nefndur er Goshóll. Spildan fyrir neðan Goshól mældist 3 dagsláttur. Með bréfi, dags. 6. júlí s. á., tilkynti bæjarfógeti Schierbeck, að spilda sú, sem veitt var á erfðafestu 1888, hefði verið mæld, og jafnframt að honum væri samkvæmt ósk hans, einnig látið eftir »stykkið fyrir neðan svonefndan Goshól, 3 dagsláttur, þannig að hin afsalaða landspilda öll verður 16½ dagslátta að flatarmáli». Við mælingu þá, sem fram fór 1914 og áður er getið, reyndist spildan austur af Rauðarártúninu niður að svonefndum Goshól um 13½ dagslátta, en spildan fyrir neðan Goshól alla leið til sjávar mældist 5,65 dagsláttur, og byggir bæjarstjórn Reykjavíkur á þessa kröfu sína um, að hin umþráttaða landspilda verði talin þær 2,65 dagsl. sem næst liggja sjó.

Þar sem nú annar þeirra manna, sem mældi Schierbeck landlækni út viðbótarlandið við Rauðará 1889 hefir borið og staðfest fyrir rétti, að við mæl-

inguna hafi verið skilin eftir ræma fram með sjónum og norðurtakmörk hins nýja lands dregin á að gizka rúmum faðmi fyrir ofan (sunnan) alfaraveginn, sem þá var inn í laugarnar, en hinn mælingamaðurinn treystir sér ekki til að muna neitt um þetta til né frá, og þar sem ennfremur þarna lá fram með sjónum almannavegur úr Reykjavík inn í laugarnar, sem hefði orðið á valdi Schierbecks, ef honum hefði verið mælt út landið undir veginum, og þar sem loks þetta land undir veginum og fyrir neðan hann er, samkvæmt upplýsingum málsins, sumpart malarkambur óræktarlegur, sumpart klappir og grjóturð illræktanleg, þá verður dómurinn að vísu að telja það vafasamt, að það hafi í fyrstu verið mælt Schierbeck út sem erfðafestuland, með því að orðatiltækið »til sjávar« í útmælingargjörðinni má skilja, sem »í áttina til sjávar«, og varhugavert virðist að skoða girðingar þær, sem Schierbeck lét gera um landið sem sýnilegt tákn þess, að hann eignaði sér land þetta, þar sem þessi girðingaraðferð var honum ódýrust, en landið fyrir neðan veginn verðlaust eftir því sem þá var álitið, nema til umferðar, enda hafði hann sett hlið með staur í á grjótgarðinum þar sem alfaravegurinn lá.

En þótt girðing þessi upprunalega hafi ekki verið sýnilegt tákn þess, að Schierbeck teldi spilduna erfðafestueign sína, þá er þó öðru máli að gegna um hinn síðari eiganda erfðafestueignarinnar, Vilhj. Bjarnarson, sem keypti eignina af Schierbeck árið 1893. Það er eðlilegt að hann líti svo á, að girðingar þessar, sem náðu beggja megin til sjávar, afgirtu landið og

að hann með afsali Schierbecks hefði eignast alt landið innan girðinga til sjávar, enda er ekkert framkomið í málinu, er bendi til þess að bæjarstjórnin hafi fyr en nú gert tilkall til eða eignað sér landspilduna fram með sjónum. Um afnot Vilhjálms Bjarnarsonar og ekkju hans Sigríðar Þorláksdóttur, áfrýjanda þessa máls, er það upplýst, að þau hafa notað spilduna til beitar jafnt og annað erfðafestuland sitt og að Vilhjálmur Bjarnarson leigði malarkambinn, sem áður er nefndur, til fiskverkunar árin 1902—1914. Þótt nú sé gert ráð fyrir því, að hin umþráttaða spilda hafi ekki í fyrstu verið útmæld Schierbeck eða sá hluti hennar, sem lá fyrir neðan hinn gamla Laugaveg, en um stærð þessa hluta er ekkert upplýst í málinu, verður þó að telja að Vilhjálmur Bjarnarson og eftir hann ekkja hans, hafi með 20 ára óslitinni notkun, sem fyrir segir, unnið erfðafestuhefð á deilulandinu með sömu kjörum og giltu um viðbótarlandið.

Þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir að öðru leyti samþykt söluna gegn því að erfðafestueigandi greiði 20% af andvirðinu í bæjarsjóð, þá verður að fallast á aðalkröfu áfrýjanda og dæma bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að endurgreiða áfrýjanda 5088 kr. ásamt vöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, en gegn framkomnum mótmælum af hálfu bæjarins, verða vextir eigi gerðir hærri en 5% á ári. Málskostnaður þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarstjórn Reykjavíkur endurgreiði áfrýjanda,

ekkjufrú Sigríði Þorláksdóttur, 5088 kr. með 5% ársvöxtum frá 27. apríl 1915 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 6. maímánaðar 1918.

Nr. 95/1917. Valdemar Thorarensen
gegn
Halldóri Kr. Júlíussyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Valdemar kand. Thorarensen á Akureyri, að fenginni gjafsókn um setudómarakostnað, gegn stefnda Halldóri Kr. Júlíussyni sýslumanni á Borðeyri, fyrir gestaréttti Strandasýslu, með stefnu dags. 12. okt. 1915, út af 563 kr. 79 au. skuld, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, auk 5% vaxta frá stefnudegi, út af meðferð stefnda sem setuskiftaráðanda á dánar- og þrotabúi Ólafs N. Möllers kaupmanns á Blönduósi. Málinu lauk í héraði með dómi 23. júlí 1917 á þá leið, að því var vísað frá dómi, og málskostnaður feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu dags. 19. nóv. f. á., og krefst hann þess að dóminum verði hrundið og málinu vísað heim í hérað, til dómsáleggingar að efni til, og sér dæmdur

málskostnaður af hendi stefnda bæði í yfirdómi og héraði. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn verði staðfestur, sér dæmdur málskostnaður bæði í héraði og yfirdómi af hendi áfrýjanda og að áfrýjandi verði sektaður fyrir prætugirni, en eigi hefir stefndi gagnáfrýjað sökinni.

Hér í dómi hefir málið verið rekið af hendi beggja aðila með tilvísun til reksturs þess í héraði. En þar gerði áfrýjandi þá grein fyrir kröfum sínum, að 400 kr. hefði stefndi ólöglega haldið fyrir sér af upphæðum þeim, er honum bar úr búinum samkvæmt skýrslu stefnda sjálfs, 60 kr. skuldi hann sér, af því að ferð nokkur, er áfrýjandi hafði tekist á hendur til að hitta stefnda í embættiserindum, hafi orðið til ónýtis, þar eð stefndi hafi eigi verið heima, né nokkur af hans hendi á skrifstofunni og 103 kr. 79 au. taldi hann stefnda skulda sér — að meðtaldri smáupphæð til síma og burðargjalds, sem vexti af fé því, er hann taldi sig eiga að taka úr búinu.

Skiftagjörðin fylgdi eigi dómsgjörðunum og yfirleitt ekkert eftirrit af neinu, sem gerðist á skiftunum. Aftur á móti er í dómsgjörðunum bréf frá stefnda til áfrýjanda dags. 12. des. 1913. Skýrir stefndi áfrýjanda þar frá því, að áfrýjanda og öðrum, er hann hafði borið fram kröfur fyrir, hafi verið úthlutað alls 1357 kr. 33 au. úr búinu, en frá þeirri upphæð segist stefndi hafa dregið 225 kr. + 175 kr. eða samanlagt 400 kr., er hann telur áfrýjanda hafa skuldað búinu, samkvæmt skýrslu og ráðstöfun nafngreindra umboðsmanna áfrýjanda. Bréfinu lýkur með yfirlýs-

ingu um, að afgangurinn, 957 kr. 33 au., verði greiddur áfrýjanda gegn kvittun.

Skuldajöfnun þessari, sem eigi verður séð hvenær hefir farið fram, mótmælti áfrýjandi með bréfi til stefnda, dags. 26. jan. 1914, bæði af því að hann skuldaði búinu ekkert, og af því að skiftaráðanda hefði brostið vald til að gera sér greiðslur til búsins, þó að um skuld hefði verið að ræða.

Héraðsdómarinn frávísaði málinu, af því að hann taldi sig bresta vald til að meta gerðir stefnda sem skiftaráðanda í nefndu búi, en þótt þetta sé rétt að því leyti, að meðferð skiftaráðanda á búi verður ekki breytt nema með áfrýjun skiftaréttargjörðanna til æðri réttar, þá kemur það ekki til greina í þessu máli. Áfrýjandi hefir ekki krafist breytinga á skiftunum á dánar- og þrotabúi Ólafs N. Möllers; hann hefir ekki stefnt hinum stefnda sýslumanni fyrir hönd búsins, heldur hefir hann beint málinu á hendur honum persónulega, og krafist þess, að hann verði dæmdur til þess af eigin fé að greiða 2 upphæðir, samtals 400 kr. auk vaxta, símakostnaður og burðargjalds 103 kr. 79 au. og ennfremur 60 kr. skaðabætur fyrir árangurslausa ferð á fund stefnda í embættiserindum. Um þessar kröfur, þannig einskorðaðar, á áfrýjandi rétt á að fá efnisdóm, þótt þær séu sprottnar af meðferð stefnda sem setuskiftaráðanda á ofannefndu dánarbúi. Og með því að aðrar ástæður þykja ekki vera til frávísunar málsins, þá verður að ómerkja gestaréttardóminn og skylda héraðsdómarann til að leggja dóm á málið að efni til. Eftir þessum úrslit-

um þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í yfirdómi og ákveðst hann 25 kr.

Það er aðfinsluvert, að eigi sést á dómsgjörðunum hvort tekin hefir verið lögmælt borgun fyrir staðfestingu og innsiglun þeirra. Að öðru leyti vottast, að málfærslan í héraði hefir, að því leyti sem málið var rekið þar með gjafsókn, verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur, og ber dómaranum að leggja dóm á málið að efni til.

Stefndi Halldór Kr. Júlíusson sýslumaður greiði áfrýjanda, Valdemar kand. Thorarensen 25 kr. í málskostnað í yfirdómi.

Málskostnaðinn ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maímánaðar 1918.

Nr. 85/1917. Sigurður Sigurðsson
gegn
Gísla Gíslasyni.

Dómur:

Gísli Gíslason bóndi á Litla Lambhaga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu höfðaði mál þetta

fyrir landamerkjaþómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn áfrýjanda Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni bónda á Stóra Lambhaga í sama hreppi til þess að fá viðurkendan rétt eignarjarðar sinnar, Litla Lambhaga til veiði í Laxá fyrir Stóra Lambhaga landi frá svonefndri Grænurúst ofan að Hömrum, svo og til að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða sér 380 kr., er stefndi taldi að sér bæri af leigugjaldi fyrir veiði í Laxá, er áfrýjandi hefði veitt móttöku en ekki greitt sér. Lauk málinu svo fyrir merkjadóminum 26. júní f. á., að eiganda Litla Lambhaga var dæmdur veiðiréttur í Laxá á umgetnu svæði, en að öðru leyti var áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnanda. Hvor málsaðila var dæmdur til að greiða merkjadómendum 15 kr., en að öðru leyti féll málskostnaður niður.

Dómi þessum hefir Sigurður hreppstjóri Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 17. okt. f. á. og krafist þess að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aftur og stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kostnað málsins fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir hreyft því að mál þetta hefði átt að höfða fyrir hinum reglulega rétti sem eignarþrætumál, en þar sem hér er ágreiningur um ítak milli tveggja jarða, verður að telja mál þetta rétt höfðað fyrir merkjadómi samkv. 7. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi sumpart

á því, að oddviti merkjadómsins hafi vanrækt að veita áfrýjanda leiðbeiningu til þess að upplýsa málstað sinn, sumpart á því, að merkjadómarinn hafi gerst sekur um þingsafglöpun, með því að sleppa hinni lögboðnu áreið. Auk þess heldur hann því fram, að merkjadóminn beri að ómerkja sökum lögleysu að efni til.

Um hina fyrstu ómerkingaástæðu er þess að geta, að hinn fyrsta fyrirtektardag málsins fékk áfrýjandi 6 vikna frest til andsvara; við næstu fyrirtekt málsins lagði hann ekki annað fram í málinu en vottorð Hallgerðar nokkurrar Sigurðardóttur, en að öðru leyti hefir oddviti merkjadómsins bókað ítarlega varnarástæður áfrýjanda og mótmæli hans gegn sókninni, en með þessu verður að telja að dómarinn hafi gegnt leiðbeiningarskyldu sinni við áfrýjanda, þótt hann hafi ekki sérstaklega bent honum á að taka frest til að fá staðfest fyrir rétti umgetið vottorð Hallgerðar Sigurðardóttur, sem vefengt var af stefnanda, enda virðist vottorð þetta eitt út af fyrir sig ekki geta haft úrslitaáhrif á málið. Þessi ómerkingarástæða verður því ekki tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu landamerkjadómsins fyrir þá sök, að engin áreið eða merkjaganga fór fram, verður heldur eigi tekin til greina, með því að henni var slept eftir ósk beggja málsaðila, og var þess utan óþörf og tilgangslaus, þar sem landamerkjauppdráttur var lagður fram og enginn ágreiningur um örnefni, landamerki, landshagi eða landsnytjar, er athuga þyrfti með áreið, en ágrein-

ingurinn snýst eingöngu um gildi framlagðra landamerkjabréfa að því er umþráttaðan veiðirétt snertir.

Að því er aðalefni málsins snertir, byggir stefndi rétt sinn á því, að í merkjabréfi Litla Lambhaga dags. 18. marz 1886 stendur: »Veiðiréttarnotkun fylgir öll Litla Lambhaga í Laxá frá Grænurúst með landi fram alveg ofan að hömrum«, og skýrir stefndi svo frá, að eignar og ábýlisjörð hans Litli Lambhagi og nágrannajörðin Stóri Lambhagi hafi átt saman óskift beitiland og veiði þangað til vorið 1886, en þá hafi farið fram skifti á landinu og merkjaskrár verið gerðar og undirritaðar af aðilum beggja jarðanna. Er merkjabréf Litla Lambhaga dags. 18. marz 1886, en Stóra Lambhaga 18. maí s. á. og voru merkjabréf beggja jarðanna þinglesin á manntalsþingi hreppsins 9. júní 1887. Segir stefndi að við umgetin skifti hafi Litli Lambhagi fengið tiltölulega lítið land meðfram Laxá, er rennur fram með löndum beggja jarðanna, en til að bæta Litla Lambhaga þetta upp hafi svo verið ákveðið, að Litli Lambhagi skyldi eiga alla veiði í Laxá fyrir Stóra Lambhaga landi frá Grænurúst ofan að Hömrum, svo sem tekið er fram í merkjabréfi Litla Lambhaga.

Hins vegar hafi Stóra-Lambhaga verið áskilinn veiðiréttur í Eiðisvatni í Litla-Lambhagalandi að hálfu við þá jörð. Telur stefndi að landamerkjabréf Litla-Lambhaga sé fullgild sönnun fyrir því, að hinn umþráttaði veiðiréttur tilheyri eignarjörð hans. — Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram að svo hafi verið umsamið milli ábúenda Stóra- og Litla-Lambhaga, að veiðiréttarnotkunin skyldi aðeins fylgja Litla-Lamb-

haga meðan ábúendur væru hinir sömu og undir merkjabréfin rituðu, en falla burtu eftir það, og hefir hann lagt fram í málinu vottorð þessu til stuðnings. Ennfremur styður hann þessa staðhæfingu sína með því, að ábúandi Litla-Lambhaga hafi sýnt það í framkvæmdinni, að hann mat ákvæðið um veiðiréttinn í merkjabréfi sínu ógilt, með því að árið 1907 hafi eigendur Lambhaganna selt útlendingum laxveiðina í ánni á leigu um nokkurra ára bil, þannig að eigandi Sóra-Lambhaga hafi áskilið sér 240 kr. í ársleigu en eigandi Litla-Lambhaga hafi aðeins sett upp 50 kr. í sinn hlut. Ef eigandi Litla-Lamhaga hefði talið sig eiga alla veiði í Laxá frá Grænurúst til sjávar, þá hefði verið óhugsandi að hann hefði látið sér lynda að fá ekki nema rúman sjöttung veiðileigunnar, en sú upphæð væri nærri lagi, þegar gert væri ráð fyrir að Litli Lamhagi eigi aðeins veiði upp að Stóra-Lamhagamerkjum. Loks bendir hann á, að ef það væri rétt sem stefndi heldur fram, að Lambhagarnir hafi alt þangað til 1886, er landamerkjaskrárnar voru gerðar, haft óskift beitiland og veiði í Laxá, þá hafi ábúandi Stóra Lambhaga, sá sem var 1886, ráðist í að gera það, sem hann brast alla heimild til, að gera skifti á sameign landsdrottins síns ög annars jarðeiganda, svo framarlega sem ekki verði sannað að hann hafi samþykt gerðir ábúandans. Þetta hafi stefndi ekki sannað, þvert á móti megi ætla að slíkt samþykki hafi ekki fengist, þar sem ekkert sé um veiðitak Litla-Lambhaga getið í merkjabréfi Stóra-Lambhaga, sem þó var gert 2 mánuðum síðar. Af framangreindum ástæðum sé það því lögleysa í merkja-

dóminum að byggja eins mikið á merkjaskrá Litla-Lambhaga sem gert var.

Skýrsla stefnda um það, að Lamhagarnir hafi haft alt til 1886 óskift beitiland og veiði í Laxá, og að veiðiréttur inn í Laxá á hinu umþráttaða svæði hafi verið lagður til Litla Lambhaga í notum þess, að sú jörð hafi fengið tiltölulega lítið land meðfram eða að Laxá hefir ekki verið vefengd. Þar sem nú áfrýjandi hefir ekki mótmælt skiftum þeim á landi og landsnytjum jarðanna, er þá voru gerð, í heild sinni, verður það ekki talin lögleysa af merkjadóminum að leggja merkjaskrá Litla Lambhaga til grundvallar við úrslit ágreinings þess, er hér liggur fyrir, með því að áfrýjandi getur ekki mótmælt einstöku atriði í merkjasetningu þeirri, er fram fór 1886. Það verður heldur eigi álitið, að ákvæði Litla Lambhaga-bréfsins um veiðiréttinn missi gildi sitt eða verði ónýtt fyrir þá sök, að ítaksins er ekki getið í bréfi Stóra-Lambhaga. Það atriði að ítaksréttur Stóra Lambhaga í veiði í Eiðisvatni er heldur ekki getið í merkjabréfi Litla Lambhaga virðist og benda ótvírætt á það, að það hafi ekki verið meining málsaðila að fella úr gildi fyrra bréfið (Litla Lambhaga) eða neitt ákvæði þess, heldur hafi verið talið nægilegt að geta ítakanna í bréfi þeirrar jarðar, er ítaksréttinn átti að fá. Það er heldur eigi sannað af áfrýjanda, að meining ábúendanna, er undir merkjabréfin rituðu, hafi verið sú, að umþráttaður veiðiréttur skyldi aðeins fylgja Litla Lambhaga meðan sömu ábúendur væru í Lambhögunum, og er þá ekki heimild til fyr-

ir þá sök að víkja frá beinum og ótvíræðum orðum í Litla Lambhagabréfinu um þetta.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða landamerkjadóm, að því er snertir ákvæði hans um veiðirèttinn, en með því að dómurinn var ekki bær um að dæma um 380 króna leigugjaldskröfu stefnda verður að fella úr gildi sýknuákvæði dómsins og vísa áminstri kröfu frá merkjadóminum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði dómsins ómerkist og vísast leigugjaldskröfunni frá landamerkjadómnum. Að öðru leyti staðfestist téður dómur. Áfrýjandi Sigurður Sigurðsson greiði stefnda Gísla Gíslasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. maí 1918.

Nr. 16/1918.

Réttvísin
gegn
Jónatan Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 22. nóv. f. á., var ákærði Jónatan Jónsson frá Bergstöðum í Hallárdal í nefndri sýslu dæmdur samkvæmt 250. sbr. 249 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin 10 kr. málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans fyrir aukaréttinum, Ólafs bónda Björnssonar á Árbakka, og ennfremur til að greiða Skefilsstaðahreppi iðgjald, 11 kr. — Þessum dómi er af réttvísinnar hálfu skotið til yfirdómsins.

Það er með játningu ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann hafi haustið 1914 heimildarlaust kastað eign sinni á mórautt gimbrarlamb. Ákærði dvaldi þá í Hvammi í Laxárdal í Skagafjarðarsýslu, en taldi heimili sitt á Bergstöðum í Hallárdal. Áminzt gimbrarlamb kom saman við heimafé í Hvammi eftir réttir, og var með því nokkurn tíma, var nokkrum sinnum rekið heim með fénu í fjárrétt eða hús; hafði ákærði tekið eftir lambinu, skoðað það tvisvar eða þrisvar og athugað, að það var ómarkað á eyrum, en með hornamarki stúfrifað hægra og sneiðrifað aftan vinstra. Þegar féð var rekið heim að Hvammi fyrir hreppaskil í Skefilsstaðahreppi tók ákærði lambið þar sem það var í húsi saman við annað fé, og breytti hornamarkinu á því þannig, að það varð hans mark rétt; vissi hann að hann átti eigi lambið og hann kveðst eigi hafa markað það á eyrum, af því að hann var þá eigi fullráðinn í því

að kasta eign sinni á það. — En á hreppaskilunum, þá er lambinu skyldi ráðstafað sem óskilakind, gaf ákærði sig fram og gerði tilkall til lambsins, er hann taldi vera sína eign; kvað hann það vera undan á, er hann ætti á Bergstöðum og hafa verið dregið sér og hornmarkað sínu marki í Þverárrétt af mönnum, er hann nafngreindi; var lambinu þá slept við hann, en hreppstjórinn sagði honum að hafa votta við, ef hann markaði sér lambið, og að hann mætti eigi farga því fyr en hann hefði fengið vottorð þeirra manna, er dregið hefðu og markað honum það, um að skýrsla hans væri rétt. Eftir hreppaskilin sendi ákærði lambið til slátrunar til Sauðárkróks og hagnýtti sér andvirði þess. Það sést eigi að mat á lambinu hafi farið fram við rannsóknina, en í dómnum er það talið hæfilega metið á 11 kr. og er sú upphæð dæmd Skefilsstaðahreppi í iðgjöld, en með því engin krafa í þá átt hefir komið fram frá nefndum hreppi eða öðrum, verður ekkert dæmt um iðgjöld í þessu máli.

Ákærði er fæddur 20. ágúst 1891 og hefir með aukaréttardómi Húnavatnsýslu, uppkveðnum 25. apríl 1908, verið dæmdur samkvæmt 250., 249. og 230. gr. almennra hegningarlaga í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi; svo hefir hann og verið sektaður 30. des. 1914 í Skagafjarðarsýslu um 30 kr. fyrir ólöglega lausamensku. Framangreint brot ákærða ber að heimfæra undir 253. gr. hegningarlaganna og þykir hæfilegt að honum sé refsað fyrir það með fangelsi við vatn og brauð 3×5 daga. Ákærða ber að greiða allan kostnað við rannsókn og rekstur málsins í héraði, eins og ákveðið er í dómnum, svo

og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Rannsókn máls þessa hefir orðið mjög seinfarin; hún hófst í Skagafjarðarsýslu 24. okt. 1914, en 6. marz 1915 tók sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu við og lauk henni 7. ág. 1917. Á þessu tímabili var ekkert gert í málinu frá 12. marz til 23. nóv. 1915, frá 15. des. 1915 til 30. des. 1916, og frá síðastnefndum degi til 5. júní 1917. Dómarinn hefir samið ítarlega skýrslu til réttlætingar þessum drætti, og talið það til afsökunar, að hann slasaðist haustið 1915 og var lítt eða eigi ferðafær um veturinn, og að mörg embættisstörf, »er eigi mátti fresta« hafi kallað að. Þessar afsakanir verða þó eigi taldar fullnægjandi og einkum verður það eigi séð, að eigi hafi mátt fresta ýmsum störfum, sem talin eru á skýrslunni, til að flýta rannsókninni. Það verður því að átelja hinn langa drátt á málinu, en eftir atvikum þykir eigi alveg næg ástæða til að sekta dómarann fyrir hann.

Það vottast að sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jónatan Jónsson sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. maímánaðar 1918.

Nr. 10/1918. Sveinn Björnsson f. h. Brunabótafélags Íslands. gegn Guðrúnu Þórðardóttur.

Dómur:

Með bréfi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 4. des. f. á., beiddist umboðsmaður Brunabótafélags Íslands á Suðureyri við Súgandafjörð þess, að iðgjald til Brunabótafélagsins fyrir vátryggingu húseigna hinnar stefndu Guðrúnar Þórðardóttur á Suðureyri, að upphæð 52 kr. 66 au. og fallið í gjalddaga 15. okt. næst á undan, væri tekið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 22. jan. þ. á. neitaði sýslumaður að taka lögtaksbeiðnina til greina af þeim sökum, að að hús þau, sem umgetur í lögtaksbeiðninni, séu eigi á verzlunarlóð á Suðureyrarmölum og þannig aðgreind frá bygðinni, að engin brunahætta stafi þaðan, og verði því eigi litið svo á, að hús þessi falli undir 3. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi Sveinn Björnsson, framkvæmdarstjóri Brunabótafélags Íslands, fyrir þess hönd skotið

til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. febr. þ. á. og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur, að krafan um lögtakið verði tekin til greina, og að lagt verði fyrir sýslumanninn, sem stefnt hefir verið í málinu, að framkvæma það; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Hin stefnda Guðrún Þórðardóttir hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt löglega sé stefnd, og verður málið þá dæmt samkvæmt skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fyrir dóminn, eins og fyrir er mælt í N. L. 1—4—32 og tilskipun 3. júní 1796, 2. gr.

Deiluatriðið í máli þessu er það, hvort húseign hinnar stefndu á Suðureyri sé í skylduvátryggingu samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvbr. 1915 eða ekki. Áfrýjandi heldur því fram að svo sé, en sýslumaður hefir af hálfu hinnar stefndu haldið hinu gagnstæða fram. Í nýnefndum lögum, 3. gr. þeirra, segir: »Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A. skulu allar húseignir vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafélagi landsins« og í 2. gr. A. segir: »á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum«. Til þess að húseignirnar séu í skylduvátryggingu, verða þær þannig að standa í kauptúni eða teljast til kauptúns. Með lögum nr. 36, 5. des. 1899 var kauptún þetta, Suðureyri, löggilt og segir svo í lögunum: »Á Suðureyrarmölum í Súgandafirði . . . . . skal vera löggiltur verzlunarstaður«. Í málinu er ekkert komið fram um það, að takmörk kauptúns þessa hafi verið ákveðin, og getur það þá eðlilega orðið nokkuð á

reiki hvað talið er að kauptúnið nái langt út í bygðina. En nú hefir umboðsmaður brunabótafélagsins í bréfi sínu til sýslumanns, dags. 16. jan. þ. á., kannast við það, að hin vátrygðu hús (ɔ: hús þau, sem hér um ræðir) standi ekki á »verzlunarlóð á Suðureyrarmölum«, heldur á túni jarðarinnar Suðureyrar, sem áfast er verzlunarstaðnum, og í úrskurði sínum segir sýslumaður, sem eðlilega á að vita það manna bezt, að húsin séu »eigi á verzlunarlóð á Suðureyrarmölum« og verður það að þýða sama sem að þau standi utan kauptúnsins. Samkvæmt því er nú hefir verið sagt, verður að líta svo á, að áfrýjanda hafi eigi tekist að færa sönnur á, að umrædd hús hinnar stefndu séu vátryggingarskyld samkvæmt brunabótafélagslögunum, og verður því krafa hans um að lögtaksúrskurðinum sé hrundið, eigi tekin til greina, en úrskurð þennan ber að staðfesta. Eftir þessum úrslitum verður málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksúrskurðurinn staðfestist.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 3. júnímán. 1918.

Nr. 55/1917.

Sveinn Björnsson fyrir hönd St. Th. Jónssonar
gegn
Sighvati Bjarnasyni f. h. Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864, þrotabúi Jóns Gunnarssonar o. fl.

Dómur:

Í september 1914 brunnu á Asknesi í Mjóafirði hús og innanstokksmunir, sem voru eign Jóns Gunnarssonar sveitarkaupmanns frá Holti í Mjóafirði. Hús og munir voru vátrygðir hjá brunabótafélaginu Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864, en vegna ýmsra atvika varð bið á því að félagið greiddi brunabæturnar. Hinn 12. maí 1915 veitti nefndur Jón Gunnarsson stórkaupmanni Jakob Gunnlögssyni í Kaupmannahöfn umboð til þess að innheimta brunabæturnar, en með bréfi dags. 25. sept. s. á. framseldi Jón kröfu sína á hendur brunabótafélaginu áfrýjanda þessa máls, St. Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, og afturkallaði umboðið til Jakobs Gunnlögssonar. Eftir að áfrýjandi hafði fengið framsal þetta, krafðist hann þess, að brunabótafélagið greiddi sér brunabótafé, en bæði sökum þess að ekki var komið á samkomulag um upphæð brunabótanna og einkum vegna þess, að Jakob Gunnlögsson hafði látið leggja löghald á kröfuna, færðist félagið undan að greiða hana. Hinn sama dag og málið til staðfestingar lög-

haldinu átti að falla í rétt, hinn 26. nóv. 1915, var bú Jóns Gunnarssonar tekið til gjaldþrotaskifta, og féll löghaldið þá úr gildi, en hins vegar gerði þrotabúið kröfu til brunabótafjárins. Þar eð brunabótafélagið neitaði að greiða áfrýjanda brunabæturnar sökum óvissunnar um það, hver væri hinn rétti kröfuhafi, þá leiddi það til þess, að Sveinn yfirréttarmálflutningsmaður Björnsson höfðaði fyrir hönd St. Th. Jónssonar mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 3. maí 1916 gegn Sighvati Bjarnasyni bankastjóra fyrir hönd brunabótafélagsins Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864 í Kaupmannahöfn til greiðslu brunabótanna, sem með samkomulagi milli hlutaðeigenda höfðu verið ákveðnar 9893 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 30. marz 1916 til greiðsludags, en með því að þrotabú Jóns Gunnarssonar einnig gerði tilkall til umgetinna brunabótapeninga, höfðaði það íhlutunarmál gegn brunabótafélaginu, og krafðist þess að fá dóm fyrir nefndum 9893 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1915. Loks höfðaði stórkaupmaður Jakob Gunnlögsson í Kaupmannahöfn íhlutunarmál gegn brunabótafélaginu til þess að honum yrðu dæmdar nefndar brunabætur, en undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu féll hann frá íhlutunarmáli sínu.

Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu 5. júlí f. á., að stefndi Sighvatur Bjarnason f. h. Nye Danske Brandforsikringsselskab af 1864, var dæmdur til að greiða þrotabúi Jóns Gunnarssonar 9893 kr. með 4% ársvöxtum frá 4. okt. 1915 til greiðsludags, en þrotabúið var aftur dæmt til að greiða aðalstefn-

anda af þessari upphæð 1004 kr. 25 au. með 4% ársvöxtum frá 4. okt. 1915 til greiðsludags. Málskostnaður allra málsaðila var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Sveinn Björnsson f. h. St. Th. Jónssonar skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. júlí f. á. og hefir hann stefnt Sighvati Bjarnasyni f. h. Nye Danske Brandforsikringsselskap af 1864, og krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að stefndi f. h. brunabótafélagsins verði dæmdur til að greiða sér f. h. umbjóðanda síns umþráttað brunabótafé 9893 kr. með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum. Svo hefir hann og stefnt íhlutunaraðilum málsins, þeim Kristjáni Linnet f. h. þrotabús Jóns Gunnarssonar og Boga Brynjólfssyni f. h. Jakobs Gunnlögssonar til að gæta réttar síns í málinu.

Aðalstefndi krefst staðfestingar á bæjarþingsdómnum, án þess þó að láta sig skifta, hvor þeirra áfrýjandi eða þrotabúið sé hinn rétti kröfuhafi, og málskostnað fyrir yfirdómi. Þrotabúið krefst og staðfestingar á bæjarþingsdómnum svo og að áfrýjandi greiði því ríflegan málskostnað fyrir yfirdómi. Fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar hefir enginn mætt.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, er ágreiningurinn í máli þessu einungis um það, hvort áfrýjanda eða þrotabúi Jóns Gunnarssonar beri réttur til brunabótaupphæðarinnar. Þrotabúið heldur því fram, að framsal kröfunnar til áfrýjanda sé ómerkt, með því að hér sé um proformasölu að ræða. Framsalið hafi farið fram rúmum 8 vikum áður en Jón Gunnarsson framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta, hafi

áfrýjanda verið fullkunnugt um að gjaldþrot Jóns var yfirvofandi og að brunabótafé var eina eign Jóns en skuldirnar margfalt meiri. Þá hafi þeim komið saman um að útbúa framsal þetta til þess að ná þessum fjármunum undan búinu. Ennfremur hefir þrotabúið haldið því fram, að hvað sem öðru líði, verði að skoða framsalið aðallega sem gjöf frá Jóns hálfu, með því að áfrýjandi hafi ekki látið neitt koma á móti kröfunni, nema ef vera skyldi 1000 kr. víxill, er hann hafi greitt fyrir Jón og þrotabúið var í undirrétti dæmt til að endurgreiða áfrýjanda af brunabótafénu. Einnig frá þessu sjónarmiði sé framsalið ógilt gagnvart þrotabúinu.

Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að um réttmæta sölu hafi verið að ræða, og hefir hann fyrir undirrétti skýrt svo frá, að móti afsalinu hafi komið:

1.	Verzlunarskuld Jóns Gunnarssonar við áfrýjanda 20. sept. 1915 . .	kr. 6734,90
2.	Áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að greiða fyrir Jón til G. Pettersen í Tönsberg . . . . . Þar af þegar greitt 1950 kr.	— 4200,00
3.	Áfrýjandi hafi greitt fyrir Jón 2 víxla, annan með gjalddaga 21. sept., hinn með gjalddaga 23. sept. 1915	— 2000,00
	Samtals	kr. 12934,90

Þar sem nú hin framselda krafa hafi aðeins numið 9893 kr., hafi Jón Gunnarsson eftir framsalið skuldað sér 3041 kr. 90 aur. auk vaxta.

Í afsalsbréfinu sjálfu er ekkert sagt um það, hvað komið hafi á móti kröfunni á brunabótafélagið af hendi áfrýjanda, að eins er þar sagt að endurgjald sé að fullu greitt og að brunbótaféð sé full eign áfrýjanda. En fyrir lögreglurétti Suður-Múlasýslu, undir rannsókn sem hafin var gegn Jóni Gunnarssyni út af grun um sviksamlegt gjaldþrot, hefur Jón borið að samið hafi verið um milli þeirra áfrýjanda, hvernig brunabótafénu ætti að verja, en samkvæmt því áttu aðeins 1000 kr. að ganga til áfrýjanda upp í víxilskuld; auk þess hafi hann átt að greiða áðurnefndum Pettersen allstóra upphæð, um 1950 kr., en eftirstöðvarnar hafi hann átt að greiða nokkrum mönnum, er ábyrgðust lán fyrir Jón hjá Jakob Gunnlögssyni. Í yfirdóminum hefir umboðsmaður þrotabúsins lagt fram eftirrit af reikningi Jóns Gunnarssonar við verzlun áfrýjanda til 1. okt. 1915, og ber sá reikningur með sér, að áfrýjandi hefir ekki fært Jóni til tekna í viðskiftum þeirra andvirði fyrir brunabótafé eða neinn hluta af því, en hins vegar hefir útgerðarfélag í Mjóafirði hinn 1. okt. greitt inn í reikning Jóns kr. 6337,97 þannig að hann þann dag hefir orðið skuldlaus við áfrýjanda. Af þessu virðist ljóst, að ekki hefir verið svo um samið, að skuld sú, er Jón var í við áfrýjanda, þá er afsalið var gefið, ætti að greiðast af brunabótafénu. Um hinn 2. lið, greiðsluna til G. Pettersen, hefir áfrýjandi hér fyrir réttinum lagt fram kvittun frá Pettersen fyrir því, að áfrýjandi hafi greitt honum 1950 kr., en þar sem greiðsla þessi hefir farið fram 31. maí 1916 eftir að mál þetta var

höfðað og eftir að áfrýjanda var orðið kunnugt um að þrotabúið vefengdi rétt hans til brunabótafjárins, og þar sem áfrýjandi hefir ekki sannað að hann áður gagnvart Pettersen hafi skuldbundið sig til þessarar greiðslu, verður ekki álitið, að greiðsla þessi geti rýrt rétt þrotabúsins til brunabótafjárins.

Víxil þann, er fjell í gjalddaga 21. sept. taldi undirdómarinn sannað að komið hefði á móti afsali brunabótakröfunnar og dæmdi því þrotabúið til að greiða upphæð hans, 1000 kr., ásamt afsagnarkostnaði 4 kr. 25 a. af brunabótafénu, og er eigi ágreiningur um það hér fyrir réttinum, að áfrýjandi eigi tilkall til þessarar upphæðar, en gegn mótmælum þrotabúsins hefir áfrýjandi ekki sannað að hann hafi greitt víxil þann, er féll í gjalddaga 23. s. m. eða að upphæð hans hafi átt að takast af brunabótafénu.

Eftir framansögðu verður eigi séð, að annað hafi komið á móti hinu umrædda brunabótafé en nefndur 1000 kr. víxill. En að þessu athuguðu og þar sem Jóni Gunnarssyni hlaut að vera það ljóst á þessum tíma, að eignir hans hrukku langt frá fyrir skuldum, og þar sem einnig verður að ætla að áfrýjanda, eftir hinum mörgu og margvíslegu viðskiftum, er hann átti við Jón, hafi verið kunnugt um það, að Jón átti ekki fyrir skuldum, er afsalið fór fram, verður að fallast á þá kröfu þrotabúsins, að hér eigi að beita 28. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 um gjaldþrotaskifti, þannig, að þrotabúið hafi rétt til brunabótafjárins, gegn því að endurgjalda áfrýjanda upphæð áðurnefnds víxils, ásamt afsagnarkostnaði kr. 1004,25 með vöxtum sem svo ákveðið er í hinum áfrýjaða

dómi. Og þar sem málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða umboðsmanni hins stefnda brunabótafélags og þrotabúinu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr. til hins fyrnefnda en 50 kr. til búsins.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sveinn Björnsson yfirréttmálaflutningsmaður f. h. St. Th. Jónssonar, greiði stefnda Sighvati bankastjóra Bjarnasyni f. h. Nye Danske Brandforsikringsselskap af 1864, 25 kr., og þrotabúi Jóns Gunnarssonar frá Holti í Mjóafirði 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1918.

Nr. 97/1917. Garðar Gíslason
f. h. G. Gíslason & Hay Ldt.
gegn
Magnúsi Stefánssyni.

Dómur:

Áfrýjandi Garðar Gíslason kaupmaður fyrir hönd firmans Garðar Gíslason & Hay Ltd. höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Húnavatnssýslu gegn Magnúsi Stefánssyni kaupmanni á Blönduósi til skaðabóta fyrir samningsrof; var það dæmt í gestaréttinum 11. okt. f. á. og stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. des. f. á. og eru kröfur hans hér fyrir réttinum hinar sömu og fyrir gestaréttinum, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4905 kr. 25 au. í skaðabætur fyrir samningsrof með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar fyrir gestaréttinum, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi, hvorttveggja eftir réttarins mati. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Mál þetta er svo vaxið sem hér segir: Þann 1. nóv. 1916 leitaðist áfrýjandi símleiðis fyrir hjá stefnda um kaup á gærum og haustull, og beiddi hann að gera sér tilboð, ef hann hefði þessar vörur til sölu, og svaraði stefndi þessari málaleitan 4. s. m. með svolátandi símskeyti:

»Gegn samþykki yðar strax sel eg yður hér á staðnum 1700—1800 tveggja stykkja búnt saltaðar sauðargærur fyrir 1 kr. 15 aura kilogrammið, alt gæruverðið greiðist reikning minn Islandsbanka Reykjavik 18. þ. m., 10% af gærutölunni vigtast nú

af vigtarmanni og reiknast nettóvigt allra gæranna samkvæmt því. Vigtarmaður móttekur yðar vegna tölu og ásigkomulag gæranna, geymsluhússpláss ókeypis til næsta marzmán. ef þarf — að öðru leyti liggja gærurnar fyrir yðar reikning og ábyrgð, nema útskipun borga eg«. Áfrýjandi svaraði þessu tilboði með skeyti 6. s. m. svolátandi:

»Samþykkjum (gæru)kaupin samkvæmt símskeyti yðar $^{4}/_{11}$ og greiðslu eftir móttöku reiknings vigtar og pakkhússvottorða (vottorðs)«. Þegar stefndi hafði meðtekið þetta skeyti, lét hann eins og ráðgert var í tilboði hans, vigtarmann telja og vega gærurnar, og reyndust þær 1755 að tölu og 14015 kilogr. að þyngd. Hinn 7. s. m. sendi stefndi áfrýjanda reikning yfir kaupverðið, kr. 16.117.25, og vottorð vigtarmanns um tölu og þyngd gæranna; er þess í vottorðinu getið, að þær séu geymdar »í góðum kjallara undir svonefndu Möllerspakkhúsi hér á staðnum«. Skjöl þessi sendi stefndi í ábyrgðarbréfi með pósti, er koma átti samkvæmt áætlun til Reykjavíkur 15. s. m., en kom þangað eigi fyr en laugardaginn 18. s. m. síðdegis, og voru ábyrgðarbréf ekki látin úti frá pósthúsinu fyr en eftir miðaftan þann dag, og eftir að skrifstofu áfrýjanda var lokað. Þegar áfrýjandi 20. s. m. hafði kynt sér skjölin, þótti honum vanta vottorð um geymslu gæranna, eða skýrsla vigtarmannsins þar að lútandi ófullnægjandi, og sendi því stefnda samdægurs svolátandi skeyti: »Símið strax vottorð yðar um *geymslu* gæranna, þangað til teknar í vetur. Er íbúð eða verzlun í geymsluhúsinu«. Þessu skeyti svaraði stefndi næsta dag á þessa

leið: »Vegna samningsrofa yðar að borga gærurnar hvorki 18. þ. m. eða næsta bankadag (gærdag) álít eg kaupin upphafin«. Þessu mótmælti áfrýjandi í skeyti samdægurs og krafðist að stefndi sendi vottorð um að gærurnar eftir greiðslu til stefnda væru eign firmans (G. Gíslasonar & Hay) og geymdar hjá honum, þangað til þær yrðu sendar þá um veturinn eftir ráðstöfun firmans, og mundi það þegar eftir móttöku slíks vottorðs greiða kaupverðið. Stefndi sinti þó eigi þessum mótmælum, en seldi gærurnar öðrum nokkru síðar. Áfrýjandi taldi þetta samningsrof af hendi stefnda og að hann með þeim hafi bakað áfrýjanda fjártjón, er hann mat 35 aura á hverju kilogr. gæranna, með því að gæruverðið hefði verið hækkandi og orðið kr. 1.50 kilogr. um það leyti, sem samningur þeirra stefndu átti að fullgerast; er upphæð kröfu hans þannig 14015 × 35 a. eða kr. 4905.25.

Sér til varnar hefir stefndi haldið því fram, að eigi hafi fullgerst neinn samningur milli þeirra áfrýjanda um kaup á gærunum, með því að svar áfrýjanda í skeytinu 6. nóv. hafi eigi verið gilt eða fullnægjandi samþykki á tilboði stefnda í skeyti hans 4. nóv. en í svari áfrýjanda hafi verið vikið frá tilboðinu í verulegu atriði, þar sem gjalddaginn, er í tilboðinu var ákveðinn 17. nóv., hafi í svarinu verið gerður ótímabundinn. Bréf stefnda og reikning telur hann vera nýtt tilboð í framhaldi af hinu fyrra og sé þar hafnað breytingu áfrýjanda á tilboðinu, en gjalddaginn ákveðinn 18. nóv. eins og áður. En þessu nýja tilboði hafi áfrýjandi hafnað með skeytinu 20. nóv., þar sem hann krafðist nýs pakkhússvottorðs, er hann

hafi eigi átt rétt á, og með því að láta greiðslu farast fyrir í tækan tíma. Og ennfremur lítur stefndi svo á, að þó að samningur hefði gerst með skeytunum 4. og 6. nóv. þá hafi sér verið heimilt að ónýta hann, sakir samningsrofa áfrýjanda, er hann vanrækti að greiða kaupverðið á réttum gjalddaga.

Gegn þessum varnarástæðum stefnda tekur áfrýjandi það fram, að enginn vafi geti leikið á því, að stefndi, með því að svara eigi símskeyti áfrýjanda 6. nóv. og með því daginn eftir að láta vega gærurnar og senda áfrýjanda þyngdarvottorð og reikning yfir vörurnar með því verði, sem tiltekið var í skeytinu, hafi samþykt að selja áfrýjanda vörurnar með þeim kjörum, er segir í símskeytinu 4. nóv. og með þeim breytingum og viðaukum, sem um getur í símskeyti áfrýjanda 6. s. m.; þessar breytingar og viðaukar séu svo óverulegir og sjálfsagðir í viðskiftum sem þessum, að áfrýjanda hafi eigi getað hugsast annað en að stefndi gengi að þeim, og stefndi hafi með því að svara eigi símskeytinu gefið áfrýjanda fulla ástæðu til að gera ráð fyrir því; stefndi hafi auðsjáanlega miðað gjalddagann 18. nóv. við það, að þá yrði þyngdar- og geymsluvottorðið komið í hendur áfrýjanda og breytingin á gjalddaganum, er áfrýjandi gerði, hafi þá aðeins verið sú, að hann miðaði við þann dag, er hann fengi vottorðin, en ekki við ákveðinn dag, enda hafi það verið réttara og eðlilegra, að ákveða gjalddagann þannig, því að áfrýjanda hafi ekki verið unt að borga fyr en hann fékk reikninginn og þyngdarvottorðið; og sama sé um geymsluvottorðið, það hafi stefnda að sjálfsögðu borið að láta

áfrýjanda í té, úr því að hann bauðst til að geyma gærurnar, en það hafi hann eigi gert, og þannig orðið þess valdandi, að greiðslan drógst, með því að neita um vottorðið og segja upp samningnum þegar í stað.

Það verður eigi talið rétt, er stefndi heldur fram, að eigi hafi verið samið til fulls um gærukaupin með símskeytunum 4. og 6. nóv., og að bréf stefnda og reikning 7. s. m. beri að skoða sem nýtt tilboð, er áfrýjandi hafi hafnað. Bæði bréfið og skjölin er því fylgdu, bera með sér að stefndi hefir litið svo á, að saman væri gengið með þeim áfrýjanda um kaupin. Í bréfinu segist stefndi senda áfrýjanda viktar- og pakkhúsvottorð á gærunum og reikning yfir þær, og í reikningnum segir beint: »sent yður samkvæmt símskeytum«, þ. e. símskeytunum 4. og 6. nóv. Í bréfinu og reikningnum er það að vísu tekið fram, að greiðsla eigi að fara fram eða stefndi vænti að greiðsla fari fram 18. nóv., en þetta sýnir eigi, að stefndi hafi eigi að öllu leyti fallist á svarskeyti áfrýjanda 6. nóv., með því að stefndi hafði fulla ástæðu til að gera ráð fyrir, að vottorðin og reikningurinn yrðu komin í hendur áfrýjanda nefndan dag eða jafnvel fyrri, og stefnda auk þess hlaut að vera ljóst að áfrýjandi gat eigi int greiðslu af hendu fyr en hann hafði meðtekið þessi skjöl. Og enn er það, að stefndi gerði áfrýjanda eigi viðvart um að neitt væri athugavert við símskeyti hans 6. nóv. eins og honum þó virðist hafa borið að gera tafarlaust, ef hann áleit samþykkið ófullnægjandi. Þar sem ætla verður eftir þessu, að samningur um gærukaupin hafi verið fullger með símskeytum 4. og 6. nóv., kemur næst til

álita, hvort áfrýjandi hafi vanhaldið þann samning með því að draga greiðslu fram yfir umsamin gjalddaga. Áfrýjandi frestaði greiðslunni af því að honum þótti vanta pakkhúsvottorð, og símaði þegar í stað eftir því til stefnda. En stefndi hefir haldið því fram, að áfrýjandi hafi eigi átt rétt á að fá eða þurft á að halda frekara pakkhúsvottorði, en skýrslu vigtarmannsins, sem að framan er greind».

Þetta verður þó eigi heldur talið á rökum bygt, en það verður að skoðast eðlilegt og sjálfgefið samningsatriði, að áfrýjandi fór fram á að fá þetta vottorð, með því að það átti að vera honum trygging þess, að vörurnar, er hann hefði greitt verð þeirra, væru í hans vörzlu eða geymdar fyrir hann, svo að honum væri frjálst að ráðstafa þeim. Slíka tryggingu gat skýrsla viktarmannsins um það eitt, *hvar* vörurnar væru geymdar, eigi veitt áfrýjanda, en hins vegar bar stefnda, er hafði tekið að sér geymsluna, að láta áfrýjanda í té fullnægjandi vottorð um það. Þegar ennfremur er á það litið, að stefndi samkvæmt framansögðu álízt hafa samþykt, að greiðsla færi eigi fram fyr en áfrýjandi hefði meðtekið frá stefnda skjöl þau, er ræðir um í símskeytinu 6. nóv., þá verður eigi séð, að áfrýjandi hafi breytt á móti samningnum, þótt hann gengi eftir pakkhúsvottorði áður en hann greiddi kaupverðið, og þá eigi heldur að stefndi hafi haft lögmæta ástæðu til að segja samningnum slitið fyrir þá sök. Verður því að skylda hann til að greiða áfrýjanda eftir kröfu hans skaðabætur fyrir samningsrof.

Upphæð skaðabótakröfunnar hefir áfrýjandi mið-

að við verð á gærum er hann segir verið hafi kr. 1.50 kilogr. og jafnvel meira um það leyti sem samningnum skyldi fullnægt. Þessu til sönnunar hefir hann lagt fram 3 sölureikninga, og vottorð og símskeyti frá tveimur kaupmönnum um gæruverð í Kaupmannahöfn í nóv. 1916. Stefndi mótmælir þessum skjölum, lýsir það rangt, að gæruverðið hafi verið svo hátt sem þar segir; kveðst hann hafa selt sömu gærurnar, sem hann bauð áfrýjanda, fyrir rúmlega kr. 1.28 kilogr. eða alls fyrir kr. 18000,00 og boðið áfrýjanda að kaupa þær fyrir það verð, en hann hafði hafnað. Heldur stefndi því fram, að þar sem verðið á gærunum eftir hinu fyrra tilboði hans hafi átt að vera kr. 16.117.25, þá geti skaðabótakrafa áfrýjanda, ef nokkur væri, eigi orðið meiri en munurinn á þessum tveimur upphæðum, eða kr. 1882.75, með því að áfrýjandi hefði getað komist hjá frekara tjóni með því að taka hinu síðara tilboði stefnda, og megi hann sjálfum sér um kenna að hann eigi gerði það. Ennfremur fullyrðir stefndi, að áfrýjandi hafi átt að kaupa gærurnar fyrir aðra gegn lítilfjörlegum ómakslaunum, og tjón það, sem hann hafi beðið við það, að ekki varð af kaupunum, hafi aðeins numið þessum umboðslaunum, er hann telur 2% af kr. 16.117.25 eða kr. 322.35. Á þessa staðhæfingu hefir stefndi þó enga sönnun fært, og getur hún eigi gegn mótmælum áfrýjanda komið til álita.

Áfrýjandi kannast við að stefndi hafi 26. nóv. 1916 gert honum kost á að kaupa sömu gærurnar fyrir 18000 kr. en kveðst ekki hafa sint því, af því að hann, eftir framkomu stefnda í þessum viðskift-

um, hafi eigi treyst honum til að halda gerða samninga, og þá verið ráðinn í að halda samningnum að stefnda samkvæmt efni hans. — Þetta tilboð, er áfrýjandi sá sér eigi fært að sinna, virðist eigi geta komið til greina til að takmarka skaðabótakröfu áfrýjanda í þessu máli. — Og þar sem telja verður að áfrýjandi hafi eftir atvikum fært nægar sannanir fyrir því, að verð á gærum hafi verið kr. 1,50 kg. um það leyti, er samningnum skyldi fullnægt, verður að taka skaðabótakröfu hans til greina, og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 4905 kr. 25 aur. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 13. febr. f. á. til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Magnús Stefánsson greiði áfrýjanda Garðari Gíslasyni fyrir hönd G. Gíslason & Hay Ldt. 4905 kr. 25 aur. með 6% ársvöxtum frá 13. febr. f. á. til greiðsludags. Svo greiði stefndi áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum bera að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 17. júnímán. 1918.

Nr. 13/1918. Eiríkur Filippusson
gegn
Tómasi Tómassyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði aðalsök og gagnsök; höfðaði stefndi Tómas Tómasson ölgerðarmaður í Reykjavík aðalsökina fyrir bæjarþinginu þar gegn áfrýjanda Eiríki Filippussyni tómthúsmanni sama staðar til greiðslu á húsaleigu og lóðarleigu samtals 109 kr., en áfrýjandi höfðaði gagnsökina á hendur stefnda til greiðslu á andvirði fyrir ofn o. fl. samtals kr. 89,80. Málunum lauk með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 17. jan. þ. á., þannig að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 68 kr., en stefndi skyldi greiða áfrýjanda 12 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður í aðalsök og gagnsök skyldi falla niður.

Áfrýjandi hefir skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. febr. þ. á.; hefir hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, er hefir krafist þess, að áfrýjandi verði, með eða án fyllingareiðs, sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 89 kr. 80 a. að frádregnum 15 kr. eða 74 kr. 80 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til sín.

Það er hins vegar aðalkrafa stefnda, að verða sýknaður af öllum kærum og kröfum áfrýjanda og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 109 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum. Þessi krafa kemur þó ekki til álita með því að stefndi hefir eigi áfrýjað málinu. En til vara krefst hann að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað í yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir bæjarþinginu var krafa stefnda þannig sundurliðuð: herbergisleiga í húsinu nr. 21 B við Njálsgötu kr. 105,00, kálgarðsleiga kr. 24,00 og gjald fyrir að láta 3 kassa standa á lóð hússins kr. 10,00 alls 139 kr., að frádregnum 30 kr., er taldar voru greiddar stefnda. Áfrýjandi hafði á leigu loftherbergi í nefndu húsi stefnda $10^1/_2$ mánaðartíma, og taldi stefndi húsaleiguna 10 kr. á mánuði, en áfrýjandi mótmælti því, og kvað stefnda hafa leigt sér herbergið fyrir að eins 5 kr. á mánuði. En með því áfrýjandi hefir eigi sannað að þetta hafi verið samningur þeirra stefnda, og mánaðarleigan, sem stefndi telur sér, virðist eftir atvikum eigi vera óhæfilega há, verður að fallast á kröfu hans að þessu leyti. Þá hefir áfrýjandi og haldið því fram, að með því að herbergisleigan hafi átt að greiðast eftir á fyrir hvern mánuð, hafi leigan frá 1. apríl 1917 eigi verið gjaldkræf 18. apríl s. á. þegar stefndi höfðaði málið og geti hann því eigi fengið dóm fyrir henni í þessu máli. Þessi mótmæli áfrýjanda hefir undirdómarinn samþykt og verður þá, eins og málið liggur fyrir,

við svo búið að standa, og telst þá þessi kröfuliður eins og í bæjarþingsdómnum 90 kr. að frádregnum 30 kr. er fyr getur og réttilega eru taldar greiddar upp í þessa leigu, eða 60 kr.

Áfrýjandi neitar því að sér beri að greiða stefnda neina kálgarðsleigu, með því að hann hafi leyft sér afnot kálgarðsins ókeypis sumarið 1916. Í kaupsamningi, dags. 26. júní s. á., um nefnda húseign milli málsaðila, er það tekið fram, að kaupandi (stefndi) njóti arðs af eigninni frá 1. júlí, og með því að áfrýjandi hefir eigi sannað, að kálgarðurinn hafi verið undanskilinn, verður hann að greiða leigu fyrir hann, sem eigi virðist of hátt ákveðin í dómnum 8 krónur.

Krafa stefnda um leigu fyrir lóð undir kössum var eigi tekin til greina í dómnum og kemur því eigi hér til álita.

Krafa áfrýjanda á hendur stefnda kr. 89.80 er samkvæmt reikningi hans andvirði fyrir þessa muni: ofn 45 kr., 14 tunnur mulnings á 70 aura kr. 9.80, 6 staurar, 1 planki og 1 borð 20 kr., 1 kassi með læsing og lömum 10 kr. og spilt og töpuð kol 5 kr.

Ofn sá, er getur í reikningnum, var í húsinu 21 B við Njálsgötu þegar stefndi keypti það af áfrýjanda, og má telja sannað að hann hafi þá verið múrfastur, og með því húsið var selt með öllu múrföstu og ofn þessi eigi undanskilinn, verður að telja hann eign stefnda samkvæmt kaupsamningum, og getur áfrýjandi þá ekki krafist borgunar fyrir hann sérstaklega; er því eigi heimild til að taka þennan kröfulið til greina.

Það er sannað að áfrýjandi muldi grjótið fyrir stefnda og að sá mulningur hafi verið 14 tunnur. Stefndi hefir eigi sannað að hann hafi greitt áfrýjanda neitt fyrir þetta verk; hann kemst því eigi hjá að greiða honum hæfilegt kaup fyrir það, og með því að stefndi hefir eigi sýnt fram á að borgunin, 70 a. fyrir hverja tunnu, sé of há, verður að fallast á þennan kröfulið.

Áfrýjandi hefir eigi gegn neitun stefnda sannað að hann hafi fengið hjá sér timbur það, er í reikningnum er talið fyrir 20 kr., og verður sá liður reikningsins því ekki tekinn til greina. Tveimur seinustu liðum reikningsins mótmælti stefndi, en það sannaðist með vitnaskýrslum í málinu, að stefndi lét flytja kassa með kolum í, er áfrýjandi átti á húslóðinni, og að kassinn brotnaði eða gliðnaði við flutninginn, svo að það smærsta af kolunum fór úr honum niður í bleytu. Fyrir þessi spjöll virðist áfrýjandi eiga rétt á bótum, og þykja þær eftir því sem upplýst er, hæfilega settar í dómnum 5 kr.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að áfrýjanda ber að greiða stefnda 68 kr. að frádregnum kr. 9,80 og kr. 5,00 eða kr. 53,20, án vaxta með því að stefndi hefir eigi krafist þeirra í héraði.

Málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður fyrir báðum réttum.

Flutningur málsins af hendi skipaðs talsmanns áfrýjanda hefir verið löglegur, og ber honum í málflutningslaun 20 kr. er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eiríkur Filippusson greiði stefnda Tómasi Tómassyni 53 kr. 20 a. — Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður. Skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist í málflutningslaun 20 kr. úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 17. júní 1918.

Nr. 7/1918. Símon Njálsson
gegn
Garðari Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Garðar kaupmaður Gíslason í Reykjavík gegn áfrýjanda Símoni Njálssyni sama staðar til greiðslu á skuld að upphæð 53 kr. 51 e. og var það dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 31. maí f. á., á þá leið, að Símon Njálsson á að greiða Garðari Gíslasyni áminstar 53 kr. 51 e. með 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1917 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað; ennfremur var hann dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í landssjóð fyrir að hafa látið far-

ast fyrir að mæta á sáttafundi til sáttaumleitunar í málinu. Bæjarþingsdómi þessum hefir Símon Njálsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 11. febr. þ. á. og gerir hann þær réttarkröfur, aðallega að málsmeðferðin í héraði verði ónýtt og málinu vísað frá bæjarþinginu, en til vara að dómi bæjarþingsins verði breytt þannig að hann verði algerlega sýknaður; svo krefst hann og þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer. Hinsvegar hefir stefndi, Garðar Gíslason, gert þær réttarkröfur, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Ónýtingar- og frávísunarkröfu sína rökstyður áfrýjandi fyrst og fremst á þá leið, að málið sé í eðli sínu sjódómsmál og hafi ranglega verið sótt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur; það sé höfðað til endurgreiðslu á kaupi fyrir veru áfrýjanda á mótorbát vetrarvertíðina 1916. Þessu mótmælir stefndi og telur að málið sé venjulegt viðskiftaskuldamál. Eftir reikningi þeim frá stefnda, sem er grundvöllur málsins og fram er lagður í því, hefir áfrýjandi fengið hjá stefnda frá því í febrúar þangað til í ágúst 1916 7 peningaupphæðir (þar í lífsábyrgðargjald) samtals 277 kr. 34 a, og er fyrsta upphæðin greidd 21. febrúar en hin síðasta 19. ágúst, en hins vegar hefir áfrýjandi lagt inn til stefnda 13. maí aflahlut sinn af mótorbát 223 kr. 83 a. Mismunurinn, hin umstefnda skuld, 53 kr. 51 e. kemur þannig fram sem venjuleg viðskiftaskuld, og verður eigi fallist á þá skoðun

áfrýjanda, að stefnda hafi borið að sækja hana fyrir sjódómi. Þá er það önnur ástæða fyrir ónýtingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda, að stefnan til bæjarþingsins sé ólögleg, því að í henni sé eigi minst á það, hvernig á kröfunni standi, heldur aðeins kveðið svo að orði, að áfrýjandi skuldi hina umstefndu upphæð. Það er að vísu rétt, að í stefnu og sáttakæru er eigi gerð nánari grein fyrir upphæðinni en sú, að áfrýjandi skuldi stefnda hana, en þar sem stefndi er kaupmaður, mátti telja það sjálfgefið að um viðskiftaskuld væri að ræða. Stefndi hefir ómótmælt haldið því fram, að málsaðilar hafi engin önnur viðskifti haft en þau, er hin umstefnda skuld er sprottin af og grein er gerð fyrir með áður áminstum reikningi. Það verður því eftir öllum atvikum að líta svo á, að krafa stefnda hafi verið nægilega skilgreind í bæjarþingsstefnunni, og verður ónýtingar- og frávísunarkrafa áfrýjanda, er hér að lýtur, eigi tekin til greina. Enn er það ein ónýtingarástæða áfrýjanda, að málið hafi verið svo illa útlistað fyrir bæjarþinginu af hálfu stefnda, að þar hafi borið að vísa því frá dómi, en á þetta verður eigi fallist, því að stefndi lagði fram fyrir bæjarþingsréttinn stefnu, sáttakæru og ítarlegan, sundurliðaðan viðskiftareikning, og voru þessi skjöl svo úr garði gerð, að á þeim mátti byggja dóm um aðalefni málsins.

Og kemur nú aðalefni þess til álita. Áfrýjandi neitar því að hann skuldi stefnda nokkuð, en hann hefir þó ekki synjað fyrir það, að hann hafi meðtekið hjá stefnda framantaldar peningaupphæðir, samtals 277 kr. 34 a. og verður þá að líta svo á að

hann hafi viðurkent þessa úttekt. Hins vegar mótmælir hann því, að aflahluturinn af mótorbátnum (hlutur af »Heru« kr. 215,20 lifur, o. fl. kr. 8,63) = kr. 223,83, sé rétt reiknaður, og telur vanta sundurliðaðan reikning yfir aflann, verð hverrar tegundar o. s. frv. Afrýjandi hefir þó ekki gert neina grein fyrir því, að hverju leyti og á hvern veg aflahlutur hans á mótorbátnum sé rangt reiknaður, nema að því leyti að hann segist halda fast við, að lifrarhlutur hans að minsta kosti sé of lágt reiknaður. Vefenging hans á reikningnum, svo óákveðin sem hún er, virðist eftir málavöxtum eigi verða tekin til greina og krafa hans um sundurliðaðan reikning yfir aflann á mótorbátnum þykir eigi vera réttmæt á þessu stigi málsins, og getur eigi leitt til þess að færð verði niður eða feld niður skuldakrafa stefnda. Samkvæmt því er nú hefir verið sagt, verður að taka aðalkröfu stefnda til greina og dæma áfrýjanda til að borga hina umstefndu skuld með vöxtum, eins og bæjarþingsdómurinn hefir gjört.

Af skjölum málsins sést að áfrýjandi var fjarverandi á sjó (»til sjós«) er sáttakæran og réttarstefnan í héraði var birt, og verður að ætla að hann hafi ekki fengið vitneskju um þessar birtingar áður en málið var tekið undir dóm í héraði. Það þykir því rétt að fella niður sekt þá, sem honum er gjörð með bæjarþingsdómnum, og láta málskostnað í héraði falla niður, en málskostnað fyrir yfirdómi verður áfrýjandi að greiða stefnda og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandi Símon Njálsson greiði stefnda Garðari Gíslasyni kr. 53,51 með 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1917 til greiðsludags og málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. Annar málskostnaður fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 24. júní 1918.

5/1918. Hannes Jónsson o. fl.
gegn
Sparisjóði Árnessýslu.

Dómur:

Samkvæmt skuldabréfi dags. á Fossi á Síðu 9. nóv. 1911 fekk Jón Steingrímsson, þá bóndi á Fossi, 10000 kr. að láni hjá Sparisjóði Árnessýslu. Í skuldabréfinu eru meðal annars þau ákvæði, *að* lántakandi skuli endurgjalda alt lánið innan 15. nóv. 1912, *að* vextirnir 6% á ári skuli greiddir fyrirfram og *að* hann hafi til tryggingar láninu fengið áfrýjendur þessa máls, þá Hannes Jónsson bónda á Núpstað, Berg Bergsson bónda á Kálfafelli, Sigurð Jónsson bónda á Maríubakka, Jón Jónsson bónda á Þverá, húsfrú Ragnhildi Steingrímsdóttur á Rauðabergi,

Eirik Steingrímsson bónda á Fossi, Jón Sigurðsson bónda á Svínafelli, Þorstein Ásgrímsson á Kirkjubæjarklaustri og Einar Bergsson á Mýrum, alla í Skaftafellssýslu, auk Jóns Magnússonar þá bónda í Gaulverjabæ, til þess að rita undir skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, og ábyrgjast þeir lánið allir fyrir einn og einn fyrir alla »þar til það er að fullu borgað ásamt vöxtum«.

Um leið og lánið var tekið greiddi lántakandi eins árs vexti fyrirfram, 2. og 31. desbr. 1912 voru vextir greiddir af láninu til 16. nóv. 1913, og hinn 26. júní 1914 voru vextir greiddir af því til 17. nóv. 1914.

Með því að hvorki lántakandi né ábyrgðarmennirnir gerðu eftir þetta nein skil fyrir láninu, höfðaði stjórn sparisjóðsins, þeir Guðmundur Sigurðsson verzlunarmaður, Sigurður Guðmundsson bóksali og Sveinbjörn Ólafsson verzlunarmaður, allir til heimilis á Eyrarbakka, fyrir hönd sjóðsins með 4 stefnum dags. 20. sept. 1915 mál þetta fyrir gestarétti Árnessýslu gegn lántakanda Jóni Sigurðssyni og framannefndum ábyrgðarmönnum að Jóni Magnússyni undanskildum, og lauk því máli svo fyrir nefndum rétti, að hinir stefndu voru dæmdir til þess in solidum að greiða sparisjóðnum upphæð lánsins 10000 kr. með 7% ársvöxtum frá 17. nóv. 1914 til greiðsludags. Auk þess var lántakandi Jón Steingrímsson dæmdur til að greiða sparisjóðnum 80 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hafa framannefndir ábyrgðarmenn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. jan. þ. á.

og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sparisjóðsins og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stjórn sparisjóðsins, sem stefnt hefir verið, hefir hins vegar krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Áfrýjendur skýra svo frá tildrögum láns þessa, að sumarið 1911 hafi Jón Magnússon, þá bóndi í Gaulverjabæ, komið til Jóns Steingrímssonar á Fossi og boðið að afhenda honum ábúðarréttinn að Gaulverjabæ og selja honum hús, girðingar og nokkuð af búi fyrir 10,000 kr. Hafi Jón í fyrstu verið tregur til þessara samninga, en þó hafi Jón Magnússon tjáð honum, að stjórn sparisjóðs Árnessýslu, sem gagnkunnug sé í Gaulverjabæ, sé reiðubúin til að lána hverjum, sem þetta vilji kaupa, það sem til þeirra kaupa þurfi, þ. e. 10,000 kr. gegn sjálfskuldarábyrgð nokkurra manna; hefði það þá orðið úr, að Jón Steingrímsson hafi farið að Gaulverjabæ til að skoða það, sem á boðstólum var. Um haustið sendi Jón Magnússon austur til Jóns Steingrímssonar; virðast kaupin þá hafa farið fram, og var þá útbúið framannefnt skuldabréf til sparisjóðsins og ábyrgðarmenn fengnir.

Um vorið 1912 fór Jón Steingrímsson að Gaulverjabæ samkvæmt samningnum við Jón Magnússon, og halda áfrýjendur því fram, að alt það, er Jón Steingrímsson hafi fengið fyrir 10,000 krónurnar, hafi aðeins verið nokkrar kýr og lítilfjörlegt »drasl« alt í hæsta verði 2—3 þúsund króna virði; hafi þessi

kaup gjört hann öreiga, enda hafi hann flosnað upp frá Gaulverjabæ árið eftir. Halda áfrýjendur því fram, að stjórn sparisjóðsins eigi sök á því, að svona hafi farið fyrir Jóni með því að veita honum lánið, þótt henni hafi verið kunnugt um það, hvers virði það var, er hann átti að fá fyrir 10,000 krónurnar, að stjórnin hafi sýnt hina mestu ógætni við lánveitinguna og jafnvel verið í vitorði með Jóni Magnússyni til að féfletta Jón Steingrímsson og gabba ábyrgðarmennina. Stjórnin hafi séð hvernig efnin gengu af honum, vitað þegar hann flosnaði upp frá Gaulverjabæ, en þrátt fyrir það hafi hún enga tilraun gert til að ná reitum hans upp í lánið eða aðvarað ábyrgðarmennina, heldur hafi hún gefið lántakanda greiðslufrest hvað eftir annað. Með þessu framferði sínu gagnvart ábyrgðarmönnunum, sérstaklega með því að semja um greiðslufrest á láninu við lántakanda í samtals 2 ár, hafi stefndu aukið áhættu þeirra, svo að þeir séu lausir allra mála við ábyrgð á láninu.

Stefndu neita því hinsvegar eindregið, að þeir á nokkurn hátt hafi stuðlað að umgetnum samningi milli þeirra Jóns Magnússonar og Jóns Steingrímssonar; þeir hafi ekkert vitað um samninga þeirra fyr en lántakandi hafi komið til þeirra með skuldabréfið 9. nóv., sem hann og ábyrgðarmennirnir hefðu þá verið búnir að undirskrifa; skjalið hafi þá verið eins og það er nú, að því undanteknu að gjalddagi lánsins hafi verið in blanco, en með því að þeir hefðu fengið þær upplýsingar, að lántakandi væri ungur og efnilegur bóndi, er nyti almenns trausts hjá sveitungum sínum og að ábyrgðarmennirnir væru vel

efnaðir menn og nægileg trygging fyrir lánu, hafi þeir veitt lánið, enda hefði þeim verið sagt, að Jón Magnússon ætti laglegt bú í Gaulverjabæ og hefði lagt þar mikið í kostnað, bæði í húsabyggingar, girðingar og fleira, og hefði þeim verið sagt að alt þetta fylgi með í kaupunum til Jóns Steingrímssonar auk bústofns og búsáhalda. Hafi þeir því haft ástæðu til að ætla að Jón Steingrímsson kæmist að góðum kaupum, og sé það því óréttmætt að saka þá um ógætni við lánveitinguna. Þá neita stefndu því, að þeir hafi veitt Jóni Steingrímssyni nokkurn greiðslufrest; hið eina, sem þeir hafi gjört, hafi verið það tvívegis að taka á móti vöxtum af láninu, er annar en lántakandi bauð fram greiðslu á þeim; þeir hafi álitið sér þetta bæði heimilt og skylt, og hafi ekki aukið áhættu ábyrgðarmannanna að neinu leyti. Ábyrgðarmennirnir hafi gengið í ábyrgð fyrir Jón Steingrímsson til þess að reisa bú í Gaulverjabæ og hafi þeim hlotið að vera það ljóst, að hann væri ekki fær um að greiða svo stórt lán strax á næsta ári, og það að enginn gjalddagi var ákveðinn í skuldabréfinu er ábyrgðarmennirnir undirskrifuðu það, sýni og ljóslega, að þeir hafi enga áherzlu lagt á gjalddagann, en þótt svo yrði litið á, að þeir hefðu veitt lántakanda gjaldfrest með því að taka á móti vöxtunum, hefði slíkt verið heimilt, með því að í skuldabréfinu væri ákveðið að ábyrgðarmennirnir ábyrgðust greiðslu lánsins »þar til það væri að fullu borgað ásamt vöxtum«, en í þessu ákvæði lægi heimild fyrir lánveitanda til veitingar á gjaldfresti þeim, er hér hefði átt sér stað.

Svo sem fram hefir verið tekið átti lánið samkvæmt skuldabréfinu að greiðast 15. nóv. 1912 og voru vextir greiddir til þess dags um leið og lánið var tekið; síðan voru vextir greiddir 2. og 31. desbr. 1912 fyrir tímabilið frá 15. nóv. 1912 til 16. nóv. 1913 og 26. júní 1914 fyrir árið frá 16. nóv. 1913 til 17. nóv. 1914. Þar sem ekki er upplýst í málinu að ábyrgðarmennirnir hafi int vaxtagreiðslur þessar af hendi, verður að gera ráð fyrir því að lántakandi hafi greitt eða látið greiða fyrir sína hönd vextina í þessi 3 skifti, og þótt umræddar vaxtargreiðslur séu ekki nema að nokkru leyti fyrirframgreiðslur, er það engu að síður auðsætt, að stjórn sparisjóðsins hefir, með því að veita vöxtunum móttöku, veitt lántakanda frest á greiðslu höfuðstólsins fyrir það tímabil, er vextirnir voru greiddir fyrir fyrirfram, en þetta virðist samt sem áður ekki geta losað ábyrgðarmennina, áfrýjendur þessa máls, við skuldbindingar þeirra eftir innihaldi skuldabréfsins 9. nóv. 1911.

Eins og tekið hefir verið fram, inniheldur skuldabréfið ákvæði um að ábyrgðarmennirnir ábyrgist lánið »þar til það er að fullu borgað«. Þetta ákvæði bréfsins virðist beint gera ráð fyrir því að lánið verði framlengt að öllu eða einhverju leyti, og það verður því að líta svo á að umrætt ákvæði þess feli í sér samþykki ábyrgðarmannanna til framlengingar á láninu. Það verður því ekki fallist á það, að áfrýjendur hafi losnað við ábyrgð á umræddu láni fyrir þá sök, að stjórn sparsjóðsins veitti hinum umgetnu vöxtum móttöku, og með því að áfrýjendur hafa heldur ekki fært nein rök fyrir því, að stefndu hafi

beitt neinum blekkingum gegn lántakanda eða ábyrgðarmönnum eða yfirleitt stuðlað að því með röngum skýrslum, að ábyrgðarmennirnir tóku að sér ábyrgð á umgetnu láni, ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða hina umstefndu upphæð, 10000 kr., með 7% ársvöxtum frá 17. nóv. 1914 til greiðsludags, og staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm að því er til þeirra tekur.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði 1. okt. og dómur kveðinn upp 15. desbr. f. á. en fyrir þessum dráttí eru færð fullnægjandi rök.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður að því er til áfrýjendanna tekur.

Áfrýjendurnir Hannes Jónsson, Bergur Bergsson, Sigurður Jónsson, Jón Jónsson, Ragnhildur Steingrímsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Jón Sigurðsson, Þorsteinn Ásgrímsson og Einar Bergsson greiði in solidum hinum stefndu Guðmundi Sigurðssyni, Sigurði Guðmundssyni og Sveinbirni Ólafssyni fyrir hönd sparisjóðs Árnessýslu 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur

séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 24. júní 1918.

Nr. 93/1917. Björn Líndal fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar gegn Árna Jónatanssyni og Valgeiri Árnasyni.

Dómur:

Máli þessu var með landsyfirréttardómi, uppkveðnum 2. okt. 1916, vísað heim til dómsáleggingar um efni þess, og hefir samkvæmt því verið kveðinn upp efnisdómur í málinu í aukarétti Eyjafjarðarsýslu 29. maí f. á. á þá leið að hinir stefndu Árni Jónatansson og Valgeir Árnason voru sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda Björns Líndals fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar og hann dæmdur til að greiða þeim 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. nóv. f. á.

Það er efni málsins, að með bréfi dags. 17. apríl 1914, þingl. 22. maí s. á. afsalaði stefndi Árni Jónatansson, bóndi á Auðbrekku í Skriðuhreppi, syni sínum stefnda Valgeiri Arnasyni til eignar nefnda jörð Auðbrekku með hjáleigunni Bláteig, gegn því að

Valgeir tæki að sér að sjá um greiðslu á skuldum þeim, er á jörðinni hvíldu, samtals 3005 kr., en án frekara endurgjalds, en hjáleiguna hafði Árni bygt Ólafi Tryggvasyni bónda í Dagverðartúngu með byggingarbréfi dags. 7. ágúst 1909 og sat Ólafur enn í þeirri byggingu, þegar afsalið fór fram. Með afsalinu taldi Ólafur brotin á sér lög um forkaupsrétt leiguliða 20. okt. 1905, þar sem honum hafði eigi verið gerður kostur á að neyta forkaupsréttar síns, eins og lögin mæla fyrir, og fól hann Birni Líndal yfirréttarmálaflutningsmanni að reka réttar síns í því efni. Höfðaði þá Líndal þetta mál og voru kröfur hans fyrir aukaréttinum þær, að sala jarðarinnar Auðbrekku »ásamt hjáleigunni Bláteig« til Valgeirs Árnasonar samkvæmt afsalsbréfi 17. apríl 1914 verði dæmd ógild gagnvart Ólafi Tryggvasyni, og honum tildæmd jörðin með hjáleigunni ásamt öllu því, er fylgt hefir, fyrir sama verð og með sömu borgunarskilmálum og þar greinir, en til vara, verði svo litið á að Bláteigur sé sérstök jörð, að sala þessarar jarðar verði dæmd ógild og hún tildæmd Ólafi Tryggvasyni fyrir hlutfallslegan hluta þess verðs, er Auðbrekka og Bláteigur voru báðar seldar fyrir miðað við hundraðatal eða til vara eftir dómkvaddra manna mati. Einnig krafðist áfrýjandi skaðabóta af Árna Jónatanssyni samkvæmt mati dómkvaddra manna fyrir tjón það, er Ólafur Tryggvason hefði beðið við það að honum var synjað forkaupsréttarins, og ennfremur 50 kr. skaðabóta af Árna fyrir það að hann hefði meinað Ólafi afnot Bláteigs 1914, og að þetta hvorttveggja kæmi til frádráttar af kaupverði ofan-

greindra jarða eða jarðar, og loks krafðist áfrýjandi málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins.

Þessum sömu kröfum hefir áfrýjandi haldið fram hér fyrir réttinum, svo og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu hinna stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að málið hafi verið of seint höfðað og að því hafi eigi verið framhaldið með hæfilegum hraða eins og fyrir er mælt í 6. gr. fyrnefndra laga. Það er eigi sannað að Ólafur Tryggvason hafi fengið vitneskju um afsal jarðanna fyr en það var þinglesið á manntalsþingi 22. maí 1914, en sáttakæra í málinu var birt 21. nóv. s. á. og sáttafundur haldinn 3. desbr. og var þá er málið var kært til sáttafundar eigi liðinn frestur sá, sem ákveðinn er í tilvitnaðri lagagrein, og málið því nægilega snemma höfðað. Eftir það var málinu stefnt fyrir aukarétt Eyjafjarðarsýslu með stefnu dags. 11. maí 1915 til fyrirtektar að afloknu manntalsþingi að Staðartungu, er síðan yrði auglýst, og síðan var það dómfest á manntalsþinginu 15. júní s. á.

Það verður nú eigi talinn hæfilegur hraði á rekstri þessa máls að réttarstefna í því var eigi útgefin fyr en rúmum 5 mánuðum eftir sáttafundinn, og með því að áfrýjandi hefir eigi fært neinar gildar ástæður til afsökunar þessum drætti, verður að líta svo á, að hann hafi eigi fullnægt áminstu fyrirmæli laganna, og hafi fyrir því glatað rétti sínum til þess

að átelja afsalsgjörninginn 17. apríl 1914 milli hinna stefndu. Það ber því að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í þessu máli. Og með því að niðurstaðan þannig verður hin sama og í aukaréttardómnum og yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði hans, má staðfesta nefndan dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða hinum stefndu og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Björn Lindal fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar greiði stefndu Árna Jónatanssyni og Valgeiri Árnasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. júlí 1918.

Nr. 92/1917.

Páll Magnússon, Runólfur Stefánsson og Sigurður Jónsson
gegn
Guðmundi Kristjánssyni
Pétri Þ. J. Gunnarssyni og
Þórði Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalmál og gagnmál. Aðalmálið höfðuðu hinir stefndu Guðmundur B. Kristjánsson skipstjóri, Pétur Þ. J. Gunnarsson kaupmaður og Þórður Guðmundsson sjómaður, allir til heimilis í Reykjavík, fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjendunum Páli Magnússyni járnsmið, Runólfi Stefánssyni skipstjóra og Sigurði Jónssyni steinsmið, öllum til heimilis í Reykjavík, til þess að fá þá dæmda til að greiða þeim 10131 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 og málskostnaði, en áfrýjendurnir höfðuðu gagnsök fyrir gestaréttinum, kröfðust sýknunar í aðalsök og í gagnsökinni að stefndu yrðu dæmdir til að greiða þeim 5597 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. desbr. 1916. Svo kröfðust þeir málskostnaðar í aðalsök og gagnsök.

Málum þessum lauk svo með dómi gestaréttarins uppkveðnum 18. ág. f. á., að áfrýjendurnir voru dæmdir til þess, einn fyrir alla og allir fyrir einn, að greiða stefndu 2480 kr. 50 a. með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12 nóv. f. á. og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim 5597 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1917 til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndu hafa frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu

með stefnu dags. 28. jan. þ. á. og krafist þess í aðalmálinu að verða sýknaðir af öllum kröfum áfrýjenda, og í gagnsökinni að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim 10131 kr. að frádregnum 135 kr. með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati fyrir báðum réttum bæði í aðalsök og gagnsök. Til vara krefjast þeir að gestaréttardómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 11. apríl 1916 gjörðu áfrýjendur og stefndu þann samning milli sín, að áfrýjendur skuldbundu sig til að veita móttöku og kaupa allan síldarafla af mótorbát, c. 30 tonn að stærð, sem stefndu ætluðu að halda úti frá Siglufirði um sumarið; móttaka síldarinnar átti að fara fram eftir tilvísun áfrýjenda við skipshlið eða við bryggju á Siglufirði, þar sem báturinn flyti vel að, og skyldi byrjun afgreiðslu bátsins aldrei dragast lengur en 2 stundir á venjulegum vinnu- og afgreiðslutíma; fyrir hvert löglegt eða venjulegt mál af söltunarhæfri síld eftir úrskurði matsmanns við móttöku síldarinnar skyldu áfrýjendur greiða 15—16 kr., en úrgangssíld eftir gangverði. Hins vegar skuldbundu stefndu sig til þess, að selja áfrýjendum allan þann síldarafla, er veiddist á bátinn. Í samningnum var meðal annars ákveðið að stefndu skyldu lausir við ábyrgð og kröfur af hendi áfrýjenda, ef slys eða tjón á bátnum eða önnur óviðráðanleg atvik kæmu í veg fyrir síldveiðina og að seljendur (stefndu) skyldu enga kröfu hafa á kaupendur (áfrýjendur) um síldarkaupin »verði útflutningsbann á síld eða aðflutningsbann á

síldartunnum og salti«. Í samningnum var enn fremur ákveðið að áfrýjendur skyldu selja stefndu í hendur tryggingu Landsbankans fyrir 10000 kr., sem stefndu gætu gengið að eftir ákveðinn tíma, og skyldi upphæð þessi ganga upp í kaupverð síldarinnar meðan til hrykki, en næmi kaupverð hinnar aðfluttu síldar ekki þessari upphæð skyldu stefndu skila því aftur, sem umfram væri. — Í viðbót við þennan samning gjörðu aðilar annan samning 13. júlí s. á. um kaup eða leigu á 2 nótabátum og nót fyrir 6000 kr. ef kaup yrðu, en 3000 kr. ef leiga væri. Kemur aðilum saman um að kaup hafi farið fram, og voru stefndu kaupendur, en um andvirðið var svo um samið, að það skyldi greitt um leið og reikningsskil yrðu gjörð um síldina.

Með mótorbátnum »Hurry« sem stefndu höfðu keypt, hófu þeir svo síldveiðina, og keyptu áfrýjendur allan aflann og gekk svo til 2. ágústmán. og höfðu þeir þá, eftir þeirra eigin skýrslu, keypt 691 mál, en þann dag sögðu þeir samningnum upp, og kváðust ekki geta tekið á móti síldinni framvegis, en buðust jafnframt til að greiða fyrir sölu hennar. Var það gefið upp sem ástæða fyrir uppsögninni í símskeyti, sem áfrýjendur sendu stefndu, að skip það, sem flytja átti tunnur og salt til þeirra, hefði farið á grunn og þeir þess vegna eigi fengið tunnur og salt. Þessu svöruðu stefndu með símskeyti samdægurs og neituðu að taka uppsögnina gilda, og kváðust mundu ráðstafa síldinni framvegis á ábyrgð áfrýjenda og fyrir þeirra reikning, eftir því sem þeir gætu bezt. Eftir þetta seldu stefndu afla bátsins öðrum, Bro-

bakke og Söbstad síldarkaupmönnum á Siglufirði, og voru það 950½ mál síldar. Í byrjun septembermán. fengu áfrýjendur tunnur og salt, og tóku á ný við afla mótorskipsins »Hurry«, en það voru að eins 24 mál, með því að síldveiði var þá úti.

Út af þessum viðskiftum gerðu stefndu svo upp reikning sinn, að þeir töldu áfrýjendur skulda sér 10131 kr. Áfrýjendur mótmæltu því hins vegar að þeir skulduðu stefndu nokkuð, og töldu þvert á móti til skuldar hjá þeim að upphæð 5597 kr.

Stefndu halda því fram að uppsögn samningsins hafi verið ólögmæt, með því að áfrýjendur hafi að eins getað leyst sig frá samningnum um síldarkaupin, ef útflutningsbann hefði verið sett á síld eða aðflutningsbann á síldartunnur og salt, en hvorugu þessu sé hér til að dreifa. Enn fremur telja þeir að áfrýjendur hafi brotið samninginn með seinni afgreiðslu skipsins við móttöku síldarinnar, en samningurinn kveður á um. Samkvæmt þessu gerðu stefndu upp reikning sinn þannig að þeir reikna áfrýjendum alla síld, er »Hurry« aflaði yfir síldveiðitímann

1665½ mál á 16 kr.		kr. 26648 00
og áætlað aflatjón fyrir tafir skipsins, 300 mál á 16 kr.		— 4800 00
	Alls	kr. 31448 00

Upp í þetta telja þeir greitt:

1. Frá Landsbankanum	kr. 10000 00	
2. Andvirði fyrir 2 báta og nót	— 6000 00	
Flyt	kr. 16000 00	kr. 31448 00

Fluttar	kr. 16000 00	kr. 31448 00
3. Seld síld fyrir reikning áfrýjenda 950½ mál	— 5317 00	— 21317 00
	Mismunur	kr. 10131 00

sem var dómkrafa stefndu í undirrétti.

Gagnvart þessum reikningi halda áfrýjendur því fram, að verð fyrir hvert mál af síld eigi að reiknast 15 kr., að síld sú, sem var seld Brobakke og Söbstað sé þeim óviðkomandi, og því ekki heimild til að færa þeim til gjalda mismuninn á söluverði þessarar síldar og síldarverðsins eins og það var ákveðið í samningnum, en til vara halda þeir því fram að umrædd síld hafi ekki verið söltunarhæf og hafi verið seld sem bræðslusíld, enda hafi enginn matsmaður verið kallaður til, eins og ákveðið hafi verið í samningnum, utan einu sinni og í það skifti hafi síldin verið úrskurðuð ósöltunarhæf úrgangssíld. Enn fremur halda áfrýjendur því fram að söluverð síldarinnar sem úrgangssíldar hafi verið oflágt, með því að slíka síld hafi mátt selja fyrir 8 kr. málið. Loks mótmæla áfrýjendur kröfu stefndu um skaðabætur fyrir töf skipsins sem gjörsamlega rangri. Gera þeir upp reikninginn á þá leið að stefndu hafi fengið:

1. Frá Landsbankanum	kr.	10000 00
2. Andvirði 2 báta og nótar	—	6000 00
3. Vextir af nefndu söluverði	—	137 00
4. Provision til Landsb. af 10000 kr.	—	50 00
5. Salt 9 tn. á 15 kr.	—	135 00
Flyt samtals	kr.	16322 00

		Fluttar kr.	16322 00
Þar upp í móttekið:			
Síld áður en samningunum var sagt upp 691 mál á 15 kr.	kr. 10135 00		
Síld eftir að tunnuskipið kom 24 mál á 15 kr.	— 360 00	—	10725 00
		Mismunur kr.	5597 00

sem var dómkrafa áfrýjenda í héraði.

Þessa reikningsuppgerð telja stefndu ranga, sérstaklega mótmæla þeir því að þeim beri að greiða vexti af kaupverði báta og nótar 137 kr. og provisíon til Landsbankans 50 kr. Á þetta verður að fallast, með því að andvirði bátanna átti samkvæmt samningnum ekki að greiðast fyr en við reikningsskil, og provisiónina til Landsbankans verða áfrýjendur sjálfir að bera, þar sem ekki var sjerstaklega umsamið að stefndu ættu að greiða hana. Hins vegar hafa stefndu kannast við að þeim beri að greiða andvirðið fyrir saltið 135 kr.

Aðalatriðið í máli þessu er það, hvort áfrýjendur hafa haft heimild til að segja samningnum upp. Sem ástæðu fyrir uppsögninni færðu áfrýjendur upphaflega það, að skip það, er átti að flytja þeim tunnur og salt, hefði farið á grunn og orðið þess vegna að fara í þurkví til viðgerðar og tafist þess vegna. Stefndu mótmæltu þegar þessari ástæðu sem ógildri. Það er nú ekki upplýst hvenær eða hve lengi skipið tafðist við þetta, enda virðist það ekki skifta máli, því gegn hinum skýru orðum samningsins getur þessi uppsagnarástæða ekki tekist til greina. Þá halda áfrýj-

endur því fram, að Englendingar hafi tafið skipið, er það loks var á leið hingað með tunnurnar og saltið til þeirra, og með því gjört það að verkum að það komst ekki til Siglufjarðar fyr en í lok síldveiðatímans, en gegn mótmælum stefndu verður þessi uppsagnarástæða heldur eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að þetta skip hafi orðið fyrir nokkrum óvenjulegum töfum vegna hernaðarráðstafana, og þótt skipið hefði verið tafið í för sinni hingað um fleiri eða færri daga, þá getur þetta ekki réttlætt uppsögnina á samningnum, því að orð hans hljóða beint um aðflutningsbann á tunnum og salti. En þá hafa áfrýjendur haldið því fram að frá því seint í júlímán. hafi Bretar faktiskt hindrað allan aðflutning hingað til lands á tunnum og salti, með því að halda skipum, er slíkar vörur fluttu, kyrrum í brezkum höfnum, þótt banninu hafi ekki verið beinlínis lýst. En þetta er ekki sannað í málinu, og í annan stað er það vitanlegt að það er ekki rétt að um alment faktiskt bann hafi verið að ræða, en það eitt virðist geta komið til álita gagnvart orðum samningsins, að flutningur á þessum vörum væri hindraður eða bannaður almennt, en ekki hitt þótt eitthvert einstakt skip eða skip einnar þjóðar eða til nokkurra einstakra manna hafi verið tept um tíma á ferð sinni hingað. Það verður því ekki séð, að áfrýjendur hafi haft lögmætar ástæður til að segja sig lausa frá samningnum.

Þá kemur til álita hvort síld sú, er stefndu seldu þeim Brobakke og Söbstad, hafi öll verið samningsleg vara, söltunarhæf síld, sem þeir hafi haft rétt til að

færa áfrýjendum til reiknings fyrir 15—16 kr. hvert mál. Þessu neita áfrýjendur eindregið að halda því fram, að samkvæmt samningnum hafi stefndu borið að láta síldarmatsmann skoða og meta síldina, en það hafi þeir vanrækt af þeirri ástæðu, að ekkert af síld þessari hafi verið söltunarhæf og sje þessi síld því ranglega færð þeim til reiknings. Stefndu halda því hins vegar fram, að þeim hafi engin skylda borið til að annast um að síldin væri metin, að áfrýjendur hafi verið nægilega aðvaraðir um að gæta hagsmuna sinna, þar sem þeir hafi þegar í stað fengið tilkynningu um að síldinni yrði ráðstafað fyrir þeirra reikning og á þeirra ábyrgð; hafa stefndu auk þess leitt hásetana af mótorbátnum sem vitni og bera þeir það að báturinn hafi aldrei verið lengur úti í einni veiðiferð en 9 klstundir, utan einu sinni 19 stundir, og hafi síldin öll verið óskemd nema ef til vill í þetta eina sinn. Vitnisburðum hásetanna hafa áfrýjendur mótmælt sem vilhöllum vegna þess að vitnin hafi verið ráðin upp á hlutdeild í afla.

Síld þessi seldist á 5—6 kr. málið, en af þessu verður ekki ráðið hvort síldin var góð og gallalaus vara, með því að það verður að teljast nægilega upplýst í málinu að ekki var hægt að selja síld á Siglufirði ósamningsbundið fyrirfram hærra verði en umrædd síld var seld sökum almenns skorts á tunnum og salti, og varð þá að selja síldina því verði, sem bræðsluhúsin vildu gefa, hvort sem hún var söltunarhæf eða ekki. — Af samningnum verður það ekki dregið, að stefndu hafi borið skylda til að sjá um að síld þessi yrði metin. Áfrýjendur höfðu skuld-

bundið sig til þess að kaupa allan afla bátsins, og eftir því sem fram er komið í málinu hefir öll síldin af »Hurry« þar til samningnum var sagt upp, verið söltunarhæf, og það er ekkert fram komið í málinu er sanni það að veiðiskap hafi verið hagað öðru vísi eftir samningsuppsögnina en áður, eða að síldin hafi verið orðin eldri en áður hafði verið, þegar hún kom að landi. Það virðist því vera ástæða til að ætla að síldin hafi verið lík að gæðum, þegar að landi var komið eins og hún hafði verið áður en áfrýjendur sögðu upp samningnum. Þó má telja það upplýst að um 70 mál, er báturinn aflaði í eitt skifti hafi ekki verið söltunarhæf síld, en út frá þessu tilfelli er ekki hægt að álykta neitt um gæði síldarinnar í önnur skifti.

Með því áfrýjendur höfðu fengið næga aðvörun um að gæta réttar síns, og þeir höfðu skuldbundið sig að kaupa allan síldarafla bátsins, en það er þeirra hagur að fá það ákveðið hve mikið af aflanum var úrgangssíld, virðist rétt að ganga út frá því, að síldin hafi verið söltunarhæf nema að svo miklu leyti, sem hið gagnstæða er upplýst, en það má telja um umgetin 70 mál.

Samkvæmt þessu verður að álíta að stefndu geti fært áfrýjendum til reiknings af síld þeirri, er seld var Brobakke og Söbstad, 880½ mál af söltunarhæfri síld og 70 mál af úrgangssíld. Sú málatala, er áfrýjendur verða að greiða er þá 1595½ mál á 15 kr. málið, með því að stefndu hafa ekki gegn mótmælum áfrýjenda sannað að hærra verðið, 16 kr., hafi verið

sérstaklega umsamið, og 70 mál af úrgangssíld og virðist hvert mál af þeirri síld hæfilega sett á 5 kr.

Tafir þær við afgreiðslu skipsins og þar af leiðandi aflatjón, sem stefndu hafa krafist bóta fyrir, hafa þeir ekki fært sönnur á, og verður því krafa þeirra, er að þessu lýtur, ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður yfirlit yfir viðskifti málsaðila þannig:

1595½ mál af síld á 15 kr.		kr. 23932 50
70 mál af úrgangssíld á 5 kr.		— 350 00
		kr. 24282 50
Þar upp í greitt samkvæmt reikningi stefndu	kr. 21317 00	
Andvirði salts	— 135 00	kr. 21452 00
	Mismuninn	kr. 2830 50

ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en að öðru leyti skulu málsaðilar sýknir hvor af annars kröfum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í aðalsök og gagnsök bæði fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, Páll Magnússon, Runólfur Stefánsson og Sigurður Jónsson, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiði stefndu, Guðmundi B. Kristjánssyni, Pétri Þ. J. Gunnarssyni og Þórði Guðmundssyni 2830 kr. 50 au. með 6% ársvöxt-

um frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en að öðru leyti eiga málsaðilar að vera sýknir hvor af annars kröfum.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. júlí 1918.

Nr. 14/1918. St. Stephensen gegn hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Dómur:

Mál þetta er risið út af aukaútsvari, er stefnda, hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi, lagði á áfrýjanda, St. Stephensen, árin 1914 og 1915 fyrir afnot jarðarinnar Bændagerðis í nefndum hreppi; krafðist hreppsnefndin þess, að aukaútsvarið væri tekið lögtaki hjá áfrýjanda með því að hann greiddi það eigi góðviljuglega. Um þessa kröfu, sem mótmælt var af áfrýjanda, kvað fógetaréttur Eyjafjarðarsýslu hinn 13. september f. á. upp svofeldan úrskurð, að hin umbeðna lögtaksgjörð skuli njóta framgangs. Þess-

um úrskurði hefir St. Stephensen skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 4. marzmánaðar þ. á., og eru það kröfur hans hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði úr gildi feld, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann krafist þess fyrir hönd nefndarinnar, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest og að hreppsnefndinni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eins og málið eigi væri gjafvarnarmál.

Eins og tekið hefir verið fram var hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður kveðinn upp 13. septbr. f. á. og var úrskurðinum samstundis fullnægt á þá leið, að umboðsmaður rekvisiti þá þegar galt í fógetaréttinum upphæðirnar, sem lögtak var gjört fyrir ásamt kostnaðinum við gerðina, en með fyrirvara, ef úrskurðinum yrði áfrýjað og honum breytt. Lögtaksgjörðinni er þó eigi áfrýjað fyr en með stefnu 4. marz þ. á., en þá var áfrýjunarfresturinn löngu liðinn, sjá lög nr. 29, 16. desbr. 1885, 11. gr. Með því að eigi hefir verið fengin uppreisn til áfrýjunarinnar, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verður eigi dæmt málflutningskaup, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast að málsvörnin hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandi, St. Stephensen, greiði stefndu, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 1/1918

Margrét Árnason
gegn
Kaupfélaginu »Ingólfi«, Helga Jónssyni framkvæmdarstjóra og skiftaráðandanum í Árnessýslu, Boga Brynjólfssyni settum sýslumanni, fyrir hönd dánarbús Ólafs Árnasonar.

Dómur:

Við skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri, sem dó 2. júní 1915, hélt áfrýjandi þessa máls, Margrét Árnason, ekkja Ólafs Árnasonar, en skilin við hann að borði og sæng samkvæmt leyfisbréfi, dags. 18. júní 1909, því fram, að hún yrði talin eigandi að öllu því af búinu að sínum hluta eignanna, er óskift hefði verið og

vantalið fram af manni hennar við skilnað þeirra að borði og sæng, og sem verið hefði sérstaklega verzlanir, hús og lóðarréttindi, er þau Ólafur Árnason hefðu átt á Eyrarbakka og Stokkseyri, svo og að arði eignanna að sínum hluta. Þessari kröfu áfrýjanda var hrundið með úrskurði skiftaréttarins uppkveðnum 23. maí 1916 og var sá úrskurður staðfestur með landsyfirréttardómi uppkveðnum 8. jan. f. á. Í því máli kom það fram, að Ólafur Árnason hafði með kaupsamningi, dags. 1. febr. 1907 og afsalsbréfi dags. 1. nóv. s. á., selt kaupfélaginu »Ingólfi« á Stokkseyri allar húseignir með lóðarréttindum og mannvirkjum honum tilheyrandi, er talin væru í virðingargerð dags. 1. des. 1905, sem þó eigi var lögð fram í málinu, en enginn ágreiningur var um það, að eignir þessar væru aðallega á Stokkseyri, þó að þess sé eigi getið í kaupsamningnum eða afsalsbréfinu. Margrét Árnason mótmælti þessari sölu og taldi hana ógilda og bygði á því kröfu sína um, að eignir þessar væru teknar til skifta með öðrum fjármunum dánarbúsins, en þessi mótmæli voru, sem fyr segir, eigi tekin til greina. En nú hefir Margrét Árnason með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 1. okt. f. á., krafist þess, að hann með fógetagjörð samkvæmt N. L. 6—14—6 og lögum nr. 1, 12. jan. 1884, 29. gr., beri kaupfélagið »Ingólf« á Stokkseyri og Helga Jónsson framkvæmdarstjóra þess út úr húsum sínum á Stokkseyri, þ. e. húsum þeim, er Ólafur Árnason seldi kaupfélaginu samkvæmt áðursögðu. Við fógetagerð, er haldin var 12. s. m. úr-

skurðaði fógetinn, að krafa gerðarbeiðanda yrði eigi tekin til greina.

Þessum úrskurði hefir Margrét Arnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á. og krafist þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að kaupfélagið og framkvæmdarstjóri þess, Helgi Jónsson á Stokkseyri verði borinn út úr húsum hennar á Stokkseyri og Eyrarbakka og hún sett inn i umráð og afnot eignanna að hennar hluta.

Fyrir yfirdóminum hefir verið mætt af hendi kaupfélagsins »Ingólfs« og Helga Jónssonar, svo og fyrir hönd dánarhús Ólafs Árnasonar og þess verið krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða hverjum fyrir sig hinna þriggja varnaraðila málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir nú enn í þessu máli haldið því fram, að sala Ólafs Árnasonar til kaupfélagsins 1907 á eignum þeirra hjóna á Stokkseyri og Eyrarbakka sé ógild, en hér verður aðeins um að ræða hús á Stokkseyri, með því að fógetagjörðin og gjörðarbeiðnin tók aðeins til þeirra. Ástæður fyrir því að salan sé ógild telur áfrýjandi þær, *að* með skjali dags. 14. maí 1906 hafi þau Ólafur Árnason gert þá skipun, að sameign þeirra skyldi með öllu slitið frá þeim degi, og hafi Ólaf eftir það brostið heimild til að ráðstafa helmingi áfrýjanda af eignum þeirra, þar á meðal helmingi eignanna á Stokkseyri, *að* Ólafur hafi síðar, er þau gerðu með sér full fjárskifti 18. marz 1909 dregið undan eignir þessar eða andvirði þeirra, *að* dagsetning afsalsbréfsins til »Ingólfs« pt. Reykja-

vík 1. maí 1907 eins og hún var skráð í afsalsbréfabók Árnessýslu, sé fölsuð, með því að Ólafur þann dag hafi verið í Kaupmannahöfn, og *að* afsalsbréfið hafi eigi verið fyrirfram innritað til þinglesturs fyr en 24. júní 1914 eftir að áfrýjandi hafði látið innrita til þinglesturs mótmæli gegn sölunni.

Um skjalið 14. maí 1906 er það fyrst að athuga, að ekki var fengin konungleg staðfesting á því samkvæmt fyrirmælum í lögum nr. 3, 12. jan. 1900 3. gr. og að ekkert hafði verið gert til að framkvæma hin ráðgerðu sameignaslit, þegar Ólafur gerði kaupsamninginn við kaupfélagið 1. febr. 1907, en hann var þá löglegur umráðamaður alls félagsbúsins og bær um að selja eignir þess. Á skjali þessu verður því ekkert bygt til að hnekkja sölunni. Þá er það og sjálfgefið, að Ólafur Árnason gat eigi við fjárskiftin 18. marz 1909 talið með eignum félagsbúsins eignir þær, er hann hafði selt kaupfélaginu 1907, en það, hvort Ólafur hafi talið fram alt andvirði eignanna við téð fjárskifti eða dregið eitthvað af því undan, sem er ósannað, skiftir kaupfélagið engu og getur eigi raskað sölunni. Það er sannað að rétt dagsetning afsalsbréfsins er 1. nóv. 1907 og að dagsetningin »1. maí 1907« í afsalsbréfabók Árnessýslu, stafar af mislestri, en þetta skiftir eigi máli, með því að undirskrift Ólafs undir afsalið hefir eigi verið véfengd, svo að það var jafnbindandi fyrir félagsbúið hvor dagsetningin, sem verið hefði hin rétta. Þá skiftir það og engu að afsalsbréfið var eigi innritað til þinglesturs fyr en gert var, með því að áfrýjandi gat

eigi ónýtt söluna, þótt óþinglesin væri, með því að láta þinglesa mótmæli gegn henni.

Allar þessar ástæður fyrir ógildingu sölunnar komu fram af hálfu áfrýjanda í fyrgreindu máli, er dómur landsyfirréttar gekk í 8. jan. f. á., en í þeim dómi er svo kveðið á, að kaupsamningurinn 1. febr. 1907 og afsalsbréfið 1. nóv. s. á. verði að teljast næg sönnun þess, að farið hafi fram lögleg sala eins og greint er í skjölum þessum á verzlunum Ólafs Árnasonar til kaupfélagsins »Ingólfs«. Það er þannig útkljáð mál fyrir þessum rétti að sala Ólafs Árnasonar til »Ingólfs«, á umgetnum eignum verður að teljast gild gagnvart dánarbúi hans. Nú hefir áfrýjandi eigi í þessu máli talið neinar aðrar ástæður fyrir því, að salan eigi þó að vera ógild gagnvart áfrýjanda, og verður því að líta svo á, að áfrýjanda bresti heimild til að rifta sölunni, en á slíkri heimild er bygð krafa áfrýjanda um útburð kaupfélagsins og hins stefnda framkvæmdarstjóra úr hinum seldu húsum á Stokkseyri. Þessi krafa verður því eigi tekin til greina og ber þá að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Kaupfélaginu »Ingólfi« hefir eigi verið birt áfrýjunarstefna í málum og engum fyrir þess hönd, og þykir eigi ástæða til að dæma því málskostnað. En hins vegar verður áfrýjandi eftir úrslitum málsins að greiða skiftaráðanda í dánarbúi Ólafs Árnasonar fyrir hönd dánarbúsins og Helga Jónssyni framkvæmdarstjóra málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr. til hvors.

Áfrýjandi hefir í sóknarskjölum sínum viðhaft þessi ummæli: »hann (málfærslumaður verjanda, Egg-

ert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður) er eins og frakkur heimarakki í réttinum«. »Hvað vill maðurinn (Eggert Claessen) með þessi sífeldu ósannindi sem aðeins skíta hann sjálfan út —« »og þannig var hugleysið, að yfirvaldið (Guðmundur sýslumaður Eggerz) þorði ekki að láta mig ná rétti mínum og ofbeldið gífurlegt til að vernda kaupfélagið »Ingólf« og bankann frá því að skila mér réttmætri eign minni. Fyrirlitleg er sú dómarasál, sem er þræll manna eða málefna þeirra eða fyrri yfirsjóna sinna«, og í framlögðu skjali, stýluðu til sýslumannsins í Árnessýslu um vitnin Helga Jónsson og Þórð Jónsson: »Búðarmenn Ólafs Helgi og Þórður ljúgvitni«. Fyrir þennan ósæmilega ritháttt verður áfrýjandi að sæta sekt, er ákveðst 30 kr. og renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði stefndu, Helga Jónssyni og skiftaráðanda í dánarbúi Ólafs Árnasonar, settum sýslumanni Boga Brynjólfssyni fyrir hönd dánarbúsins í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr. hvorum og sekt 30 kr., helminginn til landssjóðs og helminginn til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Gjöld þessi greiðist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 68/1917. Björn Guðmundsson
gegn
Bjarna Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta féll í rétt samkvæmt yfirréttarstefnunni 24. sept. f. á. Síðan hefir mál þetta verið rekið hér fyrir réttinum og hafa báðir málsaðilar fengið frest í því hvað eftir annað. Við fyrirtekt málsins 24. f. m. fékk umboðsmaður áfrýjanda vikufrest og málsskjölin léð, en við næstu fyrirtekt málsins að þessum fresti liðnum, 1. þ. m. mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Hins vegar mætti umboðsmaður stefnda, krafðist þess að málið væri hafið og umbjóðanda sínum dæmdur málskostnaður. Skjöl málsins, er voru í vörzlun umboðsmanns áfrýjanda, afhenti hann yfirdóminum 6. þ. m.

Kröfu málaflutningsmanns stefnda um að málið verði hafið, verður að taka til greina, en með tilliti til þess að hann gat krafist fullnaðardóms í málinu, eins og það lá fyrir, er hann lagði það í dóm 24. f. m., virðist ekki næg ástæða til þess að dæma honum ómaksbætur.

Því dæmist rjett vera:

Mál þetta skal hafið. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 27/1918. Magnús Guðmundsson
gegn
Torfa J. Tómassyni.

Dómur:

Yfirdómsstefnan í máli þessu hefir ekki verið birt fyrir stefnda Torfa J. Tómassyni, en á stefnuna hefir yfirdómsmálaflutningsmaður Páll Jónsson skrifað hann taki á móti stefnu í málinu með samþykki stefnda. Það er þó engin sönnun sýnd fyrir því, að stefndi hafi veitt þetta samþykki og verður því að líta svo á, að honum sé óstefnt í málinu, enda er það ósannað, að hann hafi fengið nokkra vitneskju um málsskotið, en það leiðir til þess, að málinu verður ex officio að vísa frá yfirdóminum, og fellur málskostnaður eftir þessum úrslitum niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi, málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

79/1917. Stjórn hlutafélagsins »Herjólfur«
gegn
Guðmundi Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Guðmundur Olafsson yfirréttarmálaflutningsmaður í Reykjavik, fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn áfrýjendum stjórnendum hlutafélagsins »Herjólfur« í Vestmannaeyjum, þeim Magnúsi Guðmundssyni útvegsbónda, Þorsteini Jónssyni útvegsbónda, Gísla Lárussyni gullsmið, Sveini Scheving hreppstjóra og Halldóri Gunnlaugssyni héraðslækni, öllum í Vestmannaeyjum, til þess að fá þá dæmda til, að viðlögðum dagsektum, að gera sér sem eiganda að 95 hlutabréfum í félaginu reikningsskil á hag h/f. Herjólfs, og greiða sér þá upphæð, sem hann samkvæmt þeirri reikningsgerð ætti inni hjá félaginu ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati.

Þessu máli lauk svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 19. maí 1917, að áfrýjendurnir, stjórnendur h/f. Herjólfs voru dæmdir til þess að viðlögðum 5 kr. dagsektum innan 2 mánaða frá lögbirtingu dómsins að gera grein fyrir hag félagsins og greiða síðan hinum stefnda það, sem honum ber að tiltölu af hreinni eign félagsins, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hafa framannefndir stjórnendur h/f. Herjólfs skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. sept. f. á., og krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda, Guðmundar Ólafssonar, og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins, en með því að hann hefir eigi áfrýjað málinu, getur krafa hans um málskostnað fyrir undirrétti ekki komið til álita.

Hlutafélagið Herjólfur var stofnað í þeim tilgangi að reka verzlun í Vestmannaeyjum, en eftir því sem fyrir liggur virðist það hafa verið ákveðið á félagsfundi haustið 1913 að leysa upp félagið sökum þess, að það var komið í svo miklar skuldir, að ekki þótti fært að halda verzlunarrekstrinum áfram, að minsta kosti verður að telja það viðurkent í málinu, að félagið hafi hætt verzlunarstarfsemi sinni fyrir eða um 1. desbr. nefnt ár. Og bar þá stjórnendum félagsins, áfrýjendum þessa máls, samkvæmt lögum þess, að koma eignum þess í peninga, innheimta útistandandi skuldir og greiða skuldir þær, er á félaginu hvíldu, en afgangurinn átti að skiftast milli hluthafa eftir réttri tiltölu við hluta- eða stofnbréfaeign hvers félagsmanns. Er málið risið út af því að stefndi, sem er eigandi að 95 hlutabréfum í félaginu, að upphæð 25 kr. hvert, krafðist þess að stjórn félagsins gerði honum grein fyrir hag félagsins og greiddi honum það, er honum bæri í sinn hluta af tekjuafganginum, en áfrýjendur neituðu að taka þá kröfu til greina.

Áfrýjendur byggja sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefndi sé eigi réttur eigandi hlutabréfanna með því að framsalið til hans sé ógilt, fyrir þá sök að vanrækt hafi verið að bjóða stjórn félagsins bréf þessi til kaups, en samkvæmt 6. gr. í lögum félags-

ins eigi stjórnin fyrir hönd félagsins forkaupsrètt á þeim; stefndi eigi því enga kröfu á hendur félaginu eða stjórn þess. Hlutabréf þessi átti upphaflega Jón Einarsson kaupmaður á Gjábakka í Vestmannaeyjum, en hann framseldi bréfin dr. phil. Alexander Jóhannessyni 3. ágúst 1916, en hann framseldi þau aftur stefnda 23. s. m., en með því að stjórn félagsins hefir með bréfi dags. 6. nóv. 1912 hafnað því að kaupa umgetin hlutabréf og lýst því yfir að eigandanum Jóni Einarssyni væri heimilt að selja þau öðrum, verður þessi sýknunarástæða ekki tekin til greina, með því líka líta verður svo á, að úr því félagið var hætt störfum og stjórn þess hafði ekki annað verkefni en að koma eigum þess í peninga og greiða áhvílandi skuldir, þá hafi það legið fyrir utan verksvið hennar að kaupa hlutabréf félagsins fyrir þess hönd.

Þá halda áfrýjendur því fram, að stjórn félagsins sé ekki skyld til þess að gera stefnda einum út af fyrir sig reikningsskil fyrir hag félagsins, með því að slík skylda hvíli að eins á stjórninni gagnvart félaginu í heild sinni en ekki gagnvart hverjum einstökum félagsmanni, og loks halda þeir því fram, að að svo stöddu sé ekki unt að gera upp hag félagsins bæði sökum þess að ekki hafi verið unt að innheimta að fullu útistandandi skuldir þess og skilagrein ókomin frá málaflutningsmönnum þeim, er fengnir hafi verið til að innheimta skuldirnar, svo og sökum þess að félagið eigi í máli út af mikilli fjárhæð, er enn sé óútkljáð.

Í 9. gr. í lögum félagsins, er lögð hafa verið fram

í málinu, er ákveðið að á aðalfundi félagsins skuli leggja fram til úrskurðar ársreikning félagsins og efnahagsreikning. Í 14. gr. laganna er ákveðið, að stjórnin beri ábyrgð fyrir félaginu og eftir 21. gr. sömu laga er það einungis almennur fundur félagsmanna, er getur ákveðið að leysa upp félagið, og þá er slíkt hefir verið ákveðið er í sömu grein mælt svo fyrir, að stjórnin eigi að annast um að koma eignum félagsins í peninga og sjá um greiðslu skulda.

Eftir eðli málsins og ofangreindum ákvæðum í lögum félagsins verður að líta svo á, að stjórnin einnig að þessu leyti beri ábyrgð gagnvart félaginu eða lögmætum fundi, og eigi að leggja lokareikning félagsins fyrir almennan fund hluthafa til úrskurðar, en af þessu virðist auðsætt, að það eru einungis félagsmenn á lögmætum félagsfundi, er geta krafist reikningsskila af stjórninni en ekki einstakir félagsmenn, nema því að eins að félagslögin veiti þeim heimild til þess, en þar sem ekkert slíkt ákvæði er í lögum h.f. Herjólfs, verður að fallast á þá skoðun áfrýjendanna að þeir sjeu ekki skyldir til þess að gera stefnda reikningsskil fyrir hag félagsins svo sem hann hefir krafist.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda, en eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Það athugast að málið var lagt í dóm í héraði 19. jan. 1917, en dómur var ekki kveðinn upp í því fyr en 19. maí s. á. og hefir undirdómarinn ekki fært neinar ástæður fyrir þessum drætti. En með

því dómaranum hefir ekki verið stefnt til ábyrgðar út af meðferð málsins verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þennan drátt á uppsögn dómsins.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, stjórn hlutafélagsins Herjólfur, þeir Magnús Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Gísli Lárusson, Sveinn Scheving og Halldór Gunnlögsson skulu vera sýknir af kærum og kröfum stefnda, Guðmundar Ólafssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 29. júlí 1918.

Nr. 15/1918. Sigfús Sveinsson fyrir hönd Sigfússonar-verzlunar gegn Ingólfi Einarssyni.

Dómur:

Afrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinsson verzlunarstjóri fyrir hönd Sigfússonar-verzlunar á Norðfirði, gerði samning 20. jan. 1916 við Guðjón Símonarson, Einar Brynjólfsson og Jón Bjarnason, alla á Nesi í

Norðfirði, um kaup á mótorbát, er nefndist »Fuglinn« og verzlunin skyldi selja nefndum mönnum. Var kaupverðið ákveðið 4000 kr. og skyldi greiðast á 5 árum með jöfnum afborgunum, en þangað til það væri að fullu greitt skyldi báturinn vera eign seljanda; hann skyldi þá þegar fenginn í hendur kaupendum til afnota, og meðan þeir hefðu afnotin og hefðu eigi greitt andvirðið að fullu skyldi allur afli bátsins ganga til seljanda, teljast seldur honum fyrirfram með almennu gangverði og vera hans eign frá því, er hann kæmi á land, en kaupendum óheimilt að selja hann öðrum eða á annan hátt ráðstafa honum án vitundar seljanda. Fiskur sá, er eftir þetta aflaðist á »Fuglinn« var eins og um var samið lagður inn í útgerðarreikning bátsins við Sigfússonarverzlun þangað til 29. nóv. 1916, er tveir af kaupendum bátsins, Guðjón Símonarson og Jón Bjarnason, fóru fram á, að nokkuð af fiskinum, er þeir þá lögðu inn af afla bátsins, væri skrifað á nafn Ingólfs Einarssonar, sem stefndur er í þessu máli; voru það 252 kílógr. af Labradorfiski á 48 au. hvert og 101 kílógr. af Labradorýsu á 36 au. hvert, eða fiskur fyrir alls 157 kr. 32 au. Verzlunarþjónn áfrýjanda tók á móti fiskinum, ritaði hann eins og um var beðið inn til Ingólfs og gaf út vigtarseðil á hans nafn. Þessa innlagningu áleit áfrýjandi ógilda, með því að hún færi í bág við samninginn, lét ónýta hana og skrifa fiskinn inn í útgerðarreikning »Fuglsins«; neitaði hann Ingólfi Einarssyni, er hann krafðst þess, að greiða honum andvirðið, 157 kr. 32 au., og höfðaði þá Ingólfur þetta mál fyrir aukarétti Suð-

ur-Múlasýslu til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða honum þessa upphæð með 5% vöxtum, og var málið dæmt í þeim rétti 24. okt. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda nefnda upphæð með 5% ársvöxtum frá 14. maí f. á. til greiðsludags og 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12. marz þ. á. og gert þær kröfur, að dómnum verði breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í málinu og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi, Ingólfur Einarsson, hefir hins vegar krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það verður að teljast upplýst í málinu, að þeir Guðjón Símonarson og Jón Bjarnason hafi lagt inn fiskinn í reikning stefnda við Sigfússonar-verzlun, en ekki stefndi sjálfur, eins og hann heldur fram, og að fiskurinn hafi verið veiddur á »Fuglinn«; svo verður og að telja það viðurkent, að áfrýjandi hafi eigi samþykt að fiskurinn væri skrifaður í reikning stefnda. Var það þannig brot á samningnum við áfrýjanda, er tveir af kaupendunum þó létu gera þetta. En stefndi lítur svo á, að þetta skifti ekki máli, með því að verzlunarþjónn áfrýjanda hafi athugasemdalaust skrifað fiskinn inn í reikning stefnda og afhent honum vigtarmiða, og verði áfrýjandi að hlíta þeim gerðum verzlunarþjónsins án tillits til þess, hvort hann hafi samþykt þær eða eigi. Fyrir yfirdóminum

hefir stefndi neitað því, að hann hafi vitað um samninginn 20. jan. 1916. Aftur á móti heldur hann því fram, að verzlunarþjónninn hafi þekt samninginn, en það telur hann þó engu skifta.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að það hafi verið óvarkárni verzlunarþjónsins að hann tók við fiskinum í reikning stefnda, og hafi hann enga heimild haft til þess né umboð, og hafi áfrýjandi þegar sama dag mótmælt því, að stefndi fengi fiskinn útborgaðan. Fiskurinn hafi verið eign áfrýjanda og þeir Guðjón Símonarson og Jón Bjarnason enga heimild haft til að ráðstafa honum, en frekari rétt en þeir áttu hafi þeir eigi getað veitt stefnda, enda hafi stefnda átt að vera fullkunnugt um þau eignarhöft, sem fiskurinn var bundinn, með því að samningurinn hafi verið þinglesinn 20. júní 1916.

Fyrir aukaréttinum mótmælti stefndi því eigi, að áfrýjandi hefði sama dag, sem innskriftin fór fram, neitað að borga honum fiskinn, og eigi heldur því, að honum (stefnda) hafi verið kunn ákvæði samningsins um fisk þann, er aflaðist á »Fuglinn«. Neitun hans á þessum atriðum hér fyrir réttinum getur því eigi komið til greina gegn mótmælum áfrýjanda. Að stefndi hafi þekt nefnt samningsákvæði styrkist við það, að hann er sonur eins af kaupendum og útgerðarmönnum bátsins og að hann var að fiskveiðum á bátnum að því er virðist alt sumarið og haustið 1916. Hinir 2 kaupendurnir hafa og vottað, að þeir viti með vissu að stefnda hafi verið kunnugt um samninginn, og þó að vottorð þeirra hafi eigi verið staðfest fyrir rétti og stefndi hafi mótmælt því

sem röngu, verður það í sambandi við önnur upplýst atvik hér að lútandi eigi talið þýðingarlaust.

Þegar gjört er ráð fyrir því, eins og rétt virðist vera, að stefndi hafi þekt umgetið samningsatriði og að hann eða útgerðarmenn bátsins hafi eigi fengið eða leitað samþykkis áfrýjanda til að víkja frá því, og þar sem að öðru leyti ekkert er framkomið um það að stefndi hafi haft ástæðu til að ætlað, að áfrýjandi vildi samþykkja eða hefði leyft verzlunarþjóninum að gera slík afbrigði frá samningnum, og þar sem áfrýjandi þegar sama dag mótmælti innskriftinni til stefnda, þá verður eigi ætlað, að stefndi fyrir það eitt að verzlunarþjónninn í óleyfi áfrýjanda skrifaði áminstan fisk inn til stefnda og fékk honum vigtarseðil, hafi öðlast neina kröfu á hendur áfrýjanda til að fá greitt andvirði fiskjarins. Það þykir því eiga að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda og breyta þannig hinum áfrýjaða dómi.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigfús Sveinsson fyrir hönd Sigfússonar-verzlunar á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ingólfs Einarssonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 29. júlí 1918.

Nr. 19/1918. Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps
gegn
Sigurgeir Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Sigurgeir Einarsson kaupmaður hér í bænum fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda hreppsnefnd Torfalækjarhrepps í Húnavatnssýslu til þess að fá hana dæmda til að greiða honum andvirði baðlyfs kr. 76,76 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1915 og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 24. apríl f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda umstefndar 76 kr. 76 au. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags; málskostnaður var látinn falla niður, en málfærslumanni hreppsnefndarinnar, Magnúsi Sigurðssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, var dæmt málflutningskaup, 30 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir hreppsnefnd Torfalækjarhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. apríl þ. á. Hefir hreppsnefndin fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hreppsnefndin verði algerlega sýknuð af kröfum stefnda, Sigurgeirs Einarssonar, og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að

skaðlausu fyrir undirrétti og yfirdómi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málavextir eru þeir, að haustið 1914 sendi stefndi baðlyfssendingu til kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi, er hann ætlaðist til að færi til hreppsnefndar Torfalækjarhrepps, og hafði stjórnarráðið fyrir hönd hreppsnefndarinnar greitt andvirði baðlyfs þessa, en með því að vanskil urðu á afhendingu baðlyfsins, sendi stefndi eftir kröfu hreppsnefndarinnar 10. febr. 1915 á ný baðlyf til nefndarinnar. Var þessi sending 75 kg. Með því að hin fyrri sending kom fram og var afhent hreppsnefndinni í janúarmánuði 1915, krafðist stefndi þess, að nefndin greiddi andvirði síðari sendingarinnar kr. 76,76.

Í málinu er það viðurkent, að hreppsnefndin hefir fengið báðar baðlyfjasendingarnar, en hún telur sér eigi skylt að greiða andvirði síðari sendingarinnar sökum þess að stefndi hafi eftir kröfu hennar gengið inn á að láta síðari sendinguna af hendi endurgjaldslaust sem bætur fyrir mistök þau, er urðu á afgreiðslu fyrri sendingarinnar. Skýrir áfrýjandi þetta nánar þannig, að með því að fyrri baðlyfssendingin hafi ekki komið til skila á réttum tíma, hafi bændur í hreppnum neyðst til þess að notast við ófullnægjandi baðlyf um haustið, og hafi því síðar um veturinn orðið að framkvæma kláðaskoðun og baða féð á ný. Hafi því hreppsnefndin með bréfi dags. 28. jan. 1915 krafist þess að stefndi sendi henni umrædd 75 kg. af baðlyfjum sem bætur fyrir þessi óþægindi og fyrirhöfn, og hafi stefndi síðan sent baðlyfin án þess að hafa neitt við þetta að athuga,

og hafi honum þó þá verið orðið kunnugt um að fyrri baðlyfssendingin var komin fram. Krefst áfrýjandi þess, að skýrsla sín um innihald umgetins bréfs verði lögð til grundvallar í málinu, ef stefndi trássist við að leggja fram sjálft bréfið.

Stefndi kveðst hinsvegar hafa skilið umgetið bréf nefndarinnar svo, að hin fyrri sending hefði ekki komið til skila, og þar sem hann hefði fengið borgun fyrir hana, hefði honum þótt eðlilegt að nefndin vildi fá baðlyf í staðinn, og því hafi hann sent síðari sendinguna, en hitt hefði honum aldrei dottið í hug, að nefndin ætlaðist til þess að fá þessa síðari sendingu ókeypis, ef fyrri sendingin kæmi fram, og um bréfið 29. jan. segir stefndi að hann geti ekki lagt það fram, með því að það hafi glatast.

Með því að það er viðurkent í málinu að hreppsnefndin hefir veitt báðum baðlyfjasendingunum móttöku, og þar sem hún hefir ekki sannað, að stefndi hafi lofað síðari sendingunni sem bótum fyrir vanskilin á fyrri sendingunni, en í því efni verður ekki bygt neitt á því, að stefndi hefir ekki lagt fram hið tilvitnaða bréf frá 28. jan., þar sem það gegn neitun hans er ósannað að hann hafi haft bréf þetta í sínum vörzlum, er hann var krafinn um að leggja það fram, og með því að aðrar ástæður til sýknunar eru eigi fyrir hendi, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir dæmt hreppsnefndina til að greiða andvirði hinnar síðari baðlyfjasendingar 76 kr. 76 aura með vöxtum frá stefnudegi 11. júlí 1916 og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði aðalefni hans og ákvæðið um málskostnað, en málsvarnar-

launin í héraði eiga að greiðast yfirdómsmálaflutningsmanni Ólafi Lárussyni, er var skipaður málflutningsmaður hreppsnefndarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 kr. Hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda verður eigi dæmt málflutningskaup, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast að vörn málsins fyrir undirrétti og sókn fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður, þó svo að málsvarnarlaunin greiðist yfirdómsmálflutningsmanni Ólafi Lárussyni.

Áfrýjandi hreppsnefnd Torfalækjarhrepps greiði stefnda Sigurgeir Einarssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. september 1918.

Nr. 2/1918. Ásmundur Eiríksson
gegn
Páli Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir gestarétti Árnessýslu gegn áfrýjanda Ásmundi Eirikssyni bónda á Apavatni í Grímsnesi til greiðslu á 1490 kr. 50 a. er hann taldi sig eiga hjá áfrýjanda útaf innheimtu á skuld. Lauk því máli svo fyrir gestaréttinum með dómi uppkveðnum 17. okt. f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 1285 kr. 50 aura ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. jan. þ. á. og krefst hann þess, að dómnum verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda gegn því að greiða honum 55 kr. 50 a. og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í októbermánuði 1916 fól áfrýjandi þessa máls stefnda að innheimta skuld, er hann taldi til hjá kaupmanni einum á Stokkseyri. Í marzmán. 1917 fór stefndi austur á Stokkseyri til að innheimta skuldina, og með því hlutaðeigandi kaupmaður reyndist ófáanlegur til þess að greiða hana, lét stefndi gjöra kyrsetningu hjá honum og hélt málinu áfram eins og lög stóðu til, að hann segir, en meðan á þessum málarekstri sióð, tilkynti áfrýjandi stefnda með símskeyti 18. maí 1917,

að hann hefði sæzt á málið við hlutaðeigandi kaupmann og afturkallaði innheimtu-umboðið, og þetta ítrekaði hann með bréfi dags. 23. s. m.

Stefndi heldur því nú fram, að svo hafi verið umsamið, er hann tók að sér innheimtu á umgetinni skuld, að áfrýjandi skyldi greiða honum allan kostnað, er hann legði út vegna innheimtunnar, og fyrir starfa sinn skyldi hann (stefndi) hafa 10% af fyrstu 1000 kr. sem hann innheimti, 15% af næstu 1000 kr. og 20% af því, sem hann næði inn þar fram yfir. Telur stefndi að sér beri umsamin innheimtulaun af allri skuldinni, 6900 kr., þótt hann vegna afturköllunar á umboðinu innheimti ekkert af henni. Samkvæmt þessu taldi stefndi að hann ætti hjá áfrýjanda eftirstöðvar af útlögðum kostnaði vegna innheimtunnar 260 kr. 50 a. og umsamin innheimtulaun 1230 kr.

I undirrétti var áfrýjandi dæmdur til að greiða 55 kr. 50 a. af hinni fyrtöldu upphæð svo og umsamin innheimtulaun 1230 kr. Er enginn ágreiningur hér fyrir réttinum um fyrri upphæðina, en ágreiningurinn er einungis um síðari upphæðina, innheimtulaunin.

Áfrýjandi heldur því fram, að þar sem hann hafi afturkallað umboðið áður en stefndu hafi innheimt nokkuð af skuldinni, þá geti ekki komið til mála, að stefndi geti reiknað sér nein innheimtulaun, en það sem honum gæti borið sé að eins hæfileg ómakslaun fyrir þá fyrirhöfn, er hann hafi haft við innheimtuna til þess tíma, er umboðið var afturkallað, og það hafi hann verið fús til að greiða, auk

þess séu innheimtulaunin alt of hátt reiknuð og engin líkindi til þess að stefndi hefði getað innheimt nema lítinn hluta af kröfunni, og hefði áfrýjandi, er hann var búinn að kynna sér fjárhag skuldunauts svo og hvernig skuldakrafan var undir komin, gefið fullnaðarkvittun gegn því að hann greiddi sér 600 kr.

Umgetið innheimtuumboð hefir ekki verið lagt fram í málinu og um innihald þess eru engar þær upplýsingar fram komnar, er leiði til þess að ætla að áfrýjandi hafi ekki getað afturkallað það, er hann vildi. Hvaða innheimtulaunum stefnda hefir verið lofað, ef hann innheimti skuldina, virðist ekki skifta máli hér, með því að það verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda að innheimtulaun þau, er málsaðilar höfðu komið sér saman um og miðuð voru við ákveðinn hluta af því, er stefndi kynni að geta innheimt, geti ekki verið réttur mælikvarði fyrir borgun til stefnda fyrir starf hans við umrædda innheimtu, úr því ekkert varð úr henni, og eins og gera verður ráð fyrir að áfrýjandi hafi haft heimild til að afturkalla innheimtuumboðið hvenær sem hann vildi, eins verður og að álíta, að hann, er hann afréð að afturkalla umboðið, sé ekki skyldur til að greiða stefnda annað en kostnað þann, er hann hefir haft vegna innheimtunnar svo og sanngjarna borgun fyrir starf hans henni viðvíkjandi þar til umboðið var afturkallað. Það sézt nú af framlögðum reikningi stefnda að hann hefir varið 11 dögum til ferðalags austur á Stokkseyri í þessu skyni og þykir hæfilegt að áfrýjandi greiði honum 15 kr. kaup á dag fyrir þessa daga eða 165 kr. og þar sem einnig sézt af máls-

skjölunum að stefndi hefir unnið að innheimtumálinu eftir að hann kom heim til sín úr þessari ferð, ber og að dæma áfrýjanda til að greiða honum þóknun fyrir það starf, er ákveðst 35 kr. eða alls 200 kr.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 55 50+200.00 alls kr. 255.50 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 2. ágúst f. á. til greiðsludags, en eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Ásmundur Eiríksson greiði stefnda Páli Jónssyni 255 kr. 50 a. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 9. sept. 1918.

Nr. 4/1918. Magnús Tómasson
gegn
Þorvaldi Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Þorvaldur Bjarnarson bóndi í Núpakoti fyrir aukarétti Rangárvallasýslu gegn Magúsi bónda Tómassyni á Steinum til greiðslu skaðabóta fyrir það, að hann á ýmsa lund hefði farið ólöglega með og út fyrir umboð, sem Íslandsbanki veitti Magnúsi árið 1910 til þess að hafa umsjón með jarðeignum Þorvaldar, er veðsettar voru bankanum, og annast rekstur þeirra. Lauk málinu í aukaréttinum með dómi uppkveðnum 3. nóv. f. á. á þá leið, að Magnús Tómasson skyldi greiða Þorvaldi Bjarnarsyni 414 kr. 17 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en vera að öðru leyti sýkn af kærum hans og kröfum, og málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefir Magnús Tómasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. jan. þ. á. og eru það kröfur hans, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að teknar verði til greina kröfur hans fyrir aukaréttinum um sýknun og málskostnað, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þorvaldur Bjarnarson hefir af annari hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 17. apríl þ. á. og fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann, eru það kröfur hans, að áfrýjandi verði dæmdur eins og krafist var fyrir aukaréttinum og skyldaður til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins bæði fyrir undirrétti og yfirdómi.

Með umboðsskjali dags. 15. ágúst 1910 veitti

Þorvaldur Bjarnarson Íslandsbanka í Reykjavik heimild og umboð til að stjórna að öllu leyti eftirgreindum jörðum hans og jarðarpörtum, er veðsettar voru bankanum með bréfi dags. 21. júlí 1905: Voðmúlastöðum, 1/2 Arngeirsstöðum, eign stefnda í Hlíð og Rauðafelli, 1/2 Leirum, 1/2 Minniborg með eign stefnda í Yztabæli, Yztabæliskoti, Sitjanda, Miðbæli og Efrabakkakoti, Berjanesi og Berjaneskoti. Skyldi bankanum einum vera heimilt að innheimta alt eftirgjald og leigur jarðeignanna, byggja þær og leigja, ákveða leigumála og eftirgjald, og semja um nýjan og alt annað, er við kæmi stjórn jarðeignanna. Afganginum af tekjum jarðanna að frádregnum opinberum gjöldum og innheimtukostnaði skyldi bankinn verja til vaxta og afborganagreiðslu af skuld stefnda við bankann samkvæmt fyrnefndu veðbréfi. Bankanum skyldi heimilt að fela öðrum umboðið og gjalda kostnað við rekstur þess af afrakstri eignanna, og skyldi það eigi vera afturtækt fyr en skuld stefnda við bankann væri greidd.

Um leið og stefndi samdi þannig við bankann fékk hann honum í hendur lýsingu dags. 17. júní s. á. á jarðeignunum og leigumála þeirra. Samkvæmt umboðsskjali þessu fékk bankinn áfrýjanda Magnúsi Tómassyni umsjón með innheimtu af jarðeignunum gegn 8% innheimtulaunum af fé því, er hann innheimti og greiddi í bankann og setti honum erindisbréf dags. 19. okt. s. á. og hafði hann þessi störf á hendi um 4 ár, og eru síðustu reikningsskil hans til bankans fyrir fardagaárið 1913—14.

Nú heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi í

ýmsum greinum farið lengra en erindisbréf hans heimilar og lengra en vald það nær, er bankanum var veitt með umboðsskjalinu 15. ágúst 1910, hann hafi bæði með gjörðum sínum og aðgerðaleysi og jafn vel fjárdrætti í eigin hagsmunaskyni bakað stefnda verulegt fjártjón, er hann eigi kröfu til fullra bóta fyrir hjá áfrýjanda. Hér til telur stefndi það:

1.	að áfrýjandi hafi leigt jarðir fyrir lægra eftirgjald en á þeim var, þegar hann tók við umboðinu og gefið eftir eða vanrækt að innheimta jarðarafgjöld, og nemi þetta alls	kr.	372 24
2.	að hann hafi heimildarlaust svift stefnda leiguliðaafnotum af jörðinni Berjanesi og bakað honum með því tjón, er hann metur	—	9876 60
3.	að hann hafi tekið á móti hærra eftirgjaldi af sumum jörðunum, en hann skilaði Íslandsbanka og nemi sá munur	—	28 92
4.	að hann hafi greitt ólögmæt útgjöld af tekjum jarðanna, alls	—	115 00
	samtals	kr.	10392 76

er stefndi krafðist fyrir aukaréttinum og krefst nú hér fyrir réttinum að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér.

Áfrýjandi krefst sýknunar aðallega af þeirri ástæðu að hann sé rangur varnaraðili; hann hafi verið umboðsmaður Íslandsbanka, haft umsjón og umráð jarðeigna stefnda fyrir bankans hönd og að öllu leyti hagað sér eftir fyrirmælum hans, stundum eftir

beinu fyrirlagi hans um einstök atriði og að öðru leyti eftir hinu almenna umboði bankans; hafi bankinn tekið öll reikningsskil áfrýjanda góð og gild og tjáð sig fyllilega ánægðan með ráðsmensku hans. — Til vara krefst áfrýjandi sýknunar fyrir þá sök, að kröfur stefnda eigi við engin rök að styðjast.

Það er að vísu svo, að áfrýjandi var umboðsmaður Íslandsbanka, en ekki stefnda, og átti því að standa bankanum en eigi stefnda reikningsskap gerða sinna, að því leyti sem þær voru í samræmi við umboð stefnda til bankans og erindisbréf áfrýjanda. En stefndi heldur því fram, sem fyr getur, að ýmsar gerðir áfrýjanda hafi farið lengra en hann hafði fengið vald til frá bankanum og að hann hafi gert ýmsar þær ráðstafanir um eigir stefnda, er bankinn hafi eigi veitt eða getað veitt honum heimild til, og áfrýjandi því beri ábyrgð á, en ekki bankinn, enda tekur stefndi það fram, að hann í þessu máli kæri áfrýjanda aðeins fyrir það, sem hann hafi framið utan við umboðið 15. ág. 1910. Aðalsýknunarástæða áfrýjanda gefur því fyrst tilefni til að rannsaka, hvort hann með gerðum þeim, er greindar eru í 4 framannefndum kröfupóstum hafi farið ólöglega með umboð bankans þannig sem stefndi staðhæfir. Um það skal nú athugað það sem hér segir.

Ad. 1. Áfrýjandi sendi bankanum öll árin, sem hann hafði umboðið, skýrslu um umboðsreksturinn og reikning yfir afrakstur eignanna. Sýna þessir reikningar, sem stefndi hefir lagt fram eftirrit af, að ekki hefir goldist eftir sumar jarðirnar fult eftirgjald það, sem stefndi taldi þær leigðar fyrir í skýrslu

sinni til bankans. Eftir reikningi stefnda nemur þessi munur 372 kr. 24 a. Hann hefir þó eigi sundurliðað þessa upphæð þannig að séð verði með samanburði á eftirgjaldsskýrslu hans og reikningum áfrýjanda, hvernig upphæðin kemur fram. Rétt talinn virðist mismunurinn vera 307 kr. 17 a. Þar af er peningagjald af jörðinni Rauðafelli 32 kr. á ári, er eftir var gefið í 3 ár, samtals 96 kr. Áfrýjandi hefir greint þá ástæðu fyrir þessari eftirgjöf, að leiguliðinn hafi sagt ábúðinni lausri af því að jörðin hafi orðið fyrir miklum skemdum af vatnaágangi, en það hafi orðið að samkomulagi við hann, að hann héldi býlinu áfram gegn því að peningagjaldinu væri létt af því; kveðst áfrýjandi hafa samið um þessa lækkun afgjaldsins með samþykki bankans. Stefndi hefir eigi mótmælt þessari umsögn áfrýjanda og álýzt áfrýjandi eigi með greindri ráðstöfun hafa breytt gegn erindisbréfi sínu eða farið lengra en bankinn, sem réði leigumála og eftirgjaldi jarðanna, hafði vald til. Þær 211 kr. 17 a., sem þá er eftir, eru vangreidd gjöld af jörðunum Minniborg með Sitjanda, Yztabæli og Yztabæliskoti, Miðbæli og Leirum. Í skilagreinum áfrýjanda til bankans, er gerð grein fyrir, hvernig á þessum vangreiðslum stóð, að jarðirnar hafi eigi byggzt gegn hinu ákveðnu gjaldi, og því sumar verið í eyði, Leirur, annað býlið, 1911—1914 og Minniborg með Sitjanda 1912—14, eða að minna gjald hafi fengist eftir þær, eða að leiguliðar hafi neitað að greiða eða gjöldin eigi náðst hjá þeim. Áfrýjandi hefir staðhæft að jarðir þær, sem gengu úr byggingu, hafi hann gert arðberandi á þann hátt, er

hann með sínu bezta viti og fylstu samvizkusemi taldi beztan og arðmestan fyrir stefnda. Gegn þessari staðhæfingu áfrýjanda hefir stefndi eigi sannað, að hann hafi vanrækt að leitast við að byggja jarðirnar eða ganga eftir jarðargjöldunum hjá landsetum; áfrýjandi skýrði bankanum frá málavöxtum, og ekkert bendir til þess að bankinn hafi lagt fyrir hann að gera í þessu efni frekar en hann hafði gjört. I erindisbréfi áfrýjanda var eigi tekið fram, að hann ætti að ganga eftir gjöldunum með lögsókn, og það má gera ráð fyrir að áfrýjandi hafi eigi fengið skipun frá bankanum um að innheimta gjöldin þann veg, en þar sem bankinn réði leigumála og eftirgjaldi jarðanna, var það undir hans álitum komið, hvort fært væri að beita málssókn til að ná inn gjöldunum. Það verður eftir þessu eigi litið svo á, að áfrýjandi hafi í því efni, er ræðir um í þessum kröfulið, farið ólöglega með umboð bankans, svo að stefndi fyrir það geti gjört skaðabótakröfu á hendur honum.

Ad. 2. Þennan stærsta liðinn í kröfum stefnda byggir hann á því, að áfrýjandi hafi ólöglega svift hann afnotum af Berjanesi, svo að hann hafi farið á mis við arð af þeirri jörð, er hann að frádregnum kostnaði metur 9876 kr. 60 au. Tjáist stefndi sjálfur hafa haft leiguliðaafnot af þessari eignarjörð sinni og nytfært sér hana, þegar hann samdi við bankann. En áfrýjandi hafi, er hann tók við umboði bankans, tekið undir sig umráð jarðarinnar og ráðstafað henni án þess að bera það undir stefnda eða gefa honum kost á að halda afnotunum, en þetta hafi verið algerlega heimildarlaust, með því að stefndi hafi eigi

með umboðinu til bankans sagt jörðinni lausri eða afsalað sér afnotum hennar.

Með umboðsskjalinu fól stefndi Íslandsbanka að stjórna að öllu leyti nefndum jarðeignum sínum, þar á meðal Berjanesi og í skýrslu sinni til bankans 17. júní 1910 gat hann þess, að hann hefði eigi getað fengið jörðina bygða. Í umboðsskjalinu er ekkert um það athugað eða áskilið, að stefndi hafi afnot þessarar jarðar, og verður því að ætla að hann hafi fengið hana bankanum til fullra umráða sem óbygða jörð, enda lagði bankinn sérstaklega fyrir áfrýjanda að taka jörðina undir yfirráð sín og leigja út slægjur hennar og aðrar landsnytjar. Áfrýjandi hefir þannig í þessu efni breytt eins og umbjóðandi hans lagði fyrir hann og eigi farið lengra en umboð hans náði, og er því engin heimild til að samþykkja þennan kröfulið.

Í sambandi við síðastnefnda kröfu hélt stefndi því fram, að áfrýjandi hefði eigi gjört grein fyrir öllum arði eða tekjum af Berjanesi, en dregið nokkuð af slægjulandi jarðarinnar, svo nefndan Steinahólma, 300 hesta slægju, er hann hafði sjálfur notað og leyft öðrum að nota, en í skilagrein áfrýjanda séu engar tekjur taldar af þessu slægjulandi. Að Berjanes eigi nokkurn hluta Steinahólma byggir stefndi á landamerkjaskrám jarðanna Berjaness og Steina, þinglesnum 21. maí 1890, og 31. ágúst 1909 hefir hann látið birta ábúendum Steina bann gegn því, að þeir nytji sér þann hluta Steinahólma, er liggi innan landamerkja Berjaness. Áfrýjandi er eigandi að nokkrum hluta Steina og neitar hann því að Steinahólmi eða

nokkur hluti hans heyri til Berjanesi en staðhæfir að land þetta hafi ávalt verið talið til Steina og notað þaðan, og þó að áfrýjandi hafi tekið að sér umboð bankans yfir Berjanesi, hafi hann eðlilega eigi með því afsalað sér þeim rétti, er hann telji sig hafa til Steinahólma. Það er nú í hinum áfrýjaða dómi réttilega litið svo á, að hér verði að fara eftir því, hver hafði eignarhald og afnot Steinahólma, þegar áfrýjandi tók við umboðinu. Um þetta sanna fyrgreindar landamerkjaskrár ekkert, enda er Steinahólmi ekki nefndur í þeim. En önnur framkomin gögn benda flest í þá átt, að Steinamenn hafi mörg undanfarin ár og alt þangað til áfrýjandi gjörðist umboðsmaður bankans, haft mest öll afnotin, að minsta kosti slægjuafnot af hinu umþrætta landi. Þessum afnotum var áfrýjanda og öðrum eigendum Steina eigi skylt að sleppa, þegar hann tók við umboðinu, og verður þá eigi með rökum sagt, svo sem stefndi heldur fram, að áfrýjandi hafi í þessu efni misbeitt því í eigin hagsmuna skyni. Að öðru leyti verður eigi í þessu máli neinn úrskurður á þetta lagður, hvort Steinahólmi allur sé í Steinalandi eða nokkur hluti hans í Berjaneslandi, með því að ágreiningur um þetta ber undir landamerkjadóm.

Ad. 3. Í erindisbréfi áfrýjanda er ákveðið, að hann skuli koma í peninga eftirgjaldi því, sem goldið sé í öðru en peningum, og innborga í bankann eftir verðlagsskrá þeirri, sem gildi fyrir Rangárvallasýslu á þeim tíma, sem gjöldin falla í gjalddaga. Stefndi kveðst nú hafa komist að því, að ýmsir af leiguliðunum hafi óskað að greiða smjörgjald sitt í

peningum og gjört það, en þeir hafi orðið að greiða eftir gangverði smjörs en ekki verðlagsskrá; þó beri reikningar áfrýjanda það með sér, að hann tilfæri aðeins verðlagsskrárverð, og hafi hann þannig stungið mismuninum, sem gangverð var hærra en verðlagsskrárverð, í eigin vasa. Telur stefndi þennan mismun 28 kr. 92 au. og krefst að áfrýjandi greiði sér hann. Stefndi lítur þó svo á, að áfrýjanda hefði verið heimilt að skila aðeins verðlagsskrárverði þeirra eftirgjalda, sem í raun og veru voru greidd í landaurum, en gjöldum, sem hann tók við í peningum, hafi hann átt að skila óskertum að öðru en umsömdum innheimtulaunum. Það virðist þó ekki skifta máli í þessu efni, hvort áfrýjandi tók við gjöldunum í peningum eða landaurum. Eftir erindisbréfinu var áfrýjanda í sjálfsvald sett hvernig hann ráðstafaði landaurunum, ef hann skilaði verði þeirra eftir verðlagsskrá; með því verði gat hann sjálfur keypt þá, og þá að sjálfsögðu selt þá aftur með gangverði hverjum sem hann vildi, þar á meðal gjaldendum sjálfum. Með því að eigi verður ætlað að áfrýjandi hafi í þessu atriði misbeitt umboði sínu eða farið lengra en erindisbréf hans heimilaði, verður og að sýkna hann af þessari kröfu stefnda.

Að. 4. Þessi kröfuliður er fyrir ranga samtalningu hjá stefnda oftalinn um 10 kr.; rétt samtalinn er hann 105 kr. og sundurliðast þannig:

fyrir rof á húsum á Minniborg, Leirum og Berjanesi	kr.	15,00
— að moka út Holtsós	—	17,00
— vörzlu á Berjanesslægjum	—	10,00

Fyrir íhleðslu í Svaðbælisá . . . . . – 60,00
— björgun á reka . . . . . — 3,00

Þessi gjöld telur stefndi ólögmæt og séu þau því afturkræf frá áfrýjanda.

Fyrir öllum þessum greiðslum gerði áfrýjandi grein í reikningum sínum til Íslandsbanka. Það hefur eigi verið reynt að hnekkja þeirri umsögn hans, að bankinn hafi samþykt þær gerðir hans, sem hér ræðir um og talið reikningsskil hans fullnægjandi, en bankanum var samkvæmt umboðsskjalinu 15. ág. 1910 og eftir því sem að öðru leyti er upplýst í málinu, heimilt að láta gera allar þær ráðstafanir, sem greiðslur þessar lúta að, og með því nú að áfrýjanda, svo sem þegar er sagt, var eigi skylt að standa öðrum en bankanum reikningsskap gjörða sinna í þeim greinum, er umboð bankans tók til, verður áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu eigi gerð nein ábyrgð eða útlát til handa stefnda fyrir greiðslu hér áminstra gjalda.

Eftir því sem að framan er sagt, verða þau úrslit málsins, að sýkna ber áfrýjanda af öllum kröfum stefnda

Málskostnaður þykir eftir atvikum rétt að falli niður fyrir báðum réttum. Skipuðum málfærslumanni stefnda verða eigi dæmd málflutningslaun, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast, að málfærsla hans hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Magnús Tómasson á að vera sýkn

af kröfum stefnda Þorvaldar Bjarnasonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti g yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 9. sept. 1918.

Nr. 28/1918. Réttvísin gegn Einari Jónssyni, Guðnýju Gísladóttur og Gísla Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Árnessýslu gegn hinum ákærða Einari Jónssyni frá Nesjum í Grafningshreppi og meðákærðu Gísla Jónssyni málara Lindargötu 43 í Reykjavík og Guðnýju Gísladóttur sama staðar fyrir brot á 23. kap. hinna almennu hegningarlaga 25 júní 1869. Var ákærði Einar Jónsson með dómi nefnds réttar uppkveðnum 27. marz þ. á. dæmdur til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkv. 231. gr. (í dómnum stendur 131. gr. sem mun vera ritvilla) 1. lið sbr. 58. gr. alm. hegningarlaga og til að greiða allan málskostnað, en hin ákærðu, Gísli Jónsson og Guðný Gísladóttir voru sýknuð af ákæru réttvísinnar í mál-

inu. — Dómi þessum hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Akærði Einar Jónsson bjó í Nesjum í Grafningshreppi með ráðskonu sinni, meðákærðu Guðnýju Gísladóttur árin 1914 og 1915, en í fardögum það ár lét hann af búskap en var áfram í Nesjum hjá umráðamanni jarðarinnar Erlendi kaupmanni Erlendssyni í Reykjavík til aprílloka 1916, við heyskap um sumarið en um veturinn gætti hann kinda fyrir Erlend og var Guðný samvistum með ákærðu í Nesjum þar til laust fyrir jólaföstu, er hún flutti þaðan. Hin ákærðu, Einar og Guðný voru á fæði hjá Erlendi.

Ákærði Einar Jónsson hefir skýrt svo frá í réttarprófunum, að um haustið 1915, eftir að Erlendur og fólk hans var farið frá Nesjum og þau ákærði og Guðný voru orðin ein eftir, hafi hann fyrir þrábeiðni og áeggjan Guðnýjar ráðskonu sinnar, sem hafi kvartað undan því að þau vantaði skurð, leiðst til þess nokkru fyrir réttir að taka mórauðan hrút, er var í fénu á Nesjum. og slátra honum; hafi Guðný hjálpað sér til við slátrunina og hafi þau síðan hagnýtt sér kindina til heimilisins. Nokkru seinna sama haust tók ákærði í samráði við Guðnýju, að hann segir, á, sem var á eða við túnið á Nesjum og slátraði henni; hafi Guðný hjálpað sér til að reka ána í hús, hafi þau síðan farið með hana heim í fjós og skorið hana þar niður, en kjöt mör og gæru hafi þau hirt og hagnýtt sér. Ákærði hefir fyrst borið fyrir réttinum að kindur þessar hafi ekki verið úr nágrenninu og hann hafi ekki vitað hverjir voru eigendur þeirra, en síðar hefir hann leiðrétt þennan framburð á þá leið, að hús-

bóndi sinn Erlendur Erlendsson, hafi átt kindur þessar. Hefir verið lagt fram í málinu vottorð frá Erlendi þessum um að ákærða hafi verið heimilt að skera af kindum hans eina eða tvær til fæðis handa sér, en ekkert er komið fram í málinu um að ákærða hafi verið kunnugt um heimid þessa, enda er vottorð þetta ekki staðfest fyrir rétti.

Þá hefir ákærði ennfremur kannast við, að hann sama haustið hafi fundið í Nesjalandi dýrbitið lamb. Fór hann með það heim til sín, og er hann þóttist sjá að því væri ekki líft, slátraði hann því og hagnýtti sér. Ber ákærði að honum hafi verið ókunnugt um eigandann, en ekkert gerði hann til þess að lýsa lambinu eða komast fyrir hver ætti það. Þá hefir ákærði játað það, að hann hafi veturinn 1914—15 skorið hvíta lambgimbur, sem var eign Erlendar kaupmanns Erlendssonar, og virðist hafa verið á fóðri hjá ákærða; var kind þessi eftir framburði ákærða með uppdrætti. Ætlaði ákærði í fyrstu að þegja yfir þessu, en kveðst síðar hafa ásett sér að segja Erlendi frá þessu, þótt það yrði í undandrætti.

Brot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki verið hegnt fyrir neinn glæp, heyra undir 250. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, og er refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærða Guðný Gísladóttir, sem er fædd 8. okt. 1870 og hefir 2var sætt hegningu fyrir glæpi, sem sé 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað samkv. aukaréttardómi Árnessýslu 14. jan. 1889

og 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir barnsfæðingu í dulsmáli samkvæmt aukaréttardómi Rangárvallasýslu 1. febr. 1908, staðfestan af landsyfirrétti 24. ágúst s. á., hefir eindregið neitað því, að hafa tekið þátt í kindatöku ákærða Einars Jónssonar. Hún neitar því, að hún hafi orðið þessvör, að Einar hafi slátrað mórauðum hrút haustið 1915; hinsvegar viðurkennir hún, að hún hafi verið viðstödd er ákærði tók ána á eða við túnið á Nesjum, en hún heldur því fram að hún hafi afsagt Einari að koma með ílát til að skera kindina í, með því að hún þóttist vita að kindin væri eigi frjáls, og hafi þetta verið orsökin til þess að kindin var skorin niður, en eftir skipun Einars hafi hún haldið fótum meðan hann skar kindina. og hafi hún eigi þorað annað en að gegna þessari skipun hans: hafi Einar ennfremur skipað henni að hafa gát á hvort nokkur kæmi meðan hann var að gera kindina til, en því kveðst hún ekki hafa hlýnast

Ákærði Einar Jónsson hefir ennfremur sakað ákærðu um að hún hafi í heimildarleysi tekið af ull, er Erlendur Erlendsson átti í Nesjum, svo og um að hafa tekið frá sér (ákærða) peninga, en með því að þetta styðst ekki við annað en framburð og skýrslu Einars, er það gegn neitun ákærðu ósannað að hún hafi gerst sek í þessu.

Með því að það eftir skýrslum málsins verður eigi álitið að ákærða hefði þurft að óttast illa meðferð frá Einars hálfu, þótt hún hefði neitað honum um alla aðstoð við slátrun ærinnar, verður ákærða fyrir þessa aðstoð að sæta refsingu fyrir hlutdeild í afbroti þessu og ákveðst hegning sú, er hún hefir tilunnið samkv. 48. gr. sbr. 250. gr. og með hliðsjón

af 57. gr. 2. málsl. almennra hegningarlaga 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Gísli Jónsson, sem er fæddur 4. sept. 1878 og ekki hefir áður sætt neinni hegningu, er sakaður um að hafa verið hvatamaður að og í vitorði með Guðnýju Gísladóttur um að taka að ófrjálsu peninga frá meðákærða Einari Jónssyni, en með því að það gegn neitun ákærða er öldungis ósannað að hann hafi gert sig sekan í neinu refsiverðu, ber að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Af sakarkostnaðinum í héraði öðrum en varðhaldskostnaði Guðnýjar Gísladóttur, er hún greiðir, greiði ákærði Einar Jónsson $^2/_3$ hluta og Guðný Gísladóttir $^1/_3$ hluta. Hin ákærðu Einar Jónsson og Guðný Gísladóttir greiði og í sama hlutfalli (að $^2/_3$ og $^1/_3$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda við yfirdóminn, er ákveðs 20 kr., en Einar Jónsson greiði málflutningskaup talsmanns síns fyrir yfirdómi yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar 20 kr. og Guðný Gísladóttir málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar 20 kr.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gísli Jónsson á að vera sýkn af ákærum sækjanda í þessu máli. Ákærði Einar Jóns-

son sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og ákærða Guðný Gísladóttir 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Af sakarkostnaðinum í héraði öðrum en varðhaldskostnaði Guðnýjar Gísladóttur, er hún greiðir, greiði ákærði Einar Jónsson $^2/_3$ hluta og ákærða Guðný Gísladóttir $^1/_3$. Hin ákærðu Einar Jónsson og Guðný Gísladóttir greiði og í sama hlutfalli ($^2/_3$ og $^1/_3$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claessen, 20 kr. Enn fremur greiði ákærði Einar Jónsson málflutningskaup talsmanns síns fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr. og ákærða Guðný Gísladóttir greiði málflutningskaup talsmanns sins yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, 20 kr.

Dóminum skal fullnæja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. sept. 1918.

Nr. 34/1918. Björn Gíslason
gegn
Eggert Briem yfirdómara.

Dómur:

Það athugast að stefndi hefir gefið út stefnu á ndur sjálfum sér í máli þessu eftir beiðni áfrýj-

anda. Þar sem enginn ágreiningur hefir orðið um stefnuna að neinu leyti milli málsaðilja og þeir hafa báðir mætt fyrir yfirdómi án þess að hreyfa neinum athugasemdum út af þessu, þykir eigi næg ástæða til þess að vísa málinu frá dómi ex officio af þessum sökum.

Í forsendum að dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 13. ágúst 1917, er meðal annars komist svo að orði: »tók Björn Gíslason (ɔ: áfrýjandi þessa máls) frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavíkur.« »Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóra þeir síðan báðir Björn og,« »Fóru þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta að þær væru réttar,« »og Björn Gíslason síðar lét vélrita, hefir bréf þetta ekki komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar« og ennfremur: »og loksins fékk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita rangt vottorð á síðara bréfið.« Mál það, er nefndur landsyfirréttardómur var uppkveðinn í, var höfðað af óstefndum þriðja manni á hendur ráðherra Íslands f. h. landssjóðs til skaðabóta samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Hafði stefnandi þess máls verið sakaður um skjalafals eða þátttöku í því og verið úrskurðaður í sakamálsrannsókn út af því í gæzluvarðhald.

Í áðurnefndum ummælum í forsendum að dómi yfirréttarins 13. ágúst 1917 er lýst afskiftum áfrýj-

anda af skjali því, er sakamálsrannsóknin var út af risin, ásamt stefnanda umgetins skaðabótamáls, eins og hinn síðarnefndi er talinn hafa skýrt frá í réttarrannsókninni. Taldi áfrýjandi sum greindra ummæla í forsendum landsyfirréttardómsins 13. ágúst 1917 ærumeiðandi fyrir sig og ennfremur óheimilt að nefna nafn óstefnds þriðja manns í dómi.

Höfðaði hann þá mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnda, Eggerts yfirdómara Briem, er tekið hafði þátt í uppkvaðningu oftnefnds dóms, með stefnu dags. 25 sept f. ár, og krafðist þess að áðurnefnd ummæli yrði, að því leyti sem þau næði til áfrýjanda, dæmd dauð og ómerk, að stefndi yrði dæmdur til að líða hegningu fyrir þau, embættismissi eða sekt og loks að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Með dómi upp kveðnum 10. jan. þ á. var máli þessu ráðið svo til lykta á bæjarþinginu, að málinu var vísað frá dómi ex officio, og áfrýjandi dæmdur til að greiða 8 kr. sekt fyrir óþarfa þrætu, 50 kr. sekt, er renna skyldi að hálfu í landssjóð og að að hálfu í bæjarsjóð Reyjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt í sóknarskjölum sínum, og loks til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómins með stefnu dags. 26. júní þ. á. og gert þær réttarkröfur, að bæjarþingsdóminum verði, með eða án heimvísunar breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirdómi verði teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir krafist þess að varadómari Einar prófessor Arnórsson, er samkvæmt lögum nr. 31, 2. nóv. 1914, hefir tekið sæti í yfirdóminum í máli þessu, víki úr dómarasæti í því, af því að hann verði að teljast »opinber óvildarmaður« áfrýjanda, og telur nægilegt í því tilliti »að geta þess að ég (o: áfrýjandi) nú um tveggja ára skeið hef legið undir sakamálsrannsókn eftir kæru frá honum« (o: varadómaranum). Varadómarinn hefir þau ein afskifti haft af áfrýjanda, að hann hefir sem ráðherra Íslands f. h. landssjóðs látið ágreining milli áfrýjanda og hins opinbera út af ábúðarrétti, er áfrýjandi taldi sig hafa á einni af kirkjujörðum landsins, svo og kröfu áfrýjanda til eignarréttar að mannvirkjum á þeirri jörð og kröfu hans til leigu eftir þau, sæta úrlauns dómstólanna. Varadómarinn hefir alls eigi kært áfrýjanda til sakamálsrannsóknar, heldur að eins boðið sem ráðherra, að slík rannsókn skyldi hafin samkvæmt tilmælum eins af undirdómurum landsins. Yfirdómurinn fær eigi séð, að framantalin afskifti, er varadómarinn hefir haft af áfrýjanda sem embættismaður, geti gert hann óhæfan sem dómara í máli þessu, og verður nefnd krafa því eigi tekin til greina.

Áfrýjandi krefst, eins og áður getur, að stefndi verði dæmdur til að sæta refsingu fyrir það, að hann hafi nefnt nafn óstefnds þriðja manns (o: áfrýjanda) í forsendum landsyfirréttardóms 13. ágúst 1917, og

fyrir það að sum þeirra ummæla, er í forsendum dómsins standa og áfrýjanda varða eða hann telur sig varða, sé ærumeiðandi og auk þess að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk. Öll hin umstefndu ummæli í forsendum yfirréttardómsins 13. ágúst eru þáttur í lýsingu hans á tilorðning og forlögum þess skjals, er réttarrannsóknin og skaðabótamálið var út af risið, og að áliti dómarans, stefnda í máli þessu, nauðsynlegt atriði til þess að rökstyðja þá niðurstöðu, er komist er að í téðum dómi. Dómur um það, hvort stefndi skuli sæta refsingu, embættismissi eða sektum fyrir það að hann hefir haft umstefnd ummæli í forsendum dómsins, er gera verður ráð fyrir að enn þá standi óraskaður, og um ómerkingu þessara ummæla, hlyti að byggjast á mati því, hvort stefndi hefði að lögum eða að ólögum farið með dómsvald sitt í nefndu skaðabótamáli. En slíkt mat eða dóm til ábyrgðar á hendur stefnda út af dómarastarfi hans í yfirdóminum, er óæðri eða hliðsettur dómstóll eigi bær að upp kveða í slíku máli sem því er hér liggur fyrir. Verður því að fallast á þá niður stöðu bæjarþingsdómsins, að málinu skyldi ex officio vísað frá bæjarþinginu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt á hendur áfrýjanda fyrir ósæmilegan rithátt ber og að staðfesta, svo og málskostnaðarákvæði hans.

Þar á móti virðist eigi alveg næg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, og ber því að fella ákvæði hins áfrýjaða dóms þar um úr gildi.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að áfrýj-

andi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Áfrýjandi hefir haft mjög ósæmileg ummæli um yfirdóminn og hina reglulegu yfirdómara í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi, svo og um undirdómarann og jafnvel um dómgæzlu í landinu yfirleitt. Um yfirdómarana segir hann, að þeir muni eigi víkja sæti í máli þessu, »þar sem þeir hingað til hafi verið furðu þaulsætnir í málum mínum (ɔ: áfrýjanda), enda þótt eg hafi átt í dómsmálum við þá, og þeir haft mig undir sakamálskæru, sem þeir ef til vill hafa haft til hliðsjónar við uppsögn dómanna«. Segir áfrýjandi að forsendur bæjarþingdómsins minni sig »svo átakanlega á orð sem eg (ɔ: áfrýjandi) heyrði hálfvitlausan flökkukarl segja« o. s. frv. Svo segir áfrýjandi að undirdómarinn hafi »æ ofan í æ leyft sér að fara ofan í niðurlag dóma yfirréttarins — sem og yfirrétturinn hefir talið honum heimilt — án þess að depla með augunum« o. s. frv. Fyrir þessi og ýms önnur ummæli í sóknarskjali áfrýjanda fyrir yfirdómi ber að sekta hann, og er sektin ákveðin 50 kr., er að hálfu renni í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að ákvæði hans um sekt fyrir óþarfa þrætu falli brott. Áfrýjandi Björn Gíslason greiði sekt, 50 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu

í bæjarsjóð Reykjavíkurkaupstaðar. Svo greiði áfrýjandi stefnda, Eggert Briem yfirdómara, 20 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1918.

Nr. 35/1918 Björn Gíslason
gegn
Halldóri Daníelssyni yfirdómara.

Dómur:

Í forsendum að dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 13. ágúst 1917, er meðal annars komist svo að orði: »tók Björn Gíslason (ɔ: áfrýjandi þessa máls) frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavíkur«. »Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóru þeir síðan báðir Björn og,« »Fóru þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta að þær væru réttar«, »Björn Gíslason síðar lét vélrita, hefir bréf þetta ekki komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar,« og ennfremur: »og loksins fékk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita langt vottorð á síðara bréfið«. — Mál það er

nefndur landsyfirréttardómur var upp kveðinn í, var höfðað af óstefndum þriðja manni á hendur ráðherra Íslands f. h. landssjóðs, til skaðabóta samkvæmt lögum nr. 28, 26. október 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Hafði stefnandi þessa máls verið sakaður um skjalafals eða þátt-töku í því, og verið úrskurðaður í sakamálsrannsókn út af því í gæzluvarðhald. Í áðurnefndum ummælum í forsendum að dómi yfirréttarins 13. ágúst 1917 er lýst afskiftum áfrýjanda af skjali því, er sakamálsrannsóknin var út af risin, ásamt stefnanda umgetins skaðabótamáls, eins og hinn síðarnefndi er talinn hafa skýrt frá í réttarrannsókninni. Taldi áfrýjandi sum greindra ummæla í forsendum landsyfirréttardómsins 13. ágúst 1917 ærumeiðandi fyrir sig og ennfremur óheimilt að nefna nafn óstefnds þriðja manns í dómi. Höfðaði hann því mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnda, Halldóri yfirdómara Daníelssyni, er tekið hafði þátt í uppkvaðningu oftnefnds dóms með stefnu dags. 25. sept. f. á. og krafðist þess að áðurnefnd ummæli yrði að því leyti sem þau næði til áfrýjanda, dæmd dauð og ómerk, að stefndi yrði dæmdur til að líða hegningu fyrir þau, embættismissi eða sekt, og loks að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Með dómi uppkveðnum 10. janúar þ. á. var máli þessu ráðið svo til lykta á bæjarþinginu, að málinu var vísað frá dómi ex officio og áfrýjandi dæmdur til að greiða 8 kr. í sekt fyrir óþarfa þrætu, 50 kr. sekt, er renna skyldi að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan

rithátt í sóknarskjölum sínum og loks til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. júní þ. á., og gert þær réttarkröfur, að bæjarþingsdóminum verði með eða án heimvísunur breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirdómi verði teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir krafist þess að varadómari Einar prófessor Arnórsson, er samkvæmt lögum nr. 31, 2. nóv. 1914, hefir tekið sæti í yfirdóminum í máli þessu, víki úr dómarasæti í því, af því að hann verði að teljast »opinber óvildarmaður« áfrýjanda, og telur áfrýjandi nægilegt í því tilliti að geta þess að ég (ɔ: áfrýjandi) nú um tveggja ára skeið hefi legið undir sakamálsrannsókn eftir kæru frá honum« (ɔ: varadómaranum). Varadómarinn hefir þau ein afskifti haft af áfrýjanda, að hann hefir sem ráðherra Íslands f. h. landssjóðs látið ágreining milli áfrýjanda og hins opinbera, út af ábúðarrétti, er áfrýjandi taldi sig hafa á einni af kirkjujörðum landsins, svo og kröfu áfrýjanda til eignarréttar að mannvirkjum á þeirri jörð og kröfu hans til leigu eftir þau, sæta úrlausn dómstólanna. Varadómarinn hefir alls eigi kært áfrýjanda til sakamálsrannsóknar, heldur að eins boðið sem ráðherra, að slík rannsókn skyldi hafin samkvæmt tilmælum eins af undirdómurum

landsins. Yfirdómurinn fær eigi séð að framtalin afskifti, er varadómarinn hefir haft af áfrýjanda sem embættismaður, geti gert hann óhæfan sem dómara í máli þessu, og verður nefnd krafa því eigi tekin til greina.

Áfrýjandi krefst, eins og áður getur, að stefndi verði dæmdur til að sæta refsingu fyrir það, að hann hafi nefnt nafn óstefnds þriðja manns (ɔ: áfrýjanda) í forsendum landsyfirréttardóms 13. ágúst 1917, og fyrir það að sum þeirra ummæla, er í forsendum dómsins standa og áfrýjanda varða eða hann telur sig varða, sé ærumeiðandi og auk þess að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk. Öll hin umstefndu ummæli í forsendum yfirréttardómsins 13. ágúst er þáttur í lýsingu hans á tilorðningu og forlögum þess skjals, er réttarrannsóknin og skaðabótamálið var út af risið, og að áliti dómarans, stefnda í máli þessu, nauðsynlegt atriði til þess að rökstyðja þá niðurstöðu, er komist er að í téðum dómi. Dómur um það hvort stefndi skuli sæta refsingu, embættismissi eða sektum fyrir það, að hann hefir haft umstefnd ummæli í forsendum dómsins, er gera verður ráð fyrir að ennþá standi óraskaður, og um ómerkingu þessara ummæla, hlyti að byggjast á mati á því, hvort stefndi hefði að lögum eða að ólögum farið með dómsvald sitt í nefndu skaðabótamáli. En slíkt mat eða dóm til ábyrgðar á hendur stefnda, út af dómarastarfi hans í yfirdóminum, er óæðri eða hliðsettur dómstóll eigi bær að uppkveða í slíku máli sem því, er hér liggur fyrir. Verður því að fallast á þá niðurstöðu

bæjarþingsdómsins, að málinu skyldi ex officio vísað frá bæjarþinginu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt á hendur áfrýjanda fyrir ósæmilegan rithátt, ber og að staðfesta, svo og málskostnaðarákvæði hans. Þar á móti virðist eigi alveg næg ástæða til þess að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, og ber því að fella ákvæði hins áfrýjaða dóms þar um úr gildi.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Áfrýjandi hefir haft mjög ósæmileg ummæli um yfirdóminn og hina reglulegu yfirdómara í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi, svo og um undirdómarann og jafnvel um dómgæzlu í landinu yfirleitt. Um yfirdómarana segir hann að þeir muni eigi víkja sæti í máli þessu, »þar sem þeir hingað til hafi verið furðu þaulsætnir í málum mínum (ɔ: áfrýjanda), enda þótt eg hafi átt í dómsmálum við þá, og þeir haft mig undir sakamálskæru, sem þeir ef til vill hafa haft til hliðsjónar við uppsögn dómanna«. Segir áfrýjandi að forsendur bæjarþingsdómsins minni sig »svo átakanlega á orð sem ég (ɔ: áfrýjandi) heyrði hálfvitlausan flökkukarl segja« o. s. frv. Svo segir áfrýjandi að undirdómarinn hafi »æ ofan í æ leyft sér að fara ofan í niðurlag dóma yfirréttarins — sem og yfirrétturinn hefir talið honum heimilt . . . án þess að depla með augunum« o. s. frv. fyrir þessi og ýms önnur ummæli í sóknarskjali áfrýjanda fyrir yfirdómi ber að sekta hann, og er sektin ákveðin 50 kr.

er að hálfu renni í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á vera óraskaður, þó svo að ákvæði hans um sekt fyrir óþarfa þrætu falli brott. Áfrýjandi Björn Gíslason greiði sekt, 50 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkurkaupstaðar. Svo greiði áfrýjandi stefnda, Halldóri Daníelssyni yfirdómara, 20 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1918.

Nr. 36/1918. Björn Gíslason
gegn
Kristjáni Jónssyni háyfirdómara

Dómur:

Í forsendum að dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 13. ágúst 1917, er meðal annars komist svo að orði: »tók Björn Gíslason (o: áfrýjandi þessa máls) frá Stokkseyri við bréfinu og fór með það til Reykjavikur«. »Lét Björn Gíslason þá taka vélritað afrit af bréfinu og fóru þeir síðan báðir Björn og,« »Fóru

þeir Björn Gíslason og stefnandi síðan með bréfið til hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi, og fengu hann, sem þó ekki hafði verið viðstaddur undirskriftir ábyrgðarmannanna, til að votta að þær væru réttar«, og »Björn Gíslason síðar lét vélrita, hefir bréf þetta ekki komið fram við réttarrannsóknina, en virðist hafa glatast úr vörzlu Björns Gíslasonar,« og ennfremur: »og loksins fékk hann hlutaðeigandi hreppstjóra til að rita rangt vottorð á síðara bréfið«. — Mál það er nefndur landsyfirréttardómur var upp kveðinn í, var höfðað af óstefndum þriðjamanni á hendur ráðherra Íslands f. h. landssjóðs til skaðabóta samkvæmt lögum nr. 28, 26. október 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Hafði stefnandi þessa máls verið sakaður um skjalafals eða þátttöku í því, og verið úrskurðaður í sakamálsrannsókn út af því í gæzluvarðhald. Í áðurnefndum ummælum í forsendum að dómi yfirréttarins 13. ágúst 1917 er lýst afskiftum áfrýjanda af skjali því, er sakamálsrannsóknin var út af risin, ásamt stefnanda umgetins skaðabótamáls, eins og hinn síðarnefndi er talinn hafa skýrt frá í réttarrannsókninni. Taldi áfrýjandi sum greindra ummæla í forsendum landsyfirréttardómsins 13. ágúst 1917 ærumeiðandi fyrir sig og ennfremur óheimilt að nefna nafn óstefnds þriðja manns í dómi. Höfðaði hann því mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnda, Kristjáni háyfirdómara Jónssyni, er tekið hafði þátt í uppkvaðningu oftnefnds dóms, með stefnu dags. 25. sept. f. á. og krafðist þess að áðurnefnd ummæli yrði að því leyti sem þau næði til áfrýjanda, dæmd dauð

og ómerk, að stefndi yrði dæmdur til að líða hegningu fyrir þau, embættismissi eða sekt, og loks að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Með dómi uppkveðnum 10. janúar þ. á. var máli þessu ráðið svo til lykta á bæjarþinginu, að málinu var vísað frá dómi ex officio og áfrýjandi dæmdur til að greiða 8 kr. í sekt fyrir óþarfa þrætu, 50 kr. sekt, er renna skyldi að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt í sóknarskjölum sínum og loks til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. júní þ. á., og gert þær réttarkröfur, að bæjarþingsdóminum verði með eða án heimvísunar breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirdómi verði teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir krafist þess að varadómari Einar prófessor Arnórsson, er samkvæmt lögum nr. 31, 2. nóv. 1914, hefir tekið sæti í yfirdóminum í máli þessu, víki úr dómarasæti í því, af því að hann verði að teljast »opinber óvildarmaður« áfrýjanda, og telur áfrýjandi nægilegt í því tilliti »að geta þess, að ég (o: áfrýjandi) nú um tveggja ára skeið hefi legið undir sakamálsrannsókn eftir kæru frá honum« (o: varadómaranum). Varadómarinn hefir þau ein af-

skifti haft af áfrýjanda, að hann hefir sem ráðherra Íslands f. h. landssjóðs látið ágreining milli áfrýjanda og hins opinbera út af ábúðarrétti, er áfrýjandi taldi sig hafa á einni af kirkjujörðum landsins, svo og kröfu áfrýjanda til eignarréttar að mannvirkjum á þeirri jörð og kröfur hans til leigu eftir þau, sæta úrlausn dómstólanna. Varadómarinn hefir alls eigi kært áfrýjanda til sakamálsrannsóknar, heldur að eins boðið sem ráðherra, að slík rannsókn skyldi hafin samkvæmt tilmælum eins af undirdómurum landsins. Yfirdómurinn fær eigi séð að framtalin afskifti, er varadómarinn hefir haft af áfrýjanda sem embættismaður geti gert hann óhæfan sem dómara í máli þessu, og verður nefnd krafa því eigi tekin til greina.

Áfrýjandi krefst, eins og áður getur, að stefndi verði dæmdur til að sæta refsingu fyrir það, að hann hafi nefnt nafn óstefnds þriðjamanns (ɔ: áfrýjanda) í forsendum landyfirréttardóms 13. ágúst 1917, og fyrir það að sum þeirra ummæla, er í forsendum dómsins standa og áfrýjanda varða eða hann telur sig varða, sé ærumeiðandi og auk þess að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk. Öll hin umstefndu ummæli í forsendum yfirréttardómsins 13. ágúst er þáttur í lýsingu hans á tilorðningu og forlögum þess skjals, er réttarrannsóknin og skaðabótamálið var út af risið, og að áliti dómarans, stefnda í máli þessu, nauðsynlegt atriði til þess að rökstyðja þá niðurstöðu, er komist er að í téðum dómi. Dómur um það hvort stefndi skuli sæta refsingu, embættismissi eða sektum fyrir það að hann hefir haft umstefnd ummæli í

forsendum dómsins, er gera verður ráð fyrir að enn þá standi óraskaður og um ómerkingu þessara ummæla, hlyti að byggjast á mati á því, hvort stefndi hefði að lögum eða að ólögum farið með dómsvald sitt í nefndu skaðabótamáli. En slíkt mat eða dóm til ábyrgðar á hendur stefnda út af dómarastarfi hans í yfirdóminum, er óæðri eða hliðsettur dómstóll eigi bær að uppkveða í slíku máli sem því, er hér liggur fyrir. Verður því að fallast á þá niðurstöðu bæjarþingsdómsins, að málinu skyldi ex officio vísað frá bæjarþinginu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt á hendur áfrýjanda fyrir ósæmilegan rithátt, ber og að staðfesta, svo og málskostnaðarákvæði hans. Þar á móti virðist eigi alveg næg ástæða til þess að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, og ber því að fella ákvæði hins áfrýjaða dóms þar um úr gildi.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Áfrýjandi hefir haft mjög ósæmileg ummæli um yfirdóminn og hina reglulegu yfirdómara í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi, svo og um undirdómarann og jafnvel um dómgæzlu í landinu yfirleitt. Um yfirdómarana segir hann að þeir muni eigi víkja sæti í máli þessu, »þar sem þeir hingað til hafi verið furðu þaulsætnir í málum mínum (ɔ: áfrýjanda), enda þótt eg hafi átt í dómsmálum við þá, og þeir haft mig undir sakamálskæru, sem þeir ef til vill hafa haft til hliðsjónar við uppsögn dómanna.« Segir áfrýjandi að forsendur bæjarþingsdómsins minni sig »svo átakan-

lega á orð sem ég (ɔ: áfrýjandi) heyrði hálfvitlausan flökkukarl segja« o. s. frv. Svo segir áfrýjandi að undirdómarinn hafi »æ ofan í æ leyft sér að fara ofan í niðurlag dóma yfirréttarins — sem og yfirrétturinn hefir talið honum heimilt . . . án þess að depla með augunum« o. s. frv. Fyrir þessi og ýms önnur ummæli í sóknarskjali áfrýjanda fyrir yfirdómi ber að sekta hann, og er sektin ákveðin 50 kr., er að hálfu renni í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo að ákvæði hans um sekt fyrir óþarfa þrætu falli brott. Áfrýjandi Björn Gíslason greiði sekt, 50 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkurkaupstaðar. Svo greiði áfrýjandi stefnda, Kristjáni Jónssyni háyfirdómara, 20 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. okt. 1918.

Nr. 23/1918. Kristinn Guðnason
gegn
Sigurði Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Kristinn Guðnason bílstjóri, Grettisgötu 44 hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Sigurði Sigurðssyni járnsmið til heimilis í Ficherssundi 3 sömuleiðis hér í bænum og lauk því máli svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 19. apríl þ. á., að stefndi var sýknaður af kærum eg kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Kristinn Guðnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1 júní þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir bæjarþinginu, að stefndi verði dæmdur til að skila honum 2 »dekkum« og 3 slöngum af bifreiðarhjóli, greiða honum 200 kr. sem skaðabætur fyrir hald þessara muna með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, og málskostnað fyrir undirrétti eftir réttarins mati, svo og að stefndi verði dæmdur til hegningar fyrir ólöglega sjálftöku eftir 117. gr. hegningarlaganna. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirréttarins. — Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða ftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1916 seldi stefndi áfrýjanda Overland bifreið fyrir 4000 kr. Borgaði áfrýjandi 1000 kr. af andvirði hennar það ár, en næsta sumar varð það að samkomulagi milli málsaðilja að stefndi tæki aftur við bifreiðinni í því ástandi sem hún væri í og, að því er stefndi heldur fram, með öllu því er henni fylgdi og fylgja ætti. Þessu síðasta virðist áfrýjandi neita, en þegar litið er til þess að bifreiðinni var ekki skilað við það tækifæri heldur síðar, verður að álíta að stefndi hafi haft ástæðu til að ganga út frá því, að bifreiðinni ætti að skila með öllu því er henni fylgdi, þótt ekki hafi það beinlínis verið tekið fram.

Þegar svo áfrýjandi skilaði bifreiðinni um miðjan ágúst 1917, kveður stefndi að muni þá hafi vantað, sem mál þetta er risið út af, auk fleiri smámuna, og áfrýjandi lofað að skila hlutum þessum við fyrsta tækifæri. Síðar um sumarið eða haustið hitti stefndi áfrýjanda með bifreið á götu hér í bænum með hina umræddu muni, og kveðst stefndi hafa heimtað þá af áfrýjanda, og farið með þá án þess að áfrýjandi hafi leyft það eða bannað, en áfrýjandi heldur því fram að hann hafi bannað stefnda að taka munina og hafa þá burt með sér. Áfrýjandi kannast við það, að 1 »dekk og 2 slöngur hafi vantað á bifreiðina af því, er henni fylgdi upphaflega, en hann heldur því fram að stefndi hafi ekkert tilkall átt til hinna umræddu muna, með því að þótt svo yrði litið á, að bifreiðinni hefði átt að skila með því, er henni fylgdi, þá hafi það ekki náð til umræddra muna, því að þeir hafi ekki fylgt henni, er hann fékk hana

hjá stefnda, heldur hafi hann keypt þá eftir að hann eignaðist hana, og hefir hann þessu til sönnunar lagt fram 2 reikninga til sín frá árinu 1916 yfir 2 »dekk« og 2 bifreiðarhjólaslöngur. — Að því er þetta atriði snertir er ekkert upplýst um það af hálfu áfrýjanda, að hann, er hann keypti umræddu muni, hafi átt eða ráðið yfir annari bifreið en þeirri, er hann keyfti af stefnda, og verður þá að gera ráð fyrir að hlutir þessir hafi verið keyptir til hennar og fylgt henni, og átti þá stefndi tilkall til þeirra.

Hvað hitt atriðið snertir, hefir áfrýjandi hér fyrir réttinum leitast við að sanna, að hann hafi bannað stefnda að taka og hafa á burt með sér umræddu muni, og hefir í því skyni leitt mann þann sem vitni, er var með honum í bifreiðinni í umgetið skifti, og hefir vitni þetta borið að orð áfrýjanda hafi fallið á þá leið, að hann (stefndi) réði því hvort hann tæki munina, en af tóninum hafi vitnið ráðið, að þetta væri meint sem mótmæli, en ekki að hann léti þá góðfúslega af hendi, en þar sem mótmæli áfrýjanda ekki voru ákveðnari, verður ekki álitið að stefndi hafi gert sig sekann um ólöglega sjálftöku, er hann hafði hina umræddu muni á brott með sér

Samkvæmt því sem nú er sagt, ber að sýkna stefnda í málinu og staðfesta bæjarþingsdóminn að því leyti. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir báðum réttum og ákveðst hann 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði hins áfrýjaða bæjarþingsdóms skal vera óraskað. Áfrýjandi Kristinn Guðnason greiði stefnda Sigurði Sigurðssyni 60 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri laga-aðför.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

Nr. 47/1918. Oddur Gíslason
gegn
Erasmusi Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Erasmusi Gíslasyni kaupmanni í Reykjavík, út af meiðyrðum í sóknarskjölum, er stefndi lagði fram í yfirdómi 15. janúar, 12. febrúar, 5. marz, 18. júní og 2. júlí f. á. í máli, er hann höfðaði gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, en áfrýjandi var málfærslumaður verjanda í því máli. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 14. marz þ. á., var stefndi, samkvæmt 217. gr. hinna almennu hegningarlaga dæmdur í 100 kr. sekt til landsdsjóðs, en til vara, ef sektin yrði eigi greidd á réttan gjald-

daga, til að sæta 20 daga einföldu fangelsi fyrir eftirgreind ummæli um áfrýjanda:

»Eg hefi ástæðu til að ætla að kæra sú, er kom sakamálsrannsókninni af stað, sé fölsk, og væri það í samræmi við aðrar gjörðir Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar«. »Í stað þess, sem heiðarlegum málafærslumanni sæmdi, að neita því, tekur hann skuldabréfið út úr þeim skjölum, sem honum var trúað fyrir, og sýður saman sakamálskæru á mig að öldungis órannsökuðu máli«. »Vörn Odds Gíslasonar er samtýningur af vitleysum, rangfærslum og svívirðingum í minn garð«. »Ósóma þann, er hann lætur sér sæma að bera á borð fyrir yfirréttinn, hvort sem ætla má að hann þykist þekkja, að hann sé ekki matvandur á það góðgæti,« — »vísvitandi ósatt,« — »öllu snúið öfugt þó aftur og fram í hundamó« — »eg veit ekki hvort að Páll Jónsson hefir sakað Odd um falskar kærur en réttarskj nr. 17 sannar mér að eitthvað sé bogið við hátterni Odds í þessu máli.« »Alt þetta styrkti mig í þeirri trú að Oddur hefði farið óleyfilega að við útbúning kærunnar.« »Það þarf meiri ósvífni og siðferðisspillingu en eg hugsaði að nokkur ætti til, sem þó hefir þefað svo mikið af mentun að haldast við á háskólanum í Kaupmannahöfn til þess að ljúka þar prófi, til þess að leyfa sér að segja aðra eins vitleysu,« — »þó hann að vísu njóti hylli réttarins meira en verðugt er. En þar sem hann þannig er staðinn að vísvitandi ósannindum í málfærslu sinni, krefst eg þess og eg held með réttu að ekkert mark verði tekið á orð-

um hans að neinu leyti,« »Eg veit það vel að Oddur er svo innrættur að hann vill ekki og getur kanske ekki skilið, að hér er um fullkomlega heiðvirð húsakaup að ræða, líklega heiðarlegri en hann hefir nokkurn tíma fengist við, en hitt kæmi mér á óvart, ef rétturinn tæki staðlausar álygar hans góðar og gildar, þegar upplýst er hvernig þetta gekk fyrir sig.« »Oddur fer með vísvitandi ósannindi.« — »Þetta ósanninda þvaður og álygar þeirra félaganna Odds og Sigurðar, þar sem þeir og enda aðrir á þeirra bandi, hafa reynt til að umhverfa heiðarlegum athöfnum í glæp með rangfærzlum og hreinum uppspuna, er síðar notað til að fóðra og breiða yfir þá réttar- og siðferðisspillingu, sem komið hefir í ljós í fari hinna svokölluðu betri manna.« — »Að Oddur sem veit að undir skrift hans er sönnuð eiginhandarundirskrift, heldur áfram að bera á mig, að eg hafi gjört mig sekan um að falsa nafn hans á skuldabréfið, en þar sannast hið fornkveðna »margur heldur mig sig« — »úrskurðurinn sem ómerkti Odd, en dæmdi Karl Jóhann að sjálfsögðu vitnisbæran, var kveðinn upp. Sýnir þetta enn hvert ómenni Oddur er í þessu máli.« — Venjuleg ósannindi Odds og tilbúningur, sem ekki getur verið annað en vísvitandi.« »Eg verð að biðja Odd að færa einhver rök fyrir því fleipri sínu . . . . . eða standa sem opinber ósannindamaður að þeim orðum sínum, sem svo mörgum öðrum«. — »Þá ber tilraun Odds til að saka mig um þau afglöp hans, vott um svo lubbalega kauðalegan hugsunarhátt, að engum menskum manni nema Oddi einum og ef til vill Einari Arnórssyni er trúandi til

svo auðvirðilegrar þrælmensku« — »að sitja á skrifsinni stofu og sjóða saman þrælmenskulegar sakargiftir á saklausa menn, þar sem uppistaðan er heimska og illgirni tældra fáfræðinga, en ívafið eigin mannvonzku«. — »Guð má vita hvort hann nokkurntíma vex svo að vizku og skilningi að honum skiljist það. Ef dæma á eftir afskiftum hans af þessu máli er næsta lítil von til þess.« »Það stoðar lítið sæmdarmanninn Odd« — »sýna hve lítið skyn hann ber á það, sem hann er að bulla.« »Oddur garmurinn er ekki sérlega ærukær, sem eg nú heldur ekki bjóst við.« — »Það er að vísu meir en eg bjóst við af Oddi.« »En hann bætir ekki málstað drengsins með því, heldur sýnir bara að hann er líka eins og geltinn deli, sem hleypur þegar húsbóndinn sigar« — »kæruskjali hans, er hann hefir undirskrifað í heimildarleysi með nafni annars manns. Sá áburður, sem eg var settur í varðhald fyrir, á þá rettilega við hann en ekki mig« — »sérstakt kæruskjal svo áfellandi fyrir Odd Gíslason, kæmi það fram, að hann rói að því öllum árum að fá því skjali stungið undir stól« — »hann er ekki sá drengur, að þora að standa við gjörðir sínar, þegar áherðir« — »að því kemur að hann vaknar af svefngöngu svikanna« — »en hér mælir hann enn sem oftar móti betri vitund« — »nú er hann hræddur og huglaus og þorir við ekkert að standa,« »á orðum hans mun enginn taka mark, hann er auk þess búinn að gera mér verri búsifjar áður með því að verða þess valdandi með upplygaáburði sínum, að mér var varpað í fangelsi að ósekju.« — »Getur vel verið að Oddur hafi verið

þannig úr garði gerður frá Lokinhömrum, að hann hafi ekki haft meðferðis neinar traföskjur undir virðingu sína,« »sem Oddur Gíslason ekki hefir kámað á að þræta fyrir« — »ein af hans nú alkunnu ótérlegu ósannindum« — »ýlfrið í honum eintómt garnagaul« — »þeir eru nú orðnir svo margir bitarnir, sem eg er búinn að stinga upp í hann Odd, að eg tel ekki eftir honum, þó eg láti hann enn þá eta ofan í sig sannleikann um Sigurð Þórarinsson og húsakaupin« — »er það nú forsjónin, sem hefir gjört heila manngreysins svo úr garði að hann rúmi enga heilbrigða hugsun, eða heimskar hann sig svona sjálfur. Það þarf ekki einu sinni 18 ár til að koma páfagauk að segja einhverja setningu og því ótrúlegra er það að sá tími skuli ekki hafa verið nægilegur til þess að kenna Oddi, að rétturinn getur ekki bygt á skýrslum, sem víst er um að eru rangar« — »þeir, sem þekkja Odd, geta vel fyrirgefið, þó hann þekki ekki lög landsins og jafnvel þó hann ekki skilji þau, það veit hver og einn að hann gjörir ekki.« »Oddur hefir því ekki breitt yfir glæp Jóns Erlendssonar með þessum kafla í réttarkj. nr. 30, heldur bara dregið upp enn þá hlægilegri skrípamynd af sjálfum sér, en hann hefir áður gert. Og eru þær þó margar góðar.« »En sýni hann nú að hann hafi mannshjarta en ekki merarblóð og komi hann nú einu sinni framan að mér, en skjótist ekki bak við önnur ómenni.« —»Fyrst Oddur er svo ósvífinn« — »kæra sú er vísvitandi röng« — »venjuleg ósannindi Odds« — »hann er karlmannlegur hann Oddur« — »skríður hann

bak við dómarana og bið þá að lumbra á mér með sektum.«

Með landsyfirréttardómi 13. ágúst f. á. í téðu máli milli stefnda og landssjóðs voru nokkur hinna framan töldu ummæla látin varða stefnda sekt fyrir ósæmilegan rithátt og dæmd dauð og ómerk eftir kröfu áfrýjanda, og voru það þessi ummæli: »Eftir þessari reynslu minni um innræti mannsins, er það fátt, sem eg gæti ekki um hann trúað,« — »eg hef ásæðu til að ætla að kæran, sem kom sakamálsrannsókninni af stað, sé fölsk og væri það í samræmi við aðrar gerðir Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar« — »vörn Odds Gíslasonar er samtíningur af v tleysum, rangfærslum og svívirðingum í minn garð.« »Það þarf meiri ósvífni og siðferðisspillingu en eg hugsaði að nokkur maður ætti til.« »Hitt kæmi mér óvart, ef rétturinn tæki staðlausar álygar hans góðar og gildar.« — »Þetta ósanninda þvaður og álygar þeirra félaganna Odds og Sigurðar« — »Sýnir þetta hvert ómenni Oddur er í þessu máli« — »vísvitandi ósannindi fer hann með« — »venjuleg ósannindi Odds.« »Eg verð að biðja Odd að færa einhver rök fyrir fleipri sínu« — »eða standi sem opinber ósannindamaður« — »að sitja á skrifstofu sinni og sjóða saman þrælmenskulegar sakargiftir á saklausa menn, þar sem uppistaðan er heimska og illgirni tældra fáfræðinga og ívafið eigin mannvonzku« »Oddur garmurinn,« »að því kemur að hann vaknar af svefngöngu svikanna,« verða þess valdandi með upplyga-áburði sínum« — »ein af hans alkunnu ótérlegu ósannindum« — »ýlfrið í honum eintómt

garnagaul« — »Er það nú forsjónin, sem hefir gert heila mannsins svo úr garði, að hann rúmar enga heilbrigða hugsun, eða heimskar hann sig svona sjálfur.« — »En sýni hann nú að hann hafi mannsblóð, en ekki merarhjarta «

Hin önnur ummæli, sem að framan eru greind, voru með bæjarþingsdómnum dæmd dauð og ómerk, samkvæmt 220. gr. hegningarlaganna. Ennfremur var stefndi sektaður um 30 kr, helminginn í landssjóð og helminginn í bæjarsjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt, sem sé þessi ummæli: »Eg hafði heyrt þess getið, að yfirréttur af handahófi ómerkti réttmæt ummæli, án þess svo mikið sem að íhuga, hvað lægi til grundvallar fyrir þeim. Eg vildi að yfirrétturinn hlypi ekki á sig hér eins og annarsstaðar.« »Stefndi er víst ekki vanur að segja vísvitandi satt« — »framkoma og aðgerðir stefnanda meðal hinna ógeðslegustu hneyxla í íslenzku réttarfari« — »Oddur skinnið« — »fleipri þeirra kumpána« »gjörsamlega óleyfilegt að taka orð hans trúanleg.« .

Svo var og stefnda gjört að greiða áfrýjanda 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. ág. þ. á., og eru kröfur hans þær, að stefndi verði látinn sæta laganna þyngstu refsingu fyrir öll hin átöldu móðgunar- og skammaryrði, og dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi, en að bæjarþingsdómurinn verði að öðru leyti staðfestur.

Stefndi krefst þess hins vegar að verða sýknaður af öllum kröfum og kærum áfrýjanda, og mót-

mælir því að nokkurt hinna umstefndu ummæla verði dæmt dautt og ómerkt. En með því að hann hefir ekki gagnáfrýjað málinu, verður engin breyting gjörð á dómnum eftir kröfu hans.

Áfrýjandi hefir, svo sem nú var getið, aðeins krafist þeirrar breytingar á dómnum að refsingarákvæði hans verði hert, og kemur þá sú ein krafa til álita fyrir yfirdóminum, og með því að framangreindar sakargiftir, ókvæðisorð og smánaryrði um áfrýjanda eru svo freklega meiðandi og móðgandi, þykir eiga að taka þessa kröfu hans til greina, þannig, að sektin, sem stefnda ber að greiða, sé ákveðin 200 kr. og vararefsingin 40 daga einfalt fangelsi. Að öðru leyti ber að staðfesta bæjarþingsdóminn eftir kröfu áfrýjanda. Svo ber og stefnda eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 60 kr.

Í varnarskjali fyrir yfirdóminum fer stefndi þessum orðum um undirdómarann: »Eg hefi séð nokkra af dómum þessum (sic) dómara Vigfúsar Einarssonar og eru þeir flestir með sama marki: þá virðist skorta bæði lögfræðilega og rökfræðilega undirstöðu. Það er til gamalt orðtak: Sleggjudómur, og mér virðist að Vigfús þessi gjöra það, sem í hans valdi stendur, til þess að það orðtak gleymist ekki«. »Um alt þetta segir hinn vísi Salómon, sem hér ber nafnið Vigfús«, »rek eg mig enn á það, sem virðist hérlendum dómurum svo eiginlegt, að láta óheiðarlegan verknað og jafnvel beina glæpi óátalið, en hlaupa upp með refsivöndinn og láta hann dynja á þeim, sem eru

svo hreinskilnir, að nefna verknaðinn með réttu nafni«. »Hér, eins og yfir höfuð alstaðar í dómnum, minna orð dómarans mig á orð kerlingarinnar: klipt var það, skorið var það«. »Mér virðist því að hinn vísi Salómon hafi látið spekina blunda meðan hann samdi hér að lútandi atriði dómsins«. »Eg veit ekki hvort hér er að ræða um vísvitandi rangfærslu eða óafsakanlega léttúð í meðferð sannleikans.« »Eg hefi lengi haft grun um það, að hin hljómfagra setning, að allir séu jafnir fyrir lögunum, væri dauður bókstafur. Og meðferð Vigfúsar Einarssonar á ummælum okkar Odds og athöfnum, sýnir, að hann að minsta kosti vill ekki blása lífi í þann bókstaf«. »Eg get ekki að því gert að kalla það að fara óráðvandlega með sannleikann« — »að dómarinn fer, jeg held vísvitandi rangt með«. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður stefndi að sæta sekt, sem ákveðst 50 kr. og renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað, þó svo, að sektin fyrir meiðyrðin ákveðst 200 kr. og vararefsingin 40 daga einfalt fangelsi. Stefndi, Erasmus Gíslason, greiði ennfremur 50 kr. sekt, að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo greiði hann og áfrýjanda Oddi Gíslasyni 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu 8

vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

Nr. 8/1918. Loftur Jónsson
gegn
Guðlaugi Br. Jónssyni

Dómur:

Dómsgjörðir undirréttarins í þessu máli bera það eigi með sér að sáttatilraun í því hafi farið fram og að því hafi af sáttanefndinni verið vísað til dómstólanna. Það verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

39/1918. Eggert Kristjánsson
gegn
B. H. Bjarnason.

Dómur:

Mál þetta höfðaði B. H. Bjarnason kaupmaður í Reykjavík fyrir bæjarþingsréttinum þar gegn Eggert Kristjánssyni söðlasmið sama staðar út af verzlunarskuld, að upphæð 39 kr. 74 aur. og var málinu ráðið til lykta á bæjarþinginu með dómi, uppkveðnum 23. maí þ. á., á þá leið að Eggert Kristjánsson var dæmdur til að greiða B. H. Bjarnason áminsta skuld 39 kr. 74 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 14. sept. f. á. til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Eggert Kristjánsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. júlí þ. á., og gert þær réttarkröfur að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að skuldin öll verði færð niður í 16 kr 20 aura, er hann tjáist jafnan hafa verið fús til að greiða, að hann verði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnda, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi, B. H. Bjarnason kaupmaður, eigi mætt í málinu og enginn af hans hendi, þótt löglega sé stefndur, og verður þá málið dæmt eftir gögnum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin frá hendi áfrýjanda eins og fyrir er mælt í N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 2. gr.

Á skuldakröfu-reikningi stefnda til áfrýjanda

þeim, sem mál þetta er risið af, eru 2 liðir, nl. 22 krókar á 25 a. = 5 kr. 50 aur. og 107 kg. hálmur á 32 a. = 34 kr. 24 k, og eru vörur þessar útteknar í júnímán. f. á. — Áfrýjandi kannast við að hafa fengið þessar vörur í verzlun stefnda og hefir ekkert að athuga við verðið á krókunum. En verðið á hálminum telur hann óhæfilega hátt og rangt, og tjáist eigi vilja borga meira fyrir hvert kilogram af honum en 10 aura, eða alls fyrir hálminn 10 kr. og 70 aura. Vill hann þannig borga af reikningnum 16 kr. 20 aura eins og áður segir. Hins vegar heldur stefndi fast við það, að verðið sé rétt sett á hálminn 32 aur. pr. kilogram, hálmurinn hafi kostað sig meira en þetta, og áfrýjanda hafi verið tjáð, að þetta væri verðið á honum, er hann keypti hann í verzlun stefnda, en um alment gangverð á hálmi hér í bæ, sé eigi og geti eigi verið að ræða, því að hann sé eigi almenn verzlunarvara. Áfrýjanda hafi staðið til boða að skila hálminum aftur, en það hafi hann eigi gert, og verði hann því að greiða verðið afdráttarlaust fyrir hann. Aftur á móti heldur áfrýjandi því fram, að verð á hálmi hér í bæ um þetta leyti hafi verið miklu lægra, og eigi hærra en 10 aurar pr. kg. að meðaltali, og hefir hann því til sönnunar lagt fram 2 reikninga frá stefnda sjálfum, er sýna að að áfrýjandi hefir keypt hálm hjá honum 15. janúar og 18. apríl f. á. fyrir 10 aura kilogrammið og ennfremur 7 reikninga frá ýmsum kaupmönnum, er áfrýjandi hefir keypt hálm hjá árið sem leið í apríl, ágúst, sept. og okt., og er verið á hálminum í þeim reiknað 6—12 aur. pr. kílogr. Þá mótmælir hann því, og telur

það fjarstæðu að hálmurinn hafi kostað stefnda meira en 32 aur. kílógr. í innkaupi eða nokkuð líkt því, og enn mótmælir hann því, að honum hafi verið sagt þetta verð á hálminum, er hann lét kaupa hann; um verðið hafi hann eigi vitað fyr en hann fékk reikninginn og þá þegar mótmælt því, en hálminum hafi hann ekki getað skilað aftur, því að hann hafi þá verið búinn að brúka hann við atvinnu sína.

Það er ekkert sannað um það í málinu fyrir, hvaða verð stefndi hafi keypt hálminn og umsögn stefnda um það hefir áfrýjandi mótmælt sem rakalausri; með reikningum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram einkanlega 2 reikningunum frá stefnda sjálfum, hefir hann leitt rök að því, að hann gat búist við því að fá hálminn fyrir 10—12 aura pr. kilogr. og að verð það, er stefndi nú heimtar fyrir hálminn, er fram úr hófi hátt. Þessu raskar það ekki, þótt stefndi hafi sýnt í málinu viðurkenningu frá einum viðskiftamanni sínum um það, að hann hafi keypt af stefnda um miðjan ágúst f. á. hálm fyrir 32 aura kílógr. Í málinu hefir verið fenginn fyrir rétti vitnisburður verzlunarmanns stefnda, er afhenti hálminn, og vitnisburður sendimanns áfrýjanda, er veitti henum móttöku, um það, er þeirra fór á milli. Verzlunarmaðurinn vottar að hann hafi, að því er hann frekast minnir, sagt við sendimanninn að verðið væri 16 aurar á pundi, en hins vegar vottar sendimaðurinn, að hann hafi spurt verzlunarmanninn um verðið og hafi hann svarað 16 aurar án þess að nefna pund, og segist sendimaðurinn þá hafa talið sjálfsagt að hann ætti við kílogram; þá hefir verzlunarmaðurinn

vottað að hann hafi daginn eftir að kaupin gerðust á hálminum, símað til áfrýjanda og tilkynt honum, að verðið á honum gæti ekki orðið undir 32 aurum pr. kilogram.

Með tilliti til þess er þannig hefur farið á milli málsaðila og þess hinsvegar, að hið umkrafða verð á hálminum virðist eftir framkomnum gögnum óhóflega hátt, þykir rétt að dæma stefnda 16 aura fyrir hvert kilogram af hálminum, eða alls fyrir hálminn 17 kr. 12 a. Verður þá krafa hans öll á hendur áfrýjanda 22 kr. 62 a. og verður honum dæmd þessi upphæð með vöxtum, eins og segir í bæjarþingsdómnum. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eggert Kristjánsson greiði stefnda B. H. Bjarnason kaupmanni 22 kr. 62 a. með 5 % vöxtum p. a. frá 14. septbr. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

43/1918. Magnús Guðmundsson
gegn
Torfa J. Tómassyni.

Dómur:

Í víxilmáli þessu milli stefnda Torfa J. Tómassonar og áfrýjanda Magnúsar útgerðarmanns Guðmundssonar var dómur uppkveðinn fyrir gestaréttí Reykjavíkur 14. desbr. f. á. á þá leið, að Magnús Guðmundsson var dæmdur til að greiða Torfa J. Tómassyni 1009 kr. 37 a. og málskostnað að skaðlausu, en fjárhæð þessi var upphæð víxils með vöxtum og afsagnarkostnaði, er Torfi J. Tómasson hafði gefið út 12. sept. 1917 með gjalddaga 12. nóvember næst á eftir og Magnús Guðmundsson hafði samþykt. Dómhafi krafðist síðan fjárnáms eftir dómnum fyrir fógetaréttí Reykjavíkur 12. júní þ. á., en þar komu fram mótmæli af hálfu rekvisiti og um þau mótmæli úrskurðaði fógetarétturinn 14. s. mán., að þau yrðu ekki tekin til greina; fjárnámsgjörðinni var þá þó frestað eftir ósk dómhafa. Nefndum gestaréttardómi og fógetaréttarúrskurði hefir Magnús Guðmundsson skotið til yfirdómsins tvívegis, en hið fyrra málsskot hans fór svo, að málinu var vísað frá yfirréttinum með dómi 15. júlí þ. á. Nú hefir hann aftur skotið málinu til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. ágúst þ. á. og gjört þær réttarkröfur, að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, að fógetaréttarúrskurðurinn verði úr gildi feldur, og að honum verði til-

dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi Torfi J. Tómasson hefir eigi mætt fyrir yfirréttinum og enginn fyrir hans hönd, þótt löglega sé stefndur, og verður þá að dæma málið eftir þeim gögnum og skilríkjum, sem áfrýjandi hefir lagt fyrir réttinn, samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 2 gr.

Áfrýjandi rökstyður sýknukröfu sína með því, að hann hafi eigi getað skuldbundið sig löglega eftir víxilrétti, er hann ritaði samþykki sitt á áðurnefndan víxil, útgefinn 12. septbr. 1917, með því að hann hafi þá verið ófjárráða, enda er það sannað í málinu með fæðingarvottorði, að hann er fæddur 21. jan. 1894 og hefir þannig eigi verið orðinn fullra 24 ára, er hann ritaði samþykki sitt á víxilinn; hann gat því eigi skuldbundið sig svo löglegt væri, án samþykkis tilsjónarmanns, en það hefir eigi verið fengið. Að vísu kom þessi varnarástæða eigi fram fyrir gestaréttinum, en fyrir fógetaréttinum kom áfrýjandi fram með hana og færði rök fyrir henni. Enda verður nú að taka þessa vörn í málinu til greina og þar af leiðandi að sýkna áfrýjanda fyrir kröfum stefnda; jafnframt er fógetaréttar-úrskurðurinn úr gildi feldur. Eftir málavöxtum virðist málskostnaður í héraði eiga að falla niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Magnús Guðmundsson á að vera

sýkn af kröfum stefnda Torfa J. Tómassonar í máli þessu. Hinn áfrýjaði fógetaréttar-úrskurður skal úr gildi feldur. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi 50 kr., áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. nóvember 1918.

17/1918. Tómas Tómasson
gegn
Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Stefndi Sturla kaupmaður Jónsson í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Árnessýslu gegn áfrýjanda Tómasi bónda Tómassyni í Brattholti í Biskupstungum til viðurkenningar um löglegt framboð á 750 kr. leigu 1. sept. 1912 samkvæmt samningi um leiguréttindi yfir Gullfossi dags. 9. marz 1909, svo og til viðurkenningar á gildi nefnds leigusamnings gagnvart áfrýjanda. Lauk málinu í héraði með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 21. febr. þ. á., á þá leið að samningurinn frá 9. marz 1912 (ritvilla fyrir 1909) um leigu á Gullfossi skyldi teljast fullgildur og bindandi fyrir stefnda (Tómas Tómasson) gagnvart stefnanda (Sturlu Jónssyni), og tilboð það um greiðslu á 750 kr. — 5 ára leigu fyrir Gullfoss

eftir leigusamningnum, sem fram fór 1. sept. 1912 frá stefnanda til stefnds, teljast í alla staði löglegt og í málskostnað skyldi stefndi greiða stefnanda 100 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. apríl þ. á., og krafist þess, að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir gagnfrýjað málinu með stefnu dags. 26. júní þ. á., og krafist þess, að í staðinn fyrir orðin »9. marz 1912« í niðurlagi dómsins komi »9. marz 1909« en dómurinn verði að öðru leyti staðfestur, og sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi er eigandi jarðarinnar Brattholts í Biskupstungum og liggur land hennar að Hvítá að vestanverðu beggja megin Gullfoss, en að austanverðu land jarðarinnar Hamarsholts. Eigendur þessara jarða gjörðu 20. febr. 1909 samning við Þorleif Guðmundsson á Háeyri um leigu á Gullfossi til iðnreksturs um 150 ár frá 1. sept. 1912, en þann dag var á enda 5 ára tímabil, er landssjóður hafði fossinn á leigu samkv. samningi 31. jan. 1908. Skyldi Þorleifur greiða 300 kr. ársleigu eftir fossinn fyrstu 5 árin, og leigan öll fyrir þau ár, kr. 1500.00 greiðast í einu lagi 1. sept. 1912. Eftir það átti leigan að fara hækkandi eins og nánar er ákveðið í samningnum. Sama ár, 9. marz, gjörðu nefndir samningsaðiljar með sér nýjan samning um sama efni, en með þeirri breytingu, að ákvæði fyrri samningsins

um að landssjóði skyldi gefinn kostur á að ganga að samningunum að jöfnum kostum við aðra, ef leiguréttúrinn yrði framseldur, var felt burtu í seinni samningnum; svo var og breyting gjörð á ákvæði fyrri samningsins um skaðabætur fyrir samningsrof, en að öðru leyti eru samningarnir samhljóða. Hinn síðari samning frá 9 marz 1909 framseldi Þorleifur Guðmundsson 20. s. m. stefnda Sturlu Jónssyni til eignar og umráða með öllum þeim skyldum og réttindum, er honum fylgdu.

Þegar að því kom að leigan fyrir fyrstu 5 árin skyldi greiðast, eftir því sem fyr segir, eða 30. ág. 1912, kom bróðir stefnda Friðrik Jónsson kaupmaður á fund áfrýjanda að heimili hans, Brattholti, og bauð honum, að því er stefnda segist frá, í umboði stefnda að greiða honum helming hinnar umsömdu 5 ára leigu, 750 kr., en áfrýjandi neitaði að taka við leigunni. Þessa frásögn hefir eitt vitni, Einar prófessor Arnórsson, er var í för með Friðriki í Brattholti, sannað með stefnda og ennfremur borið, að áfrýjandi hafi, er hann neitaði að taka við leigunni, lýst því yfir, að hann ætti að eins við þann mann, er hann hefði selt fossinn á leigu, og vildi eigi taka við leigunni af öðrum.

Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að Friðrik Jónsson hafi við áminst tækifæri farið fram á það, að þeir bræður mættu koma í stað Þorleifs Guðmundssonar sem leigutakar að Gullfossi eftir samningnum, en áfrýjandi hafi eigi gjört neinn kost á því, og hitt þvertekur hann fyrir, að leigugreiðsla hafi verið nefnd, því síður boðin fram.

Tveim dögum síðar, 1. sept., komu þessir sömu menn aftur að Brattholti og með þeim þriðji maður, sem og hefir borið vitni í málinu. Þeir hittu þá eigi áfrýjanda heima, en dóttir hans tók á móti þeim. Spurði Friðrik Jónsson hana hvort hún vildi taka á móti leigunni fyrir Gullfoss, en hún neitaði því og bar við hinu sama og áfrýjandi, að um þetta yrði að eins átt við þann mann, sem hefði leigt fossinn. Fóru þeir Friðrik burtu við þetta.

Varnarástæður áfrýjanda eru þær, *að* annaðhvort hafi hann aldrei undirskrifað skjal samhljóða samningnum 9. marz 1909, eða hann hafi verið beittur blekkingum við undirskriftina, og sé þá samningurinn ógildur gagnvart sér, *að* þótt hér væri um gildan samning að ræða, þá hafi meðsemjandinn eða sá, er hann framseldi rétt sinn, rofið samninginn með því að greiða eigi eða bjóða löglega fram á réttum tíma leiguna fyrir fyrstu 5 árin, svo að áfrýjanda hafi verið heimilt að skoða sig leystan frá samningnum, og það hafi hann gjört með því að neita að taka við borgun, og *að* eftir samningnum hefði það eigi verið löglegt framboð að bjóða áfrýjanda 750 kr., því að öll leigan, 1500 kr., hefði átt að bjóðast fram þeim báðum saman, áfrýjanda og eiganda Hamarsholts, en óheimilt hafi verið að skifta henni jafnt eins og stefndi hafi gjört.

Það verður nú eigi talinn neinn vafi á því, að áfrýjandi hafi undirskrifað samninginn 9. marz 1909; hann hefir skýrt frá því, að Þorleifur Guðmundsson hafi komið heim til sín hálfum mánuði eftir 20. febr. með nýjan leigusamning, er hann kannast við að

hafa undirskrifað, og sama hafa vitundarvottarnir að undirskift áfrýjanda borið sem vitni.

Skýrsla áfrýjanda um að hann hafi verið beittur blekkingum við undirskriftina er á þá leið, að þau ákvæði samningsins frá 20. febr., sem breytt var með samningnum frá 9. marz, hafi verið sér aðalatriði, en Þorleifur Guðmundsson hafi sagt sér að samningurinn frá 9. marz væri nákvæmlega sama efnis og hinn fyrri samningur, og ekki annað en eftirrit af honum, og í því trausti hafi hann undirritað síðari samninginn. Til stuðnings þessari skýrslu hefir áfrýjandi leitt tvö vitni, er hlýddu á viðtal hans og Þorleifs um Gullfoss-samninginn; hafa vitni þessi borið að Þorleifur hafi spurt áfrýjanda, hvort hann vildi lesa skjalið, en áfrýjandi þá spurt Þorleif hvort það væri eigi alveg eða nákvæmlega samhljóða skjali því eða samningi, er hann hefði áður undirritað, og hafi Þorleifur kveðið já við því. Vitnin hafa þó eigi getað upplýst, hvort áfrýjandi, er hann nefndi skjal eða samning, er hann hefði áður undirritað, átt við samninginn 20. febrúar eða samrit, er hann hefði áður undirritað af samningnum 9. marz, eins og stefndi heldur fram. Hins vegar hafa vitundarvottarnir borið það, að þá minni að samningurinn hafi verið lesinn upp; hafi áfrýjandi ekkert haft við hann að athuga eða lýst neinni óánægju yfir honum, og hafi þeir ekki orðið þess varir, að hann væri neinum brögðum beittur við samningsgjörðina; annar vitundarvotturinn hefir og tekið það fram að það sé víst, að boðið hafi verið að lesa upp skjalið, og að rætt hafi verið um breytingu samninganna.

Það er eftir þessu ósannað, að áfrýjandi hafi verið tældur til að rita undir síðari samninginn, enda var það á hans valdi að kynna sér hann áður en hann ritaði undir hann. Gildi samningsins verður því ekki hnekkt, eða krafa áfrýjanda um sýknun í málinu af þessari ástæðu tekin til greina.

Það er sannað í málinu, að Friðrik Jónsson hafi, er hann kom að Brattholti 1. sept. 1912, boðið fram fossleiguna 750 kr., en dóttir áfrýjanda, sem eigi var heima, neitaði að taka við henni, að því er ætla verður með samþykki eða í umboði hans. En það skiftir hér engu, þó að leiguupphæðin væri eigi talin fram, úr því að neitað var að taka við henni. Það verður því að líta svo á, að framboð hafi verið gjört rjettum hlutaðeiganda á rjettum stað og réttum tíma. Áfrýjandi vissi að leigan átti að greiðast á heimili hans þennan dag, og átti hann þá eigi að láta standa á sér, að taka við henni eða fela öðrum umboð til þess; stefndi átti því eigi sök á því, að greiðslan fórst fyrir hinn tiltekna dag, og verður það eigi talið samningsrof af hans hendi.

Í samningnum er það ótiltekið, hvernig leigan eigi að skiftast milli leigjenda, og þar er eigi áskilið, að leigan skuli óskift greidd í senn þeim báðum saman. Eigandi Hamarsholts hefir tekið við helmingi leigunnar athugasemdalaust, sem sínum hluta, og áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að honum beri að sínum hluta meir en helmingur hinnar umsömdu leigu. Framboð það, er gert var af hálfu stefnda, verður því einnig að því er snertir upphæð hinnar framboðnu leigu að teljast löglegt, enda var því eigi

við borið af hálfu áfrýjanda að upphæðin væri ónóg, er hann neitaði að taka við henni.

Ennfremur hefir áfrýjandi haldið því fram, að honum hafi verið ókunnugt um framsalið, og hafi hann því talið samninginn stefnda óviðkomandi. En þar sem samningurinn var framseljanlegur, mátti áfrýjandi búast við, að annar leigutaki kæmi í stað þess, er hann samdi við, og var honum eigi heimilt að vísa þeim leigutaka á bug; hann varð og að gera ráð fyrir, að leigan væri framboðin af hálfu þess eins, er leiguréttinn hafði öðlast eftir samningnum, og það sést eigi af málfærslunni að áfrýjandi hafi vefengt framsalið eða haft orð á því við Friðrik Jónsson, að sjer væri ókunnugt um það, enda verður að telja víst, að Friðrik hefði skýrt áfrýjanda frá framsalinu, ef hann hefði af þessum ástæðum neitað að taka við leigunni.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu um efni málsins og gestaréttúrinn og felst á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta gestaréttardóminn með þeirri breytingu eftir kröfu stefnda að í staðinn fyrir ártalið 1912 í niðurlagi dómsins komi ártalið 1909.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að í staðinn fyrir »1912« í niðurlagi dóms-

ins komi »1909«. Áfrýjandi Tómas Tómasson greiði stefnda Sturlu Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað skal greiða áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudag 18. nóvember 1918.

41/1918. Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
ráðherrum Íslands
f. h. verzlunar landssjóðs.

Dómur:

Tildrög máls þessa eru þau, að niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík gjörði landsverzluninni 20000 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur síðastliðið ár. Landssjórnin neitaði að inna útsvarið af hendi. Lét þá borgarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnar freista lögtaki fyrir útsvarinu en fógetinn synjaði bæjarstjórninni um lögtakið með úrskurði 18. maí þ. á.

Borgarstjóri skaut fógetaúrskurðinum f. h. bæjarstjórnarinnar til yfirdóms með stefnu, dags. 26. júlí þ. á. Krefst hann þess að fógetaúrskurðinum verði hrundið, að fógetanum verði gert að skyldu að láta lögtak fara fram fyrir útsvarinu og að landsstjórnin verði dæmd til að svara bæjarsjóði málskostnaði í héraði og fyrir yfirdómi.

Afrýjandi rökstyður kröfu sína með því, að landsverzlunin sé arðsamt fyrirtæki og falli því beint undir ákvæði 1. og 3. gr. laga nr. 18, 18. okt. 1877, sbr. 22. gr. tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, enda hafi yfirdómur talið sparisjóð útsvarsskyldan. Þá bendir áfrýjandi og á það, að landsverzlunin greiði önnur lögmæt gjöld í landssjóð og bæjarsjóð. Verði hún því einnig að teljast útsvarsskyld, enda veiki hún gjaldþol kaupmanna og, sé hún eigi talin útsvarsskyld, þá um leið óbeinlínis gjaldþol bæjarsjóðs.

Stefndi hefir nú að vísu eigi neitað því, að landsverslunin sé arðsamt fyrirtæki. En hann heldur því fram, að henni beri þó eigi að borga útsvar, þar sem hún sé ein af bjargráðstöfunum landssjóðs út af heimsófriðnum, enda sé velta hennar ómetanleg til peningaverðs. Þá hefir hann bent á það, að landssjóður hafi með höndum aðra starfsemi sem gefi allmikinn arð, og sé þó eigi gert að svara útsvari af, svo sem landssíminn og póstflutningar. Krefst hann því staðfestingar á fógetaúrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hvorugur málsaðili hefir lýst skipulagi landsverzlunarinnar svokölluðu. En samkvæmt þar að lútandi lögum, sérstaklega lögum nr. 5, 1. febrúar 1917, og reglugjörðum 11., 21., og 26. apríl s. á., verður að telja verzlunina bráðabirgðagrein af landsstjórninni og, eins og stefndi heldur fram, eina af lögmæltum bjargráðstöfunum hennar út af ófriðnum, enda er landssjóðnum stefnt fyrir hönd verzlunarinnar.

Nú heimila lög nr. 18, 1877 að vísu að leggja skatt eða útsvar á fastar verzlanir, stofnanir og önnur arðsöm fyrirtæki. En það þykir mega ráða það, bæði af orðum 1. og 3. gr. laganna, sbr. 22. gr. tilsk. 20. apríl 1872, og af undirbúningi laganna, að útsvarsákvæði þeirra taki eigi til slíks fyrirtækis, sem hér ræðir um. Eigi þykir heldur verða lögjafnað þaðan eða annars staðar frá til útsvarsskyldu landsverzlunarinnar, enda hefir útsvars eigi verið krafist af nokkurri landssjóðsstofnun fyr en nú.

Verður fyrir því að staðfesta fógetaúrskurðinn, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Það er aðfinsluvert, að fógetaréttarhald 16. apríl er ekki í héraðsgjörðunum, en fylgir á lausu blaði.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaúrskurðurinn á að vera óraskaður.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1918.

51/1918. Bogi A. J. Þórðarson
gegn
firmanu Carl Höepfner.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson fyrir hönd firmans Carl Höepfner

fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn Boga A. J. Þórðarsyni bónda á Lágafelli til greiðslu á skuld að upphæð 150 kr. 97 a., en Bogi A. J. Þórðarson höfðaði þá gagnsök gegn firmanu; krafðist hann sýknunar í aðalmálinu, en í gagnsökinni krafðist hann að firmað yrði dæmt til þess að greiða sér eftirstöðvar af andvirði hesta, er hann hafði selt því, vorið 1916, 409 kr. 15 a. ásamt 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags. Svo krafðist hann og málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök. Málum þessum lauk svo með dómi gestaréttarins uppkveðnum 9. marz þ. á., að aðalmálinu var vísað frá dómi, aðalsækjandi Bogi Brynjólfsson f. h. firmans Carl Höepfner dæmdur til að sæta 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á sáttalöggjöfinni, og til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað. Í gagnsökinni var firmað sýknað af kröfum stefnda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Bogi A. J. Þórðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. sept. þ. á. Við úrslit aðalmálsins fyrir gestaréttinum hefir áfrýjandi ekkert að athuga, en hvað gagnsökina snertir krefst hann þess, að stefndi, firmað Carl Höepfner verði dæmt til þess að greiða sér umstefndar 409 kr. 15 a. ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hins vegar, að verða sýknaður af kröfum áfrýjanda í máli þessu, þ. e. að hinn áfrýjaði dómur í gagnsökinni verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 9. maí

1916 gjörði áfrýjandi samning við firmað Carl Höepfner um að selja því 60—120 hesta, og lofaði stefndi að greiða fyrir hvern hest 375 kr., um borð komna með heyi á Reykjavíkurhöfn, og síðar í samningnum segir að andvirði hestanna skuli greiðast að fullu samkvæmt ofanskrifuðu söluverði út í hönd í Reykjavík móti farmskírteini. Verzlunarstjóri firmans, sem útvegaði farmskírteini, greiddi verðhækkunartoll af hrossunum samkvæmt lögum nr. 16, 16. sept. 1915, en með því að hann leit svo á, að áfrýjanda væri skylt samkvæmt samningnum að greiða gjald þetta, hélt hann því eftir af andvirði hrossanna. Áfrýjandi telur sér hins vegar eigi skylt að greiða gjald þetta, með því að skylda sín hafi eigi náð lengra en til þess að flytja hestana á skipsfjöl og leggja þeim til hey. Að vísu sé sagt í samningnum, að borgunin eigi að greiðast gegn farmskírteini, en frá þessu hafi stefndi vikið með því að útvega sjálfur farmskírteinið, en með því hafi áfrýjanda verið fyrirmunað að halda sér að kaupanda hrossanna um borgun verðhækkunartollsins, eins og honum hafi verið ætlað. Þennan skilning sinn á samningnum styður áfrýjandi ennfremur við það, að samkvæmt ákvæði síðar í samningnum hafi hann átt að fá sama verð fyrir hestana, þótt þeir yrðu ekki útfluttir, og sýnir þetta, að hér hafi eigi verið að ræða um sölu »fritt um borð« í þessa orðs venjulegu merkingu.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að það skifti eigi máli, þótt hann hafi útvegað farmskírteini fyrir áfrýjanda, og að samningurinn sýni það ljóslega, að

um »fob«-sölu hafi verið að ræða, og hafi kaupandi því engan kostnað átt að greiða af hestunum hér á landi.

Í samningnum er ekkert tekið fram um það, hvor samningsaðila eigi að greiða verðhækkunartollinn; í upphafi samningsins eru skyldur áfrýjanda einskorðaðar við að hann skuli flytja hestana út í skip og leggja þeim til hey, og þótt það sé ákveðið síðar í samningnum, að andvirði hrossanna skuli greiðast gegn farmskírteini, virðist ekki í þessu ákvæði liggja nægileg heimild til þess að álíta, að áfrýjandi hafi þar með skuldbundið sig til þess að greiða gjald þetta, með því að í orðunum »greiðsla gegn farmskírteini« liggur í sjálfu sér eigi annað en ákvæði um greiðslutímann en ekki um innihald skuldbindingarinnar að öðru leyti. Þessi skilningur á samningnum styrkist við það, að stefndi virðist enga áherzlu hafa lagt á það, að fá farmskírteini frá áfrýjanda, heldur hefir sjálfur séð um útvegun þess, og í málinu hafa engar upplýsingar komið fram um það, að áfrýjandi hafi í því verið talinn sendandi hrossanna. Þessi skilningur virðist og í beztu samræmi við síðari ákvæði samningsins um að áfrýjandi skuli fá að fullu hið umsamda söluverð hrossanna, þótt ekkert verði úr útflutningi þeirra.

Þar sem eftir framansögðu ekki verður álitið, að áfrýjanda sé skylt að greiða hinn umrædda verðhækkunartoll, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, 409 kr. 15 a. með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 7. sept. f. á. til

greiðsludags; eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað í gagnmálinu fyrir undirrétti og yfirdómi, sem ákveðst 100 kr. Að öðru leyti staðfestist hinn áfrýjaði gestaréttardómur.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalmálinu á hinn áfrýjaði gestaréttardómur að vera óraskaður. — Í gagnsökinni ber stefnda, firmanu Carl Höepfner að greiða áfrýjanda Boga A. J. Þórðarsyni 409 kr. 15 a. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað með 100 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. nóvember 1918.

49/1918. Metúsalem Jóhannesson f. h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« gegn Ingimundi N. Jónssyni

Dómur:

Hinum reglulega dómara, er fyrst hafði mál þetta til meðferðar, hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun þess, en hann hefir eigi fallið

frá stefnu og eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum. Fyrirmæla N. L. 1—2—3, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 18. gr. hefir þannig eigi verið gætt, og verður því ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.

Eftir þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda ómaksbætur og ákveðast þær 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« greiði stefnda Ingimundi N. Jónssyni 20 kr. í ómaksbætur áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. nóvember 1918.

38/1918. Sturla Jónsson
gegn
firmanu Nathan & Olsen f. h.
Carl Draeger.

Dómur:

Hinum reglulega dómara, sem fyrst hafði mál þetta til meðferðar, gaf út stefnu í því og þingaði í því er það var þingfest 21. júní f. á., hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun þess, en hann hefir eigi

fallið frá stefnu og eigi mætt né látið mæta í yfirdóminum. Fyrirmæla N. L. 1—2—3, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 18. gr., hefir þannig eigi verið gætt, og verður þá ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.

Eftir því ber áfrýjanda að greiða stefnda ómaksbætur, og ákveðast þær 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Sturla Jónsson greiði stefnda firmanu Nathan & Olsen fyrir hönd Carl Draeger 20 kr. í ómaksbætur áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu þessa dóms, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. nóvember 1918.

42/1918. Finnbogi G. Lárusson
gegn
Magnúsi Magnússyni.

Dómur:

Samkvæmt kröfu Landsbanka Íslands var jörðin Krókur með hjáleigunni Krókvelli í Gerðahreppi í Gullbringusýslu seld á nauðungaruppboði 19. ág. 1916 til lúkningar skuld til veðdeildar bankans. Magnús Magnússon, sem stefndur er í þessu máli,

var þá ábúandi á Króki og eigandi hálfrar jarðarinnar, en hina hálflenduna átti áfrýjandi, Finnbogi G. Lárusson kaupmaður á Búðum. Á nauðungaruppboðinu var boð áfrýjanda í nefnda jarðeign samþykt af uppboðsréttinum, og fékk hann uppboðsafsalsbréf fyrir henni 29. sept. s. á. Með skjali dags. 19. des. s. á., birtu stefnda 22. sama mánaðar, lét áfrýjandi byggja stefnda út af jörðinni Króki frá næstu fardögum að telja. Af áfrýjanda hálfu var þó ekkert gjört til að koma stefnda burtu af jörðinni í fardögum 1917, og hélt hann ábúðinni að því er virðist óátalið til fardaga þ. á. En 3. júní þ. á. krafðist áfrýjandi að fógetinn bæri stefnda út af »Króki (ásamt Króksvelli og svonefndum Girtabletti)«, og var út af þeirri kröfu fógetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu haldinn 5. s. m. og eftir sókn og vörn af beggja hálfu, úrskurðaði fógetinn 10. s. m. að krafa áfrýjanda yrði eigi tekin til greina.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. júlí þ. á. og krafist þess, að úrskurðinum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir fógetaréttinum verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaður eftir mati réttarins.

Í útbyggingarskjalinu 19. des. 1916 eru þær sakir taldar, að stefndi hafi engan rétt til ábúðar á jörðinni, að hann hafi eigi goldið eftirgjald og að hann hafi án leyfis jarðeiganda lánað af nytjum jarðarinnar hagbeit og torfristu og tekið húsmann á jörðina.

Þó að áfrýjandi haldi því fram, að stefndi hafi eigi gert lögleg skil fyrir jarðargjöldum af Króki, hefir hann eigi fyrir þessa sök krafist útburðar á stefnda án útbyggingar samkvæmt 24. gr. laga nr. 1, 12. jan. 1884 um byggingu, ábúð og úttekt jarða, enda virðist það eigi fullljóst í málinu, að stefndi hafi sýnt slík vanskil á eftirgjaldinu, að það hefði átt að varða hann missi ábúðarrjettarins.

En krafa áfrýjanda um útburð er bygð á útbyggingunni, er stefnda var birt 22. desbr. 1916 og átti að gjöra honum ábúðina óheimila frá fardögum 1917. Stefndi heldur því fram, að þessi útbygging geti ekki verið lögleg undirstaða til að krefjast eftir henni útburðar af jörðinni í fardögum 1918, og það virðist eiga að skilja svo 26. gr. ábúðarlaganna, að rétt sé að fallast á þessa skoðun stefnda. Yfirleitt verður að ætla, að útbygging af jörðu. er eigi er framfylgt með útburði í næstu fardögum, geti eigi síðar komið til greina gagnvart leiguliða og að landsdrottinn geti eigi eftir vild sinni látið dragast að framfylgja henni, ef til vill svo árum skiftir. Og um málsatvikin hér er það sérstaklega að athuga, að þegar stefnda var birt útbyggingarskjalið, mótmælti hann þeim útbyggingarsökum, sem þar eru taldar og, sem fyrri er vikið að, hreifði sig eigi til burtflutnings af jörðinni í næstu fardögum, en áfrýjandi lét hann halda ábúðinni óátalið til fardaga 1918, eftir því gat stefndi búist við því, að áfrýjandi ætlaði eigi að halda því til streitu, að stefndi færi frá jörðinni, og að minsta kosti átti hann eigi »að vísu að ganga að hann ætti af jörðu að fara«, sbr. nefnda lagagrein í. f.

Það þykir því af þessum ástæðum, og án þess að frekari rannsóknar þurfi á öðrum atriðum málsins, eiga að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1918.

45/1918. Firmað Trolle & Rothe,
f. h. vátryggingarfélagsins h.f. »Wolga«
í Petrograd
gegn
Aug. Flygenring
f. h. hlutafélagsins »Ýmir«.

Dómur:

Hinn 25. marz 1916 var botnvörpuskipið »Ýmir« frá Hafnarfirði á siglingu í norðaustanroki og snjóbyl undan Selvogi; kendi skipið þá grunns en losnaði samstundis aftur af grunni. Kom þá þegar í ljós að leki hafði komist að skipinu, því sjór gekk inn í fisklestina, svo mjög að dælur skipsins höfðu ekki undan að ausa það. Var þá haldið inn til Þorlákshafnar, og þar sem skipstjóra virtist ekki útlit fyrir að skip-

ið mundi geta bjargað sér sjálft, símaði hann eftir björgunarskipinu »Geir« til Reykjavíkur. Kom það til Þorlákshafnar daginn eftir, setti dælur frá sér yfir í »Ýmir«, þurjós hann og flutti til Hafnarfjarðar; kom Ýmir þangað 27. marz 1916 og var þar framkvæmd bráðabyrgða-aðgerð, sem nauðsynleg var til þess að skipið gæti flotið áhættulaust.

Eftir ósk umboðsmanns allra þeirra vátryggingarfjelaga, sem hér áttu hlut að máli, einnig ábyrgðarfélagsins »Wolga«, voru 2 menn dómkvaddir til þess að gjöra fullnaðarmat og niðurjöfnun skaða út af framangreindu áfalli »Ýmis«. Möttu þeir hið sameiginlega sjótjón út af áfallinu kr. 28.536.75, þar af jöfnuðu þeir kr. 26.675.94 niður á skipið sjálft, og af þeim aftur kr. 8.423.99 niður á ábyrgðarfélagið »Wolga«, sem skipið var vátrygt hjá fyrir 90.000 krónum.

Með því að umboðsmaður vátryggingarfélagsins »Wolga« leit svo á, að félaginu væri ekki skylt að greiða upphæð þessa, höfðaði framkvæmdarstjóri hlutafélagsins »Ýmis«, Aug. Flygenring kaupmaður í Hafnarfirði mál þetta fyrir sjórétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda, firmanu Trolle & Rothe sem aðalumboðsmanni vátryggingarfélagsins h. f. »Wolga« til þess að fá það dæmt til að greiða hlutafélaginu »Ými« áðurnefndar 8.423 kr. 99 au. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins. Með dómi sjóréttarins, uppkveðnum 13. júlí þ. á., var áfrýjandi fyrir vátryggingarfélagsins hönd dæmdur til að greiða stefnda fyrirhönd h. f. »Ýmis« umstefndar

8.423 kr. 99 aura, með 6% ársvöxtum frá 30. nóv. 1917 til greiðsludags og 100 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir firmað Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins »Wolga« skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 9. ágúst þ. á. og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málmálinu og stefndi dæmdur til í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Neitun sína um að greiða hina umstefndu upphæð byggir áfrýjandi á því að vátryggingarfélagið »Wolga« hafi aðeins tekið »Ými« í vátryggingu gegn algerðum skiptapa, og þar sem hér hafi aðeins verið um minni háttar skemdir að ræða, sé skilyrðið fyrir ábyrgðarskyldu, eigi fyrir hendi fjelagsins.

Það er nú að vísu tekið fram í ábyrgðarskírteini því, sem ábyrgðarfélagið »Wolga« hefir gefið út fyrir áminstri vátryggingu, að hún gildi aðeins gegn algerðum skipstapa, en í því liggur ekki að félagið þurfi ekkert að borga nema því aðeins að skipið farist algjörlega, með því að það liggur í hlutarins eðli, að félagið verður að taka þátt í kostnaði við þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og gjörðar af viti og forsjálni til þess að vernda skipið frá yfirvofandi hættu og fyrirbyggja að algjörður skiptapi verði, en að »Ýmir« hafi verið í slíkri hættu staddur, hefir áfrýjandi eigi neitað.

Þetta er og beinlínis tekið fram í 192. gr. í samþykt 2. apríl 1850, sem tekið er fram í vátrygging-

arskírteininu, að vátryggingin sé gjörð samkvæmt, og það virðist enginn vafi vera á því að þessi grein eigi einnig við um tryggingar þær, er ræðir um í 75 grein samþyktarinnar, en það eru samskonar tryggingar og hér ræðir um.

Yfirrétturinn verður því að vera sjódóminum samdóma um það, að vátryggingarfélagið »Wolga« eigi að sínum hluta að taka þátt í hinu sameginlega sjótjóni, er »Ýmir« varð fyrir, hlutfallslega við aðra hlutaðeigendur, og þar sem áfrýjandi hefir ekkert sérstakt haft að athuga við mat sjótjónsins eða niðurjöfnun þess á hlutaðeigendur, verða að fallast á það, að sjódómurinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða hina umstefndu upphæð 8423 kr. 99 au. með vöxtum eins og segir í dómnum, og þar sem ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum,

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði sjóréttardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi firmað Trolle & Rothe fyrir hönd vátryggingar-félagsins h. f. »Wolga« í Petrograd greiði stefnda Aug. Flygenring fyrir hönd

hlutafélagsins »Ymir» í Hafnarfirði 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Hæstaréttardómar

hæstaréttarárið 1917—1918.

Fimtudaginn 10 maí 1917.

Pétur J. Thorsteinsson (Levy)
gegn
Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn (Liebe eftir skipun)

um skyldu áfrýjanda til að endurgreiða Arbejderforsikringsraadet skaðabætur, sem ráðið hafði greitt eftirlifendur þriggja sjómanna.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 10. des. 1914:

Stefndi Pétur J. Thorsteinsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda Odds Gíslasonar fyrir hönd Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn. Stefnandi greiði stefnda 30 kr. í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 17. jan. 1916:

Stefndi Pétur J. Thorsteinsson greiði áfrýjanda yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni fyrir hönd

Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn 7200 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar:

Eftir því sem málið er lagt fyrir hæstarétt og samkvæmt ástæðum þeim, er tilfærðar eru í þeim hluta dómsins, er hér er um að ræða, og með því að upplýsingar þær, er lagðar hafa verið fyrir hæstarétt, ekki geta leitt til annarar niðurstöðu en þeirrar, er komist hefur verið að í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann eftir kröfu stefnda.

Málskostnað fyrir hæstarétti ber áfrýjanda að greiða eftir þeim reglum, er gilda um gjafsóknarmál.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Áfrýjandi Pétur J .Thorsteinsson á að greiða hinu opinbera þau réttargjöld og stimpilgjöld, er hefði átt að greiða, ef málið að því er snertir stefnda, Arbejderforsikringsraadet, hefði ekki verið rekið með gjafvörn fyrir hæstarétti, svo og hæstaréttarmálafluttningsmanni Liebe 120 kr. í málsfærslu-

laun fyrir hæstarétti. Enn fremur á áfrýjandi að greiða 10 kr. í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í IX bindi dómasafns landsyfirréttarins bls. 643—646.

Þriðjudaginn 31. júlí 1917.

Yfirréttarmálaflutningsnaður
Sveinn Björnsson
fyrir hönd firmans
C. F. Müller, Seligmann & Nathan
(Henriques)
gegn
Jóni Laxdal kaupmanni (Enginn)
um skyldu stefnda til að greiða andvirði vörusendingar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1914:
Svo framarlega, sem stefndur Jón Laxdal eftir löglegan undirbúning vinnur eið að því á varnarþingi sínu að hann hafi gert það að beinu skilyrði við pöntun sína á skófatnaði fyrst á árinu 1913 hjá C. F. Müller, Seligmann & Nathan, að skófatnaðurinn skyldi allur sendur með gufuskipinu Botnia, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. marz f. á, þá á hann að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Björnssonar, fyrir hönd nefnds firma í þessu máli og málskostnaður

falla niður. En treysti hann sér ekki til að vinna eiðinn, skal hann greiða stefnanda 1480 kr. 25 aur., með 5% árvöxtum frá 18. marz 1914 og málskostnað með 30 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur landyfirréttarins 13. des. 1915:

Svo framarlega sem stefndi, Jón Laxdal, eftir löglegan undirbúning, synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að firmað C. F. Müller, Seligmann & Nathan, er hann (stefndi) í febrúar 1913 pantaði skófatnað hjá firmanu, hefi takmarkað loforð sitt um að senda skófatnaðinn með gufuskipunu Botnía, sem átti að fara frá Kaupmannahöfn 8. mars s. á. með orðunum „saa vidt muligt", þá á hann að vera sýkn af kröfur áfrýjanda, Sveins Björnssonar f. h. nefnds firma í þessu máli, og fellur málskostnaður þá niður, en vinni stefndi ekki eiðinn, skal hann greiða áfrýjanda 1480 kr. 25 aur. með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til borgunardags og málskostnað með 80 kr.

Dóminum ber að fullnæga innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar:

Svo sem sagt er í hinum áfrýjaða dómi hefir verslunarþjónn hjá C. F. Müller, Seligmann & Nathan,

borið sem vitni, að sá af forstjórum firmans, er samdi við stefnda, hafi í áheyrn vitnisins tekið fram, að það væri ekki hægt að lofa því ákveðið að senda allan skóvarninginn með Botníu frá Kaupmannahöfn hinn 8. marz 1913.

Ennfremnr verður eftir því, sem fyrir liggur, þar á meðal hinni ekki nægilega ákveðnu málsfærslu viðvíkjandi þessu atriði, að gera ráð fyrir, að hann án þess að hreyfa andmælum við firmað, hafi fengið bréf það frá 11. febr. 1913, er ræðir um í dómum og með því »ordrecopi«, en í þeim skjölum báðum stóð athugasemd um að allur skófatnaðurinn skyldi verða sendur með Botníu í marz, ef hægt væri (saa vidt muligt).

Með því að ekki verður álitið eftir þessu, að firmað hafi skuldbundið sig til að senda allan hinn pantaða skófatnað með Botníu hinn 8. marz, hefir neitun stefnda um að taka á móti hinum 2 skófatnaðarsendingum, er sendar voru í apríl 1913, ekki verið réttmæt. Það ber því að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, þó þannig að upphæðin sökum málsfærslu áfrýanda fyrir yfirdómi verður ekki sett hærra en 1480 kr. 25 aur.

Málskostnað fyrir öllum réttum ber stefnda að greiða áfrýjanda með 600 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Laxdal kaupmaður, ber að greiða

áfrýjanda, Sveini Björnssyni sem mandatarius firmans C. F. Müller, Seligmann & Nathan 1480 kr. 25 aur. með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1914 til greiðsludags. Málskostnað fyrir öllum réttum greiði stefndi áfrýjanda með 600 kr. Svo greiði hann og 10 kr. í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttar eru prentaðar á bls. 607—611 í IX. bindi þessa dómasafns.

Hæstaréttardómar
hæstaréttarárið 1918—1919.

Þriðjudaginn 22. okt. 1918.

Nr. 30. Kaupmaður Benedikt S. Þórarinsson (David)
gegn
Ráðherrum Islands
fyrir hönd landssjóðs (Bülow)

um rétt áfrýjanda til skaðabóta fyrir skaða þann, er hann hefir orðið fyrir vegna laga um aðflutningsbann á áfengi.

Bæjarþingdómur Reykjavíkur 9. marz 1916:
Ráðherra Íslands, fyrir hönd landssjóðs, á að vera sýkn af kærum kaupmanns Benedikts S. Þórarinssonar. Málskostnaður fellur niður.

Dómur landsyfirréttarinns 7. ágúst 1916:
Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málkostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómur hæstaréttar:

Það verður eigi álitið að lög þau, er nefnd eru í hin-

um áfrýjaða dómi frá 11. nóvbr. 1899 veiti áfrýjanda annan eða meiri rétt en þann, er honum var heimilaður með borgarabréfi hans, enda mundi annar skilningur fara í bág við tildrög laganna og tilgang. Það atriði er hér á að skera úr, er því að eins það, hvort lögin 30. júlí 1909 hafði gripið þannig inn í atvinnurétt áfrýjanda, að honum eftir 50. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 beri skaðabætur fyrir, Þetta verður þó ekki álitið. Með ákvæðum 9. gr. í nefndum lögum, er ekki ætlast til þess að grípa sérstaklega inn í atvinnurétt áfrýjanda og er heldur eigi gjört, því í nefndu ákvæði liggur ekki annað en beiting af heimild þeirri, er löggjafarvaldið hefir til þess að setja almennar reglur um atvinnumál.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta dóminn eftir kröfu stefnda. Það þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 500 kr.

Því dæmist rétt vera

Dómur landsyfirréttarins skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður, greiði hinum stefndu, ráðherrum Íslands fyrir hönd landssjóðs, málskostnað fyrir hæstarétti með 500 kr. Svo greiði hann og 10 kr. í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar á bls. 809—813 í IX. bindi þessa dómasafns.

Þriðjudaginn 22. okt. 1918.

Nr. 141. Ekkjufrú Margrét Zoëga (David)
gegn
Stjórnarráði Íslands
fyrir hönd landssjóðs (Bülow).

um rétt áfrýjanda til skaðabóta fyrir skaða þann, er hún hefir beðið út af lögum um aðflutningsbann á áfengi.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 13. júlí 1916:

Ráðherra Íslands, fyrir hönd landssjóðs, á að vera sýkn að kröfum ekkjufrú Margrétar Zoëga í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Dómur landsyfirréttarins 22. jan. 1917:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómur hæsta réttar;

Í hinum áfrýjaða dómi er það réttilega athugað að bannið í 9. gr. í lögum 30. júlí 1909 nær til réttar þess, er áfrýjandi hefir til veitinga áfengra drykkja samkvæmt leyfisbrjefinu frá 1883; þetta bann er að eins beiting af valdi því eða heimild, er löggjafavaldið hefir til þess að setja almennar reglur um atvinnumálin, og getur áfrýjandi því ekki bygt skaðabótakröfu á ákvæðinu í 50.

gr. í stjórnarskránni 5. jan. 1874. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hann.

Það þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti með 500 kr.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins skal vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarétti greiðir áfrýjandi, ekkjufrú Margrét Zoëga, stefnda, stjórnarráði Íslands fyrir hönd landssjóðs með 500 kr. Svo greiði hún og 10 kr. í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 20-27 hér að framan.

Mánudaginn 4. nóvbr. 1918.

Nr. 143. Hæstaréttarmálaflutningsmaður, Asmussen
gegn
Sigfúsi Sveinbjarnarsyni (Verjandi Stein)
sem ákærður er fyrir brot gegn 28. kapítula hinna almennu hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 17. ágúst 1915:

Ákærði, Sigfús Sveinbjarnarson, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu. Allur af málinu leiðandi kostnaður, þar á meðal 10 kr. málsvarnarlaun til skipaða verjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Þorsteins Þorsteinssonar, greiðist af almanna fé.

Dómur landsyfirréttarins 31. júlí 1916:

Ákærði, Sigfús Sveinbjarnarson, skal sæta 18 mánaða betrunarhússvinnu. Svo greiði hann allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 25 krónur til hvors. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar

Samkvæmt ástæðum þeim, sem færðar eru í hinum áfrýjaða dómi, sem ekkert verulegt er við að athuga, og með því að hin nýju gögn, er lögð hafa verið fyrir hæstarétt, geta ekki leitt til annarar niðurstöðu

Dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins skal vera óraskaður. Í málaflutningslaun fyrir hæstarétti greiði ákærði Sigfús Sveinbjarnarson til hæstaréttarmálaflutn-

ingsmannanna Asmussen og Stein 150 kr. til hvors.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 790-801 í IX. bindi þessa dómasafns.

Mánudaginn 10. febr. 1919:

Nr. 29. Tönnes Frederiksen vegna „Timbur og kolaverzlunin Reykjavík“ (Graae).
gegn
ráðherra Íslands fyrir hönd valdstjórnarinnar (Enginn)
um það hvort áfrýjandi hafi gjörst brotlegur gegn 4. gr. í Hafnarlögum fyrir Reykjavík 11. júlí 1911.

Dómar lögregluréttar Reykjavíkur 9. júlí 1915:

Kærður Tönnes Frederiksen greiði 10 kr. sekt til hafnarsjóðs Reykjavíkur. Hafnarsjóður má taka burtu framannefnda dráttarbraut á kostnað hlutafélagsins „Timbur og kolaverzlunin Reykjavík“. Kærður fyrir hönd þessa hlutafélags greiði allan kostnað málsins. Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirréttarins 24. jan. 1916:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður.

Kærði Tönnes Frederiksen fyrir hönd hlutafélagsins Timbur og kolaverzlunin Reykjavík, greiði allan áfrýjunnarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Classen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors. Ídæmd iðgjöld greiðist áður en 8 vikur sjeu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Til stuðnings sýknukröfu sinni hefir áfrýjandi sérstaklega skýrskotað til 50 gr. í stjórnarskránni en eptir skýrslum málsins, sem í öllu verulega eru til færðar í hinum áfrýaða dómi, verður það eigi álitið að þetta lagafyrirmæli sé því til fyrirstöðu, að 4. gr. í hafnarlögum Reykjavíkur sé beitt gegn áfrýjanda. Með þessari athugasemd og að öðru leiti samkvæmt ástæðum þeim, er getur um í dómnum, ber að staðfesta hann, þó þannig að heimild hafnarnefndar, ekki hafnarsjóðs, til að taka dráttarbrautina burt nær að eins til þess hluta brautarinnar, sem liggur fyrir utan hina daglegu vatnshæðarlínu og þannig gengur út í sjóinn.

Á það má fallast, að engin athugasemd er í lögregluréttardómnum um flutning málsins fyrir hönd áfrýjanda, sem var flutt af málafærslumanni, er hann hafði sjálfur ráðið.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirdómsins skal vera óraskaður, þó þannig að burttökurétturinn veitist hafnarnefnd og nær að eins til þess hluta af dráttarbrautinni, sem liggur fyrir utan hina daglegu vatnshæðarlínu. Til dómsmálasjóðs greiði áfrýandi, Tönnes Frederiksen, 10 kr.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 652—655 í IX. bindi þessa dómasafns.

Landsyfirréttardómar 1919.

Mánudaginn hinn 13. janúar 1919.

Nr. 40/1918 Ólafur V. Davíðsson
gegn
Halldóri Gunnlaugssyni o.fl.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Ólafur V. Davíðsson, kaupmaður í Hafnarfirði fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn umboðssala Halldóri Gunnlaugssyni, Hans Petersen kaupmanni, Einari Einarssyni skipasmið, Guðna Helgasyni skipasmið öllum, til heimilis í Reykjavík, svo og Sigfúsi kaupmanni Bergmann, Daníel kaupmanni Bergmann og Guðmundi járnsmið Hróbjartssyni, öllum í Hafnarfirði, til þess að fá þá dæmda til þess að taka aftur við seglskipinu »Alice« (ex Lögberg), er þeir seldu áfrýjanda sumarið 1917 og fá þá dæmda til að endurgreiða kaupverð skipsins 25.000 kr. með 6% ársvöxtum frá kaupdegi 23. júní 1917 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo með dómi gestaréttarins uppkveðnum 10. maí f. á., að málinu var vísað frá dómi að því er snerti Sigfús Bergmann, Daníel Bergmann og Guðmund Hróbjartsson, en Halldór Gunnlaugsson, Hans Petersen, Einar Einarsson og Guðni Helgason voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Ólafur V. Davíðsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. júlí f. á. Hefir hann stefnt þeim Halldóri Gunnlaugssyni, Hans Petersen, Einari Einarssyni og Guðna Helgasyni og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hinir stefndu verði með dómi skyldaðir til þess að taka við seglskipinu »Alice« (ex Lögberg) og einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að endurgreiða honum kaupverð skipsins 25000 kr. með 6% ársvöxtum frá kaupdegi 23. júlí 1917 til greiðsludags, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettun eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa hinsvegar krafist þess að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda og þeim dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins, en með því að stefndu hafa ekki gagnáfrýjað málinu, kemur krafa þeirra um málskostnað fyrir undirrétti eigi til greina.

Málavextir eru þeir, að hinn 23. júlí 1917 seldi stefndi Halldór Gunnlaugsson umboðssali fyrir sína hönd og meðeiganda sinna, hinna meðstefndu Hans Petersen, Einars Einarssonar, og Guðna Helgasonar, svo og stefndu í undirrétti Sigfúsar Bergmanns,

Daníels Bergmanns og Guðmundar Hróbjartssonar áfrýjanda seglskipið »Alice« (ex. Lögberg) fyrir 25000 kr., er áfrýjandi greiddi þá þegar. En áður en salan fór fram hafði skipið, að undangenginni viðgerð á því, verðið virt af dómkvöddum mönnum á 34550 kr., og auk þess höfðu hinir lögskipuðu skipaskoðunarmenn gefið út vottorð um það, að þeir teldu skipið svo traust og ógallað og að öðru leyti svo vel út búið, að lífi og heilsu manna á því væri ekki hætta búin. Sendi áfrýjandi svo skipið á veiðar, en þá fór að bera á leka á því, og fékk þá skipstjórinn hinn 2. ágúst 1917 aðstoðarlögreglustjórann á Siglufirði til að útnefna 2 menn til þess að skoða skipið, er þá var statt á Siglufirði, og dæma um það hvort það gæti talist sjófært þá þegar til Reykjavíkur. Hinir útnefndu menn komust að þeirri niðurstöðu, að skipið væri svo fúið að ekki væri tiltök að sigla því með fullfermi til Reykjavíkur, en álitu þó að ekki væri hætta fyrir fólk að sigla því með kjölfestu suður nú þegar (þ: í ágústmánuði), ef smáspons væru sett í gafl þess og nýr skrúfnagli í pumpuna.

Hinn 18 s. m. voru að tilhlutun áfrýjanda dómkvaddir þeir O. Ellingsen fyrverandi slippstjóri og P. Ungerskov skipstjóri á björgunarskipinu »Geir« til þess að skoða og álíta skipið og segja álit sitt um það, hvort fært væri að geri svo við það að það yrði sjófært, og hvað slík aðgerð mundi kosta. Framkvæmdu þeir skoðunina í fjörunni í Hafnarfirði 21. s. m., og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að skipið væri »meget raaddent i Toptömrene, Bælkevæg-

erne og Hjælpebjælkevægerne og Garneringen (specielt i S. B. Side)», og að alls ekki mundi svara kostnaði að gjöra við það.

Því er ómótmælt haldið fram af áfrýjanda, að þegar komið hafi til orða að hann keypti umrætt skip, þá hafi stefndu sýnt honum umgetna virðingu á því og vottorð hinna lögskipuðu skoðunarmanna, og heldur áfrýjandi því fram, að stefndu hafi verið það vitanlegt að hann festi kaup á skipinu í trausti til þess að virðingargjörðin og vottorð skipaskoðunarmannanna væri á rökum byggt. En þar sem skipið hafi reynst algjörlega ónýtt, svo að ekki borgi sig að gjöra við það, þá eigi hann rjett á því, að kaupin verði gjörð ógild og að hann fái kaupverðið endurgreitt.

Stefndu hafa upplýst, að í september 1916 — en þá var áfrýjandi einn af eigendum skipsins — hafi það verið skoðað af 2 skipasmiðum, og hefur annar þeirra staðfest skoðunargjörðina sem vitni í málinu, en til hins skipaskoðunarmannsins hefur ekki náðst, með því að hann er erlendis. Telja menn þessir upp í skðounargjörðinni hvað, að áliti þeirra, þurfi að gjöra við skipið til þess að það geti farið með allflestan flutning milli landa. Stefndu hafa og lagt fram vottorð frá smiðum þeim, er unnu að viðgerðinni á skipinu um það, að gjört hafi verið við skipið alt það, er hinir umgetnu skoðunarmenn töldu nauðsynlegt; þessir sömu menn hafa og vottað, að við viðgerðina hafi þeir ekki orðið varir við neinn fúa annan en þann, er var tekin úr og nýtt trje sett í staðinn.

Með skírskotun til þessara gagna halda stefndu því fram, að skipið hafi verið ógallað, er þeir seldu það, og að fúi sá, er komið hafi fram í skipinu við skoðunargjörðina á Siglufirði og í Hafnarfirði, hafi komið í það eða að minsta kosti vaxið stórkostlega eftir að viðgerðinni á skipinu var lokið í maí 1917, og salan fór fram.

Á þetta verður þó ekki fallist. Menn þeir, sem útnefndir voru til þess að skoða skipið á Siglufirði og hinir dómkvöddu menn, er skoðuðu skipið í Hafnarfirði, hafa staðfest skoðunargjörðir sínar fyrir rjetti, og jafnframt hafa þeir fyrir rjettinum látið það álit í ljósi, að fúinn í skipinu hafi hlotið að vera í því þegar viðgerðin á því var framkvæmd og að þessi fúi hafi ekki vaxið til neinna muna, svo hægt væri að sjá á honum breytingu frá því, er gert var við skipið, þartil þeir skoðuðu það í ágústmánuði. — Gagnvart þessu getur það ekki komið til greina að skoðunarmaður sá, er skoðaði skipið í september 1916, hefur borið að hann hafi ekki fundið neinn teljandi fúa í »bjálkavegaranum« og »aukabjálkavegaranum« og því síður verður í þessu efni neitt byggt á vottorðum sumra þeirra, er unnu að aðgjörð skipsins á skipasmíðastöðinni, með því að það hefur sannast, er menn þessir voru leiddir sem vitni, að enginn þeirra hefur rannsakað þá skipshluta, sem fúinn fannst sjerstaklega í við skoðunargjörðin í Hafnarfirði. Sama er og að segja um virðingu þá á skipinu, er fram fór 11. júní 1917, að viðgjörðinni afstaðinni, með því að virðingarmennirnir hafa einnig

lýst því yfir, að þeir hafi ekki athugað umrædda skipshluta. Ekkert verður heldur byggt á vottorði hinna skipuðu skipaskoðunarmanna um að skipið væri svo traust og ógallað að lífi og heilsu manna á því væri ekki hætta búin, með því að þeir hafa lýst því yfir, að þeir, í trausti til þess, að skipið hefði fengið fullnægjandi viðgerð, hefðu ekki álitið nauðsynlegt að athuga skipsskrokkiun nákvæmlega, og það því fremur sem þeim hafi verið kunnugt um að skipið hafði þá verið nývirt á 34500 kr., og gengið að því vísu að skipið hefði þá verið skoðað grandgæfilega, og að ekki hefðu fundist gallar á því. Það verður því að teljast sannað, að fúi sá, er kom fram í skipinu við skoðunargjörðina í Hafnarfirði, hafi verið í því, er það var selt.

Stefndu halda því og fram, að þótt gallar hefðu verið á skipinu, er það var selt, sé það seljendum óviðkomandi, með því að þeir hafi selt skipið i því ástandi, sem það var í, og þannig leyst sig undan allri ábyrgð á því hvort skipið væri gallað eða ekki; auk þess hafi þeir ekki vitað annað en að skipið væri gallalaust þar sem það, svo sem fram hefur verið tekið, hafði nýlega fengið höfuðviðgerð sem hafi kostað geisifé, verið virt af dómkvöddum mönnum á nálega 35000 kr. og álitið traust og ógallað af hinum skipuðu skipaskoðunarmönnum.

Það er að vísu ósannað, að stefndu hafi verið kunnugt um fúann í skipinu, en þar með geta þeir þó ekki verið lausir við alla ábyrgð á ástandi þess, því þegar þess er gætt, að stefndu lögðu fyrir áfrýj-

anda hin umræddu virðingu og vottorð skipaskoðunarmannanna, þá mátti áfrýjandi ganga út frá því, að skipið hefði fengið fullnægjandi viðgerð, og að það væri í góðu standi. Af hinu umsamda kaupverði 25000 kr., hlaut stefndu einnig að vera það ljóst, að áfrýjandi byggði á því, að lýsing sú, er felst í virðingargjörðinni og vottorðinu, væri rétt, og að hann festi kaupin á skipinu í trausti til þess.

En þar sem það verður að teljast sannað að fúi sá, er fanst í skipinu við skoðunargerðina í Hafnarfirði, hafi verið í því, er það var selt, og þar sem það ennfremur er sannað með nefndri skoðunargjörð, er ekki hefur verið hnekkt, að skipið sökum þessa fúa, sé ekki sjófært og að það svari ekki kostnaði að gera við það, þá er hér um svo stórkostlega galla að ræða, að áfrýjandi hefur rétt til að krefjast að kaupin gangi til baka. Ber því að taka kröfur hans til greina, og dæma stefndu til að taka aftur við umræddu skipi »Alice« (ex. Lögberg) og dæma þá einn fyrir alla og alla fyrir einn til þess að endurgreiða áfrýjanda kaupverð þess 25.000 kr. með 6% ársvöxtum frá kaupdegi 23. júní 1917 til greiðsludags. Svo ber og að dæma stefndu in solidum til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Halldór Gunnlaugsson, Hans

Petersen, Einar Einarsson og Guðni Helgason, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiði áfrýjanda Ólafi V. Davíðssyni 25000 kr. með 6% árvöxtum frá 23. júní 1917 til greiðsudags gegn því að hann afhendi þeim seglskipið »Alice« (ex. Lögberg) með því, er því fylgdi, er þeir seldu honum það sumarið 1917. Svo greiði stefndu áfýjanda og in solidum 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn 13. jan. 1919.

Nr. 62/1918. R. P. Levi og Jensen-Bjerg gegn Pétri Þ. J. Gunnarssyni

Dómur:

Með 2 leigusamningum, dags. 21. og 22. janúar 1915, tók stefndi kaupmaður Pétur Þ. J. Gunnarsson herbergi á leigu í Hótel Ísland hér í bænum til að reka þar verzlun og var leigan ákveðin fyrir þau alls 77 kr. 50 aur. um mánuðinn. Skyldi leigu-

samningurinn standa um 5 ár frá 1. apríl 1915 að telja. Í báðum leigusamningunum stendur það ákvæði, að leigan skuli greidd í peningum fyrirfram fyrir hvern mánuð Í maímánuði síðastliðnum eignuðust áfrýjendurnir, kaupmennirnir R. P. Levi og Jensen-Bjerg húseignina Hotel Ísland, og með því að þeir töldu að stefndi hefði vanhaldið leigusamning sinn með því að láta hjá líða að greiða leiguna fyrir ágústmánuð síðastliðinn á réttum tíma, rituðu þeir bæjarfógetanum í Reykjvík bréf 13. ágúst f. á. og kröfðust þess, að stefndi væri þá þegar borinn út úr húsnæðinu á þeirra ábyrgð. Var síðan fógetarréttur settur í húseigninni Hotel Ísland 14. s. m. og eftir að málsaðilar höfðu hvor af sinni hálfu sótt og varið mál sitt fyrir réttinum, kvað fógetarétturinn upp úrskurð 16. ágúst f. á. á þá leið að útburðargjörðin skyldu eigi fram fara. Þessum úrskurði hafa kaupmennirnir R. P. Levi og Jensen-Bjerg skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. okt. f. á. og krafist þess að úrskurðinum verði hrundið og að fógetaréttur Reykjavíkur verði með dómi skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð; svo krefjast þeir og málskostnaðar bæði fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar krefst hinn stefndi, kaupmaður Pétur Þ. J. Gunnarsson, þess að úrskurður fógetaréttarins verði staðfestur, og að honum verði tildæmur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjendur hafa aðeins tilgreint eina ástæðu fyrir útburðarkröfu sinni, sem sé þá, að stefndi hafi

eigi borgað áskilda húsaleigu fyrir ágústmán. síðastliðinn á réttum tíma; hún hafi átt að greiðast í síðasta lagi 1. dag mánaðarins, en hafi verið ógreidd hinn 13. ágúst, er þeir skrifuðu fógetanum bréf sitt og báðust útburðarins. Það er nú einnig sannað í málinu, að leiga þessi var eigi greidd eða framboðin, fyr en í fógetaréttinum 14. ágúst f. á.

Um þetta atriði hefir stefndi skýrt svo frá, að það hafi verið vani að húsaleigunnar hafi verið vitjað til sín, kvittun send og leigan þá greidd, og hefir hann sannað þetta með óvefengdum vottorðum frá umráðamönnum húseignarinnar þeim er næstir voru á undan áfrýjendunum. En þeir, áfrýjendurnir, hafi eigi vitjað húsaleigunnar, eigi krafið um hana eða minst á hana með einu orði, fyr en þeir sendu fógetann til að kasta stefnda út úr húsinu. Stefndi tjáist hafa verið utanbæjar í sumardvöl, síðast í júlí og fyrri part ágústmánaðar; hafi hann 31. júlímán. f. á. í símasamtali falið umboðsmanni sínum hjer í bænum að annast leigugreiðslur fyrir sig, þessa meðal annara, en af misskilningi umboðsmannsins hafi þessi leiga eigi verið greidd og hefur hann sannað þetta með vottorði umboðsmannsins. Þessi skýrsla stefnda er í aðalatriðunum óvefeng af áfrýjendunum, en þeir halda því fram, að eftir leigusamningnum hafi það verið bein skylda stefnda að færa þeim leiguna fyrir hvern mánuð eigi síðar en fyrsta dag mánaðarins, og sje það þeim óviðkomandi og geti ekki rírt rjett þeirra þótt þessu kunni að hafa verið hagað öðru vísi í viðskiftum stefnda og fyrri húseigenda, áður en

áfrýjendur eignuðust húsið; svo taka þeir og fram, að stefndi hafi borgað húsaleiguua fyrir mánuðina júní og júlí fyrsta dag hvors mánaðarins án þess um hafi verið krafið og hafi þannig eigi beðið þess, að hann væri krafinn.

Þegar athugaðir eru málavextir þeir, sem hjer hefir verið lýst og sjerstaklega tekið tillit til þess, að stefndi gat búist við því að hann yrði minntur á leigugreiðsluna af húseigenduuum, áður en þeir tækju til þeirra ráða að krefjast þess að hann yrði borin út og þess hins vegar að það er óvefengt, að stefnda brast hvorki vilja nje getu til að borga leiguna, enda bauð hana þegar fram, er hann varð þess vís að hún var ógreidd — verður eigi álitið að dráttur sá, er þannig fyrir óhöpp varð á leigugreiðsl unni, hafi verið svo vaxinn að áfrjendur hafi með honum einum getað rökstutt nægilega útburðarkröfu sína. Það verður því að staðfesta fógetarjettarúrskurðinn, og eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rjett að vera.

Fógetaréttarúrskurðurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir R. P. Leví og Jensen-Bjerg greiði stefnda Pjetri Þ. J. Gunnarsyni málskostnað 40 kr. áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. janúar 1919.

Nr. 66/1918. Björn Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni

Úrskurður:

Hinn fyrsta fyrirtektardag máls þessa 16. f. m. lagði áfrýjandi fram áfrýjunarstefnu og dómsgjörðir og bað svo um frest til málsútlistunnar til næsta rjettardags, með því að hann hefði ekki fengið dómsgjörðir undirrjettarins fyr en daginn áður. Fyrir hönd stefnda mætti yfirrjettarmálaflutningsmaður Jón Ásbjörnsson; mótmælti hann að hinn umbeðni frestur yrði veittur, og krafðist frávísunar málsins og málskostnaðar. En þar sem umboðsmaður stefnda hefir ekki vefengt skýrslu áfrýjanda um ástæðu þá, er frestbeiðnin byggist á, virðist ekki næg ástæða til að neita áfrýjanda um stuttan frest til málsútlistunar og ber því að veita honum vikufrest í þessu skyni.

Fyrir því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist vikufrestur til málsútlistunar.

Mánudaginn 13. janúar 1919.

67/1918: Erasmus Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni

Úrskurður:

Hinn fyrsta fyrirtektardag máls þessa 16. f. m. lagði áfrýjandi fram áfrýjunarstefnu og dómsgjörðir og bað svo um frest til málsútlistunar til næsta réttardags, með því að hann hefði ekki fengið dómsgjörðir undirréttarins fyr en daginn áður. Fyrir hönd stefnda mætti yfirrjettarmálaflutingsmaður Jón Ásbjönsson; mótmælti hann að hinn umbeðni frestur yrði veittur, og krafðist frávísunar málsins og málskostnaðar. En þar sem umboðsmaður stefnda hefur eigi vefengt skýrslu áfrýjanda um ástæðu þá, er frestbeiðnin byggist á, virðist eigi næg ástæða til að neita áfrýjanda um stuttan frest til málsútlistunar, og ber því að veita honum vikufrest í þessu skyni.

Fyrir því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist vikufrestur til málsútlistunar.

Mánudaginn hinn 20. Janúar 1919.

26/1918: Otto Tulinius f. h. eigenda og útgerðarmanna e.s. »Súlan«
gegn
C. Trolle f. h. vátryggingarhlutafélagins »Mannheimer«

Dómur:

Mál þetta höfðaði umboðsmaður vátryggingarhlutafélagsins »Mannheimer« C. Trolle kapteinn, fyrir sjórétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn eiganda og útgerðarmanni gufuskipsins »Súlan« kaupmanni Otto Tulinius á Akureyri til greiðslu á 3075 kr., er h. f. »Mannheimer« hafði orðið að greiða hlutafélaginu Draupnir vegna skemda á skipi félagsins »Snorra Goða« útaf árekstri þess og e. s. »Súlan« 20. júlí 1914 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Máli þessu lauk svo með dómi sjóréttarins, uppkveðnum 31. jan. 1917, að Otto Tulinius var dæmdur til að greiða vátryggingarfélaginu »Mannheimer« 2075 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 13. febr. 1915 til greiðsludags og málskostnað með 100 kr.

Dómi þessum hefur Otto Tulinius, að fenginni uppreisn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. júlí f. á., og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að hann verði sýknað-

ur af öllum kröfum stefnda, og honum dæmdur málskostnaður fyir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi C. Trolle f. h. vátryggingarhlutafélagsins »Mannheimer« krefst þess hins vegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 20. júlí 1914, fyrri hluta dags, rakst eimskipið Súlan frá Akureyri á eimskipið Snorra Goða frá Reykjavík utarlega á Eyjafirði. Skip þessi stunduðu síldarveiði og voru, að því er virtist, að keppa um sömu síldartorfuna. Við árekstrinn laskaðist Snorri Goði á bakborðshlið, herpinótarbátur þeim megin á skipinu brotnaði í spón og herpinótin rifnaði. Voru skemdir þessar metnar af dómkvöddum mönnum á 2075 kr. og greiddi vátryggingarfélagið »Mannheimer«, sem hafði Snorra Goða í sjóábyrgð, eiganda hans þessa upphæð auk 1000 kr. bóta fyrir «doksetningu« og töf skipsins, meðan á viðgerðinni stóð, en með því að umboðsmaður félagsins hér á landi leit svo á, að Súlan ætti ein sök á árekstrinum, höfðaði hann mál á hendur eiganda hennar til greiðslu á nefndum upphæðum.

Til upplýsingar um það, hver eigi sök á árekstrinum hafa verið haldin sjópróf, en skýrslur þær, er skipstjórinn á Snorra Goða og nokkrir af skipshöfninni annars vegar og skipstjórinn á Súlunni og nokkrir af skipshöfninni á henni hins vegar hafa gefið um árekstrinn, eru svo ósamhljóða, sérstaklega

um stefnur skipanna áður en árekustrinn varð, að þær er ekki samrýmanlegar.

Skýsla skisptjórans á Snorra Goða sem styðst við samhljóða framburð skipverja þeirra, er vitni hafa borið, og við útskriftina úr dagbók skipsins, er á þá leið, að hinn 20. júlí hafi Snorri Goði verið staddur nokkuð fyrir utan Ólafsfjörð; hafi þá um morguninn, kl. um 8, sést síldatorfa í 1,5-2 sjómílna fjarlægð til norðausturs; hafi þá verið haldið til síldartorfunar og stýrt stefnan N. Ö. og hafi skipstjórinn sjálfur staðið á stjórnpalli frá því haldið var af stað til síldartorfunnar og þar til árekturinn átti sér stað. Þegar skipið var komið af stað, sá skipstjórinn annað skip, er reyndist vera Súlan, koma siglandi framundan á bakborða um 4 strik, og hafi verið sjáanlegt að það stefndi á þá leið, er Snorri Goði fór, þannig að stefnurnar hlutu að skerast, og eftir því er skipstjórinn sýndi afstöðu og stefnur skipana á sjókorti, skárust stefnur þeirra sem næst í réttu horni. Snorri Goði hélt áfram stefnu sinni óbreyttri með því að skipstjórinn gekk út frá því að Súlan mundi víkja til stjórnborða, en þetta gerði hún ekki. Skipin nálguðust hvort annað, og er þau hafi verið komin svo nærri hvrot öðru, að hætt hafi verið við árekstri þá hafi hann snúið skipi sínu dálítið til stjórnborða, en þar á móti hafi hann ekki orðið var við að Súlan hafi breytt stefnu sinni eða gert neitt til að forðast áreksturinn; hafi Súlan siglt inn á bakborðshlið

Snorra Goða, þannig að stefni hennar hafi lent aftan til á miðju hans.

Skýrsla skipstjórans á Súlunni er hins vegar á þá leið, að hann hafi komið frá Siglufirði, og siglt austur með landi, og er Súlan hafi verið komin vestanvert við Héðinsfjörð hafi sést síldartorfa að sjá inn og fram af Héðinsfirði; hafi hann þá látið stefna beint á síldartorfuna, en ekki hefur skipstjórinn getað tilgreint eftir hvaða kompásstriki siglt hafi verið. Um sama leyti og farið hafi verið að sigla að síldartorfunni kveðst hann hafa séð Snorra Goða koma siglandi því sem næst beint á móti sér, og kveðst hann hafa haldið að hann myndi sigla stjórnborðsmegin við sig, en ekki hefur hann nánar skýrt frá á hverju hann hafi byggt þetta. Þá er Snorri Goði hafi verið í á að giska 100 faðma fjarlægð hafi hann beygt snögt til stjórnborða og gefið um leið eitt stutt hljóð með skipsflautunni, og kveðst skipstjórinn þá hafa snúið Súlunni svo fljótt sem hægt var til bakborða og jafnframt stöðvað vélina, en um það hvar Súlan rakst á Snorra Goða eru skýrslunnar samhljóða.

Þá er gera á út um það hvor skýrslan eigi að hafa meira sönnunargildi kemur það til álita, að skýrsla skipstjórans á Snorra Goða er bæði nákvæmari og ákveðnari en sjóferðaskýrsla Súlunnar. Skipstjórinn á Snorra Goða hefur þannig sýnt á sjókortinu hvar skip hans var statt, er hann fór að sigla til síldartorfunnar, hvar síldartorfan var, í hvaða átt hinn sigldi og afstöðu Súlunnar og stefnu

hennar; skipstjórinn á Súlunni hefur þar á móti ekki getað sýnt á sjókortinu hvar hann var, er hann sá Snorra Goða, hann hefur ekki getað sagt í hvaða átt hann hafi stýrt og auk þess er framburður hans í ýmsum atriðum ónákvæmur og jafnvel í mótsögn við það, er stendur í dagbók skipsins. Að þessu athuguðu verður að telja rétt að leggja skýrslu skipstjórans á Snorra Goða til grundvallar við dóm í málinu, og er þá enginn efi á því, að Súlan eða skipstjóri hennar á sök á árekstrinum, með því að Súlan hafði samkv. henni Snorra Goða á stjórnborða og var því samkv. 19. gr. í tilsk. 20. jan. 1899 um alþjóðlegar siglingareglur, er fylgt skal á íslenskum skipum, skyld tilþess að víkja úr leið, en jafnvel þótt skýrsla þeirra manna, er voru á Súlunni, sé lögð til grundvallar, virðist sökin vera hennar megin. Af Súlunnar hálfu er því haldið fram, að skipin hafi siglt sem næst því, beint hvort á móti öðru, þar til Snorri Goði í á að giska 100 faðma fjarlægð hafi beygt snögt til stjórnborða og í dagbókarútdrætti Súlunnar er stefna Snorra Goða eftir það talin því nær beint á stefnu Súlunnar, og einnig er þar sagt að Snorri Goði hafi þá verið í svo mikilli fjarlægð að honum hefði verið auðvelt að forðast árekstur, en þá virðist auðsætt — eins og sjódómurinn tekur fram — að Súlan hefði getað komist hjá árekstrinum, með því að snúa jafnskjótt til stjórnborða, eins og gildandi siglingarreglur mæla fyrir um, en í stað þess lét skipstjórinn snúa skipinu snögt til bakborða án þess að séð verði að til þess hafi verið nokkur nauðsyn. Þessi skoðun styrkist og við

það, að skipstjórinn á Súlunni hefur fyrir sjóréttinum látið það álit sitt í ljósi, að hægt hefði verið að komast hjá árekstrinum, ef Snorri Goði hefði beygt til bakborðs, jafnskjótt og Súlan beygði til bakborða og auk þess hefur skipstjórinn ekki treyst sér til að neita því að hann hefði getað komist hjá árekstrinum með því að snúa til stjórnborða eftir að Snorri Goði sneri til stjórnborða. Af þessu virðist mega ráða, að bilið milli skipanna hafi ennþá verið svo mikið að þau hafi haft töluvert svigrúm.

Það verður því að fallast á niðurstöðu þá, er sjórjetturinn hefir komist að, að Súlan eigi sök á árekstri skipanna, og að eigandi hennar sje því skyldur til að bæta skaða þann, er af árekstrinum leiddi, og þareð ekki er neinn ágreiningur um upphæð skaðabótanna, er teknar voru til greina í hinum áfrýjaða dómi, og með því einnig má fallast á ákvæði dómsins um vexti og málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 60 kr.

Mál þetta var lagt í dóm í undirrjetti 29. apríl 1916, en dómur var ekki kveðinn upp í því, fyr en 31. jan. 1917. Fyrir þessum drætti á uppsögn dómsins er færð sú ástæða að annar meðdómsmannanna, málflutningsmaður Björn Líndal, er fyrstur hafi fengið skjölin til yfirlesturs og samnings dómsatkvæðis síns, hafi alt sumarið og fram á vetur verið fjarverandi við atvinnurekstur í öðru lögsagnarumdæmi og hafi ekki afhent hinum dómendum sjódómsins málsskjölin og dómsatkvæði sitt fyr en 24. jan. 1917.

Þennan langa drátt á uppsögn dómsins verður yfirdómurinn að vita, þótt ekki þyki full ástæða til ex officio að láta hlutaðeigandi dómara sæta sektum fyrir dráttinn.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Otto Tulinius greiði stefnda C. Trolle, f. h. vátryggingarhlutafjelagsins Mannheimer 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 27. janúar 1919.

Nr 30/1919: Gísli Sveinsson fyrir hönd C. A. Kruuse gegn Jóni Laxdal.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirrjettarmálaflutningsmaður Gísli Sveinsson f. h. C. A. Kruuse skipstjóra á seglskipinu »Ellen« frá Svendborg fyrir sjórjetti Reykjavíkur gegn G. Copland kaupmanni til þess að fá

hann dæmdan til að geiða sjer vangreitt farmgjald 4640 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá 26. sept, 1917 og málskostnað eftir mati rjettarins. Í stað G. Coplands, er upprunalega var stefnt, gekk Jón Laxdal kaupmaður, er fengið hafði farmsamninginn framseldan, inn í málið; krafðist hann þess að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda, en jafnframt höfðaði hann gagnsök á hendur stefnanda, Gísla Sveinssyni og krafðist þess að hann fyrir hönd C. A. Kruuse sem umboðsmanns eiganda skipsins Ellen, yrði dæmdur til að greiða sér betur eftir mati óvilhallra manna fyrir það tjón, er hann, Laxdal, hefði beðið við það að nefnt skip hafi aðeins rúmað 98 smálestir af þurkuðum saltfiski i stað 125 smálesta og til að endurgreiða sér 300 kr. aukabiðdagagjald, er hann hafði greitt skipstjóranum án þess að honum hefði borið það gjald, hvorttveggja með 5% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 30. okt. 1917 til greiðsludags. Auk þess krafðist hann að honum yrði dæmdur sjóveðréttur í skipinu fyrir þessum kröfum og loks krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök.

Málum þessum lauk svo með dómi sjóréttarins uppkveðnum 11. maí f. á., að málsaðilar voru sýknaðir hvor af annars kröfum í málinu og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Gísli Sveinsson f. h. C. A. Kruuse skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. júní f. á., og gerir hann hjer fyrir rjettinum allar hinar sömu kröfur og fyrir sjórjettinum; svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrjetti og yfirdómi eft-

ir mati rjettarins. Sefndi Jón Laxdal hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 19. okt. f. á., krefst hann þess í aðalsökinni að verða sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda og í gagnsökinni gerir hann sömu kröfur og fyrir undirrjetti; svo krefst hann málskostnaðar í gagnsökinni fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 10. ág. 1917 undirrituðu þeir G. Copland kaupmaður hjer í bænum og Gunnar Egilson skipamiðlari fyrir hönd C. A. Kruuse skipstjóra á nefndu skipi »Ellen« í umboði eiganda þess farmsamning á ensku þess efnis, að skipið skyldi flytja til Spánar »a full cargo of dried salted fish« fyrir 160 kr. smálestina, og er ágreiningurinn milli málsaðila um skilning á þessum orðum farmsamningsins. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að í hinum tilvitnuðu orðum liggi það, að farmflytjandi eigi rjett á að heimta í skipið fullfermi þess af lausum fiski eða farmgjald fyrir slíkt fullfermi. Þess vegna hafi skipstjórinn, er hann kom hingað til Reykjavíkur í September 1917 og hafi fengið að vita að pakkaðan fisk ætti að senda með skipinu, látið í ljósi að með því að pakkaður fiskur rúmaðist ver en laus fiskur, mundi hann ekki fá fullfermi, og hafi þá farmsendandi ábyrgst honum fullfermi þótt pakkaður fiskur væri tekinn. — Nú hafi sú raun orðið á, að skipið hafi ekki tekið nema 98 smálestir af pökkuðum fiski, en af lausum fiski taki það nálega 127 smálestir, þareð D. V. skipsins sje 129,7 smálestir; hafi skipstjórinn þá krafið farmsendanda um mismuninn

eða farmgjald fyrir 29 smálestir fram yfir það, sem skipið tók, og er farmsendandi neitaði þeirri kröfu, neitaði skipstjórinn að undirskrifa hleðsluskírteini athugasemdalaust, og hóf mótmæli fyrir notarius út af þessu, en fyrir notarialrjettinum varð það að samkomulagi að farmsendandi lagði 3000 kr. til geymslu hjá notarius til tryggingar kröfu þeirri, er skipstjóri kynni að eiga á hendur honum.

Stefndi Jón Laxdal heldur því hins vegar fram, að hann hafi haft rjett til að ákveða hvort hann sendi fiskinn lausan eða í pökkum, og þessari staðhæfing sinni til sönnunar hefir hann lagt fram vottorð frá Verslunarráði Íslands, dags. 22 sept. 1917, þar sem því er lýst yfir, að sje ekki sjerstaklega tekið fram í skipsleigusamningi, hvort fiskur eigi að vera í pökkum eða laus, þá sje það orðin föst venja hjer, að það sje alveg á valdi leigutaka hvort hann hleður lausum eða pökkuðum fiski.

Áfrýjandi mótmælir vottorði þessu sem röngu. Heldur hann því fram, að þegar ræða sje um farmsamning með seglskipi til Spánar, og samið sje um fullfermi af fullverkuðum saltfiski sje það þvert á móti rjettarvenja að hlutaðeigandi farmflytjandi eigi rjett á að heimta fullfermi af lausum fiski eða farmgjald fyrir slíkt fullfermi, en eigi farmsendandi að komast af með að hlaða skipið með fiski í umbúðum, verði það að vera sjerstaklega tekið fram í farmsamningnum. Þessu til sönnunar hefir hann leitt tvo skipamiðlara hjer í bænum svo og útgerðarstjóra Eimskipafjelags Íslands sem vitni í málinu, og hafa

þeir staðfest þessa staðhæfingu hans með framburði sínum. Auk þess hefir hann lagt fram vottorð frá 7 erlendum skipstjórum á seglskipum, sem taka það fram, »at det maa anses som fastslaaet Kutume«, að skilja bæri hin umræddu orð í farmsamningnum eins og aðaláfrýjandi heldur fram, og hafa þrír þeirra staðfest vottorð sín sem vitni í málinu.

Þar sem hin umræddu vottorð og vitnisburðir þannig eru hverjir gagnstæðir öðrum, verður það eigi álitið sannað í málinu að komin sje hjer á nein föst venja um það, hvernig skilja beri hin umræddu orð í farmsamningnum. Þegar nú litið er á orðin sjálf, virðist skilningur áfrýjanda eðlilegri en skilningur stefnda. Þau segja ekkert um að fiskurinn eigi að vera í umbúðum, og þar sem það er vanalegt að senda verkaðan saltfisk staflaðan lausan í seglskipum til Spánar, virðist skipstjórinn hafa haft rjett til að skilja svo ákvæði farmsamningsins að um lausan fisk væri að ræða, en þá virðist hann hafa haft rjett til þess að setja það skilyrði fyrir því að taka pakkaðan fisk til flutnings, að honum væri bætt það upp í farmgjaldinu sem fiskur í pökkum rúmast ver í skipi en laus fiskur.

Þá heldur stefndi því fram, að þótt skilningur áfrýjanda á umræddu ákvæði farmsamningsins væri rjettur, þá væri krafa áfrýjanda um uppbót á farmgjaldinu engu að síður órjettmæt, sökum þess að skipstjórinn hafi athugasemdalaust tekið á móti fiskinum í pökkum, og fyrst þegar hann hafi verið búinn að hlaða skipið af pökkuðum fiski, hafi hann far-

ið að gera athugasemdir út af því að hann hafi ekki fengið lausan fisk, en með því þannig að taka fyrirvaralaust við pökkuðum fiski hafi hann fyrirgert þeim rjetti, er hann eða eigandi skipsins annars kynni að hafa haft. Það er að vísu svo, að áfrýjandi hefir eigi sannað, að stefndi hafi lofað að greiða uppbót á farmgjaldinu eða að skipstjórinn hafi mótmælt að taka á móti fiskinum í pökkum nema hann fengi uppbót á farmgjaldinu, en með því að stefndi hefir ekki haldið því fram, að hann myndi hafa fermt skipið með lausum fiski, ef skipstjórinn hefði krafist þess í byrjun, virðist ekki næg ástæða til þess að taka þessa sýknuástæðu til greina.

Áfrýjandi heldur því fram, að skip sitt Ellen mundi hafa tekið 29 smálestum meira af lausum fiski en pökkuðum, og er því krafa hans um uppbót á farmgjaldinu 29×160 kr = 4640 kr. — Þessa kröfu telur stefndi altof háa, með því að pakkaður fiskur taki ekki meira en 8—10% meira rúm en laus fiskur. Upplýsingar hafa komið fram í máliuu um það, að fiskur í pökkum taki hjer um bil 15% meira rúm en laus fiskur, og kemur þetta heim við það, að skipstjórinn á Ellen hefir sjálfur í brjefi dags. 22. sept. 1917 til G. Coplands er upphaflega var stefnt í málinu, tekið það fram, að fullfermi skipsins af lausum fiski sje 127 tonn ÷ 10% eða rúmar 114 smálestir. Samkvæmt þessum upplýsingum virðist mega gera ráð fyrir að skipið hefði tekið 15 smálestum meira af lausum fiski en pökkuðum, og ber þá stefnda að greiða áfrýjanda í uppbót á flutningsgjaldinu 15×160

= 2400 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 10. okt. 1917 til greiðsludags.

Að því er til gagnsakarinnar kemur, þá hefir gagnáfrýjanda ekki tekist að sanna að skipstjórinn á Ellen eða annar í umboði hans hafi ábyrgst gagnáfrýjanda að skipið tæki 125 smálestir af pökkuðum fiski eða meiri farm en það tók, og verður því skaðabótakrafa gagnáfrýjanda ekki tekin til greina.

Að því er snertir kröfu gagnáfrýjanda um endurgreiðslu af hálfu aðaláfrýjanda á 300 kr., sem honum hafa verið greiddar í biðdagabætur, þá hefir gagnáfrýjandi gegn neitun mótpartsins ekki fært neinar sönnur á það, aðgreiðslan hafi verið ófyrirsynju eða skilorðsbundin, og verður þá einnig að sýkna aðaláfrýjanda af þeirri kröfu.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök fyrir undirrjetti og yfirdómi.

Það athugast að mál þetta var lagt í dóm í undirrjetti hinn 9. marz f. á., en dómur var ekki kveðinn upp fyrri en 11. maí s. á., en fyrir þessum drætti á uppsögn dómsins eru færðar fullnægjandi ástæður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Jón Laxdal greiði aðaláfrýjanda Gísla Sveinssyni f. h. C. A. Kruuse 2400 kr. með 6% ársvöxtum frá 10. okt. 1917 til greiðsludags. Að öðru leyti eiga málsaðilar að vera sýknir hvor af annars

kröfum í máli þessu, Málskostnaður fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum rjettum.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 27. janúar 1919.

Nr. 24/1918: Valdemar Árnason
gegn
Árna Böðvarssyni.

Dómur:

Þess skal fyrirfram getið, að fyrir sjódóminum var lagt fram sem rjettarskjal nr. 24 viðskiptabók eins af háseturn á bátnum Viola, en að þetta rjettarskjal, sem átti að fylgja dómsgjörðunum in originali, hefir ekki verið lagt fram í yfirdómi, og og er talið glatað. Þar sem stefndi hefir ekki krafist frávísunar á málinu af þessum sökum og áfrýjandi hefir fallið frá mótmælum sínum, er bygðust á þessu rjettarskjali, þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá dómi ex officio.

Mál þetta höfðaði fyrir sjódómi Reykjavíkur Valdemar Árnason sjómaður gegn Árna Böðvarssyni útgerðarmanni og eiganda mótorbátsins »Viola«. Gekk bátur þessi til síldveiða sumarið 1916, og var Valdemar háseti á honum um síldveiðitímann. Um kaup hans og 11 annara háseta á bátnum var svo

samið, að þeir skyldu taka til jafnra skifta $^{35}/_{100}$ af öllum afla bátsins. Nokkrum af hásetum þessum, þar á meðal Valdemar Árnasyni, þótti sjer vangoldið kaup það, er þeir ættu tilkall til af afla bátsins, og auk þess lítu þeir svo á, að aflahlutur þeirra hefði af völdum útgerðarmanns skerst að verulegum mun, svo að honum bæri að bæta þeim fyrir það Þessar kröfur hefir Valdemar Árnason fengið sjer framseldar til eignar frá 4 hásetum bátsins og sækir nú Árna Böðvarsson til að fullnægja þeim og sinni eigin kröfu. Krafa sækjanda fyrir sjódómnum var í upphafi kr. 2872,11, en á síðara stigi málsins færði hann kröfuna niður í kr. 2483,01, og til vara í kr. 2108,01. Í sjódómnum lauk málinu með dómi uppkveðnum 18. júní 1817 þannig að stefndi Árni Böðvarsson skyldi greiða stefnanda Valdemar Árnasyni 820 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 12. okt. 1916 til greiðsludags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, Valdemar Árnason að fengnu uppreistarleyfi, með stefnu dags. 5. júní f. á., og Árni Böðvarsson með gagnstefnu dags 11. okt. f. á. Eru það kröfur aðaláfrýjanda, að stefndi (gagnáfrýjandi) verði dæmdur til að greiða honum kr. 2872,11 með 6% ársvöxtum og málskostnað fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins, svo og að honum verði dæmt lögveð í mótorbátnum »Viola«. En gagnáfrýjandi krefst, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda og fái sjer dæmdan málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati rjettarins.

Svo sem þegar er getið færði áfrýjandi kröfu sína fyrir sjódómnum niður í kr. 2483,01, og getur hún þá ekki orðið hærri hjer fyrir rjettinum. Af þessari upphæð eru eftir reikningi áfrýjanda kr. 788,45 vantalið andvirði fyrir aflahluti þeirra 5 háseta á »Viola«, sem um er að ræða í þessu máli, en þessi liður kröfunnar stafar bæði af því að áfrýjandi telur afla bátsins meiri og reiknar síldarverðið hærra en stefndi. Í annan stað krefst áfrýjandi skaðabóta handa þessum 5 hlutamönnum fyrir tjón, er þeir hafi beðið við það að hlje hafi orðið á úthaldi bátsins fyrir ráðstöfun stefnda um vikutíma, þegar afli var bestur, og reiknar hann hverjum háseta kr. 350,00 í bætur fyrir þetta, eða samtals fyrir þá alla kr. 1750,00. Verður kröfuupphæðin, kr. 788,45 + kr. 1750,00, eftir þessu kr. 2538,45 og þannig nokkru hærri en hin niðurfærða krafa áfrýjanda fyrir sjódóminum. Til vara krefst áfrýjandi að skaðabæturnar verði ákveðnar 275 kr. fyrir hvern háseta, samtals 1375 kr. og verður þá krafa hans öll kr. 2108,01.

Að því er snertir aflahæð bátsins, hefir áfrýjandi eigi hnekt sundurliðaðri skýrslu stefnda þar um eða sannað að hún hafi verið meiri en af honum tilgreind.

Um síldarverðið er það upplýst, að upphaflega var svo um samið, að fyrir hvern hlut átti að greiðast alment gangverð á Siglufirði, en áfrýjandi heldur því fram, að um mánaðamótin júlí og ágúst hafi stefndi lofað að greiða hlutamönnum 15 kr. fyrir hvert síldarmál. Þessu til stuðnings hefir áfrýjandi leitt vitni, og hafa þau borið að þeim hafi verið vitanlegt að

stefndi hafi fyrir hönd erlends fjelags »Hekla», er virðist hafa haldið bátnum úti og haft stefnda fyrir útgerðarstjóra, lofað hlutamönnum 15 kr. fyrir hvert síldarmál, en þar sem það er upplýst að stefndi neitaði að undirskrifa samning, er hásetarnir höfðu látið setja upp um þetta, virðist varhugavert gegn eindreginni neitun stefnda að telja sannað, að um fullnaðarloforð hafi verið að ræða, og verður því að sýkna stefnda af þessari kröfu.

Skaðabótakröfunni, kr. 350,00 fyrir hvern hlutamann, hefir stefndi mótmælt, og áfrýjandi eigi leitt nein ábyggileg rök að henni. Verður hún því eigi tekin til greina. Varakröfuna 5×275 kr. byggir áfrýjandi á loforði stefnda; tjáir hann stefnda hafa lofað hlutamönnum 200 kr. hverjum til uppbótar fyrir stöðvun, er varð á veiðiskapnum og ennfremur 75 kr. þóknun fyrir óhagræði, er þeir hafi haft af því, að framan af veiðitímanum hafi hæfilegir snerpinótabátar eigi verið til taks. Þessari síðartöldu upphæð hefir stefndi mótmælt af því að eigi hafi verið stefnt um hana, og verður að taka þau mótmæli til greina. Stefndi neitar því að það hafi verið að sínu fyrirlagi, að veiðin stöðvaðist um tíma og að hann hafi lofað hlutamönnum neinum uppbótum fyrir það, en hann kveðst aðeins hafa lofað að leggja það til við fjelagið, sem leigði »Viola«, að það greiddi hlutamönnum 200 kr. uppbót hverjum fyrir veiðitímann, ekki aðeins vegna þess, að báturinn var þessa 8 daga frá veiðum, heldur og með tilliti til þess að báturinn byrjaði veiði í seinna lagi og að gangverð síldarinn-

ar varð lægra en við var búist. Þetta loforð kveðst stefndi hafa efnt, og lagt það til við fjelagið, að hlutamenn fengju þessa uppbót, en fjelagið hafi eigi enn samþykt það.

Það verður að teljast sannað þrátt fyrir mótmæli stefnda, meðal annars með vitnisburði formannsins á »Viola«, að það hafi verið eftir ráðstöfun stefnda, að báturinn hætti veiði um vikutíma. Um loforð stefnda til hlutamanna er þetta upplýst: Á reikningi sínum til eins þeirra hefir stefndi ritað svolátandi athugasemd: »Samkvæmt loforði ber Bjarna Stefánssyni að fá tvö hundruð krónur, sem sje fyrir stopp það, er varð í sumar af því tunnur vantaði í síldveiðitímann (sic) sem jeg greiði honum strax og jeg fæ peninga til þess frá fjelaginu«, og má ætla að þessi áritun hafi og verið gerð á reikninga annara hlutamanna, með því að stefndi hefir eigi mótmælt því að svo hafi verið. Vitni hefir borið það, að það hafi optar en einu sinni heyrt stefnda lofa því, að hann skyldi greiða hlutamönnum 200 kr. hverjum fyrir »stoppið«, þegar upp væri gjört, og enn hefir formaður bátsins borið það sem vitni, að honum sje kunnugt um að stefndi hafi gert upp hreina reikninga við suma mennina með 200 kr. skaðabótum. Með þessum upplýsingum virðist það vera sannað að stefndi hefir heitið hlutamönnum áminstri uppbót, en þar sem stefndi skýrir svo frá, að fjelagið (Hekla) hafi eigi samþykt þessa uppbót, verður að líta svo á, að stefndi með því að gefa þetta loforð hafi farið lengra en umboð hans frá fjelaginu náði og þá að eins skuldbundið

sjálfan sig og tekið á sig ábyrgð fyrir efndum á loforðinu. Það þykir því eiga að taka þessa kröfu áfrýjanda til greina og og dæma stefnda til að greiða honum 5×200 = 1000 kr. — En nú hefir stefndi lagt fram eftirrit af reikningum yfir viðskifti sín við þá 5 háseta á Viola, er ræðir um í máli þessu, og bera reikningarnir með sjer, að stefndi telur sig hafa ofgreitt:

Valdemar Árnasyni	kr.	0,61
Erlendi Gislasyni	»	58,61
Sigurði Runólfssyni	»	8,61
Bjarna Stefánssyni	»	53,61
Samtals kr.		121,44

Áfrýjandi hefir vefengt nokkrar peningaúttektir, sem hann telur oftaldar í reikningum þessum, hlutamönnunum til útgjalda, en fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi fallið frá mótmælum sínum gegn stærstu úttektarupphæðinni og að öðru leyti hafa mótmælin ekki áhrif á útkomu reikninganna. Þessar 121 kr. 44 a. ber því að draga frá ofannefndum 1000 kr., en eftirstöðvarnar 878 kr. 56 a. ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda með 6% ársvöxtum eftir kröfu hans, sem ekki er sjerstaklega mótmælt, frá stefnudegi til greiðsludags.

Kröfu áfrýjanda um sjóveðrjett í mótorbátnum Viola hefir stefndi mótmælt, sökum þess að hún hafi ekki verið tekin upp í sjódómsstefnuna. Þessi mótmæli verða þó ekki tekin til greina, og þar sem mál-

ið hefir verið höfðað í tæka tíð ber að viðurkenna sjóveðrjett áfrýjanda í mótorbátnum.

Yfirdómurinn felst á ákvæði sjódómsins um málskostnað. Það þykir og rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Árni Böðvarsson greiði áfrýjanda Valdemar Árnasyni 878 kr. 56 a. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og hefir áfrýjandi sjóveðrjett í bátnum »Viola« fyrir þessari upphæð með vöxtum uns greitt er.

Málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. febrúar 1919.

Nr. 1/1919: Rjettvísin gegn Bjarna Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Strandasýslu, uppkveðnum

9. nóvbr. f. á. var hinn ákærði Bjarni Jónsson, vinnumaður frá Kluku, dæmdur fyrir þjófnað til að sæta betrunarhúsvinnu í 8 mánuði, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, en dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Með eiginni játningu ákærða, sem er í samræmi við aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið í málinu, er það löglega sannað, að hann hefir gert sig sekan í þjófnaði á peningum svo sem nú skal greina. Snemma í nóvembermánuði 1917 átti ákærði leið inn á Hólmavíkurverslunarstað og kom þar síðla dags; segir hann að á leiðinni þangað hafi sjer komið til hugar »að stela einhverju á Hólmavík, ef hann gæti komið sjer fyrir með það«. — Hann notaði nú tækifærið til þess að smeygja sjer inn um kjallaraglugga undir sölubúð verslunarfjelags Steingrímsfjarðar; segir hann að glugginn hafi verið rúðulaus, og hefir annað eigi sannast; úr kjallaranum fór hann upp í sölubúðina, kveykti á eldspýtu, gekk rakleitt að búðarpúltinu, en honum var kunnugt um að peningar voru geymdir þar; púltið virðist hafa verið ólæst, og tók ákærði úr því 4 peningaseðla samtals 21 kr. og hafði þá á burt með sjer; fór hann síðan sömu leið úr búðinni og úr húsinu aftur. Peningum þessum hefir verið aftur skilað eigandanum. Fyrir nokkrum árum var ákærði heimilismaður á Ósi; stal hann þá frá húsbónda sínum Gunnlaugi Magnússyni 15 kr. í seðlum, er geymdir voru undir höfðalaginu í rúmi húsbóndans; þessa peninga hefir ákærði einnig endurgreitt.

Eftir skýrslum málsins virðist þessi þjófnaður hafa verið framinn á árinu 1916.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júní 1896, og hefir eigi áður verið dæmdur eða sætt hegningu fyrir nokkurn glæp. Hann hefir sjálfur skýrt frá því fyrir rjettinum, að »það stríði á sig tilhneyging til þess að stela« og »að hann hafi helst og oftast stolið einhverju matarkyns á bæjum þeim, þar sem hann hefir dvalið«; »hafi húsbændurnir beðið hann að reyna að hætta þessu, en allar slíkar áminningar hafi orðið árangurslausar, því að hann hafi orðið að láta undan ástríðu sinni«. — Það er nú og sannað með öðrum skýrslum og gögnum í málinu, að ákærði hafi frá barndómi verið hnuplsamur og gert sig sekan í ýmislegri hvinnsku, þótt eigi hafi hann komist undir ákæru fyr, enda er svo frá skýrt, að það hafi alt verið smávægilegt er hann hnuplaði; jafnaðarlega eitthvað matarkyns. Þessi stelsýki ákærða, sem hjer er lýst, getur þó að lögum eigi dregið úr sakhæfi hans.

Afbrot hins ákærða eru af hjeraðsdómaranum rjettilega heimfærð undir 231. gr. 4. tölul. og 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin með tilliti til 63. gr. sömu laga 9 mánaða betrunarhúsvinna. Um málskostnað á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður, og verður því dómur þessi staðfestur með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það athugast að hjeraðsdómarinn hefir eigi formlega tekið mál þetta undir dóm, og að þess er eigi getið, að hann hafi skýrt ákærða frá því, að dómur yrði látinn ganga í málinu, nje heldur að hann hafi spurt ákærða, sem engan verjanda hafði í hjeraði, hvort hann óskaði eigi að bera fram eitthvað sjer til varnar í málinu. En með því að málið yfirleitt er sæmilega rannsakað, það er einfalt og óbrotið, og enginn vafi leikur á um afbrot ákærða, og honum eftir stefnunni hlaut að vera það vitanlegt að dómur yrði látinn ganga yfir honum fyrir þessi afbrot hans, þykir eigi ástæða til að vísa málinu heim af ofantöldum sökum, og það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefir að öðru leyti verið vítalaus. Málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að refsingin sje 9 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1919.

Nr. 71/1918: Rjettvísin
gegn
Sigurði Sigurðssyni, Magnúsi Jóhannessyni og Þorsteini S. H. Gottskálkssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 1. nóv. f. á., voru hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, kendur við Kvíavelli, Magnús Jóhannesson frá Vík í Mýrdal og Þorsteinn Stefán Helgi Gottskálksson, er telur sig til heimilis í Vesturgötu 35 hjer í bænum dæmdir fyrir brot það, er ræðir um í 245. gr. fyrri málslið sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta betrunarhúsvinnu, Sigurður í 15 mánuði en Magnús og Þorsteinn í 1 ár. Magnús skyldi greiða allan af varðhaldi hans leiðandi kostnað, en allan annan sakarkostnað skyldu hinir ákærðu greiða in solidum.

Þessum dómi er eftir kröfu hinna ákærðu og af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu hinna ákærðu, sem í öllu verulegu kemur heim við aðrar skýrslur málsins, að þeir hafi hjálpast að að fremja brot það, sem þeir eru kærðir fyrir, með þeim hætti, er hjer segir. Þriðjudaginn 15. okt. f. á. voru ákærðu á gangi vestan frá Doktorshúsi í Vesturgötu, og er þeir komu í Aðalstræti sáu þeir mann drukkinn fara inn í Thorvaldsensbasar; þekti ákærði, Sigurður, að þetta var

Bjarni nokkur Símonarson frá Sandgerði. Hinir ákærðu komu sjer nú saman um, án þess upplýst sje, hver þeirra kvað fyrstur upp úr með það, að hafa fje af Bjarna með því að selja honum vatn undir því yfirskyni að það væri áfengi. Kom Þorsteinn sjer á tal við Bjarna, og bauð að selja honum 2 flöskur af áfengi á 6 kr. hvora. Þektist Bjarni þetta, og talaðist þeim Þorsteini svo til, að þeir skyldu hittast þá um kvöldið kl. $7^1/_2$ við húsið nr. 70 við Laugaveg til að gera kaupin. Sneri Þorsteinn aftur til fjelaga sinna og varð það nú samkomulag þeirra, að þeir skyldu berja Bjarna um kvöldið og taka svo af honum buddu hans, er þeir sáu hann taka upp inni á Thorvaldsensbazar. Var Þorsteini ætlað að koma Bjarna á afvikinn stað, en þeim Sigurði og Magnúsi að berja hann. Í prófunum er það eigi upplýst, hver hinna ákærðu hefir verið frumkvöðull að þessari ráðagerð.

Á tilteknum tíma fóru þeir fjelagar inn á Laugaveg og Þorsteinn inn í húsið nr. 70; hitti hann þar Bjarna, sem var engu minna drukkinn en áður um daginn, og fjekk hann út með sjer undir því yfirskyni að áfengið væri úti; gengu þeir Vatnsstíg, Hverfisgötu og Klapparstíg niður að sjó, og þeir Sigurður og Magnús spölkorn á eftir. Þegar þangað var komið, þóttist Þorsteinn fara að leita að áfengisflöskum undir bát, sem þar var, en þeir Sigurður og Magnús veittust að Bjarna; sló Magnús hann fyrst í höfuðið, svo að gleraugun hrukku af honum, en hann fjell eigi; þá barði Sigurður hann hnefahögg í

höfuðið og hafði í hnefanum lykla sína; fjell Bjarni við það afturábak, og skautst Þorsteinn þá undan bátnum til hans, þar sem hann var að reyna að brölta á fætur, hratt honum út af, smeygði hendinni ofan í buxnavasa hans og tók buddu hans. Að sögn Magnúsar gengu þeir allir þrír að Bjarna, þegar hann var að reyna að standa upp, og börðu hann í höfuðið, þó eigi svo að hann fjelli algerlega í ómegin, en við þetta kannast Þorsteinn eigi og Sigurður tjáist eigi muna það. — Þegar Þorsteinn hafði náð buddunni, ljetu ákærðu Bjarna liggja þar sem hann var kominn, fóru heim til Sigurðar og skiftu þar með sjer því, sem í buddunni var; ber þeim saman um, að í hvers hlut hafi komið 9—10 kr. Budduna, sem að sögn Þorsteins var fornfáleg og rifin, fór hann með inn á Klapparstíg sama kvöldið og fleygði henni þar á götuna.

Bjarni Sigurðsson bólgnaði mjög í andliti undan höggum ákærðu, og fjekk tvær smáskeinur á hægri kinn Þess meiðsl voru þó að mestu horfin, þegar Bjarni var yfirheyrður; þó var hann blár kringum hægra auga og hafði smáskeynu á hægri kinn; er í rjettarprófunum talið, að hann sje búinn að ná sjer eftir meðferðina og muni eigi hafa varanlegt mein af henni.

Bjarni heldur því fram að hafa mist miklu meiri peninga en ákærðu kannast við að hafa tekið af honum; en framburður hans um þetta er á reyki og hann hefir eigi getað gert neina glögga grein fyrir því, hve mikla peninga hann hafði á sjer, þeg-

ar ákærðu rjeðust á hann. Gegn neitun þeirra er það því eigi sannað, að þeir hafi tekið meiri peninga af Bjarna en þeir hafa játað.

Bjarni hefir eigi krafist endurgjalds á peningum þeim, er ákærðu tóku frá honum, eða bóta fyrir meiðslin.

Hinir ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, og hafa þeir Magnús Jóhannesson og Þorsteinn S. H. Gottskálksson eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot, en Sigurður Sigurðsson hefir með aukarjettardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 6. des. 1915, verið dæmdur í 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt 230. gr. og 253. gr. sbr. 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, fyrir þjófnað og sviksamlegt athæfi og hefir afplánað þá refsingu.

Afbrot hinna ákærðu heyrir undir 245. gr., fyrri málsgr., sbr. 55. gr. hegningarlaganna, og er refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af undirdómaranum betrunarhússvinna, til handa Sigurði Sigurðssyni í 15 mánuði og til handa Magnúsi Jóhannessyni og Þorsteini S. H. Gottskálkssyni 1 ár. Yfidómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, og ber þá að staðfesta hann í öllum greinum. Áfrýjunarkostnað málsins ber hinum ákærðu að greiða einum fyrir alla og öllum fyrir einn, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 20 kr. hvorum.

Rekstur málsins í hjeraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, Magnús Jóhannesson og Þorsteinn Stefán Helgi Gottskálksson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningsglaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar, 20 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1919.

Nr. 73/1919: Metúsalem Jóhannsson fyrir hönd h.f. »Gissur hvíti« gegn Ingimundi N. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Ingimundur N. Jónsson sjómaður til heimilis á Lindargötu 23 hér í bænum fyrir sjórjetti Reykjavíkur gegn Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra hjer í bænum fyrir hönd hlutafjelagsins »Gissur hvíti«, og gerði hann fyrir sjórjettinum þær kröfur, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess fyrir fjelagsins hönd að greiða sjer eftirstöðvar af kaupi og fæðispeningum sem vjelstjóra á mótorbátnum »Geir goða«, eign nefnds hlutafjelags, 164 kr. 50 a.

ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi 30. okt. 1917 til greiðsludags, að viðurkendur yrði með dómi sjóveðrjettur hans í mótorbátnum fyrir greindri upphæð og að honum yrði dæmdur málskostnaður að skaðlausu. Metúsalem Jóhannsson krafðist þess hinsvegar fyrir sjórjettinum, að hann yrði fyrir fjelagsins hönd algerlega sýknaður af kröfum sækjanda og jafnframt höfðaði hann gagnsök á hendur honum og krafðist þess að hann yrði dæmdur til þess að greiða sjer fyrir hönd tjeðs hlutafjelags 793 kr. 75 a. fyrir skemdir á vjelinni í mótorbátnum »Geir goða« o. fl. með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 15. nóv. 1917 til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Málum þessum lauk svo fyrir sjórjettinum með dómi, uppkveðnum 27. júlí f. á., að Metúsalem Jóhannsson f. h h.f. »Gissur hvíti« var dæmdur til að greiða Ingimundi 164 kr. 50 a. með 5%ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og sjóveðrjettur sækjanda í hjeraði viðurkendur í mótorbátnum «Geir goða« fyrir þeirri upphæð. Svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 100 kr. í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Þessum dómi hefir Metúsalem Jóhannsson f. h. h.f. »Gissur hvíti« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. des. f. á. og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina. Svo krefst hann að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Af sinni hálfu hefur stefndi Ingimundur N. Jóns-

son krafðist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir að haustið 1916 rjeðst stefndi sem vjelstjóri á móturbátinnn »Geir goða«, eign hlutafjelagsins »Gissur hvíti«, fyrir árið frá 15. sept. 1916 til jafnlengdar 1917 með skriflegum samningi dags. 17. sept. 1916 gegn 150 kr. kaupi á mánuði auk fæðis. Um mánaðamótin nóvember og desember 1916 ljet stefndi eftir læknisráði af þessu starfi og var lögskráður úr skiprúmi 8. des. s. á. Telur stefndi að sjer beri kaup fyrir tímabilið frá 15. sept. til 8. des. 1916, að báðum dögum meðtöldum, samtals 420 kr.; svo telur hann sig hafa lagt sjer til fæði dagana 15. — 27. sept., er hann reiknar kr. 1,50 á dag, eða alls 19 kr. 50 a., og hafi sjer því borið alls 439 kr. 50 a. hjá nefndu hlutafjelagi. Uppí þetta viðurkennir stefndi að hafa fengið 275 kr., og eigi hann þannig ógreiddar 164 kr. 50 a., og er það sú upphæð, sem hann hefur fengið dóm fyrir í undirrjetti.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi hafi eigi gengt vjelstjórastarfinu á »Geir goða« lengur en til 20. nóv. 1916, og beri honum því ekki kaup nema fyrir tímann frá 15. sept. til 19. nóv, og byggir hann þetta á því, að það sje berlega tekið fram í ráðningarsamningnum 27. sept. 1916, að stefndi skuli einungis fá kaup meðan hann gegni starfinu sem vjelstjóri, en þótt svo sje ákveðið í samningnum að stefndi fái kaup fyrir hvern almanaksmánuð, »sem hann gegnir áðurgreindu starfi« o: vjelstjórastarf-

inu, verður ekki álitið að samningsaðilar hafi viljað víkja frá beinum ákvæðum siglingalaganna 30. nóv. 1914 í þessu efni, sbr. 95. gr. þeirra um kaup háseta, er sýkist án þess að hann sje sjálfur valdur að veikinni, en samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ber stefnda kaup þar til hann var skráður úr skipi. Kaupkröfu stefnda ber því að taka til greina.

Áfrýjandi hefur neitað því að stefnda beri fæðispeningar nema fyrir 10 daga, og telur þá fullhátt setta kr. 1,20 á dag. En þar sem hann hefur ekki haldið því fram, að stefndi hafi fengið fæði á skipinu nokkurn dag frá 15.—27. sept. eða á annan hátt gert grein fyrir á hverju neitun hans er byggð, og þar sem einnig verður að ætla að karlmannsfæði í sept. 1916 sje ekki of hátt reiknað kr. 1,50 á dag, verða mótmæli áfrýjanda gegn fæðispeningakröfunni ekki tekin til greina.

Í gagnsökinni telur áfrýjandi að stefndi hafi sýnt svo mikið hirðuleysi og vankunnáttu við stjórn og gæslu vjelarinnar í mótorbátnum »Geir goða«, þann tíma er hann gætti hennar, að glatast hafi og eyðilagst stykki úr henni, og auk þess hafi stefndi glatað og eyðilagt aðra muni, og nemi þetta svo miklu að stefndi eigi að greiða hlutafjelaginu »Gissuri hvíta« kr. 793,75 í skaðabætur í stað þess að telja til skuldar hjá fjelaginu. Hefur hann lagt fram í málinu sundurliðaðan reikning yfir viðskipti stefnda og fjelagsins, er sýnir þessa útkomu. Verða nú hinir ýmsu liðir reiknings þessa teknir til athugunar.

Áfrýjandi telur stefnda til gjalda kr. 1,90, sem

kostnað við lögskráningu. Þessum gjaldlið hefur stefndi ekki sjerstaklega mótmælt, og ber þá að taka þennan lið til greina.

Þá hefur áfrýjandi krafist 50 kr. skaðabóta hjá stefnda fyrir það, að hann hafi brent 3 göt á stórsegl bátsins, og skýrir áfrýjandi svo frá, að stefndi hafi kastað logandi tvisti út úr mótorhúsinu í stórseglið. Gegn eindreginni neitun stefnda er það þó eigi sannað, að hann sje valdur að skemdum þessum, og verður því þessi liður gagnkröfunnar eigi tekin til greina.

Þá hefir áfrýjandi krafist 35 kr. fyrir hlífarsegl yfir ljósskáp á hásetaklefa, er stefndi hafi sett fyrir borð. Hefur eitt vitni skýrt frá, að seglið hafa tapast með þeim hætti, að stefndi hafi notað það á reykháfinn; við Vestmaneyjar hafi stefndi tekið seglið af reykháfnum, og kastað því á mótorhúsið, en þaðan hafi stormur tekið það og feykt því útbyrðis. Stefndi hefur að vísu neitað því, að hann hafi verið valdur að því, að seglið tapaðist, en með því að hann hefir ekki mótmælt skýrslu vitnisins um atvikin að því hvernig seglið tapaðist, verður að telja hana rjetta. Og með því að það verður að teljast óforsvaranlegt gáleysi af honum að koma ekki seglinu fyrir á óhultan stað, er hann tók það af reykháfnum, verður að dæma hann til þess að greiða verð þess, og þar sem hann hefur ekki fært rök fyrir, að hið umkrafða verð sje óhæfilega hátt, ber að dæma hann til að bæta það með 35 kr.

Þá hefur áfrýjandi krafist 20 kr. bóta fyrir

rennihurð frá mótorhúsinu, en hún tapaðist með þeim hætti, að stefndi tók hana frá mótorhúsinu, og lagði hana á þilfarið, en þar tók sjór hana út. Stefndi afsakar sig með því, að hann hafi orðið að taka hurðina frá til að fá loft inn í mótorhúsið, með því að engin loftrás hafi verið í því, en með því að það verður að teljast skylda hans, er hann tók hurðina frá mótorhúsinu, ekki síst þar sem venjur var vont, að koma hurðinni fyrir á óhultan stað, verður að dæma hann til að greiða verð hennar með 20 kr., sem áfrýjandi hefur krafist.

Þá hefur áfrýjanda krafist bóta fyrir skiftilykil og þjöl, er tapast hafi, samtals 18 kr. 85 a., en með því að það hefur eigi sannast á hvern veg munir þessir hafa tapast, eða að það sje vangeymlsu stefnda að kenna, verður hann ekki látinn bera ábyrgð á því.

Þá krefst áfrýjandi bóta af stefnda fyrir skemdir, er vjelin í skipinu, gaskúluhlíf og glóðarkúlur hafi orðið fyrir, meðan stefndi gætti vjelarinnar, samtals 730 kr. en gegn neitun stefnda hefur áfrýjandi eigi sannað, að stefndi hafi gert sig sekan í skeytingarleysi eða sýnt vankunnáttu í stjórn vjelarinnar, enda hefur skipstjórinn á »Geir goða« og annar maður, er var á skipinu, borið það sem vitni í málinu, að stefndi hafi gegnt starfi sínu með áhuga og dugnaði, og að vjelin hafi verið í góðulagi þann tíma, sem stefndi gætti hennar. Það er því ekki heimild til að dæma stefnda til skaðabóta fyrir umræddar skemdir á vjelinni.

Samkvæmt framansögðu ber frá kaupkröfu stefnda

kr. 164,50, að draga kostnað við lögskráningu kr. 1,90, bætur fyrir hlífarsegl 35 kr. og bætur fyrir rennihurð 20 kr., samtals kr. 56,90, og ber þannig að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 107 kr. 60 a. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi og hefur stefndi sjóveðrjett fyrir þessari upphæð í mótorbátnum »Geir goða«. — Um málskostnað fyrir undirrjetti á hinn áfrýjaði dómur að verða óraskaður, en eftir málavöxtum þykir rjett að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutfjelagsins »Gissur hvíta« greiði stefnda Ingimundi N. Jónssyni 107 kr. 60 a. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi 30. okt. 1917 til greiðsludags, og hefir stefndi sjóveðrjett í mótorbátnum »Geir goða« fyrir þessari upphæð. Hins vegar skal stefndi vera sýkn af kröfum áfrýjanda. Áfrýjandi greiði og stefnda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum skal fullnæja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagri laga-aðför.

Mánudaginn 3. marz 1919.

Nr. 72/1918:

Sturla Jónsson
gegn
Nathan & Olsen
fyrir hönd Carl Draeger.

Dómur.

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað Natan & Olsen fyrir hönd Carls Draeger í Manchester, á bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Sturlu kaupmanni Jónssyni í Reykjavík, til greiðslu á viðskiftaskuld, kr. 720,49 með 6 % ársvöxtum og málskostnaði. Með dómi bæjarþingins, uppkveðnum 23. maí f. á., urðu úrslit málsins þau, að Sturla Jónsson skyldi vera sýkn af kröfum stefnanda og málskostnaður falla niður, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði beðið um eða fengið vörur þær, er mál þetta er risið af, en ef hann ynni ekki svofelldan eið, skyldi hann greiða stefnanda kr. 720,49 með 6% ársvöxtum frá 22. jan. 1915 til greiðlsudags og 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Sturla Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. desbr. f. á., og krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnað fyrir báðum dómum; en stefndi hefir af sinni hálfu krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Samkvæmt reikningi frá Carl Draeger í Manchester sendi hann 22. jan. 1915 áfrýjanda vörur fyrir £ 63—«—4, og þessar vörur tjáir stefndi áfrýj-

anda hafa fengið fyrir milligöngu sína (Nathan & Olsen) sem umboðsmanns Carls Draeger og borgað £ 24—17—11 af reikningsupphæðinni, en eftirstöðvarnar £ 38—2—5, eða í hjerlendum peningum kr. 720,49, lögsækir hann í þessu máli áfrýjanda til að greiða. Skýrir hann svo frá málavöxtum, að síðari hluta ársins 1914 hafi áfrýjandi fyrir milligöngu sína beðið um vörur þær, sem taldar eru á reikningnum frá Carl Draeger; hafi 3 eintök verið skrifuð af þessari vörupöntun, og áfrýjandi fengið eitt þeirra. Vörurnar hafi komið hingað með e/s Botniu 10 febr. 1915 og verið afhentar áfrýjanda, en fyrir mismerkingu hafi einn vöruböggullinn verið afhentur annari verslun hjer í bænum, en áfrýjandi hins vegar tekið við annari sendingu, sem fara átti til áminnstrar verslunar; á þeim skiftum hafi þó orðið leiðrjetting þegar í stað. Í aprílmánuði eða daginn fyrir hinn mikla bruna 25 s. m. hafi áfrýjandi sent eitthvað af vörum þessum til stefnda og látið skilja þær eftir í greinarleysi, en stefndi hafi þegar brjeflega látið hann vita, að hann tæki eigi við vörunum og lægju þær á hans ábyrgð þar sem þær voru í kjallara undir skrifstofu stefnda, en um nóttina hafi þær farist í brunanum.

Þessa skýrslu vefengir áfrýjandi í öllum aðalatriðum. Hann tjáist eigi hafa beðið um eða fengið hinar umgetnu vörur, en þær hafi átt að fara til annarar verslunar hjer í bænum, en verið mismerktar sjer og hafi sú verslun fengið vörurnar, enda neitar hann því að hafa meðtekið neina pönt-

unarskrá yfir þessar vörur. Upphæð sú £ 24—17—11, sem hann hafi greitt stefnda, hafi verið borgun út í hönd fyrir vörur, er hann hafi keyft »af Lager« hjá stefnda, en ekki greitt fyrir vörur frá Carl Draeger.

Skýrslu stefnda um málavexti hefir eitt vitni staðfest í öllu verulegn, og meðal annars borið það, að það hafi seint á árinu 1914 farið til áfrýjanda með sýnishorn af vörum frá Carl Draeger, er Nathan & Olsen höfðu í umboðsölu, og hafi áfrýjandi þá pantað vörur þær, sem taldar eru í fyrgreindum reikningi Carls Draeger og að áfrýjandi síðar, er hann hafi meðtekið þessar vörur, hafi beðið sig að selja nokkuð af þeim, er hann var hræddur um að ekki mundi ganga út, fyrir innkaupsverð. Áfrýjandi mótmælir þessum vitnisburði af því að vitnið sje í þjónustu stefnda, en eins og þjónustu vitnisins hjá stefnda er varið, að það er starfsmaður við verslun hans, verður það eigi talið honum svo háð, að það raski gildi vitnisburðarins. — Það er upplýst í málinu, að áfrýjandi greiddi löngu eftir að vörurnar komu, eða í maí- og júnímánuði 1915 uppskipunargjald fyrir þær og vörutoll, en það kveðst áfrýjandi hafa gert af því að svo langur dráttur hafi orðið á því, að hann tilkynnti skipsafgreiðslumanni og lögreglustjóra, að hann væri eigi rjettur viðtakandi varanna, sem væru merktar honum, og af því að vildi eigi eiga á hættu, að fyrir þessa sök yrði vörum eftirleiðis haldið fyrir honum, þangað til slík gjöld væru greidd.

Þó að eigi sje með framangreindum vitnisburði og því málsatviki að áfrýjandi greiddi fyrtalin gjöld fyrir vörurnar, fengin lögfull sönnun fyrir málstað stefnda, þá þykja vera framkomnar svo verulegar líkur fyrir því, að krafa hans eigi við rök að styðjast, að rjett sje, að láta úrslit málsins koma undir eið áfrýjanda, þannig stýlaðan, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, og sje áfrýjandi sýkn af kröfum stefnda og falli málkostnaður fyrir undirrjetti niður, ef hann vinnur eiðinn, ella greiði hann stefnda kr. 720.49 með vöxtum og málskostnaði eins og segir í dómnum. Ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum.

Eftir þesum úrslitum er það og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Sturla Jónsson greiði stefnda Nathan & Olsen fyrir hönd Carls Draeger 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnæja áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. mars 1919.

Nr. 53/1918: Eiríkur Kjerúlf
gegn
Guðmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Í meiðyrðamáli þessu, sem höfðað var fyrir aukarjetti Ísafjarðar með stefnu útgefinni 30. mars f. á. og dæmt 26. júlí s. á. var sáttakæra birt 18. mars f. á. og skyldi málið tekið fyrir á sáttafundi 25. s. m. Segir í vottorði sáttanefndar, að þá hafi sáttakæran verið framlögð, að sáttatilraun hafi orðir árangurlaus, og sje málinu því eftir kröfu kærandans vísað til aðgjörða dómstólanna. Í vottorði sáttanefndar segir því ekkert um það, hvort aðilar hafi sótt sáttafundinn sjálfir eða aðrir eftir umboði þeirra eða yfirleitt, hvort nokkur hafi sótt fundinn af þeirra hendi. Það er því eigi sönnun fyrir hendi um það, hvort lögleg sáttatilraun hefir fram farið um málið, og verður því að ómerkja aukarjettardóminn og alla meðferð málsins í hjeraði. Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn og öll meðferð málsins í hjeraði skal vera ómerk. — Málskostaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 10. mars 1919.

Nr. 44/1918: Pjetur Sigurðsson
gegn
sóknarnefnd Eyrarbakka.

Dómur:

Með brjefi dags. 5. aprílmán. f. á. beiddist sóknarnefndin í Eyrarbakka sókn lögtaks á sóknargjöldum nokkurra adventista í sókninni fyrir árið 1917, þar á meðal áfrýjanda, Pjeturs Sigurðssonar og 1. maí næst á eftir úrskurðaði sýslumaðurinn í Árnessýslu að lögtakið skyldi fram fara. Hreppstjórinn í Eyrarbakkahreppi framkvæmdi síðan 21. maí f. á. lögtakið hjá áfrýjanda fyrir sóknargjöldum að upphæð 6 kr. 75 a., en gegn mótmælum gerðarþola, er hann, gerðarþoli, rökstuddi og lagði fram í skrifuðu skjali, dags. samdægurs. Um mótmæli þessi kvað fógetinn í Árnessýslu upp úrskurð 4. júlí f. á. á þá leið, að mótmælunum var hrundið og lögtaksgerðin staðfest. — Þessum úrskurði hefir Pjetur Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. ág. f. á., og krafist þess að lögtaksgerðin og úrskurðurinn verði úr gildi felld, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir fógetarjetti og yfirdómi eptir mati rjettarins. Sóknarnefndin hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann gert þær rjettarkröfur fyrir hönd nefndarinnar, að fógetarjettarúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Áfrýjandi telur sjer óskylt að greiða hin umkröfðu gjöld, með því að hann te jist til trúarbragða-

flokks Sjöundadagsadventista, er viðurkendur sje í landinu, og ber fyrir sig í þessu efni fyrirmæli stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, 18. gr. Það er nú eigi heldur vefengt að áfrýjandi sje utanþjóðkirkjumaður, að hann sje adventisti, og að honum sje því óskylt að greiða persónuleg gjöld til annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann aðhyllist, en því er haldið fram að sóknargjöld þau, er hann er krafinn um, beri honum að greiða til Háskóla Íslands, enda er það hins vegar óvefengt, að þótt nokkrir adventistar sjeu í Eyrarbakkasókn, þá hafi þeir eigi myndað söfnuð á þann hátt, að þeir hafi fengið staðfestingu á presti eða forstöðumanni fyrir sig, eins og ráð er fyrir gert í lögum nr. 4, 19. febr. 1886, 13. gr., í lögum nr. 6, 4. mars 1904, 1. gr., og lögum nr. 40, 30. júlí 1909, 2. gr. Þótt nú söfnuður aðventista í Reykjavík og Hafnafirði hafi fengið opinbera viðurkenningu með því að fá staðfestingu á forstöðumanni, getur þetta eigi leitt til þess, að aðventistar á Eyrarbakka verði taldir heyra til viðurkendum trúarbragðarflokki meðan þeir eigi hafa myndað söfnuð undir stjórn forstöðumanns eða prests, er fengið hefir staðfestingu konungs eða ráðherra og verður að líta svo á, að það sje svo löguð viðurkenning, sem 18. gr. 3. málsl. stjórnarskipunarlaganna 1915 gerir ráð fyrir. Áfrýjandi var því rjettkrafinn um sóknargjöld árið 1917 til Háskólasjóðs Íslands, og með því enginn ágreiningur er um upphæð galdsins verður að staðfesta lögtaksgerðina og fógetarjettarúrskurðinn. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi

greiði málflutningslaun fyrir yfirdómi til hins skipaða málflutningsmanns sóknarnefnarinnar og ákveðast þau 30 kr., en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að málsvörnin fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og undanfarandi lögtaksgerð staðfestast. Áfrýjandi Pjetur Sigurðsson greiði skipuðum málflutningsmanni stefndu yfirrjettarmálaflutningsmanni Eggert Claessen málflutningskaup fyrir yfirdómi 30 kr.; að öðru leyti fellur málskostnaðnr niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. mars 1919.

Nr 7/1919: Valdstjórnin
gegn
Carla A. S. Olsen.

Dómur:

Í máli þessu er Carla Anna Sophie Angelika Olsen, sem rekur sætindagerð og sætindasölu í hús-

inu nr. 17 við Austurstræti hjer í bænum, kærð fyrir brot á samþykkt 22. okt. f. á. um lokunartíma sölubúða í Reykjavík, en með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 6. jan. þ. á. var kærða sýknuð í málinu og málskostnaður lagður á almennafje. Dómi þessum er af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Kærða kannast við það, að hún loki ekki sölubúð sinni kl. 7 síðdegis eins og fyrir er mælt í 2. gr. nefndrar samþykktar, svo og að hún hafi búðina opna á helgidögum, þegar opnar eru brauðsölubúðir og kaffisöluhús. Þetta telur hún sjer heimilt, með því að hún reki eigi verslun, en að eins greiðasölu og sölu á afurðum iðnar sinnar, sætindagerðarinnar.

Samkvæmt framburði kærðu hefur hún síðan árið 1910 fengist við sætindagerð og selt sætindi, svo og innlenda gosdrykki og kaffi til neyslu á staðnum, kaffið þó einkum útlendingum. Hefur salan farið fram í fyrgreindu húsi, sem kærða býr í, og hefur hún sjálf annast söluna með hjálp kvenfólks, sem aðstoðar hana við heimilisstörf og sætindagerð, og fóstursonar síns 14 vetra að aldri. Áður seldi kærða vindla og vindlinga þeim, er neyttu kaffis eða gosdrykkja hjá henni, en hún hætti því af því að henni þótti tóbakið spilla sætindunum. Svo hefur hún og meðan hún gat eigi fengið sykur nema af skornum skamti, selt nokkuð af brjóstsykri frá annari verksmiðju hjer í bænum, en er nú hætt því. Hún hefir eigi leyst verslunarborgarabrjef, og eigi verið kærð fyrir ólöglega verslun, en fyrir brot á bannlögunum

hefir hún sætt kæru og verið sýknuð í því máli.

Þessi framburður kærðu hefur eigi verið vefengdur enda styðst hann við aðrar skýrslur málsins.

Lögreglurjetturinn hefur sýknað kærðu af þeim ástæðum, að eigi verði litið svo á, eftir því sem upplýst er um atvinnurekstur hennar, að til hans þurfi að leysa borgarabrjef til verslunar, og að fyrgreind samþykkt 22. okt. 1918 taki að eins til kaupmanna, er hafi til sölu varning, er eigi má selja nema samkvæmt verslunarleyfi sbr. 4. gr. samþykktarinnar.

Með því að yfirdómurinn fellst á þessar ástæður, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um málskostnað. Áfrýjunarkostnað málsins ber og að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins fyrir undirrjettinum hefur verið vítalaus og málsfærsla við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist af almannafje, þarmeð talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar yfirrjettarmálaflutningsmanna 15 kr. til hvors.

Mánudaginn 24. mars 1919.

Nr. 6/1919:

Valdstjórnin
gegn
Hallgrími T. Hallgríms.

Dómur:

Með dómi uppkveðnum í lögreglurjetti Reykjavíkur 16. jan. þ. á. var kærði Hallgrímur T. Hallgríms kaupmaður í Reykjavík dæmdur í 300 kr. sekt til landssjóðs samkvæmt 14. gr. í lögum nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiddan og leiðandi kostnað. — Þessum dómi hefir stjórnarráðið af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Í máli þessu er það löglega sannað með eiðfestum og samhljóða framburði vitnanna Jóns Kristjánssonar verkamanns og Ingimars Jónssonar sjómanns gegn neitun kærða, Hallgríms T. Hallgríms, að hann hafi laugardaginn 4. jan. þ. á. selt þeim eina þriggja pela flösku af áfengi (brennivíni) heima hjá sjer í húsinu nr. 8 við Aðalstræti hjer í bænum fyrir 15 kr., er þeir greiddu honum samstundis.

Eftir framburði vitnanna voru hin nánari atvik að sölu þessarí þau, að nefndan laugardag, 4. jan. síðastl., komu vitnin inn í sölubúð kærða í Aðalstræti til þess að spyrja eftir neftóbaki; hafi þá áfengi borist í tal, og hafi kærði látið orð falla um það, að hægt mundi vera að útvega það, og gerðu vitnin

þá ráð fyrir að koma síðar um daginn til að vita um það. Fóru þeir Jón og Ingimar við svo búið út úr búðinni, en hjer um bil 20 mínútum síðar komu þeir aftur; hittu þeir þá eigi kærða í búðinni; en þeim var vísað upp á loft í sama húsinu, þar sem kærði býr. Hittu þeir hann þar og spurðu hann hvort þeir gætu fengið flösku hjá honum, og játti kærði því, og kom með svarta flösku, er hann sagði að kostaði 15 kr., en með því að þeim virtist flaskan óhrein eða innihald hennar, sögðust þeir ekki vilja hana. Hafi þá kærði gengið að hlera í norðaustur horni herbergisins, opnað hann og tekið þar hvíta flösku með áfengi á. Þessa flösku tóku vitnin og borguðu kærða hana með 15 kr., sem áður segir.

Kærði neitar því fastlega að hann hafi selt mönnum þessum áfengi og eins hinu að þeir hafi komið heim til sín greindan dag, og hann kveðst hvorki hafa átt eða hafa haft undir höndum áfengi þennan dag, en gegn eiðfestum ákveðnum og samhljóða framburði vitnanna kemur þessi neitun hans eigi til greina.

Vitnið Ingimar Jónsson hefir auk þess borið það, og unnið eið að því, að kærði hafi síðar sama dag, selt sjer aðra flösku af sams konar áfengi, sömuleiðis fyrir 15 kr., og tekið að veði fyrir andvirði hennar regnkápu sína, en gegn afdráttarlausri neitun kærða, verður það ekki talið sannað.

Húsrannsókn hefur ekki farið fram hjá kærða, og er það því ósannað að hann hafi haft í vörslum sínum meira af áfengi en þessa einu eða tvær flöskur.

Kærði hefir ekki leyfi til innflutnings áfengis

samkvæmt 2. gr. í lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, og hann hefur ekki sagt lögregustjóra til þess að hann hefði áfengi í vörslum sínum eftir 10. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu er það löglega sannað að kærði hefir haft í vörslum sínum áfengi, sem hann hefur ekki sagt til eftir 10. gr, aðflutningsbannslaganna, og verður þá samkvæmt 11. gr. þeirra að líta svo á að hann hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laganna, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin eftir 14. gr. þe rra, og með tilliti til þess að sannað er að hann hefur selt áfengi, 300 kr. sekt til landssjóðs, svo sem ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi, en með því að það hefur ekki sannast á kærða, að hann hafi selt áfengi nema í þetta eina skifti, og ekkert hefur orðið upplýst um það, hvar eða í hvaða skyni hann hefir fengið það, þykir eigi heimild til auk sektarinnar að beita fangelsisrefsingu gegn kærða.

Með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Kærði verður og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdómi, 15 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Hallgrímur T. Hallgríms greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. mars 1919.

Nr. 75/1618:

Olafur J. Hvanndal
gegn
Jes Zimsen

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Ólafur J. Hvanndal kaupmaður hjer í bænum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jes Zimsen konsúl til greiðslu á 830 kr. 40 a. fyrir uppskipun á vörum úr gufuskipinu »Rollo« í júnímán. 1917 ásamt vöxtum og málskostnaði. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 20. júní f. á., að stefndi Jes Zimsen var dæmdur til að greiða áfrýjanda borgun fyrir þessa uppskipun eftir mati óvilhallra dómkvaddra

manna, sem þekkingu hafa á uppskipunarkostnaði, ekki yfir 830 kr. 40 a. og ekki undir kr. 502,50, með 6 % ársvöxtum frá 7. ág. 1917 til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað. Svo var stefndi dæmdur í 10 kr. sekt fyrir að mæta ekki við sáttaumleitun í málinu.

Dómi þessum hefir Ólafur J. Hvanndal skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. desbr. f. á., og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að stefndi Jes Zimsen verði dæmdur til að greiða honum 830 kr 40 a. með 6 % ársvöxtum frá 7. ág. 1917, en að málskostnaðarákvæði dómsins verði staðfest. Svo krefst hann þess að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Stefndi Jes Zimsen krefst þess frá sinni hálfu að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það, hverju áfrýjandi hefir skipað upp, heldur er ágreiningurinn milli málsaðila einungis um borgunina fyrir hinar uppskipuðu vörur. Hefir áfrýjandi lagt fram 4 reikninga yfir uppskipunarkostnaðinu að upphæð kr. 150.00 + 150.00 + 516.80 + 13.60 = kr. 830.40, og er það krafa hans að stefndi verði dæmdur til að greiða þessa upphæð. Stefndi telur hins vegar að borgun sú, er áfrýjandi krefst fyrir uppskipunina, sje óhæfilega há, og krefst þess að hann verði ekki

dæmdur til að greiða meira en kr. 87.50 + 40 00 + 365 40 + 9.60 = kr. 502.50.

Áfrýjandi heldur því fram, að uppskipunin hafi orðið sjer dýrari en alment hafi gerst um það leyti sökum manneklu, sökum þess, að hann til að flýta fyrir afgreiðslu skipsins, hafi framkvæmt uppskipunina að nokkru leyti í eftirvinnu, svo og sökum þess, að hann hafi orðið að nota hafnarjárnbrautina við uppskipunina, en gegn neitun stefnda verður þetta ekki talið sannað, enda hefir áfrýjandi ekki lagt fram í málinu neinn aðalreikning yfir uppskipunina, og verður þá ekki sjeð hvað hún hefir kostað áfrýjanda.

Stefndi hefir hins vegar fært rök fyrir því, að borgun sú, er áfrýjandi reiknar sjer fyrir þessa uppskipun, er hærri en aðrir reiknuðu sjer á sama tíma, en með því að ekki eru komin fram í málinu nægsönnunargögn um það, hvaða borgun hefir venjulega verið tekin fyrir uppskipun hjer í bænum í júnímán. 1917, og uppskipunargjaldið virðist jafnvel ekki hafa verið fastákveðið, heldur jafnframt byggt á sjerstökum samningi í hvert skifti, er um meiri háttar uppskipun var að ræða, einkum á smærri stykkjum, þykir rjett, svo sem undirdómarinn hefir gert, að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá borgun fyrir uppskipunina, sem óvilhallir dómkvaddir menn, sem þekkingu og reynslu hafa í þeim efnum, meta innan hámarks þess, er áfrýjandi hefir krafist og og lágmarks þess, er stefndi vill sætta sig við að greiða, með vöxtum eins og segir í dómnum. Ákvæði

bæjarþingsdómsins um málskostnað og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni ber einnig að samþykkja, þó svo, að sektin sje 4 kr.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður, þó svo að sektin til landssjóðs sje 4 kr. Áfrýjandi Ólafur J. Hvanndal greiði stefnda Jes Zimsen 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnæja áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 31. mars 1919.

Nr. 2/1919:

Sigurður Sigurðsson
gegn
Helga Zoëga.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sigurður Sigurðsson yfirrjettarmálafluttningsmaður á Ísafirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Helga Zoëga kaupmanni í Reykjavík út af vanefndum á samningi milli málsaðila,

dags 7. júní 1917, um sölu á 1000 brúkuðum síldartunnum, og krafðist áfrýjandi þess fyrir bæjarþinginu að kaupunum verði rift að því er snertir 519 tunnur, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða honum andvirði þeirra, 8304 kr. ásamt 6 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 19. júní 1917 til sáttkærudags 14. febr. 1918, og 7 % ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og kostnað við flutning á tunnum þessum frá Reykjavík til Vestfjarða kr. 856. 35 auk 6 % ársvaxta af þeirri upphæð frá 21. júlí 1917 til sáttakærudags og 7 % ársvaxta þaðan í frá til greiðsludags Ennfremur krafðist áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1000 kr. í skaðabætur fyrir galla á tunnum þeim, er skemdar voru en þó eigi ónothæfar, og fyrir annað tjón hans af samningsrofunum auk 5 % ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi til greiðsudags. Loks krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 28. nóv. f. á., að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Sigurður Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. jan Þ. á., og hefur gert hjer fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi Helgi Zoëga, hefur frá sinni hálfu krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýj-

andi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með samningi dags. í Reykjavík 7. júní 1917 keypti áfrýjandi af stefnda um 1000 brúkaðar síldar tunnur, sem stefndi átti von á með gufuskipinu Ceres frá Fleetwood fyrir 16 kr. hverja. Er svo ákveðið í samningum að kaupandi veiti tunnunum móttöku um leið og þær verði affermdar úr Ceres og borgi þær samtímis, en seljandi skuldbindur sig til þess að lána endurgjaldslaust pláss við bryggju sína til að stafla þeim á og geyma þær á uns kaupandi gæti flutt þær þaðan síðar í sama mánuði. Ennfremur er svo ákveðið í samningnum að tunnurnar sjeu í nothæfu standi til síldarsöltunar.

Það er upplýst í málinu að 994 tunnur voru fluttar vestur á Langeyri við Álptafjörð í júlímán. 1917, en hinn 3. ágúst s. á. fekk áfrýjandi 2 menn dómkvadda til að skoða og meta galla á tunnum þessum; framkvæmdu þeir skoðun sína og mat 4. s. m., og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að af tunnunum væru 519 algerlega óhæfar til síldarsöltunar nema með aðgerð, er tæki langan tíma; sumpart væru botnar í tunnum þessum brotnir og brotin ósamstæð í þeim, og taka skoðunarmennirnir fram að þeir gallar gætu ekki stafað af flutningnum á tunnunum vestur. Einnig væru tunnurnar allmjög stafbrotnar, og væri auðsjeð af brotsárunum að tunnurnar hefðu ekki brotnað í flutningnum vestur. Loks væru margar af tunnunum ekki síldartunnur, heldur tunnur með ýmsu

lagi og af ýmsri stærð, að mun minni en tunnur sem ætlaðar eru til síldarsöltunar. Þá taka skoðunarmenn irnir það fram, að þær tunnur, sem þeir telja nothæfar, séu að eins nothæfar með nokkurri aðgerð

Skoðunar og matsgjörð þessa staðfestu skoðunarmennirnir síðan fyrir rétti Þá hefur yfirsíldar atsmaðurinn á Ísafirði vottað og staðfest það vottorð sitt fyrir rétti, að hann hafi athugað umræddar síldartunnur; séu þær flestallar slæmar og illa útlítandi, og telur hann 519 þeirra óldungis óhæfar til síldarsöltunar nú þegar, bæði sökum þess, að þær sjeu alls ekki pækilheldar svo og sökum þess að sumar þeirra sjeu talsvert minni en síldartunnur alment gerast. Sökum þessara galla telur áfrýjandi sjer heimilt að rifta kaupunum að því er kemur til umræddra 519 tunna og krefjast þess að stefndi endurgreiði and virði þeirra.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að skoðun og lýsing matsmannanna fyrir vestan á umræddum tunnum sje ekki á rökum byggð, en sýknukröfu sína byggir hann þó aðallega á því, að löglegur umboðsmaður áfrýjanda hafi veitt tunnunum móttöku hér í Reykjavík, hafi hann látið menn með sérþekkingu skoða þær og hafi hann að því búnu greitt andvirði þeirra, og hafi tunnurnar síðan að ráðstöfun áfrýjanda verið fluttar vestur.

Það er nú sannað í málinu, að maður sá, er í umboði áfrýjanda gerði samning um tunnukaupin við stefnda, hafi veitt tunnunum móttöku hjer í bænum, og það er og viðurkennt að hann hafi þá borgað

stefnda andvirði 994 tunna. Áfrýjandi neitar því að vísu, að maður þessi hafi haft umboð eða heimild til þess að veita tunnunum móttöku á bindandi hátt, en eftir því sem á undan var gengið og með tilliti til þess að áfrýjandi gerði ekki aðrar ráðstafanir um tunnumóttökuna og síðan ljet taka tunnurnar og flytja vestur án nokkurra athugasemda verður að líta svo á að stefndi hafi haft næga ástæðu til að ætla að maður þessi hefði umboð áfrýjanda til að veita þeim móttöku, og það því fremur sem samningurinn ber það greinilega með sjer að kaupin áttu að afgerast hjer í Reykjavík að öllu leyti og móttaka og borgun að fylgjast að.

Það er ennfremur sannað að umgetinn umboðsmaður áfrýjanda hefir fengið þrjá menn, einn beyki og 2 fiskimatsmenn, til að skoða umræddar tunnur. Hafa menn þessir, er leiddir hafa verið sem vitni í málinu, borið það að þeir hafi tekið frá þær tunnur, sem þeim þótti ónothæfar til síldarsöltunar, að undanteknu því að vantað hafi bönd á margar af þeim tunnum, er þeir tóku gildar. Um tölu þeirra tunna, er skoðunarmenn þessir töldu nothæfar, er ekki komin fram í málinu fullnægjandi greinargerð, en þar sem umboðsmaður áfrýjanda greiddi andvirði 994 tunna, verður að gera ráð fyrir, að hann hafi talið þær allar fullnægja ákvæðum samningsins.

Þar sem það þannig verður að teljast sannað, að áfrýjandi hafi stuðst við aðstoð og álit manna með sérþekkingu í þessu efni, er hann eða umboðsmaður hans valdi sjálfur, áður en hann veitti tunnunum móttöku,

og lét flytja þær vestur, og þar sem eftir skýrum orðum samningsins átti að veita tunnunum móttöku í Reykjavík og borga þær samtímis, verður að líta svo á, að það hafi verið of seint fyrir áfrýjanda að finna að hinum umræddu tunnum eftir að þær voru komnar vestur, þótt þær hefðu verið svo gallaðar að hann hefði getað neitað að veita þeim viðtöku í byrjun, og þarf þá ekki að rannsaka hvort upplýst sé hvort svo hafi verið. Af sömu ástæðum verður 1000 kr. skaðabótakrafa áfrýjanda heldur eigi tekin til greina.

Þar sem yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og undirdómarinn og þar sem ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi Sigurður Sigurðsson greiði stefnda Helga Zoëga 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 63/1918: Pjetur Halldórsson f. h. bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar gegn Sigurði Briem póstmeistara f. h. póstsjóðs.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sigurður Briem póstmeistari fyrir hönd póstsjóðs á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Pjetri Halldórssyni bóksala fyrir hönd bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar, og krafðist þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða póstsjóðnum póstkröfu að upphæð kr. 20.75 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 5. okt. 1917 til greiðsludags svo og málskostnað. Lauk málinu með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 27. júní f. á., á þá leið að stefndi í héraði skyldi verða sýkn af kröfum stefnanda svo framarlega sem hann eftir löglegum undirbúning ynni eið að því á varnarþingi sínu, að hann hefði innleyst sendingu þá, er málið ræðir um, sem póstkröfusendingu með því að greiða fyrir hana kr. 20.75, en ef stefndi ynni eigi svofelldan eið, skyldi hann greiða stefnanda kr. 20.75 með 5 % ársvöxtum frá 5. okt. 1917 til greiðsludags; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur Pjetur Halldórsson fyrir hönd bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. okt. f. á., og krafist þess að verða algerlega sýknaður af kröfum póstsjóðsins og að sér verði dæmdur málskotnaður fyrir

báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af annari hálfu hefur póstmeistarinn fyrir hönd póstsjóðs gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 17. jan. þ. á, og krafist þess að allar kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina, og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir að 22. mars 1915 sendi Sökort-Arkivet í Kaupmannahöfn póstböggul til bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar hjer í bænum, sem er eign áfrýjanda, svo sem alkunnugt er. Á bögglinum hvíldi póskrafa, kr. 20.75, og í fylgibrjefinu með honum frá sendanda var kvitteraður reikningur yfir þá upphæð. Frágangur á sendingu þessari frá pósthúsinu í Kaupmannahöfn var þó eigi þann veg, sem vant er og skylt að hafa á póstkröfusendingum; á hana eða fylgibrjefið var eigi límt merki það — gulur þríhyrningur — sem á að vera á póstkröfusendingum, og eigi var fest við fylgibrjefið póstkröfuávísunareyðublað, sem ætíð skal gert. Var þetta til þess að eigi var tekið eftir því á pósthúsinu í Reykjavík að sendingin væri póstkröfusending, og var hún því, þegar hingað kom 4. apríl 1915, færð inn í viðtökubók yfir almennar böggulsendingar, en eigi inn í bók, sem haldin er yfir póstkröfusendingar; heldur stefndi því fram að fylgibrjefið hafi verið látið í pósthólf áfrýjanda, og hafi það þannig með hinum kvittaða reikningi, sem í því var, komið honum í hendur, án þess að hann greiddi póstkröfuupphæðina, en böggullinn síðan verið afhentur honum sem almenn böggulsending.

Hins vegar staðhæfir áfrýjandi að hann hafi leyst til sín sendingu þessa sem póstkröfusendingu með því að greiða pósthúsinu upphæð kröfunnar; hafi hann þá jafnframt fengið afhenta kvittun sendanda og kvittað sjálfur á fylgibréfið. Þetta kveðst áfrýjandi að vísu eigi muna svo áreiðanlega, að hann treysti sjer til að staðfesta það með eiði. En staðhæfingu sína byggir hann á því, *að* hann hafi kvittað fyrir sendingunni á fylgibréfið, svo sem ætið sé gert, þegar um póstkröfu sé að ræða, en um almennar böggulsendingar sé það reglan, að fyrir þeim sé kvittað í þar til ætlaða bók, og *að* hann hafi innfært kröfuupphæðina kr. 20.75 í sjóðsbók sína sem greidda 6. apríl 1915.

Eftir framgreindum málavöxtum getur það, að áfrýjandi hefur í höndum kvittun frá Sökort-Arkivet fyrir hinni umstefndu upphæð, eigi skorið úr því hvort hann hefir greitt upphæðina, en úrslit málsins velta á því hvort hann álíst hafa sannað þetta á annan hátt. Hann hefir svo sem þegar er getið, aðallega talið tvö atvik máli sínu til stuðnings, en um hið fyrra af þessum málsatvikum hefur stefndi í skýrslu sinni til stjórnarinnar um málið, dags 14. apríl 1916, tekið það fram, að þegar mikil ös sé á bögglapóststofunni og menn þurfi að bíða lengi eftir að komast að kvittunarbókinni, sé sú aðferð iðulega viðhöfð, að viðtakandi afhendi fylgibrjefið kvittað í stað þess að kvitta í bókina. Í samræmi við þetta eru vitnisburðir tveggja starfsmanna á pósthúsinu, sem höfðu á hendir sundurlestur og afgreiðslu póstböggla, þegar

áminst sending kom á póshúsið. Það verður því eigi svo ábyggilegt sé, ráðið af því, að áfrýjandi kvittaði á fylgibrjefið, að sendingin hafi verið afgreidd eða áfrýjandi hafi innleyst hana sem póstkröfusendingu. Um hið síðar greinda atriði, innfærslu kröfunnar í sjóðsbók áfrýjanda, er það að athuga, að það sést eigi að bók þessi sé löggilt og með því að stefndi mótmælir því, að innfærslan sé rétt, getur hún eigi haft sönnunargildi í máli þessu. Áfrýjandi Þykir þannig eigi hafa fært nægar sönnur á það, að hann hafi innleyst umstefnda póstkröfu, og með því að eigi eru lög til þess, að áfrýjanda verði gerður kostur á að staðfesta þetta með eiði, verður samkvæmt kröfu stefnda að breyta hinum áfrýjaða dómi þannig að áfrýjanda sé gert, að greiða honum kr. 20,75 með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags.

Svo þykir og áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Pjetur Halldórsson bóksali fyrir hönd bókverslunar Sigfúsar Eymundssonar greiði Sigurði Þriem póstmeistara fyrir hönd póstsjóðs 20 kr. 75 a. með 5 % ársvöxtum frá sáttkærudegi til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum skal fullnæja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 14/1919: Réttvísin gegn Ásgrími Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 7. febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Ásgrímur Jónsson, verkamaður til heimilis í Reykjavík, dæmdur fyrir þjófnað og skjalafals til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en jafnframt ákveðið samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 að fullnustu dómsins skyldi fresta að því er hegninguna snertir og hún falla niður nema ákærði innan 5 ára frá uppsögn dómsins sætí ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Í máli þessu er það með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið, löglega sannað að hann hafi gert sig sekan í afbrotum þeim, er hann er sakaður fyrir, á þann hátt og með þeim

atvikum, er nú skal greina. Í haust var yfirheyrði mánaðartíma í vinnu við uppskipun á kolum úr skipi hér á höfninni; er hann hætti vinnu á kvöldin tók hann venjulega með sér kolastykki vafið innan í poka; safnaði hann þannig kolum í þrjá poka eða nálægt því 1 skp., og lét hann mann, er hann skuldaði, fá kolin fyrir 35 kr. upp skuldina, og þóttist þá hafa krakað þau upp úr sjónum; en kol þessi tók hann að ófrjálsu.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið orðinn peningalaus í fyrstu viku janúarmánaðar síðastliðins, hafi verið húsnæðislaus, matarlaus og sama sem berfættur, og hafi sér þá hugkvæmst að afla sér peninga með því að taka steinolíu af birgðum steinolíufélagsins, sem liggja fyrir ofan austustu bryggjuna innan hafnargarðanna, og selja hana. Í þessu skyni hringdi hann kaupmann Jes Zimsen hér í bænum upp í síma hinn 11. janúar síðastl. og sagði honum að hann væri búinn að kaupa 3 föt af steinolíu, sem hann hefði ætlað að senda til Vestmannaeyja, en báturinn hefði ekki getað tekið þau, og fyrir því vildi hann nú selja þau og bauð Zimsen þau til kaups á 95 kr. fatið og samþykti Zimsen það. Daginn eftir síðdegis tók ákærði 3 föt af áðurnefndum birgðum steinolíufélagsins og velti þeim vestur að smárétt við sláturhúsin. Næsta dag, 13. janúarm., fór hann á skrifstofu Zimsens og sagðist nú vera kominn með tunnurnar, og voru þá kaupin gerð. Borgaði Zimsen 95 kr fyrir fatið, eða 285 kr. fyrir þau öll Peningunum varði ákærði öllum til ýmis

legra kaupa og útgjalda, en eftir viku var hann orðinn peningalaus aftur. Þá tók hann það ráð, að hann hringdi kaupmann Harald Böðvarsson upp í síma 18. janúar síðastl. og bauð að selja honum 5 föt af steinolíu, er hann hefði keypt af steinolíufélaginu og ætlað að fara með til Vestmannaeyja, en geta nú ekki komið olíunni þangað, og vilja því selja hana. Varð það að samkomulagi að Haraldur keypti olíuna, og seldi ákærði hvert fat með þriggja króna afslætti; átti hann að afhenda olíuna við steinbryggju bæjarins næsta mánudag, en þetta gerðist á laugardag. Sunnudaginn 19. janúar síðdegis tók hann 5 föt af olíubirgum Steinolíufélagsins á sama stað og hin fyrri fötin, velti þeim vestur að Thomsenshúsum, og skildi þau þar eftir. Á mánudaginn 20 janúar tók hann fötin, fór með þau vestur á steinbryggjuna og afhenti þau þar verkamannni Haralds Böðvarssonar; samdægurs borgaði Haraldur honum 465 kr. fyrir tunnurnar, og eyddi ákærði peningum þessum á ýmislegan hátt, svo að eigi voru nema 60 kr. eftir af þeim, er þjófnaðurinn varð uppvís. Í samningnum við Zimsen kaupmann nefndist ákærði Jón Ófeigsson eða Ólafur Ófeigsson en í samningnum við Harald Böðvarsson nefndi hann sig Ásgeir Jónasson. Hann skrifaði og sjálfur reikning til Haraldar fyrir steinolíutunnunum, og undirskrifaði hann þessu nafni Ásgeir Jónasson, en hann hefur eindregið neitað því, að hann hafi haft nokkurn ákveðinn mann í huga, er hann skrifaði þetta nafn, enda þekti hann engan mann með þessu nafni. En

sitt eigið nafn mátti hann eigi setja á reikninginn, því að í símtalinu við Harald kallaði hann sig Ásgeir Jónasson, eins og þegar hefur verið frá skýrt. Þetta ranga nafn hefur hann þannig sett á reikninginn til að blekkja Harald. — Þá hefur ákærði kannast við að hann hafi breytt reikningi frá Elíasi Hólm, forstöðumanni »Hótel Ísland« á þá leið, að í síðasta lið reikningsins skrifaði hann tölustafinn 1 fyrir framan 30 (ɔ: krónur), og í samtölunni tölustafinn 1 fyrir framan 47 (ɔ: krónur), og hækkaði þannig reikningsupphæðina um 100 kr. Þessar breytingar segist ákærði hafa gert í vitleysu heima hjá sjer. Hann skýrði svo frá fyrir réttinum að hann hefði keypt mikið áfengi hjá Elíasi Hólm fyrir peningana, er hann fjekk fyrir olíuna; var hann hræddur um að þessi áfengiskaup kynnu að komast upp og vildi þá geta sýnt það svart á hvítu, að hann hefði borgað Hólm svona mikla upphæð fyrir annað en áfengi, og ætlaði með þessu að hindra að áfengiskaupin kæmust upp. Annars er skýrsla ákærða um þetta mjög óglögg og torskilin. En það virðist ljóst að hann hafi gert breytingarnar á reikningnum í blekkingarskyni. Reikninginn afhenti hann Haraldi Böðvarssyni og gat þá ekki um þessa breytingu á honum.

Lögjalda hefir ekki verið krafist fyrir hina stolnu olíu. Ákærði er fæddur 16. júlí 1899, og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna; hann hefir eigi fyr verið dæmdur fyrir neinn glæp, en var í janúar þ. á. sektaður hjer í bæ um 20 kr. fyrir lögreglubrot. Afbrot ákærða, sem hjer eru sakarefni, hefir

undirdómarinn réttilega heimfært undir 230 gr., 277. gr. og 276. gr. sbr. 272. gr. almennra hegningarlaga 25 júní 1869, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á ákvæði aukaréttardómsins að vera óbreytt. Svo verður og að fallast á ákvæði dómsins um að fullnustu hans skuli fresta samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 og með skilorði því, er þar er sett. Samkvæmt þessu verður að staðfesta aukaréttardóminn með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurirn skal vera óraskaður, þó svo að fangelsistíminn sje 5×5 dagar. Ákærði Ásgrímur Jónson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málfærslukaup til skipaðs sækanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar, 15 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 67/1918: Erasmus Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni.

Dómur:

Áfrýjandi Erasmus Gíslason í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Oddi Gíslasyni málaflutningsmanni til greiðslu skaðabóta, 50000 króna, fyrir atvinnuróg og lántraustspjöll, ásamt vöxtum af þessari upphæð, 5 af hundraði, frá sáttakærudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, en málinu lauk með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 7. nóvbr. f. ár, á þá leið, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir Erasmus Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. nóvbr. f. ár, og gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 50000 kr. með vöxtum eins og tekið er fram í stefnunni til bæjarþingsins og málskostnað að skaðlausu fyrir báðum réttum. Hins vegar krefst stefndi yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, að áfrýjandi verði sektaður fyrir meiðyrði í sóknarskjali sínu og meiðyrðin dæmd dauð og ómerk, og að honum, stefnda, verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi verið staddur í Kaupmannahöfn í marsmánuði síðastliðið ár, og hafi verið komin í samninga við

kaupsýslumann þar um vörukaup fyrir alt að 10000 kr., en meðsemjandi sinn hafi þá fundið ástæðu til þess að snúa sèr til stefnda með fyrirspurn um efnahag sinn; hafi stefndi svarað með símskeyti, sem lagt er fram í málinu; hafi það spillt fyrir vörukaupunum, svo að áfrýjandi hafi eigi fengið vörur þær, er hann hafi pantað og átti von á að fá, og fyrir því gerir hann skaðabótakröfu þá á hendur stefnda, sem að framan er tilgreind. Áminnst símskeyti, sem stefndi kannast við að hafa sent sem svar upp á fyrirspurn kaupsýslumannsins í Kaupmannahöfn hljóðar svo á ensku: »Rusmus (á að vera Erasmus) Gíslason not solid and not good for any credit Discreetness«. Segist stefndi hafa gefið þetta svar upp á fyrirspurn um hvort áfrýjandi væri »góður fyrir 10000 kr. kredit«, og segir að svarið þýði að hann »álíti áfrýjanda eigi solid og eigi góðan fyrir kredit«, og hefir þessi skýring eigi verið vefengd af áfrýjanda. Það verður nú að teljast leiða að stöðu áfrýjanda sem málflutningsmanns, að honum hafi verið heimilt að svara fyrirspurn kaupmannsins, og hafi hann svarað henni eftir því sem hann vissi sannast og réttast og með nægilegri gætni og varkárni, verður hann ekki sakaður fyrir svarið Ekkert er nú komið fram í málinu, er bendi til þess að stefndi hafi í svarinu sagt annað en það, er hann áleit satt og rétt og eftir þeim skýrslum, sem fram eru komnar og óvefengnar eru um atvinnurekstur áfrýjanda, efnahag og gjaldþol um það leyti, er símskeytið var sent, verður eigi sagt að

stefndi hafi breytt gálauslega er hann svaraði á þá leið, sem að framan segir, enda er það beint tekið fram, að svarið sje gefið í trúnaði. En hvernig sem á þetta er litið, þá hlýtur það að ráða úrslitum málsins, að áfrýjandi hefir eigi sannað enda eigi gert tilraun til að sanna gegn beinni og ákveðinni neitun stefnda, að símskeytið hafi spillt lántrausti hans erlendis eða verið orsök þess, að hann varð af vörukaupunum þar. — Það verður því að sýkna stefnda í málinu og staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi haft um stefnda orðið »landhlaupara pokurator«; skal það sem óviðurkvæmilegt dæmt dautt og ómerkt, en eigi þykir ástæða til að sekta fyrir það.

Fyrir undirrjettinum hefir áfrýjandi lagt fram 1. og 2. tölublað af smáblaðinu »Kára«, sem hann kallar sig ábyrgðarmann fyrir. Til upplýsingar máli þessu hafa blöð þessi enga þýðingu, en í þeim eru greinar með skammaryrðum um yfirdóminn, yfirdómarana, dómarastétt landsins og aðra. Yfirleitt eru blöðin ósæmileg málsskjöl, og verður áfrýjandi fyrir því að sektast fyrir óhæfilega málfærslu samkvæmt N. L. 1—12—1 og tilsk. 23. desbr. 1735, 2. gr. um 40 kr., er að helmingi renni í landssjóð en að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Orðið »Landhlauparaprókúrator« í sóknarskjali áfrýjanda ómerkist. Áfrýjandi Erasmus Gíslason greiði stefnda Oddi Gíslasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum. Áfrýjandi greiði og sekt 40 kr., helminginn í landssjóð og helminginn í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 66/1918: Björn Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni og
Jóhannesi Jóhannessyni
bæjarfógeta.

Dómur:

Áfrýjandi Björn Gíslason kaupmaður í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni sama staðar til greiðslu skaðabóta 65000 kr. fyrir atvinnuróg og lánsstraustspjöll, ásamt vöxtum af upp-

hæð þessari 5 % frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaði, en með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 7. nóvbr. f. ár, var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefur Björn Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. nóvbr. f. á. og gert þær réttarkröfur að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 65000 kr. með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi og málskostnað að skaðlausu fyrir báðum réttum. Ennfremur stefnir hann undirdómaranum bæjarfógeta Jóhannesi Jóhannessyni til þess in solidum með stefnda að greiða hina umstefndu upphæð 65000 kr., og til að líða hegningu fyrir ólöglega meðferð málsins, »vegna þess að honum hljóti að hafa verið ljóst að dómur hans var rangur«. Af hálfu stefnda Odds Gíslasonar er þess krafist að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Svo er þess og krafist að orð nokkur í sóknarskjali áfrýjanda verði dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi sektaður fyrir þau.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi verið í Kaupmannahöfn í febrúar og marsmánuði í fyrra, og hafi gert vörukaupasamninga við ýms firmu þar, og hafi honum verið heitið mjög góðum borgunarskilmálum, en litlu síðar hafi hann fengið tilkynningu um það, að ekkert gæti orðið úr þessum viðskiftasamningum, og að hann gæti ekki fengið neinar vörur nema gegn borgun við móttöku. Þessi

synjun á gjaldfresti segir áfrýjandi að stafi af upplýsingum sem meðsemjendur hans hafi fengið frá stefnda. Stefndi hafi með þessu gert sig sekan í atvinnurógi, spilt lánstrausti áfrýjanda og bakað honum skaða, er hann verði að bæta fyrir, og sé bóta þeirra nú krafist í þessu máli. En áminstar upplýsingar felist í símskeyti frá stefnda til verslunarfélags í Kaupmannahöfn, dags. 8. mars f. á., er hljóðar svo á ensku: »Björn Gíslason not solid and not good any credit. Discretion«. Stefndi kannast við að hafa sent símskeyti þetta; hafi hann sent það sem svar uppá fyrirspurn um, hvort áfrýjandi væri »góður fyrir 15000 kr. kredit«, og eigi svarið að þýða það, að hann »áliti áfrýjanda eigi góðan fyrir kredit og eigi solid í þeim skilningi«. Þetta álit sitt þykir honum sér hafa verið skylt að láta fyrirspyrjanda í té. Það verður nú að teljast leiða af stöðu áfrýjanda sem málaflutningsmanns, að honum hafi verið heimilt að svara fyrirspurn verslunarfélagsins, og hafi hann svarað henni eftir því sem hann vissi sannast og réttast og með nægilegri gætni og varkárni, verður hann ekki sakaður fyrir það álit, sem hann hefir látið uppi í svarinu. Ekkert er það komið fram í málinu, er bendi til þess, að stefndi hafi í svarinu sagt annað en það, er hann áleit satt og rétt og, eftir þeim skýrslum, sem fram eru komnar og óvefengdar eru um hagi áfrýjanda, sjerstaklega það, að fyrir nokkrum árum var auglýst að bú hans væri tekið undir gjaldþrotaskifti, án þess að síðar hafi verið auglýst að gjaldþrotin væri niðurfallin, og að

áfrýjandi hefir síðan eigi rekið fasta atvinnu, hafði stefndi ástæðu til að ætla að álit sitt væri rétt, og verður honum því eigi borin á brýn óvarkárni eða gáleysi, er hann svarað fyrirspurninni á þá leið, er að framan segir, og verður þá ekki sakaður um svarið, þótt það kunni að hafa orðið til þess, að spilla að einhverju leyti lánstrausti áfrýjanda erlendis, [sem annars er eigi sannað nægilega gegn eindreginni neitun stefnda, því að í þessa átt hnígur að eins eitt sönnunargagn áfrýjanda, sem sje brjef C. B. Eyjólfssonar, dags. 9. mars 1918. Af þessum rökum verður að sýkna stefnda í málinu, og staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr. — Undirdómarinn hefir eigi mætt í málinu, en hann sýknast fyrir órökstuddum og rakalausum kröfum áfrýjanda.

Í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi meðal annars sagt um stefnda: »Þessi mannsmynd í sætí yfirréttarmálaflutningsmanns« og talað um »rógburð« hans og »róg« hans, og verður eftir kröfu stefnda að dæma þessi orð ómerk og sekta áfrýjanda fyrir þau. — Fyrir undirrjettinum hefur áfrýjandi lagt fram með málsskjölum sínum 1. og 2. tölublað af smáblaðinu »Kára«. Fyrir þetta mál hafa blöð þessi enga þýðingu, en í þeim eru greinar með skammaryrðum um yfirdóminn, yfirdómarana, dómarastétt landsins og aðra. Yfirleitt eru blöðin ósæmileg málsskjöl, og verður áfrýjandi að sektast fyrir óhæfilega málsfærslu, er hann lagði þau fram.

Í sóknarskjali fyrir undirréttinum, dags. 26. sept. f. á., segir áfrýjandi: »Skal eg aðeins lýsa stefnda sem og þá er kveðið hafa upp téðan dóm (ɔ: yfirréttardóm 13. ág. 1917) opinbera ósannindamenn að því, að eg ætti nokkurn þátt í því, sem þeir drótta að mér í nefndum dómi«. Það er aðfinningarvert að undirdómarinn hefir ekki látið áfrýjanda sæta ábyrgð fyrir þennan ósæmilega ritháttt, og verður nú að sekta hann fyrir öll þessi réttarfarslegu afbrot samkvæmt N. L. 1—12—1 og tilsk. 23. desbr. 1735, 2. gr. Akveðst sektin 60 kr. og renni að helmingi í landssjóð en að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Framangreind orð í sóknarskjölum áfrýjanda ómerkjast. Áfrýjandi Björn Gíslason greiði stefnda Oddi Gíslasyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr. Áfrýjandi greiði og 60 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í fátækrasjóð Reyjavíkur. Málskostnaður og sekt greiðist innan 8 vikna eftir löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 28. apríl 1919.

Nr. 9/1919: Réttvísin
gegn
Jóni Elíeserssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 20. sept. f. á, var hinn ákærði Jón Elíesersson, vinnumaður á Stað í Hrútafirði, dæmdur fyrir stórþjófnað til að sæta 10 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða póstsjóði 2496 kr. 92 a. skaðabætur, svo og til að greiða allan sakarkostnaðinn. — Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Í máli þessu er það með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, löglega sannað, að hann hafi stolið póstpoka úr farangri norðanpósts á þann hátt og með þeim atvikum er nú skal greina:

Í þriðju póstferð 1918 kom sunnanpóstur að póstafgreiðslustaðnum Stað í Hrútafirði, en þar átti ákærði þá heima, hinn 3. mars kl. um 7 að kvöldi, en norðanpóstur hafði komið þar daginn áður. Fór þá afgreiðsla á verðpósti þeim, er norður átti að fara, fram strax eftir komu sunnanpóstsins á hlaðinu á Stað, sumpart við dagsbirtu og sumpart við luktarljós. Um kl. 9 um kvöldið þegar allri póstafgreiðslu úti við var lokið, og póstar og fylgdarmenn þeirra, ákærði sjálfur og heimilisfólk á Stað var komið inn frá útistörfum, var ákærða reikað út í skemmu á hlaðinu, og

er ekki upplýst hvaða erindi ákærði átti þangað. Þegar hann kom út úr skemmunni aftur sá hann að póstpoki lá norðan við koffort norðanpósts; vaknaði þá hjá honum sú hugsun að skoða í pokann, og í þeim tilgangi fór hann með pokann út í fjós, kveikti þar á lukt og opnaði þar pokann með því að skera sundur fyrirbandið. Í pokanum fann hann ýms peningabréf; tók hann peningana út úr umslögunum og stakk þeim á sig, en reif umslögin svo og önnur brjef, er í pokanum voru, — bæði ábyrgðarbréf og almenn bréf, — í smátætlur án þess að opna þau eða athuga þau nánara. Pokann sjálfan kveðst ákærði síðan hafa skorið og rifið í sundur inní fjósinu, og ljet hann svo alla sneplana í pokadruslu, er hann hafði hjá sér. Fór hann síðan með alt saman út á hól fyrir framan skemmuna, og helti þar úr pokanum, en vindurinn tók bréfasneplana og pokatuskurnar og feykti þeim með sér, en þá var hvass vindur af suðri. Síðan kastaði ákærði pokadruslunni frá sjer einhvers staðar á hlaðinu, eftir að hann hafði fullvissað sig um að ekkert var eftir í henni. Þegar ákærði var búinn að losa sig við bréfatætlurnar fór hann inn í bæ til herbergis síns, en hann svaf einn í herbergi og gerði svo einnig þessa nótt, og læsti peninga þá, er hann hafði tekið úr póstpokanum, niður í koffort sitt. Ákærði kveðst ekki vita nákvæmlega hvað peningar þessir voru miklir, en telur það þó víst að þeir hafi verið yfir 5000 kr. Nokkrum dögum eftir að ákærði stal pokanum, kveðst hann að kvöldi dags hafa tekið 20 hundraðkrónu seðla, sem allir höfðu verið í einu og

sama bréfi, stungið þeim í glóð í eldavélinni í eldhúsinu og brent þá, og var ástæðan til þess að ákærði tók þetta til bragðs sú, að hann bjóst við að hann gæti ekki komið út svo stórum peningaseðlum án þess að vekja grun á sjer. Þá hefir ákærði játað að hann hafi eytt í sínar þarfir af hinum stolnu peningum um páskaleytið síðast liðið vor samtals 102 kr. 40 a.

Þegar frá leið fór ákærði að verða hræddur um að verða uppvís að glæpum, og vildi því losa sig við peningana; tók hann það þá til bragðs, er komið var fram í maímánuð, að láta peningana sem eftir voru, í laut eða götuskorning niður undir Hrútafjarðará, og nokkrum dögum síðar sagði hann syni póstafgreiðslumannsins á Stað frá því að hann hefði fundið böggul með peningum í þar niður frá; fundust peningarnir þar eftir tilvísun ákærða; var samstundis farið með þá til rannsóknardómarans og var alls í bögglinum 3170 kr.; fjórum dögum síðar fór ákærði til rannsóknardómarans og játaði á sig glæpinn.

Eftir skýrslu póstmeistarans í Reykjavík átti að vera í tjeðum póstpoka í peningum kr. 5325, 52, en samkvæmt framansögðu hefir ákærði ekki getað gert grein fyrir nema 5272 kr. 40 a. en hvað orðið hefir af mismuninum kr. 53,12 hefir ekki orðið upplýst. Auk peningasendinganna voru í póstpokanum aðrar ábyrgðarsendingar, sem ákærði tætti í sundur og póstsjóður verður að greiða kr. 341 40 í skaðabætur fyrir.

Brot ákærða, sem er fæddur árið 1895 og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður

sætt ákæru eða verið refsað fyrir neinn glæp, er af undirdómaranum rjettlega heimfært undir 231. gr. 3. lið almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhússvinna. Fyrir hönd póstsjóðs hefir póstmeistari krafist skaðabóta að upphæð kr. 5666,92. þessa upphæð að frádregnum þeim 3170 kr., er þegar hefir verið skilað aftur, eða kr. 2496,92 ber að dæma ákærða til að endurgreiða póstsjóði, svo sem gert er í aukaréttardómnum. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkist, og ber þannig að staðfesta aukaréttardóminn með áminnstri breytingu á refsingarákvæðinu. Svo ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málfluttningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að betrunarhúsvinnan sje 12 mánuðir. Ákærði Jón Eliesersson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn,

yfirrjettarmálafluttningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar 20 kr. til hvors.

Skaðabæturnar greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1919.

Nr. 10/1919: Rjettvísin
gegn
Magnúsi Jóhannssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadallssýslu uppkveðnum 31. desbr. f. á., var ákærði í máli þessu Magnús Jóhannsson bóndi í Efrihlíð í Helgafellssveit dæmdur samkvæmt 231. gr. 1. málsl. og 250 gr. allmennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 18 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu og varðhaldsvist sinni leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 10 kr. til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar oddvita Jónssonar, svo og til að greiða iðgjöld þessum mönnum: Hafliða Þorsteinssyni í Bergsholtskoti kr. 15,00, Jóni bónda Konráðssyni á Hofsstöðum kr. 26,50, Guðmundi bónda Bjarnasyni í Jónsnesi kr. 26,50, Jóni bónda Guðmundssyni á Narfeyri kr. 22,00, Júlíusi bónda Sigurðssyni í Fagurey kr. 26,50, Páli bónda Guðmunds-

syni í Höskuldsey kr. 26,50, Einari bakara Vigfússyni í Stykkishólmi kr. 4,50, Magnúsi borgari Magnússon í Stykkishólmi kr. 4,50 og Hannesi bónda Kristjánssyni á Grunnasundsnesi kr. 4,50.

Eftir ósk ákærða er dómi þessum skotið til landsyfirdómsins.

Ákæröi er fæddur 6. nóv. 1887 og hefir eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot. Með játningu hans og öðrum skýrslum málsins er það löglega sannað að hann hafi í heimildarleysi markað og afmarkað ýmist undir sitt mark eða konu sinnar lömb, sem aðrir áttu, í því skyni að kasta eign sinni á þau, svo sem nú verður greint.

Nokkru fyrir fráfærur síðastliðið sumar smalaði ákæröi fje sínu til mörkunar og rúningar heim í fjárhús í Efrihlíð og markaði þá upp tvö lömb undir ám, sem aðrir áttu, og voru saman við fje hans; daginn eftir rak hann aftur féð heim og afmarkaði þá enn 2 lömb annara manna eign. Öll þessi lömb markaði hann undir mark konu sinnar, vitandi að þau voru annara eign, og ætlaði þannig að draga sér þau. Í Arnarhóls-skilarjett komu fyrir síðastliðið haust 2 lömb afmörkuð undir mark konu ákærða, og í fé ákærða fundust, eftir að rannsókn málsins var hafin 3 lömb afmörkuð undir sama mark. Ákæröi kannast þó eigi við að hafa afmarkað fleiri en 4 áðurtalin lömb, en hefir haldið því fram að 5. lambið sé frummarkað, eða að mörkunin á því sé uppmörkun sín á mismörkuðu lambi. Í rjettarhaldi 22. okt. f. á. játaði ákæröi, að hann hefði, auk fyr-

greindra 4 lamba, afmarkað sér lamb, er Þorleif Sigurðardóttir húsfreyja á Helgafelli átti, en í réttarhaldi 28. s. m. tók ákærði þá játningu aftur, og með því að hún styðst eigi við annað, er fram kom við rannsóknina, verður að telja hana óábyggilega, og verður þá eigi talið sannað, að ákærði hafi afmarkað fleiri lömb en fyr umgetin 4. Eftir skýrslu ákærða og leyfum af frummarkinu á 2 þessara lamba þykir það upplýst, að eigendur þeirra hafi verið Jón bóndi Konráðsson á Hofstöðum og Guðmundur bóndi Bjarnason í Jónsnesi, og hafa þeir krafist endurgjalds fyrir lömbin. En eigendur hinna 2ja lambanna hafa eigi fundist, en prófsgerðirnar sýna að hreppstjórinn tók í sína vörslu þau 2 lömb, sem komu fyrir í Arnarhólsrétt og má þá ætla að þeim hafi verið ráðstafað sem óskilafé.

Þá hefir ákærði játað að hann hafi síðastliðið sumar og vor frummarkað sér 7 lömb undir ám, sem aðrir áttu. Voru kindur þessar saman við fé hans, er hann rak það heim til rúningar, mörkunar og fráfærna. Ákærði vissi hverjir voru eigendur lambanna, og hann markaði sér þau í þeim tilgangi að þau yrðu dregin honum í haustréttum, er þau voru með hans marki. 3 af lömbum þessum hafa komist til rjettra eigenda, og eigandi eins lambsins hefir slept tilkalli til endurgjalds fyrir það, en fyrir 3 lömb, sem eigi hafa komist til skila, hafa eigendurnir Jón bóndi Guðmundsson á Narfeyri, Júlíus bóndi Sigurðsson í Fagurey og Páll bóndi Guðmundsson í Höskuldsey krafist iðgjalda.

Síðastliðið haust handsamaði ákærði úr fjársafninu við Arnarhólsrjett ómarkað lamb, markaði það á hornum sínu marki og slepti því svo aftur í safnið. Lamb þetta dró hann sér síðan úr almenningi réttarinnar og lét í sinn dilk, svo og tvo aðra ómerkinga, er hann einnig hornamarkaði sér. Gerði hann þetta til að kasta eign sinni á lömbin, þótt honum væri ljóst að hann brast alla heimild til þess. Einn ómerkinginn seldi ákærði þar í réttinni manni frá Stykkishólmi, annan fann réttastjóri í dilk ákærða og var hann seldur á ómerkingauppboði þar við réttina og hinum 3ja slátraði ákærði heima hjá sér næsta morgum, en afurðum hans var síðan skilað til oddvita hreppsins. Iðgjalda hefir eigi verið krafist af hálfu hreppsnefnarinnar fyrir hönd sveitarsjóðsins fyrir ómerking þann, er ákærða seldi.

Haustið 1917 dró ákærði sér í Arnarhólsrétt hrútlamb, sem var eign Hafliða bónda Þorsteinssonar í Bergsholtskoti í Staðarsveit og með hans marki. Ákærða var ljóst að hann átti eigi lambið, en seldi það þó þar við réttina manni frá Stykkishólmi fyrir 15 kr., er hann fékk greiddar. Eigandi lambs þessa hefir krafist að sér yrði dæmt endurgjald fyrir það hjá ákærða.

Enn hefir ákærði orðið uppvís að því, að hafa síðastliðið sumar tekið að ófrjálsu og hagnýtt sjer ull af 10 kindum, er aðrir áttu. Rak hann kindur þessar með fé sínu heim á stekk í Efrihlíð og rúði þær þar; voru það 7 ær og þrír gemlingar Ákærði hefir skýrt frá hverjir verið hafi eigendur kindanna, og hafa 7 þeirra Einar bakari Vigfússon í Stykkis-

hólmi, Júlíus bóndi Sigurðsson í Fagurey, Magnús borgari Magnússon í Stykkishólmi, Hannes bóndi Kristjánsson í Grunnasundsnesi, Páll bóndi Guðmundsson í Höskuldsey, Jón bóndi Konráðsson á Hofstöðum og Guðmundur bóndi Bjarnason í Jónsnesi krafist endurgjalds fyrir ullina, en eigendur 3ja reifanna hafa eigi gert kröfur um það.

Lömb þau er ákærði afmarkaði og frummarkaði sér vorið og sumarið 1918, hafa verið metin á 22 kr. hvert, lambið sem hann dró sér haustið 1917, á 15 kr. og ullarreifin á kr. 4,50 hvert, og hefir ákærði lýst sig samþykkan þessu mati.

Framantalinn afbrot ákærða heyra undir 231. gr. 1. málsl. og 250. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna. Yfirdómurinn felst á ákvæði aukarjettardómsins um iðgjaldagreiðslu og málskostnað og ber því að staðfesta dóminn með áminnstri breytingu á refsingunni.

Ákærða ber ennfremur að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn 20 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómnum skal óraskað, þó svo

að refsingartíminn sé 15 mánuðir. Akærði Magnús Jóhannsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 20 kr, til hvors.

Iögjöldin greiðast innan 8 vikna eftir lögbirtinu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1919.

Nr. 5/1919: Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« gegn Otta Guðmundssyni og R. Jörgensen.

Dómur.

Mál þetta höfðuðu hinir stefndu, Otti Guðmundsson skipasmiður og R. Jörgensen vélstjóri, báðir til heimilis hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra fyrir hönd hlutafjelagssins »Gissur hvíta« til greiðslu á 80 kr. fyrir skoðun og virðingu á mótorskipum téðs hlutafjelags »Gissuri hvíta« og »Geir goða«, en virðingu þessa framkvæmdu þeir samkvæmt dómkvaðningu eftir ósk áfrýjanda, og er virðingargjörðin dags. 28. febr. f. á. Lauk máli þessu svo fyrir

bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 5. desbr. f. á. að áfrýjandi var dæmdur til þess fyrir hönd h. f. »Gissur hvíti« að greiða stefndu hina umstefndu upphæð, 80 kr., með 5% ársvöxtum frá 10. maí 1918 til greiðsludags og 40 kr. í málskostnað. — Þessum dómi hefir Metúsalem Jóhannsson f. h. h.f. »Gissur hvíti« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. jan. þ. á., og krefst hann þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig að hann verði algerlega sýknaður í málinu gegn því að greiða stefndu 12 kr. fyrir umgetna virðingargerð, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins.

Stefndu hafa frá sinni hálfu krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi.

Neitun sína um að greiða hina umþráttuðu upphæð byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að borgun fyrir slíkar mats- og virðingargerðir eigi að ákveðast eftir 6. gr. í lögum nr. 64, 14. nóvbr. 1917, og beri stefndu þá eigi hærri borgun en 6 kr. hvorum eða als 12 kr., en hvað sem þessu líði þá sje borgun sú, er stefndu krefjist ósanngjarnlega há, með því að virðingargerðin sje mesta handahófsverk, enda hafi stefndu ekki varið meiru en 2 timum til hennar.

Um hina fyrri varnarástæðu tekur undirdómarinn það fram, að 6. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917 eigi ekki við þegar dómkvaddir eru sérstaklega menn með sérþekkingu til að meta og virða verð-

mæta hluti, sem sérþekkingu þurfi til að meta, eins og hér hafi átt sér stað. Á þetta verður yfirdómurinn að fallast, og þar sem borgunin til virðingarmannanna er ekki lögákveðin, verður að meta hvað hæfilegt er að greiða fyrir umrædda virðingu.

Í málinu er að vísu ekkert komið fram um það, að matsverð skipanna, svo sem það er ákveðið í virðingargerðinni, sje óábyggilegt eða fjarri sanni, en þegar það er athugað, að virðingargerðin er með öllu ósundurliðuð, og eftir því sem ráða má af því, sem fram er komið í málinu, að eins byggð á fljótlegri og ónákvæmri skoðun á skipunum, þykir borgun sú, er stefndu krefjast of há, og með tilliti til þessa þykir borgunin hæfilega ákveðin 20 kr. til hvors virðingarmanns eða 40 kr. til beggja. Þessa upphæð ber að dæma áfrýjanda til að greiða með 5% ársvöxtum frá 10. maí 1918 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutafjelagsins »Gissur hvíti« greiði stefndu Otta Guðmundssyni og R. Jörgensen 40 kr. með 5% ársvöxtum frá 10. maí 1918 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 5. maí 1919.

Nr. 18/1919: Valdstjórnin
gegn
Jóni Ásgeirssyni, Ingimundi Jónssyni og Magnúsi Th. S. Blöndahl.

Dómur:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur uppkveðnum 20. febr. þ. á voru hinir kærðu, Jón Ásgeirsson og Ingimundur Jónsson hásetar á eimskipinu Gullfossi, og Magnús Th. Blöndahl kaupmaður hjer í bænum dæmdir fyrir brot á aðflutningsbannslögunum 14. nóv. 1917, hinn fyrstnefndi í 400 kr. sekt til landsjóðs og 9 daga einfalt fangelsi, Ingimundur í 300 kr. sekt til landsjóðs og 6 daga einfalt fangelsi og Magnús Blöndahl í 200 kr sekt til landsjóðs; svo voru hinir kærðu og dæmdir til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Málavextir eru þeir, að þegar e/s. Gullfoss kom frá Ameríku 14. febr. síðastl., ljet lögreglan fara fram áfengisrannsókn í skipinu. Fundust þá yfir 200 fl. af áfengi í skipinu, er voru faldar milli byrðings og þilja og taldist hinn kærði Jón Ásgeirsson eiga 155 þeirra en hinn kærði Ingimundur Jónsson 73 flöskur. Þá fannst og kassi með whisky í farþegaflutningi kærða Magnúsar Blöndahl; var kassinn merktur honum, og voru í honum 12/1 flöskur af whisky.

Kærði Jón Ásgeirsson hefur kannast við að hann

hafi keypt í Ameríku um 155 fl. af áfengi, flutt það hingað með Gullfossi í þessari ferð skipsins, falið milli byrðings og þylja og ætlað að selja það hjer, að minsta kosti sumt af því; hafi hann með þessu ætlað að auka tekjur sínar, en þess hafi hann þarfnast því að hann styrki móður sína og hafi ætlað að fara að læra vélfræði. - Á sama hátt hefur Ingimundur Jónsson kannast við að hann hafi flutt inn með Gullfossi í þessari sömu ferð hér um bil 73 flöskur af sterkum drykkjum og vínföngum; hafði hann áfengið falið milli byrðings og þilja í skipinu, og ætlaði að selja það með hagnaði, er hingað kæmi og bæta þar með hag sinn; hafi hann fyrir konu og börnum að sjá, og hrökkvi hásetalaunin ekki til þess. Um whiskykassann sem fannst í farangri Magnúsar Blöndahl, hefur hann skýrt svo frá að tveim dögum áður en Gullfoss fór frá Nev-York hafi hann verið hringdur upp í síma af manni, sem honum heyrðist nefna sig Olsen, og hann beðinn að taka kassa til Sigurbjörns Ármannssonar verslunarmanns hér í bænum sem kærða er kunnugur; lofaði kærði að gjöra það, en hann tjáist ekki vita neitt um það, hvenær og hvernig kassinn hafi komist út í skipið í New-York, og þar hafi hann ekki séð kassann, en einu sinni á leiðinni hafi hann aðgætt farangur sinn, og sá þá að í honum var einn kassi um fram það, er hann átti sjálfur. Kærði segist enga hugmynd hafa haft um hvað í kassanum var, enda hafi maðurinn, er bað hann fyrir kassann, ekkert minst á það Skýrsla Sigurbjörns Ármannssonar, sem nefndur er að framan, hefir verið fengin fyrir rétti; hann tjáist

hafa verið í 11 ár í New-York og kynst þar manni Paulsen að nafni, er hann vel geti trúað til að senda sér whysky óbeðið, en ekkert hafi hann pantað af því hjá honum; öðrum manni, Olsen að nafni, segist hann lítilega hafa kynst þar, en eigi geti hann búist við neinni sendingu frá honum enda muni hann nú ekki vera í Ameríku. Eftir þessum skýrslum málsins — og aðrar hafa ekki verið fengnar — hefir áfengið í áminstum kassa, er var með farangri kærða Magnúsar Blöndahls, flutst hingað til lands án vilja hans og vitundar, og eru þá eigi lög til þess, að refsa honum fyrir innflutning þessa áfengis, sem annar maður átti og sendi hingað til lands á þennan hátt, og verður eigi í því efni vitnað til 5. gr. aðflutnings-bannslaganna um ábyrgð skipstjóra, sem eðlilega er víðtækari en ábyrgð farþega; hins vegar var það sjálfsagt að áfengið var gert upptækt, er hingað kom, samkvæmt ákvæðum aðflutningsbannslaganna. Samkvæmt þessu verður að sykna hinn kærða Magnús Blöndahl í málinu. En hinir kærðu Jón Ásgeirsson og Ingimundur Jónsson hafa gjörtst brotlegir gegn 1. gr. aðflutnings-bannslaganna og verða samkvæmt 14. gr. þeirra að sæta sektum fyrir brotið og fangelsisrefsingu að auki, með því að þeir ætluðu áfengið til sölu. Upphæð sektanna samþykkist eins og hún er ákveðin í lögregluréttardómum, en fangelsisrefsingin þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 6 daga fyrir Jón Ásgeirsson og sama fangelsi í 4 daga fyrir Ingimund Jónsson. Þeir Jón og Ingimundur eiga einnig að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, hvor að

helmingi og telst með kostnaðinum málflutningskaup skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra. Hið ólöglega aðflutta áfengi dæmist upptækt og eign landssjóðs.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Magnús Th. S. Blöndahl skal vera sýkn fyrir kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Kærði Jón Ásgeirsson greiði 400 kr. sekt í landssjóð og sæti auk þess 6 daga einföldu fangelsi; kærði Ingimundur Jónsson greiði 300 kr. sekt í landssjóð og sæti auk þess 4 daga einföldu fangelsi. Framangreint áfengi skal vera upptækt og eign landssjóðs. Allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiði hinir kærðu, Jón og Ingimundur, hvor að helmingi, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen 15 kr. til hvors.

Sektirnar greiðist áður liðnar séu 8 vikur eftir lögbirtingu dóms þessa, og skal dómnum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1919.

Nr. 65/1918: Axel Tulinius f. h. vátryggjenda skipsins Christiena og farms þess
gegn
N. K. Strömberg skipstjóra f. h. eigenda nefnds skips.

Dómur:

Síðastliðið sumar 9. ágúst kom seglskipið Christiena frá Álaborg á leið sinni frá Halmstad með fullfermi af timbri til »De forenede Islandsforretninger« á Eskifirði til Vestmannaeyja. Á innsiglingu inn á höfnina þar rakst skipið á sker eða eyri (Hörgseyri) utan við hafnarmynnið, og stóð þar fast þangað til næsta flóð lyfti því yfir skerið; hafði skipið steytt á skerinu með því að sjór var ókyrr og var kominn að því nokkur leki. Því var svo haldið inn á höfnina og lagt upp í fjöruna norðan við höfnina, eftir að það hafði verið affermt, til þess að skoðun yrði gjörð á sjóskemdunum; voru þetta ráðstafanir skipstjórans. N. K. Strömberg, er hann gjörði í samráði við sýslumann og hafnsögumann. Þann 12. s. m. var í sjódómi Vestmannaeyja tekin skýrsla skipstjóra o.fl.um strandið; sama dag voru eftir beiðni hans 2 menn kvaddir af sýslumanni til að skoða skipið og segja álit sitt um, hvort það væri sjófært, og lögðu skoðunarmennirnir fram gjörð sína og staðfestu hana í sjódóminum 16. s.m. Skipið Christiena og farmur þess var vátryggt og var fulltrúi vátryggjenda hvortveggja Axel

Tulinius yfirréttarmálaflutingmaður í Reykjavík, en hann fól Gísla Johnsen konsúl í Vestmanneyjum umboð til að gæta réttar vátryggjenda út af skipstrandinu, og var hann [Gísli Johnsen] fyrir þeirra hönd viðstaddur í sjódóminum 12. og 16 ágúst. Þann 21. sept. fjekk skipstjórinn tvo sömu mennina tilnefnda af sýslumanni til að láta uppi álit sitt um, hvort hægt væri að gjöra við skipið hér, svo að það yrði sjófært o. fl., og 23.okt. var sjódómurin settur, til þess að láta matsmennina staðfesta gjörð sína, er var dags 23. sept; þá kom og í réttinn nefndur umboðsmaður áfrýjanda fyrir hönd vátryggjenda, en með því að hann hafði eigi meðferðis eða lagði fram umboðsskjal tjáði formaður sjódómsins honum, að hann yrði eigi talinn gildur umboðsmaður vátryggjenda eða bær um að mæta fyrir þá, og voru mótmæli hans gegn þessu eigi tekin til greina né krafa hans um að fá mótmælin bókuð, og hvarf hann við það burtu úr réttinum. En skipstjórinn krafðist úrskurðar réttarins um það, hvort það myndi svara kostnaði, eftir því sem ástatt væri, að láta gjöra við skipið, og kvað sjódómurinn samstundis upp úrskurð á þá leið, að skipið Christiena frá Alaborg álitist óbætandi. Þessum úrskurði hefir Axel Tulinius fyrir hönd vátryggjenda skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. nóv. f. á. og stefnt N.K. Strömberg skipstjóra fyrir hönd eigenda skipsins Christiena. Er það aðalkrafa hans hér fyrir réttinum að málinu verði vísað frá sjódóminum, en varakrafa, að málinu verði visað heim til nýrrar og löglegri meðferðar, frá því er réttarhaldið 23. okt f.á. byrjaði, er

Gísla Johnsen var synjað um vera við fyrir hönd áfrýjanda, og þrautvarakrafa að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt þannig að skipið Christiena verði talið bætandi, eða þess vert að við það verði gjört, og hvernig sem málið fer, þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjandi heldur því fram, að sjódómurinn hafi brotið gegn fyrirmælum 10. gr. laga nr. 52, 30 nóvbr. 1914 um sjódóma og réttarfar í sjómálum með því að hafna að ástæðulausu umboðsmanni áfrýjanda í réttarhaldinu 23 okt. og byggir á því frávísunarkröfuna, en með því að það getur eigi valdið frávísun málsins þótt um slíkt brot væri að ræða, verður aðalkrafan eigi tekin til greina.

Þá er varakrafan um heimvísun málsins. Það kemur fram í málinu, að áfrýjandi var af sjódóminum og stefnda viðurkendur fulltrúi vátryggjenda; svo er því ómótmælt, að hann hafi falið Gísla Johnsen að gæta réttar vátryggjenda út af strandinu og tilkynnt það formanni sjódómsins og stefnda um það leyti er málið kom fyrst fyrir sjódóminn, enda kom Gísli Johnsen, svo sem fyr getur, fram sem umboðsmaður áfrýjanda í réttarhöldunum 12. og 16. ágúst; er þess getið í sjódómsgjörðunum, en því var þá eigi hreyft, að umboð hans væri ófullnægjandi. Að svo vöxnu máli verður eigi séð að nein nauðsyn hafi verið, að krefja hann um framlagning skriflegs umboðs eða

hafna honum sem umboðsmanni fyrir þá sök, að hann hafði það eigi í höndum, og var því síður ástæða til að vísa umboðsmanninum frá þar sem þess hafði eigi verið gætt, samkvæmt fyrirmælum 10. gr. fyrnefndra laga 30. nóv. 1914, að gjöra áfrýjanda viðvart um skoðunar- og matsgjörðina á skipinu, er fram fór 23. sept. og um að hún skyldi staðfest í sjódómnum 23. okt. Það þykir því eiga að fallast á varakröfu áfrýjanda um heimvísun málsins. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir sjódóminn, að taka málið, eins og það var við byrjun réttar haldsins 23. okt. f.á., aftur fyrir til meðferðar, þannig að áfrýjanda eða umboðsmanni hans verði gefin kostur á að vera viðstaddur og halda uppi rétti vátryggjenda.

Eftir málavöxtum verður að telja rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og ber sjódóminum að taka málið, eins og það var við upphaf réttarhaldsins 23. okt.f.á., aftur til meðferðar, þannig að áfrýjanda eða umboðsmanni hans gefist kostur á að vera viðstaddur og halda uppi rétti vátryggjenda,

Stefndi N. K. Strömberg greiði áfrýjandi Axel Tulinius 40 kr í málskostnað áður en liðnar séu

8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 12. maí 1919.

Nr. 31/1918. Gissur Filippusson
gegn
Ólafi V. Davíðssyni.

Dómur:

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalmálið höfðaði Ólafur V. Davíðsson í Hafnarfirði fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gissuri Filippussyni vélasmið hér í bænum til greiðslu á 8670 kr. skaðabótum fyrir samningsrof ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði, en áfrýjandi, Gissur Filipusson, höfðaði þá gagnsök á hendur honum; krafðist sýknunar í aðalmálinu en í gagnsökinni krafðist hann þess að ÓlafurV. Davíðsson yrði dæmdur til að greiða sér 600 kr. með 6 % ársvöxtum frá 21. Júlí 1917 til greiðsludags. Svo krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök.

Máli þessu lauk svo fyrir aukaréttinum, með dómi uppkveðnum 3. mai f.á., að Gissur Filippusson var dæmdur til að greiða aðalstefnanda Ólafi V Davíðssyni 400 kr. með 6% ársvöxtum frá 30 okt. 1917 til

greiðsludags, skaðabætur fyrir ónóg not skipsins Reaper frá 22. júlí til 22. sept. 1917 vegna ónothæfni vélarinnar í því eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna og 100 kr í málskostnað

Þessum dómi hefur Gissur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. júní f.á., og krefst hann þess að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda Ólafs V. Davíðssonar, og að hann verði dæmdur til að greiða sér 600 kr. með 6 % ársvöxtum frá 21. júlí 1917 til greiðsludags. Stefndi Ólafur V. Davíðsson hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 6. sept. f.á., og gjörir þær réttarkröfur, að dómnum verði breytt þannig að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þannig að aðaláfrýjndi verði dæmdur til að greiða honum 8970 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. okt. 1917 að frádregnum 600 kr., sem áfrýjandi telur sig eiga hjá stefnda, ásamt málskostnaði fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir að veturinn 1916-1917 sömdu málsaðilar svo með sér að áfrýjandi skyldi gjöra við mótor úr skipinu Reaper fyrir stefnda fyrir 1800 kr., og síðan samdist svo, að áfrýjandi skyldi setja mótorinn í nefnt skip fyrir 200 kr. Heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi lofað að setja mótorinn í skipið strax og það kæmi til Reykjavíkur og að innsetningin skyldi ekki taka nema 4-5 daga. Skipið hafi komið til Reykjavíkur 16 júní 1917, en innsetningunni hafi ekki verið lokið fyr en 21. júlí s.á.; hafi hann í trausti til þess að vel yrði gjört við vélina og innsetningunni

lokið á umsömdum tíma, leigt skipið með 5 mönnum frá 1. júlí til 31. ág. fyrir 125 kr. á dag, en vegna dráttarins á innsetningunni hafi hann orðið af þessari leigu; 5 menn hafi verið ráðnir á skipið þar til í september, og hafi hann ekki getað losnað við þá án þess að borga þeim kaup allan tíman; þar sem hann hafi orðið af leigunni, hafi hann orðið að halda skipinu út sjálfur, en aðgjörðin og innsetningin hafi verið svo illa af hendi leyst, að vélin hafi stöðugt verið í ólagi, þótt hann hafi haft menn við hana til lagfæringar og viðgerðar. Vegna ólagsins á vélinni hafi hann eftir fyrstu ferð skipsins orðið að bæta 6. manninum við á það.

Eftir komu skipsins úr þessari fyrstu ferð fékk stefndi dómkvadda 2 menn til að dæma um aðgerðina á vélinni og innsetningu hennar í skipið; töldu þeir starfið illa af hendi leyst og möttu þeir kostnaðinn við að fullgera aðgerðina á mótornum og laga innsetninguna 800 kr Með þessu telur stefndi að áfrýjandi hafi rofið samninginn við sig, og sundurliðar hann skaðabótakröfu sína þannig:

1.	2 fastir menn við skipið frá $^{16}/_{6}$.—$^{21}/_{7}$ að frádregnum 5 dögum til innsetningar vélarinnar = 30 dagar	kr.	600,00
2.	töpuð leiga frá $^{22}/_{6}$.—$^{21}/_{7}$ = 30 daga à 125 kr. .	kr.	3750,00
	÷ kaup 5 manna . . .	—	1150,00 — 2600,00
3.	1 aukamaður um borð vegna þess að vélin var í ólagi frá $^{6}/_{8}$.—$^{30}/_{9}$. = $1^{4}/_{5}$ mán.		— 360,00
		Flyt kr.	3560,00

	Fluttar kr.	3560,00
4. Lagfæring og viðgerð á vélinni	—	200,00
5. Dómkvödd skoðun á vélinni, er skipið kom úr fyrstu ferð	—	110,00
6. Tap fyrir ónóg not skipsins vegna ónothæfni vélarinnar frá $^{22}/_{7}$.—$^{22}/_{9}$. = 2 mánuði	—	4000,00
7. Skaðabætur fyrir ónóga aðgerð samkvæmt mati	—	800,00
	Samtals kr.	8670,00

Áfrýjandi neitar því afdráttarlaust að nokkuð hafi verið um það samið hvað langan tíma innsetning vélarinnar ætti að taka eða neitt um það lofað frá sinni hálfu. Þessum mótmælum hefur stefndi ekki hnekkt eða fært sönnur á staðhæfingu sína að innsetningunni hafi verið lofað innan ákveðins tíma, enda er ekkert komið fram um það í málinun, að stefndi hafi áskilið sér rétt til skaðabóta fyrir þetta, er hann tók við skipiun eftir innsetningu vélarinnar 21. júlí 1917, og verður 1. og 2. liður skaðabótakröfunnar ekki tekinn til greina.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að aðgerðin á vélinni og innsetning hennar í skipið hafi verið forsvaranlega af hendi leyst; vélin hafi verið reynd eftir innsetninguna og reynst vera í góðu lagi, en þótt vélin kunni að hafa skemst síðar eða verið í ólagi, beri hann enga ábyrgð á. Það hafi verið meðferðinni á henni að kenna.

Það verður nú að teljast sannað með hinni umræddu skoðunargjörð að bæði aðgerðinni á vélinni og

innsetningu hennar í skipið hafi verið ábótavant og ekki forsvaranlega af hendi leyst, og verður að telja áfrýjanda skylt að bæta stefnda tjón það, er af því hefur leitt. Til þess verður fyrst að telja upphæð þá, er skoðunarmennirnir hafa metið, að fullnaðaraðgerð á henni og lögun á innsetningu hennar í skipið mundi kosta, en það var 800 kr. Í öðru lagi verður að telja rétt að áfrýjandi greiði stefnda 4. lið skaðabótakröfunnar, 200 kr. með því að þeim lið hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, svo og kostnaðinum við skoðun vélarinnar 110 kr.; hins vegar hefur stefndi eigi gegn mótælum áfrýjanda sannað að nauðsynlegt hafi verið að bæta manni í skipið vegna ólagsins á vélinni, og verður því 3. liður skaðabótakröfunnar eigi tekinn til greina

Að því er snertir 6. lið skaðabótakröfunnar, bætur fyrir ónóg not skipins vegna ónothæfni vélarinnar, 4000 kr., er þess að gæta að eftir að mótorinn var settur í skipið, var það sent með flutning til Patreksfjarðar, og virðist það hafa komið úr þeirri ferð fyrri hluta ágústmán. Stefndi hefur nú ekki sýnt fram á hvað lengi skipið hafi tafist á þessari ferð vegna ólagsins á vélinni, og er þá ekki auðið að dæma stefnda neinar skaðabætur fyrir þennan tíma. Eftir það eða eftir að gallarnir komu fram á vélinni og innsetningu hennar virðist áfrýjandi ekki geta gjört kröfur til annara bóta, en bóta fyrir afnotamissi skipsins þann tíma, er viðgerð á vélinni og lögun á innsetningu hennar hefði tekið eða hefði þurft að taka, en um þetta eru engar upplýsingar í málinu, og

með því að heldur eigi liggja fyrir nægar upplýsingar um það hvað skipið hefur tafist vegna ólagsins á vélinni á tímabilinu frá því að skoðunin fór fram til 22. sept., þykir eigi fært að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda skaðabætur í þessu skyni.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 800.00 + 200.00 + 110.00 = kr 1110 00, en frá þessari upphæð ber að draga þær 600 kr., er áfrýjandi hefir krafist dóms fyrir og stefndi samþykkt að draga eigi frá kröfu sinni. Það ber þannig að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 510 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. okt 1917 til greiðsludags. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Gissur Filippusson greiði stefnda Ólafi V. Davíðssyni 510 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. okt. 1917 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. mai 1919.

Nr. 76/1918: Metúsalem Jóhannsson
f. h. hlutafélagsins »Gissur hvíti«
gegn
Einari Eymundssyni

Dómur:

Mál þetta höfðaði Einar Eymundsson sjómaður í Hverfisgötu 55 hér í bænum fyrir sjódómi Reykjavíkur gegn Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra hér í bænum fyrir hönd hlutafélagsins »Gissur hvíti« og gjörði hann fyrir sjóréttinum þær kröfur, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess fyrir hönd félagsins *að* greiða sér eftirstöðvar af kaupi 240 kr. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi 6. Júlí 1917 til greiðsludags, *að* viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í mótorbátnum »Gissuri hvíta«, eign nefnds hlutafélags og *að* honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Áfrýjandi krafðist þess hins vegar fyrir sjóréttinum, að hann fyrir félagsins hönd yrði algjörlega sýknaður af kröfum sækjanda, og höfðaði jafnframt gagnsök á hendur honum, og krafðist þess að hann yrði dæmdur til að greiða sér fyrir hönd téðs hlutafélags 600 kr. sem skaðabætur fyrir skemdir á vélinni í mótorbátnum »Gissuri hvíta« o.fl. með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 10. okt 1917 til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins.

Málum þessum lauk svo fyrir sjóréttinum með dómi uppkveðnum 29. júlí f. á., að Metúsalem Jóhanns-

son f.h. h/f.»Gissur hvíti« var dæmdur til að greiða Einari Eymundssyni 175 kr. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og var sjóveðréttur hans í mótorbátnum »Gissuri hvíta« fyrir þessari upphæð viðurkenndur; svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 100 kr. í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Þessum dómi hefir Metúsalem Jóhannsson f.h. h/f. »Gissur hvíti« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. desbr. f.á., og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina. Svo krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi Einar Eymundsson hefir frá sinni hálfu krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að haustið 1916 rjeðst stefndi sem háseti á mótorbátinn »Gissur hvíta« gegn ákveðinni hlutdeild í afla skipsins, en með því að vélstjóri bátsins veiktist nokkru síðar fékk skipstjórinn stefnda til að gæta vélarinnar á meðan. Gegndi hann þessu starfi í hálfan annan mánuð, eða frá 2. desbr. 1916 til 16. jan. 1917. Telur stefndi að sér beri kaup sem vélstjóri fyrir þann tíma, er hann gegndi vélstjórastarfinu, 175 kr. á mánuði eða alls 262 kr. 50 a. þessari kröfu mótmælir áfrýjandi, og heldur því fram að um það hafi ekki verið samið, heldur hafi stefnda aðeins verið lofuð aukaþóknun fyrir starfið, er þó var ótiltekin, og er það komið fram í málinu að áfrýjandi

hefir greitt stefnda 25 kr. í þessu skyni, auk kaups þess, er honum bar sem háseta, og heldur hann því fram að stefndi eigi ekki tilkall til frekari greiðslu út af þessu.

Það verður nú að líta svo á, að stefndi eigi ekki heimtingu á öðru en einhverri þóknun fyrir starf sitt, sem vélstjóri umgetinn tíma. Um upphæð þessarar þóknunar var ekki samið, en hún þykir hæfilega ákveðin af sjódóminum 150 kr. Uppí þetta hefir áfrýjandi þegar greitt 25 kr., og verða þá eftir 125 kr., sem áfrýjandi var í undirrétti dæmdur til að greiða stefnda.

Þá hefir stefndi haldið því fram að eftir að báturinn var kominn inn og hinn upphaflegi ráðningartími var á enda, hafi hann unnið í 5 daga við hreinsun á vél skipsins með hinum ráðna vélstjóra, og krefst hann 10 kr kaups á dag fyrir þessa daga eða 50 kr.; þessa kröfu tók sjódómurinn til greina. Áfrýjandi mótmælir þessari kröfu og neitar að stefndi hafi unnið að þessu verki eftir að ráðningartíminn var liðinn, og auk þess telur hann dagkaup það, er stefndi reiknar sér, alltof hátt. Skipstjórinn á bátnum hefur borið það sem vitni, að stefndi hafi unnið að hreinsun vélarinnar nokkra daga eftir að hann hafði látið af vélstjórastarfinu og að hann áliti að dagatalan geti verið rétt. Með þessu verður að telja að stefndi hafi eftir atvikum fært nægilega sönnun fyrir því, að hann hafi unnið þetta verk, en gegn mótmælum áfrýjanda þykir eigi næg ástæða til að ákveða borg-

unina hærri en 6 kr. á dag; og tekst þá þessi krafa til greina með 30 kr.

Í gagnsökinni hefur áfrýjandi haldið því fram, að fyrir hirðuleysi og trassaskap stefnda, hafi þann tíma, er stefndi gætti vélarinnar í bátnum, brotnað vatnskælt cýlinderlok, er kostað hafi 500 kr. og auk þess hafi brotnað og glatast ýms smástykki tilheyrandi vélinni, alls fyrir 100 kr. Gjörir hann þannig kröfu til 600 kr. skaðabóta hjá stefnda, en gegn eindreginni neitun stefnda hefir áfrýjandi ekki sannað að skemdir þessar séu trassaskap og hirðuleysi hans að kenna og verða kröfur áfrýjanda í gagnsökinni fyrir því ekki teknar til greina.

Ákvæði sjódómsins um sjóveðrétt stefnda í mótorbátnum »Gissur hvíti« fyrir kaupkröfu sinni og um málskostnað samþykkist. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f.h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« greiði stefnda Einari Eymundssyni 155 kr. með 5 % ársvöxtum frá 6. júlí 1917 til greiðsludags, og hefir stefndi sjóveðrétt í mótorbátnum »Gissuri hvíta» fyrir þessari upphæð. Svo greiði áfrýjandi stefnda 100 kr.

í málskostnað fyrir undirrétti og 30 kr í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. maí 1919.

Nr. 59/1918: H. Debell Jón Laxdal og Loftur Loftsson
gegn
Th. Thorsteinsson.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu árýjendurnir, H. Debell framkvæmdarstjóri, Jón Laxdal stórkaupmaður og Loftur Loftsson útgerðarmaður á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Th. Thorsteinson kaupmanni til að fá hann dæmdan til að greiða þeim kr. 13941. 10 með 6% ársvöxtum í skaðabætur fyrir samningsrof, svo og málskostnað, en stefndi krafðist hins vegar sýknunar af þessum kröfum og hóf jafnframt gagnsök á hendur þeim Debell til endurgreiðslu á 5000 kr., er hann hefði ofgreitt þeim með 5 % vöxtum og málskostnaði. Var málinu ráðið til lykta á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 1. ág. f.á., á þá leið að stefndi skyldi í aðalmálinu greiða áfrýjendum kr. 121.10 með 6 %

ársvöxtum frá 22. marz 1917 til greiðsludags, en í gagnsökinni skyldu áfrýjendur greiða stefnda kr. 5000.00 með 5 % ársvöxtum frá 24. apríl 1917 til greiðsludags og að málskostnaður í aðalsök og gagnsök skyldi falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 17. okt. f.á. Eru kröfur þeirra hér fyrir réttinum hinar sömu og fyrir bæjarþinginu og auk þess krefjast þeir málskostnaðar fyrir yfirdómi. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Tildrög málsins eru þau, að í júnímánuði 1916 gjörðu málsaðilar samning þess efnis, að Jón Laxdal og H. Debell, eigendur vélbátsins »Hildur« og Loftur Loftsson, eigandi vélbátsins »Kjartan Ólafsson« lofuðu að selja og Th. Thorsteinsson að kaupa af þeim allan væntanlegan síldarafla af nefndum bátum næstu síldarvertíð á norðurlandi, fyrir 26 kr. hvert síldarmál af óskemdri síld og úrgangssíld fyrir sama verð og greitt væri af síldarolíuverksmiðjunni í Krossanesi. Síldina átti að afhenda við bryggju kaupanda á Hjalteyri og hann átti að láta afgreiða bátana tafarlaust, eða svo fljótt sem hægt væri, nóttum og helgum dögum eftir því sem þörf krefði; ef kaupandi æskti þess, átti að strá salti í síldina í bátunum, átti hann að leggja til saltið, en ábtarnir flytja það ókeypis norður, ef rúm leyfði

Annar báturinn, sem nefndur er í samningnum, Hildur, var eigi til taks þegar vertíð byrjaði, og létu áfrýjendur annan minni bát »May« fara í hans stað

norður til veiðanna. Alla þá síld, sem bátar áfrýjenda veiddu og stefndi veitti móttöku um sumarið, hefir hann greitt þeim umsömdu verði með kr.32883.00 og auk þess 5000 kr, er hann greiddi þeim af vangá. En áfrýjendur halda því fram, að hann hafi vanhaldið samninginn við þá í ýmsum greinum, og eigi að greiða þeim skaðabætur fyrir samtals kr. 18941.10, eða að frádregnum fyrgreindum 5000 kr. 13941.10. Af síðast efndri upphæð tók héraðsdómarinn til greina kr. 121.10. og koma þá, eins og málið liggur fyrir yfirdóminum aðeins til álita kr. 13820.00. Fyrir þessari upphæð hafa áfrýjendur gjört grein sem hér segir:

1,	mismunur á verði á 51 síldarmálum	kr. 1020,00
2,	greitt fyrir salt	— 1160,00
3,	fyrir tafir bátanna og aflatjón vegna ófullnægjandi afgreiðslu og fyrir neitun um að taka á móti síld úr May eftir júlímánaðarlok	— 16640,00
		kr. 18820,00
		÷ — 5000 00
		= kr. 13820 00

Um 1. kröfuliðinn skýra áfrýjendur svo frá, að 30. eða 31. júlí hafi bátar þeirra komið til Hjalteyrar með 51 mál síldar, er bryggjuformaður stefnda hafi neitað að taka við, og með því að síld þessi hafi eigi orðið seld þar á staðnum, hafi umboðsmaður þeirra neyðst til að senda May með hana til Siglufjarðar og selja hana þar fyrir 6 kr. málið, og hafi þá tapið

á þessari síldarsölu orðið 20 × 51 kr. = 1020 kr., þar sem stefndi átti að greiða 26 kr. fyrir hvert mál

Stefndi lýsir það ósatt, að bryggjuformaður sinn á Hjalteyri hafi neitað að taka við síld þessari, en þótt svo væri, hefði það verið réttmætt, með því að síldin sé sögð hafa verið úr »May« og stefnda hafi verið óskylt að taka síld úr þeim bát. Og þó að bryggjuformaðurinn hefði ranglega vísað síldinni frá hafi áfrýjendur glatað rétti til bóta fyrir það með því að láta flytja hana til Siglufjarðar og selja þar eftir að hún var orðin skemd, í stað þess að selja hana á Hjalteyri, þar sem nógir kaupendur hefðu getað fengist að henni.

Það er eigi vefengt að áfrýjendur hafi látið flytja 51 mál síldar frá Hjalteyri til Siglufjarðar, en þó að það sé ósennilegt að áfrýjendur hefðu látið gjöra þetta, ef stefndi hefði viljað taka við þessari síld á Hjalteyri eða aðrir kaupendur fengist þar að henni, þá verður það þó eigi talið sannað gegn ákveðnum mótmælum stefnda, að menn hans hafi neitað að taka við síldinni og er þá eigi heimild til að dæma hann til að greiða áfrýjendum umgetinn verðmun.

Áfrýjendur halda því fram, að stefndi hafi um leið og samningurinn var gjörður lofað að borga salt það, er bátarnir notuðu í síldina, en í samningnum er þetta orðað svo, að stefndi skyldi því að eins borga þetta salt, að hann óskaði að því væri stráð á síldina. En stefndi neitar því að hann hafi látið uppi neina ósk um þetta eða að hafa heitið neinni borgun

í því skyni, og með því að þeirri neitun hans er eigi hnekkt, verður hann eigi dæmdur til að greiða áfrýjendum upphæð þá, kr. 1160.00, fyrir salt, er ræðir um við þennan kröfulið.

Í reikningi áfrýjenda er stærsti liðurinn skaðabótakrafa fyrir aflatjón, er bátarnir hafi orðið fyrir af völdum stefnda eða fyrir samningsrof hans. Þeir halda því fram, að afgreiðsla bátanna hafi yfirleitt verið óforsvaranlega sein, svo að þeir hafi fyrir þá sök tafist frá veiðum 64 kl. stundir eða c. 2 $^1/_2$ sólarhring, að bátunum hafi verið neitað um afgreiðslu á sunnudögum og hafi það enn tafið þá um 2 sólarhringa. Telst áfrýjendum svo til, að bátarnir hafi að jafnaði aflað c. 100 mál á sólarhring og áætla eftir því að aflatjónið fyrir þessar tafir hafi numið c. 400 málum. Ennfremur staðhæfa áfrýjendur að stefndi hafi neitað að taka við afla úr May eftir júlímánaðarlok; eftir það telja þeir að hinn báturinn, meðan hann var að veiðum hafi aflað 1083 tunnur síldar, og ætlast á um að aflinn hafi orðið c. $^1/_3$ hluta eða 360 tunn. = 240 málum minni en hann hefði orðið, ef bátarnir hefðu báðir verið að veiðum saman. Reiknast þeim þannig aflatjónið 400 + 240 = 640 mál á 26 kr. eða kr. 16640,00.

Um afgreiðslu batanna hafa 5 vitni, skipstjórinn á Kjartani Ólafssyni og 4 hásetar af bátnum borið það, að hún hafi alls yfir verið mjög seinlát og gengið stirðlega, svo að bátarnir hafi fyrir þá sök tafist mjög frá veiðum, og nótaformaðurinn á öðrum vjelbátnum hefur vottað, að afgreiðslan hafi verið

afarill og sein og stafað af fólksleysi stefnda á Hjalteyri; ætla vitnin, að bátarnir hafi við þetta tafist um 2 1/2 sólarhring eins og áfrýjendur halda fram.

Stefndi neitar því hins vegar, að afgreiðsla bátanna hafi verið óvenjulega sein eða óforsvaranleg, og staðhæflr að útgerðarstöð hans á Hjalteyri hafi verið fyllilega eins vel mönnuð og vel úr garði gjörð eins og venja er um slíkar stöðvar og afgreiðsla síldarskipanna fullt eins greiðleg eins og venjulegt sé á síldarstöðvum; hefir hann lagt fram vottorð frá yfirsíldarmatsmanni á Hjalteyri þess efnis að bátar áfrýjenda hafi verið afgreiddir svo fljótt sem hægt var, og eigi verið látnir sitja á hak nuni fyrir öðrum skipum, en afgreiðsla þeirra verið sæmileg eftir kringumstæðum. Þá hafa og skipstjórinn og einn háseti á May vottað að öll þau skifti, sem sá bátur lagði upp síld á Hjalteyri, hafi hann verið afgreiddur svo fljótt sem hægt var og menn úr landi jafnvel lánaðir formanni til aðstoðar. Við ofangreinda vitnisburði er það að athuga að útdráttur úr dagbók bátsins Kjartan Ólafsson, sem áfrýjendur hafa lagt fram, ber það eigi með sér, að bátarnir hafi sætt töfum við afgreiðsluna, því að þar er eigi tilgreind klukkustund, er bátarnir komu og fóru frá Hjalteyri í hvert skifti. Það sést og eigi heldur af útdrættinum eða símskeytum þeim, sem fóru á milli málsaðila að kvartað hafi verið yfir seinni afgreiðslu bátanna. Sýnir þetta að afgreiðslan hefir þó eigi tafist svo, að skipstjóranum á Kjartani Ólafssyni hafi þótt ástæða til að geta um það í dagbókinni eða áfrýjendum að bera sig upp um það við

stefnda. Áætlun sína um að bátarnir hafi tafist 2 ½ sólarhring vegna seinrar afgreiðslu tjá vitnin sig gjöra með hliðsjón af dagbók bátsins, en eins og áður er vikið að, verður þetta eigi séð af dagbókarútdrættinum, og skýrsla vitnanna er eigi heldur að öðru leyti í samræmi við hann. Þannig segja vitnin að meðalafli bátanna hafi verið hér um bil 100 mál á sólarhring til 9. ágúst, en þá hafi veiðarnar í raun og veru hætt. En útdrátturinn sýnir að veiðin var stunduð frá 22. júli til 19. ágúst og að alls aflaðist á þeim tíma 1301 mál, þar af 1161 mál til 9. ág. Þar sem eigi er með þessum vitnaskýrslum neitt sannað um það, hvenær eða hve lengi bátarnir hafa tafist, þá virðist framburður vitnanna um að afgreiðslan hafi verið mjög sein og gengið stirðlega vera svo óákveðin að eigi verði eftir honum farið.

Í samningnum er áskilið, að bátarnir skuli afgreiddir tafarlaust eða svo fljótt sem hægt er. Það hefur nú eigi gegn mótmælum stefnda verið sýnt fram á það, eða leidd rök að því að hægt hafi verið að flýta afgreiðslunni meir en gjört var, og að eigi hafi orðið verulegur dráttur á henni, virðist mega ráða af því að af öllum afla bátanna voru að eins 47 mál úrgangssíld, því að ætla verður að meira hefði spillzt af síldinni, ef bátarnir hefðu orðið að bíða lengi eftir afgreiðslu.

Það þykir eftir þessu eigi vera nægilega sannað að stefndi hafi vanhaldið samninginn með of seinni afgreiðslu bátanna svo að það eigi að varða hann skaðabótum til áfrýjenda.

Þá hafa áfrýjendur haldið því fram, að bryggju-

formaður stefnda á Hjalteyri hafi neitað að afgreiða bátana á sunnudögum, svo að fyrir þá sök hafi bátarnir eigi mátt stunda veiðar um helgar til að koma eigi inn með gamla síld á mánudögum. Þetta telja áfrýjendur og fyrgreind vitni hafa tafið bátana samtals 2 sólarhringa frá veiðum. Eitt vitni hefir borið að það hafi heyrt bryggjuformanninn neita afgreiðslu á sunnudögum, annað vitni að það hafi heyrt umboðsmann stefnda á síldarstöðinni neita hinu sama og 3 vitni hafa þetta eftir umboðsmanni áfrýjenda við síldveiðarnar. Fyrgreindur dagbókarútdráttur sýnir að áætlun vitnanna um 2ja sólarhringa aflatjón fyrir áminsta neitun er gjörð af handa hófi. Stefndi neitar því að menn sínir hafi skorast undan að afgreiða á sunnudögum og bendir réttilega á það, að útdrátturinn beri með sér, að bátarnir hafi verið á veiðum um helgar þegar veður leyfði, og að um þá einu helgi á veiðitímanum, sem þeir veiddu nokkuð hafi þeir farið með veiðina inn á Hjalteyri á sunnudag og fengið afgreiðslu hjá stefnda, enda heldur hann því fram, að bryggjuformaðurinn hefði eigi verið bær um að neita afgreiðslu, og ef komið hefði fyrir að hann hefði gjört það hefðu áfrýjendur átt að snúa sér til umboðsmanns stefnda á Hjalteyri, en það hafi þeir ekki gjört. Það verður því eigi séð, að stefndi hafi í þessu atriði brotið á móti samningnum, eða, þótt svo væri, að neitt tjón hefði hlotist af því fyrir áfrýjendur.

Enn telja áfrýjeudur að stefndi hafi rofið samninginn með því að neita að taka á móti síld úr »May«

frá júlímánaðarlokum, og hafi því sá bátur þá verið látinn hætta síldveiðum. Þennan bát sendu áfrýjendur, sem fyr getur, til veiðanna í staðinn fyrir bátinn »Hildi« sem nefndur er í samningnum. Lét stefndi þetta viðgangast óátalið og tók á móti aflanum úr «May» mótmælalaust þangað til 2. ágúst 1916, og verður að líta svo á, að hann með þessu hafi samþykt að »May« kæmi í staðinn fyrir »Hildi« allan veiðitímann. En nefndan dag símaði hann áfrýjendum að úr því að júlímánuður væri liðinn, sæi hann sér eigi fært að taka síldarafla af May, sem aðeins hafi verið tekinn til bráðabyrgða, og muni þar eftir aðeins taka við afla, er sannanlega hafi verið veiddur af Kjartani Ólafssyni einum. Áfrýjendur mótmæltu þessu samdægurs og eftir nokkrar skeytasendingar milli þeirra og stefnda sendu þeir honum svolátandi símskeyti: Höldum fast við gjörða samninga. Látum báða bátana Kjartan Ólafsson og May halda áfram síldveiðum. Höfum fengið tvo menn útnefnda af bæjarfógeta Akureyrar, sem eiga að vitna um afla bátsins og að síldin sé boðin yður áður en hún verður seld öðrum fyrir reikning yðar á Hjalteyri eða fleygt í sjóinn fyrir yðar reikning«. Í þessum og öðrum skeytum, sem fóru á milli málsaðila frá 2.—10. ág. deildu þeir um það, hvort stefnda væri skylt að taka við síld úr May eftir 1. ágúst, en það virðist eigi hafa komið til þess, að menn stefnda á Hjalteyri visuðu á bug síld úr þessum bát eftir nefndan dag, enda gat það eigi komið fyrir eftir framburði áfrýjenda um að báturinnn hafi verið látinn hætta veiðum frá þeim degi vegna neitunar

stefnda um að taka við afla hans. Það eru þó komnar fram upplýsingar í málinu um að báturinn hafi verið að veiðum eftir 1 ágúst; stefndi staðhæfir að svo hafi verið og símskeyti áfrýjenda 10. ág. bendir í sömu átt.

Þó að svo verði að líta á, að stefndi hefði eigi svo löglegt væri getað vísað frá sér afla May eftir 1. ág. og að tilkynning hans þar að lútandi í skeytinu 2 ág. til áfryjenda því hafi verið heimildarlaus, þá varð engin reynd á því, að stefndi héldi þessu til streitu eftir að hann hafði meðtekið skeyti áfrýjenda 10. ág., en eftir því mátti hann búast við að honum yrði boðinn afli bátsins og átti þá enn kost á að taka aflann eða hafna honum, enda kveðst hann ef til vill mundu hafa keypt síldina, ef hún hefði staðið honum til boða. En þar sem engin framkvæmd varð á ráðstöfunum þeim, sem stefnda voru boðaðar í niðurlagi skeytisins, verður að skilja það svo, að áfrýjendur hafi sleppt eða að þeir hafi misst allar kröfur sínar á hendur stefnda um kaup á umgetnum afla af May.

Það þykir þannig eigi vera fært að samþykkja þennan lið skaðabótakröfunnar, og verður krafa áfrýjenda um bætur hjá stefnda fyrir aflatjón alls kr. 16640.00 þá eigi tekin til greina að neinu leyti.

Yfirdómurinn fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Það þykir eftir þessum úrslitum málsins rétt, að áfrýjendur greiði stefnda einn fyrir alla og allir

fyrir einn málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjendur Holger Debel, Jón Laxdal og Loftur Loftsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnda Th. Thorsteinson 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 19. mai 1919.

Nr. 74/1918: Ólafur J. Hvanndal
gegn
Sigfúsi J. Johnsen fyrir hönd
Boga Brynjólfssonar
vegna N. C. Monberg.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af hálfu stefnda N. C. Monberg gegn áfrýjanda Ólafi J. Hvanndal til greiðslu á leigugjaldi fyrir járnbrautarvagn (Loco-

motiv), er áfrýjandi hafði fengið til afnota hjá stefnda við uppskipun á vörum; var skuldakrafa stefnda 1740 kr., en með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 20. júní f.á., voru honum aðeins dæmdar 1410 kr. með 6 % ársvöxtum frá 14. nóv. 1917 til greiðsludags og var málskostnaður látinn falla niður. Ólafur J. Hvanndal var þó eigi ánægður með þessi úrslit, með því að hann taldi að hann ætti eigi að greiða meira fyrir afnot járnbrautarvagnsins en 971 kr. 50. a., og hefir hann fyrir því áfrýjað bæjarþingsdómnum til yfirréttarins með stefnu útgefinni 21. desbr. f. á., og gert þær réttarkröfur, að hann verði eigi talinn skuldi stefnda meira en 971 kr. 50 a. og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Af hálfu stefnda N. C. Monberg hefir hins vegar verið krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi; víðtækari kröfur stefnda, er hann hefir gert, koma ekki til álita, með því að hann hefir eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu.

Stefndi sendi áfrýjanda reikning fyrir afnot locomotivsins (járnbrautarvagnsins) 6. júlí 1917 og taldi þá leigugjaldið allt 1740 kr. eins og áður er um getið; áfrýjandi svaraði þessari kröfu með bréfi dags. næsta dag 7. júlí, telur reikninginn of háan, og gerir hann upp af sinni hálfu, eftir að hafa borið sig saman við vagnstjóra stefnda, þannig að skuldin sé 1410 kr.; er uppgerð þessi nákvæm og sundurliðuð ýtarlega; síðan segir áfrýjandi í brjefinu, sem

ritað er á dönsku: «Ovenstaaenda Belöb 1410 kr. staar Dem til Disposition mod general Kvittering«. Hér er þannig afdráttarlaus viðurkenning áfrýjanda fyrir þessari skuldarupphæð og tilboð um að greiða hana, stílað til stefnda, og verða þá vafasamar leiðréttingar á reikningnum, er hann síðar hefir viljað gera, en stefndi hefir mótmælt sem röngum, eigi teknar til greina, og þar sem bæjarþingsdómurinn hefir einmitt dæmt stefnda til handa ofangreinda upphæð 1410 kr., verður að samþykkja það.

Eftir atvikum þykir og mega fallast á málskostnaðarákvæði dómsins og verður hann samkvæmt þessu staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn staðfestist. Áfrýjandi, Ólafur J. Hvanndal, greiði stefnda, Sigfúsi J. Johnsen, fyrir hönd Boga Brynjólfssonar, vegna N. C. Monberg, 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. júní 1919.

Nr. 4/1919: Runólfur Stefánsson
gegn
H. Tofte og Sighv. Bjarnasyni,
fyrir hönd Íslandsbanka.

Dómur:

Með bréfi dags. 7. desbr. 1916 til fógetans í Reykjavík, beiddust stjórnendur Íslandsbanka að fjárnám væri gjört hjá áfrýjanda þessa máls, Runólfi Stefánssyni skipstjóra hér í bænum, samkvæmt sátt gjörðri fyrir gestaréttí Reykjavíkur 19. desbr. 1908, fyrir 4000 kr. ásamt 6% ársvöxtum og 1% dráttarvöxtum frá 22. okt. 1913 til greiðsludags, svo og kostnaði við fjárnám og væntanlegt uppboð. Eftir sókn og vörn af hendi málsaðila fyrir fógetaréttinum, kvað fógetinn hinn 26. febr. f. á. upp þann úrskurð, að hið umbeðna fjárnám ætti fram að fara, og var síðan hinn 6. marz s. á., eftir kröfu Íslandsbanka, gjört fjárnám fyrir framangreindri upphæð í húseign áfrýjanda, Litla-Holti, ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum næst á eftir 2400 kr. veðskuld til veðdeildar Landsbankans.

Þessum úrskurði og eftirfarandi fjárnámsgjörð hefir Runólfur Stefánsson, að fengnu uppreistarleyfi, útgefnu 16. jan. þ. á. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. s. m., og krefst hann þess að úrskurðinum verði hrundið og fjárnámsgjörðin úr gildi felld, en til vara hefir hann krafist, að úrskurðinum

verði breytt þannig, að honum verði að eins talið skylt að greiða 1140 kr. 20 a. Ennfremur krefst áfrýjandi, hvernig sem málið fer, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Hinir stefndu bankastjórar krefjast þess hins vegar að hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgjörð verði staðfest að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur til að greiða Íslandsbanka hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1905 tókst áfrýjandi ásamt nokkrum mönnum öðrum, á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð 9000 kr., er Þórður nokkur Vigfússon tók í Íslandsbanka 18. og 20. nóvbr. 1905; var lán þetta, eftir því sem fram er komið í málinu, auk þess tryggt með 2. veðrétti í fiskiskipinu Velocity, næst á eftir áhvílandi 1. veðrétti til Fiskiveiðasjóðs Íslands, án þess þó að um veðsetninguna sé getið í skuldabréfi Þórðar eða í sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni, sem rituð er á skuldabréfið. Með því að lántakandi stóð ekki í skilum með greiðslu lánsins, höfðuðu stjórnendur Íslandsbanka, seint á árinu 1908, mál á hendur ábyrgðarmönnum lánsins, fyrir gestarétti Reykjavíkur, til greiðslu lánsins, og lauk því máli fyrir gestaréttinum með sátt gjörðri í réttinum 19. desbr. s. á., á þá leið, að stefndu, þar á meðal áfrýjandi, skuldbundu sig til þess að gjöra full skil fyrir skuldinni með vöxtum, fyrir janúarmánaðarlok 1909, hafi þeir eigi fyrir þann tíma gjört nýja samninga við bankann. Sátt þessari var þó eigi fullnægt. Hinn 28. maí 1909 var

skipið Velocity, sem stóð að veði fyrir skuldinni, selt á nauðungaruppboði, eftir kröfu 1. veðhafa, Fiskiveiðasjóðsins, og varð einn af ábyrgðarmönnum bankalánsins, Jón G. Þórðarson skipstjóri í Ráðagerði, hæstbjóðandi að skipinu fyrir 7000 kr., en nokkru eftir uppboðið sökk skipið, og var það þá, eftir því sem fram er komið í málinu, óvátrygt.

Áfrýjandi heldur því fram, að eftir uppboðið hafi þáverandi stjórnendur Íslandsbanka samþykt, að Jón G. Þórðarson tæki að sér skuldina til bankans; fyrir því hafi Jón fengið uppboðsafsal fyrir skipinu og hafi innihald þess verið á þá leið, að með því að hann hafi greitt skuld 1. veðhafa að fullu, svo og kostnað við fjárnám og uppboð og tekið að sér greiðslu á skuldinni til Íslandsbanka með 2. veðrétti, væri hann réttur eigandi skipsins.

Afsal þetta hefir eigi verið þinglesið og ekki tekist að hafa upp á því, en sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir vottað að þetta hafi verið efni þess, og hann vottar það einnig að áður en afsalsbréfið hafi verið afhent Jóni G. Þórðarsyni, hafi hann, sýslumaður, sýnt það þáverandi bankastjóra, Emil Schou, og hafi hann samþykt að kaupandi tæki skuldina að sér. Með þessu telur áfrýjandi að fenginn hafi verið nýr grundvöllur undir skuldina, en eldri grundvöllur hennar, skuldbindingarbréf hins upprunalega lántakanda og ábyrgðarmanna og sáttin frá 19. des. 1908 hafi þar með fallið burtu og lántakandi og ábyrgðarmennirnir orðið lausir allra mála við bankann. Þetta komi og heim

við það, að meðan Jón G. Þórðarson hafi lifað, hafi bankinn átt við hann einan um greiðslu vaxta og afborgana af láninu, en ekkert hreyft við ábyrgðarmönnunum fyr en eftir lát hans.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að Íslandsbanki hafi glatað rétti sínum gagnvart honum og hinum ábyrgðarmönnunum fyrir þær sakir, að stjórn bankans hafi vanrækt að láta mæta á nauðungaruppboðinu 28. maí 1909, til að gæta þar hagsmuna bankans, sem hún hefði haft fulla ástæðu til, þar sem bankinn var veðhafi í skipinu, svo og af því að hún hafi vanrækt að halda skipinu vátrygðu, og loks tekur áfrýjandi fram, að nokkrir af ábyrgðarmönnunum hafi ýmist orðið gjaldþrota eða dáið án þess bankinn hafi lýst skuldinni í bú þeirra.

Hinir stefndu bankastjórar mótmæla því hinsvegar eindregið að bankinn hafi samþykt að Jón G. Þórðarsson tæki skuldina að sér eða að bankinn hafi afsalað sér nokkrum rétti gegn áfrýjanda eða öðrum ábyrgðarmönnum lánsins eftir sáttinni 19. desbr. 1908. Þeir mótmæla vottorði sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og telja það byggt á misminni eða misskilningi, og taka það fram að það hafi verið óþarfi fyrir bankann, að gjöra nokkra nýja samninga við Jón G. Þórðarson, þareð hann með réttarsáttinni 19. desbr. 1908 hafi verið búinn að skuldbinda sig til að greiða lánseftirstöðvarnar, en hitt sé auðsætt að bankinn hafi engum rétti tapað með því að draga að framfylgja sáttinni og sjá til hvort skuldin yrði

eigi greidd án þess að láta ganga að ábyrgðarmönnunum með fjárnámi. Svo mótmæla þeir því að þeim hafi borið nokkur skylda til þess að láta mæta við nauðungaruppboðið 28. mai 1909 eða sjá um vátryggingu skipsins

Það verður nú að líta svo á, að ábyrgðarmennirnir og þar á meðal áfrýjandi, með því í sáttinni 19. desbr. 1908 að taka að sér skil á skuld Þórðar Vigfússonar innan ákveðins tíma, hafi þar með gerzt sjálfstæðir skuldarar einn fyrir alla og allir fyrir einn gagnvart bankanum, og gegn mótmælum hinna stefndu verður ekki tekið tillit til fullyrðinga áfrýjanda um það, að stjórnendur bankans hafi gjört samning um greiðslu skuldarinnar við einn samsáttarmann áfrýjanda á þann hátt að hann skyldi standa skil á skuldinni en hinir losna við ábyrgð á henni, og getur hið framlagða vottorð sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu, sem eins og það liggur fyrir, verður að teljast vottorð eftir minni en ekki embættisvottorð, ekki komið til greina til að hnekkja umsögn bankans hér að lútandi.

Í sáttinni hafa ábyrgðarmennirnir ekki gjört neinn fyrirvara um að skylda þeirra gagnvart bankanum væri að nokkru takmörkuð af veðrétti bankans í hinu umrædda skipi, og virðist bankanum því ekki hafa borið nein skylda til að framfylgja veðrétti sínum í því og réttur bankans gagnvart áfrýjanda ekki að neinu leyti skertur við það, þótt bankinn léti uppboðið á því afskiptalaust, og það verður heldur eigi álitið að bankinn hafi mist rétt sinn gegn

áfrýjanda, þótt hann léti hjá líða að annast um vátryggingu skipsins.

Þar sem þannig ekki verður sjeð, að bankinn hafi fyrirgert rétti sinum gegn áfrýjanda samkvæmt sáttinni 19. desbr. 1908 verður aðalkrafa hans um ómerking fógetaréttarúrskurðarins og fjárnámsins ekki tekin til greina.

Varakrafa áfrýjanda um að honum verði aðeins talið skylt að greiða 1140 kr. 20 a. byggist á því, að stjórnendur Íslandsbanka hafi, í stað þess að heimta að uppboðskaupandi Jón G. Þórðarsson greiddi uppboðsupphæðina, samþykkt að kaupandi fengi afsal gegn því einu að taka skuldina til bankans að sér, og hafi áfrýjandi því rétt til að líta svo á, að þær 5673 kr. 10 a., sem uppboðsverðið var hærra en 1. veðréttarskuldin, hafi verið greiddar upp í skuld áfrýjanda samkvæmt réttarsáttinni 19. desbr. 1908 eða með öðrum orðum að skuldin, sem þá var 6813 kr. 30 a., hafi færst niður í 1140 kr. 20 a., en með því að það, svo sem áður er sagt, er ósannað að stjórnendur Íslandsbanka hafi veitt þetta samþykki getur þessi krafa heldur eigi tekist til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og eftirfarandi fjárnám. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og eftirfarandi fjárnámsgjörð skal vera óröskuð. Áfrýjandi Runólfur Stefánsson greiði stefndu H. Tofte og Sighvati Bjarnasyni fyrir hönd Íslandsbanka 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. júní 1919.

Nr. 25/1919: Valdstjórnin
gegn
Þórði Jónssyni

Dómur.

Í máli þessu er þórður Jónsson úrsmiður, eigandi hússins nr. 9 í Aðalstræti hér í bænum, kærður fyrir brot á lögum nr. 24, 12. septbr. 1917 um húsaleigu í Reykjavík, og var hann fyrir það dæmdur í lögreglurétti Reykjavík 22. marz þ. á. í 300 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og sakarkostnað allan. Eftir ósk kærða er dómi þessum skotið til yfirdómsins.

Í maímánuði f. á. ákvað húsaleigunefnd Reykjavíkur samkvæmt fyrtéðum lögum hámarkshúsaleigu eftir íbúð, 4 herbergi auk eldhúss og stúlknaherbergis á 1. lopti í nefndu húsi kærða, 95 kr. á mánuði og

eftir íbúð á 2. lopti í sama húsi 45 kr. á mánuði. þessar íbúðir leigði kærði hina fyrgreindu, að frá teknu einu herbergi, H. K. V. Mardahl bryta frá 1. janúar þ. á. til 14 maí 1920, og hina síðarnefndu Carsten Behrens verzlunarstjóra frá 14. júní f. á. til 14. maí þ. á. Í leigusamningnum við Mardahl var mánaðarleiga ákveðin 80 kr. og í samningnum við Behrens sama leiga og ákveðin var af húsaleigunefndinni.

En nú er kærða gefið það að sök, að hann hafi látið þessa leigutaka greiða eða lofa að greiða sérstakt gjald fyrir að fá leigt, auk ákveðinnar leigu, og þannig orðið brotlegur gegn ákvæðum 6. gr. húsaleigulagnna.

Um leiguna eftir íbúðina á 2. lopti hefir Behrens verzlunarstjóri borið það sem vitni, að þegar þeir kærði sömdu um húsaleiguna, hafi kærði sett það skilyrði fyrir því að vitnið fengi íbúðina, að það greiddi honum 20 kr. fyrir hvern mánuð leigutímans um fram leigu þá, er ákveðin var í samningnum, eða 11 × 20 kr. = 220 kr., og hafi hann látið vitnið skrifa undir skuldarviðurkenningu fyrir þessari upphæð; kveðst vitnið samkvæmt þessu hafa greitt kærða 65 kr. í húsaleigu í byrjun hvers mánaðar, nema 1. júlí fyrra ár greiddi það 97 kr. 50 a. fyrir 1 ½ mánuð til júlíloka, og fengið í hvert skipti lausa kvittun fyrir 45 kr. en fyrir 20 kr. hafi kærði aðeins kvittað á skuldarviðurkenninguna. Kona Behrens hefir borið, *að* maður hennar hafi skýrt henni frá þessum samningum hans við kærða um húsnæðið, þegar eftir að þeir voru gjörðir, *að* henni sé kunnugt um að kærða hafi verið greiddar 65 kr. á mánuði í húsaleigu

síðan þau fluttu í íbúðina, *að* hún hafi verið viðstödd, er maður hennar greiddi kærða kr. 97 50 í húsaleigu í júlíbyrjun f. á. og að hún sjálf hafi greitt kærða húsaleigu fyrir marzmánuð þ. á. með 65 kr. Þá hefir vitnið Þóra Þuríður Sigurðardóttir borið það, að Behrens hafi sent hana með húsaleigu til kærða í byrjun mánaðanna desember f.á. og janúar og febrúar þ. á., 65 kr. í hvert skipti, hafi kærði fengið henni lausa kvittun fyrir 45 kr. en fyrir 20 kr. hafi hún séð hann kvitta á skjal er hún veit eigi hvers efnis var, því að kærði hélt því þannig að hún gat eigi séð það. Og enn hefir eitt vitni, sem var vitundarvottur að undirskrift þeirra kærða og Behrens undir leigusamninginn, skýrt frá að það muni eigi betur en að skjölin væru tvö, sem það ritaði á, annað þeirra leigusamningur.

Kærði neitar því afdráttarlaust að hann hafi áskilið eða fengið hærri húsaleigu frá Behrens en samningurinn greinir eða að hann hafi skrifað undir nokkra skuldarviðurkenningu til sín. En þessari neitun kærða virðist vera hnekkt með áðurgreindum vitnisburðum, sem allir eru staðfestir með eiði, með því að telja verður sannað að kærði hafi meðtekið frá Behrens 20 kr. á mánuði, auk samningsleigunnar, og engin grein er gjörð fyrir því, að öðru vísi geti staðið á þessum greiðslum en vitnina hafa skýrt frá. Verður þá að telja nægilega sannað að kærði hafi með þessu gerst sekur um brot það á húsaleigulögunum, sem hann er kærður fyrir.

Fyrir íbúðina á 1. lopti hefir kærði kannast við

að hafa látið Mardahl greiða sér auk umsaminnar leigu tæpar 900 kr,. en hann heldur því fram, að þessi upphæð hafi verið borgun fyrir umbætur og aðgerðir á íbúðinni, sem Mardahl hafi krafist og samþykkt að greiða fyrir auk húsaleigunnar; hafi þessar umbætur verið 400 kr. ofn í eitt herbergi, lofað linoleum á eitt gólf, málning glugga o. fl., og hafi þær átt að verða eign kærða þó að gerðar væru á kostnað Mardahls.

Hinsvegar hafir Mardahl borið það sem vitni, að kærði kafi sett upp 135 kr. mánaðarleigu fyrir íbúðina, og áskilið að Mardahl greiddi fyrirfram 55 kr. af þessari leigu fyrir hvern mánuð leigutímans, 16 ½ mánuð eða alls kr. 907. .50, en í samningnum yrði leigan ákveðin aðeins 80 kr. á mánuði. Tjáist Mardahl hafa verið tilneyddur að ganga að þessu, til þess að vera eigi húsnæðislaus, og greitt kærða nefnda upphæð að frádregnum forvöxtum, um 20 kr. eða tæpar 900 kr. hafi kærði eigi farið dult með það, að hann á þennan hátt ætlaði að skjóta sér undan ákvæði húsaleigunefndar um hámarksleiguna. Kona Mardahls, sem var viðstödd, er hann skrifaði undir leigusamninginn og greiddi kærða áminst aukagjald, hefir borið það sem vitni og staðfest með eiði, að kærði hafi áskilð þetta gjald sem húsaleigu, en þvertekið fyrir að það hafi verið greitt fyrir aðgjörðir á íbúðinni.

Þó að skýrsla kærða um þetta málsatriði þætti ábyggileg og yrði tekin til greina, virðist hún eigi geta leitt til annarar niðurstöðu en framburður

Mardahls og konu hans, með því að eigi verður betur séð en að aukagjald það, er kærði lét Mardahl greiða sér, sè viðbót við húsaleiguna, sem ákveðin er í samningnum, og í því efni skiftir það engu, hvort leigutaki er beint látinn greiða hærri húsaleigu en húsaleigunefnd hefir ákveðið eða önnur gjöld vegna íbúðarinnar, sem leigjandi annars ætti að greiða að venju og lögum.

Kærði hefir því einnig með leigumálanum á íbúðinni á 1. lopti brotið gegn fyrnefndu ákvæði húsaleigulaganna, og það getur eðlilega eigi dregið úr ábyrgð hans á þessu broti, að herbergin sem hann leigði Mardahl voru 1 færri en í íbúðinni, sem hámarksleigan var miðuð við, og að húsaleigunefndin hafði eigi sérstaklega ákveðið hámarksleigu fyrir þessa minni íbúð.

Refsingin sem kærði verður að sæta fyrir framangreind brot á húsaleigulögunum, þykir hæfilega metin í héraðsdómnum 300 kr. sekt, er renni í bæjarsjóð Reykjavíkur, og með því að og verður fallist á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann.

Svo ber og kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Þórður Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen 15 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. júní 1919.

Nr. 20/1919: N. Vittrup f. h. Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs.

Dómur:

Síðastliðið ár 1918 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur 2000 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs á Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise eða á björgunarskipið Geir. Gjald þetta var síðar hækkað samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar upp í 2666 kr. 67 a. Forstöðumaður björgunarstarfseminnar, skipstjór-

inn á »Geir«, mótmælti álagningunni og neitaði að greiða útsvarið með því að hér væri eigi um útsvarsskylda starfsemi eða atvinnurekstur að ræða. Bæjargjaldkerinn í Reykjavík krafðist þess þá að gjaldið yrði tekið lögtaki og kom krafa sú fram fyrir fógetarétti Reykjavíkur 3. mars þ. á. Eftir að málsaðilar höfðu borið fram í fógetaréttinum sókn og vörn í málinu, úrskurðaði rétturinn 17. s. m., að að mótmælin yrðu eigi tekin til greina og að lögtaksgjörðin ætti fram að ganga. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi N. Wittrup skipstjóri f. h. Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. marsm. þ á. og krafist þess að úrskurðinum verði hrundið, það er að segja að hann verði felldur úr gildi, og að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir þess verið krafist af hálfu stefnda fyrir hönd bæjarsjóðs Reykjvíkur að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Björgunarskipið »Geir«, sem undarfarin ár hefir haft bækistöðu sína í Reykjavík, er eign Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise í Kaupmannahöfn. Áfrýjandi segir að björgunarfélag þetta hafi skrifstofu og aðalbækistöðu sína í Kaupmannahöfn, og gjaldi þar skatta af allri starfsrækslu sinni, einnig þeirri, er það hafi hér á landi með björgunarskipinu »Geir«, hér hafi það enga skrifstofu, og enga umboðsmenn, er haldi skrifstofu fyrir félagið, enda hafi niðurjöfn-

unarnefndin í Reykjavík aldrei fyr lagt aukaútsvar á fèlagið og hafi þó engin breyting orðið á starfsemi þess hér á landi þessi síðustu árin. Þá tekur áfrýjandi það fram, að hvergi annars staðar hafi verið krafist skattgjalds, af björgunarskipum félagsins þeim, er hafa stöð utan Danmerkur eða á öðrum stöðum í Danmörku en í Kaupmannahöfn; starfsemi félagsins sé alveg sjerstaklegs eðlis; hún sé rekin til gagnsemda fyrir almenning eða til almenningsheilla; þá tekur hann það fram að hún sé rekin á sjó og af sjó, en ekki á landi. Að lokum getur áfrýjandi þess, að það hafi verið »sumpart eftir beinni ósk hérverandi stjórnarvalda« að það hafi rekið þessa björgunarstarfsemi hér. Fyrir þessar sakir vill hann telja atvinnurekstur félagsins skattfrjálsan hér í bæ og aukaútsvarið fyrir því ranglega álagt. Hins vegar er því haldið fram af stefnda fyrir hönd bæjarsjóðsins, að félagið hafi hér björgunarskip sitt alt árið með föstu aðsetri í Reykjavík til þess að reka héðan þá stórgróðrastarfsemi að bjarga skipum og telur hann þennan atvinnurekstur vafalaust útsvarsskyldan hér í bæ.

Eftir því sem fram er komið í málinu, og annars er alkunnugt, hefir félagið Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise haft björgunarskipið »Geir« hér við land allmörg undanfarin ár, til þess að bjarga og hjálpa skipum í sjávarháska eða er þau hafa orðið fyrir slysum, og jafnkunnugt er það, enda ómótmælt, að félagið hefir tekið borgun fyrir aðstoð þá og hjálp, sem það hefir

veitt skipum; verður því að telja þetta arðsaman atvinnurekstur. Þá er það eigi síður fullljóst af því, sem fram er komið í málinu, að þótt atvinnurekstrinum kunni að hafa verið stjórnað aðallega frá Kaupmannahöfn, þá hefir atvinnan þó verið rekin frá Reykjavík og aðalheimili hennar verið þar. Björgunarskipið Geir hefir haft aðsetur sitt á Reykjavíkurhöfn innan hafnargarða allan tímann, er það eigi hefir verið í björgunarferðum; hefir það legið fyrir festum við hafnargarðana. Ýmsir af skipverjum hafa haft heimili fyrir fjölskyldur sínar hér í bænum, þar sem þeir hafa leigt húsnæði og gjalda til allra stétta. Héðan úr Reykjavík hefir skip og skipshöfn tekið sig þegar það hefir lagt upp í björgunarferðir og hingað hefir það aftur komið að þeim loknum. Það verður því að líta svo á, að hér sé um arðsama atvinnu eða fyrirtæki að ræða, er rekið hafi verið í Reykjavík allan árshringinn, og skiftir það eigi máli þótt atvinnan hafi verið rekin af sjó og á sjó, úr því að hún var rekin frá skipi, er annars lá á Reykjavíkurhöfn. Slíkur atvinnurekstur verður að teljast útsvarsskyldur til bæjarsjóðs Reykjavíkur samkvæmt lögum um bæjargjöld 19. okt. 1877, 3. gr. sbr. tilsk. um bæjarstjórn 20. apríl 1872, 22. gr., og getur það eigi breytt þessari niðurstöðu að neinu leyti, þótt eigi hafi að undanförnu verið lagt aukaútsvar á björgunarskipið »Geir« í Reykjavík eða þótt starfsemi félagsins kunni að vera skattfrjáls erlendis utan Kaupmannahafnar, eða þótt svo kunni að vera að stjórnarvöld hér á landi hafi beint óskað

þess að björgunarskipið »Geir« ræki hér þessa starfsemi að hjálpa og bjarga skipum í neyð.

Samkvæmt því sem nú er sagt verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn staðfestist. Áfrýjandi N. Wittrup f. h. Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise greiði stefnda borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðsins 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919.

Nr. 52/1918: Hreppsnefnd Þverárhrepps
gegn
Jóni S. Pálmasyni.

Dómur:

Haustið 1916 lagði hreppsnefnd Þverárhrepps í Húnavatnssýslu aukaútsvar til hreppsins á Jón S. Pálmason bónda á Þingeyrum í Sveinsstaðahreppi,

en útsvarið, 40 kr., neitaði Jón Pálmason að greiða og höfðaði þá hreppsnefndin mál þetta gegn honum til að fá hann dæmdan til þess; var málið dæmt í gestaréttí Húnavatnssýslu 21. maí f. á. þann veg, að Jón Pálmason var sýknaður og hreppsnefnd Þverárhrepps dæmd til að greiða honum 86 kr. í málskostnað, er að öðru leyti skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur hreppsnefnd Þverárhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. sept. f. á, hefir hún fengið til þess gjafsóknarleyfi og skipaðan málfærslumann, og hefir hann fyrir yfirdómi gert hinar sömu kröfur fyrir hönd áfrýjanda og gerðar voru fyrir gestaréttinum, svo og krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu stefnda Jóns Pálmasonar er þess hins vegar krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Heimild fyrir útsvarsálagningu á stefnda telur áfrýjandi þá, að stefndi hafi haft laxveiðiafnot í Þverárhreppi sumarið 1916 og hafi hann því samkvæmt lögum nr. 48, 3. nóv. 1915 verið útsvarsskyldur þar.

Laxveiðina, sem mál þetta er risið af, lét stefndi stunda í svonefndum Bjargaósi, öðru nafni Hopsósi, sem er rennsli úr Hópinu til sjávar, og tekur Þverárhreppur við vestan þessara vatna en Sveinsstaðahreppur að austan. Voru laxanet lögð í ál í vestanverðum Bjargaós beggja megin, veiðin oftast flutt vestur yfir og lögð þar á hesta til burtflutnings;

veiðimaður stefnda hafðist við um veiðitímann í kofa í svonefndum Vaðhvammi fyrir vestan ósinn, og veiðigögnin, laxanet og bát, hafði hann og þeim megin, þegar hann var eigi að veiðum.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi haft laxveiðiafnot í Þverárhreppi 1916, og byggir þau mótmæli á því, að Bjargaós allur sé í Þingeyralandi og Sveinstaðahreppi, en ekkert af honum í Ásbjarnarneslandi og Þverárhreppi. Ber hann fyrir sig í því efni forn bréf, tvo lögmannsúrskurði, annan útgefinn einhverntíma á árunum 1309—1318, hinn dags. 14. júní 1369 og Hólabiskupsbréf dags. 21. jan. 1364, en þessi skjöl eigna Þingeyrastað og klaustri Bjargaós eða alla veiði og reka í honum. Svo telur stefndi og að landið vestan Bjargaóss, er notuð var við veiðina, sé í Þingeyralandi og Sveinstaðahreppi, og enn heldur stefndi því fram, að jafnvel þótt Bjargaós vestanverður og landið að honum þeim megin væri í Þverárhreppi, þá hafi veiðin eigi verið stunduð þar, heldur frá Þingeyrum, því að þaðan hafi komið öll útgerð veiðiskaparins, þangað hafi veiðin verið flutt og þar hafi hún verið gerð að verslunarvöru; hafi stefndi því engin leiguliðaafnot eða lóðarafnot haft vestan Bjargaóss, er heimild sé að leggja á útsvar samkvæmt nefndum lögum.

Þess gerist nú eigi þörf að rannsaka hér út af fyrir sig, hvort stefndi hafi haft leiguliðaafnot eða lóðarafnot í Þverárhreppi, með því að það kemur að eins til greina í sambandi við laxveiðiafnotin, sem útsvarið var lagt á, og til skýringar því, hvort stefndi

hafi haft þau afnot í Þverárhreppi. Í því efni er nú ekkert það komið fram í málinu, er sýni að Bjargaós allur sé í Sveinstaðahreppi; um það verður ekkert ályktað af fyrgreindum fornum skjölum, en af þessu verður ekki frekar ráðið en það, að klaustrið á Þingeyrum hafi átt ítak í Ásbjarnarnesland í Þverárhreppi, þ. e. veiði og reka í Bjargaós fyrir landi þessarar jarðar.

Aðrar skýrslur málsins virðast hins vegar sýna, að eðlilegum mörkum milli þessara jarða og hreppa sé óraskað. Þannig hefir áfrýjandi ómótmælt haldið því fram, að þegar Húnavatnssýslu var skift í tvö sýslufélög með lögum nr. 77, 22. nóv. 1907 hafi sýslumörkin verið ákveðin um Gljúfurá og framhald hennar Hóp og Hópsós, og það verður að telja sjálfgefið, að mörk Sveinstaðahrepps og Þverárhrepps séu hin sömu og sýslumörkin. Vitni, er yfirheyrð hafa verið og nokkuð geta borið um landamerki Þingeyra og Ásbjarnarness, hafa eigi heyrt önnur merki talin milli þessara jarða en Hóp og Bjargaós. Þar sem nú þessi mörk eru talin milli sýslufélaganna og hreppanna, verður að ætla, að þau, eins og venjulegt er og eðlilegt, séu miðuð við miðjan straum eða miðjan ál í nefndum vötnum, þegar eigi er öðru vísi ákveðið. Þá er og það, að þegar þáverandi eigandi jarðanna Þingeyra og Ásbjarnarness, Hermann Jónasson, seldi hina síðarnefndu jörð árið 1902, tók hann undan Ásbjarnarnesi veiði í Bjargaós svo og landspildu meðfram ósnum að vestan til allra afnota við veiðina. Ber þetta vott um, að Hermann Jónasson

hefur talið Ásbjarnarnes eiga land að ósnum, því ella hefði verið ástæðulaust við sölu jarðarinnar að undanskilja þessi afnot.

Mörkin milli Sveinsstaðahrepps og Þverárhrepps verða eftir þessu að teljast miðstreymis um Bjargaós, en af því leiðir að landið vestan óssins er í síðarnefndum hreppi. Laxinn, sem stefndi fékk úr Bjargaós 1916 og hann segir að verið hafi 1490 kg, var þá og að nokkru leyti veiddur í Þverárhreppi. Frá þessum hreppi verður og að telja að veiðin hafi verið stunduð samkvæmt því sem að framan er sagt, en það skiftir í því efni engu, hvaðan útgerðin var flutt á veiðistaðinn eða hvar aflinn var hagnýttur.

Þau verða þannig úrslit málsins, að hreppsnefnd Þverárhrepps álíst hafa verið heimilt samkvæmt tilvitnuðum lögum að leggja útsvar á stefnda í notum umgetinnar laxveiði í Bjargaós og verður þá að breyta hinum áfrýjaða dómi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 40 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 11. júlí 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir eftir atvikum mega láta falla niður fyrir báðum réttum.

Flutningur málsins fyrir yfirdómi, að því leyti, sem það er gjafsóknarmál, hefir verið lögmætur og ber skipuðum málfærslumanni áfrýjanda 30 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón S. Pálmason greiði áfrýjanda, hreppsnefnd Þverárhrepps, 40 kr. með 5% ársvöxtum frá 11. júlí 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Skipuðum málafærslumanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 30 kr. í málflutningslaun úr landssjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919.

Nr. 8/1919: Lárus Fjeldsted f. h. O. Tynes gegn Pétri A. Ólafssyni.

Dómur:

O. Tynes kaupmaður á Siglufirði höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar gegn Pétri A. Ólafssyni kaupm. í Reykjavík til greiðslu á leigu, kr. 4229,50, eftir bryggju, síldverkunarplass o. fl. á Siglufirði sumarið 1917, en með dómi uppkveðnum 31. des. f. á. vísaði gestarétturinn málinu frá sér og feldi niður málskostnaðinn.

Dómi þessum hefir Lárus Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd O Tynes skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á. og krafist að dómurinn verði ómerktur, málinu vísað heim í hérað til dómsáleggingar að efni til og að áfrýjanda

verði dæmdur málskostnaður fyrir gestaréttinum og yfirdómi eftir mati réttarins. Það eru hins vegar kröfur stefnda, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Fyrir gestaréttinum mótmælti stefndi því, að honum væri skylt að svara þar til sakar í þessu máli og félst rétturinn á þau mótmæli. En áfrýjandi heldur því fram af annari hálfu, að lög nr 59, 10. nóv. 1905 um varnarþing í skuldamálum séu honum næg heimild til að sækja málið í þeirri þinghá, er skuldin var stofnuð í, eins og þar væri varnarþing stefnda og í því efni tekur hann fram, að O. Tynes sé búsettur borgari á Siglufirði og reki þar fasta atvinnu, sem sé skipaútgerð, framleiðsla, kaup og sala sjávarafurða, söltun á síld og leiga á söltunarplássum og bryggjum handa þeim, er veiðar stunda. Sumarið 1917 hafi hann leigt stefnda bryggju og söltunarpláss á Siglufirði, en hann eigi greitt leiguna, og þannig sé hin umstefnda skuld tilorðin; sé hún vafalaust stofnuð við fasta verslun eða heimilisfasta atvinnustofnun á Siglufirði og verði stefndi því samkvæmt nefndum lögum að þola málsókn þar út af skuldinni.

Í tilvitnuðum lögum er kveðið svo á í 1. gr. að ef skuld er stofnuð við fasta verslun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, eigi skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þeirri þinghá, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans, og síðar í greininni er þetta skýrt svo, að lög-

in nái til þeirra einna skuldaskifta, er skuldheimtumaður er kaupmaður eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiftum, svo sem eru lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir sem líkt stendur á með.

Það virðist nú af þessari upptalningu og orðalagi greinarinnar að öðru leyti auðsætt, að orðið viðskifti er þar eigi látið taka til hvers konar viðskifta, sem menn eiga saman, en aðeins til þeirra, er skylt eiga við verzlun eða kaup og sölu, sbr. »Omsætningsvirksomhed« í hinni staðfestu þýðingu laganna.

Leiguviðskifti þau, er áfrýjandi hefir átt við stefnda og að framan er lýst, geta því eigi heimfærst undir ákvæði laganna, og brast þá heimild til að sækja þetta mál fyrir gestaréttí Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar og verður eftir því að vísa því frá gestaréttinum eins og héraðsdómarinn hefir gert. Samkvæmt þessu verður að staðfesta gestaréttardóminn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Lárus Fjeldsted fyrir hönd O. Tynes greiði stefnda Pétri A. Ólafssyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919

Nr 33/1919: Réttvísin gegn Vidar Vik.

Dómur:

Í máli þessu er ákærði Vidar Vik, umboðssali hér í bænum, ákærður fyrir sviksamlegt athæfi, en með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 14. apríl þ. á., var ákæði sýknaður af ákæru sóknarans í málinu, en dæmdur til að greiða málskostnað. Þessum dómi er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Málavextir eru þeir, að þegar e/s. Lagarfoss lá hér á Reykjavíkurhöfn um mánaðarmótin janúar og febrúar þ. á, keypti ákærði tvívegis áfengi af brytanum á skipinu A. S. Borch Tegner og borgaði það í hvort skiptið við móttöku; talaðist ennfremur svo til milli þeirra ákærða og brytans, að brytinn skyldi selja ákærða áfengisbyrgðir þær, sem hann ætti eftir þegar skipið færi; skyldi ákærði koma út í skipið og sækja áfengið, þegar lögreglan væri búin að líta eftir hvort innsiglin fyrir áfenginu væru heil, og var svo tilætlast að ákærði greiddi andvirði áfengisins við móttöku. Ákærði kveðst þó hafa verið hættur við þessi kaup bæði af því að hann vantaði peninga, og þó enkum af því að hann var hræddur um að þetta myndi komast upp. Ákærði var staddur niður við steinbryggju hinn 1. febrúar, er Lagarfoss blés til brottferðar og lá skipið þá fyrir utan hafnargarðana.

Datt honum þá í hug að ná í hið umrædda áfengi, fékk sér mótorbát, sem lá við bryggjuna og hélt á honum út í skipið. Fékk hann þá hjá brytanum 276 flöskur af áfengi og kostuðu þær 3828 kr. Flutti hann áfengi þetta í land á mótorbátnum skamt frá Laugarnesi og faldi það þar á milli steina nema 4-5 flöskur, sem hann hafði með sér til bæjarins. Daginn eftir kvöðst ákærði hafa farið að vitja um áfengið, en það hafi þá allt verið horfið, og hefir hann manninn í mótorbátnum grunaðan um að hafa stolið því, með því að hann hafi verið sá eini, er vissi um það og hafi ekki komið til sín til að sækja 90 kr., er eftir voru ógreiddar af borgun þeirri, er maður þessi hafði áskilið sér fyrir aðstoð sína.

Ákærði hefir engar upplýsingar getað gefið um mann þennan eða mótorbát, og hefir ekki náðst í manninn eða frekari upplýsingar fengist um þetta.

Ákærði heldur því fram að hann hafi sagt brytanum, er hann kom út í skipið að hann hefði ekki peninga til að borga áfengið. Kveður hann brytann hafa sagt að það gerði ekkert til, hann gæti selt áfengið og borgað sér, er hann, brytinn, kæmi aftur að vestan; hins vegar hafi brytinn krafist þess að fá viðurkenningu fyrir skuldinni og drengskaparloforð hans um að greiða andvirði áfengisins, þótt það yrði gert upptækt. Kveðst ákærði þá gefið út og fengið brytanum tékkávísun á Íslandsbanka sem viðurkenningu fyrir skuldinni og hafi jafnframt sagt brytanum að hann ætti ekki peninga í bankanum fyrir upphæðinni og hafi brytanum því verið það ljóst, að tékkávísunina bæri að skoða þeirra á milli sem

viðurkenningarskjal eða tryggingu, en ekki sem borgun fyrir áfengið.

Þegar Lagarfoss kom aftur frá Ameriku var ávísuninni framvísað í Íslandsbanka, en þar var því svarað, að ákærði ætti enga peninga inni, en hefði flutt þá yfir í Landsbankann. Fór brytinn þá heim til ákærða til að krefja hann um greiðslu. Kveðst ákærði þá hafa sagt honum, að hann hefði von um að geta borgað skuldina í Landsbankanum, en kveðst þó hafa tekið það fram að hann ætti ekki peninga inni í bankanm. Varð það þá úr að ákærði fylti út tékkávísunareyðublað á Landsbankann, fyrir sömu upphæð og hina fyrri ávísun, til sjálfs sín, kvittaði aftaná ávísunina og kveðst hafa fengið brytanum hana til aukinnar tryggingar skuldinni. Ætlaði brytinn þá að skila ákærða tékkávísuninni á Íslandsbanka, en ákærði vildi ekki taka við henni og kveðst hafa sagt brytanum að hafa báðar ávísanirnar til tryggingar skuldinni; varð það þá úr að brytinn hélt báðum ávísununum. Er þeir ákærði og brytinn töluðust við í þetta skipti, var þar í herberginu viðstaddur maður að nafni Gústaf Sigurbjarnarson. Hefir hann verið leiddur sem vitni; hefir hann borið það, að hann hafi ekki heyrt eða tekið eftir hvað þeir töluðu um, en hann sá að ákærði útfylti tékkávísunar eyðublað á Landsbankann, undirskrifaði það og kvittaði og fékk brytanum; hafi þá brytinn ætlaði að fá ákærða annan tékk á Íslandsbanka, en ákærði hafi færst undan að taka við honum og sagt að brytinn gæti haldið honum líka til frekari tryggingar

og hafi þá brytinn stungið báðum ávísununum á sig.

Brytinn framvísaði ávísuninni á Landsbankann en fékk hana eigi greidda og eftir margar árangurslausar tilraunir til að fá skuld sína greidda hjá ákærða, kærði brytinn hann fyrir lögreglunni.

Brytinn hefur neitað því fyrir réttinum að ákærði hafi sagt honum eða hann á annan hátt hafi vitað, að ákærði ætti ekki peninga í bönkunum fyrir ávísununum, og kveðst hafa tekið við þeim báðum sem greiðslu á skuld ákærða en ekki sem skuldarviðurkenningu. Ákærði hefur hins vegar haldið fast við framburð sinn og neitar því afdráttarlaust að hann hafi viljað blekkja brytann með því að fá honum hinar umræddu ávísanir. Fyrri ávísunina kveðst hann hafa ætlað sér að innleysa með þeim peningum, er hann fengi fyrir áfengið með sölu þess, og hann hefir tilgreint mann, er hann kveðst hafa haft von um að mundi hjálpa sér til að innleysa hina síðari, og kveður hann það enn vera ásetning sinn að greiða brytanum skuldina.

Þegar nú er litið til tegundar viðskifta þeirra, sem þeir áttu brytinn og ákærði, og til framburðar vitnisins Gústafs Sigurbjarnarsonar þykja ekki vera framkomin í málinu næg gögn til þess að hnekkja framburði ákærða, og þykir því ekki fært gegn eindreginni neitun hans að telja sannað, að hann hafi gefið hinar umræddu ávísanir út í sviksamlegum tilgangi. Það ber því, svo sem undirdómarinn hefir gert, að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar í

máli þessu. Allan kostnað sakarinnar þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 krónur til hvors, ber að greiða af almannafé.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Viðar Vik á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Sakarkostnaður allur, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 20 kr. til hvors, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 64/1918: Lárus Féldsted f. h. Valdemars Thorarensen gegn Guðmundi Eiríkss.

Dómur:

Við áfrýjun máls þessa, sem farið hefir verið með og dæmt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og sem báðir aðilar hafa skotið til yfirdómsins, hefir settum bæjarfógeta Vigfúsi Einarssyni, er fór með málið fyrir bæjarþinginu frá 21. febrúar til 1. apríl f. á.,

ekki verið stefnt fyrir yfirdóminn enda hefir hann eigi mætt eða látið mæta fyrir yfirdómi og sést ekki að hann hafi frafallið stefnu í málinu. Með því að fyrirmælum í N. L. 1—2—3 sbr. tilskipun 15. ág. 1832, 18. gr. þannig eigi hefir verið fullnægt í málinu, ber að vísu því heild sinni frá yfirdómi. Málskostnaður virðist rétt af falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 19/1919: Guðni Þorbergsson gegn Helga Jósefssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Guðni Þorbergsson, eigandi lóðarinnar nr. 82 við Hverfisgötu, gegn stefnda Helga Jósefssyni, eiganda lóðarinnar nr. 80 við sömu götu, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og gerði þar þær réttarkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að rífa niður og flytja burtu skúr og grjótgirðingu, sem hann hefði reist ólöglega á lóð áfrýjanda og setja upp aftur girðingu um lóðina, sem stefndi hefði ólöglega rifið niður. Ennfremur krafðist hann skaðabóta að upphæð 200 kr. eða eftir mati dómarans eða óvilhallra manna og málskostnaðar eftir mati réttarins. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum

1. ág. f. á., að málinu var ex officio vísað frá bæjarþinginu og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. mars þ. á. og krafist þess að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi feldur og málinu heimvísað til dómsáleggninga að efni til og að honum verði dæmdur málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi. Stefndi krefst þess hins vegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ágreiningurinn í máli þessu er um takmörk milli lóðanna nr. 82 og nr. 80 við Hverfisgötu, og er frávísun málsins frá bæjarþinginu bygð á því, að rétturinn sé ekki bær um að dæma um ágreining þennan, með því að lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, séu komin til framkvæmdar og beri því úrslit þessa máls undir merkjadóm þann, sem settur er í nefndum lögum.

Í yfirdómi hefir verið lagt fram vottorð frá borgarstjóra Reykjavíkur um það, að merkjadómur sá, sem gert er ráð fyrir í nefndum lögum, sé ekki enn skipaður »sökum þess að mælingu bæjarlandsins sé ólokið«. Verður að skilja vottorð þetta svo, að undirbúningi þeim, er bæjarstjórnin telur nauðsynlegan áður en lögin komi til framkvæmda, sé ekki lokið, enda sézt það af skjölum málsins, að mæling á lóðum þessum hefir ekki farið fram á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. laganna.

Þar sem nú svo verður að skilja 15. gr. nefndra laga, að bæjarstjórnin geti ráðið því, hvenær lög þessi komi til framkvæmdar og þar sem ráða má af umgetnu vottorði borgarstjóra, að bæjarstjórnin hafi ekki enn gert ráðstafanir í því efni, verður ekki álitið að heimild hafi verið til þess að vísa málinu frá bæjarþinginu.

Við meðferð málsins í héraði er og það að athuga, að undirdómarinn hefir dæmt mál þetta, sem er eignarþrætumál, án þess að kveðja til meðdómsmenn, svo sem fyrir er mælt í N. L. 1—7—1.

Eftir kröfu áfrýjanda ber því að ómerkja hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm og vísa málinu heim aftur til löglegri meðferðar og dómsáleggingar að efni til.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera ómerkur og heimvísast málinu til löglegrar dómsáleggingar að efni til.

Stefndi, Helgi Jósefsson, greiði áfrýjanda, Guðna Þorbergssyni, 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 28/1919: Réttvísin
gegn
Jóhannesi Kr. Jóhannessyni.

Dómur:

Jóhannes Kristján Jóhannesson trésmiður í Reykjavík, sem kærður er í máli þessu fyrir sviksamlegt athæfi og skjalafals, var í aukarétti Reykjavíkur 10. apríl þ. á. dæmdur samkvæmt 259. gr. og 255. gr. sbr. 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Þessum dómi er eftir ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Ákæröi er sakaður um það að hann hafi haft í frammi sviksamlegt atferli við kaup og sölu á húseigninni nr. 12 við Barónsstíg hér í bænum. Húseign þessa seldi Gunnar Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður 25. apríl f. á. Guðmundi Guðmundssyni sjó[illegible]anni Hverfisgötu 76 fyrir 20000 kr. Upp í kaupverðið gaf Guðmundur út til Gunnars skuldabréf fyrir 7000 kr. með veði í hinni seldu eign og uppfærslurétti eftir 2 veðskuldir kr. 5136.68 og kr. 5600.00, sem eignin var veðsett fyrir með 1. og 2. veðrétti. Veðskuldabréf þetta seldi Gunnar Sigurðsson Landsbankanum að handveði, óþinglesið; kvaðst hann hafa búist við að bankinn mundi láta þinglýsa því. Í júlímánuði s. á. fól Guðmundur Guðmundsson

ákærða umboð til að selja nefnda húseign, og hét honum, að því er ákærði skýrir frá, 500 kr. í sölulaun, ef hann gæti selt hana fyrir 19500 kr. Ákærða var kunnugt um veðskuldina 7000 kr., til Gunnars Sigurðssonar, en þegar hann hafði fengið veðbókarvottorð fyrir húseigninni, athugaði hann að veðskuldabréfið var óþinglesið, og hugsaði hann sér þá, að eignast húsið sjálfur, en komast hjá að greiða veðskuldina til Gunnars. Í því skyni samdi hann afsalsbréf fyrir eigninni sér til handa frá Guðmundi, tilgreindi þar ekkert kaupverð, en orðaði ákvæði bréfsins um það svo, að kaupandi hefði tekið að sér »að greiða eftirstöðvar þeirra þinglesnu veðskulda, sem á eigninni hvíla« og á annan hátt greitt sér andvirðið að fullu. Fór ákærði með þetta afsalsbréf til Guðmundar og skrifaði hann undir það þannig orðað, með því að honum var eigi, að því er hann segir, kunnugt um að veðskuldabréf hans til Gunnars Sigurðssonar væri óþinglesið. Viku síðar, 21. ágúst, seldi ákærði svo húseignina Birni Bogasyni bókbindara, með sama rétti eins og hann hafði eignast hana og átt samkvæmt afsalsbréfi Guðmundar, og tók af honum upp í kaupverðið skuldabréf fyrir 8000 kr. með 3. veðrétti og með uppfærslurétti eftir 2 fyrgreindum þinglesnum veðskuldum, sem Björn tók að sér að greiða. Ákærði sýndi Birni veðbókarvottorð fyrir eigninni en gat eigi við hann um veðskuldabréfið til Gunnars Sigurðssonar, og eigi var kaupverðsupphæðin tilgreind í afsalinu til Björns. Daginn eftir, 22. ágúst, voru afsalsbréfin frá Guð-

mundi til ákærða og frá ákærða til Björns og veðskuldabréf Björns til ákærða þinglesin.

Ákærði hefir kannast við að hann hafi vitað um veðskuldina til Gunnars Sigurðssonar áður en hann keypti og seldi húseignina nr. 12 við Barónsstíg og að hann hafi ætlað að koma sér hjá að greiða hana með því að geta hennar ekki í afsalsbréfinu til sín, og ætlað að sér mundi takast það, af því að veðskuldabréfið var ekki þinglesið Hann þykist þó eigi hafa verið fullviss um að skuld þessi væri til, þó að Guðmundur segði honum frá henni. En þessum framburði ákærða verður að hafna, því að öll framkoma hans við kaup og sölu á húseigninni sýnir það að hann gerði ráð fyrir og bygði á því, að skuldabréfið væri til, og skýrslur málsins sýna það að öðru leyti nægilega, að ákærði vissi um skuldabréfið þegar hann fekk undirskrift Guðmundar undir afsalsbréfið 14. ág. f. á. Guðmundur hefir borið það sem vitni og staðfest með eiði að ákærði hafi tekið að sér skuldina til Gunnars sem sína skuld, og vitni hafa borið það, að þau hafi heyrt ákærða kannast við að hafa lofað Guðmundi að taka að sér allar á eigninni hvílandi skuldir, einnig þessa skuld. Þá hefir ákærði og kannast við, að hann hafi hugsað sér, að borga Gunnari skuld na, ef það sannaðist að hún væri til og hvíldi á húsinu. Í réttarprófunum skýrði Guðmundur frá því, að hann hefði selt ákærða húsið fyrir 19000 kr., og ákærði bar það að sig minti að Guðmundur hefði sagst hafa keypt húsið fyrir þetta verð, og fyrir sama verð fól hann ákærða að selja

eignina. Að þessu athuguðu verður að telja vafalaust, að ákærði hafi ekki getað látið sér koma til hugar, að Guðmundur vildi selja honum eignina fyrir 12000 kr., en það hefði kaupverðið orðið að sleptri veðskuldinni til Gunnars. Ákærða gat því ekki dulist það, að Guðmundur skrifaði undir afsalsbréfið til hans í þeirri trú, að veðskuldin til Gunnars væri meðal þeirra þinglesnu veðskulda, sem ákærði tók að sér að greiða, og að hann hefði eigi fengið hann til að gefa út afsalsbréfið þannig orðað, ef hann hefði skýrt honum frá að sú veðskuld væri óþinglesin. Þessi viðskifti ákærða við Guðmund Guðmundsson, í sambandi við síðari ráðstafanir hans á húseigninni nr. 12 við Barónsstíg, verða að teljast sviksamlegar athafnir, er ákærði verður að sæta refsingu fyrir.

Þá er ákærði og sakaður um skjalafals og eru málavextir þeir, að þegar hann skilaði afsalsbréfi Guðmundar Guðmundssonar fyrir húseigninni nr. 12 við Barónsstíg til þinglesturs, var þess krafist af honum á bæjarfógetaskrifstofunni, að afsalsbréfið bæri með sér kaupverðsupphæðina, til þess að reiknuð yrðu gjöldin fyrir þinglestur bréfsins og stimplun. Ákærði skrifaði þá inn í afsalsbréfið orðin: »Kaupverðið er kr. 12000 — tólf þúsund krónur«. Hann hefir neitað því eindregið að hann hafi skrifað þetta inn í afsalsbréfið til þess að komast hjá að greiða að fullu lögboðið þinglesturs- og stimplunargjald, því að hann kveðst hafa talið víst, að hann þyrfti eigi að greiða meir en 12000 kr. fyrir húsið, og hafa bætt inn í

afsalsbréfið fyrgreindum orðum, af því að það hafi verið heimtað, og maður sá, sem tók við skjalinu á skrifstofu bæjarfógeta, hafi bent sér á, hvar hann ætti að skrifa orðin inn í bréfið, en ákærði hafi verið tregur til þess, af því honum hafi þótt varhugavert, að bæta nokkru inn í skjal, er annar maður hefði undirskrifað, í fjarvist hans og án heimildar frá honum.

Það þykir nú ekki alveg næg ástæða til að hafna þessum framburði ákærða eða gera ráð fyrir að það hafi verið ásetningur hans að falsa afsalsbréfið. Virðist því eiga að sýkna hann af ákærunni um skjalafals.

Ákærði er fæddur 14. júní 1885, og hefir eigi áður sætt ákæru fyrir neinn glæp. Framangreint brot hans heyrir undir 255. gr. og 259. gr. sbr. 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður og ákærði að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdómi, 20 kr. til hvors.

Fyrir Guðmund Guðmundsson hefir verið krafist bóta fyrir tjón það, er hann hefir beðið fyrir sviksamlegt athæfi ákærða og verður samkvæmt 302. gr. hegningarlaganna að taka þá kröfu til greina, þannig að ákærði sé skyldaður til að taka að sér sem eigin skuld veðskuld Guðmundar að upphæð 7000 kr., til Gunnars Sigurðssonar, samkvæmt skuldabréfi 25.

apríl f. á. og setja tryggingu fyrir henni eigi lakari en skuldabréfið ákveður.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhannes Kristján Jóhannesson sæti 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Björns Pálssonar, 20 krónur til hvors. Svo ber og ákærða áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að taka að sér sem eigin skuld veðskuld Guðmundar Guðmundssonar, 7000 kr., til Gunnars Sigurðssonar, samkvæmt veðskuldabréfi 25. apríl 1918 og setja tryggingu fyrir henni, eigi lakari en skuldabréfið ákveður.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 70/1918: Lárus Féldsted f. h.
H. Söbstad
gegn
Júl. Havsteen f. h. h/f.
Mannheimer.

Dómur:

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalmál og gagnsök. Aðalmálið höfðaði stefndi Jul. Havsteen fyrir hönd hlutafélagsins Mannheimer til þess að fá áfrýjanda H. Söbstað útgerðarmann á Siglufirði dæmdan til að greiða andvirði kola, er hann hafði bjargað úr gufuskipinu Smaragd, 756 kr. ásamt 5 % ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en H. Söbstad höfðaði þá gagnsök á hendur hlutafélaginu og krafðist þess að það yrði dæmt til að greiða sér 2400 kr. að frádregnu andvirði umræddra kola 629 kr. 38 aur. eða kr. 1770.62, en til vara kr. 1428.96 auk 5 % ársvaxta frá 20. ág. 1915 og málskostnað eftir mati réttarins. Til þrautavara krafðist hann að aðalkrafan og gagnkrafan verði látnar fallast í faðma og málskostnaður látinn niður falla.

Mál þetta var eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, og og lauk því svo með dómi uppkveðnum 7. júní f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hlutafélaginu 522 kr. með 5% ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til

greiðsludags og var málskostnaður lálinn falla niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Þessum dómi hefir H. Söbstad skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. desbr. f. á. og gerir hann hér fyrir réttinum allar hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 14. maí þ. á, og krafist þess að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 756 kr. með 5% vöxtum frá 17. ág. 1915, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og loks krefst hann, hvernig sem málið fer, málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 16. ág. 1915 rakst gufuskipið Smaragd á sker úti fyrir Siglufirði; var skipið fermt kolum til W. Steffensen útgerðarmanns á Siglufirði, og var kolafarmurinn vátryggður hjá stefnda, hlutafélaginu Mannheimer. Til þess að ná skipinu af skerinu þótti tiltækilegt að létta það með því að ná úr því nokkru af kolunum. Lét skipstjórinn því þau boð berast til mótorbátaeigenda á Siglufirði að þeir mættu bjarga kolum úr skipinu, og er það ennfremur upplýst í málinu að nokkuð af kolunum var mokað í sjóinn.

Samkvæmt þessari boðsendingu sendi áfrýjandi mótorskip sitt út að hinu strandaða skipi og fékk afhentar úr því 160 tunnur af kolum og gaf viðurkenningu fyrir móttöku þeirra. Kol þessi voru flutt til Siglufjarðar og hefir áfrýjandi hagnýtt sér þau,

en ekki afhent þau móttakanda farmsins eða vátryggjanda, enda verður ekki séð að frá þeirra hálfu hafi komið nein krafa um afhendingu þeirra.

Stefndi heldur því fram, að 8 tunnur af kolum svari til einnar smálestar, og hafi áfrýjandi því tekið á móti 20 smálestum af kolum. Telur hann að almennt verð á kolum á Siglufirði hafi um þetta leyti verið 54 kr. fyrir smálest og gerir hann þannig kröfu til að fá greitt andvirði kolanna 1080 kr. að frádregnum 30%, er hann telur sér skylt að greiða fyrir björgun og flutning kolanna til Siglufjarðar. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að þessar 160 tunnur af kolum, er hann tók á móti úr skipinu, hafi vegist tæp 18 tonn og að gangverð kola á Siglufirði hafi að eins verið 35 kr. fyrir smálestina, og beri honum því ekki að borga meira fyrir kolin komin til Siglufjarðar en 629 kr. 38 a.

Hvað þetta atriði snertir hefir stefndi ekki sannað að hin umræddu kol hafi verið meiri en áfrýjandi hefir viðurkennt, tæp 18 tonn, og verður hann því ekki dæmdur til að greiða fyrir meira. Fyrir staðhæfingu sinni um að gangverð kola á Siglufirði hafi verið 35 kr. hefir áfrýjandi ekki fært nein rök, en þar á móti hefir stefndi lagt fram í málinu vottorð frá kolakaupmönnum á Siglufirði um að verð á kolum hafi verið þar um þetta leyti 54 kr. tonnið, og ber því að leggja þetta verð til grundvallar og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda andvirði kolanna 18×54 = kr. 972,00.

Í gagnsökinni hefir áfrýjandi krafist þess, að

stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2400 kr. fyrir björgun og flutning kolanna til Siglufjarðar og rökstyður hann kröfu sína með því, að hann hafi lánað mótorskip sitt með allri áhöfn til vinnu í þarfir skips og farms í 3 daga; setur hann upp 800 kr. á dag eða alls 2400 kr.; heldur hann því fram að hann hafi skilið boðsendingu skipstjórans svo að þeir, sem vildu sækja kolin og þar með flýta fyrir að létta skipið, skyldu að minsta kosti fá þau fyrir björgunina, en auk þess telur hann sig eiga heimtingu á frekari borgun, með því að hann, með því að láta taka kolin úr skipinu, hafi í rauninni unnið að björgun skips og farms í heild sinni. Það er þó ekkert komið fram um það í málinu, að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að skilja boðsendingu skipstjórans á þann veg að hann ætti að fá öll kolin fyrir björgun þeirra og flutning til Siglufjarðar, og enn síður getur komið til mála að honum geti borið nokkuð gjald fram yfir sannvirði kolanna á Siglufirði, því hann hefir engin rök fært fyrir því, að hann hafi unnið að björgun skipsins eða farmi þess fram yfir björgun á umgetnum kolum. Áfrýjanda getur því ekki borið hærri borgun en hæfilegt endurgjald fyrir björgun kolanna og flutning þeirra til siglufjarðar. Um þessa borgun hefir ekki verið samið fyrirfram og ber því réttinum samkv. 229 gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, að ákveða upphæð björgunarlaunanna. Borgun þessa hefir undirdómarinn ákveðið 450 kr., og með því að áfrýjandi hefir ekki sýnt fram á að upphæð þessi sé of lág, ber að samþykkja hana. Þessar 450 kr.

ber að draga frá andvirði kolanna 972 kr., en eftirstöðvarnar 522 kr. ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Þar sem yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og undirdómarinn og ákvæði dómsins um málskostnað samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi H. Söbstað greiði stefnda Júl. Havsteen f. h. h/f. Mannheimer 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 68/1918: Gissur Filippusson
gegn
Valdemar Jónssyni
og Helga Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalsökina höfðuðu hinir stefndu Valdimar Jónsson afgreiðslumaður í Reykjavík og Helgi Jónsson bóndi í Tungu hér í bænum gegn Gissuri Filippussyni vélasmið til þess að fá hann dæmdan til að greiða þeim skaðabætur að upphæð 3450 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 9. marz 1917 til greiðsludags, eða til vara þá upphæð, er tveir óvilhallir dómkvaddir menn meta, og málskostnað eftir mati réttarins. Áfrýjandi Gissur Filippusson höfðaði hins vegar gagnsök gegn hinum stefndu og krafðist þess í aðalsökinni að verða sýknaður af kröfum þeirra og þeir yrðu dæmdir til að greiða honum 648 kr. 83 a. með 5% ársvöxtum frá dags. sáttakærunnar í gagnsökinni 29. marz 1917 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati réttarins.

Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 30. maí f. á., að í aðalsökinni var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu skaðabætur fyrir tjón það, sem tveir óvilhallir dómkvaddir menn meta að þeir hafi beðið við það að

aðgjörð áfrýjanda á vélinni í vélbát þeirra Sæbjörn var óforsvaranleg, þó ekki yfir 3450 kr. með 5 % ársvöxtum frá 9. marz 1917 til greiðsludags, en í gagnsökinni voru stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda 648 kr. 83 a. með 5 % ársvöxtum frá 29. marz 1917 til greiðsludags og var málskostnaður bæði i aðalsök og gagnsök látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Gissur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. nóv. f. á. og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum hinna stefndu, en dómurinn í gagnsökinni staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 3. marz þ. á. og krafist þess, að allar kröfur þeirra fyrir undiréttti bæði í aðalsök og gagnsök verði teknar til greina, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er aðalsökina snertir og loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Tildrög máls þessa eru þau, að haustið 1916 beiddu stefndu áfrýjanda að athuga og gjöra við vélina í mótorbát þeirra Sæbirni. Halda stefndu því fram, að áfrýjandi hafi lofað að gjöra við vélina svo að hún yrði sem ný, en áfrýjandi heldur því hins vegar fram að hann hafi engu lofað um þetta, stefndu hafi ráðið því hvernig gjört var við vélina, horft í kostnaðinn og því ekki viljað hafa viðgerðina eins ábyggilega eins og hann hafi ráðið þeim til.

Frá hvorugra hálfu hafa komið fram neinar sananir fyrir þessum staðhæfingum, en út frá því verður að ganga að viðgerðin hafi átt að vera forsvaranleg, og heldur áfrýjandi því fram að svo hafi verið.

Eftir að aðgerð þessari var lokið og búið að setja vélina í bátinn var hún athuguð af eftirlitsmanni Samábyrgðarinnar og reynd í bátnum á sjó, og heldur áfrýjandi því ómótmælt fram, að eftirlitsmaðurinn hafi gefið henni það vottorð til Samábyrgðarinnar að hún væri í besta standi og hafi hann auk þess látið í ljósi við áfrýjanda að vélin væri ágæt. Eftir þetta var báturinn sendur til Sandgerðis á fiskiveiðar — en hvenær það var sést ekki í málinu. — Halda stefndu því fram, að þá hafi brátt farið að koma fram gallar á vélinni í þeim hlutum hennar, sem áfrýjandi hafði gert við, vélin hafi altaf verið að smábila, en þó hafi verið hægt að koma henni til gangs aftur, þar til í fiskiróðri 23. jan. 1917, að hún hafi alveg bilað, og var bátnum þá bjargað til lands af ensku botnvörpuskipi og dreginn til Reykjavíkur. Skýra stefndu svo frá, að botnvörpuskipið hafi tekið 4500 kr. í björgunarlaun og hafi $^1/_5$ hluti af þeirri upphæð fallið á þá eða 900 kr. Við þetta atvik hafi báturinn tapað veiðarfærum fyrir 600 kr. Hafi síðan áfrýjandi ásamt öðrum vélasmið tekið vélina aftur til viðgerðar; hafi þessi viðgerð tekið langan tíma og telja stefndu að þeir við allt þetta hafi orðið fyrir aflatjóni að upphæð 2950 kr. Skaði sá, sem stefndu halda fram, að þeir hafi orðið fyrir sökum bilunar á vélinni, er þannig kr. 900.00+600.00

+2950.00 = kr. 4450.00, en í málinu hafa þeir þó ekki gert kröfu til hærri skaðabóta en 3450 kr., en með því að þessi bilun vélarinnar hafi stafað af óforsvaranlegri viðgerð áfrýjanda á henni, telja þeir að honum beri skylda til að bæta þeim tjón þeirra. Þessari kröfu sinni til stuðnings fengu stefndu hinn 23. febr. 1917 tvo menn útnefnda af bæjarfógetanum í Reykjavik til að skoða og athuga umrædda vél, og segja álit sitt um hana, sérstaklega um viðgerð þá, er áfrýjandi hafði gert. Í skoðunargerð þeirri, er menn þessir hafa gert og framkvæmd var 2. marz s. á., tala skoðunarmennirnir að eins um einn hluta vélarinnar, skrúfuöxulinn; var viðgerð áfrýjanda á þessum vélarhluta í því fólgin að lengja öxulinn með því að skrúfa við hann stálbút, og telja skoðunarmennirnir að þessi samsetning hafi ekki verið nægilega traust eða vel af hendi leyst. Svo hafa stefndu lagt fram vottorð frá smið þeim, er hafði vélina til viðgerðar á eftir áfrýjanda og hefir hann fyrir rétti látið það álit sitt í ljósi að sumir af göllum þeim, er verið hafi á mótornum, hafi verið hroðvirknislegri viðgerð áfrýjanda að kenna.

Gagnvart þessu heldur áfrýjandi því fram, að viðgerð sín hafi verið vel og forsvaranlega af hendi leyst og vitnar hann í þessu efni til umgetins vottorðs eftirlitsmanns Samábyrgðarinnar, og heldur því fram, að bilun vélarinnar hafi eingöngu verið að kenna illri meðferð á henni, eftir að hann gerði við hana. Hann mótmælir umræddri skoðunargerð sem algerlega óábyggilegri, með því að hún hafi verið

gerð löngu eftir að viðgerðin fór fram, og bendir á að skoðunarmennirnir hafi ekki athugað vélina eftir að hann skilaði bátnum frá sér, ekki einu sinni eftir að bátnum var bjargað, heldur löngu síðar eftir að búið var að taka vélina úr bátnum og eftir að margir voru búnir að fást við mótorinn, og hann heldur því fram að þeir gallar á viðgerðinni, sem skoðunarmennirnir hafi fundið að, hafi ekki verið til staðar, er hann skilaði mótornum frá sér. Af sömu ástæðum mótmælir hann nefndu vottorði og vitnisburði vélasmiðsins.

Það skal tekið fram, að vélstjóri sá, er var á bátnum, er vélin bilaði 23. jan. 1917, hefir ekki verið látinn gefa skýrslu um bilun vélarinnar eða orsökina til þess. Engar skýrslur eru heldur um það í málinu, að vélin hafi verið skoðuð eftir að bátnum hafði verið bjargað, en þar sem umgetin skoðunargerð var framkvæmd löngu síðar, eftir að vélin hafði verið tekin úr bátnum, þykir eigi fært gegn mótmælum áfrýjanda að telja sannað að bilun vélarinnar hafi stafað af óforsvaranlegri viðgerð áfrýjanda. Ekki verður þetta heldur bygt á vottorði vélasmiðsins meðal annars sökum þess að hann tók ekki við vélinni úr höndum áfrýjanda. Þegar af þessari ástæðu verður skaðabótakrafan ekki tekin til greina. Verður því að breyta hinum áfrýjaða dómi að þessu leyti og sýkna áfrýjanda af skaðabótakröfu hinna stefndu.

Að því er til gagnsakarinnar kemur, kröfu áfrýjanda á hendur stefndu um greiðslu eftirstöðv-

anna af viðgerðarkostnaðinum, hafa stefndu fyrir undirrétti krafist þess að gagnkröfunni verði vísað frá dómi, en þessi krafa hefir ekki við rök að styðjast og verður ekki tekin til greina. Varakrafa stefndu um sýknun verður heldur ekki tekin til greina, með því að þeir hafa ekki haldið því fram að viðgerðarkostnaðurinn væri fullgreiddur. Og kemur þá til álita þrauta-varakrafa stefndu um niðurfærslu á reikningi áfrýjanda yfir viðgerðarkostnaðinn. Áfrýjandi hefir lagt fram í málinu skjal ritað á víxileyðublað, en án þess greiðsludagur sé tilgreindur þess efnis, að stefndi, Valdemar Jónsson, greiði honum 648 kr. 83 au. og er samþykki Valdemars ritað þvert yfir skjalið eins og á víxli. Áfrýjandi heldur því fram, að með áritun þessari á skjalið, sem hljóðar um eftirstöðvarnar af viðgerðarkostnaðinum, sé reikningurinn viðurkendur og samþykktur af stefnda, Valdemar Jónssyni, sem hafi verið útgerðarstjóri vélbátsins. Stefndu hafa ekki neitað því, að skjalið þetta hljóði um eftirstöðvarnar af viðgerðarkostnaðinum, en þeir halda því fram að Valdemar Jónsson hafi neyðst til þess að rita samþykki sitt á skjalið, til þess að fá frá áfrýjanda stykki úr vélinni, er hafi verið í vörzlum hans, og auk þess hafi Valdemar ekki einn verið bær um að samþykkja reikninginn svo bindandi væri fyrir báða eigendur bátsins. Á þetta verður ekki fallist. Eftir því sem fram er komið í málinu, var það Valdemar Jónsson er upphaflega samdi við áfrýjanda um viðgerðina fyrir sína hönd og meðeiganda síns, og þar sem hér

var að ræða um eftirstöðvar af kostnaði við þá viðgerð, og þar sem það auk þess er viðurkent að Valdemar skrifaði undir skjalið til þess að fá frá áfrýjanda annan hlut, sem var hluti af félagseigninni, verður að líta svo á, að hann, hvað þessa viðgerð snertir, hafi komið fram sem útgerðarstjóri gagnvart áfrýjanda, og verður þá að telja samþykki hans á eftirstöðvunum af umræddum viðgerðarkostnaði bindandi fyrir báða hina stefndu

Samkvæmt framansögðu verða þannig úrslit máls þessa þau, að í aðalmálinu á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, en í gagnsökinni verður að dæma þá til að greiða áfrýjanda 648 kr. 83 a. með vöxtum eins og krafist er. Eftir málavöxtum þykir mega láta málskostnað fyrir báðum réttum, bæði í aðalsök og gagnsök, falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinni á áfrýjandi Gissur Filippusson að vera sýkn af kærum og kröfum hinna stefndu, Valdemars Jónssonar og Helga Jónssonar, en í gagnsökinni eiga stefndu in solidum að greiða áfrýjanda 648 kr. 83 a. með 5% ársvöxtum frá 29. marz 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 28. júli 1919.

Nr. 22/1919: Ólafur Thors
f. h. hlutafél. »Kveldúlfur«
gegn
Sveini Björnssyni
f. h. H. A. Michelsen.

Dómur:

Með dómi, uppkveðum 15. marz þ. á., í sjódómi Reykjavíkur var áfrýjandi þessa máls Ólafur Thors framkvæmdarstjóri fyrir hönd h. f. »Kveldúlfur« dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttarmálflutningsmanni fyrir hönd firmans H. A. Michelsen í Bergen 3952 kr. 65 aur. með 6 % ársvöxtum frá 2. marz f. á. til greiðsludags, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til yfidómsins með stefnu dags. 10. apríl þ. á. og krafist fullrar sýknunar af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir sjódómi og yfirdómi eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þessir. Í ágústmánuði 1915 seldi áfrýjandi fyrir milligöngu manns í Bergen verzlunarfirma þar H. A. Michelsen 3000 tunnur af síld á 31 kr. 20 a. hverja tunnu. Var síldin seld cif Bergen, »on safe arrival« eins og komist er að orði í sölureikningnum og skipið Fenris, sem áfrýjandi hafði á leigu, tók hana 11. sept. s. á., á Hjalteyri við Eyjafjörð til flutnings þangað. Á útsiglingu af Eyjafirði rakst skipið á Hrólfssker, komst þaðan með aðstoð

björgunarskips fyrst til Hjalteyrar, síðan til Akureyrar; þar var síldarfarmurinn tekinn úr því, og gert að því til bráðabirgða. Að lokinni aðgerðinni tilnefndi vararæðismaður Norðmanna á Akureyri tvo menn til að skoða skipið og gáfu þeir út vottorð um að það væri sjófært til að taka síldarfarm til útlanda. En er farmurinn hafði verið látinn aftur í skipið, krafðist skipshöfnin að $^1/_3$. hluti hans yrði tekinn á land, með því að skipið væri ofhlaðið og dælurnar ekki í lagi, og varð það úr fyrir afskifti ræðismannsins að skipið var affermt 984 síldartunnum, er skipið Vaagen síðar að tilhlutun stefnda flutti til Bergen. Á þessar síldartunnur lagðist aukakostnaður er við niðurjöfnun sjótjónsins taldist vátryggjendum farmsins óviðkomandi og fékkst eigi endurgoldinn frá þeim, en stefndi telur sig eiga að fá greiddan hjá áfrýjanda. Af kröfum sínum hér að lútandi á hendur áfrýjanda, fékk stefndi sér dæmdar fyrir sjódóminum 3444 kr. flutningsgjald fyrir síldina með Vaagen, og 508 kr. 65 a. fyrir 16 síldartunnur, er eigi komu fram, en að öðru leyti voru kröfur hans eigi teknar til greina. Hér fyrir réttinum koma því að eins til álita nefndir 2 kröfupóstar.

Áfrýjandi hefir krafist algerðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins. Hann mótmælir kröfum stefnda í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að hann, áfrýjandi, hafi fullnægt sölusamningnum við stefnda með því að leggja til farmrúm handa síldinni og vátryggja hana stefnda kostnaðarlaust. Svo heldur hann því og fram, að ákvæðið

»on safe arrival« í samningnum, merki það, að hann hafi orðið ógildur þegar »Fenris« hlekktist á, og að áfrýjandi hafi þá orðið laus allra mála við stefnda, en stefndi hafi kosið að samningurinn skyldi þó haldast og verði því að líta svo á, að hann hafi tekið við þeim síldartunnum, sem eftir urðu af Fenris, liggjandi á Akureyri, og geti hann þá eigi út af þeim eftir á gert neinar kröfur á hendur áfrýjanda. Ennfremur neitar áfrýjandi því, að kröfur stefnda verði á því bygðar að áfrýjandi var leigjandi skipsins »Fenris«, því að skipið hafi fengið bráðabirgðaaðgerð á Akureyri fullnægjandi til að gera það sjófært með allan síldarfarminn til ákvörðunarstaðarins og fengið vottorð um það, og þó að skipstjórinn fyrir samtök skipshafnarinnar og íhlutun norska ræðismannsins hafi eigi séð sér fært annað en að skilja eftir áminstan hluta farmsins, þá beri áfrýjandi, sem leigjandi skipsins, ekki ábyrgð á gerðum skipstjóra í því efni, en stefndi verði að snúa kröfum sínum á hendur eiganda skipsins, ef skipstjóra hafi yfirsést, eða á hendur vátryggjendum farmsins, því að niðurjöfnun sjódómsins sé eigi fullnaðarúrskurður um það, að framangreindur aukakostnaður sé þeim óviðkomandi.

Stefndi hefir eigi haldið því fram, að áfrýjandi hafi rofið sölusamninginn, og það virðist eigi skifta máli, hvernig ákvæði samningsins »on safe arrival« er skilið, úr því að áfrýjandi hefir eigi notað sér þá heimild, sem að hans ætlun felst í þessu ákvæði.

Eftir skýrslum málsins verður áfrýjandi að telj-

ast hafa verið útgerðarmaður Fenris, og hann tók að sér flutning síldarfarmsins með þessu skipi til Bergen. Þeirri skuldbindingu fullnægði hann eigi að því er kemur til þess hluta farmsins, sem eftir varð á Akureyri, en flutningsgjald fyrir allan farminn var fólgið í kaupverði síldarinnar og áfrýjanda þannig greitt. Þó að það hefði verið fyrir yfirsjón skipstjóra eða skyldubrot — sem eigi virðist hafa verið — að þriðjungur farmsins varð eftir, þá var þetta samkvæmt 12. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóv. 1914 á ábyrgð útgerðarmanns að minsta kosti meðan farmgjaldið hrökk til. Það verður því eigi á það fallist, að stefnda hefði borið að snúa sér að eigendum skipsins um kröfur sínar í þessu máli, né heldur, að hann hefði átt að beina þeim til vátryggjenda farmsins, með því að áfrýjandi hefir ekki sýnt fram á, að niðurjöfnun sjótjónsins, sem telur þessar kröfur vátryggjendum óviðkomandi, sé að þessu leyti röng. Þar sem nú áfrýjandi sem útgerðarmaður Fenris tók að sér að flytja umræddar 984 síldartunnur til Bergen, en gerði enga ráðstöfun til að senda þær, eftir að þær urðu eftir af Fenris á Akureyri, en stefndi lét flytja þær á ákvörðunarstað með öðru skipi á sinn kostnað, þá kemst áfrýjandi eigi hjá að endurgjalda stefnda þennan kostnað, og með því að áfrýjandi hefir eigi leitt rök að því, að farmgjaldið fyrir þennan farmhluta, kr. 3.50 fyrir hverja síldartunnu eða alls kr. 3444.00, sé of hátt reiknað, verður að dæma hann til að greiða stefnda þessa upphæð.

Hin upphæðin, sem áfrýjandi hefir með dómnum verið skyldaður til að greiða stefnda kr. 508.65, andvirði fyrir 16 síldartunnur, er eigi komu til skila, var við niðurjöfnum sjódómsins tekin til greina þannig, að hún skyldi lúkast af farmgjaldinu, og virðist þá eiga að dæma áfrýjanda sem leigjanda skipsins og útgerðarmann til að endurgjalda stefnda þessa upphæð.

Úrslit málsins hér fyrir réttinum verða þannig hin sömu og fyrir sjódóminum, og með því yfirdómurinn einnig felst á ákvæði dómsins um vexti og málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Ólafur Thors f. h. h.f. Kveldúlfur greiði stefnda Sveini Björnssyni f. h. H. A. Michelsen 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 42/1919: Valdstjórnin
gegn
Guðmundi Sigurðssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 12. júní þ. á., var Guðmundur Sigurðsson klæðskeri hér í bænum dæmdur í 60 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi að ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi verið drukkinn á almannafæri aðfaranóttina 24. maí þ. á., en það er í lögreglusamþykkt Reykjavíkur, staðfestri 19. apríl þ. á., 8. gr., talið hneykslanleg hegðun, og lögð við því sekt eigi lægri en 50 kr. Kærði neitar því, að hann hafi orðið brotlegur gegn þessu ákvæði, en tvö vitni hafa borið það og staðfest með eiði, að hann hafi reikað drukkinn um götur bæjarins umgetna nótt, og verður hann því að teljast sannur að sök. Kemst hann því eigi hjá að sæta sekt samkvæmt nefndu ákvæði lögreglusamþykktarinnar og verður sektin eigi ákveðin lægri en 50 kr. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Kærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefur verið vítalaus og sókn í því og vörn fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig að sektin sé 50 kr. Kærði Guðmundur Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 43/1919: Valdstjórnin
gegn
Hafliða Jónssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á. var Hafliði Jónsson, til heimilis á Norðurstíg 5 hér í bænum, dæmdur í 60 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á

lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er dómi þessum, að ósk kærða, skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi sézt drukkinn á almannafæri og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, staðfestrar 19. apríl þ. á. Um þetta hefur lögregluþjónn vottað, að hann hafi verið kvaddur til að taka drukkinn mann út af Hotel Ísland 14. maí þ. á. og hafi sá maður verið kærði. Annar lögregluþjónn hefur skýrt frá, að kærði hafi 18. s. m. orðið á leið sinni á Laugavegi svo drukkinn, að hann hafi átt erfitt með að ganga, og reikað, svo fólk staðnæmdist til að horfa á hann, en ekki hafi hann haft háreysti eða drykkjulæti og hefur kærði kannast við að hafa verið drukkinn við umrædd tækifæri.

Í áminstri grein lögreglusamþykktarinnar er það talið hneykslanleg hegðun að sjást drukkinn á almannafæri og lögð við því sekt, ekki lægri en 50 kr. Virðist kærði eigi komast hjá því að verða dæmdur samkvæmt þessu ákvæði, og þykir sektin hæfilega ákveðin í hjeraðsdómnum 60 kr. og ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber kærða og að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjenda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Hafliði Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 44/1919: Valdstjórnin gegn Karli Ólafssyni

Dómur:

Með lögregluþingsdómi Reykjavikur, uppkveðnum 12. júní þ á., var Karl Ólafsson til heimilis í Nýborg í Kaplaskjóli, dæmdur í 50 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi að ósk kærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi kveldið 14. maí þ. á. verið drukkinn á almannafæri hér í bænum, og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestrar 19. apríl þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg

hegðun að sjást drukkinn á almannafæri og lögð við sekt eigi lægri en 50 kr.

Kærði kannast við að hafa verið drukkinn umgetið kveld á götu hér í bænum, en telur það sér til málsbóta, að hann hafi engar óspektir gjört og eigi þekkt ákvæði hinnar nýju lögreglusamþykktar. Þessar afsakanir geta þó eigi þegið kærða undan ábyrgð fyrir nefnt brot á samþykktinni og verður hann að sæta sekt, er þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 50 kr,. og með því að yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann. Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutninglaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vítalaus og sókn í því og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Karl Ólafsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 51/1919: Valdstjórnin
gegn
Jóhanni Friðikssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 10. júlí þ á., var Jóhann Friðriksson til heimilis Vegamótastíg 3 hér í bænum dæmdur fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins í 60 kr sekt til bæjarsjóðs og sakarkostnað allan, og er þessum dómi að ósk kærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi verið drukkinn á almannafæri, 13. júní þ. á., og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestrar 19. apr. þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg hegðun að sjást drukkinn á almannafæri, og lögð við sekt, eigi lægri en 50 kr. Kærði hefir eigi treyst sér til að neita því að hann hafi sést drukkinn á götum bæjarins nefndan dag, og að þar að lútandi skýrsla lögregluþjóns sè rétt. Hann kemst því eigi hjá að sæta sekt, sem ákveðst 50 kr. Að öðru leyti samþykkist hinn áfrýjaði dómur og má þá staðfesta hann með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutninglaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið

vítalaus og sókn í því og vörn við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að sektin sé 50 kr Kærði Jóhann Friðriksson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þarmeð talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 52/1919: Valdstjórnin
gegn
Sighvati Jónssyni.

Dómur:

Með lögregluþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 10. júlí þ. á., var Sighvatur Jónsson, til heimilis Vatnsstíg 10 hér í bænum, dæmdur í 75 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi, að ósk kærða, skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi verið drukkinn á almannafæri hér í bænum 4 sinnum, þrisvar í maí-mánuði og einu sinni í júní-mánuði þ. á., og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestrar 19. apríl þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg hegðun að sjást drukkinn á almannafæri, og lögð við sekt eigi lægri en 50 kr.

Kærði kannast við að hafa sést drukkinn á götum bæjarins umgetin 4 skipti, og kemst hann þá eigi hjá að sæta sekt samkvæmt nefndu samþykktarákvæði og þykir hæfilegt að ákveða sektina 60 kr. Að öðru leyti samþykkist hinn áfrýjaði dómur og má því staðfesta hann með þessari breytingu á sektarupphæðinni.

Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vítalaus og sókn í því og vörn við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að sektin ákveðst 60 kr. Kærði Sighvatur Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna

Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1919.

Nr. 54/1919: Guðmundur Ólafsson f. h. Stefáns Magnússonar gegn Guðmundi Eggerz.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Guðmundur yfirdómsmálaflutningsmaður Ólafsson fyrir hönd Stefáns Magússonar á Eskifirði fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn stefnda Guðmundi sýslmanni Eggerz út af skuldakröfu að upphæð 420 kr. 98 aur., og lauk málinu svo með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 18. des. f. á., að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda áminsta upphæð kr. 420.98 með vöxtum 5% p. a. frá 27. júní f. á. til greiðsludags og 75 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 15. septbr. þ.á., og gjört þær réttarkröfur fyrir yfirdóminum, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta fyrir dómi, þótt löglega

sé stefndur, og verður þá eftir kröfu áfrýjanda að staðfesta gestaréttardóminn eins og hann liggur fyrir. En með því að áfrýjandi hefir eigi skýrt frá því, að stefndi hafi verið krafinn um dómskuldina eftir að gestaréttardómurinn var kveðinn upp, né heldur að dómurinn hafi verið birtur fyrir honum, verður eigi talið að áfrýjandi hafi leitt rök að því, að honum hafi verið nauðsyn að áfrýja máli þessu, og verður stefndi þá eigi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, en málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn staðfestist. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. nóvember 1919.

Nr. 31/1919: Metúsalem Jóhannsson f. h. Hlutafélagsins »Gissur hvíti« gegn Stefáni Jóhannssyni

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Stefán Jóhannsson skipstjóri Ingólfstræti 10 hér í bænum fyrir sjórétti Reykja-

víkur gegn útgerðarstjóra Metúsalem Jóhannssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Gissur hvíti« til þess að fá hann dæmdan til þess fyrir hlutafélagsins hönd að greiða sér eftirstöðvar af kaupi sínu sem skipstjóra á mótorskipi félagsins »Geir goða« árið 1917 að upphæð 484 kr. 65 a. með 6 % vöxtum frá stefnudegi 31. jan. 1918 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Áfrýjandi hélt því hins vegar fram, að stefndi ætti ekkert vangreitt af kaupi sínu, þvert á móti skuldaði hann hlutafélaginu 165 kr. 70 a.; krafðist hann því sýknunar af kröfum stefnda og að hann yrði dæmdur til að greiða hlutafélaginu þessar 165 kr. 70 a.

Máli þessu lauk svo fyrir sjódóminum með dómi uppkveðnum 16. apríl þ á., að Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« var dæmdur til að greiða stefnda 352 kr. 17 a. með 5 % ársvöxtum frá 31. jan. 1918 til greiðsludags og var málskostnaður látinn falla niður. Svo voru og nokkur ummæli málaflutningmanns stefnda um áfrýjanda dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. maí þ. á. og krafist þess eins og fyrir undirrétti, að hann fyrir hlutafélagsins hönd verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 165 kr. 70 a. með 6 % ársvöxtum frá 6. apríl 1918 til greiðsludags og málskostnað að fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Svo hefir hann og endurtekið kröfu sína fyrir undirrétti um að málflutningsmaður stefnda verði

dæmdur í sekt fyrir ósæmilegan rithátt um hann fyrir undirrétti. Það skal þegar tekið fram, að með því að áfrýjandi eigi gagnstefndi í málinu fyrir undirréttinum getur ofannefnd fjárkrafa hans eigi komið til álita nema til skuldajafnaðar.

Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 12. ágúst þ. á. og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Til vara hefir hann krafist þess að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Liðir þeir í viðskiptum málsaðila, sem ágreiningur er um, eru þessir:

1. Áfrýjandi hefir fært stefnda til útgjalda andvirði blýsökku 8 kr., er hann telur stefnda hafa glatað og eigi að bera ábyrgð á. Stefndi hefir kannast við að grunnsakka frá skipinu hafi fest í botni og tapast þannig. Á þessu verður honum ekki gefin sök, og þar sem ekki er upplýst að önnur sakka hafi tapast, þykir ekki heimilt að færa stefnda þessar 8 kr. til skuldar.
2. Sama er að segja um kr. 1.87, er áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar fyrir lögskráningu, með því að áfrýjandi hefir enga grein gert fyrir því að stefnda beri að greiða gjald þetta.
3. Áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar 28 kr. fyrir fjórar tómar steinolíutunnur, er hann telur að tapast hafi fyrir hirðuleysi hans, en með

því að áfrýjandi hefir eigi fært sönnur fyrir þessu, er eigi heimild til að draga umrædda upphæð frá kaupi stefnda.

4. Þá hefir áfrýjandi fært stefnda til útgjalda 50 kr. sem farmgjald fyrir tvo farþega með skipi hans frá Akureyri til Reykjavíkur. Stefndi kannast við að farþegar þessir hafi verið með skipinu og að annar þeirra hafi greitt sér 20 kr. fyrir farið, er hann segir að áfrýjandi hafi sagt að hann mætti eiga fyrir fyrirhöfn sína við farþegana. Fyrir þessu hefir stefndi þó eigi fært neinar sannanir gegn neitun áfrýjanda, sem heldur því fram að hvor farþeganna hafi átt að greiða 25 kr. fyrir farið og skipstjóri að innheimta það. Þykir eftir atvikum rétt, að fallast á að fargjald þessara manna 50 kr. verði dregnar frá kaupi stefnda.

5. Þá telur stefndi kaup sitt frá 7. maí til 17. júlí 1917 vantalið um 500 kr. Fyrir þetta tímabil, 71 dag, telur hann að sér beri 10 kr. kaup á dag = 710 kr. og gerir hann þá grein fyrir þessu, að á milli vertíða hafi hann átt að fá 10 kr. kaup á dag, en á vertíðum var hann ráðinn upp á hlutdeild í afla. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram að stefndi hafi ekki átt að fá neitt fast kaup sem skipstjóri milli vertíða, heldur að eins 10 kr. kaup fyrir hvern dag, er skipið hafi verið í flutningaferðum, og þar sem skipið hafi að eins verið 21 dag á þessu tímabili í flutningaferðum beri honum að eins 210 kr. kaup á

nefndu tímabili. Í málinu hefir verið lagt fram vottorð frá lögreglustjóra um það að stefndi hafi verið skipstjóri á »Geir goða« frá 13. jan. til 3. okt. 1917, og stýrimaðurinn á skipinu hefir borið það sem vitni, að stefndi hafi verið við skipið allan tímann frá því þorskveiðum hætti þar til síldveiðarnar byrjuðu, sagt fyrir vinnu við skipið, stýrt því upp að landi tvisvar sinnum og fært það oft til á höfninni, en fyrir þetta er honum ekkert kaup talið í reikningi áfrýjanda. Það er upplýst í málinu að stýrimaðurinn á skipinu hefir milli vertíða verið ráðinn með þeim kjörum að hann fékk kaup að eins fyrir þá daga, er hann vann við skipið, en þetta getur eigi talist nein sönnun fyrir því, að stefndi, er var skipstjóri á skipinu, hafi verið ráðinn með líkum kjörum, þvert á móti verður það, svo sem sjódómurinn hefir tekið fram, að teljast næsta ólíklegt að stefndi hafi verið við skipið og sætt sig við þau kjör, er áfrýjandi telur hann hafa átt að hafa, en hitt er miklu sennilegra að hann hafi átt að sæta þeim kjörum, er hann sjálfur segir. Yfirdómurinn verður því að fallast á það álit sjódómsins, að stefnda beri 10 kr. dagkaup frá 7. maí 1917 þar til síldveiðar byrjuðu um sumarið, en það er upplýst í málinu að lögskráð var í skiprúm til þeirra 13. júlí og getur stefnda þá ekki borið dagkaup nema til þess dags. Er þá vantalið kaup stefnda á umræddu tímabili um

45 daga eða 450 kr., og verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þessa upphæð.

6 Stefndi gerði kröfur til 10 kr dagkaups fyrir 6 daga, er hann hafi verið við að leggja skipinu eftir að síldveiðarnar hættu haustið 1917. Áfrýjandi heldur því fram að til þessa starfs hafi aðeins gengið 20 klukkustundir og hefir talið honum 30 kr. borgun fyrir þetta. Áfrýjandi hefir engar sönnur fært fyrir þessari staðhæfingu sinni. Sjódómurinn tekur það fram, að borgun sú, er stefndi hefir krafist, fyrir að leggja skipinu, sè ekki ósanngjörn, og þykir því ástæða til að dæma áfrýjanda til að greiða mismuninn 30 kr.

7. Loks hefir stefndi gert kröfur til endurgjalds á 32 kr. 48 aur. sem hann telur sig hafa greitt fyrir fæði tveggja manna, er ráðnir voru á skipið, en með því að menn þessir eftir ráðningarsamningnum áttu að fæða sig sjálfir, verður að telja upphæð þessa útgerð skipsins óviðkomandi og verður áfrýjandi eigi dæmdur til að endurgreiða stefnda þessa upphæð.

Stefndi viðurkennir að hann skuldi áfrýjanda 165 kr. 70 a., sem beri að draga frá framangreindum upphæðum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 8,00 + 1 87 + 28,00 + 450,00 + 30,00 = kr. 517,87 ÷ 165,70 = kr. 352,17 með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði sjódómsins um málskostnað samþykkist einnig.

Það þykir eigi ástæða til að sekta málflutningsmann stefnda fyrir ummæli þau, er hann hefir haft um áfrýjanda fyrir undirrjetti en ákvæði dómsins um ómerkingu þessara ummæla samþykkist.

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist þannig í öllum greinum og verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði sjóréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f.h. hlutafélagsins »Gissur Hvíti« greiði stefnda Stefáni Jóhannssyni 50 kr í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnæja áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. nóvember 1919.

Nr. 41/1919: Þórður Jónsson
gegn
Sigurði S. Skagfjörð.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Sigurður S. Skagfjörð trjesmiður í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

gegn áfrýjanda Þórði Jónssyni úrsmið Aðalstræti 9 hér í bænum, til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að leyfa sér afnot af þvottakjallara í húsinu nr. 9 við Aðalstræti, og til að greiða sér 67 kr. skaðabætur fyrir slátur, er áfrýjandi hefði ónýtt fyrir honum (stefnda) með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 8. okt. 1918, svo og málskostnað.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 5. júní þ. á. að stefnda var dæmdur réttur til að nota þvottaherbergi í kjallara hússins nr. 9. við Aðalstræti á venjulegan hátt og tiltölulega við aðra íbúa hússins og var áfrýjandi jafnframt dæmdur til að greiða stefnda 67 kr. í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 8. okt. 1918 til greiðsludags, og 80 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Þórður Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. júlí þ á. og krafist þess að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda Sigurðar S. Skagfjörðs og honum dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir um nokkur undanfarin ár búið í húsi áfrýjanda nr. 9. við Aðalstræti og haft þar á leigu 3 herbergi og eldhús. Kveðst hann ávallt átölulaust hafa haft aðgang að og afnot af þvottaherbergi í kjallara hússins tiltölulega við aðra leigjendur hússins, þar til 28. sept. f.á., að áfrýjandi hafi rekið fólk sitt út

úr kjallaraherberginu og bannað honum öll afnot þess, en þá var fólk stefnda þar að matbúa slátur, og átti að sjóða það daginn eftir.

Í leigusamingi stefnda er eigi tekið fram, að hann skuli hafa afnot þvottakjallarans, en stefndi heldur því fram að þetta leiði af sjálfu sér og hefir lagt fram í málinu vottorð frá tveimur leigjendum hússins um að hann hafi haft aðgang að og notað þvottahúsið ásamt öðrum leigjendum hússins, og hefir annað vottorðið verið staðfest fyrir rétti.

Að svo vöxnu máli verður að líta svo á, að stefndi hafi rétt til að nota þvottahúsið, því auk þess sem hann hefir fært sterkar líkur fyrir því, að slík afnot hafi verið honum beinlínis leyfð, verður að líta svo á, að þar sem þvottahús er í kjallara, sé það ætlað til sameiginlegra afnota fyrir þá sem leigja íbúðir í húsinu nema annað sé berum orðum framtekið.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að þótt stefndi hefði haft afnotarétt af þvottahússinu, þá hefði hann þó ekki haft rétt til að sjóða þar slátur, svo sem til hafi staðið, en á þetta verður ekki fallist þar sem það verður að teljast alvanaleg notkun á þvottahúsum að sjóða þar slátur.

Skaðabótakrafa stefnda er byggð á því, að þegar áfrýjandi hinn 28. sept. f. á. bannaði stefnda afnot þvottahússins, hafi hann og skipað honum burtu með slátrið, og er stefndi vildi ekki hlýða því, hafi áfrýjandi sjálfur tekið slátrið og rutt því út á gang fyrir utan þvottahúsið. Næsta dag færði stefndi slátrið aftur inn í þvottahúsið og ætlaði að sjóða það þar,

en áfrýjandi bar það enn út. Við þessar aðfarir var slátrið þannig á sig komið, að stefndi taldi það ónýtt, og fleygði því. Fyrir þetta hefur stefndi krafist bóta að upphæð 67 kr. ásamt vöxtum sem áður segir.

Samkvæmt því sem áður er sagt, verður að líta svo á, að stefnda hafi verið heimil slátursuðan í þvotthúsinu og var það því óréttmætt af áfrýjanda að banna þessi afnot. Ber honum því að bæta skaða þann, er af þessu tiltæki hans hefir leitt, og eftir því sem upplýst er í málinu verður að ætla að slátrið hafi að minsta kosti að mestu leyti verið óhæft til matar eftir meðferð þá, er það hafði fengið af völdum áfrýjanda, og ber því að dæma hann til að greiða andvirði þess. Fyrir undirrétti hafa engar mótbárur komið fram gegn fjárhæð skaðabótanna og með því að véfengingar þær hér að lútandi, er komið hafa fram hér fyrir réttinum, verða ekki teknar til greina, ber að taka skaðabótakröfuna að öllu leyti til greina, svo sem gjört var í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað samþykkist og ber því að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaða bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Þórður Jónsson greiði

stefnda Sigurði S. Skagfjörð 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10 nóvember 1919.

Nr. 36/1919: Ólafur G. Eyjólfsson f. h. vátryggingarfélagsins Danske Lloyd
gegn
Sveini Björnssyni f. h. Henry Archer.

Dómur:

Þegar enskur botnvörpungur »Conan Doyle« frá Hull var á heimleið héðan með afla sinn 23. des. 1917 í góðu verði, varð á leið hans nokkru norðar en beina stefnu milli Reykjaness og Eldeyjar skip á reki í áttina til lands og með neyðarflagg dregið á stöng. Skip þetta var þrísigld skonnorta Ruthy frá Rödby Havn, er lagt hafði af stað 18. okt. s. á. frá Frederikssund til Reykjavíkur með jarðeplafarm til landsstjórnarinnar; hafði skipið hrept hörð veður og hrakninga mikla; var nú svo komið að það hafði misst stórsiglu, framsiglu og miklð af seglbúnaði og lét eigi að stjórn. Það varð nú samkomulag

skipstjóranna á nefndum skipum, að Conan Doyle skyldi draga Ruthy á öruggan stað, og hófst drátturinn á hádegi nefndan dag; kl. 4 voru skipin komin til Keflavíkur og var Ruthby lagt þar við akkeri, en þaðan var það samdægurs dregið til Reykjavíkur af björgunarskipinu »Geir« sem skipstjóri kvaddi til með símtali. Henry Archer í Hull, umboðsmaður eigenda og vátryggjenda botnvörpungsins Conan Doyle, krafðist launa fyrir björgun Ruthby, 20,000 kr, en þau björgunarlaun þóttu of há þeim, er hlut áttu að máli fyrir hönd Ruthby, og voru björgunarlaunin eigi greidd. Umboðsmaður Henry Archers krafðist þá kyrsetningar á Ruthby til tryggingar björgunarlaununum með vöxtum og kostnaði; fór sú gjörð fram í fógetarétti Reykjavíkur 13. febr. f. á. mótmælalaust af hálfu skipstjórans á Ruthby og lýsti hann því yfir að hann hefði ekkert að athuga við kröfu gerðarbeiðanda eða kyrsetningargerðina yfirhöfuð. Fól umboðsmaður Archers Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni að fá gerðina staðfesta með dómi og annast alt þar að lútandi, og gerði því næst nefndur málaflutningsmaður fyrir hönd umbjóðenda sinna þær kröfur fyrir sjódómi Reykjavíkur, að löghaldsgerðin 13. febr. yrði staðfest, að stefndi Carl Johansen skipstjóri fyrir hönd eigenda og vátryggjenda Ruthby og farms þess, er það hafði meðferðis, er því var bjargað, yrði dæmdur til að greiða umbjóðendum sínum 20,000 kr. í björgunarlaun með 6% ársvöxtum frá 23. desbr. 1917 til borgunardags og til að greiða þeim allan málskostnað, þar með talinn

kostnað við löghaldsgerðina, að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Mál þetta dæmdi sjórétturinn 27. júlí f. á. á þá leið að stefndi skyldi greiða Sveini Björnssyni fyrir hönd umbjóðenda hans 15000 kr. í björgunarlaun með 6% ársvöxtum frá 23. desbr. 1917 til greiðsludags og 200 kr. í málskostnað, og fyrir þessum upphæðum skyldi löghaldsgjörðin staðfest.

Báðir aðilar málsins hafa skotið þessum dómi til yfirdómsins að fengnu uppreistarleyfi, dags. 13. mai og 27. sept. þ. á., og hefur þess af Ólafi G. Eyjólfssyni stórkaupmanni, umboðsmanni vátryggjenda Ruthby, Danske Lloyd, með aðalstefnu útgefinni 26. mai þ. á. verið krafist, að björgunarlaunin verði færð niður í 10,000 kr. með vöxtum af þeirri upphæð og að löghaldsgerðin verði að eins staðfest að því er nemur þeirri upphæð, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og að aðaláfrýjanda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Til vara krefst hann að björgunarlaunin verði ákveðin af réttinum. En Sveinn Björnsson hefur með gagnstefnu dags. 15. sept. þ. á. krafist þess fyrir hönd umbjóðenda sinna, að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina og til vara að hinn áfrýaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi, hver sem úrslit málsins verði.

Björgunarlaun þau, er gagnáfrýjandi krefst, telur aðaláfrýjandi óhæfilega há; bendir hann fyrst á það, að björgunin hafi eigi verið fullkomin, þó að skipið væri dregið til Keflavíkur; þar hafi það eigi

verið á öruggum stað, því að þar sé eigi trygt skipalægi, enda hafi eigi annað þótt fært en að kveðja til björgunarskip Swtzers í Reykjavík þegar í stað til að færa skipið þangað, og fyrir þann flutning hafi verið krafist 8000 kr. björgunarlauna. Ennfremur bendir hann á það, að veður hafi verið gott og björgunin með öllu áhættulaus fyrir Conan Doyle og að kostnaður og fyrirhöfn við hana hafi eigi verið önnur en 8 klukkustunda töf og kolaeyðsla við ferðina milli Reykjaness og Keflavíkur fram og aftur; og loks tekur aðaláfrýjandi það fram, að það sé fjarstæða að björgun skipsins frá Reykjanesi til Reykjavíkur í góðu veðri geti, hvernig sem á stendur numið framt að 30 % af verði skips og farms. En skipið hefur verið metið 87500 kr. virði eins og það var, er því var bjargað og farmur þess hefur verið seldur á uppboði fyrir kr. 7236.81.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að það hafi verið samkomulag skipstjóranna að Ruthby væri dregið til Keflavíkur, en því er mótmælt, og í skýrslu skipstjórans á Conan Doyle, sem lögð hefur verið fram, er það vottað að skipstjórinn á Ruthby hafi farið fram á að verða dreginn á óhultan stað (to safety) og að skipstjórinn á Conan Doyle hafi samþykkt það. Keflavík verður nú að vísu eigi talinn óhultur staður, sízt fyrir skip er svo var til reika sem Ruthby, en þetta atriði virðist þó eigi skifta miklu af því að veður var gott og auðvelt með stuttum fyrirvara að fá skipið flutt til Reykjavíkur.

Þegar þess nú er gætt annars vegar, að Ruthby var ósjálfbjarga þar sem það var statt 23. des 1917, þegar Conan Doyle bar að, og að öll líkindi voru til að það hefði algerlega týnst, ef því hefði ekki komið hjálp þann dag, því að næsta dag kom á stórviðri, og hins vegar að björgunin var með öllu áhættulaus fyrir Conan Doyle, kostnaður og fyrirhöfn við hana óveruleg, að skip þetta var eigi sérstaklega útbúið til björgunar, en rakst á Ruthby af tilviljun og að öðru leyti með hliðsjón af 230 gr. siglingalaganna 30. nóv. 1914 virðist hæfilegt að ákveða björgunarlaunin 12000 kr. og ber þá að staðfesta löghaldsgjörðina að því er þessari upphæð nemur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði sjódómsins um vexti og málskostnað og má þá staðfesta hinn áfrýjaða dóm með umgetnum breytingum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir þessum úrslitum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að björgunarlaunin ákveðast 12000 kr. og löghaldsgjörðin staðfestist að því er þeirri upphæð nemur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10. nóvember 1919.

Nr. 35/1919: Ólafur G. Eyjólfsson f. h. vátryggingarfélagsins Danske Lloyd gegn N. Wittrup f. h. h/f Em. Z. Switzers Bjergningsentreprise.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir sjódómi Reykjavíkur Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hlutafélagsins Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise gegn Carl Johansen skipstjóra á skipinu Ruthby frá Rödby Havn til að fá hann dæmdan fyrir hönd eigenda og vátryggjenda nefnds skips til að greiða hlutafélaginu laun fyrir björgun skips og farms, er það hafði meðferðis, 8000 kr.. með 6 % ársvöxtum frá 23. des. 1917 til greiðsludags, svo og til að fá staðfest löghald, er gert var í skipinu 7. jan. f. á. og ennfremur til málskostnaðargreiðslu. Með dómi réttarins uppkveðnum 13. júlí f. á. voru þessar kröfur teknar til greina, og málskostnaður, er vátryggingarfélagið skyldi greiða björgunarfélaginu, ákveðinn 150 kr.

Þessum dómi hefur Ólafur G. Eyjólfsson stórkaupmaður, umboðsmaður vátryggjenda Ruthbys, vátryggingarfélagsins Danske Lloyd, að fengnu uppreistarleyfi, dags. 13. maí þ. á. skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. maí þ. á. og krafist þess að dómnum verði breytt og allar kröfur stefnda fyr-

ir sjódóminum verði teknar til greina, þannig að björgunarlaunin verði ekki ákveðin hærri en 4000 kr., að vextir og staðfesting löghaldsgerðarinnar verði miðuð við þá upphæð, en til vara að upphæð björgunarlaunanna verði ákveðin af réttinum. Stefndi fyrir sjódóminum krafðist þess að málskostnaður yrði látinn falla niður, en fyrir yfirdómi hefur áfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins

Af hálfu stefnda N. Wittrups fyrir hönd Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise er hins vegar krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að þrísigldi skonnorta Ruthby frá Rödby Havn lá fram undan Keflavík ósjófær og ósjálfbjarga 23. des. 1917; hafði skipið verið dregið þangað af enskum botnvörpung sunnan frá Reykjanesi með tvær siglur brotnar og akkerisvindu bilaða; vildi enski skipstjórinn eigi fara lengra með skipið, og skipstjórinn á Ruthby kvaddi því með símtali björgunarskipið Geir, sem Em. Z. Zwitzer gerir út frá Reykjavík, til aðstoðar, til að færa Ruthby til Reykjavíkur. Varð björgunarútgerðin þegar við þessari ósk og sama dag kl. $5^1/_4$ lagði Geir af stað til Keflavíkur. Þar rituðu skipstjórarnir undir björgunarsamning þess efnis að Geir skyldi bjarga Ruthby og flytja það til Reykjavíkur gegn 8000 kr. borgun, er greiðast skyldi þegar skipið væri komið til Reykjavíkur. Undir samning þenna

ritaði skipstjóri á Ruthby með þeim fyrirvara að hann áskildi vátryggjendum skipsins rétt til að segja honum upp samkvæmt siglingalögunum. Dró því næst Geir Ruthby til Reykjavíkur og hafði lagt skipinu þar á höfninni kl. 11 1/2 um kvöldið sama dag. Með því enginn var til þess fyrir hönd Ruthby að greiða hin umsömdu björgunarlaun, lét skipstjórinn á Geir leggja löghald á skipið og höfðaði mál þetta fyrir sjódómi Reykjavíkur, er dæmt var sem fyr segir.

Ástæður áfrýjanda fyrir kröfum hans eru þær, að Ruthby hafi verið á hættulegum stað þar sem það lá fram undan Keflavík, því að, ef veður hefði hvesst, mundi það hafa rekið á land eða farist; hafi því skipstjóri verið tilneyddur að ganga að samningnum, er af þessari ástæðu eigi sé gildur gagnvart vátryggjendum, enda hafi skipstjóri geymt þeim rétt til að ryfta honum; og í annan stað, að hin umsamda borgun sé altof há, bæði af því, að hér sé eigi um björgun að ræða heldur að eins drátt á skipinu, er hafi verið hættulaus og kostnaðarlítill fyrir björgunarskipið og aðeins tekið það 6.35 kl. og einnig sé hún (borgunin) of há í samanburði við það sem greitt hafi verið fyrir björgun og drátt skipa hér við land síðan 1916, og hefir áfrýjandi einkum bent á það, er hann telur alveg hliðstætt dæmi, að björgunarskipið Geir hafi sumarið 1910 dregið Faxaflóagufubátinn Ingólf, sem eins hafi staðið á fyrir og Ruthby, frá Keflavík til Reykjavíkur og tekið að eins 1000 kr. fyrir.

Þó að skipi svo til reika, sem Ruthby var 23. des. 1917, væri hættulegt að liggja að vetrarlagi fram undan Keflavík, var þó eigi um bráða hættu að ræða, þar sem skipið lá fyrir festum í góðu veðri. Það verður því eigi litið svo á, að björgunarsamningurinn hafi verið gerður meðan hættan vofði yfir eða undir áhrifum hennar, svo að krafist verði að hann verði ónýttur fyrir þá sök, enda er það upplýst í málinu að skipstjórinn hafi haft ráðrúm til að leita fyrir sér um aðstoð hjá öðrum en stefnda.

Um hina aðra ástæðu að bjarglaunin séu alt of há, skal það tekið fram, að þegar athugað er, hvar skipið var statt og hvernig það var til reika verður að telja að um björgun hafi verið að ræða. Krafa áfrýjanda um niðurfærslu björgunarlaunanna virðist því því að aðeins verða tekin til greina, að ætla megi að þau séu bersýnilega ósanngjörn sbr. 232. gr. 2. málsgr. siglingalaganna, en þetta virðist eigi verða fullyrt, þegar þess er gætt *að* björgunin tókst til fullnustu eins og um var samið, *að* Ruthby var í verulegri og aðsteðjandi hættu, *að* björgunarskipið var sérstaklega útbúið til björgunar og gert út með miklum kostnaði til að vera til taks, er aðstoðar þess væri leitað, og *að* Ruthby, eins og það var er því var bjargað, hefir verið metið á kr. 87500,00 og farmur þess verið seldur á uppboði fyrir kr. 7236.81 Af samanburði þeim, er áfrýjandi hefir tilgreint, við borgun fyrir björgun skipa hér við land fyrir ófriðinn þykir eigi heldur verða ráðið að hin umstefndu björgunarlaun séu ósanngjörn, þegar það er athugað

hve mjög allur útgerðarkostnaður skipa hefir hækkað hin síðustu ár.

Það þykir því eigi næg ástæða til þess að færa niður kröfu stefnda og ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um vexti, málskostnað og staðfestingu löghaldsgerðarinnar 7. jan. f. á.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Ólafur G. Eyjólfsson fyrir hönd vátryggingarfélagsins Danske Lloyd greiði stefnda N. Wittrup fyrir hönd Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. nóvember 1919.

Nr. 56/1919: Réttvísin
gegn
fræðslunefnd Rauðasandshrepps, þeim Sveini Magnússyni, Guðmundi Sigfreðssyni og Þórði Ó. Thorlacius, og héraðslækni Sigurði Magnússyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 5. des. f. ár, voru hinir ákærðu fræðslunefndarmenn, Sveinn Magnússon, Guðmundur Sigfreðsson og Þórður Ó. Thorlacius dæmdir fyrir brot á 145. gr. sbr. 143. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða 50 kr sekt í landssjóð hver þeirra, eða til að sæta 20 daga einföldu fangelsi hver, ef sektin yrði eigi greidd, og með sama dómi var meðákærði, héraðslæknir Sigurður Magnússon, dæmdur fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna til að greiða 75 kr. sekt í landssjóð, eða sæta einföldu fangelsi í 25 daga, ef sektin yrði eigi greidd; svo var hann og fyrir ósæmilegan ritháttt dæmdur í 10 kr. sekt, að hálfu til Patrekshrepps og að hálfu til landssjóðs; loks voru allir hinir ákærðu dæmdir til að greiða allan sakarkostnaðinn einn fyrir alla og allir fyrir einn. Dómi þessum hefir eftir ósk allra hinn ákærðu verið skotið til yfirdómsins.

Með bréfi stjórnarráðsins 6. sept. 1916 er fyrirskipað að barna- og unglingaskólar skulu háðir eftliti héraðslæknis og að fræðslunefndir skulu skyldar að gera honum á hverju hausti aðvart um fyrhugaða barnafræðslu, og biðja hann að líta eftir o: rannsaka ásigkomulag skólaherbergjanna, heilsufar kennaranna og eftirlitsmanns heimafræðslunnar og heilsufar barnanna, og eru um þetta ítarlegri fyrirmæli í bréfinu, og því bætt við, að engum skóla verði veittur styrkur úr landssjóði, nema því að eins að umsóknunni um styrkinn fylgi vottorð héraðslæknis um eft-

irlitið. Þetta bréf stjórnarráðsins tilkynti umsjónarmaður fræðslumála fræðslunefnd Rauðasandshrepps, hinum ákærðu fræðslunefndarmönnum, með bréfi 9. sept. 1916, en þrátt fyrir það lét fræðslunefndin ekkert læknisefirlit og enga læknisrannsókn fram fara á ásigkomulagi kennslustaða, heilsufari kennara og heilsufari skólabarna haustið 1916, né kensluárið 1916—1917, og segir fræðslunefnin í bréfi 29. maí 1917, að læknir hafi ekki framkvæmt hina fyrirskipuðu skoðun á húsum, börnum og kennurum »því að eftir áliti hans sjálfs og okkar var hún að engu nýt«, enda fór nefndin þess ekki á leit við læknirinn, að hann framkvæmdi eftirlitið eða rannsóknina. Þó kannast nefndin við í sama bréfi að hún hafi haldið 2 kennara þetta skólaár, og að kent hafi verið á 7 stöðum í fræðsluhéraðinu. Nefndin hefir þannig af ásettu ráði látið farast fyrir að gera það, er henni var boðið á löglegan hátt, og hafa hinir ákærðu nefndarmenn þannig gerst brotlegir eftir 145. sbr. 143. gr. hegningarlaganna og þykir refsingin fyrir brotið hæfilega ákveðin 50 kr. sekt hverjum þeirra, og komi 12 daga einfalt fangelsi fyrir hvern þeirra í stað sektarinnar, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma.

Meðákærði, héraðslæknir Sigurður Magnússon er sakaður um brot á 143, gr. hegningarlaganna; er honum gefið það að sök, að hann hafi eigi rannsakað kennslustaði, kennara og skólabörn í Rauðasandshreppi haustið 1916. Hann hefir í þessu efni borið það fram, að fræðslunefndin hafi alls eigi beiðst þess-

arar rannsóknar, og verður að álíta það rétt eftir framburði fræðslunefndarinnar sjálfrar. Þá segir ákærði að honum hafi verið fullkunnugt um það, að allir kenslustaðirnir hafi verið óhæfilegir, og að skoðun á þeim fyrir því hafi verið þýðingarlaus; þetta tjáðist hann hafa sagt fræðslunefndinni, og muni það ef til vill hafa orðið til þess að þeir létu skoðunina niðurfalla. Í auglýsingu landlæknis til héraðslækna um læknisaðgæslu á skólum, dags, 7 sept. 1916, er gert ráð fyrir því, að skóla- og fræðslunefndir »biðji« lækir að framkvæma eftirlitið og að þær »vitji« læknanna til »eftirlits þess er hér um ræðir«. Ákærði segir og, og leggur áherslu á það, að sér muni eigi hafa komið til hugar að neita að framkvæma skoðunina, ef fræðlsunefndin hefði beiðst hennar. Þegar þessu er þannig varið eins og hér hefir verið frá skýrt, verður eigi sagt að hinn ákærði héraðslæknir hafi synjað eða af ásettu ráði látið farast fyrir að gera það, sem honum hafi verið boðið á löglegan hátt, eða að hann hafi gerst sekur eftir 143. gr. hegningarlaganna, þótt hann léti það fyrirfarast að rannsaka skólaástandið í Rauðasandshreppi haustið 1916, og verður þá að sýkna hann í máli þessu. Sekt sú, sem honum er gerð fyrir ósæmilegan rithátt með hinum áfrýjaða dómi, skal standa óhögguð.

Hinir ákærðu fræðslunefndarmenn skulu og greiða 3/4 hluta af öllum kostnaði máls þessa bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talið málaflutnings kaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn

er ákveðst 20 kr. handa hvorum þeirra, en 1/4 hluti málskostnaðarins greiðist af almannafé.

Rekstur máls þessa í héraði hefir dregist mjög á langinn; rannsókn í því hófst 15. okt. 1917 og var lokið 8. ágúst 1918; málið var dæmt í aukaréttinum 5. desbr. s. á., áfrýjunarstefna til yfirdóms gefin út 2. júní þ. á. og birt 18 s. mán.; eftir atvikum þykir þó eigi ástæða til að láta drátt þennan varða sekt, og þykir mega við svo búið standa Það vottast að málflutningurinn fyrir yfirdómi hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði héraðslæknir Sigurður Magnússon á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en greiða skal hann sekt fyrir ósæmilegan rithátt eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Hinir ákærðu fræðslunefndarmenn, Sveinn Magnússon, Guðmundur Sigfreðsson og Þórður Ó. Thorlacius greiði hver þeirra sekt til landssjóðs 50 kr., eða sæti 12 daga einföldu fangelsi hver þeirra, ef sekt hans eigi greiðist að fullu innan ákveðins tíma. Svo greiði og hinir ákærðu fræðslunefndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn 3/4 — þrjá fjórðu hluta — alls sakarkostnaðarins bæði í héraði og fyrir yfirdómi þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda

og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar 20 kr. til hvors, en 1/4 hluti málskostnaðar greiðist af almannafé.

Ídæmdar sektir greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. nóvember 1919.

Nr. 37/1919: Sigtryggur Jónsson
gegn
Magnúsi J. Franklín.

Dómur:

Sumarið 1916 vann stefndi Magnús J. Franklín trésmiður á Akureyri hjá áfrýjanda Sigtryggi Jónssyni timburmeistara sama staðar að trésmíði á Siglufirði. Að lokinni vinnu gjörði áfrýjandi upp reikning sinn við stefnda, og samkvæmt þeim reikningi var stefndi talinn skulda áfrýjanda 5 kr. 98 a. — Á reikningi þessum færði áfrýjandi stefnda til tekna 564 vinnutíma á 65 a. og varð kaup hans samkvæmt því 366 kr. 60 a. auk fæðis. Stefndi hélt því hins vegar fram að svo hefði verið umsamið, að hann ætti að fá 75 a. kaup fyrir hverja vinnustund og

taldi hann því kaup sitt vantalið um 56 kr. 40 a.; auk þessa taldi hann einn vinnudag 10 stundir vantaldar í reikningi áfrýjanda eða 7 kr. 50 a., og loks krafðist hann 7 kr. 50 a. í kaup fyrir einn dag, er hann var á leiðinni frá Akureyri til Siglufjarðar. Taldi stefndi sér þannig alls vangoldið 71 kr. 40 a., en frá þessari upphæð viðurkenndi hann að draga ætti þær 5 kr. 98 a., er hann var talin skulda í reikningi áfrýjanda, og ætti hann þannig hjá áfrýjanda 65 kr. 42 a. Höfðaði hann þá mál á hendur áfrýjanda fyir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar til þess að fá hann dæmdan til þess að greiða sér þessar 65 kr. 42 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Lauk þessu máli svo fyrir aukaréttinum, með dómi uppkveðnum 3. febr þ. á., að krafa stefnda um 7 kr. 50 a. fyrir vantaldar vinnustundir og 7 kr. 50 a. dagkaup á leiðinni til Siglufjarðar var ekki tekin til greina; þar á móti var krafa stefnda um vantalið vinnukaup 56 kr. 40 a. tekin til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða þá upphæð að frádregnum áðurnefndum 5 kr. 98 a. eða 50 kr. 42 a. með 5 % ársvöxtum frá sáttkærudegi 28. febr. 1917 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. maí þ. á. og krefst hann þess að verða sýknaður af kröfum stefnda og hann dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur

og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum kemur hjer eingöngu til álita ágreiningur málsaðila um upphæð tímakaupsins. Áfrýjandi heldur því fram, svo sem sagt hefir verið, að stefndi hafi verið ráðinn með 65 aura kaupi um hverja vinnustund auk fæðis, en stefndi heldur því fram, að samið hafi verið um 75 aura kaup fyrir vinnustund Þessi samningur milli málsaðila var munnlegur og hefir hvorugur þeirra fært sönnur á hvernig samið var, en þar sem ætla má, eftir því sem fyrir liggur í málinu, að kaupkrafa stefnda fari ekki fram úr venjulegu trésmíðakaupi á Siglufirði um þann tíma árs, verður svo sem undirdómarinn hefir gjört, að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 75 aura kaup fyrir hverja vinnustund. Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og héraðsdómurinn, og ákvæði dómsins um vexti og málskostnað einnig samþykkjast, ber að staðfesta nefndan dóm. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Sigtryggur Jónsson greiði stefnda Magnúsi J. Franklín 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar

séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 45/1919: Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps
gegn
Halldóri Illugasyni.

Dómur:

Þegar hreppsnefndin í Stykkishólmshreppi jafnaði niður auka-útsvörum til hreppsins seint í nóvember 1917, lagði hún 40 kr. útsvar á stefnda Halldór skipstjóra Illugason, sem þá var fluttur búferlum til Bíldudals, en hann leit svo á að eigi væri lög til þess, að útsvar þetta yrði lagt á hann og neitaði að greiða það. Hreppsnefndin beiddist þá lögtaks á útsvarinu og var lögtakið framkvæmt 31. des. f.á. samkvæmt úrskurði fógeta af hreppstjóranum í Patrekshreppi en þangað var stefndi þá fluttur. Stefndi mótmælti lögtakinu og skaut því til úrskurðar fógeta en fékk hreppstjóra 60 kr. til geymslu og tryggingar útsvarinu og lögtakskostnaði, ef honum yrði talið skylt að greiða það Þann 29. jan. þ. á. gekk úrskurður fógeta, sýslumannsins í Barðastrandarsýslu í málinu á þá leið, að lögtaksgjörðin 31. des. f.á. skyldi úr gildi felld, fjárhæðin 60 kr., er stefndi hafði látið til tryggingar,

skyldi leyst úr lögháldi, og Stykkishólmshreppur greiða lögtakskostnað með 5 kr.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps að fengnu uppreisnarleyfi, gjafsóknarleyfi og skipuðum málafærslumanni, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ág. þ.á, og hefir talsmaður hennar krafist þess að úrskurðinum verði hrundið, að kröfur áfrýjanda fyrir fógetaréttinum verði allar teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn eða sent neinn fyrir sig, og er honum þó löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt N.L. 1 – 4 – 32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. dæmt eftir skjölum þeim og málsgögnum, sem áfrýjandi hefir lagt fram.

Heimild fyrir útsvarsálögunni á stefnda telur áfrýjandi þá, að hann hafi átt lögheimili eða fast aðsetur í Stykkishólmshreppi fulla 4 mánuði gjaldársins 1917—1918 eða frá fardögum til 15 okt. og sé hann því útsvarsskyldur í hreppnum, samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905.

Stefndi neitar því að hann hafi nefnt ár haft fast aðsetur, atvinnu eða hlunnindi í hreppnum svo langan tíma nefnt fardagar, að heimilt sé að leggja útsvar á hann þar. Hann skýrir svo frá, að vorið 1917 hafi hann tryggt sér heimili á Bíldudal næsta fardagaár og greitt þar öll opinber gjöld fyrir það ár; sumarið 1917 hafi hann verið skipstjóri á þilskipi frá Stykkishólmi og skyldulið hans hafi dvalið þar; hafi hann ætlað að flytja sig til Bíldudals með

áætlaðri ferð Breiðfjarðarbátsins í septembermánuði, en sú ferð hafi dregist fram yfir mánaðamótin; hús sitt í Stykkishólmi hafi hann selt og átt að víkja úr því 30 sept. en þangað til hafi fjölskylda hans haft þar húsnæði. Þessi skýrsla áfrýjanda hefir eigi verið véfengd. Þó að talið verði að stefndi hafi átt lögheimili í Stykkishólmi sumarið og haustið 1917 meðan fjölskylda hans hafði þar bústað að hans ráðstöfun, þá verður útsvarið þó að teljast ólögmætt fyrir þá sök að það var jafnað niður á stefnda að því er ætla má 1½ mánuði eftir að hann var alfluttur úr hreppnum, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10 nóvbr. 1905, 36. gr. 1. málsgr. og lögum nr. 33, 2. nóvbr. 1914, 1. gr., þykir eigi vera heimilt til að leggja útsvar, byggt á heimilisfestu á aðra en þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum, þegar niðurjöfnun fer fram. Það verður eftir þessu að fallast á það, að fógetinn felldi lögtakið úr gildi og leysti úr löghaldi fjárhæð þá, er stefndi lét til tryggingar útsvarsins. En um lögtakskostnaðinn var fógetarétturinn ekki bær að úrskurða og verður því að ómerkja ákvæði hans þar að lútandi.

Málskostnaður fyrir yfirdómi á eftir málavöxtum að falla niður en skipuðum málflutningsmanni áfrýjandi, er hefir flutt málið forsvaranlega, ber 30 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um lögtakskostnað á að vera ómerkt. Að öðru leyti skal

úrskurðinum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirfellur niður. Skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 30 kr. í málflutningslaun af almannafé.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 58/1919: Valdstjórnin
gegn
Jóni G. G. Péturssyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn kærða Jóni Guðna Gunnari Péturssyni fyrir brot á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917 um notkun bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 19. apríl 1919, og var hann með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 8. sept. þ á, dæmdur í 200 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Svo var hann og dæmdur til að greiða Leifi verslunarmanni Sigurðssyni Laufásveg 27 800 kr. í skaðbætur og allan af málinu leiðandi kostnað.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Hinn 25. júlí þ. á. að kvöldi ók kærði á bifhjóli um Laugaveg, og er hann var kominn inn undir Mjölni rakst hann á Leif Sigurðsson verslunarmann Laufásveg 27, sem kom á móti honum á stighjóli. Við árekstrinn féllu báðir hjólamennirnir til jarðar og hlaut Leifur Sigurðsson talsverð líkamsmeiðsl af árekstrinum. Kærði hefir eigi viljað viðurkenna að árekstrinn hafi verið sér að kenna, en í málinu er það sannað með eiðfestum framburði fjögra vitna, að hann hafi ekið hægra megin á götunni, er árekstrinn varð, og verður, eftir því sem fram er komið í málinu, eigi séð að þrengslum á götunni hafi verið um að kenna Það verður því að telja löglega sannað, að kærði hafi brotið á móti fyrirmælum 7 gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, sbr. 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 19. apríl 1919 og þar með hafi orðið valdur að árekstrinum.

Kærði kveðst hafa lært að fara með bifhjól og tekið próf hjá bifreiðarstjóra en kannast hins vegar við, að hinn 25. júlí þ. á. hafi hann ekki verið búinn að fá ökuskírteini, er hafi heimilað honum að stýra bifreið, og hefir hann þá einnig gerst sekur um brot gegn 5. gr. fyrnefndra laga sbr 48 gr. lögreglusamþykktarinnar. Fyrir þessi brot verður kærði að sæta refsingu og þykir hún hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi 200 kr. sekt, og rennur hún í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Samkvæmt læknisvottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, hefir Leifur Sigurðsson við árekstrinn handleggsbrotnað, meiðst mikið á baugfingri á

hægri hendi og fengið nokkra áverka á hægri fæti. Hefir hann í málinu gert skaðabótakröfu á hendur kærða fyrir læknishjálp, vinnutjón, sviða og skemdir á fötum og hjóli, að upphæð samkvæmt framlögðum reikningi 1000 kr., en undir rekstri málsins hefir hann fært kröfu þessa niður í 800 kr. Kærði hefir fengið tækifæri til þess að segja álit sitt um kröfu þessa; hefir hann samþykkt hana og talið hana sanngjarna, og ber því svo sem lögregluréttúrinn hefir gert, að taka hana til greina, og dæma kærða til að greiða Leifi Sigurðssyni 800 kr. í skaðabætur. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann.

Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Jón G. G. Pétursson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Íðæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna

frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 48/1919: Björn Bjarnarson
gegn
Þórði Guðmundssyni.

Dómur:

Þegar mál þetta var þingfest í gestarétti Gullbringu og Kjósarsýslu að Lágafelli 11. okt. f. á., mætti stefnandi, Þórður hreppstjóri Guðmundsson, eigi í réttinum, en sendi í sinn stað Jón Ásbjörnsson yfirréttarmálaflutningsmann í Reykjavík. Stefndi Björn hreppstjóri Bjarnarson mætti sjálfur, og gerði dómarinn gegn mótmælum hans tilraun til að sætta hann við umboðsmann stefnanda, en það varð árangurslaust Nú hefur Björn Bjarnarson skotið dómi gestaréttarins í málinu, er upp var kveðinn 25. marz þ. á., til yfirdómsins með stefnu dags. 15 ág. f. á.

Í tilskipun um sættastiptanir 20. jan. 1797, 25. gr., er það bannað að senda málflutningsmann í sinn stað til að túlka mál fyrir sáttanefnd, og verður þetta fyrirmæli eftir eðli sínu að eiga jafnt við um sættatilraun fyrir gestarétti. Sáttatilraunin í máli þessu verður því að teljast ólögleg, og verður þá ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa

málinu frá undirréttinum. Er þá og rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum. Stefndi Þórður Guðmundsson greiði áfrýjanda Birni Bjarnarsyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 26/1919: Ágúst Þórarinsson f. h. Leonh. Tang & Söns verslunar í Stykkishólmi
gegn
Þórarni Egilson, Ó. V. Davíðssyni og Olgeiri Friðgeirssyni.

Dómur:

Haustið 1915 strandaði á Hvammsfirði í Dalasýslu þilskipið »Harald«, eign Leonh. Tang & Söns verslunar á Ísafirði. Skip þetta var vátryggt hjá

sjóvátryggingarfélaginu »Fjerde Söforsikringsselskab« í Kaupmannahöfn; tók vátryggingarfélagið skipið til eignar eftir strandið og seldi umboðsmaður félagsins í Reykjavík, yfirréttarmálaflutningsmaður A. V. Tulinius fyrir félagsins hönd síðan skipið Einari kaupmanni Þorgilssyni í Hafnarfirði með afsalsbréfi dags. 24. nóv 1915 »með rá og reiða og öllu, sem því fylgir og fylgdi, þegar skipið strandaði í októbermán. 1915, og fylgja ber, þar með talinn skipsbátur í Stykkishólmi og hvað sem annars kynni að vera þar skipinu tilheyrandi« Einar Þorgilsson seldi svo stefnda Þórarni Egilsson skipið með öllum sömu réttindum og hann eignaðist það, og Þórarinn Egilsson aftur að $^2/_3$ hlutum hinum meðstefndu Ó. V. Davíðssyni og Olgeiri Friðgeirssyni

Vorið 1916 fengu hinir nýju eigendur hjá áfrýjanda Leonh. Tang & Söns verslun í Stykkishólmi stórsegl á skipið og greiddu fyrir það 800 kr.; en um leið og forstjóri verslunarinnar sendi seglið, skýrði hann Þórarni Egilson frá því í bréfi dags. 13. apríl 1916, að segl þetta hefði verið sniðið á kutter Harald í ársbyrjun 1914 og hefði verið búið til sem varasegl, ef á þyrfti að halda, og hefði verið notað eitthvað lítið á skipið. Með því að stefndu eftir þessum upplýsingum töldu að segl þetta ætti að fylgja skipinu og væri innifalið í kaupi þeirra á kutter Harald samkvæmt áðurgreindum ákvæðum í afsalsbréfi umboðsmanns vátryggingarfélagsins til Einars Þorgilssonar, og að þeir því óréttilega hefðu greitt andvirði þess, kröfðust þeir að verslunin endurgreiddi

þeim upphæðina, og er verslunin varð ekki við þeirri kröfu, höfðuðu þeir mál þetta gegn áfrýjanda fyrir aukarétti Snæfells- og Hnappadalssýslu til endurgreiðslu á umgetnum 800 kr. með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1916 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Máli þessu lauk svo fyrir aukaréttinum með dómi uppkveðnum 21. jan. þ. á., að áfrýjandi Ágúst Þórarinsson verslunarstjóri var fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verslunar í Stykkishólmi dæmdur til að greiða stefndu andvirði seglsins 800 kr. með 6% ársvöxtum frá 7. mars 1917 til greiðsludags og 40 kr. í málskostnað

Dómi þessum hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. apríl þ. á. og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum hinna stefndu og þeir dæmdir til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndu krefjast þess frá sinni hálfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Um segl það, er ágreiningurinn er um, tekur áfrýjandi það fram að það hafi að vísu verið sniðið á kutter Harald og hafi verið notað á skipið tæpan mánaðartíma árið 1914, en að öðru leyti hafi segl þetta verið skipinu óviðkomandi, verið geymt í geymsluhúsum Tangsverslunar og aldrei eftir það komið um borð í skipið, enda hafi skipið án þess verið nægilega útbúið að seglum. Skipstjórinn á kutter Harald

hefur vottað það, að umrætt stórsegl hafi verið notað á skipið eina ferð við byrjun útgerðartímabilsins 1914 og því næst flutt í land og afhent versluninni og ekki komið um borð í skipið upp frá því. Áfrýjandi hefur og lagt fram bréf frá sjóvátryggingarfélaginu »Ferde Söforsikringsselskab« dags. 28. mars 1917, þar sem félagið tjáist ekki hafa ætlast til að annað fylgdi með skipinu en það, sem innanborðs var, er skipið strandaði, og að það líti svo á, að hið umrædda stórsegl, sem ekki var í skipinu er það strandaði, hafi ekki verið fylgifé þess 1915, og því ekki fylgt með í sölunni, þótt það hafi verið notað sem varasegl á fyrra útgerðartímabili (»ikke hörer til dettes Udrustning i 1915 og altsaa ekki indbefattet i Salget, uanset om det i en tidligere Sæson var benyttet som Reservesejl«.) og loks hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá umboðsmanni vátryggingarfélagsins við sölu skipsins, yfirréttarmálaflutningsmanni A. V. Tulinius um að kaupandi skipsins hafi vitað af því að umrætt stórsegl fylgdi eigi með skipinu og hefur nefnt vottorð verið staðfest fyrir rétti. Samkvæmt þessu heldur áfrýjandi því fram, að seglið hafi eigi verið fylgifé skipsins og eigi fallið undir söluna á því með fylgimunum þess, og eigi stefndu því enga heimtingu á að fá söluverð þess endurgreitt.

Stefndu halda sér hinsvegar til þess, að kutter Harald hafi verið afsalaður með öllu því, sem í Stykkishólmi kynni að vera skipinu tilheyrandi; umrætt stórsegl hafi verið búið til handa skipinu og

notað á það, og verði því að teljast selt með skipinu sem annað fylgifé þess samkvæmt ákvörðun afsalsbréfsins.

Þótt umrætt stórsegl hafi verið búið til sem varasegl handa kutter Harald og hafi verið notað á skipið um mánaðartíma árið 1914, verður þó ekki álitið að segl þetta hafi verið tilheyrandi útbúnaði skipsins, er það strandaði haustið 1915, úr því það var tekið úr skipinu snemma á árinu 1914 og síðan ekki flutt út í það, og kemur þessi skoðun heim við það, að sjóvátryggingarfélagið hefir, svo sem áður hefir verið sagt, lýst því yfir, að það teldi seglið ekki tilheyrandi útbúnaði skipsins, er það strandaði, enda er ekkert komið fram um það í málinu, að seglbúnaði skipsins hafi verið áfátt, er það strandaði. En þótt svo væri álitið, að umrætt segl ætti að teljast fylgifé kutter Haralds, þá geta stefndu engu að síður enga kröfu gert til þess, með því að það er viðurkent af stefndu að það hafi verið tekið fram við sölu skipsins, að umrætt segl fylgdi ekki skipinu og gátu þeir því ekki búist við að það fylgdi með í kaupinu þrátt fyrir hið víðtæka orðalag afsalsbréfsins.

Samkvæmt því er nú hefir verið sagt, eiga stefndu ekki heimtingu á að fá andvirði seglsins endurgoldið, og ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu; eftir málavöxtum þykir rétt að þeir greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum og ákveðst hann 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Ágúst Þórarinsson fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verslunar í Stykkishólmi á að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, Þórarins Egilson, Ó. V. Davíðssonar og Olgeirs Friðgeirssonar í máli þessu.

Hinir stefndu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjanda í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 100 kr., er lúkist áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 57/1919: Réttvísin
gegn
Ásgeiri Ásmundssyni.

Dómur:

Í máli þessu er Ásgeir Ásmundsson til heimilis í svonefndum Suðurpól hér í bænum kærður af réttvísinnar hálfu fyrir brot það, er ræðir um í 183. gr. almennra hegningarlaga 25. júlí 1869, en með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 4. júlí þ. á., var hann sýknaður af ákæru réttvísinnar og sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun 20

kr. til skipaðs talsmanns ákærða, Péturs Magnússonar yfirréttarmálaflutningsmanns, dæmdur af almannafé. Dómi þessum er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Ákærði er fæddur 4. sept 1883 og hefir eigi sætt ákæru fyrir neitt hegningarlagabrot, en, að sögn hans sjálfs, einu sinni verið sektaður fyrir lögreglubrot og annað skifti verið sýknaður af kæru um brot á aðflutningsbannslögunum. Aðalatvinna hans hefir verið flutningur fólks og þó einkum farangurs úr skipum og að.

Ákæran í máli þessu er aðallega bygð á framburði 3ja vitna, stúlknanna Ólafíu Níelsdóttur, Petrínu Kristínar Kristjánsdóttur og Bjarnheiðar Guðmundsdóttur, sem allar eru 23 ára að aldri og eiga heima hér í bænum.

Vitnið Ólafía Níelsdóttir hefir borið það, að ákærði hafi kveld eitt í fyrra hitt vitnið fyrir utan Hotel Island og farið þess á leit við hana að hún svæfi um nóttina inni á hotellinu hjá svertingja einum og sagt að hún skyldi fá 15 kr. fyrir; hafi hún fyrst verið treg til þess, en látið tilleiðast; hafi hún síðan komið niður á hotellið um kvöldið kl. 11, eins og þeim ákærða hafi talast til, og hitt þar fyrir í herbergi ákærða og erlendan mann, svartan og ófríðan, matsvein af skipi. Segir vitnið að sér hafi eigi litist á manninn og viljað fara burt, en fyrir fortölur ákærða, sem sagði að henni yrði vel borgað, lét hún tilleiðast að vera hjá útlendingnum um nóttina. Kveldið eftir, segir vitnið, hitti ákærði hana

á Vesturgötu og lagði fast að henni að hún væri aftur hjá útlendingnum næstu nótt og fyrir sömu borgun; lét hún það eftir og var enn hjá útlendingnum þá nótt; fekk hún 15 kr. fyrir hvora nóttina. Vitnið kveður ákærða hafa sagt sér, að hann fengi peninga fyrir milligönguna, en veit ekki hve mikla. Fyrra kveldið, eftir síðari leiðréttingu vitnisins, seinna kveldið — sem vitnið kom á hotellið til ákærða og útlendingsins, var að því er vitnið skýrir frá, þar í herberginu hjá þeim stúlka Bjarnheiður Guðmundsdóttir, er vitnið kynntist síðar, en hún fór út skömmu eftir að vitnið kom. Ennfremur hefir vitni þetta skýrt svo frá, að einn dag í júnímánuði fyrra ár hafi hún hitt ákærða og hann þá beðið hana að koma niður á Hotel Island sama kvöldið og sofa hjá útlendingi og biðja Petrínu Kristjánsdóttur hins sama. Skilaði vitnið þessu til Petrinu og fóru þær báðar niður í bæ um kl. 6 og hittu ákærða í Austurstræti; kvað hann útlendinganna ekki vera komna og bað þær að koma seinna um kvöldið niður að hotellinu; mundi hann vera við glugga á herbergi nr. 5 út að Austurstræti og ættu þær að koma þangað inn. Á 11 tímanum komu þær vitnið og Petrína aftur niður eftir, sáu þær ákærða í glugganum, gerði hann þeim bendingu og fóru þær inn í herbergi nr. 5. Þar inni voru með ákærða 2 útlendingar og drukku þau öll kaffi. Ákærði lagði fast að vitninu að fara út í skip með öðrum útlendingnum, og þó að vitninu litist ekki á manninn, varð það þó úr að hún fór með honum

út í skip og var hjá honum nokkurn hluta næturinnar.

Vitnið Petrína Kristjánsdóttir hefir borið fram skýrslu, er kemur heim við framburð Ólafíu um komu þeirra fyrir tilstilli ákærða á Hotel Island i júnímánuði f. á., og bætt því við að hún hafi orðið eftir hjá hinum útlendingnum og sofið hjá honum um nóttina.

Vitnið Bjarnheiður Guðmundsdóttir hefir borið það, að eitt kveld í ágúst eða septembermánuði f. á. hafi hún gengið fram hjá Hotel Island; hafi ákærði þá opnað glugga á herbergi á 2. gólfi í hótellinu, kallað til vitnisins og beðið hana að koma upp til sín og gjörði vitnið það. Þar var þá inni hjá ákærða útlendingur dökkur og svakalegur, og sagði ákærði vitninu að þeir væru að bíða eftir stúlku, sem héti Ólafía, og hefði lofað að koma og vera hjá útlendingnum um nóttina, en ákærði væri hræddur um að hún ætlaði ekki að koma og bað hann vitnið að vera hjá útlendingnum um nóttina, ef Ólafía kæmi ekki, sagði að útlendingurinn mundi borga það vel, því hann hefði nóga peninga Tjáist vitnið hafa þvertekið fyrir að vera hjá útlendingnum, og í því bili hafi stúlka komið inn, er nefndi sig Ólafía, og vitnið kyntist síðar. Vitnið fór þá burtu, en áður en hún fór út bað ákærði hana að sofa hjá bryta einum, sem væri þar í næsta herbergi, en vitnið neitaði því.

Vitnin Ólafía Nielsdóttir og Petrína Kristjánsdóttir hafa unnið eið að framburði sínum, en eiður var

eigi tekinn af Bjarnheiði Guðmundsdóttur, með því að dómaranum þótti heilsa hennar eigi leyfa það.

Ákærði hefir stöðugt og eindregið neitað því, að nokkuð sé tilhæft í framburði vitna þessara og lýst hann ósannindi ein og tilbúning.

Það er upplýst í málinu og játað af þessum vitnum, að þær hafa gjört allmikið að því að leggja lag sitt við karlmenn, einkum útlenda sjómenn, fyrir borgun og það einnig, án þess að ákærði, að þeirra sögn, ætti þar neinn hlut að með fortölum eða milligöngu. Það verður því eigi álitið, að ákærði með framangreindum afskiftum sínum af vitnunum, þótt sönnuð væru, hafi afvegaleitt eða ginnt vitnin til saurlifnaðar, og verða þessi afskifti þá eigi talin saknæm eftir 1. málslið 183. gr. hegningarlaganna eins og rétt þykir að skilja þetta lagaákvæði. Og með því að þessi verknaður ákærða verður eigi heldur heimfærður undir 2. og 3. málslið sömu lagagreinar verður honum eigi refsað fyrir hann.

Þá hafa nefnd vitni Ólafía og Petrína og vitnið Björglín Guðrún Stefánsdóttir skýrt frá því, að einn dag í maímánuði f. á. hafi ákærði komið til þeirra þar sem þær voru allar staddar í herbergi Björglínar í húsinu nr. 64 við Bergstaðastræti, og sagt þeim að hann væri búinn að leita sig dauðþreyttan að Jóhönnu Ketilsdóttur, sem um það leyti hafðist við hjá Björglínu, en Jóhanna hefði lofað sér (ákærða) að koma á Hotel Island til tveggja útlendinga, en svikist um það.

Ákærði hefir algerlega neitað þessum framburði

og lýst hann ósannan og Jóhanna Ketilsdóttir hefir borið það sem vitni, að ákærði hafi aldrei farið fram á það við sig, að eiga samlag við karlmenn; hann hafi aðeins einu sinni einn dag síðdegis hitt hana á götu og spurt hana hvort hún vildi tala við mann, en hún hafi eigi sint því, og þykist hún eigi hafa vitað hvað ákærði meinti með því að biðja sig þessa. Er það eftir þessu ósannað, að ákærði hafi bakað sér refsingarábyrgð með atferli sínu við Jóhönnu Ketilsdóttur.

Ennfremur hafa fyrgreind 4 vitni borið það að í annað skifti, er vitnin voru stödd í herbergi Björglinar, hafi ákærði komið þangað og sagt þeim í fréttaskyni, að hann hefði útvegað 3 stúlkur til að fara út í skip á höfninni og nefnt eina þeirra Láru, er vitnin könnuðust við, sagt að hún hefði verið sá bjáni að þýðast ekki þá menn, sem hann vildi, og hefði hún þó getað fengið 70 kr. fyrir. Stúlka þessi, sem heitir fullu nafni Ingibjörg Lára Ágústsdóttir, hefir borið það og staðfest með eiði, að ákærði hafi reynt til þess að fá sig og aðrar stúlkur út í skip á höfninni til að hafa samræði við karlmenn fyrir peninga, en eigi fengið þær til þess. Ákærði hefir fastlega neitað öllum þessum vitnisburðum sem ósönnum. Vitnisburður Ingibjargar Láru er einstæður og fer auk þess í ýmsum atriðum í bág við aðrar skýrslur í málinu; hann er því ónógur til þess að ákærði verði sakfelldur eftir honum.

Yfirdómurinn kemst þannig að sömu niðurstöðu sem aukarétturinn, að sýkna beri ákærða í máli

þessu af kröfum réttvísinnar, og með því að einnig verður fallist á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn.

Rekstur málsins fyrir aukaréttinum hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfiréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 25 kr. til hvors, skal greiða af almannafé.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 64/1919.

Valdstjórnin
gegn
Sigurði Gunnlaugssyni

Dómur:

Í máli þessu er kærði Sigurður Gunnlaugsson, til heimilis á Nýlendugötu 19 hér í bæ, sakaður fyr-

ir að hafa sést drukkinn á almannafæri nóttina milli 30. og 31. ágústmán. þ. á. og með því móti gjörst brotlegur eftir 8 gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sem staðfest er 19 apríl þ. á. En fyrir lögregluréttí Reykjavíkur lauk málinu svo með dómi réttarins, uppkveðnum 15. sept. þ. á., að kærði var sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafé Þessum dómi er af hálfu valdstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Um brot kærða eru þessar skýrslur fengar í málinu. Lögregluþjónn Davíð Jónsson segist hafa hitt kærða í Austurstræti nóttina 30. til 31. ágúst þ. á. svo drukkinn að hann hafi reikað í gangi og að hann hafi ætlað að hlaupa þvert fyrir bifreið, er kom akandi á móti þeim, svo og að hann hafi hreytt úr sér ókvæðisorðum, er lögregluþjónninn skildi við kærða heima við húsdyr hans. Lögregluþjónn Gunnlaugur Jónsson hefir skýrt svo frá, að hann hafi þessa sömu nótt hitt kærða í Austurstræti, og hafi hann þá verið með drykkjulæti, reikað og »röflað« og hafi enda ætlað að stökkva fyrir bifreið, er kom akandi eftir götunni. Báðir lögregluþjónarnir hafa staðfest skýrslur sínar með eiði.

Hins vegar hefir kærði neitað því afdráttarlaust að hann hafi verið drukkinn áminnsta nótt, en kannast við að hann hafi drukkið hárspíritus, án þess þó að hafa orðið ölvaður; hann eigi vanda til að fá svimaköst og hafi verið með eitt slíkt kast í þetta sinn; geti verið að sviminn og hárspíritusinn hafi haft þær verkanir að hann hafi reikað, þótt hann annars

muni ekkert eftir því. Læknir hefir vottað að kærði hafi leitað til sín vegna höfuðsvima og að hann hafi lengi þjáðst af þessum kvilla. Þá hefir Hafliði Jónsson, er lögregluþjónarnir sáu með kærða nóttina milli 30. og 31. ágúst þ. á. borið fyrir rétti og staðfest með eiði, að hann hafi verið með kærða áminnsta nótt og að þeir hafi drukkið saman eitt glas af hárspíritus, en jafnframt neitað því þverlega, að þeir hafi orðið nokkuð ölvaðir, eða að kærði hafi haft í frammi nokkur drykkjulæti eða ókvæðisorð við við lögregluþjónana, enda hafi það eigi getað verið því hann hafi alls ekki verið drukkinn.

Báðir lögregluþjónarnir hafa tekið það fram í skýrslu sinni, að kærði hafi reikað, og virðast þeir, sérílagi Davíð, aðallega af því hafi ályktað að kærði væri drukkinn. En það að hann reikaði gat verið eðlileg afleiðing af svimanum. Með tilliti til þessa og þar sem kærði afdráttarlaust neitar því að hafa verið drukkinn, og þessi neitun hans styrkist við eiðfestan framburð Hafliða Jónssonar, verður skýrsla lögregluþjónanna eigi álitin nægilega örugg sönnun fyrir því, að kærði hafi verið drukkinn við umrætt tækifæri, og verður þá að sýkna hann í málinu, eins og undirdómarinn hefir gjört. Með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, verður að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Allur áfrýjunarkostaður sakarinnar greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 20 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn staðfestist. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn yfirdómsmálflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Eggerts Claessen 20 kr. til hvors.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr. 15/1919: Valdimar Thorarensen f.h. Carl Sæmundsen & Co. gegn Ragnari Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Valdimar Thorarensen málaflutningsmaður á Akureyri fyrir hönd firmans Carl Sæmundsen & Co. í Kaupmannahöfn fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn Ragnari Ólafssyni kaupmanni á Akureyri til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 18720 kr. í skaðabætur fyrir rof á kaupsamningi um síld, auk 6 % ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi 8. jan. 1916 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir aukaréttinum með dómi uppkveðnum 23 sept. f.á., að stefndi Ragnar Ólafsson var sýknaður af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða stefnda 100 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. mars þ.á., og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 18720 kr. skaðabætur með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir að hinn 19. ágúst 1915 sendi stefndi Ragnar Ólafsson áfrýjanda Carl Sæmundsen & Co. símskeyti og bauð honum 2000—3000 tunnur af síld á 33 aura hvert kílogr. fob, er greiðast skuli við afhendingu farmskírteinis og var bankatrygging áskilin fyrir kaupverðinu. Þessu svaraði áfrýjandi með símskeyti dags. 21. ág. að hann hefði selt hinar tilboðnu 2000-3000 tunnur síldar fyrir 33 aura hvert kílógr. fob, er verði greitt gegn afhendingu framskírteina (fob documents) og vottorða matsmanna og vigtarmanna, og eigi síldin að afhendast með skipinu Pollux um 10. sept. á Eyjafirði eða Siglufirði, og að trygging verði sett fyrir greiðslu kaupverðsins. Stefndi svaraði þessu með símskeyti 23. s.m. á þá leið, að hann samþykkti sölu 2000 tunna með þessum skilyrðum og fékk sama dag símskeyti frá áfrýjanda um að áskilin bankatrygging væri sett. Þann 28. ág. símar áfrýjandi stefnda aftur, biður hann að síma sér ný tilboð og næsta dag 29. ág. símar áfrýjandi stefnda á ný,

skýrir honum frá að hann því miður hafi samþykkt sölu á 3000 tunnum og biðui stefnda að kaupa fyrir sinn reikning 1000 tunnur af síld, er afhendist um 10. sept. og biður um símasvar sem fljótast. Þessum skeytum svaraði stefndi með símskeyti 30. ágúst, og bauðst til að selja áfrýjanda 2000 tunnur síldar fyrir 40 aura kílogr. fob, og svaraði áfrýjandi þessu með símskeyti 1. sept. á þann veg að hann hefði selt hinar tilboðnu 2000 tunnur fyrir 40 aura kgr. fob með venjulegum borgunarskilmálum og bankatryggingu, en að öðru leyti með sömu skilmálum sem í skeyti 21. ágúst, og bað stefnda um staðfestingu á sölunni. Þessu svaraði stefndi með símskeyti 3 sept. þannig að hann staðfesti að hafa selt áfrýjanda 2000 tunnur síldar fyrrir 40 aura (hvert) kílogr. fob með sömu skilmálum og í skeyti áfrýjanda 21. ágúst, útskipun í síðastalagi 10.—15. sept. Þann 5. sept. fékk stefndi Þvínæst símskeyti frá áfrýjanda þess efnis, að Andreas Hövik veiti 2700 tunnum móttöku, en að hann, áfrýjandi, ráðstafi 1300 tunnum síðar Nú leið fram yfir 15. sept. að áfrýjandi lét ekki taka hina seldu síld, en 17. sept. afhenti stefndi Andreas Hövik 2700 tn. af henni, og telur stefndi með réttu að 2000 tunnur þar af hafi verið þær, er áfrýjandi keypti fyrst, en 700 tunnur af síðari sölunni og var andvirðið greitt samkvæmt því. þremur dögum síðar eða þann 20. sept ritaði stefndi áfrýjanda bréf, og tekur fram, að þótt hann hafi ekki verið skyldur til að láta síldina af hendi með því að hennar hafi ekki verið vitjað á umsömdum tíma hafi hann samt sem áður afhent Hövik um-

getnar 2700 tunnur, og krefst þess að áfrýjandi greiði aukatoll, er lögleiddur hafi verið eftir að afhending síldarinnar hafi átt fram að fara, og að því er snertir þær 1300 tunnur, sem ekki væru afhentar, þá krefst stefndi að áfrýjandi greiði aukatollinn af þeim, vexti af andvirði þeirra og kostnað við geymslu eftir ákveðinn afhendingardag; krefst stefndi þess ennfremur að áfrýjandi gefi símleiðis tilgreindum manni á Akureyri umboð til að semja við sig, en geti samkomulag ekki komist á um þetta megi áfrýjandi vera við því búinn að kaupunum á þessum 1300 tunnum síldar verði ript.

Það sést nú eigi af skjölum málsins hvenær áfrýjandi hefir fengið þetta bréf, en það skiftir eigi máli, með því að daginn eftir eða 21. sept. símaði stefndi áfrýjanda hve mikill aukatollurinn af síldinni væri, krafðist þess að áfrýjandi greiddi hann, þar eð síldin hefði ekki verið tekin á umsömdum tíma, kveðst ekki mundu afhenda hinar eftirstandandi 1300 tunnur nema áfrýjandi greiði aukatollinn, og krefst þess að áfrýjandi veiti manni á Akureyri umboð til að semja um þetta. Má sjá það af bréfi áfrýjanda dags. 24. sept. að hann hefir fengið símskeyti þetta, en hann svaraði því ekki símleiðis og samþykkti heldur eigi í bréfinu kröfur stefnda. Þann 24. sept símaði stefndi áfrýjanda á ný og krafðist svars við símskeyti sínu 21. sept. og er hann fékk ekkert svar símaði hann loks áfrýjanda 29. sept. að hann skoðaði kaupin á hinum eftirstandandi 1300 tunnum upphafin. Stefndi beið þó enn eftir svari frá áfrýj-

anda, en þegar hann fékk engin skeyti frá honum, seldi hann loks hinar umræddu 1300 tunnur 2. okt. og tilkynnti áfrýjanda það með bréfi dags. sama dag. Tveimur dögum síðar, hinn 4. okt. fékk stefndi loks símskeyti frá áfrýjanda, þar sem hann segist hafa verið á ferðalagi, kveðst munu svara stefnda, er skip það komi, er stefndi hafði skrifað áfrýjanda með 20. sept. Þessu skeyti svaraði stefndi um hæl og kvaðst vera búinn að selja öðrum síldina, þar eð hann hefði ekkert svar fengið við skeytum sínum.

Samkvæmt framangreindum málavöxtum telur stefndi sig hafa haft ótvíræða heimild til að rifta kaupið á umræddum 1300 tunnum, og geti því um enga skaðabótaskyldu frá hans hálfu verið að ræða. Áfrýjandi hafi látið farast fyrir að vitja vörunnar eða greiða andvirði hennar í tiltekna tíð, og auk þess hafi hann ekki svarað símskeytum sínum, þar sem honum þó hafi verið gefinn kostur á að kaupin stæðu, ef hann vildi fullnægja því skilyrði, að greiða aukatollinn, og loks hafi hann ekki svarað símskeyti sínu 29. sept., þar sem hann tilkynti að kaupin væru upphafin, og hafi hann af þessari þögn áfrýjanda haft gilda ástæðu til að ætla, að hann hirti ekki um að kaupin stæðu, og að minsta kosti vildi ekki ganga að því að greiða aukatollinn.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að það atriði að hann hafi ekki komið því við að taka við umræddum 1300 tunnum síldar fyrir 15. sept., hafi ekki gefið stefnda neina heimild til þess að rifta kaupin; báðum aðilum hafi verið fullkunnugt um

það, að árið 1915 hafi verið miklir erfiðleikar á því, að fá farmrúm fyrir vörur til og frá Íslandi, og því hafi hvorugur aðila getað lagt neina verulega áherzlu á ákveðinn móttökudag, en hitt sé rétt, að kaupverð síldarinnar hafi átt að greiðast í síðasta lagi 15. sept. og hafi áfrýjandi því gert nauðsynlegar ráðstafanir í þá átt. Hann hafi í tæka tíð sett áskilda bankatryggingu fyrir greiðslunni, og með það fyrir augum, að ekki væri auðið að taka síldina í skip fyrir 15. sept., hafi hann útbúið bankatrygginguna þannig, að stefndi gæti fengið kaupverð síldarinnar greitt ekki aðeins gegn fob skjölum heldur einnig gegn »certificate of storage« eða geymsluvottorði; þetta hafi stefnda verið fullkunnugt um; hafi hann því ekki þurft að gjöra annað, ef hann vildi fá síldarverðið greitt, en að snúa sér til annars hvors bankans á Akureyri, afhenda bankanum, auk áskilinna mats og vigtarvottorða skilríki fyrir því að hann hefði tekið síldina frá handa áfrýjanda, hvar hún væri geymd og hvernig merkt og mundi hann þá tafarlaust hafa fengið kaupverðið greitt.

Stefndi hefir hinsvegar neitað því, að áfrýjandi hafi sett fullnægjandi bankatryggingu fyrir greiðslu síldarverðsins. Að vísu játar hann að bankarnir hafi verið beðnir að annast greiðsluna gegn afhendingu farmskírteinis, vottorða matsmanna og vigtarmanna, en annar bankinn hafi sökum fjárskorts ekki treyst sér til að lofa greiðslu, og hinn bankinn, sem virðist hafa lofað greiðslu banka þeim í Kaupmannahöfn, er átti að sjá um greiðsluna fyrir áfrýjanda,

hafi aldrei tilkynnt stefnda þetta, heldur hafi einungis skýrt honum frá, að hann hefði fengið símskeyti þessu viðvíkjandi, en þótt gild bankatrygging hefði verið fyrir hendi, hefði það ekki komið sér (stefnda) að neinu liði, með því að áfrýjandi hafi ekki látið vitja vörunnar, en hitt hafi honum verið alveg ókunnugt um að hann gæti fengið andvirði síldararinnar greitt nema gegn farmskírteini.

Þótt gjört sé ráð fyrir því að áfrýjandi hafi sett gilda bankatryggingu fyrir greiðslu á andvirði síldarinnar, þá var þó eftir söluskilmálunum móttaka síldarinnar sú athöfn, sem greiðsla síldarinnar var undir komin, því svo var um samið að kaupverðið skyldi greitt gegn »fob«- skýrteini, sjá símskeyti stefnda 30. ág. og símskeyti áfrýjanda 1. sept. sbr. símsk. 21. ágúst og loks símskeyti stefnda 3. sept. Það var því eftir þessu eðlilegt, að stefndi álíti það tilgangslaust að snúa sér til bankanna um greiðslu síldarinnar úr því að hann gat ekki lagt fram þau skjöl, sem greiðsla kaupverðsins var undirkomin, en gegn neitun stefnda er það algjörlega ósannað að hann hafi fengið vitnesku um að hann gæti fengið kaupverðið greitt hjá bönkunum gegn öðrum skýrteinum t. d. vottorði um að hann hefði tekið síldina frá, látið merkja hana, meta og vega

Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi ekki gert nægilegar ráðstafanir til að greiða kaupverðið í tæka tíð, og hafði stefndi því heimild til þess samkvæmt 28. gr. viðskiftalaga 11. júli 1911 að rifta kaupið, og ber því að sýkna hann af skaðabótakröfu áfrýjanda.

Þar sem yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og undirdómarinn og ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað einnig samþykkist, ber að staðfesta nefndan dóm.

Ákvæði aukaréttardómsins um 40 kr. sekt á hendur Valdemar Thorarensem og 20 kr. sekt á hendur Böðvari Jónssyni fyrir ósæmilegan rithátt samþykkist einnig.

Eftir þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi Valdemar Thorarensen f. h. Carl Sæmundsen & Co. greiði stefnda Ragnari Ólafssyni 80 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Íðæmdur málskostnaður og sektir greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr 50/1919: E. Larsen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skipsins I. B. Petersen gegn Guðmundi Péturssyni

Dómur:

Föstudaginn 28. desbr. 1917, festist skipið I. B. Petersen, þrísigld skonnorta með hjálparvél, 67,76 smálestir að stærð, frá Árósum, eign hlutafélagsins Carl Höepfner og vátryggt hjá »Det fjerde Söforsikringsselskab« í Kaupmannahöfn á svonefndu Bótarkeri í Krossavík norðan við Oddeyri á Eyjafirði. Skipstjórinn E Larsen lét þegar gera tilraunir til að losa skipið af skerinu, en það varð árangurslaust með því að sjór var farinn að falla út og hjálparvélin var biluð, svo að hún varð eigi notuð. Næsta morgun kl. 8 lét skipstjóri legga út varpakkeri frá bakborðshlið skipsins og festa streng frá stjórnborðshlið í akkerisfesti, er mannlaus skipsskrokkur lá við þar skamt frá, og með því til skiftis að toga á bæði borð tókst að þoka skipinu 12 fet áfram. Stundu fyrir hádegi sendi skipstjóri stýrimanninn til verzlunarstjóra Carls Höepfners á Akureyri með þau skilaboð að hann sendi mótorbát og 4 menn til aðstoðar og og fékk verzlunarstjórinn útgerðarmann Guðmund Pétursson á Akureyri til að senda mótorskip hans Öldunа með 5 mönnum til aðstoðar við I. B Petersen. Um nónbil kom Aldan út að skipinu en engar tilraunir voru gerðar til að koma skipinu á flot fyr en með flóðinu um kvöldið. Larsen skipstjóri vildi þá láta flytja bakborðs-akkeri skipsins, sem var miklu þyngra en varpakkerið fram fyrir skipið og varpa því þannig fram af skerinu með skipsvindunni en skipstjóri á Öldunni áleit að þetta mætt betur takast með því að nota vélarafl mótorskipsins til að

draga skipið áfram og féllst Larsen á það. Ekkert vanst þó á með þessu, með því að strákaðall frá Öldunni og annar strákaðall frá I. B. Petersen, sem notaðir voru við þessar tilraunir, — og aðrir strengir voru eigi við hendina — slitnuðu báðir er á þá reyndi. Aldan hélt þá aftur til Akureyrar til þess eftir beiðni Larsens skipstjóra að sækja betri tæki; kom hún aftur næsta morgun og á henni 6 menn með vírstreng og 60 tómar tunnur, voru tunnurnar flestar látnar á framþilfar skipsins og fyltar af vatni, við það lyftist afturhluti skipsins, sem stóð á skerinu um rúma 3 þumlunga. Var svo vírstrengurinn festur í I. B. Petersen og brugðið um aftursiglu Öldunnar, og gekk hún á strenginn með fullu vélarafli sínu og um leið var varpakkerið notað til að vinda skipið fram; eftir margar tilraunir tókst með þessum hætti að losa skipið af skerinu og dró Aldan það síðan að bryggju á Akureyrarhöfn. Var það aflíðandi hádegi 30. des.

Með því að ekki gekk saman um borgun fyrir þessa aðstoð Öldunnar, fékk eigandi hennar Guðmundur Pétursson menn dómkvadda til að meta I. B Petersen og virtu þeir skipið á 107000 kr. 30% af þessari upphæð eða 32100 kr. taldi hann hæfilega borgun fyrir björgun skipsins og krafðist kyrsetningar á því og löghalds til tryggingar þeirri upphæð. Fór kyrsetningargerðin fram í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 26 febr. Að því búnu höfðaði Guðmundur Pétursson þetta mál fyrir sjódómi Akureyrarkaup-

staðar gegn E. Larsen skipstjóra á I. B. Petersen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skipsins til staðfestingar á kyrsetningargerðinni og til að fá dóm fyrir 32100 kr. björgunarlaunum með 6% ársvöxtum frá 30. des. 1917. Til vara krafðist hann 30 % af kr. 98000,00 en það var verð skipsins eins og það hafði verið ákveðið af yfirmatsmönnum, er dómkvaddir voru að tilhlutun stefnda undir rekstri málsins. Úrslit málsins í sjóréttinum urðu þau, með dómi uppkveðnum 31. des. f. á. að kyrsetnigargerðin skyldi óröskuð standa og stefndi greiða stefnandanum 12% af yfirmatsverðinu eða kr. 11760,00 með 6% ársvöxtum frá 30. des. 1917 til greiðsludags og 200 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir E. Larsen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda I. B. Petersen skotið til yfirdómsins með stefnu dags 15 ág. þ. á., og krafist þess að kyrsetningargjörðin 26 febr. þ. á verði feld úr gildi og kostnaður við hana látinn falla niður, og að stefnda Guðmundi Peturssyni verði eigi dæmd hærri þóknun en 5000 kr.

Áfrýjunarstefnan í málinu hefir verið löglega birt stefnda, en hann hefir eigi komið eða látið neinn koma af sinni hendi í yfirdóminn til andsvara í málinu og verður það þá samkvæmt N.L 1.—4. 32. og tilsk. 3. júní 1796,2 gr. dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi neitar því að skip hans hafi verið statt í neyð, svo að aðstoð sú, er Aldan veitti, verði

talin björgun, er björnunarlaun eigi að greiða fyrir samkvæmt 10. kap. siglingalaganna 30. nóv. 1914, eða að heimild hafi verið til að kyrsetja skipið samkvæmt 234. gr. laganna. Segir hann að skipið hafi legið létt á skerinu, svo að ekki hefði þurft annað en að færa fram bakborðsakkerið og »spila« skipið út á það, til að ná því af skerinu, og í því skyni hafi hann sent eftir mótorbát og 4 mönnum, því að bátur kipsins hafi verið of lítill til að flytja akkerið, en skipstjórinn á Öldunni hafi boðist til að draga skipið af skerinu með vélarafli hennar, og hafi áfrýjandi þegið það eða samþykkt. Veðrið hafi verið gott og hjálp við hendina, þar sem Bótarsker sé að eins 10—15 mínútna sigling frá Akureyrarhöfn, og þar hafi verið nægur kostu betri skipa en Aldan, sem hægt hefði verið að fá til aðstoðar fyrir hæfilega borgun, enda mundi áfrýjandi eigi hafa notað aðstoð Öldunnar, ef honum hefði komið til hugar að stefndi mundi setja upp svo háa borgun fyrir hana, sem raun er á orðin. Svo tekur áfrýjandi það og fram að um kvöldið 30. des. hafi gengið upp vindur af útsuðri og mundi skipið þá sjálfkrafa hafa runnið af skerinu, því að það hafi legið þannig fyrir þeirri vindátt,

Það verður þó að álíta að skip áfrýjanda hafi verið í hættu, er það gat eigi komist úr hjálparlaust, því að það er óvíst að skipið hefði farið sjálfkrafa af skerinu um kvöldið eins og áfrýjandi staðhæfir, enda er því mótmælt og eigi nægilega sannað, að vindstaðan og lega skipsins hafi verið eins og áfrýjandi skýrir frá. Og í þessu efni skiftir það eigi

máli, þótt fáanleg væri önnur hjálp. Aðstoð Öldunnar verður því að teljast björgun, og átti stefndi þá kröfu til björgunarlauna og rétt til að hefta brottför I. B. Petersen, þangað til þau væru greidd eða trygging sett fyrir þeim.

Björgunarlaun þau, er áfrýjanda ber að greiða stefnda verður því að ákveða samkv. 230. gr. siglingalaganna, og kemur þá til álita tími og fyrirhöfn, er til björgunarinnar var varið og að framan er frá skýrt, svo og hættan er skipið var statt í, en í því var engin farmur eða flutningur, og skipshöfnin virist eigi hafa verið í hættu; sama var og um björgunarmennina, að þeim eða eign þeirra var eigi stofnað í hættu, enda biðu þeir eigi tjón á björgunartækjum, er þeir notuðu, annað en það að strákaðall slitnaði sem fyr getur, því að það er ósannað gegn mótmælum áfrýjanda, að Aldan hafi, eins og stefndi hefur fram, bilað eða reynst til skemda við björgunina, Stefndi hélt því fram að Aldan hefði eytt olíu fyrir 300 kr. við björgunina, en áfrýjandi telur þennan kostnað eigi hafa getað verið meiri en 100 kr.; um þetta er ekkert sannað en skýrsla afrýjanda virðist sennilegri, þegar miðað er við stærð Öldunnar, 30 smálestir, vélarkraft hennar 50 hestöfl, og vegalengd milli Akureyrar og Bótarskers, sem ómótmælt er að ekki sé meiri en 10—15 mínútna sigling. Aldan var eigi útbúin með öðrum björgunartækjum en að framan greinir og verð hennar er talið 30000 kr.

Að öllu þessu athuguðu þykir hæfilegt að ákveða

björgunarlaunin, er áfrýjanda ber að greiða stefnda 8000 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. des. 1917 til borgunardags, og ber að staðfesta kyrsetningargjörðina að því er þeirri upphæð nemur.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi E. Larsen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skipsins I. B. Petersen greiði stefnda Guðmundi Péturssyni 8000 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. des. 1917 til greiðsludags og á kyrsetningargerðin 26. febr. f. á. að vera óröskuð, að því er þeirri upphæð nemur. Málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr. 13/1919 og 12/1919: Gísli Þorbjarnarson
gegn
Eggert Jónssyni og dr. Alex. Jóhannessyni fyrir hönd

H. Th. A. Thomsen,
og
Alex. Jóhannesson f. h. firmans H. Th. A. Thomsen,
gegn
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Áfrýjandi Gísli Þorbjarnarson hefir skotið máli þessu til yfirdómsins með stefnu dags 7. marz þ. á. og stefnt þeim Eggert Jónssyni fasteignasala hér í bænum og dr. Alex. Jóhannessyni f. h. firmans H. Th. A. Thomsen og var það mál þingfest 28 apríl síðastl., en með stefnu dags. 5. marz þ. á. hafði dr. Alex. Jóhannesson f. h. firmans H. Th A Thomsen einnig áfrýjað máli þessu til yfirdóms, og féll stefnan í rétt 30 júní síðastl., og voru mál þessi síðan sameinuð fyrir yfirdóminum undir rekstri þeirra.

Hvorugur áfrýjendanna hefir stefnt hinum reglulega dómara er hafði mál þetta fyrst til meðferðar, gaf út stefnu í því og þingaði í því við fyrstu fyrirtekt þess 14. marz 1918 og við síðari fyrirtekt þess 11. apríl s. á., en hann hefir ekki fallið frá stefnu og eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum. Fyrirmæla N. L. 1—2—3 sbr. tilsk. 15. ág. 1832 18. gr. hefir þannig eigi verið gætt, og verður því ex officio að vísa málum þessum frá yfirdóminum.

Eftir þessu ber áfrýjanda Gísla Þorbjarnarsyni að greiða stefnda Eggerti Jónssyni ómaksbætur, er

ákveðast 30 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Málum þessum vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Gísli Þorbjarnarson greiði stefnda Eggert Jónssyni 30 kr. í ómaksbætur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 69/1918: Kristinn P. Briem
gegn
Árna J. Hafstað
og Jóni Jónssyni.

Dómur.

Áfrýjandi Kristinn P. Briem, kaupmaður á Sauðárkróki, höfðaði mál þetta sem eigandi jarðarinnar Grænhóls í Skarðshreppi fyrir landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu, með stefnu útgefinni 17. júlí 1917, gegn stefnda Árna J. Hafstað sjálfseignarbónda í Vík

í Staðahreppi og Jóni Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum, eiganda jarðarinnar Glæsibær í Staðarhreppi, útaf ágreiningi um landamerki milli Grænhóls og Víkur, en merki þessi koma að því leyti Glæsibæ við, að sú jörð hefir sameiginlegt beitiland við Vík. Með dómi landamerkjadómsins uppkveðnum 26. ágúst 1918 var málinu vísað frá landamerkjadómi og stefnandi dæmdur til að greiða stefndu 50 kr í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 3. des. 1918 og krafist þess að dómnum verði hrundið og málinu vísað heim til dómsálagningar að efni til og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndu hafa krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísun málsins byggir landmerkjadómurinn á því, að málið hafi verið útkljáð með gjörðardómi gegnum 21. ágúst 1916. Höfðu málsaðilar með samningi dags 20. ágúst 1916 komið sér saman um að leggja ágreining þann, er milli þeirra var um landamerkin milli Grænhóls og Víkur, undir gjörð þriggja manna, og kváðu gjörðarmenn upp úrskurð sinn um málið degi síðar, 21. ágúst 1916. Áfrýjandi taldi sig eigi bundinn við úrskurð gjörðarmannanna og höfðaði því málið fyrir landamerkjadóminum. Eins og málið liggur fyrir verður það nú eigi rannsakað hvort mótbárur áfrýjanda gegn gildi gjörðarinnar hafa við

rök að styðjast, en hann hafði rétt til þess að leggja spurninguna um landamerkin og jafnframt um gildi gjörðarinnar, undir landamerkjadóm og fá dóm hans um þau. Niðurstaða landamerkjadómsins, sú að hann vísar málinu frá sér vegna gjörðarinnar, er því eigi lögum samkvæm, og það því síður sem dómarinn þegar í réttarhaldi 10. sept. 1917, áður en landamerkjadómurinn var skipaður, með úrskurði hafði hrundið kröfu stefnda um að málinu, vegna þess að það áður væri útkljáð með gjörðardóminum 21. ágúst 1916, væri vísað frá dómi, en þeim úrskurði hefir eigi verið hrundið af æðra rétti.

Samkvæmt framansögðu verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að stefndu, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, greiði áfrýjanda 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, áfrýjanda Kristni P. Briem 50 kr innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 49/1919: Gísli J. Johnsen
gegn
Oddgeiri Guðmundsen.

Dómur:

Stefndi Oddgeir Guðmundsen prestur í Vestmanneyjum höfðaði þetta mál gegn áfrýjanda Gísla J. Johnsen konsúl sama staðar fyrir meiðyrði, og var það dæmt í aukarétti Vestmanneyjasýslu 2. ág. þ. á. á þann veg, að umstefnd meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi skyldi greiða 400 kr. sekt í landsjóði eða sæta einföldu fangelsi í 2 mánuði, ef sektin væri eigi greidd í tækan tíma, og greiða stefnda 60 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Gísli J. Johnsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15 ág þ. á., og krafist þess að dómnum verði breytt þannig að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins

Stefndi hefir krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hin umstefndu meiðyrði viðhafði áfrýjandi, að sögn stefnda, á fundi sáttanefndar Vestmanneyja 15. jan. þ. á, að stefnda fjærstöddum, er leitað var um sættir í viðskiftamáli milli áfrýjanda og annars manns. Meiðyrðin eru í sáttakæru og stefnu talin þessi: *að* stefndi sé þjófur, *að* hann hafi svívirt konu áfrýjanda og, væri nú að svívirða hann (áfrýjanda)

að hann (stefndi) sé helvítis svín og *að* hann (áfrýjandi) skyldi afhjúpa prestinn og senda biskupi afrit af sáttakærunni í fyrgreindu máli, til þess að stefndi yrði settur af embætti, og sóknarbörn hans fengju að sjá hvaða ómenni þeir hefðu fyrir prest.

Áfrýjandi neitaði því fastlega að hann hefði haft þessi ummæli um stefnda, hvort heldur á sáttafundinum eða endranær, og stefndi kvaddi því sáttanefndarmennina til vitnisburðar, en áfrýjandi mótmælti því að þeir væru látnir bera vitni í málinu, bæði af því að stefndi hefði samkvæmt N. L. 1—3—22 fyrirgert rétti sínum til að leiða vitni um sakarefnið og af því að það væri bannað í sáttalöggjöfinni að leita vitnisburðar sáttanefndarmanna um það, er gerist á sáttafundum. En með úrskurðum aukaréttarins, uppkveðnum 28. júní og 1. ágúst var þessum mótmælum hrundið og fór vitnaleiðslan fram Í sóknarskjali fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi krafist þess, að nefndir úrskurðir verði ómerktir og vitnisburðir sáttanefndarmannanna metnir ógildir, en með því að áfrýjandi hefir eigi í áfrýjunarstefnunni krafist ómerkingar úrskurðanna, verður þeim eigi breytt og krafa áfrýjanda í þá átt eigi tekin til greina.

Með samhljóða vitnisburði sáttanefndarmannanna verður að telja það sannað, að áfrýjandi hafi viðhaft um stefnda við fyrgreint tækifæri hin átöldu orð, eða ummæli í líka átt. Að sönnu muna vitnin eigi hvort áfrýjandi hafði orðið »þjófur« um stefnda en þau skildu ummæli áfrýjanda sem brígsl í þá átt, eða að stefndi hefði tekið undir sig peninga, sem hann átti

eigi, og annað vitnið mundi eigi að áfrýjandi hefði talað um að senda biskupi eftirrit af sáttakærunni í þeim tilgangi að stefndi yrði settur af embætti. Áfrýjandi hefir eigi reynt að finna neinn stað þessum getsökum og ókvæðisorðum í garð stefnda, en þau eru freklega meiðandi og verður að dæma þau dauð og ómerk; svo verður áfrýjandi og að sæta sekt fyrir þau, og þykir hún samkvæmt 217 gr. og 219. gr almennra hegningarlaga 25. júní 1869 hæfilega ákveðin 300 kr. til landssjóðs, en í stað hennar komi einfalt fangelsi í 45 daga, ef hún er eigi greidd í ákveðinn tíma. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist. Það þykir og rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Gísli J. Johnsen greiði 300 kr. sekt í landssjóð eða sæti 45 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tækan tíma. Ákvæðum aukaréttardómsins um ómerking meiðyrða og málskostnað skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda með 25 krónum. — Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 46/1919: Sveinn Björnsson
fyrir hönd Bookless Bros
gegn
fjármálaráðherra Íslands
f. h. ríkissjóðs.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sveinn Björnsson í umboði firmans Bookless Bros i Hafnarfirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn fjármálaráðherra Islands fyrir hönd ríkissjóðs til endurgreiðslu á vörutolli að upphæð 8415 kr. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 1. mai þ. á., að áfrýjanda voru dæmdar úr ríkissjóði 7912 kr. 1 e. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 11. sept 1918 til greiðsludags og var málskostnaður látinn falla niður

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms ins með stefnu dags 12. ágúst þ. á; krefst hann staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Stefndi fjármálaráðherra Íslands hefir frá sinni hálfu gagnfrýjað málinu með stefnu útgefinni 1. sept. þ. á.; krefst hann þess principaliter að hann fyrir hönd ríkissjóðs verði algerlega sýknaður í málinu, en til vara að hann verði aðeins dæmdur til að greiða upphæð, er svari til 3813 pakka af fiski vaxtalaust og til þrautavara að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri upphæð en 5053 kr. án vaxta.

Loks krefst hann, hvernig sem málið fer, málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1915 flutti firmað Bookless Bros inn til Hafnarfjarðar farm af óverkuðum saltfiski frá Noregi. Úrskurðaði stjórnarráðið í bréfi til bæjarfógetans í Hafnarfirði dags. 6 maí 1915, að firmað skyldi greiða vörutoll af fiski þessum eftir 6. lið 1. gr. vörutollslaga 22. okt. 1912 með 1 kr. af hverjum 50 kg og er það in confesso í málinu að firmað hafi greitt 8415 kr. í vörutoll af fiski þessum. Í nefndu bréfi stjórnarráðsins er það ennfremur tekið fram, að »hins vegar geti téð firma (Bookless Bros) fengið endurgreiddan tollinn að frá dregnum innheimtulaunum, ef það flytur farm þennan aftur út úr landinu og fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir endurgreiðslu tollsins í 11. gr. vörutollslaganna«.

Hinn 12. júlí 1916 ritaði áfrýjandi stjórnarráðinu og sendi því skilríki þau, er síðan hafa verið lögð fram í máli þessu um að fullnægt væri skilyrðum 11. gr. vörutollslaganna fyrir endurgreiðslu á tolli og beiddist þess að fá tollinn endurgreiddan að frádregnum innheimtulaunum. Þessu bréfi svaraði stjórnarráðið 28 ágúst s. á. á þá leið, að það sjái sjer ekki fært að endurgreiða vörutollinn með því að eigi yrði álitið að blautur fiskur, sem inn sé fluttur og síðan fluttur út aftur verkaður, sé hin *sama* vara, svo hægt sè að endurgreiða toll samkvæmt vörutollslögunum, og auk þess sé engin sönnun komin fram fyrir því að það sé einmitt sá fiskur, er inn var fluttur

sem getur um í tollstjóravottorðum þeim, er bréfinu fylgdu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á ástæðum þeim, er teknar eru fram í nefndu bréfi stjórnarráðsins 28. ág. 1916. Fyrri ástæðan, að þurr saltfiskur sé ekki sama vara og óverkaður saltfiskur, þykir ekki á rökum bygð, með því að fiskurinn hefir ekki tekið öðrbreytingum frá því að hann var fluttur inn þar til hann var fluttur út en þeim, að óhreinindi hafa verið þvegin af honum og hann þurkaður, en við þetta hefir fiskurinn ekki tekið neina tegundarbreytingu frekar en þegar ull er þvegin; stjórnarráðið hefir og í nefndu bréfi til bæjarfógetans i Hafnarfirði, vitandi um að verka átti hinn umrædda fisk hér á landi og flytja hann út þurran, lýst því yfir að vörutollurinn af honum að frádregnum innheimtalaunum gæti fengist endurgoldinn, ef hann væri fluttur út úr landinu aftur og fullnægt væri skilyrðum 11. gr. vörutollslaganna um endurgreiðslu vörutolls, og þar með skuldbundið sig til endurgreiðslunnar að þessum skilyrðum áskildum.

Því er nú og haldið fram af stefnda, að þessum skilyrðum sé ekki fullnægt. Áfrýjandi hefir lagt fram í málinu sundurliðaða skýrslu um það hvenær, með hvaða skipum og hve mikið í einu hafi verið flutt út af fiskinum, og er á skýrslu þessa ritað vottorð lögreglustjórans í Hafnarfirði um það að fiskur sá, er áfrýjandi flutti inn og greiddi vörutoll af, sé fluttur til útlanda eins og skýrslan segir, og hinn innflutti fiskur sé þar með allur útfluttur og er í

vottorðinu tekið fram, að það sé gefið samkvæmt 11. gr. vörutollslaganna. Ennfremur hefir áfrýjandi lagt fram vottorð frá erlendum tollstjórnum um það, að fisksendingar þær, er skýrslan greinir, hafi verið fluttar inn með þeim skipum, sem skýrslan greinir, og á þeim tíma, er kemur heim við brottfarartíma þeirra héðan, að undanskilinni einni sendingu með 160 pökkum af fiski eða 8000 kg. Af þessu dró undirdómarinn frá kröfu áfrýjanda, 8415 kr., upphæð sem svaraði til vörutollsins af þessum 160 pökkum eða 258 kr. 28 a. en dæmdi stefnda til að endurgreiða kr 8156 72 að frádregnum 3% innheimtulaunum af þeirri upphæð, kr. 244.71 = kr. 7912.01.

Fyrir undirrétti hefir umboðsmaður stefnda vefengt hið umgetna vottorð lögreglustjórans, en það verður að fallast á það álit undirdómarans, að vefenging þessi verði eigi tekin til greina, með því að hér er að ræða um vottorð embættismanns, gefið í embættisnafni samkvæmt lagaheimild, en vefengingin órökstudd, og ber þá að byggja á vottorði þessu. Vottorð hinna útlendu tollstjórna eru eigi rituð á sama skjalið og yfirlýsing lögreglustjórans, en þau eru, það sem þau ná, í fullu samræmi við hana, og virðist enginn vafi geta á því verið að átt er við sömu vöruna í báðum vottorðunum, enda er ekkert komið fram um það, að áfrýjandi hafi sent annan eða meiri fisk með skipum þeim, er ræðir um í vottorði lögreglustjóra. En það að vottorð hinna útlendu tollstjórna eru eigi rituð á sama blaðið og vottorð lögreglustjóra virðist vera svo þýðingarlítið atriði

frá skilyrðum 11. gr. vörutollslaganna að það geti eigi verið því til fyrirstöðu að áfrýjandi fái vörutollinn endurgreiddan. Aðalkrafa stefnda um sýknun í málinu verður því eigi tekin til greina.

Varakröfu sína um að verða aðeins dæmdur til að endurgreiða upphæð, er svari til 3813 pakka af fiski, byggir stefndi á því, að í vottorðum frá móttakendum fisksins, sem lögð hafa verið fram í málinu, er að eins tekið fram um þessa pakkatölu að í þeim hafi verið norskur fiskur, og verði því svo að líta á, að í hinum pökkunum hafi verið innlend framleiðsla. En þar sem samræmi er milli lögreglustjóravottorðsins, er telur allan fiskinn norskan, og vottorða hinna erlendu tollstjórna, verður ekkert á þessu bygt og verður varakrafan þá eigi heldur tekin til greina.

Svo sem fram hefir verið tekið greiddi firmað Bookless Bros vörutoll af hinum innflutta fiski, er nam 1 kr. fyrir 50 kg. og heldur áfrýjandi því fram hér fyrir réttinum, að ef firmanu beri endurgreiðsla á tolli þessum, geti sú endurgreiðsla ekki miðast við annað en þann þunga, sem aftur er útfluttur, og þar sem firmað eftir yfirlýsingu þess sjálfs hafi ekki flutt út aftur nema 5213 pakka, 50 kg. að þyngd hvern, geti aldrei um frekari endurgreiðslu verið að ræða en 5213 kr. eða öllu heldur 5053 kr., er framannefndir 160 pakkar eru frádregnir. Á þetta verður þó ekki fallist, með því að það virðist auðsætt að endurgreiðslan verður að miðast við vörutollinn af hinum innflutta fiski en eigi við þyngd fisksins eftir

að búið var að þurka hann, enda er þetta í samræmi við bréf stjórnarráðsins 6. maí 1915, en þar segir að vörutollurinn verði endurgreiddur, ef farmurinn verði útfluttur.

Þar sem kröfur gagnáfrýjanda verða ekki teknar til greina, ber eftir kröfu áfrýjanda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Úr ríkissjóði skal greiða áfrýjanda Sveini Björnssyni fyrir hönd firmans Bookless Bros 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Mánudaginn 22. desember 1919

Nr. 17/1919: Hlutafélagið »Ísbjörninn«
gegn
skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu f. h. þrotabús M. Olsen,
Ólafi Jóhannessyni o. fl.

Dómur:

Vorið 1914 keypti verzlunarfirmað M. Olsen á Patreksfirði kutterskipið Express frá Færeyjum og

var það í afsalsbréfinu talið 32 smálestir að stærð. Þetta sama skip fól verzlunarfirmað Ara Antonssyni verslunarmanni í Reykjavík að selja; auglýsti hann það til sölu og tilgreindi í auglýsingunni stærð þess 31,87 smálestir eins og seljandi hafði látið tjá honum. Samkvæmt auglýsingunni keypti h/f »Ísbjörninn« í Reykjavík skipið fyrir 6900 kr, er það greiddi að fullu. I afsalsbréfinu, dags. 24. marz 1917, er eigi getið um stærð skipsins, en þar er ákveðið að kaupandi taki við því á Patreksfirði, og gerði hann út menn þangað til að sæka það, en þá hafði firmað M. Olsen framselt eignir sínar skiftaréttinum til þrotabúsmeðferðar, og fyrir því afhenti skiftaráðandi skipið, en samkvæmt fiskiveiðaskírteini, er því fylgdi, var stærð þess talin aðeins 23,16 smálestir, og þegar það var mælt hér, eftir að það kom að vestan, mældist það 25,66 smálestir. Þegar kaupendur sáu að svo mikið skakkaði um stærð skipsins frá því, sem upp var látið við söluna, töldu þeir kaupin ógild og kröfðust að þau gengu aftur, en skiftaráðandi tók því fjarri þrotabúsins vegna Með því að kaupendur þóttust eigi geta notað skipið til þess er þeir höfðu ætlað það, er það var svo miklu minna en þeir höfðu búist við, seldu þeir það fyrir 6000 kr. Gerðu þeir svo kröfu í þrotabúið fyrir verðmismuninum, 900 kr., og kostnaði við flutning skipsins frá Patreksfirði til Reykjavíkur, vátryggingu o fl., 790 kr 31 e., samtals 1690 kr. 31 e. Á skiftafundi í búinu 16. des f. á. var þessari kröfu mótmælt af Ólafi Jóhannessyni konsúl og fleiri skuldheimtumönn-

um búsins, og um þau mótmæli kvað skiftarétturinn upp úrskurð 22. jan. þ. á. á þá leið, að krafa hlutafélagsins yrði eigi tekin til greina við skiftin á búinu.

Þessum úrskurði hafa stjórnendur hlutafélagsins »Ísbjörninn«, þeir Ólafur Benjamínsson kaupmaður, Geir Sigurðsson skipstjóri og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. marz þ. á og krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, krafa þeirra í þrotabúið tekin til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Fyrir hönd þrotabúsins er krafist sýknunar í málinu, að úrskurðurinn verði staðfestur og búinu dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins

Þó að eigi sé í afsalsbréfinu frá M. Olsen til áfrýjanda getið um stærð skipsins, er enginn ágreiningur um það, að firmað hafi látið uppi eða látið auglýsa stærð þess 31,87 smálestir, enda er því haldið fram af hinum stefndu, að þessi stærð sé hin rétta eða eigi oftalin samkvæmt hinni einu löglegu mælingu skipsins, sem til sé. Því til sönnunar vísa stefndu til skrár, er út var gefin í janúarmán þ. á. af skrásetningar- og mælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn að tilhlutun verzunarráðuneytisins danska, en þar er skipið talið 32 smálestir. Taka stefndu það fram, að mæling sú, er gerð var hér á skipinu eftir að það var keypt frá Færeyjum, hafi eigi verið send skrásetningar- og mælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn til yfirskoðunar og rannsóknar, eins og fyrir er

mælt í lögum nr. 31, um skrásetning skipa 13. des. 1895, 10. gr og sé því eigi löglega frá henni gengið.

Í símskeyti dags. 29. maí 1917 til Ara Antonssonar getur sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu þess, að eldra danskt mál á skipinu Express hafi verið 31,87 smálestir og hafi M. Olsen farið eftir því og þykir því mega gera ráð fyrir að sýslumanninum hafi verið sýnt hið danska mælingarskírteini eða þjóðernisskírteini, þegar skipið kom frá Færeyjum enda er það ómótmælt að smálestatal skipsins eftir þeirri mælingu hafi, er áfrýjandi keypti skipið, verið markað á það, á þiljubitann á afturrönd stórlúkunnar, eins og fyrir er mælt í 3. gr skrásetningarlaganna 1895. Hinsvegar hafa ekki verið lögð fram í málinu mælingarbréf skipsins, hvorki um hina fyrri mælingu eða hina síðari og sést því ekki eftir hvaða reglu skipið hefir verið mælt eða hvernig stendur á þessum mun eða skakka milli mælinganna, og hin síðari mæling hefir ekki verið endurskoðuð af skrásetningar og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, en því hefir ekki verið haldið fram í málinu að nein breyting hafi verið gjörð á skipinu eftir að firmað M. Olsen eignaðist það, og virðist ósamræmið milli mælinganna því ekki geta stafað af síðari b eytingum á því.

Eftir því sem fyrir liggur getur yfirdómurinn engan dóm á það lagt hvor mælingin er réttari, en af því leiðir að það verður ekki talið sannað, að firmað M. Olsen hafi sagt rangt til um stærð skipsins með því að láta uppi þá stærð, er skráð var á aðalskrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í

Kaupmannahöfn, og verður hinu stefnda þrotabúi eftir því eigi gjört að greiða áfrýjendum skaðabætur fyrir það, að skipið hafi verið sagt stærra, en það var í raun og veru.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og skiptarétturinn, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og þykir rétt að áfrýjendur greiði hinum stefnda skiptaráðanda fyrir hönd þrotabúsins, málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Skiftaréttarúrskurðinum skal óraskað. Áfrýjendur, stjórnendur hlutafélagsins Ísbjörninn, greiði stefnda skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu fyrir hönd þrotabús M. Olsen 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 22. desember 1919.

Nr. 29/1919: M. Eskildsen fyrir hönd »Hins íslenska steinolíuhlutafélags« gegn Sigurði Jónssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Framtíðin«.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi »Hið íslenska steinolíuhlutafélag« fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda Sigurði Jónssyni verslunarstjóra f. h. hlutafélagsins »Framtíðin« á Seyðisfirði til greiðslu á víxilskiftaskuld að upphæð 922 kr. 6 a. með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí 1916 til greiðsludags og málskostnaði. Lauk máli þessu þannig fyrir gestaréttinum, með dómi uppkveðnum 9. apríl þ. á., að stefndi f. h. h/f. »Framtíðin« var dæmdur til að greiða áfrýjanda 301 kr. 6 a. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 10. febr. 1917 til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir M. Eskildsen framkvæmdarstjóri »Hins íslenska steinolíuhlutafélags« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. maí þ. á og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða 922 kr. 6 a. með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí 1916 til greiðsludags, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann, hvernig sem málið fer, málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess frá sinni hálfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Auk þeirra kröfuliða, er áfrýjandi fékk dóm fyrir í undirrétti, krafðist hann að stefndi yrði dæmdur til að greiða andvirði 20 fata með steinolíu með 607 kr. 50 a., en þessa upphæð neitaði stefndi að

greiða, með því að hann hafi hvorki pantað umrædd steinoliuföt eða veitt þeim móttöku

Steinoliuföt þessi sendi áfrýjandi útbúi verslunarinnar »Framtíðin« á Breiðdalsvik með strandferðaskipi héðan 13. okt. 1914. Skýrir áfrýjandi nánar frá þessu þannig að pöntunin á oliu þessari hafi komið fyrir milligöngu umboðsmanns steinolíuhlutafélagsins á Akureyri, og hafi hljóðað um 20 föt af steinolíutegundinni »þór« en með því að sú tegund var uppseld, sendi áfrýjandi þann 9. okt. símskeyti til stefnda, skýrði honum frá að hin pantaða oliutegund væri uppseld og spurðist fyrir um það, hvort hann ætti ekki að senda oliutegundina »Oðinn« í þess stað. Svar við símskeyti þessu fékk áfrýjandi ekki, en sendi þó umgetnar olíutunnur til Breiðadalsvíkur 13. s. m og sendi útbúi stefnda á Breiðdalsvík jafnframt tilkynningu um sendinguna

Olíuföt þessi virðast eigi hafa komið fram og er í málinu ekki upplýst hvað af þeim hefir orðið

Símskeyti áfrýjanda til stefnda 9. okt bendir eindregið í þá átt, að skýrsla áfrýjanda um tildrögin til olíusendingarinnar sé rétt, og þegar þess er gætt að málsaðilar höfðu undanfarið haft mikil viðskifti saman, virðist það hafa verið skylda stefnda að svara símskeyti áfrýjanda og láta hann vita, að hann (stefndi) hefði enga pöntun gert, ef hann óskaði ekki eftir olíunni eða vildi ekki veita henni móttöku. Áfrýjandi hefir og haldið því fram, að stefndi hafi ekki fyr en undir rekstri málsins neitað því, að hafa pantað umræddar olíutunnur,

heldur einungis mótmælt að greiða andvirði þeirra af því að þær hafi ekki komið fram, og virðist þetta styrkjast við ummæli stefnda í bréfi til áfrýjanda 27. apríl 1916, þar sem stefndi styður mótmæli sín gegn því að greiða verð olíutunnanna við það, að olían hafi aldrei komið í land og hann (stefndi) aldrei tekið á móti henni.

Eftir framansögðu verði að líta svo á, að stefndi hafi pantað umræddа olíu eða að minnsta kosti gefið áfrýjanda tilefni til þess að álíta að svo væri, og þar sem það ekki er vefengt að áfrýjandi hafi sent umræddar tunnur héðan með umgetinni skipsferð, getur stefndi samkvæmt 10 gr. viðskiftalaga 11. júlí 1911 ekki komist hjá að greiða andvirði þeirra kr. 607,50. Það ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 301,06 + 607,50 = kr. 908,56 með 6 % ársvöxtum frá 10. febr. 1917 til greiðsludags. Svo þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Sigurður Jónsson fyrir hönd hlutafélagsins »Framtíðin« greiði áfrýjanda M. Eskildsen fyrir hönd Hins íslenzka steinolíuhlutafélags 908 kr. 56 a. með 6 % ársvöxtum frá 10. febr. 1917 til greiðsludags. Svo greiði stefndi áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 22. desember 1919.

Nr. 67/1919: Valdstjórnin gegn A. J. Godtfredsen.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Akureyrarkaupstaðar uppkveðnum 15. sept. þ. á., var Andreas Júlíus Godtfredsen kaupmaður á Akureyri dæmdur í 600 kr. sekt til ríkissjóðs og málskostnað allan fyrir brot á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi. Svo var hið innflutta áfengi dæmt upptækt og eign ríkissjóðs. Dómi þessum er að ósk kærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið að sök, að hann hafi innflutt með ensku vöruflutningaskipi »Vistula«, er kom hingað til lands í júlímán. þ. á., 3 tunnur af whisky, 2 kassa með champagne, 1 kassa með portvíni og 1 kassa með rauðvíni. Voru vínföng þessi færð á farmskrá og farmskírteini skipsins, og var farmskírteinið stílað til Havsteen & Godtfredsen Akureyri, en kærði hefir skýrt svo frá, að það sé af misskiln-

ingi sendanda að farmskírteinið hafi verið stílað til Havsteen & Godtfredsen, með því að vínsending þessi hafi átt að fara til sín eins, og hafi það verið eftir sinni ráðstöfun að vínföngin hafi verið látin í skipið til flutnings til Íslands án þess nokkur annar hafi átt þar hlut að máli, og eigi hann því einn að bera ábyrgð á innflutningi þessum.

Kærði kannast við að honum hafi verið kunnugt um að innflutningur áfengra drykkja sé bannaður, en hann færir sér það til afsökunar að það hafi ekki verið tilgangur sinn að flytja vínföng þessi inn í landið til neytslu, heldur hafi hann keypt þau í Skotlandi handa tilgreindum manni í Noregi, og hafi hann ætlað að fá vínföngin geymd hér á landi, þar til þau yrðu send héðan til Noregs, og hafi hann álitið að slík geymsla um stundarsakir væri ekki bönnuð eða ólögmæt. Kærði hefir fengið frest í málinu til að sanna þessa staðhæfingu sína, en gögn þau, er hann hefir lagt fram, sanna ekkert í þessu efni eða styðja skýrslu hans

Með umræddum innflutningi hefir kærði gerst brotlegur gegn 1. gr. í áðurnefndum lögum 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið, samkvæmt 14. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin af undirdómaranum 600 kr. sekt til ríkissjóðs. Ákvæði dómsins um að hið innflutta áfengi skuli upptækt og vera eign ríkissjóðs svo og ákvæði dómsins um málskostnað samþykkist og ber því að staðfesta hann.

Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostn-

að málsins, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn 20 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Andreas Julius Godtfredsen greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Eggerts Claessen 20 kr til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Hæstarjettardómar

hæstarjettarárið 1919—1920.

Miðvikudaginn 29. okt. 1919.

Nr. 156. Erasmus Gíslason (Ulf Hansen)
gegn
ráðherra Íslands Einari Arnórssyni f. h.
landssjóðs (Bülow)
um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju.

Dómur landsyfirréttarins 13. ágúst 1917: Stefnanda Erasmusi Gíslasyni greiðist úr landssjóði 300 kr. skaðabætur og 40 kr. í málskostnað. Stefndi greiði 50 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í bæjarsjóð Reykjavíkur og lúkist sektin áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar:

Fyrir hæstarétti er samkomulag um það, að áfrýjandi eigi kröfu til skaðabóta samkvæmt 1. gr. í lögum 26. okt. 1893, er nefnd eru í hinum áfrýjaða dómi, og er ágreiningurinn milli málsaðila því að

eins um það, hvort skaðabótaupphæð sú, er áfrýjanda er dæmd í hinum áfrýjaða dómi, eigi að hækka. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja og að nokkru leyti hefir verið aflað eftir uppkvaðningu dómsins, þykir hæfilegt nú að ákveða skaðabæturnar til áfrýjanda 1000 krónur; með þessari breytingu, og þar sem ekki þykir ástæða til að gjöra neina breytingu á sekt þeirri, er áfrýjandi hefir verið dæmdur í, ber því að staðfesta dóminn. Málskostnað fyrir hæstarétti á stefndi að greiða áfrýjanda með 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður, þó svo að skaðabæturnar ákveðast 1000 kr. Málskostnað fyrir hæstarétti greiði stefndi, ráðherra Íslands Einar Arnórsson vegna landssjóðs, áfrýjanda Erasmusi Gíslasyni með 400 kr.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 219—228 hér að framan.

Fimtudaginn 30. okt. 1919.

Nr. 158. Stýrimaður Jónas Jónasson (Steglich-Petersen)
gegn
Fiskiveiðahlutafélaginu »Ægir«
(Verjandi Bülow)

um skyldu hins stefnda hlutafélags til að gefa út hlutabréf til áfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1917: Hinir stefndu, framkvæmdarstjóri Magnús Blöndahl, járnsmiður Páll Magnússon og skipstjóri Indriði Gottsveinsson, allir til heimilis í Reykjavík, vegna fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir« eiga að vera sýknir af öllum kröfum sækjanda, Jónasar Jónassonar í Reykjavík, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Dómur landsyfirréttarins 4. febr. 1918: Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal vera óraskað. Áfrýjandinn Jónas Jónasson greiði hinum stefndu, Magnúsi Blöndahl, Páli Magnússyni og Indriða Gottsveinssyni fyrir hönd fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir« 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar:

Eftir málavöxtum verður, hvað sem öðru líður, að gjöra ráð fyrir, að áfrýjanda hafi verið það ljóst, að hið stefnda hlutafélag krafðist þess að eftirstöðvarnar af hlutafénu væru greiddar haustið 1914. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til ástæðna þeirra, er færðar eru í hinum áfrýjaða dómi ber eftir kröfu stefndu að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarétti á áfrýjandi að greiða stefndu með 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarétti greiði áfrýjandi, Jónas Jónasson, fiskiveiðahlutafélaginu »Ægir« með 400 kr. Svo greiði áfrýjandi og 10 kr. til dómsmálasjóðs.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 392—397 hér að framan.

Fimtudaginn 13. nóvbr. 1919.

Nr. 160. Hannes Jónsson, Bergur Bergsson, Sigurður Jónsson, Jón Jónsson, Ragnhildur Steingrímsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Jón Sigurðsson, Þorsteinn Ásgrímsson, og Einar Bergsson (Bülow)

gegn

Sparisjóði Árnessýslu (Krag)

um gildi sjálfskuldarábyrgðar áfrýjenda gagnvart stefnda.

Dómur gestaréttar Árnessýslu 15. desbr. 1917: Hinir stefndu, Hannes Jónsson á Núpstað, Bergur Bergsson á Kálfafelli, Sigurður Jónsson á Mariubakka, Jón Jónsson á Þverá, Ragnhildur Steingrímsdóttir á

Rauðabergi, Eiríkur Steingrímsson á Fossi Jón Steingrímsson á Fossi, Jón Sigurðsson á Svínafelli, Þorsteinn Ásgrímsson á Kirkjubæjarklaustri og Einar Bergsson á Mýrum eiga einn fyrir alla og allir fyrir einn að greiða sækjanda, sparisjóði Árnessýslu, 10000 krónur með 7% árs-vöxtum frá 17. nóvember 1914 til greiðsludags. Auk þess ber Jóni Steingrímssyni að greiða sækjanda málskostnað með 80 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður. Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirréttarins 24. júní 1918: Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður að því er til áfrýjendanna tekur. Áfrýjendurnir Hannes Jónsson, Bergur Bergsson, Sigurður Jónsson, Jón Jónsson, Ragnhildur Steingrímsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Jón Sigurðsson, Þorsteinn Ásgrímsson og Einar Bergsson greiði in solidum hinum stefndu Guðmundi Sigurðssyni, Sigurði Guðmundssyni og Sveinbirni Ólafssyni fyrir hönd sparisjóðs Árnessýslu 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar:

Fyrir hæstarétti hafa áfrýjendurnir fallið frá sýknukröfu þeirri, sem nefnd er í hinum áfrýjaða dómi og bygð er á því, að hinn stefndi sparisjóður hafi gert sig sekan í sviksamlegu atferli eða að minsta kosti sýnt mikla ógætni við lánveitinguna.

Samkvæmt gögnum málsins verður að gera ráð fyrir því að áfrýjendunum hafi, er þeir undirrituðu skuldabréfið, verið það ljóst, að Jón Steingrímsson væri ekki fær um að endurgreiða lánið innan þess tíma, er til var tekinn í skuldabréfinu, eins árs, og að sparisjóðurinn mundi veita honum hæfilegan frest til endurgreiðslu lánsins. Með tilliti til þessa og til þess skilnings á því ákvæði skuldabréfsins, sem vísað er til í hinum áfrýjaða dómi, sem ætla má að ekki hafi verið óalmennur á Íslandi, verður að fallast á það að sparisjóðurinn hafi ekki mist kröfu sína á hendur áfrýjendum fyrir það, að hann veitti Jóni Steingrímssyni frest á greiðslu lánsins svo sem frá er skýrt í dómnum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta dóminn eftir kröfu sparisjóðsins.

Málskostnað fyrir hæstarétti verða áfrýjendurnir in solidum að greiða sparisjóðnum með 400 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarétti greiði áfrýjendurnir, Hannes Jónsson, Bergur Bergsson, Sigurður Jónsson, Jón Jónsson, Ragnhildur Steingrímsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Jón Sigurðsson, Þorsteinn Ásgrímsson og Einar Bergsson, einn fyrir alla og allir fyrir einn, stefnda sparisjóði Árnessýslu með 400 krónum. Svo greiði þeir og 10 kr. í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 473—479 hér að framan.

Föstudaginn 28. nóvbr. 1919.

Nr. 159. Magnús Stefánsson kaupmaður á Blönduósi (David)
gegn
stórkaupmanni Garðari Gíslasyni í Reykjavík vegna firmans G Gislason & Hay Ltd. (Krag)
um skyldu áfrýjanda til að greiða skaðabætur fyrir samningsrof.

Dómur gestaréttar Húnavatnssýslu 11. okt. 1917: Stefndi, Magnús Stefánsson kaupmaður á Blönduósi, á að vera sýkn af kröfum sækjanda cand. jur. Páls Bjarnasonar fyrir hönd G. Gíslason & Hay, Ltd, í Reykjavík, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Dómur landsyfirréttarins 10. júní 1918: Stefndi Magnús Stefánsson greiði áfrýjanda Garðari Gíslasyni fyrir hönd G. Gíslason & Hay Ltd 4905 kr. 25 aura með 6% ársvöxtum frá 13. febr. f. á. til greiðsludags. Svo greiði stefndi áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi. Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar:

Fyrir hæstarétti er enginn ágreiningur um það, að með símskeytunum 4. og 6. nóvember 1916 hafi fullgerst kaupsamningur milli málsaðila. Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er færðar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber eftir kröfu stefnda að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins skal vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarétt greiði áfrýjandi, Magnús Stefánsson kaupmaður á Blönduósi, stefnda Garðari Gíslasyni stórkaupmanni í Reykjavík vegna firmans G. Gíslason & Hay, Ltd, sama staðar með 300 krónum. Svo greiði áfrýjandi og 10 kr. í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 456—464 hér að framan.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 157: Bæjarstjórn Reykjavíkur (Enginn)
gegn
ekkjufrú Sigríði Þorláksdóttur (Krag).

Dómur hæstaréttar:

Áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavíkur, sem hvorki mætir sjálf né lætur umboðsmann mæta af sinni hendi fyrir hæstarétti á ákveðnum tíma, ber að greiða kirkju lausnara vors (Vor Frelsers Kirke) 80 lóð silfurs, áður henni sé heimilt að leggja mál þetta fyrir hæstarétt, og svo framarlega sem hún eigi innan 3 vikna sýnir kvittun fyrir því, að nefnd 80 lóð silfurs séu greidd, skal hún hafa tapað málinu og henni eigi heimilt vera að fitja það upp aftur. Svo ber henni og þá að greiða í dómsmálasjóð 200 krónur fyrir óþarfa þrætu og ennfremur í sama sjóð 10 krónur. Í ómaksbætur greiðir áfrýjandinn stefndu, ekkjufrú Sigríði Þorláksdóttur, sem hefir látið mæta, 200 krónur.

Dómur landsyfirréttarins er prentaður á bls. 429—434 hjer að framan.

Fimtudaginn 22. jan. 1920.

Nr. 162. Ekkjan Margrét Árnason (Sjálf)
gegn
Skiftaráðanda Árnessýslu í dánarbúi Ólafs Árnasonar, yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannesson-

ar og Sigurbjargar Guðnadóttur og Birni Sigurðssyni vegna ómyndugra erfingja Ólafs Árnasonar og vegna Landsbankans (Enginn).

um réttaraðstöðu áfrýjanda við skifti á dánarbúi manns hennar, er hún var skilin við að borði og sæng.

Úrskurður skiftaréttar Árnessýslu 23. maí 1916: Krafa frú Margrétar Árnason um, að fjárskiftaskilmálar hennar og Ólafs Árnasonar frá 1909 séu metnir ógildir og hún viðurkend helminga-eigandi dánarbúsins skal eigi tekin til greina. Hún skal hvorki hafa íhlutunar- eða atkvæðisrétt um meðferð búsins eða skifti á því, með því að félagsbúi þeirra hjóna var algerlega slitið með fjárskiftaskilmálum þeirra við skilnaðinn að borði og sæng.

Dómur landsyfirréttarins 8. jan. 1917: Hinum Áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði hinum stefndu Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur og settum sýslumanni Eiríki Einarsyni fyrir hönd dánarbús Ólafs Árnasonar 25 kr. í málskostnað hvorum, er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar.

Í hinum áfrýjaða dómi er það réttilega tekið fram, að áfrýjandi geti aðeins gert kröfu til þeirra

fjármuna, sem komu í hennar hlut við samninginn 20. marz 1909. En þar sem henni verður ekki neitað um rétt til þess að taka þátt í meðferð búsins að því er þessa kröfu snertir, verður að breyta hinum áfrýjaða dómi þannig að áfrýjanda heimilast réttur til að taka þátt í meðferð búsins að þessu leyti, en að öðru leyti má fallast á niðurstöðu dómsins samkvæmt þar greindum ástæðum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi ekkjan Margrét Árnason á að hafa rétt til að taka þátt í meðferð á dánarbúi Ólafs Árnasonar að því leyti, er að framan greinir. Að öðru leyti á dómur landsyfirréttarins að vera óraskaður. Í dómsmála sjóð greiðir áfrýjandi 10 krómur.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 1—8 hér að framan.

Föstudaginn 30. janúar 1920.

Nr. 161. ekkjufrú Margrét Árnason (Sjálf)
gegn
Kaupfélaginu Ingólfur, Helga Jónssyni og dánarbúi Ólafs Árnasonar (Krag).

um gildi afsals á verzlunarhúsum, er maður áfrýjanda hafði gefið út.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 12. okt. 1917: Í umræddu bréfi krefst frú Árnason »að kaupfélagið Ingólfur á Stokkseyri og Helgi Jónsson framkvæmdarstjóri þess« séu bornir út úr húsum sínum. Með því að það sést eigi af framlögðum skjölum, að krafa gerðarbeiðanda sé á nokkrum rökum byggð, úrskurðast hjer með, að hún verður eigi tekin til greina.

Dómur landsyfirréttarins 15. júlí 1918: Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði stefndu Helga Jónssyni og skiftaráðanda í dánarbúi Ólafs Árnasonar, settum sýslumanni Boga Brynjólfssyni fyrir hönd dánarbúsins í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr. hvorum og sekt 30 kr., helminginn til landssjóðs og helminginn til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Gjöld þessi greiðist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar:

Í máli því, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, sem er dæmt í yfirréttinum 8. janúar 1917, hefir verið kveðinn upp dómur í hæstarétti 22. þ. m. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til ástæðna hins áfrýjaða dóms ber eftir kröfu hinna stefndu að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarétti greiðir áfrýjandi, ekkjufrú Margrét Árnason hinum stefndu kaupfélaginu »Ingólfur«, Helga Jónssyni og dánarbúi Ólafs Árnasonar með 300 krónum. Svo greiðir áfrýjandi og 10 krónur í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 496– 501 hér að framan.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100728303-6